HÆSTARÉTTARDÓMAR 1988

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Ábyrgð 1130, 1477
Aðildarhafi 1540
Áfengis- og tollagabrot 1558
Áfrýjunarfrestur 1157, 1416
Áfrýjunarstefna 1034
Afsláttur 1570
Ákæra 1027, 1495, 1673, 1678
Alm. hegningarlög, 157. gr. 1485
Alm. hegningarlög, 173. gr. a 1713
Áminning, krafa um ogildingu 1440
Áskorunarmál 1578
Atvinnuleyfi 1532
Ávana- og fíkniefni 1241, 1713
Bifhjól 1495
Bifreiðar:
a) einkamál 754, 840, 1130
b) opinber mál 794, 938, 949, 1027, 1189, 1231, 1485, 1523, 1527, 1562, 1564, 1567
Blóðrannsókn 794, 1027
Brot í opinberu starfi 990, 1049
Búskipti við skilnað 1422
Dagsektir 1341, 1344
Dómarar, vanhæfi 1473
Dýr, ábyrgð á 1030
Eignarupptaka 1241, 1558, 1713
Farmsamningar 1696
Farmskemmdir 1696
Fasteign 982, 1144, 1169, 1334, 1367, 1453
Fasteignakaup, fasteignasala 982, 1169, 1367, 1453
Firma 1341, 1344, 1349
Fjárdráttur 990, 1049
Fjárnám 772, 1169, 1179, 1199, 1273, 1277, 1360, 1416
Fjársvik 862
Fjölbýlishús 1144
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 786, 797, 1096, 1140, 1157, 1207, 1249, 1319, 1485, 1668
b) frá Hæstarétti 812, 1099, 1102, 1222, 1224, 1226, 1228, 1229, 1416, 1443, 1515, 1581

Rafræn útgáfa hæstaréttardóma

Þetta PDF skjal er hluti afrakstrar skönnunar á prentuðum eintökum af dómum Hæstaréttar Íslands. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.stuff.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur þessa skjals afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Útgáfa 2.0
Önnur skönnun.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

c) frávísunardómur felldur úr gildi 1032, 1046, 1109, 1354
Frestur refsingar 1411
Frestur 1222, 1224, 1226, 1228, 1229, 1580, 1581
Fyrning sakar 779
Gáleysi 938, 1189, 1231
Gallar 982, 1416, 1477, 1570
Gerðardómur 1354
Geymslugreiðsla 1005
Gjaldfelling 1169
Gjaldþrotalög 1374
Gjaldþrotaskipti 848, 1624, 1646, 1653, 1661
Greiðslustöðvun 800, 802, 1039, 1088
Grunnskólalög 1381
Gæsluvarðhald 769, 1090, 1092, 1094, 1105, 1107, 1125, 1167, 1187, 1269, 1271, 1379, 1671, 1737
Hegningarauki 1241
Heimvísun 1034, 1109, 1374, 1673
Hjón 1260, 1432
Hlutafélag, firma 1341, 1344
Hlutafjáraukning 1624, 1646, 1653, 1661
Húsaleiga 831, 1307
Hylming 805, 1181
Innheimtuþóknun 1326
Ítrekun 1027, 1485, 1495
Kjarasamningar 1447, 1464
Kröfugerð 1307, 1367
Kærumál:
1) Áminning, krafa um ógildingu 1440
2) Áskorunarmál 1578
3) Dómarar, vanhæfi 1473
4) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 1096, 1140, 1249, 1668
b) frá Hæstarétti 812, 1099, 1102, 1443
c) frávísunardómur felldur úr gildi 1032, 1046, 1109, 1217
5) Gerðardómur 1354
6) Greiðslustöðvun 800, 802, 1039, 1088
7) Gæsluvarðhald 769, 1090, 1092, 1094, 1105, 1107, 1125, 1167, 1187, 1269, 1271, 1379, 1671, 1737
8) Heimvísun 1109
9) Hjón 1260
10) Löghald 1043
11) Lögsaga 1354
12) Ómerking 1109
13) Réttarfar, réttarfarsvítur 800, 802, 1217, 1354
14) Réttarneitun 1441
15) Skipti, skiptamál 1260, 1443
16) Skuldamál 845
17) Valdframsal 1127

18) Vanhæfi dómara ... 1473
19) Varnarþing ... 1578
20) Vitni ... 845
21) Þinglýsing ... 1475
22) Ökuleyfissvipting ... 1127
Landamerki, landamerkjamál ... 1157, 1504
Lausafjárkaup ... 1211, 1252, 1416, 1477, 1570
Leiðbeiningarskylda ... 1034
Leigubifreiðar ... 1532
Lífeyrisréttur ... 1447
Lífeyrissjóðir, greiðsluskylda ... 1540
Líkamsárás ... 1411
Líkamstjón ... 754
Lög nr. 75/1973, 45, gr. ... 831, 1367
Lög nr. 65/1974 ... 1763
Lög nr. 74/1974 ... 786, 1713
Löggerningar, gildi ... 1422
Löghald ... 1005, 1043
Lögsaga ... 1354
Lögtaksmál ... 1326
Málamyndagerningar ... 1422
Málsvarnarlaun ... 1604
Manndráp ... 938, 1189, 1231, 1583, 1604
Matsgerð ... 1307
Nauðgun ... 1293
Nauðungaruppboð ... 955, 958, 962, 978,
Nytjastuldur ... 1485
Okur ... 1678
Ómerking 786, 955, 958, 976, 978, 1034, 1109, 1157, 1207, 1319, 1374, 1673
Opinber starf, brot í ... 990, 1049
Orlofssjóðsgjald ... 1464
Ráðningarsamningur ... 1381
Rán ... 857, 1396
Refsing, frestun ... 1411
Réttarfar, Réttarfarsvítur ... 800, 802, 831, 955, 958, 976, 978, 1157, 1181, 1199, 1217, 1354, 1367, 1374, 1689
Réttargæsluþóknun ... 1604
Réttarneitun ... 1443
Sakarskipting ... 754
Sameign ... 1144
Sameining mála ... 1485
Samningar ... 982, 1211, 1381, 1422
Sératkvæði ... 814, 820, 840, 862, 1049 (í héraði) 1252, 1285, 1326, 1504, 1604, 1624, 1696, 1713
Siglingalög ... 1285
Sjómannalög ... 814, 943
Sjómenn ... 1285
Sjóveðréttur ... 1696

Sjúkrasjóðsgjald ... 1464
Sjúkraskýrslur, aðgangur að ... 1689
Skaðabótamál, skaðabætur ... 754, 786, 840, 982, 1130, 1252, 1285, 1293, 1307, 1334, 1381, 1396, 1453, 1583, 1696
Skilorð, skilorðsrof ... 797, 805, 1202, 1411, 1500
Skiptamál, skipti ... 1260, 1422, 1432, 1443
Skírlifisbrot ... 1293
Skjalafals ... 1583
Skuldamál ... 845
Skuldaröð ... 848
Starfsheiti ... 820
Stjórnarskrá ... 1532, 1540
Stjórnsýsla ... 820
Sönnun ... 814, 862, 1211, 1293, 1360
Tékkasvik ... 805, 1500
Tómlæti ... 820, 1624, 1646, 1653, 1661
Umboð ... 1653
Umferðarlög 794, 938, 949, 1027, ,1030, 1189, 1231, 1485, 1495, 1523, 1527, 1562, 1564, 1567
Uppboð ... 969, 1515
Uppboðsandvirði, úthlutun ... 1152
Uppsögn ... 943, 1381
Útburðargerð ... 831,835
Úthlutun uppboðsandvirðis ... 1152
Útivistardómar ... 753, 1175, 1176, 1177, 1178, 1372, 1373, 1416, 1474
Valdframsal ... 1127
Vanheimild ... 1334
Vanhæf. dómara ... 1473
Varnarþing ... 1578
Vátrygging ... 1401
Vátryggingarskilmálar, túlkun ... 1401
Veðhæfi ... 1152
Veðréttindi ... 848
Verksamningar ... 1005
Vextir ... 982, 1307, 1477, 1570
Vinnusamningar ... 772, 814, 943
Vitni ... 845
Vörumerki ... 1349
Þinglýsing ... 1152, 1475
Þjófnaður ... 797, 1027, 1202, 1281, 1485, 1583
Ökuleyfissvipting ... 1127
Örorkumat ... 754

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIX. árgangur. 2. hefti. 1988

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 90/1988. **Sigurður Einarsson og Sveinbjörg Aðalsteinsdóttir**

gegn

Útgerðarfélagi Akureyrar hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Sigurður Einarsson og Sveinbjörg Aðalsteinsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 700,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 144/1988. **Kristín Traustadóttir og Halldór Jónsson**

gegn

Gerpi hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristín Traustadóttir og Halldór Jónsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 100/1987. **Kjartan Ingimarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands hf.** (Hákon Árnason hrl.) gegn **Hjalta Þórarinssyni og gagnsök** (Guðmundur Ingi Sigurðsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sakaskipting. Líkamstjón. Örorkumat.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1987. Dómkröfur þeirra eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og sök skipt í málinu þannig, að gagnáfrýjandi beri sjálfur ¾ sakar en ¼ verði lagður á stjórnanda bifreiðar aðaláfrýjandans Kjartans Ingimarssonar og aðaláfrýjendum dæmt að bæta gagnáfrýjanda tjón hans í því hlutfalli eftir mati Hæstaréttar. Ennfremur er þess krafist að fjárhæðir verði lækkaðar verulega frá kröfugerð gagnáfrýjanda, málskostnaður í héraði felldur niður en gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1987. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 4.252.200,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 4. júní 1983 til 20. september 1983, 35% frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987

til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. október 1987 til 31. október 1987, 20% frá 1. nóvember 1987 til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar 1988 til 29. febrúar 1988 og 19% frá 1. mars 1988 til uppkvaðningar hæstaréttardóms, en eftir það með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni, nú 44,4% á ári. Krafist er málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar, sbr. viðmiðunargjaldskrá LMFÍ og framlagðan málskostnaðarreikning auk söluskatts, 12% af þóknunarlið.

I.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti, m.a. álitsgerð prófessors Gunnars Guðmundssonar dr. med., sérfræðings í taugasjúkdómum, um heilsufar gagnáfrýjanda, dags. 16. maí 1988. Í niðurlagi álitsgerðarinnar segir svo: „*Álit:* Eins og ég gat í vottorði mínu 25. apríl 1985, tel ég að þau einkenni sem próf. Hjalti kvartar nú um, verði að teljast afleiðingar áverkans er hann hlaut við bifreiðaáreksturinn 4. júní 1983. Vinnugeta Hjalta er enn verulega skert og hefur svo verið allt frá því hann slasaðist í júní 1983. Eins og ég hef áður greint frá, eru helstu kvartanir hans verkir, oft mjög sárir í öxlum og þó einkanlega vi. öxl við allar hreyfingar og hann hefur verulega kraftminnkun um vi. öxl. og dofatilfinningu sem er mismunandi mikil frá degi til dags í 1. og 2. fingri vinstri handar. Taugaskoðun í dag (16. maí 1988) er eins og hún var 13. mars 1985, a.ö.l. en því að skynminnkunin á fingrum vi. handar er ekki eins mikil og hún var þá. Mér finnst ósennilegt að ástand próf. Hjalta Þórarinssonar breytist neitt til batnaðar frá því sem nú er."

Þá hafa verið lagðir fram tveir nýir útreikningar á örorkutjóni gagnáfrýjanda, gerðir af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi, dags. 30. nóvember 1987 og 17. maí 1988. Í síðari útreikningnum reiknast tryggingastærðfræðingnum að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps gagnáfrýjanda nemi á slysdegi:

„Vegna tímabundinnar örorku	kr.	632.700,-
Vegna varanlegrar örorku	kr.	2.806.200,-
Samtals	kr.	3.438.900,-"

II.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi varð árekstur milli bifreiðar gagnáfrýjanda, R-60225, og fólksflutningabifreiðar aðaláfrýjandans Kjartans, R-660, um kl. 15:00 hinn 4. júní 1983 fyrir framan heimili gagnáfrýjanda að Laugarásvegi 36, Reykjavík. Gagnáfrýjandi hafði beygt til vinstri af hægri vegarhelmingi að innkeyrslu við bílskúr sinn. Í sama mund ætlaði ökumaður bifreiðarinnar R-660 að aka fram úr bifreið gagnáfrýjanda vinstra megin, en rakst þá á vinstri hlið hennar rétt fyrir aftan miðju. Á uppdrætti lögreglu er bifreið gagnáfrýjanda sýnd með framhluta uppi á gangstétt, nokkurn veginn þvert fyrir á veginum, en bifreiðin R-660 með vinstra framhorn við gangstéttarbrún. Báðir ökumenn bifreiðanna eru sammála um það, að afturendi bifreiðar gagnáfrýjanda hafi vitað meira til norðurs eftir árekstrinn heldur en uppdrátturinn sýnir.

Af uppdrættinum má sjá, að bifreið gagnáfrýjanda, sem var 1580 kg að þyngd, hafi kastast að minnsta kosti 4 metra til hliðar við árekstrinn. Af þessu þykir mega ráða að ökumaður bifreiðarinnar R-660 hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og óvarlega, þar sem hann hafði veitt því athygli að gagnáfrýjandi skimaði í kringum sig eins og hann hygðist eitthvað annað fyrir en að halda áfram eftir götunni. Ekki gaf ökumaður bifreiðarinnar R-660 heldur hljóðmerki, áður en hann hugðist aka fram úr bifreið gagnáfrýjanda og braut þar með gegn 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er þá giltu. Ökumaður bifreiðarinnar R-660 telst því hafa átt sök á árekstrinum.

Hins vegar er ósannað, að gagnáfrýjandi hafi í umrætt sinn gefið stefnumerki um það, að hann hygðist beygja til vinstri inn á bílastæði sitt, sbr. 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga. Þótt svo hafi verið, leysti það hann ekki undan varúðarskyldu, sbr. niðurlagsákvæði 4. mgr. 52. gr. umferðarlaganna. Verður að telja að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt nægilega aðgát gagnvart umferð er kom á eftir, áður en hann beygði til vinstri. Telst hann því einnig hafa átt sök á árekstrinum. Ber því samkvæmt 68. gr. umferðarlaganna að skipta sök í málinu að tiltölu við sök ökumanna. Með hliðsjón af atvikum öllum þykir eiga að skipta sök til helminga, enda eru atvik í þessu máli ekki öldungis hliðstæð atvikum í hinum svokallaða Álfheima-

dómi (Hrd. 1976, bls. 424), að því er varðar afstöðu bifreiðanna eftir áreksturinn, líklegan hraða þeirra og skemmdir á bifreiðunum.

III.

Gagnáfrýjandi hefir sundurliðað dómkröfu sína þannig:

1.	Örorkutjón	kr.	3.438.900,00
2.	Miskabætur	kr.	500.000,00
3.	Tjón á bifreiðinni R-60225	kr.	310.000,00
4.	Gjald fyrir afnotamissi	kr.	3.300,00
		kr.	4.252.200,00

Um 1. lið:

Fallast ber á þá afgreiðslu héraðsdómara að hafna beri bótakröfu gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar örorku að fjárhæð 632.700,00 krónur.

Að því er varðar bótakröfu gagnáfrýjanda fyrir varanlega örorku, að fjárhæð 2.806.200,00 krónur, ber að hafa í huga að gagnáfrýjandi gegndi áfram eftir slysið fyrra aðalstarfi sínu og hélt fullum launum. Hins vegar er ljóst að aflahæfi hans hefir skerst af völdum slyssins. Þegar þetta er haft í huga þykir hæfilegt að meta tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku á 1.400.000,00 krónur, og hefir þá einnig verið höfð hliðsjón af því til lækkunar, að bætur þessar eru skattfrjálsar svo og verið tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu bótanna í samræmi við dómvenju.

Um 2. lið:

Þegar litið er til meiðsla gagnáfrýjanda, sjúkrasögu hans, svo og þess, að hann hefir viðvarandi þjáningar við hreyfingar í hálsliðum og öxlum, verulega kraftminnkun um vinstri öxl og dofa svo og minnkað skyn í I. og II. fingri vinstri handar, þykir miski hans hæfilega metinn á 200.000,00 krónur.

Um 3. lið:

Fallast ber á afgreiðslu héraðsdómara á þessum lið.

Um 4. lið:

Eigi er ágreiningur um þennan lið. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt því sem nú hefir verið rakið telst heildartjón gagnáfrýjanda 1.753.300,00 krónur. Frá þeirri fjárhæð ber að draga 99.847,00 krónur, sem gagnáfrýjandi fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins í maí 1985. Eftir standa þá 1.653.453,00 krónur, sem aðaláfrýjendum ber að bæta að hálfu, þ.e. 826.727,00 krónur, auk vaxta, svo sem í dómsorði greinir. Þykir samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 heimilt að taka dráttarvaxtakröfu gagnáfrýjanda til greina frá uppkvaðningu hæstaréttardóms þessa.

Eftir þessum málalokum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað óskipt 410.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar af nemur útlagður kostnaður 44.355,00 krónum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Kjartan Ingimarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., greiði gagnáfrýjanda, Hjalta Þórarinssyni, óskipt 826.727,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 4. júní 1983 til 20. september 1983, 35% frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. október 1987 til 31. október 1987, 20% frá 1. nóvember 1987 til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar 1988 til 29. febrúar 1988 og 19% frá 1. mars 1988 til uppkvaðningar hæstaréttardóms þessa, en eftir það með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir er hverju sinni.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 410.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 20. febrúar 1986 af Hjalta Þórarinssyni yfirlækni, nnr. 4183-9694, Laugarásvegi 36, Reykjavík, gegn Kjartani Ingimarssyni bifreiðastjóra, nnr. 5606-2718, Kirkjuteigi 9, Reykjavík, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf., nnr. 8134-7344, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum kr. 8.071.800,00 með 42% ársvöxtum frá 4.6. 1983 til 21.9. 1983, 35% frá 21.9. 1983 til 21.10. 1983, 32% frá 21.10. 1983 til 21.11. 1983, 27% frá 21.11. 1983 til 21.12. 1983, 21,5% frá 21.12. 1983 til 21.1. 1984, 15% frá 21.1. 1984 til 11.8. 1984, 17% frá 11.8. 1984 til 1.1. 1985, 24% frá 1.1. 1985 til 11.5. 1985, 22% frá 11.5. 1985 til 20.2. 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum kr. 3.427.900,00 með sams konar vaxtafæti og í aðalkröfu, auk málskostnaðar.

Dómkröfur stefndu eru að sök verði skipt þannig að stefnandi beri ¾ hluta sakar, en ökumaður bifreiðar stefnda Kjartans ¼ hluta, og kröfur stefnanda aðeins að hluta teknar til greina, en málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

Mál þetta snýst um umferðarslys sem varð um kl. 15:00 laugardaginn 4. júní 1983 fyrir framan heimili stefnanda að Laugarásvegi 36 hér í borg. Stefnandi ók bifreið sinni R-60225, Dodge árgerð 1971, norður Laugarásveginn frá Langholtsvegi á leið heim til sín, en á eftir honum ók Kristinn Árni Kjartansson bifreiðastjóri fólksflutningabifreiðinni R-660, Mercedes-Benz, fyrir 20 farþega. Bifreiðarnar rákust saman á vinstri vegarhelmingi miðað við aksturssstefnu þeirra, þegar stefnandi beygði til vinstri að innkeyrslu við bílskúr sinn en ökumaður fólksflutningabifreiðarinnar hugðist aka fram úr stefnanda. Lögregla kom á staðinn og gerði uppdrátt sem sýnir bifreið stefnanda með framhluta uppi á gangstétt, nokkurn veginn þvert fyrir á veginum, en hina bifreiðina með vinstra framhorn við gangstéttarbrún.

Meðstefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. hafði á hendi lögmælta ábyrgðartryggingu fyrir bifreið stefnda Kjartans og beindi stefnandi bóta-

kröfum að félaginu. Af hendi félagsins og beggja stefndu hefur því verið haldið fram í sáttaumleitunum að um árekstur þennan beri að hafa hliðsjón af fordæmi Hæstaréttar í svonefndum Álfheimadómi, Hrd. 1976, bls. 424, en á það hefur stefnandi ekki fallist.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að áreksturinn hafi alfarið verið sök ökumanns R-660 og stefndu beri því óskipt að bæta honum allt það tjón sem hann hafi orðið fyrir, en það sé bæði vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku sem metin hafi verið af Birni Önundarsyni lækni og tjón á bifreiðinni, afnotamissir og útlagður kostnaður.

Stefnandi lýsir árekstrinum þannig að hann hafi ekið sem leið lá um hábjartan dag við bestu skilyrði um kl. 15 á laugardegi, og verið að koma ofan af golfvellinum í Grafarholti og ekið norður Laguarásveg að húsi sínu sem standi vestan megin við götuna og sé annað hús frá horninu á Sunnuvegi. Hann gjörþekki aðstæður þarna og umferðina á veginum. Hann hugðist beygja til vinstri að innkeyrslunni við bílskúrinn og ók mjög hægt og gaf stefnuljós til vinstri áður en hann sveigði að miðlínu götunnar, jafnframt því sem hann hugði að umferð á eftir og á móti. Hann sá enga umferð og ók því rakleitt yfir götuna. Þegar framhluti bifreiðar hans var kominn upp á gangstéttina við innkeyrsluna skall bifreiðin R-660 á vinstri hlið bifreiðar hans fyrir aftan miðju og kastaði henni 3 - 4 metra til hliðar. Stefnandi fékk mikið högg á höfuð, háls, herðar og vinstri öxl og mun hafa misst meðvitund augnablik.

Stefnandi var fluttur á slysadeild Borgarspítalans og fékk að fara heim eftir meðferð þar með mjúkan stuðningskraga um hálsinn. Hann var síðan til meðferðar hjá læknum og í sjúkraþjálfunarmeðferð á öxl og hálsi en hann var mjög þjáður fyrstu mánuðina eftir slysið og er enn. Hreyfingar í hálsliðum og vinstra axlarlið eru sárar og takmarkaðar, og kraftar í vinstri hendi eru skertir og dofi er í þremur fingrum vinstri handar. Stefnandi var til meðferðar hjá Jóhanni Guðmundssyni bæklunarlækni á Landspítalanum. Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda hinn 22. maí 1985 þannig:

Frá slysdegi talið í 4 mánuði 100%
eftir það í 6 mánuði 65%
þar á eftir í 6 mánuði 50%
en varanleg 30%

Jón Erlingur Þorlákssson tryggingafræðingur reiknaði örorkutjón stefnanda, fyrst 2. júlí 1985 og síðan 17. nóvember 1986.

Stefnandi heldur því fram að ljóst sé að ökumaður bifreiðarinnar R-660

hafi einn átt sök á árekstrinum, og því beri alls ekki að skipta sök. Ökumaður fólksflutningabifreiðarinnar hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður og því hafi áreksturinn orðið. Bifreiðin R-60225 sé stór amerísk bifreið, eitt og hálft tonn að þyngd, en samt hafi fólksflutningabifreiðin kastað henni 3 - 4 metra til hliðar þegar hún skall á henni fyrir aftan miðju. Ökumaðurinn hafi heldur ekki getað nefnt neinar tölur um ökuhraða sinn, hvorki við lögreglu né hér fyrir dómi, og sé hann þó bifreiðastjóri að atvinnu. Hann hafi einfaldlega þverbrotið reglur um hámarkshraða og ekki fylgst með hvað var að gerast fyrir framan hann á veginum þegar hann hugðist aka fram úr bifreið stefnanda. Hann hafi engin merki gefið, hvorki hljóðmerki né ljósmerki. Laugarásvegurinn beygi þarna fyrir austan hús stefnanda og þegar aðstæður séu athugaðar megi sjá hvernig beygjan á veginum ásamt hinum mikla hraða R-660 geti skýrt hvers vegna R-660 hafi verið ekið á bifreið stefnanda, þar sem ökumaðurinn hafi ekki náð beygjunni vegna hraðans. Aðstæður skýri einnig hvers vegna stefnandi hafi ekki séð til ferða R-660 í baksýnisspeglum þegar hann hugðist taka beygjuna heim að húsi sínu. R-660 hafi þá verið í hvarfi fyrir austan beygjuna eins og framlögð teikning á dskj. nr. 26 sýni glögglega. Af þessu sé sýnt að hefði ökumaður R-660 ekið sem lög mæla, þ.e. á mest 50 km hraða, þá hefði áreksturinn aldrei orðið. Þess vegna sé orsök árekstrarins hinn gapalegi akstur ökumanns bifreiðarinnar R-660. Hann hafi ekið bifreið sinni inn í vinstri hlið bifreiðar stefnanda þegar hún var komin hálf upp á gangstétt. Þetta sýni að svokallaður Álfheimadómur sé ekki fordæmi um þennan árekstur, þar séu aðrar aðstæður. Þar hafi ekki verið um of hraðan akstur að ræða og ákomustaðurinn hafi sýnt að fremri bifreiðin hafi beygt í veg fyrir þann sem var að aka fram úr, enda hafi það gerst úti á miðri götu. Hér sé því um ólíkan atburð að ræða, bæði um staðsetningu bifreiðanna á götunni og um ofsahraða þess sem er að aka fram úr, R-660 í þessu tilviki.

Ökumaður R-660 hafi brotið ákvæði um umferðarhraða í þéttbýli, sbr. 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Hann hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 49. gr., 2. mgr. og c- og d-liða 3. mgr. sömu greinar umferðarlaga, svo og gegn 3. og 4. mgr. 47. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefndu:

Stefndu styðja kröfu sína um sakarskiptingu með því að benda á hliðstæður árekstrarins við árekstur þann sem dómur Hæstaréttar 1976, bls. 424, Álfheimadómurinn, fjalli um, þar sem ¾ hlutar sakar hafi verið lagðir á þann sem beygði í veg fyrir þann sem var að fara fram úr. Stefndu benda á að stefnandi hafi ekið hægt og fært sig yfir í hægri kant eins og hann

hafi ætlað að stöðva bifreiðina þar. Þess vegna hafi ökumaður R-660 ákveðið að aka fram úr honum, enda hafi hann ekki séð stefnuljósmerki á bifreið stefnanda. Því sé eindregið mótmælt og enda ósannað með öllu að ökumaður R-660 hafi ekið of hratt. Ökumaður R-660 hafi lýst því hvernig hann hafi dregið bifreið stefnanda uppi og séð stefnanda líta til vinstri eins og hann væri að skoða hús og garða. Eðlilegt hafi því verið að aka fram úr honum, og það hafi hann gert, og ekki þurft að fara alveg yfir á vinstri vegarhelming til þess. En þá hafi stefnandi farið að beygja til vinstri, og ökumaður R-660 hafi séð það og hemlað og sveigt til vinstri en hjá árekstri varð ekki komist. Ökumaðurinn hafi viðurkennt að hafa ekki gefið hljóðmerki og þess vegna beri hann nokkra sök, sem eðlilegt sé að meta að ¼. Stefnandi beri hins vegar meginsök þar sem hann hafi brotið gegn 4. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Í þessum ákvæðum sé lögð sérstök skylda á ökumenn að gæta þess er þeir beygja á vegi að það valdi ekki hættu fyrir þá sem á eftir eða móti komi. Stefnandi segist hafa gefið stefnuljós og gætt að umferð fyrir aftan sig áður en hann beygði. Hið fyrra sé ósannað, og hið síðara sé fullyrðing sem varla fái staðist þar sem stefnandi hefði séð bifreið stefnda ef hann hefði litið í spegil. Stefndu halda því fram að bifreiðarnar hafi verið við miðju götunnar þegar áreksturinn varð. Bifreið stefnda hafi ýtt stefnanda til hliðar, en þeir hafi báðir haldið áfram í árekstrinum og hafi bifreið stefnanda dregið bifreið stefnda til, enda hafi stefnandi gefið í þegar hann sá að bifreið stefnda var að skella á honum.

Stefndu mótmæla kröfugerð stefnanda tölulega og benda á í fyrsta lagi að örorkutjón hans sé ofmetið. Þeir véfengja ekki að stefnandi hafi slasast og að örorka hans sé rétt metin eftir tíðkanlegum læknisfræðilegum aðferðum. Þeir mótmæla hins vegar að mat Björns Önundarsonar sýni skert aflahæfi og vinnugetu stefnanda. Læknirinn hafi metið stefnanda 100% öryrkja í fjóra mánuði eftir slysið, en hann hafi sjálfur sagt hér fyrir dómi að hann hafi verið að aka bifreið á fyrirlestrarferð í Bandaríkjunum á þessum tíma. Stefnandi hafi sjálfur sagt að hann hafi ekki misst úr störfum sínum og að hann hafi haldið launum sínum óskertum. Framlögð skattframtöl sýni að launagreiðslur til hans fyrir aukastörf hafi dregist saman, en ósannað sé að það sé afleiðing þessa slyss. Því beri alfarið að sýkna af kröfu stefnanda um bætur vegna tímabundinnar örorku þar sem upplýst sé að hann hafi ekki orðið fyrir fjárhagstjóni vegna hennar. Stefnandi hafi verið metinn hafa 30% varanlega örorku, og ljóst sé að ekki beri að taka til greina bótakröfur byggðar á því vegna aðalstarfsins. Stefnandi sé farinn að reskjast, orðinn 67 ára, og ekki sé óeðlilegt að hann minnki við sig störf þess vegna, og hefði væntanlega gert það þótt slysið hefði ekki komið til. Þess vegna sé því eindregið mótmælt að stefnandi hafi orðið fyrir svo miklu

fjárhagstjóni við slysið sem ætla mætti af örorkumati og líkindareikningi. Þessi gögn séu einungis áætlanir en veiti ekki sönnun um tjón. Ljóst sé að yrðu kröfur stefnanda teknar til greina myndi hann verða betur settur en ef slysið hefði ekki orðið og það sé ekki ætlun skaðabótaréttar.

Í öðru lagi andmæli stefndu miskabótakröfu sem allt of hárri og í engu samræmi við dómvenju.

Í þriðja lagi mótmæli stefndu því að stefnandi eigi rétt til verðs nýrrar bifreiðar fyrir hina gömlu. Verð sambærilegrar bifreiðar hafi verið um kr. 90.000,00 og verði að miða við það. Stefndu benda og á að frá bótagreiðslum til stefnanda beri að draga eingreiðslu, sem hann hafi fengið frá Tryggingastofnun ríkisins í maí 1985, kr. 99.847,00, en þess sé að engu getið í málatilbúnaði stefnanda.

Niðurstaða:

Um sök á árekstrinum:

Stefnandi og ökumaður bifreiðar stefnda Kjartans hafa ýtarlega lýst árekstrinum og aðdraganda hans. Teikning lögreglu af bifreiðunum á staðnum eftir árekstrinn sýnir að bifreið stefnanda hefur kastast til hliðar um 3 - 4 metra. Af lýsingu aðila og teikningunni má ráða að bifreið stefnanda hefur verið þvert fyrir á veginum, með framhjólin á gangstéttinni þegar bifreið stefnda skall á henni. Þá hefur bifreið stefnda verið á vinstra vegarhelmingi að aka fram úr stefnanda.

Ökumaður bifreiðar stefnda hefur lýst því að hann hafi séð til bifreiðar stefnanda framundan á götunni og ákveðið að aka fram úr henni vegna þess að hann taldi að ökumaðurinn ætlaði að stöðva bifreiðina hægra megin á götunni. Stefnandi gaf þó engin stefnumerkjaljós í þá átt. Ökumaðurinn byrjaði framúraksturinn þegar hann sá að bifreið stefnanda var komin framhjá gatnamótum Sunnuvegar, og hefur hann því farið yfir á vinstri vegarhelming við gatnamótin.

Þegar litið er til þess að ökumaður bifreiðar stefnda hefur ekki getað sagt til um ökuhraða sinn og hversu langt bifreiðin kastar stórri og þungri bifreið stefnanda til hliðar verður að álykta að bifreið stefnda hafi verið ekið hraða en 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 mælir fyrir um, 50 km/klst. Vegna beygjunnar á veginum hafði ökumaðurinn ekki útsýn yfir akbrautina framundan, og vegna vegamótanna við Sunnuveg mátti hann ekki aka fram úr bifreið stefnanda á þessum stað, sbr. 3. mgr. 47. gr. Nú braut ökumaður bifreiðar stefnda þetta ákvæði og byrjaði framúrakstur. Þá bar honum að fara eftir ákvæðum 4. mgr. 47. gr. og gefa stefnanda merki, þannig að hann mætti vita um þá fyrirætlan. Þetta gerði ökumaðurinn ekki og verður að telja að hann beri því sök á árekstrinum.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi gefið merki með stefnuljósum

um fyrirhugaða beygju til vinstri að húsi sínu en ökumaður bifreiðar stefnda kveðst ekki hafa séð þau. Gegn andmælum stefndu hefur stefnandi ekki sannað að hann hafi gefið stefnuljósmerki. Stefnandi kveðst hafa litið í baksýnisspegla áður en hann beygði. Þá hefði hann átt að sjá til bifreiðar stefnda sem ekki gat verið alveg í hvarfi vegna fjarlægðar, þá hefði árekstur-inn vart orðið. Þegar þetta er virt verður að telja að stefnandi beri einnig sök á árekstrinum.

Þegar sök er skipt í máli þessu verður að hafa hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar 1976, bls. 424, var ökumanni í sporum ökumanns bifreiðar stefnda metið til ¼ hluta sakar að hafa ekki gefið merki skv. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga, en í dómi 1986, bls. 376, til ⅓ hluta sakar, enda voru þeir í hvorugu tilviki taldir hafa ekið á ólöglegum hraða. Í máli því sem hér er til úrlausnar verður að telja að ökumaður bifreiðar stefnda hafi ekið á ólöglegum hraða, og að hann beri aukna sök þess vegna. Með hliðsjón af þessum fordæmum Hæstaréttar og hraða bifreiðar stefnda þykir rétt að skipta sök ökumanna að jöfnu og verður stefnandi því að bera tjón sitt að hálfu leyti sjálfur en stefndu bæti honum það óskipt að hálfu.

Um tjón stefnanda.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð dómkrafna sinna og rökstyður á eftirfarandi hátt.

Aðalkrafa stefnanda kr. 8.071.800,00 sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón, kr. 6.246.000,00.

Byggt er á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings dags. 2. júlí 1985, og sú fjárhæð síðan þreföldud. Krafan er höfð svona há til að hún nái yfir þær hækkanir sem kunna að verða á tjóni stefnanda á næsta einu til tveimur árum, ef svo kynni að fara að máli þessu yrði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, en auknum kröfum yrði þá ekki við komið.

2. Miskabætur, kr. 1.500.000,00.

Miskabætur er að sjálfsögðu erfitt að ákvarða, en krafan er höfð svona há til að mæta hugsanlegum verðhækkunum á næstu árum verði máli þessu áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Til stuðnings miskabótakröfunni skal þó bent á eftirfarandi: Stefnandi býr við stöðugar þjáningar. Hreyfingar í hálslið og vinstri öxl eru sárar og takmarkaðar. Sársaukinn verður hans fylgifiskur það sem eftir er. Vegna verkjanna á stefnandi oft erfitt með svefn. Stefnandi stundaði reglulega íþróttir sér til heilsubótar, svo sem badminton tvisvar í viku, golf og sund. Eftir slysið varð hann að hætta þessum iðkunum um sinn og alveg badminton, en hefir getað stundað sundið og golfið og verður þó að viðhafa alla gát.

3. Tjón á bifreiðinni R-60225, kr. 310.000,00.

Um algert tjón á bifreiðinni R-60225 var að ræða og þurfti stefnandi því að kaupa sér nýja bifreið sem kostaði kr. 310.000,00. Bifreiðin R-60225 var af árgerð 1971, en aðeins ekin 75.926 km, sem er ekki mikið af slíkum gæðavagni að vera. Í október 1982 og mars 1983 hafði stefnandi látið fara fram miklar viðgerðir á bifreiðinni, fyrir samtals kr. 65.876,55.

4. Gjald fyrir afnotamissi, kr. 3.300,00.

Samkvæmt upplýsingum frá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf. greiddi félagið kr. 300,00 á dag í afnotamissi af bifreiðum í júní 1983. Stefnandi festi kaup á bifreið í staðinn fyrir R-60225 þann 15. júní 1983, eða 11 dögum eftir slysið. Hann var því án bíls þann tíma og gerir kröfu um greiðslu fyrir afnotamissi í þessa 11 daga.

5. Útlagður kostnaður, kr. 12.500,00.

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu á útlögðum kostnaði sem sundurliðast þannig:

Læknisvottorð	kr.	3.000,00
Örorkumat	"	5.000,00
Örorkutjónsútreikningur	"	4.500,00
Samtals	kr.	12.500,00

Varakrafa stefnanda, kr. 3.427.900,00 sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón, kr. 2.598.100,00.

Krafan byggist á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 17. nóvember 1986.

2. Miskabætur, kr. 500.000,00.

Varðandi rökstuðning fyrir miskabótakröfu vísast til þess er sagði um miskabætur í aðalkröfu.

3. Tjón á bifreiðinni R-60225, kr. 310.000,00.

Vísað er til þess er sagði um þetta í aðalkröfu.

4. Gjald fyrir afnotamissi, kr. 3.300,00.

Vísað er til þess er sagði um þetta í aðalkröfu.

5. Útlagður kostnaður, kr. 12.500,00.

Vísað er til þess er sagði um útlagðan kostnað í aðalkröfu.

1. - 2. Örorkutjón og miski. Stefnandi byggir á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 17. nóvember 1986, sem hljóðar svo:

„Hjalti Þórarinsson varð fyrir umferðarslysi 4. júní 1983 og slasaðist á vinstri öxl. Hann er fæddur 23. mars 1920 og hefur því verið 63 ára á slysdegi.

Björn Önundarson læknir hefur í örorkumati dags. 22. maí 1985 metið örorku af völdum slyssins þannig:

Frá slysdegi í 4 mánuði 100%
Eftir það í 6 mánuði 65%
Eftir það í 6 mánuði 50%
Varanleg örorka 30%.

Samkvæmt afritum af skattframtölum Hjalta voru launatekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið sem hér segir:

Árið 1980 gkr. 19.362.861,00
Árið 1981 nýkr. 325.104,00
Árið 1982 nýkr. 488.478,00

Launin eru að langmestu leyti frá fjármálaráðuneytinu (ríkisspítölum), en lítill hluti er reiknuð laun í eigin atvinnurekstri.

Þegar launatekjurnar hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga fæ ég út árstekjur kr. 1.631.400,00 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	*Tekjutap*
1. árið eftir slysið	kr. 808.200,00	591.700,00
2. — — —	" 1.040.400,00	374.100,00
3. — — —	" 1.375.900,00	412.800,00
4. — — —	" 1.615.400,00	484.600,00
Síðan árlega	" 1.631.400,00	489.400,00

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 632.700,00
— varanlegrar örorku	" 1.965.400,00
	kr. 2.598.100,00

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 17. nóvember 1986 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (42% frá slysdegi til 20/9 '83, 35% frá 21/9 til 20/10 '83, 32% frá 21/10 til 20/11 '83, 27% frá 21/11 til 20/12 '83, 21,5% frá 21/12 '83 til 20/1 '84, 15% frá 21/1 til 12/8 '84, 17% frá 13/8 til 31/12 '84, 24% frá 1/1 til 10/5 '85, 22% frá 11/5 '85 til 28/2 '86, 12% frá 1/3 til 31/3 '86 og 9% frá 1/4 1986). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta."

Til viðbótar við upplýsingar um launatekjur stefnanda hafa verið lögð fram skattframtöl og aðrar upplýsingar, sem sýna þessar launatekjur:

Árið 1983 kr. 744.600,00
Árið 1984 kr. 870.806,00
Árið 1985 kr. 1.280.467,00
Árið 1986 kr. 1.610.566,00.

Aðalkrafa stefnanda byggist á örorkutjónsútreikningnum þreföldum, til þess að krafan nái yfir þær hækkanir sem kunna að verða á tjóni stefnanda á næsta einu til tveimur árum ef svo kynni að fara að máli þessu yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Skilja verður þessa kröfugerð stefnanda svo að hér fyrir dómi komi aðeins fjárhæðir í varakröfu til skoðunar.

Varakrafa stefnanda í þessum lið er sundurliðuð þannig:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 632.700,00
Vegna varanlegrar örorku kr. 1.965.400,00

Fallast ber á með stefndu að tímabundin örorka sé raunverulegur missir tekna hins slasaða um stundarsakir. Stefnandi missti einskis í launatekjum sínum þegar hann varð óvinnufær vegna slyssins, og verður því bótakrafa vegna tímabundinnar örorku ekki tekin til greina.

Stefndu telja bótakröfur vegna varanlegrar örorku allt of háar og benda á að sýnt sé að stefnandi hafi ekki lækkað í launum eftir slysið, og að um tekjutap hjá stefnanda sé ekki að ræða.

Föst dómvenja hefur myndast um að leggja læknisfræðilegt mat á varanlegri örorku til grundvallar mati á tekjutapi í skaðabótamálum, og skiptir þá ekki máli þótt upplýst sé að tjónþoli hafi meiri tekjur eftir slys en áður. Forsenda slíks læknisfræðilegs örorkumats er þó sú að meiðslin séu fallin til þess að skerða starfsorku tjónþola. Dómvenjan byggist á notkun ákveðinna læknisfræðilegra röksemda um varanlega örorku, og verður því að

telja að leiða þurfi læknisfræðileg rök gegn slíku mati ef því á að hnekkja. Stefndu hafa ekki leitast við það (sic).

Ljóst er að stefnandi hefur bæði orðið fyrir fjártjóni og miska vegna slyssins 4. júní 1983. Eftir atvikum þykir rétt að ákvarða stefnanda bætur í einu lagi fyrir fjártjón og miska, og að taka þessa kröfuliði til greina með kr. 2.100.000,00.

3. Tjón á bifreiðinni R-60225. Fallast ber á með stefndu að stefnandi eigi ekki rétt til verðs nýrrar bifreiðar fyrir þá sem skemmdist. Bifreiðin R-60225 var tólf ára gömul en lítið ekin, gæðavagn sem skemmdist algerlega, og verður að telja að verð sambærilegrar bifreiðar sé hæfilega metið kr. 150.000,00. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina með þeirri fjárhæð.

4. Þessi liður hefur ekki sætt andmælum, og verður því tekinn til greina með kr. 3.300,00.

5. Þessi liður telst til málskostnaðar.

Tjón stefnanda telst því hafa numið samtals kr. 2.253.300,00. Af því ber stefndu að greiða honum helming, eða kr. 1.126.650,00 að frádregnum kr. 99.847,00, sem stefnandi fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins í maí 1985. Verða stefndu því dæmdir til að greiða stefnanda óskipt kr. 1.026.803,00 ásamt vöxtum.

Vaxtakrafa stefnanda sætir ekki andmælum nema að því er varðar dómvexti. Með vísan til fordæma Hæstaréttar, t.d. 1984, bls. 917, verða dómvextir dæmdir frá dómsuppsögudegi.

Eftir þessum málalokum verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 200.000,00, þar með talinn útlagður kostnaður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Kjartan Ingimarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., greiði stefnanda, Hjalta Þórarinssyni, óskipt kr. 1.026.803,00 með 42% ársvöxtum frá 4. júní 1983 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 9% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000,00 í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 159/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Donnie Stewart og
Warren Wayne Wilson

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðilar hafa með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kærum 29. maí sl. Þeir krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann með vísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 28. maí 1988.

Ár 1988, laugardaginn 28. maí er á dómþingi sakadóms Keflavíkurflugvallar, sem háð er á lögreglustöð Keflavíkurflugvallar við Alþjóðabraut af Sævari Lýðssyni ftr., kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögreglan í Njarðvík og Keflavík hefur krafist þess, að tveir bandarískir varnarliðsmenn, þeir Donnie Stewart, byggingu 753, Keflavíkurflugvelli, fæddur 13.06. '57 í Mississippi og Warren Wayne Wilson, byggingu 753, Keflavíkurflugvelli, fæddur 28.01. '62 í Tennessee, verði látnir sæta gæsluvarðhaldi í sjö daga allt til kl. 10:00 laugardaginn 4. júní nk.

Kærðu hafa mótmælt kröfu þessari.

Málavextir.

Miðvikudaginn 25. maí sl. barst rannsóknarlögreglunni í Njarðvík og Keflavík kæra frá Hjördísi Árnadóttur, félagsmálastjóra Njarðvíkurbæjar, og Guðbjörtu Ingólfsdóttur, fulltrúa barnaverndarnefndar í Njarðvíkum, um að tveir varnarliðsmenn hefðu haft samfarir við unglingsstúlkur í Njarðvík.

Rannsókn leiddi í ljós, að mánudagskvöldið þann 23. maí sl. og aðfaranótt þriðjudags 24. maí sl. fór fram samkvæmi í íbúð að .... Keflavík, þar sem X, fædd ...'69, er húsráðandi.

Í samkvæmi þessu voru fyrrgreindir varnarliðsmenn, þ.e. kærðu Donnie Stewart og Warren Wayne Wilson, sem gengur undir gælunafninu TC, framborið Tísí, X, Y, fædd ...'73, og Z, fædd ...'74.

Z, 13 ára gömul, hefur borið við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að hún hafi drukkið nokkuð af áfengi, sem haft var um hönd í samkvæminu og kvaðst hún hafa orðið allmikið ölvuð. Hún segir, að þau hafi spilað fatapóker og þannig hafi þau byrjað að fækka fötum. Z kvaðst hafa haft samfarir við hvorn tveggja kærðu á svefnsófa í stofunni aðfaranótt þriðjudagsins 24. maí sl. af frjálsum vilja. Hún kvað X einnig hafa haft samfarir við þá báða umrætt skipti. Z kvað Y hafa séð sig og X liggja naktar á sófanum í þann mund sem Y hélt heim.

Y, 15 ára gömul, hefur borið við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að hún hafi komið í samkvæmi þetta ásamt Z í boði X. X hafi veitt áfengi, vodka, sem hún kvaðst rétt hafa smakkað og ekkert orðið ölvuð. Hún kvað Z hafa orðið ölvaða. Þau hafi spilað fatapóker og fækkað fötum. Y kvaðst hafa farið heim um fjögurleytið um nóttina og reynt að fá Z með sér. Z og X hafi þá legið naktar á sófanum í stofunni. Y kvaðst ekki hafa haft samfarir við kærðu.

X hefur borið við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni að samkvæmið hafi átt sér stað í íbúð hennar að ..., Keflavík, umrætt skipti og að hún hafi veitt gestum sínum áfengi. X kvaðst ekki vita hvenær Y fór og kvaðst þá hafa verið sofnuð. Hún kvað allt tal um, að hún hafi átt í ástarsambandi við kærðu, vera út í hött og það sama sé að segja um Z.

X kvað Z hafa sofið á sófanum í stofunni til morguns, en sagði kærðu hafa farið rétt á eftir Y.

Kærði, Donnie Stewart, hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni og fyrir dómi játað að hafa verið í samkvæmi þessu og að hafa dansað, spilað á spil og drukkið fram eftir nóttu. Kærði kvaðst hafa orðið mjög ölvaður og ekki muna atburðaráðsina vel þegar líða tók á nóttina. Hann kvaðst hafa sofnað um eittleytið, og um kl. 04:00 eða kl. 05:00 um morguninn hafi hann yfirgefið samkvæmið. Kærði neitar staðfastlega að hafa haft samfarir við nokkra stúlknanna.

Kærði, Warren Wayne Wilson, hefur borið við yfirheyrslur hjá rann-

sóknarlögreglunni og fyrir dómi að hafa verið í margnefndu samkvæmi. Áfengi hafi verið haft um hönd og hafi þau orðið mjög ölvuð nema feita stúlkan, þ.e. Y. Kærði kvað þau fyrst í stað hafa horft á sjónvarpið, síðan hafi þau spilað á spil og loks hafi þau dansað. Kærði neitaði staðfastlega að hafa haft samfarir við nokkra af stúlkunum.

Kærði kvaðst hafa yfirgefið samkvæmið um kl. 05:00 um morguninn ásamt kærða Donnie Stewart.

Kærðu hafa mótmælt kröfunni um gæsluvarðhald.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi.

Z, 13 ára gömul, hefur borið að hún hafi haft samfarir við hvorn tveggja kærðu. Framburður hennar og Y hefur verið á sömu lund um hvað fór fram þarna í samkvæminu og rennir það stoðum undir þær alvarlegu sakir, sem á kærðu eru bornar.

Kærðu eru grunaðir um háttsemi, sem varðar fangelsisrefsingu skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki gæsluvarðhaldi til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framanröktu og með skírskotun til 1. tl. og 4. tl. 1. mgr. laga nr. 74, 1974, ber að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar í Njarðvík og Keflavík til greina og ákveða, að kærðu sæti gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 4. júní nk. kl. 10:00.

Úrskurðarorð:

Kærðu, Donnie Stewart og Warren Wayne Wilson, sæti gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 4. júní nk. kl. 10:00.

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 267/1986. **Normex hf.**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Kristófer Magnússyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Vinnusamningar. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld, en til vara að honum verði gert að greiða lægri fjárhæð en héraðsdómur dæmdi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að í stað dómvaxta til greiðsludags verði dæmdir dómvextir til 14. apríl 1987, en dráttarvextir, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að vextir áfallnir eftir 14. apríl 1987 bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988. Þá krefst stefndi staðfestingar fjárnámsgerðar frá 9. júní 1986 í fógetarétti Garðakaupstaðar, og loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en vexti frá 14. apríl 1987, og fer um vexti eins og í dómsorði greinir.

Hafna ber kröfu stefnda um dráttarvexti og vaxtavexti, enda er henni sérstaklega mótmælt og hún ekki höfð uppi fyrir héraðsdómi.

Staðfesta ber fjárnám, sem gert var í fógetarétti Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 9. júní 1986 í eignum áfrýjanda.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags skulu vextir vera hæstu innlánsvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987.

Áfrýjandi, Normex hf., greiði stefnda, Kristófer Magnússyni, 45.000,00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 6. mars 1986.

I.

Mál þetta sem dómtekið var hinn 5. mars 1986 hefur Kristófer Magnússon tæknifræðingur, nnr. 5949-7499, Fjóluhvammi 14, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 18. október 1985, gegn hlutafélaginu Normex, nnr. 6655-1059, Lyngási 8, Garðabæ.

Stefnandi gerir þær kröfur í málinu að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld að fjárhæð kr. 325.636,00 auk 22% ársvaxta frá 1. júlí 1985 til stefnubirtingardags, en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verði stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Til vara krefst stefnandi annarrar og lægri fjárhæðar auk málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega að stefndi verði algerlega sýknaður af dómkröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati domsins, en til vara að dómkröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

II.

Stefnandi Kristófer hóf störf sem framkvæmdastjóri hjá Normex hf. hinn 9. apríl 1985. Hann lét af störfum þar hinn 10. júní sama ár.

Áður en stefnandi réðst sem framkvæmdastjóri stefnda hafði hann unnið fyrir stefnda hönnunar- og teiknivinnu samkvæmt reikningi.

Dómkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Laun og launatengd gjöld:

Laun frá 9/4 - 30/4 1985	18 dagar	kr.	58.666,00	
" " 1/5 - 31/5 1985	1. mán.	"	80.000,00	
" " 1/6 - 10/6 1985	10 dagar	"	26.666,00	kr. 165.332,00

Yfirvinna apríl 59,5 st. á 800,-	kr.	47.600,00	
" maí 119,5 st. á 800,-	"	95.600,00	
" júní 17,5 st. á 800,-	"	14.000,00	" 157.200,00
			kr. 322.532,00
Gjaldfallið orlof apríl '85, 10.17%			" 10.807,00
			kr. 333.339,00
Innborgað inn á laun frá 9/4 '85 til 26/6 '85	kr.	80.000,00	
	kr.	253.339,00	
Hlutur KM í lífeyrissjóði 4% af 165.332,00	kr.	÷ 6.613,00	
	kr.	246.726,00	
Lífeyrissjóðsgjald til lífeyrissjóðs tæknifræðinga 6% af 165.332,00	kr.	9.920,00	
	kr.	256.646,00	

2. Akstur 200 km á viku á tímabilinu 9/4 '85 til 10/6 '85 alls 9 vikur eða alls 200 x 9 = 1800 km.

1800 km á 10.55	kr.	18.990,00
	kr.	18.990,00

3. Hönnunar- og teiknivinna áður en stefnandi réðst sem framkvæmdastjóri til stefnds.

Unnið við teikningar, vettvangskönnun og fundahöld með Sævari Svavarssyni. Teiknaðar voru 660L tvöfalt ker, 310L tvöfalt ker, 230-330L einfalt ker, flaga-bretti og 70-90L kassabretti. Gerðar ýmsar skyssur og tillögur. Kynnt sér hönnun á sundlaug kr. 98.660,00

Innborgað		kr. 48.060,00
	kr. 98.060,00	kr. 48.060,00
Mismunur skuld		kr. 50.000,00

Samtals nema ofangreindar fjárhæðir, kr. 256.646,00 + kr. 18.990,00 + kr. 50.000,00 = stefnufjárhæðin, kr. 325.636,00.

Stefndi vill á hinn bóginn stilla uppgjöri málsaðila þannig upp:

Umsamin vinnlaun kr. 10.000,00 á viku frá 9.4. 1985 - 7.6. 1985		kr. 90.000,00
Greitt Kristófer Magnússyni skv. dómsskjölum nr. 9 - 17	kr. 90.000,00	

Greiddar nótur fyrir Kristófer skv. dskj. 18 - 22	kr.	2.014,00	
Samtals greitt	kr.	92.014,00	
Frádráttur af launum til lífeyrissjóðs TFÍ 4% af kr. 90.000,00	kr.	3.600,00	
Greiðslur og frádráttur samtals	kr.	95.614,00	
Mismunur, skuld Kristófers			kr. 5.614,00
	kr.	95.614,00	kr. 95.614,00
Skuld Normex hf. við lífeyrissjóð TFÍ	kr.	3.600,00	
+ 3.600 x 1.5	kr.	5.400,00	
Samtals	kr.	9.000,00	
Skuld Normex hf. við Póstgíróstofuna orlofsfé kr. 90.000,00 x 10.17%	kr.	9.153,00	
Til skuldajöfnunar skuld Kristófers	kr.	(5.614,00)	
Ógr. orlof skv. því	kr.	3.539,00	

III.

Aðilar deila um efni ráðningarsamnings stefnanda sem var munnlegur og ekki gerður í áheyrn vitna.

Stefnandi kveður hafa samist um 80.000 króna mánaðarlaun auk greiðslu fyrir yfirvinnu þegar hún væri unnin og greiðslu fyrir notkun á eigin bíl.

Stjórnarformaður stefnda, Sævar Svavarsson, sem annaðist af stefnda hálfu samningsgerð við stefnanda, kveður hafa verið samið um 40.000 króna mánaðarlaun, greiðsla fyrir yfirvinnu innifalin. Ennfremur hafi verið samið um að stefnandi fengi launauppbót, prósentur, þegar hagur fyrirtækisins batnaði, en reksturinn gekk illa og framleiðsla var lítil þegar stefnandi hóf störf. Ekki kvað stjórnarformaðurinn það hafa verið nánar skilgreint við hvað prósentur ættu að miðast, t.d. hvort um ætti að vera að ræða prósentur af hagnaði eða prósentur af veltu eða þá prósentur af einhverju öðru, umræður hafi einfaldelga ekki verið komnar svo langt, meiningin hafi verið að semja nánar um þetta þegar framleiðslan hefði náð sér á strik og hagur fyrirtækisins vænkaðist. Ágreiningslaust er að hagur fyrirtækisins var ennþá bágur er stefnandi lét af störfum.

Stefnandi fékk jafnan greiddar kr. 10.000,00 á viku, samkvæmt framlögðum kvittunum, eða samtals kr. 90.000,00, en ekki kr. 80.000,00 eins og hann heldur fram.

Einnig hefur stefndi tínt til matar- og leigubílareikninga samtals að fjárhæð kr. 2.014,00 sem hann vill skuldajafna við hugsanlega kröfu stefnanda.

Stjórnarformaðurinn mótmælti því ekki að stefnandi hafi átt að fá

akstursgreiðslu fyrir notkun á eigin bíl og þá samkvæmt kílómetrataxta ríkisstarfsmanna. Þær hafi þó verið skilyrtar að því leyti að stefnandi hafi átt að skila aksturssskýrslu þannig að hægt væri að færa aksturskostnaðinn á einstök verk og fyrirtækið fengi hann þannig endurgreiddan. Þetta hafi stefnandi algerlega vanrækt. Raunar kvað stjórnarformaðurinn reynsluna hjá fyrri og síðari framkvæmdastjórum fyrirtækisins þá að um 25% akstursreikninga tækist að færa á einstök verk, en um 75% yrði fyrirtækið að bera. Stjórnarformaðurinn kvað 200 km á viku vera í hærri kantinum.

Stefnandi hélt því fram að þann tíma sem hann vann hjá fyrritækinu hafi engin reikningsverk verið unnin, um hafi verið að ræða framleiðslu vöru sem seld var á umsömdu verði en ekki eftir reikningi og því ekki um það að ræða að fyrirtækið innheimti akstursreikninga sérstaklega.

Til stuðnings yfirvinnukröfu sinni hefir stefnandi lagt fram dagbók sína, þar sem hann hefir skráð hvenær hann hóf störf dag hvern, helstu verkefni dagsins og hvenær hann hætti að kvöldinu. Því er ómótmælt að dagbókin komi heim og saman við framlagða yfirvinnuskýrslu stefnanda.

Sú fullyrðing stefnanda að hann hafi fært dagbókina jafnóðum hefir ekki verið gerð tortryggileg, þvert á móti bendir gervi dagbókarinnar eða útlit frekar til þess að hún sé samtímaheimild.

Stefnandi hefir kallað fyrir dóminn sem vitni tvo starfsmenn stefnda á þessum tíma, þá Reyni Dagbjartsson og Holgeir Jónsson. Báðir báru þeir að stefnandi hefði iðulega verið við vinnu utan venjulegs vinnutíma. Einnig að hann hefði notað bíl sinn mikið í þágu fyrirtækisins og einnig látið starfsmenn þess fara á honum í sendiferðir.

Sem fyrr er greint krefur stefnandi um kr. 50.000,00 vegna hönnunarvinnu og teikninga fyrir stefnda áður en hann hóf störf sem framkvæmdastjóri, þ.e. fyrir 98.060,00 ÷ innborgað kr. 48.060,00 = 50.000,00.

Stefndi kveðst hafa greitt stefnanda kr. 99.314,15 en ekki kr. 50.000,00 fyrir þessa vinnu, og hefir lagt fram svofellt yfirlit um þær greiðslur:

11/10 '84 áv. nr. 4039775	kr.	9.000,00
12/11 '84 áv. nr. 4070521	"	6.000,00
11/12 '84 áv. nr. 4092114	"	58.534,95
21/12 '84 áv. nr. 4099274	"	5.790,00
22/2 '85 áv. nr. 4167488	"	19.989,20
	kr.	99.314,15

Stefnandi hefur haldið því fram að hann hafi unnið fleira fyrir stefnda en fram kemur á framlögðum reikningum í máli þessu, hér sé um að ræða greiðslur á þeirri vinnu. Ekkert hefir stefnandi skýrt þetta nánar.

Óumdeilt er að stefnandi gerði ekki kröfur þær er mál þetta snýst um

fyrr en eftir að hann lét af störfum. Undantekning er þó krafa vegna teikni- og hönnunarvinnu. Framkvæmdastjóri stefnda viðurkennir að um það leyti sem stefnandi réð sig hafi hann talið sig eiga hjá fyrirtækinu um kr. 40.000,00 vegna þessarar vinnu.

Stefnandi hefur lagt fram launatöflu Félags tæknifræðinga. Ekki hefir hann þó bent á hvar hann telji að skipa hefði átt sér í launaflokk ef farið væri eftir þeirri töflu og ekki notað hana til þess að rökstyðja eða reikna út varakröfu.

Álit réttarins.

Stefnanda hefir ekki tekist að sanna að hann hafi náð samningi við stefnda um hærri föst mánaðarlaun en hann fékk greidd og veitti fyrirvaralaust viðtöku, kr. 40.000,00 á mánuði eða nánar tiltekið kr. 10.000,00 á viku.

Ekki gerir stefnandi neina kröfu til launauppbótar í prósentum á grundvelli yfirlýsinga stjórnarformanns stefnds um tilvist samkomulags þar um.

Talningu stefnanda á yfirvinnustundum er óhnekkt. Stefnda hefir ekki tekist að sanna að stefnandi hafi samið um að vinna yfirvinnu án þess að fá fyrir hana greitt. Í stefnukröfu er miðað við að yfirvinnustund eigi að greiðast með 1% af föstum mánaðarlaunum og þykir sú viðmiðun hér rétt og eðlileg.

Stefnandi miðar orlofskröfu sína við 10,17% bæði á föst laun og yfirvinnu. Stefndi hefir ekki mótmælt því sérstaklega að sú reikningsaðferð sé rétt og verður henni því beitt hér. Stefndi hefir ekki haldið fram að hann hafi greitt orlofsfé stefnanda af yfirvinnu til póstgíróstofunnar, en stefnandi getur sjálfur krafið um orlofsféð án milligöngu hennar.

Í kröfugerð sinni byggir stefnandi sjálfur á því að lífeyrissjóðstillag launþega 4% eigi að dragast frá launum hans. Hann er ekki réttur aðili að því að krefja um lífeyrissjóðstillag atvinnurekanda 6%.

Stefnandi hefir ekki hnekkt því að stefndi hafi greitt honum kr. 99.314,00 vegna sömu teikni- og hönnunarvinnu og hann krefur fyrir í máli þessu og að 98.060,00 króna reikningur hans sé því að fullu greiddur.

Stefndi hefir sýnt fram á það með framlagningu kvittana að hann hefir greitt stefnanda kr. 90.000,00 sem er sama fjárhæðin og föst mánaðarlaun hans áttu að vera samkvæmt framansögðu.

Ekki þykir ástæða til að taka til greina til skuldajafnaðar þá ómerkilegu matar- og leigubílareikninga að fjárhæð kr. 2.014,00 er áður er að vikið.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefnda ber að greiða stefnanda eftirtaldar fjárhæðir:

Yfirvinna 196.5 st. á kr. 400,-	kr.	78.600,00
Orlof 10,17% á kr. 78.600,-	"	7.994,00
Bílkostnaður	"	18.990,00
	kr.	105.584,00
Frá dregst lífeyrissjóðstillag 4% af kr. 90.000,-	"	3.600,00
Skuld stefnda	kr.	101.984,00

Málskostnaður ákveðst kr. 31.000,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar/Garðakaupstaðar 9. júní 1986.

Ár 1986 mánudaginn 9.6. er fógetaréttur Hafnarfjarðar/Garðakaupstaðar settur að Lyngási 8 og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr.

Fyrir er tekið fógetamálið: Kristófer Magnússon gegn Normex hf.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm og nr. 3 birtingarvottorð.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður Georgsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 101.984,00 með 22% ársvöxtum frá 1.7. 1985 til 18.10. '85, 36% ársv. f.þ.d. til 1.2. '85, 39% ársv. f.þ.d. til 1.3. '86, 19% ársv. f.þ.d. til 11.3. '86, 20% ársv. f.þ.d. til 1.4. '86, 15,5% ársv. f.þ.d. til greiðsludags, kr. 1.190,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 774,00 í kostnað af birtingu dóms, kr. 31.000,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Skrifstofa gerðarþola er hér til húsa. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Aðalbjörg Garðarsdóttir sem starfar hér.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms. Mætta vísar á starfsemi gerðarþola að Suðurhrauni 1, Hafnarfirði. Rétturinn er fluttur að Suðurhrauni 1. Af hálfu gerðarþola mætir Sævar Svavarsson stjórnarformaður gerðarþola. Aðspurður kveðst mætti ekki greiða, en bendir á til fjárnáms talíu, teg. Demande, tvö 660 lítra mót og Settangamót. Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eignum gerðarþola: talíu, teg. Demande, 660 lítra móti og Settangamóti, allt staðsett hér að Suðurhrauni 1, Hafnarfirði. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 99/1988. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Þór Guðmundssyni

(Örn Clausen hrl.)

Fyrning sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar 11. mars 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru en staðfestingar refsingar.

Með ákæru 13. desember 1983 var ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni G-16065 austur Vesturlandsveg í Reykjavík á allt að 129 kílómetra hraða á klukkustund á tilteknum vegarkafla. Málið var þingfest í sakadómi 1. febrúar 1984 að ákærða viðstöddum, sem gaf þar skýrslu. Því næst var það tekið fyrir í dóminum 15. október 1985 og 6. desember s.á. Í hvorugt skiptið er um eiginleg þinghöld að ræða, heldur bókar dómari þar athugasemdir til upplýsingar um gagnasöfnun í málinu, nánar tiltekið að umbeðin skýrsla Póst- og símamálastofnunar um ratsjármælitæki, sem notað var við hraðamælinguna, hafi ekki borist. Skýrsla þessi barst dóminum með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík 25. september 1986. Næst var þingað í málinu 28. nóvember s.á. og vitni leidd.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið liðu sem næst 2 ár og 10 mánuðir sem eiginleg rannsókn málsins lá niðri og eigi hafa komið fram gögn sem réttlæta þetta hlé. Þegar þetta er virt verður að telja sök fyrnda samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 20/1981. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvalds í máli þessu.

Með tilvísun til 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981 ber að hafna kröfu ákæruvalds um sviptingu ökuréttinda.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað á ríkis-

sjóð, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákæröi, Guðmundur Þór Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, samtals 35.000,00 krónur fyrir báðum dómum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. mars 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 18. mars er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 220/1987: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Þór Guðmundssyni sem tekið var til dóms þann 25. febrúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 13. desember 1983, gegn ákærða, Guðmundi Þór Guðmundssyni nema, til heimilis að Skaftahlíð 8 hér í borg, fæddum 13. mars 1962 í Reykjavík, „fyrir að aka, föstudaginn 25. mars 1983, bifreiðinni G-16065 austur Vesturlandsveg í Reykjavík með allt að 129 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla frá Elliðaárbrú upp Ártúnsbrekku.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og lög 16, 1977 og samþykkt nr. 318, 1977, um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930.

Þess er krafist, að ákæröi verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Föstudaginn 25. mars 1983 voru lögreglumenn á ferð um Miklubraut og óku niður Ártúnsbrekku kl. 22:10, er þeir veittu athygli bifreiðum sem fylgdust að á mikilli ferð austur Miklubraut. Er bifreiðarnar komu að Elliðaárbrú náðu lögreglumenn að mæla hraða þeirra og sýndi radarinn þá töluna 129 km/klst., og var lögreglubifreiðinni þá ekið með 20 km/klst. Lögreglumenn stöðvuðu akstur bifreiðanna og höfðu tal af ökumönnum. Ákæröi í máli þessu, ökumaður bifreiðarinnar G-16065, ók aftari bifreiðinni, sem var á vinstri akrein 20 - 30 metrum á eftir þeirri fremri, bifreið Bergs Axelssonar. Ákæröi Guðmundur kvaðst aðspurður á staðnum ekki

telja að hann hafi ekið bifreiðinni yfir 100 km/klst., en bar að hafa ekki litið á hraðamæli.

Ákærði var færður fyrir varðstjóra og var spurður af Baldvin Ottóssyni, hvort hann hefði ekið með sama hraða og bifreiðinni sem ekið hafi verið á undan honum. Ákærði bar „að hann myndi ekkert sérstaklega eftir bifreiðinni sem ekið hafi verið á undan honum", en kvað þá hafa lagt af stað á sama tíma frá ljósunum á Miklubraut og Réttarholtsvegi. Ákærði var spurður um hraðann 129 km/klst., og bar hann þá að hann teldi að hann hefði ekki farið yfir 100 km/klst., en hann treysti sér ekki til að rengja hraðamælingu lögreglunnar.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglunni á ný þann 17. maí 1983. Ákærði bar að hafa ekið bifreiðinni G-16065 austur Miklubraut þann 25. mars s.á. Ákærði kvaðst þá rengja hraðamælingu lögreglunnar og kvaðst telja að hann hafi ekið með 80 - 100 km/klst. á framangreindum stað og tíma. Ákærði bar að hann myndi eftir bifreiðinni R-42506 á ljósunum á gatnamótum Miklubrautar og Réttarholtsvegar. Ákærði bar að bifreiðarnar hefðu þá báðar verið á hægri akrein. Ákærði bar að hann myndi að þeirri bifreið hefði verið ekið af stað með „hávaða", en síðan kvaðst hann ekki muna sérstaklega eftir henni, fyrr en lögreglan hafi gefið ökumanni merki um að stansa í Ártúnsbrekku. Ákærði bar að er hann hafi tekið eftir að lögreglan gaf ökumanni merki um að stansa hafi hann skipt um akrein, en lögreglan hafi þá einnig gefið sér merki um að stansa, þ.e.a.s. lögreglubifreiðinni hafi verið ekið í veg fyrir bifreið ákærða. Ákærði kvað aðspurður bilið milli bifreiðanna þá hafa verið u.þ.b. 100 metrar og ítrekaði að hann hafi ekið með 80 - 100 kílómetra hraða á klukkustund, og rengdi því niðurstöðu hraðamælingar lögreglunnar. Ákærði bar og að hafa ekki fylgt hraða bifreiðarinnar R-42506.

Í frumskýrslu lögreglunnar kemur fram að myrkur hafi verið, dimmt, lýsing góð, engin umferð fyrir utan þær tvær bifreiðar sem hér um ræðir. Hámarkshraði á akbrautinni er 60 km/klst.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, greiðslu 6.000,- króna sektar og sviptingu ökuréttinda í 4 mánuði þann 15. júní 1983, en því boði hafnaði hann.

Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða þann 1. júní 1983. Ákærði krafðist þess er hann hafnaði dómsátt þann 15. júní, sem fyrr greinir, að dómari felldi bráðabirgðaökuleyfissviptingu ákærða niður. Dómari hafnaði þeirri kröfu ákærða í úrskurði þann sama dag. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem felldi hann úr gildi með dómi þann 27. júní 1983, á þeirri forsendu að rannsóknargögn málsins fælu eigi í sér könnun á því, hversu traust sú aðferð sé, sem lögreglumenn beittu til að mæla ökuhraða ákærða, bæði almennt og eins og hér stóð á.

Ákærði gaf á ný skýrslu í sakadómi þann 1. febrúar 1984, við birtingu ákæru. Ákærði mótmælti að hafa ekið bifreið sinni með 129 km/klst. þann 25. mars 1983 um Vesturlandsveg í Ártúnsbrekku. Ákærði bar sem fyrr að hann teldi að hann hefði ekið bifreiðinni með 80 - 100 km/klst. og að radartækið hafi ekki mælt hraða bifreiðar ákærða heldur hraða bifreiðarinnar R-42506. Ákærða var bent á framburð vitnisins Bergs Axelssonar, og kvaðst hann halda við sinn fyrri framburð. Þá kvaðst ákærði ekki hafa litið á hraðamæli greint sinn. Ákærði kvaðst hafa verið fyrir aftan bifreiðina R-42506 á ljósunum á Miklubraut og Réttarholtsvegi, og hafi bifreiðarnar verið kyrrstæðar. Ökumaður bifreiðarinanr R-42506 hafi tekið af stað með „látum", og bar ákærði að hafa ekið á hægri akrein á eftir bifreiðinni þar til lögreglan hafi gefið honum merki um að stansa, þá hafi hann fært sig yfir á vinstri akrein, en akstur hans þá verið stöðvaður. Ákærði bar að hann hefði ekki ekið samhliða bifreiðinni R-42506 og a.m.k. 100 metrar hafi verið á milli bifreiðanna.

Þann 25. febrúar 1987 kom vitnið Bergur Axelsson fyrir dóm og gaf skýrslu. Vitnið bar að hafa ekið bifreiðinni R-42506 austur Miklubraut föstudaginn 25. mars 1983. Vitnið bar að það hefði ekið samsíða bifreiðinni G-16065 frá gatnamótum Miklubrautar og Réttarholtsvegar. Vitnið kvaðst síðan hafa verið stöðvað af lögreglu í Ártúnsbrekku og kært fyrir að hafa ekið bifreiðinni með 129 km/klst. Ákærði hafi þá verið einni til tveimur bíllengdum á eftir bifreið þess og bifreið hans stöðvuð skömmu á eftir því, en bifreiðarnar verið samsíða fram að því. Vitnið bar að hafa lokið málinu með dómsátt, sektargreiðslu og þriggja mánaða ökuleyfissviptingu. Verjandi ákærða spurði vitnið hvort það teldi það líklegt að það hefði ekið bifreiðinni með 129 km hraða á klukkustund á framangreindum stað og tíma og svaraði það því játandi. Vitnið kvað lögreglubifreiðinni hefði verið ekið þvert í veg fyrir það er akstur var stöðvaður, og það hefði þurft að nauðhemla til að afstýra árekstri.

Vitnið Þorgrímur Guðmundsson lögreglumaður kom fyrir dóm og gaf skýrslu þann 28. nóvember 1986. Vitnið bar að það myndi ekki eftir framangreindri hraðamælingu þar sem svo langt væri um liðið. Vitnið staðfesti framburðarskýrslu sem það gaf hjá lögreglunni í Reykjavík þann 10. maí 1983, 17. maí og 15. september sama ár. Í framangreindum skýrslum vitnisins kemur fram að bifreiðinni G-16065, hafi verið ekið um Miklubraut í austurátt þann 25. mars 1983 á vinstri akrein og nánast samsíða bifreiðinni R-42506 sem ekið hafi verið á hægri akrein. Bifreiðin G-16065 hafi verið fast við vinstra afturhorn bifreiðarinnar R-42506 er akstur var stöðvaður. Lögreglubifreiðinni hafi hins vegar verið ekið vestur Miklubraut á vinstri akrein, og hraði bifreiðanna verið mældur með radar, sem hafi sýnt töluna 129 km/klst. Vitnið bar ennfremur að engin umferð annarra bifreiða hafi verið er mæling fór fram.

Vitnið Benedikt Lund kom fyrir dóm og gaf skýrslu 28. nóvember 1986. Vitnið kvaðst muna eftir hraðamáli þar sem tveimur bifreiðum hafi verið ekið upp Ártúnsbrekku og hraði þeirra verið mældur með radar sem hafi sýnt hæstu tölu 130 km/klst. en lægri tala hafi verið notuð, að því er vitnið minni talan 127 km/klst. en um það kvaðst vitnið visa til lögregluskýrslu sinnar í málinu. Vitnið kvað annan ökumanninn hafa borið að bifreið hans kæmist ekki svona hratt, en hinn ökumaðurinn hafi viðurkennt brot sitt, en þeir hafi ekið samtímis af stað frá ljósunum á Miklubraut og Réttarholtsvegi. Í framburðarskýrslu vitnisins hjá lögreglu bar það að bifreið ákærða G-16065 hafi verið ekið með 129 km/klst., áður en akstur var stöðvaður, og bifreiðinni R-42506 hafi verið ekið með sama hraða. Í sömu skýrslu kemur fram, að umferð annarra bifreiða hafi engin verið er hraðamæling framangreindra bifreiða hafi verið framkvæmd.

Á árinu 1984 var ákveðið að fara fram á það við embætti lögreglustjórans í Reykjavík að gerð yrði úttekt á ratsjártækjum þeim sem notuð eru við hraðamælingar lögreglunnar. Var ákveðið að ákveðin hraðamál sem þá sættu meðferð fyrir dómi biðu þessarar úttektar, og var mál ákærða þar á meðal. Í bréfi dómsins til lögreglustjóra dags. 27. apríl 1984 var óskað eftir upplýsingum um ákveðna þætti varðandi virkni ratsjártækjanna. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík hafði þá farið fram á það með bréfum dags. 8. júlí 1983 og 16. desember sama ár að yfirverkfræðingur Pósts og síma léti í té umsögn um tækin. Beiðni þessi var og ítrekuð munnlega í nokkur skipti og loks skriflega með bréfi lögreglustjóra dags. 7. nóvember 1985. Þann 26. september 1986 barst sakadómi Reykjavíkur bréf lögreglustjórans í Reykjavík dags. 25. september sama ár, ásamt skýrslu Haralds Sigurðssonar yfirverkfræðings hjá Pósti og síma, dags. 22. september sama ár, um ratsjármælitæki lögreglunnar af gerðinni Kustom KR 10, þar sem fram kemur m.a. að ef rétt er staðið að kvörðun (calibration) með innbyggðum sveifluvaka og tónkvísl, þarf að gera ráð fyrir ± 1 km/klst. frávik frá mældum hraða þegar mælt er úr kyrrstöðu, en að öðru leyti sé nákvæmni ratsjárinnar tryggð við slíkar aðstæður, ef hún svarar kvörðun rétt. Sé mæling gerð við þær aðstæður að báðar bifreiðar séu á ferð, þá sé frávik ± 2 km/klst.

Vitnið Haraldur Sigurðsson, yfirverkfræðingur Pósts og síma, kom fyrir dóm og gaf skýrslu þann 28. nóvember 1986 og staðfesti sína skýrslu. Vitnið var spurt hvort hægt væri að greina hvora bifreiðina radarinn væri að mæla, væri tveimur bifreiðum ekið samhliða. Vitnið bar að ekki væri hægt að fullyrða undir slíkum kringumstæðum við hvora bifreiðina hraðamæling ætti, nema verulegur stærðarmunur væri á endurkastsfleti bifreiðanna. Vitnið bar að þegar radarinn væri með tvær bifreiðar í geislanum, þá væri hægt að greina það við hvora bifreiðina mæling ætti, ef dregið

væri úr hraða annarrar bifreiðarinnar eða hraðinn aukinn, enda væri þá jafnframt stuðst við hljóðmerki, sem radarinn gæfi frá sér.

Niðurstöður.

Ákærði hefur frá upphafi mótmælt hraðamælingu. Ákærði kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli, en talið sig aka með 80 - 100 km/klst. Framburður lögreglumannanna er unnu að mælingu og vitnisins Bergs Axelssonar er samhljóða hvað varðar það atriði að bifreiðunum hafi verið ekið samsíða, uns þær hafi verið stöðvaðar af lögreglu, þá hafi bifreið ákærða verið rétt aftan við bifreið Bergs. Úttekt á tækinu liggur fyrir í málinu, og má gera ráð fyrir að skekkja við mælingu hafi getað verið ± 2 km/klst. Vitnið Bergur var spurður af verjanda ákærða hvort hann teldi það líklegt að hann hafi ekið bifreiðinni með 129 km/klst. og svaraði hann því játandi.

Það liggur fyrir að hægt er að greina við hvora bifreiðina hraðamæling á séu tvær bifreiðar í geislanum sé dregið úr hraða annarrar eða hraði hinnar aukinn.

Við upphaf máls þessa rengdi ákærði ekki niðurstöðu hraðamælingarinnar. Hann hefur hins vegar talið sig hafa ekið með 80 - 100 km/klst. sem er töluvert yfir leyfðum hámarkshraða, en ákærði kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli.

Í skýrslum lögreglumanna bera þeir að hafa veitt bifreiðinni G-16065 og bifreiðinni R-42506 athygli þar sem þeim hafi verið ekið á mikilli ferð austur Miklubraut. Þegar litið er til framburðar þeirra þriggja vitna, niðurstöðu úr radarmælingu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir þrátt fyrir framburð ákærða vera sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 50. gr. l. nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og l. nr. 16, 1977, og samþykkt nr. 316, 1977, um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða dags. 17.03. 1987 hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1981 28/7 í Reykjavík. Sátt: 1.000,00 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 1 mánuð frá 17.07. 1981.

Refsing.

Dómsáttin frá 28. júlí 1981 hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga á brot ákærða sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54, 1976, og þykir hún hæfilega ákveðin 16.000,- króna sekt, sem renni til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst varðhald í 10 daga.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi. Ákærði var svo sem hér að framan hefur verið rakið sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík dags. 19. apríl 1983, sem birt var ákærða þann 1. júní 1983, en sú ákvörðun var sem fyrr er frá greint felld úr gildi með dómi Hæstaréttar Íslands 27. júní sama ár. Framangreind ökuleyfissvipting er staðfest, en þar sem afgreiðsla máls þessa hefur dregist af ástæðum sem að framan hafa verið raktar, þykir eigi ástæða til að ákveða ákærða frekari ökuleyfissviptingu.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þar með talin greiðsla á málsvarnarlaunum til skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, krónur 15.000,-.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Þór Guðmundsson, greiði krónur 16.000,- í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Staðfest er ökuleyfissvipting ákærða frá 1. júní 1983 til 27. júní sama ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., krónur 15.000,-.

Fimmtudaginn 2. júní 1988.

Nr. 32/1987. **Garðar Alfonsson**
(Eiríkur Tómasson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra og
fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Skaðabótamál. XVIII. kafli laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari, Sigurður Líndal prófessor og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1987. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 500.000,00 krónur með 35% ársvöxtum frá 27. október 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 10. desember 1985, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988,

51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988 og 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 13. maí 1988, en síðan með ársvöxtum samkvæmt 1. mgr. 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi telur sig eiga gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt ákvæðum 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að bótakrafa áfrýjanda verði verulega lækkuð en málskostnaður felldur niður.

Mál þetta höfðaði áfrýjandi á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 12. desember 1985. Kveðst hann upphaflega hafa höfðað mál af sama tilefni í nóvember 1984, en hafið það í maí 1985 vegna vöntunar á gögnum. Í málinu hafa stefndu ekki hreyft þeirri mótbáru, að krafa áfrýjanda um skaðabætur kunni að vera fyrnd.

Málið er höfðað vegna vistunar áfrýjanda á sjúkrahúsi á árinu 1980 og aðgerða, sem henni voru tengdar. Varðandi kröfu sína um skaðabætur vísar hann til XVIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, einkum 151. gr. Þegar umrædd atvik gerðust voru mál til sviptingar lögræðis látin sæta rannsókn og meðferð eftir þeim lögum, sbr. 4. tl. 2. gr. laganna. Samkvæmt þessu reisir áfrýjandi málssókn sína á ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 74/1974 og hefur valið þá málssóknarleið, sem mælt er í 3. tl. 154. gr. laganna. Í þeim tölulið er svo á kveðið að ríkissaksóknara sé „stefnt fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess ...“, en sú tilhögun er hliðstæð því sem verða mundi við kröfumeðferð samkvæmt 1. eða 2. tl. greinarinnar.

Í málinu hefur áfrýjandi stefnt dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til ábyrgðar á ætluðum skaða sínum. Hinsvegar hefur hann ekki stefnt ríkissaksóknara, svo sem skýlaust er boðið í fyrrnefndu ákvæði laga nr. 74/1974. Þykir það ekki breyta gildi þessa lagaboðs gagnvart áfrýjanda, þótt mál til sviptingar lögræðis sæti nú annarri meðferð eftir gildistölu lögræðislaga nr. 68/1984. Verður þannig að telja eins og málið er vaxið, að nauðsyn hafi borið til að stefna ríkissaksóknara til fyrirsvars. Vegna þessa annmarka á málatilbúnaði áfrýjanda verður ekki hjá því komist

að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Samkvæmt fyrrnefndum 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að veita gjafsókn í málum, sem höfðuð eru eftir þeim tölulið. Þykir áfrýjandi eftir atvikum eiga að njóta þessara fyrirmæla. Ber því að greiða áfrýjanda úr ríkissjóði kostnað hans af málflutningi í héraði, þar sem hann flutti mál sitt sjálfur. Áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eru ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur, svo og kostnaður áfrýjanda af málflutningi fyrir héraðsdómi, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október sl., er höfðað af Garðari Alfonssyni, nnr. 2508-6740, Austurgerði 4, Kópavogi, með stefnu birtri 10. desember 1985 á hendur dómsmálaráðherra Jóni Helgasyni f.h. dómsmálaráðuneytisins, nnr. 1610-3683, Arnarhváli, Reykjavík, og fjármálaráðherra Þorsteini Pálssyni f.h. ríkissjóðs til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 500.000,00 með 35% ársvöxtum frá 27. október 1980 til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., en með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á.,

en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 10. desember 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins, en til vara, að stefnukröfurnar verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að hann hafi um langt árabil starfað hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur, bæði að trúnaðarstörfum fyrir félagið og svo sem fastur starfsmaður við þjálfun á badminton. Þá hafi hann haft aukavinnu við að strengja badmintonspaða. Þá hafi hann jafnframt verið landsliðsþjálfari í badminton.

Um kvöldið þann 26. október 1980 hafi Kjartan Magnússon skurðlæknir á Landakoti kallað á lögregluna í Kópavogi til að taka stefnanda í sínar vörslur. Lögreglan hafi neitað að aðhafast neitt frekar. Engar skýrslur séu til um þá heimsókn. Hafi Kjartan þá viljað fá stefnanda með sér upp á Borgarspítala, en stefnandi hafi neitað því, þar sem hann hafi verið farinn að fá grun um að reyna ætti að koma honum inn á geðsjúkrahús. Hafi þá stefnandi og Kjartan farið inn í hús Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur við Álfheima, og hafi stefnandi byrjað að vinna við að strengja badmintonspaða. Laust eftir miðnætti aðfararnótt 27. október 1980 hafi lögreglan í Reykjavík komið að beiðni Kjartans, og hafi eiginkona stefnanda, Elín Skarphéðinsdóttir, einnig verið komin á staðinn. Muni Kjartan hafa sagt lögreglumönnum þeim er á staðinn komu að stefnandi væri hættulegur sjálfum sér og öðrum og yrði að vistast á geðsjúkrahúsi til læknismeðferðar. Hafi stefnandi þá innt lögregluna eftir því hvort hann gæti neitað að fara með þeim, en þeir hafi sagt honum að svo væri ekki. Muni hafa verið reynt að koma honum inn á geðdeild Borgarspítalans, en vakthafandi læknir hafi neitað að taka við stefnanda eftir að hafa talað við hann í lögreglubílnum. Hafi stefnandi síðan verið færður niður á lögreglustöð og vistaður þar gegn vilja sínum þar til hann hafi verið færður í geðsjúkrahúsið að Kleppi daginn eftir. Þann 27. október 1980 hafi svo verið tekin fyrir sjálfræðissviptingarbeiðni að ósk eiginkonu stefnanda hjá sakadómi Kópavogs, sem byggst hafi á læknisvottorði Kjartans Magnússonar. Sakadómari hafi einnig tekið skýrslu af Elínu, eiginkonu stefnanda, en stefnandi hafi hvorki verið yfirheyrður né honum boðinn lögmaður til að gæta réttar síns. Á grundvelli endurrits úr sakadómsbók Kópavogs, læknisvottorðs Kjartans Magnússonar og lögregluskýrslu, hafi dómsmálaráðuneytið gefið út samþykki sitt fyrir vistun stefnanda á geðsjúkrahúsi

gegn vilja hans á grundvelli 1. sbr. 2. mgr. 31. gr. l. nr. 95/1947, og hafi stefnandi síðan verið færður á geðsjúkrahúsið að Kleppi þar sem honum hafi verið haldið nauðugum í ½ mánuð. Stefnandi hafi aldrei samþykkt vistun sína og hafi ekki talið sig hafa haft þörf fyrir hana. Þá vilji stefnandi benda á að Kjartan Magnússon sé skurðlæknir og hafi hann enga sérþekkingu á geðrænum vandamálum, auk þess að vera ekki læknir stefnanda eða hafa haft hann í meðferð. Ekkert komi fram í lögregluskýrslu um nauðsyn vistunar og heldur ekki að stefnandi hafi valdið þeim neinum erfiðleikum, heldur komi þar einungis fram að afskipti lögreglunnar af stefnanda komi eingöngu til vegna beiðni Kjartans Magnússonar. Þá komi einungis fram í endurriti sakadóms einhliða lýsing konu hans á ástandi hans. Ekki hafi verið aðhafst neitt meira í sjálfræðissviptingarmálinu, og eftir vistun sína hafi stefnandi þegar hafið sín fyrri störf að nýju. Stefnandi kveðst hafa verið í nokkru uppnámi um þetta leyti, sem hafi stafað af fyrirhugðum skilnaði sínum við konu sína, en ekki vegna andlegrar vanheilsu. Stefnandi hafi reynt að sætta sig við þessa ráðstöfun eftir að hann varð laus, vegna konu sinnar og sonar. Hins vegar hafi honum ekki tekist það þar sem honum finnist geðveikistimpillinn loða við sig. Stefnandi geti engan veginn sætt sig við að þessi ráðstöfun hafi verið lögmæt af hálfu stefnda dómsmálaráðuneytisins skv. þeim gögnum sem það hafi haft undir höndum. Stefnandi hafi hvorki fyrir eða eftir þennan atburð verið vistaður á geðsjúkrahúsi.

Kröfu sína um bætur að fjárhæð kr. 500.000,00 byggi stefnandi á því að þessi vistun hans á geðsjúkrahúsi hafi verið ólögmæt og óþörf. Hafi vistun hans bakað honum hugarangur auk frelsisskerðingar í rúman ½ mánuð, fyrst með vistun í fangageymslu lögreglunnar en síðan með nauðungarvistun á Kleppi. Eftir að hann kom til vinnu sinnar á ný hafi honum verið tekið með varúð af samstarfsfólki svo og þeim er hann þjálfaði. Þá hafi stefnanda borist til eyrna að hann væri talinn geðveikur, og telji hann að þessi vistun hafi fylgt sér æ síðan. Þá telji hann að vistun hans á Kleppi og jafnframt vitneskja samstarfsmanna hans um hana hafi dregið úr frama hans hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur, m.a. þar sem honum sé tekið með fyrirvara af þeim síðan þetta varð.

Lagarök stefnanda eru þau að stefnda dómsmálaráðuneyti hafi brostið lagaskilyrði til að ákvarða frelsissviptingu og vistun á geðsjúkrahúsi. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 31. gr. l. nr. 95/1947 beri að beita með ítrustu varúð, og beri þau gögn sem ákvörðun dómsmálaráðuneytisins byggðust á ekki með sér nauðsyn þeirrar bráðabirgðavistunar, svo sem gert hafi verið í greindu tilviki. Þá bendi stefnandi ennfremur á 3. mgr. 31. gr. l. nr. 95/1947. Varðandi bótakröfu bendi stefnandi á XVIII. kafla l. nr. 74/1974, sérstaklega 1. sbr. 2. tl. 151. gr. þeirra laga.

Telji stefnandi að stefndi hafi orðið að kalla til lækni sem annaðhvort hafi haft til að bera sérþekkingu á geðrænum vandamálum eða þá lækni sem þekkti vel til stefnanda, svo sem heimilislæknir hans myndi gera. Telji stefnandi það brjóta í bága við þá varúð sem stefnda sé nauðsyn að sýna við framkvæmd á bráðabirgðavistun og 31. gr. l. nr. 95/1947 ætlist til með því að nefna embættislækni.

Stefndu kveða málsatvik hafa verið á þá leið að lögreglan hafi verið kvödd að húsi Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur að beiðni Kjartans Magnússonar læknis sem sé heimilisvinur stefnanda og eiginkonu hans. Kjartan hafi tjáð lögreglumönnum að stefnandi hefði um skeið átt við vanheilsu að stríða og að hann væri eins og á stæði hættulegur sjálfum sér og sínum nánustu og enga bið þyldi að koma honum í læknismeðferð. Jafnframt hafi lögreglumönnum verið afhent skjal þar sem fram hafi komið að fyrirhugað væri þegar næsta dag að fá því til leiðar komið að hann yrði sviptur sjálfræði og koma honum hið skjótasta til læknismeðferðar á Kleppi.

Eiginkona stefnanda hafi verið á staðnum og hafi hún tekið undir framburð Kjartans, og hafi hún samþykkt fyrir sitt leyti ráðstafanir hans. Hafi hún hvorki talið sér sjálfri né öðru heimilisfólki óhætt, en heimilisástandið síðustu daga hefði margsannað það.

Lögreglan hafi reynt að koma stefnanda inn á geðdeild Borgarspítalans en án árangurs. Hafi því verið farið með stefnanda á lögreglustöðina og er þangað kom hafi stefnandi fallist á að dvelja þar. Kl. 11:00 næsta morgun hafi beiðni eiginkonu stefnanda um að stefnandi yrði sviptur sjálfræði verið tekin fyrir í sakadómi Kópavogs. Hafi eiginkona stefnanda getið þess m.a. að eiginmaður hennar þurfi stöðugt skjaldkirtilslyf í kjölfar aðgerða sem hann hafi undirgengist fyrir nokkrum árum og hafi hana grunað að ástand stefnanda kynni að stafa af því að hann hefði ekki tekið reglulega inn lyfið að undanförnu, og að hún vissi ekki til þess, að stefnandi hefði borðað eða sofið undanfarna tvo til þrjá daga. Ennfremur komi þar fram, að Kjartan Magnússon læknir hafi vikuna á undan fylgst með ástandi stefnanda.

Eiginkona stefnanda hafi síðan snúið sér til dómsmálaráðuneytisins með beiðni um að ráðuneytið samþykkti, skv. 1. sbr. 2. mgr. 31. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, að stefnandi yrði vistaður á viðeigandi sjúkrahúsi. Með bréfi sama dag hafi ráðuneytið samþykkt vistunina, og hafi stefnandi verið færður af lögreglunni á Kleppsspítala.

Hafi stefnandi verið þar í 14 daga til meðferðar og síðan útskrifaður. Aldrei hafi komið til þess að stefnandi yrði sjálfræðissviptur með dómi, enda hafi ekki komið fram af hans hálfu, eftir að hann var kominn undir læknishendur, ósk um að sjálfræðissviptingarmálið yrði tekið til frekari

meðferðar. Í ljósi þess fáist ekki séð að stefnandi hafi eftir að hann komst í meðferð verið gegn vilja sínum á spítalanum þann tíma sem hann dvaldi þar, þó upphaflega hafi þurft að neyta réttarúrræða til að koma honum undir læknishendur til meðferðar.

Ráðuneytið hafi tekið ákvörðun sína að réttum lögum og á grundvelli fullnægjandi gagna, þ.e. læknisvottorði frá þar til bærum aðila, sem hafi borið með sér að stefnandi væri akut geðveikur og að hann væri hættulegur sér og umhverfi sínu og ekki fær um að gera sér grein fyrir ástandi sínu og á grundvelli upplýsinga á dskj. nr. 4 um að beiðni um sjálfræðissviptingu hans hefði verið tekin til meðferðar og þeirra upplýsinga, er þar komi fram. Ósannað sé af hálfu stefnanda að ekki hafi verið þörf þessara aðgerða eða þeirrar læknismeðferðar, er hann hlaut.

Ekkert hafi verið ólögmætt við þessa ákvörðun og bresti því alfarið bótaskilyrði í máli þessu.

III.

Vistun stefnanda á geðsjúkrahúsi var heimiluð með vísan til 1. sbr. 2. mgr. 31. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, sem þá voru í gildi, en ákvæði þessi eru svohljóðandi: „Fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að maður eldri en 16 ára, verði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fávitaskapar, geðveiki, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, enda hafi viðkomandi áður verið sviptur sjálfræði.

Framangreind ákvæði eru ekki því til fyrirstöðu að unnt sé að hefta frelsi manna til bráðabirgða þegar nauðsyn krefur að þeir séu vistaðir í sjúkrahúsi eða á öðrum svipuðum stað, sem til þess er hæfur að dómi embættislæknis, til rannsóknar eða einangrunar vegna sjúkdóms, sem hættulegur getur talist sjálfum þeim eða öðrum. Koma hér til greina farsóttir og aðrar næmar sóttir, geðveiki, nautn eiturlyfja og ölvun sem valdið hefur því, að hlutaðeigandi hefur verið tekinn í umsjá löggæslumanna. Aldrei má þó án samþykkis hlutaðeigandi eða krafa sé gerð til dómara um sviptingu sjálfræðis hans, hefta frelsi manna tveimur sólarhringum lengur fyrir þessar sakir, nema í hlut eigi sjúklingur með bráða og hættulega farsótt, en honum er skylt að hlíta einangrun, á meðan hann er haldinn veikinni og sótthætta stafar af honum að dómi embættislæknis."

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að framangreind skilyrði 2. mgr. 31. gr. hafi brostið er hann var vistaður á geðsjúkrahúsi í umrætt sinn.

Þegar ákvörðun dómsmálaráðuneytisins skv. dskj. nr. 7 var tekin, lá fyrir að krafa hafði verið gerð fyrir sakadómi Kópavogs um sjálfræðissviptingu stefnanda sbr. dskj. nr. 4. Ennfremur er óumdeilt að til grundvallar þeirri ákvörðun lá vottorð Kjartans Magnússonar læknis, dags. 27. október 1984,

sbr. dskj. nr. 5, en þar segir að stefnandi hafi orðið akut geðveikur og sé sjálfum sér og öðrum hættulegur.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 31. gr. l. nr. 95/1947 er ekki gerð krafa til þess að kalla þurfi til sérfræðing í geðsjúkdómum eða heimilislækni viðkomandi áður en veitt er leyfi til bráðabirgða frelsissviptingar eins og stefnandi heldur fram. Þá vísar ákvæði laganna um embættislækni einungis til vistunarstaðar þegar viðkomandi er vistaður utan sjúkrahúss.

Læknisvottorð Kjartans Magnússonar ber með sér að „akut" hættuástand hafi skapast hjá stefnanda. Læknirinn hefur ennfremur komið fyrir dóm og staðfest vottorð sitt. Læknisvottorði þessu hefur ekki verið hnekkt eða á neinn hátt gert líklegt að það hafi verið byggt á röngum forsendum. Þá styður síðari læknisrannsókn, eftir að stefnandi var kominn inn á geðsjúkrahús, það að stefnandi hafi verið haldinn bráðageðveiki í umrætt sinn og að nauðsyn hafi borið til að vista hann á geðsjúkrahúsi sbr. dskj. nr. 18 og dskj. nr. 20, en á dskj. nr. 20 kemur ennfremur fram að ekki hafi verið unnt að meta á skemmri tíma en stefnandi dvaldi á sjúkrahúsinu hvort hættuástand væri liðið hjá, en rannsókn hafi ekki verið lokið er hann útskrifaðist.

Verður því skv. framansögðu að telja að fullnægjandi gögn skv. ákvæðum 31. gr. l. nr. 95/1947 hafi verið til staðar er heimild var veitt af hálfu dómsmálaráðuneytisins til að vista stefnanda á geðsjúkrahúsi, og ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f.h. fjármálaráðuneytisins skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda Garðars Alfonssonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 30/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Valdimar Oddgeiri Hermannssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 8. janúar sl. og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Sannað er, að ákærði er sekur um að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, svo sem í ákæru greinir. Brot hans varðar við 45. gr. 1. mgr. sbr. 3. mgr. og 48. gr. 1. mgr., sem dæma ber eftir, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Þar kemur fram, að auk refsinga þeirra, er raktar eru í héraðsdómi, hefur ákærði með sátt í sakadómi Reykjavíkur 25. maí 1987 samþykkt að greiða 16.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs vegna brots gegn 27. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 40/1968 hinn 28. október 1986. Áður hafði ákærði verið sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 28. mars 1983 fyrir brot gegn 25. gr. 2. mgr. sbr. 3. mgr. sömu laga og ævilangt frá 21. janúar 1986 fyrir brot gegn 25. gr. 2. mgr. sbr. 4. mgr. þeirra.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 100. gr. 1. mgr. laga nr. 50/1987 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 45 daga varðhald.

Ákærði hefur áður verið sviptur ökuleyfi ævilangt og ber að árétta þá sviptingu, sbr. 101. gr. 2. mgr. laga nr. 50/1987.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákæruði, Valdimar Oddgeir Hermannsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákæruði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákæruði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 8. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 702/1987: Ákæruvaldið gegn Valdimar Oddgeiri Hermannssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. október 1987, á hendur Valdimar Oddgeiri Hermannssyni verslunarstjóra, Sigtúni 59, Reykjavík, fæddum 11. júní 1960 í Keflavík, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1987 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-44895 frá Skíðaskálanum í Hveradölum til Hveragerðis, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða, er hann hugðist aka til Reykjavíkur.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir:

Sunnudaginn 2. ágúst sl., kl. 02:35, höfðu lögreglumenn í Árnessýslu afskipti af akstri bifreiðarinnar R-44895 við gatnamót Suðurlandsvegar og Grænumarkar í Hveragerði og höfðu tal af ökumanni, ákærða í máli þessu. Fundu þeir þá að talsverðan áfengisþef lagði frá vitum hans. Var hann því færður á lögreglustöðina á Selfossi til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Kl. 03:07 kom læknir á lögreglustöðina og tók blóðsýni úr ákærða. Reyndist það innihalda 1,62‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt að hafa aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst sl. ekið bifreiðinni R-44895 undir áhrifum

áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Skíðaskálanum í Hveradölum til Hveragerðis, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum er hann hugðist aka til Reykjavíkur.

Niðurstaða:

Með afdráttarlausri játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 30/3 í Árnessýslu. Sátt: 13.500,00 kr. sekt f. brot g. 11. og 27. gr. umfl.
1980 20/2 í Reykjavík. Sátt: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
1980 30/7 í Reykjavík. Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 14. gr. umfl.
1982 11/10 í Reykjavík. Sátt: 1.200,00 kr. sekt f. brot g. 219. gr. hgl., 37. og 49. gr. umfl.
1983 14/4 í Reykjavík. Sátt: 3.600,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 28.3. 1983.
1986 13/2 í Reykjavík. Dómur: 18.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 47. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 21.1. 1986.

Dómsáttin frá 14. apríl 1983 og dómurinn frá 13. febrúar 1986 hafa ítrekunaráhrif á það brot ákærða, sem hér er til meðferðar.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Valdimar Oddgeir Hermannsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði skal vera sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 32/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sæmundi Þór Sæmundssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. september 1987 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar hvað ákærða einan varðar, en meðákærði í héraði vildi una héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er tekur til sakarmats, færslu til refsiákvæða og ákvörðunar refsingar.

Skaðabótakrafan í máli þessu, 45.000,00 krónur, er vegna viðgerða á dyrabúnaði á húsi því sem ákærði braust inn í, 35.000,00 krónur, og 10.000,00 krónur vegna ýmissa óþæginda og vinnutaps kröfuhafa. Krafan er vanreifuð. Við löreglurannsókn var kröfuhafa gefinn kostur á að bæta úr því, en hann kvaðst ekki telja neinn möguleika á, að sökunautar greiddu bætur og því ekki ástæða til að sundurliða eða rökstyðja kröfuna frekar. Að svo komnu voru ekki efni til að hafa hana uppi í málinu, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því að skaðabótakröfu er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Sæmundur Þór Sæmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,

Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. september 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 2. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, er háð var í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 468 - 469/1987: Ákæruvaldið gegn X og Sæmundi Þór Sæmundssyni, er dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara útgefnu 27. maí 1987 á hendur ,,X og Sæmundi Þór Sæmundssyni, Kleppsvegi 28, fæddum í Reykjavík 30. september 1963, báðum til heimilis í Reykjavík, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 6. ágúst 1986 brotist inn í verslunina Báru, Hafnargötu 6, Grindavík, og stolið þar um 4.000 krónum, 6 leðurjökkum, 59 vindlingalengjum og sælgæti, brotist jafnframt inn í myndbandaleiguna Myndsel í sama húsi og stolið þar myndbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði er sakferill ákærða X sem hér segir:

— — —

Sakferill ákærða, Sæmundar Þórs, er sem hér segir:

1979: Uppvís að þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.
1979: Sakfelldur fyrir þjófnað. Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.
1980: 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir nytjastuld.
1980: 6 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir hlutdeild í nauðgun.
1983: 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir þjófnað.
1983: 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir hylmingu.
1984: 9 mánaða fangelsi, þar af 6 mánuðir skilorðabundnir í 2 ár fyrir þjófnað.
1984: Sakfelldur fyrir þjófnað, ekki gerð refsing.
1984: 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár og 15.000,- króna sekt fyrir skjalafals.
1986: 10.000,- kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Auk þess hefur ákærði sæst á sektargreiðslur vegna áfengis-, umferðar- og fíknilagabrota.

Málavextir:

Aðfaranótt 6. ágúst 1986 brutust ákærðu í félagi inn í verslunina Báru í Grindavík. Notuðu þeir vörubílsgafl til að brjóta upp hurð á suðurgafli hússins. Þarna í versluninni stálu þeir peningum, leðurjökkum, vindlingum og sælgæti svo sem upp er talið í ákærunni, nema hvað fjöldi vindlingalengnanna er samkvæmt gögnum málsins 51 og 8 lausir pakkar að auki. Þá fóru þeir inn í myndbandaleiguna Myndsel, sem er í sama húsi og verslunin Bára, með því að klifra yfir skilvegg. Þar stálu þeir myndbandstæki. Þýfið fluttu þeir heim til sín og földu. Fannst það þar daginn eftir og komst allt til skila.

Ákærðu hafa bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt innbrotsþjófnað þennan.

Eigandi verslunarinnar Báru, Björn Haraldsson, hefur krafist 45.000,00 króna í skaðabætur vegna skemmda á hurð og óþæginda vegna innbrotsins. Ákærðu hafa samþykkt að greiða þessa kröfu.

Niðurstöður:

Með játningum ákærðu, sem studdar eru öðrum gögnum málsins, er sannað að þeir hafi gerst sekir um verknað þann, sem þeim er gefinn að sök í ákæruskjali og réttilega er þar færður til refsiákvæðis. Vindlingalengjurnar verða þó taldar 51 og 8 pakkar en ekki 59 eins og segir í ákærunni.

Refsingu ákærða X ber að ákveða með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga og er hún hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Sæmundur Þór var 1/10 1984 dæmdur í 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár. Með verknaði þessum hefur hann rofið skilorðið. Ber nú að taka dóm þennan upp og dæma með þessu máli. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Ákærðu hafa samþykkt framkomna skaðabótakröfu og verða þeir því dæmdir óskipt til að greiða Birni Haraldssyni 45.000,- krónur.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði, Sæmundur Þór Sæmundsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærðu greiði óskipt Birni Haraldssyni 45.000,- krónur.

Ákærðu greiði sakarkostnað óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 140/1988. **Halldór Ragnarsson**
gegn
Margréti Bárðardóttur og
yfirborgarfógetanum í Reykjavík.

Kærumál. Greiðslustöðvun. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili kærði 13. maí sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur sama dag, en úrskurðurinn, sem er án forsendna, er þannig: „Margréti Bárðardóttur, kt. 07.02.48-4259, Kögurseli 14, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði frá deginum í dag að telja."

Samkvæmt gögnum málsins óskaði varnaraðili með bréfi 11. maí sl. greiðslustöðvunar í þrjá mánuði til að koma nýrri skipan á fjármál sín, en hún telur sig eiga í verulegum fjárhagsörðugleikum. Skuldir sínar telur hún nema 3.995.000,00 krónum og séu þær allar gjaldfallnar. Miðað við matsverð eigna samkvæmt framlögðu yfirliti um eignir og skuldir telur hún talsvert eigið fé vera í búi sínu. Til að koma nýrri skipan á fjármálin bendir hún á að eiginmaður hennar eigi fiskiskipið Friðgeir Björgvinsson RE-400, og sé það atvinnutæki fjölskyldunnar. Eigi hann rétt til langtímaláns auk réttar til frekari slíkra lána. Þá sé möguleiki á að ná samningum við kröfuhafa um skuldbreytingu til einhverra ára. Einnig sé sú leið að selja eignir. Fyrir liggur í málinu að selja átti íbúðarhús varnaraðila og eiginmanns hennar á nauðungaruppboði 13. maí, en sú sala fór ekki fram vegna hins kærða úrskurðar.

Vegna sóknaraðila hefur Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður gert svofelldar dómkröfur:

„1) Greiðslustöðvunin verði strax úr gildi felld og Borgarfógetaembættinu gert skylt, að framkvæma uppboð að Kögurseli 14.

2) Að Yfirborgarfógeti Jón Skaftason verði réttilega víttur fyrir embættisafglöp.

3) Að mér verði dæmdar áðurnefndar þóknunarbætur, auk kærumálskostnaðar."

Varnaraðilar hafa sent dóminum athugasemdir sínar. Varnaraðili, Margrét Bárðardóttir, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili vísar til kæruheimildar í hæstaréttarlögum og lagaákvæðum um greiðslustöðvun ótiltekið. Samkvæmt 1. tl. 10. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 6/1978 er kæra heimil til að hnekkja úrskurðinum um greiðslustöðvun, en kæran á hendur yfirborgarfógeta þykir heimil eftir 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili telur efni kæru sinnar fyrst og fremst vera til ógildingar á veittri heimild til greiðslustöðvunar. Byggir hann á því annars vegar, að úrskurðurinn um greiðslustöðvunina hafi verið allt of síðgerður til að koma í veg fyrir nauðungarsölu á íbúðarhúsi varnaraðila, og hins vegar á því, að nægar eignir hafi verið í búi varnaraðila þannig að greiðslustöðvun sé ekki réttmæt. Að öðru leyti þykja röksemdir sóknaraðila ekki skipta máli í þessu sambandi.

Í málinu er ekki ágreiningur um það að heimildin til greiðslustöðvunar var veitt áður en nauðungaruppboðið skyldi fara fram. Verður henni eigi hnekkt af þeim sökum að úrskurðurinn um hana hafi verið of síðgerður. Þá verður heldur ekki á það fallist að hinn kærði úrskurður skuli ómerkur af því að nægar eignir séu í búi varnaraðila. Samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga má nauðungaruppboð ekki fara fram meðan á greiðslustöðvun stendur.

Að því er varðar kæruna á hendur yfirborgarfógeta hefur ekki verið sýnt fram á, að hann hafi gert á hluta sóknaraðila í dómarastarfi og er henni hafnað.

Af hálfu yfirborgarfógeta er ekki krafist kærumálskostnaðar. Sóknaraðili greiði varnaraðila, Margréti Bárðardóttur, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Lögmaður sóknaraðila hefur í sóknarskjölum viðhaft ósæmileg ummæli um yfirborgarfógeta og lögmann varnaraðila, sem ber að víta hann harðlega fyrir.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Ragnarsson, greiði varnaraðila, Margréti Bárðardóttur, kærumálskostnað 5.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 141/1988. **Halldór Ragnarsson**
gegn
Helga Friðgeirssyni og
yfirborgarfógetanum í Reykjavík.

Kærumál. Greiðslustöðvun. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili kærði 13. maí sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur sama dag, en úrskurðurinn, sem er án forsendna, er þannig: „Helga Friðgeirssyni, kt. 11.07.44-2349, Kögurseli 14, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði frá deginum í dag að telja."

Samkvæmt gögnum málsins óskaði varnaraðili með bréfi 11. maí sl. greiðslustöðvunar í þrjá mánuði til að koma nýrri skipan á fjármál sín, en hann taldi sig eiga í verulegum fjárhagsörðugleikum. Skuldir sínar taldi hann nema 24.605.717,00 krónum, þar af væru gjaldfallnar 9.800.000,00 krónur og auk þess veruleg vanskil á öðrum skuldum. Miðað við matsverð eigna taldi hann talsvert eigið fé vera í búi sínu. Til að koma nýrri skipan á fjármálin benti hann á, að hann ætti rétt til langtímaláns að fjárhæð 2,5 millj. króna auk réttar til frekari slíkra lána. Þá væri möguleiki á að ná samning-

um við kröfuhafa um skuldbreytingu til einhverra ára. Þá væri einnig sú leið að selja eignir, en meðal þeirra væri fiskiskip af þeirri stærð og með svo stóran kvóta að það væri mjög seljanlegt. Fyrir liggur í málinu að selja átti íbúðarhús varnaraðila og eiginkonu hans á nauðungaruppboði 13. maí, en sú sala fór ekki fram vegna hins kærða úrskurðar.

Vegna sóknaraðila hefur Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður gert svofelldar dómkröfur:

„1) Greiðslustöðvunin verði strax úr gildi felld og Borgarfógetaembættinu gert skylt, að framkvæma uppboð að Kögurseli 14.

2) Að Yfirborgarfógeti Jón Skaftason verði réttilega víttur fyrir embættisafglöp.

3) Að mér verði dæmdar áðurreifndar þóknunarbætur, auk kærumálskostnaðar."

Varnaraðilar hafa sent dóminum athugasemdir sínar. Varnaraðili, Helgi Friðgeirsson, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili vísar til kæruheimildar í hæstaréttarlögum og lagaákvæðum um greiðslustöðvun ótiltekið. Samkvæmt 1. tl. 10. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 6/1978 er kæra heimil til að hnekkja úrskurðinum um greiðslustöðvun, en kæran á hendur yfirborgarfógeta þykir heimil eftir 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili telur efni kæru sinnar fyrst og fremst vera til ógildingar á veittri heimild til greiðslustöðvunar. Byggir hann á því annars vegar, að úrskurðurinn um greiðslustöðvunina hafi verið allt of síðgerður til að koma í veg fyrir nauðungarsölu á íbúðarhúsi varnaraðila, og hins vegar á því, að nægar eignir hafi verið í búi varnaraðila þannig að greiðslustöðvun sé ekki réttmæt. Að öðru leyti þykja röksemdir sóknaraðila ekki skipta máli í þessu sambandi.

Í málinu er ekki ágreiningur um það að heimildin til greiðslustöðvunar var veitt áður en nauðungaruppboðið skyldi fara fram. Verður henni eigi hnekkt af þeim sökum að úrskurðurinn um hana hafi verið of síðgerður. Þá verður heldur ekki á það fallist að hinn kærði úrskurður skuli ómerkur af því að nægar eignir séu í búi varnaraðila. Samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga má nauðungaruppboð ekki fara fram meðan á greiðslustöðvun stendur.

Að því er varðar kæruna á hendur yfirborgarfógeta hefur ekki

verið sýnt fram á, að hann hafi gert á hluta sóknaraðila í dómarastarfi og er henni hafnað.

Af hálfu yfirborgarfógeta er ekki krafist kærumálskostnaðar. Sóknaraðili greiði varnaraðila, Helga Friðgeirssyni, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Lögmaður sóknaraðila hefur í sóknarskjölum viðhaft ósæmileg ummæli um yfirborgarfógeta og lögmann varnaraðila, sem ber að víta hann harðlega fyrir.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Ragnarsson, greiði varnaraðila, Helga Friðgeirssyni, kærumálskostnað 5.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 340/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sverri Róbert Guðmundssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Tékkasvik. Hylming. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. nóvember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Dómkröfur ákæruvaldsins fyrir Hæstarétti eru þær, að staðfest verði ákvæði hérasðsdóms um sakfellingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærða verði þyngd. Þá er krafist staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta til Bifreiðaeftirlits ríkisins og Axels B. Svavarssonar. Loks er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af hálfu verjanda er þess krafist, að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin. Þá er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Fyrir Hæstarétti hefur ákæruvaldið fallið frá skaðabótakröfu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis vegna vanreifunar þeirrar kröfu svo og skaðabótakröfu Adams A. Hani. Af ákærða hálfu er fallist á aðrar skaðabótakröfur eins og þær liggja nú fyrir Hæstarétti. Það athugast, að ekki kemur fram, að héraðsdómari hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart ákærða um skaðabótakröfurnar, en ákærði hélt ekki uppi vörnum í héraði.

Í ákæruskjali er tékka nr. 2259745 (tékki nr. 25) ekki rétt lýst. Þar segir, að hann sé „að fjárhæð kr. 22.00.-“ en á tékkanum sjálfum er fjárhæðin tilgreind í tölustöfum „kr. 2.200,-“ og í bókstöfum „tvöþúsundkrónur 00/100“. Samkvæmt 9. gr. tékkalaga nr. 94/1933 telst tékkinn vera að fjárhæð 2.000,00 krónur.

Í ákæru er því lýst, að allir tékkarnir 47 að tölu hafi verið notaðir

í viðskiptum í mars og apríl 1987. Eins og tékkarnir bera með sér þá eru þeir allir gefnir út í apríl 1987 nema einn, sem gefinn er út 1. maí 1987. Þrátt fyrir þessa ónákvæmni í ákæru, er unnt að leggja dóm á málið með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsiákvæða og ákvæði dómsins um greiðslu sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 24. f.m., hefur hann, eftir að hinn áfrýjaði dómur gekk, verið dæmdur í 2.000,00 króna sekt fyrir brot á umferðarlögum og hegningarauka, fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það var upplýst við málflutning fyrir Hæstarétti, að auk þess liggi fyrir óafgreiddar ákærur á hendur ákærða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði Bifreiðaeftirliti ríkisins 8.000,00 krónur ásamt 11% ársvöxtum frá 27. apríl 1987 til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 14% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. september s.á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1988, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á. og 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði Axel B. Svavarssyni, Miðvangi 10, Hafnarfirði, 5.360,00 krónur ásamt

sömu vöxtum og að ofan greinir frá 22. apríl 1987 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkstonað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. október 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 27. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 601/1987: Ákæruvaldið gegn Róbert Guðmundssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 9. september sl. á hendur ákærða, ,,Róbert Guðmundssyni, Bergþórugötu 41, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 26. nóvember 1968, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

1.

Fyrir tékkasvik með því að nota í viðskiptum í Reykjavík, nema annar staður sé tekinn fram, í mars og apríl 1987, svo sem rakið verður, eftirgreinda tékka sem hann gaf út til handhafa á reikning sinn nr. 9763 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis án þess að eiga innstæðu fyrir þeim á reikningnum:

1) Tékki nr. 2255776, að fjárhæð kr. 950,00, dagsettur 09.04. 1987. Seldur á lögreglustöðinni í Reykjavík.

2) Tékki nr. 2259719, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 15.04. 1987. Notaður til fatakaupa í Vinnufatabúðinni, Laugavegi 76.

3) Tékki nr. 2259720, að fjárhæð kr. 1.200,00, dagsettur 15.04. 1987, framseldur af Sigríði Jóhannsdóttur, Bergþórugötu 41. Ákærði afhenti Sigríði tékkann til notkunar í viðskiptum.

4) Tékki nr. 2259721, að fjárhæð kr. 400,00, dagsettur 15.04. 1987. Notaður til kaupa á bensíni á einni af bensínstöðvum Olíufélagsins hf.

5) Tékki nr. 2259722, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 15.04. 1987, framseldur af Einari Finnssyni. Notaður til greiðslu fyrir flutning á bifreið.

6) Tékki nr. 2259724, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 15.04. 1987, með framsalsárituninni Skjöldur Eyfj., 8166-7950. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

7) Tékki nr. 2259725, að fjárhæð kr. 1.250,00, dagsettur 16.04. 1987. Notaður til greiðslu á veitingum í Næturgrillinu, Laugavegi 17.

8) Tékki nr. 2259726, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 16.04. 1987. Notaður til kaupa á bensíni á einni af bensínstöðvum Olíufélagsins hf.

9) Tékki nr. 2259727, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 16.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Bifreiðastöð Íslands við Hringbraut.

10) Tékki nr. 2259728, að fjárhæð kr. 200,00, dagsettur 16.04. 1987. Seldur í söluturninum Lukku-Láka.

11) Tékki nr. 2259729, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 16.04. 1987. Notaður til kaupa á bensíni á Bifreiðastöð Reykjavíkur.

12) Tékki nr. 2259730, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 17.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum á Næturgrillinu.

13) Tékki nr. 2259731, að fjárhæð kr. 1.200,00, dagsettur 18.04. 1987. Seldur í versluninni Stefánsblóm, Njálsgötu 65.

14) Tékki nr. 2259733, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, óvíst hvar.

15) Tékki nr. 2259734, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Sundanesti sf.

16) Tékki nr. 2259735, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum á veitingastofunni Tralla.

17) Tékki nr. 2259736, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 18.04. 1987. Sama notkun.

18) Tékki nr. 2259737, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 18.04. 1987. Seldur á veitingastofunni Tralla.

19) Tékki nr. 2259738, að fjárhæð kr. 1.500,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Næturgrillinu.

20) Tékki nr. 2259739, að fjárhæð kr. 700,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Pizza-húsinu, Grensásvegi 10.

21) Tékki nr. 2259740, að fjárhæð kr. 700,00, dagsettur 19.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Næturgrillinu.

22) Tékki nr. 2259741, að fjárhæð kr. 200,00, dagsettur 19.04. 1987, framseldur af Karli Valgarðssyni, Flókagötu 13. Óvíst um notkun.

23) Tékki nr. 2259742, að fjárhæð kr. 600,00, dagsettur 19.04. 1987. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

24) Tékki nr. 2259743, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 19.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Næturgrillinu.

25) Tékki nr. 2259745, að fjárhæð kr. 2.200,00, dagsettur 20.04. 1987. Sama notkun.

26) Tékki nr. 2259746, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 20.04. 1987. Notaður til kaupa á bensíni af einni af bensínstöðvum Skeljungs hf.

27) Tékki nr. 2259747, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 19.04. 1987. Sama notkun.

28) Tékki nr. 2259749, að fjárhæð kr. 1.400,00, dagsettur 20.04. 1987. Notaður til vörukaupa á einni af bensínstöðvum Skeljungs hf.

29) Tékki nr. 2267202, að fjárhæð kr. 700,00, dagsettur 21.04. 1987. Óvíst um notkun.

30) Tékki nr. 2267203, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 22.04. 1987. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

31) Tékki nr. 2267204, að fjárhæð kr. 300,00, dagsettur 22.04. 1987. Sama notkun.

32) Tékki nr. 2267206, að fjárhæð kr. 690,00, dagsettur 22.04. 1987 með framsalsárituninni Jón Sigurðsson, Mávahlíð 2. Óvíst um notkun.

33) Tékki nr. 2267209, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 22.04. 1987. Seldur á veitingastofunni Tralla.

34) Tékki nr. 2267210, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 22.04. 1987. Sama notkun.

35) Tékki nr. 2267211, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 22.04. 1987. Sama notkun.

36) Tékki nr. 2267212, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 23.04. 1987. Sama notkun.

37) Tékki nr. 2267213, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 23.04. 1987. Sama notkun.

38) Tékki nr. 2267218, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 23.04. 1987. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, en óvíst hvar.

39) Tékki nr. 2267219, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 24.04. 1987. Notaður til bensínkaupa á einni af bensínstöðvum Olíufélagsins hf.

40) Tékki nr. 2267225, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 25.04. 1987 með framsalsstimpli Hrímeyjar sf. Notaður til kaupa á lottómiða.

41) Tékki nr. 2267216, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 27.04. 1987 með framsalsstimpli Hrímeyjar hf. Sama notkun.

42) Tékki nr. 2267217, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 27.04. 1987. Sama notkun.

43) Tékki nr. 2259723, að fjárhæð kr. 1.500,00, dagsettur 01.05. 1987, framseldur af Kjartani L. Sigurðssyni. Óvíst um notkun.

44) Tékki nr. 2259744, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 19.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Næturgrillinu.

45) Tékki nr. 2267215, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 28.04. 1987 með framsalsárituninni Reynir Hilmarsson. Óvíst um notkun.

46) Tekki nr. 2267220, að fjárhæð kr. 8.000,00, dagsettur 24.04. 1987. Ákærði notaði tékkann til greiðslu í Bifreiðaeftirliti ríkisins.

47) Tékki nr. 2259750, að fjárhæð kr. 5.000,00, dagsettur 20.04. 1987,

framseldur af Axel B. Svavarssyni, 0904-1188. Ákærði greiddi nefndum Axel með tékkanum vegna kaupa á bifreið.

Telst framangreind háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir hylmingu með því að hafa, aðfaranótt föstudagsins 19. desember 1986, þegið hjá Arnbirni Helga Svavarssyni, Faxastíg 43, Vestmannaeyjum, 5.000,00 krónur, sem ákærði vissi að Arnbjörn Helgi hafði stolið stuttu áður sömu nótt.

Telst þetta varða við 254. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

I.

Þann 13. mars sl. stofnaði ákærði tékkareikning nr. 9763 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Þann 27. apríl sl. var reikningi ákærða lokað, enda höfðu þá borist fjölmargir tékkar sem ekki reyndist innistæða fyrir.

Hefur ákærði við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa gefið út í mars og apríl 1987 samtals 47 tékka og er samanlögð fjárhæð þeirra 79.690,00 krónur enda þótt ákærði ætti ekki innistæðu í bankanum. Er öllum tékkunum rétt lýst í ákæruskjali svo og notkun þeirra.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um brot það, sem hann er ákærður fyrir í þessum lið ákæru. Varðar brot hans við 248. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Aðfaranótt föstudagsins 19. desember sl. tók Arnbjörn Helgi Sævarsson, Faxastíg 43, Vestmannaeyjum, ófrjálsri hendi veski í húsi við Grettisgötu. Arnbjörn fór síðan í bifreið, sem ákærði og Benedikt Már Brynjólsson voru í og óku þeir Arnbirni að beiðni hans í Skerjafjörð, þar sem Arnbjörn henti veskinu í sjóinn. Áður hafði Arnbjörn tekið 45.000,00 krónur úr veskinu og tjáði hann ákærða og Benedikt hvað hefði gerst og lét þá fá sinn hvorn 5.000,00 króna seðilinn.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt ofangreinda hylmingu, er varðar hann refsingu samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum: 1984 5/11 í Reykjavík. Sátt: 4.000,00 kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl.

1985 28/11 í Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hgl.
1987 8/4 í Reykjavík. Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
1987 8/4 í Reykjavík. Dómur: 6 mán. fangelsi skb. 2 ár f. brot g. 244. gr. alm. hgl. Dómur frá 28/11 1985 dæmdur með. Sýknaður af ákæru um brot g. 1. mgr. 218. gr. hgl.

Með brotum sínum hefur ákærði rofið skilorð frá 8. apríl sl. Ber nú samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga að taka það mál upp og dæma með þessu. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Eftirtaldir hafa lagt fram skaðabótakröfu í málinu:

1. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis kr. 66.477,20 auk vaxta og kostnaðar.
2. Bifreiðaeftirlit ríkisins kr. 8.000,00 auk vaxta.
3. Axel B. Svavarsson, Miðvangi 10, Hafnarfirði, kr. 5.360,00 auk vaxta og kostnaðar vegna lögfræðiaðstoðar.
4. Adam A. Hani kr. 46.880,00 án vaxtakröfu.

Ofangreindar skaðabótakröfur, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina. Af 1. lið skulu reiknast almennir vextir frá 30. apríl 1987 til greiðsludags, af 2. lið reiknast almennir vextir frá 27. apríl 1987 til greiðsludags, af 3. lið skulu reiknast almennir vextir frá 22. apríl 1987 til greiðsludags, en lögfræðikostnaður dæmist ekki, þar sem krafan er höfð uppi í opinberu máli.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis kr. 66.477,20 ásamt almennum vöxtum frá 30. apríl 1987 til greiðsludags, Bifreiðaeftirliti ríkisins kr. 8.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 27. apríl 1987 til greiðsludags, Axel B. Svavarssyni, Miðvangi 10, Hafnarfirði, kr. 5.360,00 ásamt almennum vöxtum frá 22. apríl 1987 til greiðsludags og Adam A. Hani kr. 46.880,00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 7. júní 1988.

Nr. 130/1988. **Alma Hansen**
vegna Tónlistarskóla Vesturbæjar
gegn
borgaryfirvöldum Reykjavíkur.

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp í fógetarétti Reykjavíkur 22. júní 1987 af Ólafi Sigurgeirssyni aðalfulltrúa yfirborgarfógeta. Sóknaraðili kærði úrskurðinn til Hæstaréttar með bréfi 6. júlí 1987. Með bréfi Hæstaréttar 17. september 1987 var erindi sóknaraðila framsent yfirborgarfógetanum í Reykjavík og lagt fyrir hann að kynna gagnaðila framkomna kæru og senda síðan kærumálsgögn til Hæstaréttar með venjulegum hætti. Þau gögn voru ekki send fyrr en 3. maí 1988, sem bárust Hæstarétti 9. s.m. Ber að átelja drátt þennan harðlega.

Skilja verður kæruna svo, að þess sé krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu innsetningargerð með dagsektum ákvörðuðum af Hæstarétti frá uppkvaðningu fógetaúrskurðar til þess dags, sem skólanefndarmaður verði tilnefndur, auk þess sem krafist er ríflegrar „þóknunargreiðslu".

Frá varnaraðilum hefur ekki borist greinargerð.

Hinn kærði úrskurður verður ekki borinn undir Hæstarétt með kæru sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1987.

Með bréfi dagsettu 30. apríl hefur Alma E. Hansen vegna Tónlistarskóla Vesturbæjar krafist innsetningar hjá borgaryfirvöldum Reykjavíkur á skólanefndarmanni eftir lagaskyldu 2. mgr. 2. gr. l. 23/5 nr. 22/1975, sbr. reglugerð B. 425 frá 24/10 1984 og borgaryfirvöld verði beitt dagsektum eftir væntanlegum úrskurði fógetaréttar til tilnefningardags stjórnarmeðlimsins.

Kröfugerð þessi er á þann veg, að útilokað verður að telja, að fógetaréttur eða almennur dómstóll í héraði geti tekið afstöðu til hennar, þar sem lagaskilyrði skortir og er því ekki hægt að verða við fram kominni beiðni um innsetningu.

Málskostnaðarkröfur hafa ekki verið gerðar og fellur hann því niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin gerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. júní 1988.

Nr. 219/1987. **Þórólfur Kristjánsson**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Hilmi sf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Sönnun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1987. Hann gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða 468.581,00 krónu með 9% ársvöxtum frá 1. september 1986 til 5. desember 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 og með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Hilmi II SU 177 fyrir dæmdum fjárhæðum, sbr. 1. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda, en til vara að fjárhæð dómkröfunnar verði lækkuð. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt var lagt ljósrit af skipshafnarskrá m/s Hilmis II yfir menn þá sem á skipinu voru í ársbyrjun 1986. Í henni kemur fram, að áfrýjandi var ráðinn til „Loðnuv." frá 2. janúar 1986, en lengdar ráðningartíma var ekki öðruvísi getið. Áfrýjandi staðfesti þessi ráðningarkjör með nafnritun sinni í skipshafnarskrána. Hann var afskráður „samk. bréfi" 28. febrúar 1986. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti þykir eiga að staðfesta hann.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara og Arnljóts Björnssonar prófessors.

Fyrir Hæstarétt var lagt ljósrit af skipshafnarskrá vb. Hilmis II fyrir árið 1986. Í henni kemur fram, að áfrýjandi var ráðinn til „loðnuv." frá 2. janúar 1986, en eigi er vikið að lengd ráðningartíma. Samkvæmt skipshafnarskrá var áfrýjandi afskráður „samk. bréfi" 28. febrúar 1986.

Ákvæði greina 1.20.2 og 1.20.3 í kjarasamningi þeim, sem getið er í héraðsdómi, eru svohljóðandi: „Heimilt er að ráðningartími skipstjórnarmanna sé ákveðinn við ráðningu enda sé það tekið fram þegar lögskráð er. — Uppsagnarfrestur skipstjórnarmanna skal vera þrír mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg af beggja hálfu."

Eins og í héraðsdómi greinir var áfrýjandi 1. stýrimaður á Hilmi II nánar tiltekin loðnuveiðitímabil frá 5. nóvember 1983 til 28. febrúar 1986. Á milli þessara tímabila var skipinu ekki haldið til veiða. Var áfrýjandi þá við aðra vinnu og fékk eigi greidd laun hjá stefnda. Í júní 1986 var skipið gert út til annarra veiða en loðnuveiða. Nokkru áður tjáði skipstjóri áfrýjanda, að hann ætti þess ekki kost að fara með skipinu sem 1. stýrimaður, en bauð honum í þess stað stöðu 2. stýrimanns. Hafnaði áfrýjandi því og krafðist bóta vegna ólögmætrar uppsagnar.

Eigi verður litið svo á, að áfrýjandi hafi afsalað sér rétti til uppsagnarfrests, þótt hann sætti sig við að fá ekki greidd laun hjá stefnda, þegar hann var í vinnu hjá öðrum milli loðnuvertíða.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. áður 2. mgr. 11. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, og fyrrgreindum kjarasamningi skal ráðningarsamningur vera skriflegur. Ekkert skriflegt liggur fyrir um ráðningarsamning við áfrýjanda annað en það, sem fram kemur í greindri skipshafnarskrá fyrir árið 1986. Hefur stefndi hvorki sýnt fram á, að ráðningarsamningur hafi verið tímabundinn né, að samið hafi verið um skemmri uppsagnarfrest en greinir í

kjarasamningi og 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Ekki hefur stefndi heldur sannað vanefndir á áfrýjanda eða annað, sem heimilar fyrirvaralausa uppsögn. Við teljum því áfrýjanda eiga rétt á þriggja mánaða launum úr hendi stefnda samkvæmt 1. mgr. 25. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og því beri að taka til greina kröfur hans samkvæmt 1. - 4. kröfulið, enda hafa þær ekki sætt tölulegum andmælum. Í 5. lið kröfugerðar sinnar krefst áfrýjandi hins vegar sérstakra skaðabóta vegna missis skiprúms á loðnuvertíð 1986 - 1987. Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari. Krafa þessi er órökstudd og því teljum við að hafna beri henni.

Samkvæmt þessu teljum við að úrslit málsins ættu að vera þau að stefndi greiði áfrýjanda 268.581,00 krónu með vöxtum, svo og málskostnað.

Einnig teljum við að samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ætti að veita áfrýjanda sjóveðrétt í m/s Hilmi II SU 177 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. apríl sl., hefur Þórólfur Kristjánsson stýrimaður, nnr. 9718-5565, Háabarði 15, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 5. desember 1986 á hendur Hilmi sf., nnr. 4138-2929, Skeggjagötu 1, Reykjavík.

Fyrir dóminum gerir stefnandi þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 488.921,00 auk 9% ársvaxta frá 1. september 1986 til stefnubirtingardags máls þessa, en dómvaxta skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er gerð krafa um að stefndi greiði stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Loks er gerð krafa um að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur í vélbátnum Hilmi II SU-177 fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær kröfur gerðar að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá gerir stefndi kröfu um að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ hvernig sem málið fer.

Sátt var reynd án árangurs.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

„Málavextir eru þeir að stefnandi var ráðinn í nóvembermánuði 1983

til þess að gegna stöðu 1. stýrimanns á vélbátnum Hilmi II SU-177, en bátur þessi er í eigu stefnda, Hilmis sf.

Gegndi stefnandi þessari stöðu til loka febrúarmánaðar 1986, þegar skipið hætti loðnuveiðum. Ákveðið hafði verið að umrætt skip færi til tilraunaveiða á gulllaxi og skyldu þær veiðar hefjast um sumarið, en skipið vera aðgerðarlaust þangað til. Nokkrum dögum áður en gulllaxveiðarnar hófust hringdi skipstjórinn, Lárus Grímsson, í stefnanda og tjáði honum að hann treysti honum ekki til þess að fara með veiðarfærin á gulllaxveiðunum. Stefnandi mótmælti því og sagðist fullfær um það. Þá hafði umboðsmaður stefnda, Jóhann Antoníusson, samband við stefnanda og var viðbára hans sú gegn áframhaldandi ráðningu stefnanda að hann taldi hann ekki hæfan um að veita vinnslunni um borð í skipinu forstöðu.

Var stefnanda boðin staða annars stýrimanns.

Stefnandi sætti sig ekki við þessi málalok, en annar maður var ráðinn í hans stað.

Kröfur sínar rökstyður stefnandi þannig:

„Málsókn þessi er á því reist að stefnanda hafi í raun verið sagt upp störfum fyrirvaralaust, þar sem honum var ekki gefinn kostur á að starfa áfram sem 1. stýrimaður á Hilmi II SU-177, þegar skipið var að fara á gulllaxveiðar.

Þeirri fullyrðingu stefnda að stefnandi hafi verið ráðinn til ákveðins tíma er mótmælt sem rangri, enda er engum slíkum ráðningarsamningi til að dreifa.

Núgildandi ákvæði sjómannalaga er fjalla um ólögmæta uppsögn, eins og hér er um að ræða, er að finna í 25. gr. sbr. 9. gr. 2. mgr. laga nr. 35/1985, svo og er einnig vísað til kjarasamnings Landssambands íslenskra útvegsmanna og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, 1.20.3. sbr. dskj. nr. 5. Stefnukrafan sundurliðast þannig:

1.	Trygging í júnímánuði 1986	kr.	53.800,00
2.	Fastakaup í júnímánuði 1986	".	1.094,00
3.	Stýrimannshlutur á gulllaxveiðum í júlí og ágúst 1986 skv. upplýsingum stefnanda	".	188.894,00
4.	Orlof 10,17%	".	24.793,00
5.	Sérstakar bætur vegna missis skiprúms á loðnuvertíð 1986 - 1987	".	200.000,00
	Samtals stefnufjárhæðin	kr.	468.581,00

Um sjóveðskröfu er vísað til 197. gr. núgildandi siglingalaga nr. 34/1985 1. tl."

Lögmaður stefnda rekur málavexti svo:

„Málavextir eru þeir að sögn stefnda að stefnandi var ráðinn upphaflega í nóvembermánuði sem 1. stýrimaður á skip stefnda, m.s. Hilmi II SU-177, meðan skipið stundaði loðnuveiðar, til þess tíma að það hafði veitt úthlutaðan loðnukvóta sinn. Er loðnuveiðum lauk og afskráð var þann 5. apríl 1984 var ráðningartíma stefnanda lokið, sem og annarra skipverja. Skipið stundaði eingögnu loðnuveiðar á þessum tíma.

Er loðnuveiðar hófust aftur um haustið 1984 var stefnandi endurráðinn sem og aðrir skipverjar, a.m.k. flestir. Stóð loðnuúthaldið frá 2. október til 23. apríl 1985 með eðlilegum hléum.

Hvarf stefnandi þá úr þjónustu stefnda en réð sig aftur á næstu loðnuvertíð og lauk ráðningartíma stefnanda, er loðnuveiðum lauk í lok febrúar 1986.

Í maíbyrjun 1986 var ákveðið að hefja tilraunaveiðar með gulllax, en hann er veiddur í botntroll. Hóf skipið þær veiðar þann 24. júní 1986. Var stefnandi ekki endurráðinn á skip stefnda. Byggir stefnandi aftur á móti kröfu sína á þeim forsendum að honum hafi verið sagt upp störfum fyrirvaralaust.

Stefndi mótmælir fullyrðingum stefnanda sem röngum að honum hafi verið sagt fyrirvaralaust upp störfum. Þá mótmælir stefndi sérstaklega 5. lið í kröfugerð stefnanda, þar sem 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 mælir eingöngu fyrir um bætur í formi kaups þann tíma sem segir um í 9. gr. í þrjá mánuði."

Sýknukröfu sína byggir stefndi á eftirfarandi málsástæðum:

„Samkvæmt 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er uppsagnarfrestur yfirmanna þrír mánuðir nema um annað hafi verið sérstaklega samið. Stefndi réð stefnanda eingöngu til loðnuveiða og lauk ráðningartímanum er skipið hafði lokið við að veiða úthlutaðan loðnukvóta sinn.

Það að stefnandi var ekki endurráðinn er ákveðið var að skipið stundaði veiðar á gulllax skapar stefnanda ekki rétt til uppsagnarfrests og kaupgreiðslna úr hendi stefnda.

Stefndi leggur áherslu á að skv. 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga þá skal skipverji taka kaup til þess dags er ráðningu hans lýkur. Hafi ráðningu stefnanda ekki verið slitið þann 28. febrúar 1986, þá hefði stefnda borið skylda til þess að greiða honum laun. Stefnanda voru ekki greidd nein laun eftir að loðnuvertíð 1986 lauk, frekar en eftir aðrar loðnuvertíðir, sem sýnir og sannar að ráðningartíma hans lauk í hvert skipti eftir að loðnuvertíð lauk. Að þessu sinni kom ekki til endurráðningar, en gera verður skýran greinarmun á uppsögn annars vegar og synjun um endurráðningu hins vegar."

Fyrir dóm hafa komið stefnandi Þórólfur Kristjánsson, Jóhann Antoníasson, útgerðarmaður bátsins, og Lárus Grímsson, skipstjóri bátsins.

Álit dómsins:

Stefnandi hefur, sbr. siglingavottorð dskj. 7, verið lögskráður á Hilmi II SU-177 sem hér segir: Frá 05.11. '83 til 14.12. '83, frá 06.01. '84 til 05.04. '84, frá 02.10. '84 til 18.12. '84, frá 05.01. '85 til 23.04. '85, frá 15.09. '85 til 16.12. '85, frá 02.01. '86 til 28.02. '86. Skipið var á loðnuveiðum og var stefnandi lögskráður yfir þrjár loðnuvertíðir. Aðilar eru sammála um að stefnandi hafi ekki tekið kaup hjá útgerðinni milli loðnuvertíða enda þá verið ráðinn í aðra vinnu.

Skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður við stefnanda en hann hafði sætt sig við þessa tilhögun sem og aðrir skipverjar á þessu tímabili. Milli loðnuvertíða lá skipið aðgerðarlaust. Eins og ráðningu stefnanda á þessar loðnuvertíðir var háttað gat hann í upphafi hverrar vertíðar aðeins gert ráð fyrir ráðningu til loka þeirrar vertíðar. Sjálfur var hann heldur ekki bundinn í þjónustu útgerðarinnar nema yfir vertíðina. Með heimild í 2. mgr. 9. gr. l. nr. 35/1985 og 1.20.2. gildandi kjarasamnings var honum þannig markaður ráðningartími til loka vertíðar. Hann átti því ekki þegar af þeim ástæðum rétt á uppsagnarfresti samkvæmt sömu málsgrein laga nr. 35/1985 og 1.20.3. kjarasamningsins.

Niðurstaða máls þessa er því sú að stefndi skal sýkn af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, m.a. vegna þess að skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður við stefnanda, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hilmir sf., skal sýkn af kröfu stefnanda, Þórólfs Kristjánssonar, í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Þriðjudaginn 7. júní 1988.

Nr. 124/1986. **Tæknifræðingafélag Íslands**
(Þórunn Guðmundsdóttir hdl.)
gegn
iðnaðarráðherra og
(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)
Birni Gunnarssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Tómlæti. Stjórnsýsla. Starfsheiti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1986. Hann gerir þær dómkröfur að dæmt verði ógilt leyfi sem stefndi iðnaðarráðherra veitti stefnda Birni Gunnarssyni árið 1978 til að mega kalla sig tæknifræðing og að stefndu verði dæmdir til að greiða óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi iðnaðarráðherra krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Björn krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi eru rakin atvik máls þessa, þar á meðal viðbrögð áfrýjanda við þeirri ákvörðun iðnaðarráðherra að veita stefnda Birni heimild til að kalla sig tæknifræðing. Mál þetta höfðaði áfrýjandi er liðið var á sjöunda ár frá því þetta gerðist. Þar sem svo verulega dróst að áfrýjandi höfðaði mál þetta þykir hann hafa sýnt slíkt tómlæti að hann geti af þeirri ástæðu ekki fengið í málinu hnekkt greindri stjórnvaldsákvörðun sem varðar ríka hagsmuni stefnda Björns. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur að niðurstöðu til, þar á meðal ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda Birni 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og er þá tekið tillit til sérstaks sölugjalds af málflutningsþóknun, en eftir atvikum verður málskostnaður gagnvart stefnda iðnaðarráðherra látinn falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti gagnvart stefnda iðnaðarráðherra falli niður en áfrýjandi, Tæknifræðingafélag Íslands, greiði stefnda Birni Gunnarssyni 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar setts hæstaréttardómara.

Ég er sammála því áliti meirihluta dómenda, að áfrýjandi hafi sýnt mjög verulegt tómlæti um höfðun máls þessa, en tel varhugavert að hafna kröfum hans á grundvelli þess eins.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lagt fram matsgerð Ragnars Ingimarssonar prófessors, Stefáns Ólafs Jónssonar deildarstjóra og Hauks Pálmasonar verkfræðings, dags. 7. maí 1988, en þeir voru dómkvaddir að beiðni hans eftir að dómur gekk í héraði til að gera samanburð á tæknifræðinámi í Noregi, Danmörku og á Íslandi, eins og námi þessu hefði verið háttað á árunum 1969 - 1976, um lágmarksinntökuskilyrði, námsefni, kennslugögn, kennsluaðferðir og lengd námstíma. Störf sín byggðu matsmenn að mestu á gögnum, sem málsaðilar lögðu fram, og voru þau gagnanna, er varða námið í Noregi, að mestu fengin úr málinu sjálfu. Niðurstöður þeirra eru meðal annars á þá leið, að kröfur til þeirra sem hefja vildu tæknifræðinám hafi á þessum árum verið mestar í Danmörku, en minnstar í Noregi. Skráð lengd reglulegs námstíma hafi verið hin sama í löndunum þrem, eða þrjú ár. Á hinn bóginn virðist svo sem innihald námsins hafi verið nokkuð mismunandi, og megi telja tæknifræðinám í Noregi hafa verið eitt ár á menntaskólastigi og tvö á háskólastigi, en í Danmörku og á Íslandi þrjú ár á háskólastigi. Beinan samanburð á námsefni kváðu þeir sér ekki unnt að gera, en kennsluaðferðir töldu þeir svipaðar í tækniskólum landanna. Um verkefni sitt sögðu matsmenn, að fyllri gögn og umfangsmikla rannsókn á starfsemi allmargra skóla í Noregi og Danmörku auk Tækniskóla Íslands mundi til þurfa, ef svara ætti öllum spurningum sem fyrir þá voru lagðar með fullu öryggi og viðhlítandi rökstuðningi. Matsgerð þessi þykir ekki raska stöðu málsins frá því sem

var í héraði, og stefndu hafa ekki mótmælt framlagningu hennar.

Við lýsingu málavaxta í hinum áfrýjaða dómi verður að gera þá athugasemd, að ekki er óyggjandi af gögnum málsins, að tæknifræðingar frá norskum skólum hafi verið skráðir í flokki Ab samkvæmt skráningarreglum Evrópusamtaka tækni- og verkfræðingafélaga (FEANI) á þeim tíma, sem hér skiptir máli, heldur virðist mögulegt að þeir hafi einnig eða í þess stað verið skráðir í flokki Ba, sem náði líka til manna menntaðra við tekniska æðri skóla. Hið fyrra er gefið til kynna í yfirliti um verk- og tæknifræðimenntun í Noregi, sem norska tæknifræðingafélagið (NITO) dreifði á árinu 1978, en hið síðara virðist mega álykta af bréfi frá sama aðila til iðnaðarráðuneytisins 20. júní 1985. Um þetta álitaefni hafa málsaðilar ekki lagt fram nánari gögn. Vafinn um þetta atriði raskar ekki meginforsendum hins áfrýjaða dóms, og ekki hefur þýðingu að leysa úr honum hér fyrir dómi.

Þegar áfrýjandi tók ákvörðun um það vorið 1969 að hætta að viðurkenna norska tækniskóla sem fullgilda til náms í tæknifræði samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1968 var það gert með allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu, þar sem tilskilinn meirihluti félagsmanna, er þátt tóku í henni, reyndist samþykkur ákvörðuninni. Kveður áfrýjandi ákvörðunina hafa verið staðfesta á aðalfundi félagsins sama ár. Enda þótt atkvæðagreiðsla sem þessi sé lýðræðisleg leiðir hún ekki til eiginlegrar rökstuddrar niðurstöðu um þá spurningu, sem upp er borin, nema spurningunni fylgi rök, sem þátttakendur geti gert að sínum. Við umrædda atkvæðagreiðslu voru félagsmenn einungis beðnir að svara því játandi eða neitandi, hvort þeir væru samþykkir áframhaldandi viðurkenningu Tæknifræðingafélags Íslands á norskum tæknifræðiskólum. Upplýst er að atkvæðagreiðslan átti sér töluverðan aðdraganda í umræðum og athugunum á vegum félagsins, auk þess sem áfrýjandi kveður kynningargögn um málið hafa verið send til félagsmanna. Hann hefur þó ekki upplýst í málinu svo fullnægjandi sé, hvaða gögn þetta voru eða hvers efnis, eða dregið innihald þeirra saman með þeim hætti, að af því megi sjá mótaðan málefnalegan rökstuðning, sem félagsmenn hafi verið að taka afstöðu til.

Í erindum sínum til iðnaðarráðuneytisins varðandi leyfisveitingu

þess til stefnda Björns gerði félagsstjórn áfrýjanda ráðuneytinu grein fyrir því, sem hún taldi vera helstu rökin að umræddri ákvörðun félagsins. Mátti ráða af þeim, að um væri að ræða mikilvæga stefnubreytingu frá því sem verið hefði á tímum fyrrgreindrar lagasetningar eða mikilvæga breytingu á aðstæðum í tæknifræðinámi, sem félagið teldi sig þurfa að bregðast við með þessum hætti. Við slíkar aðstæður var áfrýjanda nauðsynlegt að standa að hinni umdeildu ákvörðun með skýrari og málefnalegri hætti en raun varð á. Sú nauðsyn var enn brýnni fyrir þá sök, að telja mátti álitamál, hvort ákvörðunin væri samrýmanleg lögum nr. 73/1968 og innan þeirra marka, sem hlutverki félagsins væru þar sett.

Samkvæmt upplýsingum frá norska tæknifræðingafélaginu var menntun við tækniskóla í Noregi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, sambærileg í öllum aðalatriðum. Verður áfrýjandi vart gagnrýndur fyrir það, að samþykkt félagsins beindist að skólunum í heild fremur en einstökum skólum, sem eðlilegra mætti virðast að öðru jöfnu. En með tilliti til þess, sem fyrr greinir, verður ákvörðun áfrýjanda við atkvæðagreiðslu vorið 1969 að teljast haldin þeim formgöllum og efnislegum annmörkum, að stefnda iðnaðarráðherra hafi verið leyfilegt á grundvelli 5. gr. laga nr. 73/1968 og almennra valdheimilda að telja sig óbundinn af henni við ákvörðun um leyfisveitingu til stefnda Björns. Jafnframt verður að telja, að svör félagsstjórnar áfrýjanda við erindum ráðherrans varðandi stefnda Björn hafi ekki falið í sér sjálfstæða ákvörðun stjórnarinnar í máli hans, heldur tilvísun til hinnar umdeildu atkvæðagreiðslu.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að sýkna verði stefndu af kröfum áfrýjanda. Er ég þannig sammála þeirri niðurstöðu um efni málsins, sem lýst er í atkvæði meirihluta dómenda, og einnig ákvörðun þeirra um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Tæknifræðingafélagi Íslands, nnr. 8959-2542, Lágmúla 7, Reykjavík, gegn iðnaðarráðherra, Sverri Hermannssyni, nnr. 8765-2156, Arnarhvoli, Reykjavík, og Birni Gunnarssyni tæknifræðingi, nnr. 1332-1388, Spóahólum 10, Reykjavík, með stefnu birtri 14. og 15. mars 1965.

Dómkröfur stefnanda eru þær að dæmt verði ógilt leyfi sem iðnaðarráðherra veitti stefnda Birni Gunnarssyni árið 1978 til að mega kalla sig tæknifræðing. Að auki er þess krafist að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda iðnaðarráðherra eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Björns Gunnarssonar eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda Birni tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Aðalflutningur máls þessa fór fram hinn 16. janúar sl., og var málið dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann dag. Málið var endurupptekið 14. febrúar sl., fram voru lögð viðbótargögn, málið var endurflutt og dómtekið að nýju þann dag.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir:

Í 5. gr. laga nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga segir að rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti sem feli í sér orðið tæknifræðingur hafi þeir menn einir hér á landi sem fengið hafi til þess leyfi ráðherra. Í 1. mgr. 6. gr. greindra laga segir að engum megi veita leyfi það sem um ræði í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkenni sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Tæknifræðingafélag Íslands, stefnandi í máli þessu, var stofnað árið 1960. Í lögum félagsins er kveðið á um það að markmið þess sé m.a. að stuðla að aukinni tækniværðingu á Íslandi, efla skilning á starfi tæknifræðinga og að auka og viðhalda menntun félaga. Stefnandi hefur viðurkennt Tækniskóla Íslands, svo og tækniskóla í Danmörku, Þýskalandi, Noregi og Svíþjóð sem fullgilda skóla í tæknifræði. Árið 1969 var efnt til allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna stefnanda um það hvort norskir tæknifræðiskólar skyldu áfram njóta viðurkenningar. Fram komu 99 gild atkvæði. Niðurstaða varð sú að nei sögðu 67, en já 30. Auðir seðlar voru 2. Niðurstaða þessi var kynnt iðnaðarráðuneytinu. Engu að síður og þrátt fyrir andstöðu stefnanda hefur iðnaðarráðuneytið veitt mörgum mönnum sem lokið hafa prófi frá norskum tækniskólum leyfi til að mega kalla sig tæknifræðinga.

Stefndi Björn Gunnarsson lauk vorið 1976 tæknifræðinámi í véltæknifræði með „konstruktion" sem sérgrein við Sörlandets Tekniske Skole í

Grimstad Noregi. Skólinn heitir nú Sörlandets Ingeniör Högskole. Björn hafði þá stundað nám í tvo vetur við skólann. Áður hafði Björn lokið landsprófi og gagnfræðaprófi og stundað nám í þrjá vetur við Tækniskóla Íslands, einn vetur í undirbúningsdeild, einn vetur í raungreinadeild og í einn vetur í fyrri hluta véladeildar.

Stefndi sótti þegar að loknu fullnaðarprófi sínu um inngöngu í Tæknifræðingafélag Íslands, en umsókn hans var hafnað með bréfi stefnanda dagsettu 20. október 1976 í samræmi við fundarsamþykkt frá 31. mars 1969 um viðurkenningu á norskum skólum.

Með bréfi dagsettu 3. mars 1977 fór stefndi þess á leit við iðnaðarráðuneytið að honum yrði veitt leyfi til að nota starfsheitið tæknifræðingur. Ráðuneytið sendi umsóknina til umsagnar Tæknifræðingafélags Íslands, sem með bréfi dagsettu 14. júní 1977 lýsti því yfir að stjórn félagsins mælti ekki með löggildingu Björns þar eð nám hans fullnægði ekki kröfum félagsins um fullgilt tæknifræðinám.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1977 til stefnanda óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því að stefnandi gerði ítarlega grein fyrir því á hverju hann byggi synjun sína. Í svarbréfi stefnanda til iðnaðarráðuneytisins, sem dagsett er 29. júní 1977, er m.a. tekið fram af þessu tilefni að á félagsfundi Tæknifræðingafélags Íslands 31. mars 1969 hafi verið ákveðið að viðhafa almenna atkvæðagreiðslu um það hvort halda ætti áfram að viðurkenna norsku skólana, en þeir hefðu að ýmissa áliti slakað svo mjög á menntunarkröfum að þeir teldust ekki sambærilegir við aðra viðurkennda tæknifræðiskóla. Þessi ákvörðun hafi síðan verið staðfest á aðalfundi félagsins sama ár.

Í kjölfar þessa hóf ráðuneytið sjálfstæða athugun á stöðu norskra tæknifræðiskóla sbr. bréfaskipti ráðuneytisins og Norges Ingeniör Organisation (NITO) og norska kirkju- og menntamálaráðuneytisins á dskj. 23 - 26. Báðir ofangreindir aðilar komust að þeirri niðurstöðu að eigi hefði verið slakað á menntunarkröfum í umræddum norskum tæknifræðiskólum. Ráðuneytið féllst því ekki á hina synjandi umsögn tæknifræðingafélagsins.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1978 veitti iðnaðarráðuneytið Birni Gunnarssyni, með skírskotun til 5. gr. laga nr. 73/1968, heimild til að kalla sig tæknifræðing. Leyfisveitingin var tilkynnt stefnanda með bréfi sama dag.

Með bréfi dagsettu 16. október 1978 gerði Tæknifræðingafélag Íslands kröfu um að leyfið yrði afturkallað. Með bréfi ráðuneytisins dagsettu 27. október 1978 var Tæknifræðingafélagi Íslands tilkynnt að leyfið yrði ekki afturkallað þrátt fyrir áskorun félagsins. Hinn 23. nóvember 1978 kærði Tæknifræðingafélag Íslands leyfisveitingu þá sem hér um ræðir ásamt leyfisveitingu til þriggja annarra manna, sem svipað stóð á um, til Saka-

dóms Reykjavíkur. Kæran var send Ríkissaksóknara sem komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði ekki sóknarvald í málinu.

Í bréfi stefnanda til iðnaðarráðuneytisins, dagsettu 23. janúar 1979, kemur fram að stjórn Tæknifræðingafélags Íslands hafi ákveðið að leita aðstoðar dómstóla, jafnframt sem ítrekuð var sú ósk að afturkölluð yrðu leyfi þargreindra fjögurra manna sem ráðuneytið hafði heimilað að kalla sig tæknifræðinga.

Tæknifræðingafélag Íslands hefur ítrekað mótmælt leyfisveitingum iðnaðarráðuneytisins til tæknifræðinga frá norskum tæknifræðingaskólum og hefur ágreiningur aðila þar um leitt til dómsmáls þessa.

III.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi byggir á því, að tilgangurinn með lögum nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, sé tvíþættur: Í fyrsta lagi að veita þeim sem lagt hafi á sig það nám sem lögin greini vissa vinnuvernd. Í öðru lagi að vernda almenning sem eigi að geta treyst því að þeir sem segist vera tæknifræðingar standi undir því nafni. Löggjafinn hafi með setningu laga nr. 73/1968 selt stefnanda úrslitavaldið um viðurkenningu á tækniskólum hvað varði nám í tæknifræði. Úr því að stefnandi viðurkenni ekki lengur norsku skólana þá hafi stefnda iðnaðarráðherra brostið heimild til þess að veita stefnda Birni leyfið, hvað sem liði réttmæti skoðunar stefnanda á norsku skólunum. Stefndi iðnaðarráðherra hafi þannig farið út fyrir valdmörk sín, eins og þau séu mörkuð í lögum nr. 73/1968.

Þessa niðurstöðu sína byggir stefnandi á ákvæðum 6. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 73/1968, sbr. og 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Sýknukröfu sína reisir stefndi iðnaðarráðherra í fyrsta lagi á því að samkvæmt almennri grundvallarreglu íslensks stjórnarfars og með heimild í 5. og 6. gr. og 9. gr. laga nr. 73/1968 hafi verið rétt og skylt að meta sjálfstætt hvort norsku tæknifræðingaskólarnir hafi verið fullgildir skólar í þeirri grein.

Í öðru lagi þá sé það meginregla íslensks stjórnskipunarréttar, sem fram komi m.a. í 13. og 14. gr. stjórnarsrkárinnar, að ráðherra fari með æðsta framkvæmdavald ríkisins í sínum málaflokki. Ákvæði 9. gr. laga 73/1968 sé í samræmi við þessa meginreglu og eigi því ráðherra æðsta úrskurðarvald um notkun starfsheitisins tæknifræðingur.

Í þriðja lagi er því haldið fram að jafnvel þótt dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að tæknifræðingafélagið hafi samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1968 úrslitavaldið um viðurkenningu á tækniskólum beri engu að síður að sýkna

iðnaðarráðherra af kröfu stefnanda, þar sem afturköllun tæknifræðingafélagsins á viðurkenningu á norsku tæknifræðingaskólunum hafi ekki verið lögmæt og því óbindandi fyrir iðnaðarráðherra.

Standist sú túlkun stefnanda að löggjafinn hafi selt tæknifræðingafélaginu úrslitavald um viðurkenningu á tækniskólum að þessu leyti, þýði það að félaginu hafi verið falið visst hlutverk við framkvæmd laga sem venjulega séu framkvæmd af ráðherrum sem æðstu handhöfum framkvæmdavaldsins. Sé svo beri félaginu við það mat að fara að lögum og venjum er gildi um stjórnvaldsathafnir við úrskurð sinn. Öll efnisrök hafi hinsvegar skort fyrir afturköllueninni og sé hún því ólögmæt.

Í fjórða lagi er ennfremur bent á að stefnandi hafði í raun gert afturköllun sína á viðurkenningu norsku tæknifærðingaskólanna marklausa með því að fara þess á leit við iðnaðarráðuneytið með bréfi dagsettu 25. mars 1975 (dskj. nr. 21) að einum tæknimenntuðum manni sem útskrifaðist frá sama skóla og stefndi Björn yrði veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðing. Hafi ráðuneytið gefið út leyfisbréf skv. þeirri beiðni hinn 4. apríl 1975.

Í fimmta lagi er því haldið fram að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti sem leiða eigi til sýknu. Er einkum bent á að lítið hafi verið aðhafst frá því að leyfið var veitt 21. júní 1978, afturköllun þess synjað af ráðuneytinu 27. október 1978, og því að málinu var vísað frá sakadómsmeðferð 29. desember 1978 og þar til dómsmál þetta hófst vorið 1985.

Stefndi Björn Gunnarsson byggir dómkröfur sínar á því að þar sem fagleg rök og gögn skorti sem réttlætt gæti ákvörðun stefnanda um niðurfellingu á viðurkenningu norsku tækniskólanna hafi ráðherra verið heimilt að veita stefnda leyfi til að kalla sig tæknifræðing. Þá telur stefndi ennfremur að ráðherra hafi sérstaka heimild skv. 9. gr. laga 73/1968 til þess að úrskurða um ágreining sem þennan sem felist í því hvort stefndi Björn hafi heimild til þess að kalla sig „ingeniör" eða tæknifræðing. Það hafi ráðherrann gert og hafi úrskurður hans verið á þá leið að stefnda Birni var veitt leyfi til að nota heitið tæknifræðingur „ingeniör".

Þá telur stefndi Björn að þótt stefnandi teldist hafa tekið löglega ákvörðun um það að fella niður viðurkenningu vegna norsku skólanna hafi félagið í raun tekið upp viðurkenningu á þeim aftur árið 1975 með því að mæla með því við ráðherra að hann veitti tveimur norskmenntuðum tæknifræðingum heimild til að kalla sig tæknifræðinga. Þannig hafi félagið í reynd endurskoðað afstöðu sína til norsku skólanna og ráðherranum verið heimilt að byggja leyfið til stefnda á því.

Stefndi Björn telur ennfremur að það hafi verið skylda ráðherrans að koma í veg fyrir þá mismunun sem hlotist hefði ef stefndi Björn hefði ekki fengið umdeilt leyfi þrátt fyrir það að tveir aðrir tæknifræðingar sem eins var ástatt um hafi fengið það. Telja verði að strangar kröfur verði að gera

um ákvarðanir sem svo mjög skipta hin helgustu réttindi manna, atvinnuréttindin, séu byggðar á traustum grunni.

Loks hefur stefndi Björn tekið undir varnarástæður stefnda iðnaðarráðherra um aðgerðarleysi stefnanda og það að stefnanda hafi verið óheimilt að afturkalla þá viðurkenningu sem hann hafi þegar veitt norskum tæknifræðiskólum.

Stefndi Björn byggir og á sömu lagarökum og stefndi iðnaðarráðherra í máli þessu.

Gefið hafa skýrslur fyrir dóminum Jónas Guðlaugsson rafveitustjóri, Sigurður Georgsson, framkvæmdastjóri stefnanda, stefndi Björn Gunnarsson svo og vitnin Svanlaugur Sveinsson tæknifræðingur og Jón Ingi Haraldsson tæknifræðingur.

IV.

Álit dómsins.

Í máli þessu er um það deilt, svo sem fram er komið, hvort stefnda iðnaðarráðherra hafi verið heimilt að veita stefnda Birni Gunnarssyni leyfi til þess að kalla sig tæknifræðing, svo sem gert var með leyfisbréfi dagsettu 21. júní 1978 án þess að fyrir lægi samþykki stefnanda.

Ekki verður talið, svo sem haldið er fram af hálfu stefndu í málinu, að iðnaðarráðherra eigi á grundvelli 9. gr. laga nr. 73/1968 úrskurðarvald um ágreining sem þann er mál þetta er risið af, enda verður ótvírætt af lögskýringargögnum ráðið að úrskurðarvald ráðherra samkvæmt því lagaákvæði hafi einungis átt að taka til ágreinings er risið gæti út af notkun orðsins „ingeniör" í samsettum starfsheitum.

Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur að því hvort iðnaðarráðherra hafi farið út fyrir valdmörk sín við umrædda leyfisveitingu samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. laga nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 73/1968 er rétturinn til þess að kalla sig starfsheitinu tæknifræðingur háður leyfi ráðherra. Samkvæmt ákvæðum 6. gr. sömu laga er það skilyrði slíkrar leyfisveitingar að viðkomandi hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Greind ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 73/1968 eru samhljóða lagaákvæðum í 5. og 6. gr. eldri laga nr. 44/1963 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga. Með þeim lögum var tekið upp starfsheitið tæknifræðingur til handa þeim mönnum sem áður nefndust iðnfræðingar samkvæmt lögum nr. 24/1937 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. Með lögum nr. 44/1963 var tæknifræðingum jafnframt heimilað að nota orðið „ingeniör" í sambandi

við starfstitil sinn. Varðandi þetta erlenda starfsheiti er tekið fram í greinargerð með frumvarpi að greindum lögum að flestir þeirra manna hér á landi sem leyfi hafi samkvæmt lögum nr. 24/1937 til að kalla sig iðnfræðinga hafa lokið prófi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð eða Þýskalandi frá tækniskólum sem í þessum löndum útskrifi menn sem þar mega nota starfsheitið „ingeniör". Gert var ráð fyrir að í lagabreytingunni fælist aðeins að þeim sem lokið hefðu prófi frá viðurkenndum tækniskólum erlendis væri heimilt að bera það starfsheiti sem þarlendir menn mega nota að loknu sama prófi.

Með 6. gr. laga nr. 73/1968 er stefnanda fengið ákvörðunarvald sem er forsenda leyfisveitingar af hálfu ráðherra um starfsréttindi þau sem um er fjallað í málinu. Slíkar ákvarðanir verða þó að vera löglegar bæði að formi og efni svo að á þeim verði byggt. Eiga dómstólar úrskurðarvald um hvort svo hafi verið.

Þess er fyrst að geta að gögn þau um samanburð á tæknifræðinámi í Noregi, Danmörku og Vestur-Þýskalandi, sem stefnandi studdist við er hann ákvað að hætta að viðurkenna norska skóla eru ófullkomin. Sá samanburður byggðist einkum á að mæla lengd námstíma í einstökum löndum án þess að samanburður færi fram á námsefni, kennsluaðferðum og kennslugögnum. Þessi samanburður var einkum framkvæmdur af trúnaðarmönnum stefnanda, ennfremur var viss samanburður gerður af Guðmundi Arnlaugssyni þáverandi rektor og Sveinbirni Björnssyni prófessor að beiðni stefnanda. Sá samanburður fól í sér mat um almennt menntunargildi tæknifræðináms í Noregi og Danmörku. Í skýrslunni á dskj. nr. 57, sem undirrituð er af Sveinbirni einum, segir m.a. svo:

„Að lokum vil ég taka fram að við teljum þetta mat engan veginn endanlegt heldur ber að líta á það sem frumdrög og þau ber að endurskoða, helst með nefndarstarfi þeirra, sem betur til þekkja. Við teljum því fráleitt að þetta mat sé nógu traust til þess að á því megi reisa deilur um rétt manna til að nefna sig tæknifræðinga."

Þess ber að gæta að umrædd gögn voru notuð sem grundvöllur undir þá ákvörðun stefnanda að hætta að viðurkenna skóla sem hann hafði áður viðurkennt.

Þess skal getið að samkvæmt gögnum málsins voru norskir og danskir tæknifræðingar skráðir í sama flokk (Ab) samkvæmt viðmiðunarreglum Evrópusamtaka tækni- og verkfræðingafélaga (FEANI) um svipað leyti og stefnandi hafnaði að mæla með „löggildingu Björns" með bréfi dags. 14. júní 1977.

Þá skal þess getið að samkvæmt viðurkenningu stefnanda sjálfs er því ekki haldið fram að norskir tækniskólar hafi slakað á menntunarkröfum sínum á því tímabili sem hér skiptir máli heldur fremur að þeir hafi ekki fylgt þeirri þróun í tæknifræðinámi sem varð í Danmörku og Vestur-Þýska-

landi. Samkvæmt skýrslu Jónasar Guðlaugssonar, formanns námsnefndar stefnanda, var að því stefnt að menntunarkröfur tæknifræðinga yrðu í samræmi við þessa þróun, sem þýddi að tæknifræðingar og verkfræðingar yrðu „nokkurn veginn samhliða". Þeirri þróun hefðu norskir skólar ekki fylgt.

Telja verður ljóst að þetta sjónarmið hafi öðrum þræði ráðið ferðinni við umrædda ákvörðun stefnanda um synjun á viðurkenningu á norskum tæknifræðiskólum. Í greinargerð með 5. gr. laga nr. 44/1963 var gert ráð fyrir að tæknifræðinám yrði millistig milli menntunar verkfræðinga og faglærðra iðnaðarmanna. Þau lagasjónarmið höfðu ekkert breyst er stefnandi tók hina umdeildu ákvörðun. Verður því að telja að greind sjónarmið stefnanda hafi verið andstæð tilgangi löggjafans.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður talið að stefnandi hafi ekki byggt ákvörðun sína frá 14. júní 1977 á málefnalegum forsendum. Var því iðnaðarráðherra ekki bundinn af synjun stefnanda og var því heimilt að veita stefnda Birni Gunnarssyni umrætt leyfi, svo sem gert var.

Niðurstaða málsins verður því sú að sýkna ber báða stefndu af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Stefán Már Stefánsson prófessor og Valdimar K. Jónsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndu, iðnaðarráðherra og Björn Gunnarsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Tæknifræðingafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. júní 1988.

Nr. 264/1987. **Hörður Jónsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Fanný Jónmundsdóttur
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Útburðargerð. Húsaleiga. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1987 og gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og stefnda „borin út úr verslunarhúsnæði því, sem hún hefur haft til afnota í húsinu nr. 87 við Laugaveg, þ.e. á 1. hæð auk hálfs kjallara, allt í austurenda, svo og herbergi í norðvesturhorni hússins". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðdragandi máls er rakinn í hinum áfrýjaða úrskurði og má með vísan til forsendna hans fallast á þá niðurstöðu, að ekki sé útilokað að tekist hafi milli aðila sérstakur samningur um forgangsrétt stefndu til leigu.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi haft uppi nýja málsástæðu, auk þeirra er uppi voru í héraði, og vill nú „einnig byggja kröfur sínar í málinu á þeirri staðreynd, að stefnda hefur enga húsaleigu greitt frá 1. júní 1987 og heldur eigi hitakostnað frá sama tíma". Telur hann láta nærri, að þessi vanskil nemi nú um 800 þúsund krónum og „þau ein sér nægja" til að taka beri kröfur hans til greina. Jafnframt tekur hann fram, að vanskil hafi ekki verið orðin slík, er málið var tekið til úrskurðar í héraði, að ástæða hafi verið til að hafa þessa málsástæðu þá uppi.

Stefndi mótmælir því, að málsástæða þessi komist að og telur hana of seint fram komna. Telur hann ekki eiga að dæma um ástandið eins og það sé nú, heldur þá er beiðni um útburð kom

fram. Stefndi hafi reynt að borga leigu en hún verið endursend og síðari greiðslutilraunir verið árangurslausar. Áfrýjandi kveður ekki nema eðlilegt að fyrsta greiðsla væri endursend og neitar að greiðsla hafi síðar verið fram boðin. Þá bendir hann á, að leigan hafi ekki verið sett á greiðslugeymslu.

Fallast má á það með áfrýjanda, að afsakanlegt hafi verið að hann hafði þessa málsástæðu ekki uppi við flutning málsins í héraði, og fullnægt sé öðrum skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, svo að taka megi þetta atriði til úrlausnar fyrir Hæstarétti.

Eftir að kröfu um útburð hafði verið synjað bar stefndu að greiða leigu fyrir húsnæðið og hitakostnað meðan hún hagnýtti sér það. Tveir greiðslustaðir voru tilgreindir í síðasta leigusamningi og stefndu ljóst, hvert greiða skyldi. Ekki er sannað að hún hafi nokkru sinni boðið fram leigu eftir að úrskurður gekk í héraði og ekki haldið fram, að hún hafi lagt leiguna á greiðslugeymslu. Hefur stefnda vanrækt leigjandaskyldur sínar í þeim mæli, að skilyrði útburðar eru nú fyrir hendi.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu útburðargerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefnda, Fanný Jónmundsdóttir, skal borin út úr verslunarhúsnæði því, sem hún hefur haft til afnota í húsinu nr. 87 við Laugaveg í Reykjavík, þ.e. á 1. hæð auk hálfs kjallara, allt í austurenda, svo og herbergi í norðvesturhorni hússins.

Stefnda greiði áfrýjanda, Herði Jónssyni, 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. ágúst 1987.

Gerðarbeiðandi Hörður Jónsson, Bakkaflöt 12 í Garðabæ, hefur gert þær réttarkröfur að gerðarþoli Fanný Jónmundsdóttir, Stuðlaseli 30, verði

borin út úr verslunarhúsnæði því sem hún hefur haft til afnota í húsinu nr. 87 við Laugaveg, þ.e. á 1. hæð, auk hálfs kjallara, allt í austurenda, svo og herbergi í norðvesturhorni hússins. Gerðarbeiðandi krefst þess að gerðarþoli verði úrskurðuð til þess að greiða málskostnað.

Gerðarþoli hefur mótmælt því að gerð þessi nái fram að ganga, og krefst þess að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi er fram fór þann 27. júlí sl.

Allt frá 3. maí 1982 hefur gerðarþoli Fanný Jónmundsdóttir haft á leigu hjá gerðarbeiðanda atvinnuhúsnæði það er að framan er lýst. Var þá gerður skriflegur samningur sem gilti frá 3. maí 1972 til 1. september 1983. En þá var gerður nýr samningur til 1. september 1984, og þannig koll af kolli og síðasti samningur aðilanna rann út 1. september 1986.

Allir þessir samningar eru gerðir á eyðublöð er félagsmálaráðuneytið hefur samið, en yfirskrift þeirra er sú að aðeins á við um íbúðarhúsnæði. Að öðru leyti eru eyðublöðin þannig byggð upp að hin ýmsu tíðkanlegu samningsákvæði eru í tilteknum köflum, sem merktir eru í hlaupandi töluröð, og eru eyður til útfyllingar, en síðan smáleturskaflar, til þess gerðir að skýra réttarstöðu aðilanna, og er víðsvegar vísað til hinna ýmsu greina laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

Gerðarbeiðandi hefur unnið ritun viðeigandi samningsákvæða og strikað greinilega út sum ákvæði og einnig strikað yfir eyður, e. atv. Er skjalgerð þessi vandlega unnin, og í meginatriðum er hún hin sama frá ári til árs.

Sá kafli samnings sem hefur orðið málsaðilum að ágreiningsefni og orðið tilefni málaferla er kafli nr. 3 á forsíðu samninganna um leigutíma, en kaflinn greinist í lið A: um tímabundna leigumála, og B: ótímabundna leigumála.

Hér hefur A-liður verið útfylltur þannig að upphaf leigutíma er ritað inn í þar til gerðar eyður, svo og lok leigutíma. Smáletursklausur í áframhaldi af þessu eru látnar halda sér. Þær hefjast á tilsögn um tilkynningarskyldu skv. 16. gr. laga nr. 44/1979, en síðan segir svo: „Vakin er athygli á forleigurétti leigutaka að leigutíma loknum, ef það er ekki hluti þess íbúðarhúss, sem leigusali býr sjálfur í. Vilji leigutaki neyta forleiguréttarins *skal* hann tilkynna leigusala það innan 10 daga frá því honum barst tilkynning samkv. framansögðu (16. gr. laganna).“

B-liður 3. kafla á samningseyðublaðinu er látinn halda sér óútstrikaður og óútfylltur, enda ekki samið um ótímabundinn leigumála. Smáletursskýringar ganga út á að uppsögn skuli vera skrifleg og nánari ákvæði eru um uppsagnarfrest og fardaga, sbr. 14. og 15. gr. nefndra laga. Á forleigurétt er ekki minnst.

Frágangur margnefnds 3. kafla er sá sami frá ári til árs. Síðasti skriflegur

samningur aðilanna rann út þann 1. september 1986, sbr.ákvæði 3. kafla samningsins.

Gerðarbeiðandi krafðist útburðar á gerðarþola þann 9. september 1986 og var útburðarkrafan byggð á því að leigutíma væri lokið og gerðarþoli ætti þannig ekkert með að hafast við í hinu leigða húsrými.

Gerðarþoli bar fyrir sig þann forgangsrétt til áframhaldandi leiguafnota er 3. kafli leigusamnings getur um. Enda þótt formlega séð sé um skýringu á réttarstöðu að ræða, heldur gerðarþoli því fram að með tilliti til þess hvernig samningsgerð hafi verið hagað og ekki strikað yfir ákvæðið um forleigurétt hafi tekist sérstakur samningur um þennan forleigurétt sem aðilum hafi að sjálfsögðu verið heimilt, hvað svo sem lög nr. 44/1979 segi um það atriði.

Úrskurður í fógetamáli þessu, uppkveðinn 18. nóvember 1986, var synjandi. Sú niðurstaða byggðist á því að þar eð ekki væri útilokað með tilliti til gerðar samningsins og annarra aðstæðna þar að lútandi að komist hefði á sérstakur samningur um forgang gerðarþola til leiguafnota að loknum hinum tímabundna samningi, þá þætti ekki fært að láta beina fógetagerð ná fram að ganga að kröfu gerðarbeiðanda.

Nú verður að telja að er gerðarþoli hélt áfram að hagnýta sér húsplássið, að komist hafi á ótímabundinn leigumáli. Aðilar sýnast einnig ganga út frá því. Þessum leigumála hefur gerðarbeiðandi sagt upp með bréfi sínu til gerðarþola, dagsettu 27. nóvember 1986, og er rýmingardagur tiltekinn 1. júní 1987. Það liggur fyrir í máli þessu að gerðarþola hefur borist þessi uppsögn á allra næstu dögum, því í bréfi til lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 2. desember 1986, er uppsögn mótmælt, þó ekki sérstaklega vegna of stutts rýmingarfrests.

Útburðarkrafa gerðarbeiðanda byggist á því að gerðarþoli hafi ekki rýmt húspláss þetta þrátt fyrir lögmæta uppsögn.

Gerðarþoli heldur því fram að uppsögn þessi geti ekki orðið virk gagnvart sér vegna umsamins forgangsréttar. Þrátt fyrir viðleitni sína til að ganga til samnings við gerðarbeiðanda um áframhaldandi leiguafnot á grundvelli þessa forgangsréttar til leiguafnota hafi gerðarbeiðandi engin tilboð gert sér og alls ekki viljað semja. — Að öðru leyti sé uppsagnarfrestur ekki lögmætur. Lágmarksfrestur sé 6 mánuðir, sbr. 3. tl. 13. gr. laga nr. 44/1979, og með tilliti til þess að gerðarþoli hafi aflað sér sérstakrar viðskiptavildar á þessum stað með samfelldum verslunarrekstri í 5 ár ætti hún tvímælalaust að fá lengri frest. Sönnunarbyrði þess að viðskiptavild hafi ekki orðið til hvíli á gerðarbeiðanda eins og hér standi á.

Í flutningi máls þessa var ekki staðfest af hálfu lögmanns gerðarþola að uppsagnarbréfið hefði borist gerðarþola fyrir 1. desember 1986, en því var heldur ekki mótmælt.

Gerðarbeiðandi mótmælir því að gerðarþoli hafi eignast forgangsrétt til leigu, svo og hugleiðingum hans um uppsagnarfrest og viðskiptavild, sem sé alveg ósannað að hafi myndast.

Með tilliti til þess að ekki er útilokað að tekist hafi sérstakur samningur milli aðila um forgangsrétt gerðarþola til leigu þykir ekki óhætt að gerðarþoli verði svipt leiguafnotum sínum með beinni fógetagerð.

Er þannig synjað um hina umbeðnu fógetagerð, en rétt er að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. júní 1988.

Nr. 358/1987. **Guðmundur Sigurjónsson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Ólafi B. Ólafssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Útburðargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1987. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði var leigusamningur sá, sem mál þetta fjallar um, gerður milli stefnda og Varma bílasprautunar hf. Því er ekki haldið fram, að hlutafélagið hafi framselt áfrýjanda leiguréttinn áður en það var úrskurðað gjaldþrota, og ekki verður talið, að áfrýjandi hafi gerst persónulega aðili að leigusamningnum. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera órsakaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Sigurjónsson, greiði stefnda, Ólafi B. Ólafssyni, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Kjósarsýslu 1. desember 1987.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 25. nóvember sl.

Af hálfu gerðarbeiðanda Ólafs B. Ólafssonar, nnr. 6779-4036, eru þær réttarkröfur gerðar að gerðarþolar eða -þoli, þrb. Varma bílasprautun hf., nnr. 9161-7358, Auðbrekku 14, Kópavogi, og/eða Guðmundur Sigurjónsson, Norðurtúni 20, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, verði borinn út úr húsnæði því sem aðilar þessir, annar eða báðir, hafa haft til afnota að Norðurtúni 20, Bessastaðahreppi.

Þá gerir gerðarbeiðandi þær dómkröfur að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli gerir þær dómkröfur að synjað verði um hina umbeðnu útburðargerð og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi er þinglýstur eigandi þeirrar eignar sem mál þetta snýst um. Þann 10.6. 1986 var gerður húsaleigusamningur um ofangreinda eign milli gerðarbeiðanda og gerðarþola, Guðmundar Sigurjónssonar f.h. Varma bílasprautunar hf. Leigusamningur þessi var tímabundinn frá 1. ágúst 1986 til 31. júlí 1987.

Málavexti kveður gerðarbeiðandi þá að hann hafi þann 4. júní 1987 ritað gerðarþola bréf þar sem hann hafi vakið athygli á forleigurétti leigutaka og að sér væri nauðsyn á að vita hvort gerðarþoli hygðist nýta sér hann. Hafi hann óskað skriflegs svars um þetta. Svar hafi hins vegar aldrei borist.

Við heimkomuna 27. júlí sl. hafi gerðarbeiðandi strax haft samband við gerðarþola og sagt honum að hann, gerðarbeiðandi, væri ákveðinn í að selja eignina svo að frekari leiga kæmi ekki til greina. Hins vegar hafi komið til greina að gera samning við Guðmund persónulega um að hann fengi að vera í húsinu þar til það yrði afhent nýjum eigendum. Meðan á viðræðum þessum hafi staðið hafi gerðarbeiðandi tekið við greiðslu fyrir ágústmánuð og gefið kvittun stílaða á gerðarþola Guðmund persónulega, en áður hafi kvittanir að jafnaði verið stílaðar á Varma bílasprautun. Hafi hann með því viljað sýna gerðarþola sérstaka velvild, þar sem sýnilegt var að hann þyrfti ekki að afhenda húsið strax nýjum eigendum.

Tilboð hafi komið í hús gerðarbeiðanda 27. ágúst 1987 og hafi verið gengið frá kaupsamningi 12. september sama ár.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi, svo sem krafist er í lögum, sbr. 1. mgr. 16. gr. l. 44/1979, sent gerðarþola bréf og eftir lestur þess hljóti gerðarþola að hafa verið ljóst eða mátt vera ljóst að gerðarbeiðanda hafi verið mikið í mun að vita hvað gerðarþoli ætlaðist fyrir. Þrátt fyrir það hafi ekkert svar borist, svo sem þó sé ráð fyrir gert í 2. mgr. 16. gr. s.l. Hann hafi fyrst séð kröfu um forleigurétt í bréfi lögmanns gerðarþola til lögmanns síns dags. 9. okt. 1987.

Þá byggir gerðarbeiðandi kröfu sína á því að leigutaki sé gjaldþrota og að þrotabúið hafi enga heimild haft til að framselja réttindi sín, sbr. 22. gr. l. nr. 6/1978, sbr. og 1. mgr. 56. gr. l. nr. 44/1979. Þá vilji þrotabúið enga ábyrgð á samningnum taka né hefur lýst sig hafa áhuga á að halda honum til streitu, sbr. bréf skiptaráðandans í Kópavogi, dags. 9. okt. 1987. Megi í þessu sambandi vísa til 1. mgr. 43. gr. l. nr. 6/1978, sbr. 1. mgr. 45. gr. s.l.

Gerðarbeiðandi mótmælir þeim fullyrðingum gerðarþola að krafa um rýmingu húsnæðisins hafi verið of seint til komin. Gerðarþola hafi verið fullljóst í síðasta lagi um mánaðamótin júlí/ágúst, þ.e. þegar gerðarbeiðandi kom heim frá Danmörku, að hann yrði að rýma húsnæðið innan skamms tíma. Þá þegar hafi því krafan um rýmingu húsnæðisins verið komin fram.

Þá mótmælir gerðarbeiðandi því að 57. gr. l. nr. 44/1979 eigi við með lögjöfnun um viðskipti aðila. Þar sé um að ræða undantekningarákvæði og frá þeim verði ekki lögjafnað. Þá séu efnisástæður að baki því aðrar og atriðin ekki náskyld eða samkynja svo sem kröfur séu gerðar um. Það geti og skipt verulegu máli fyrir ákvörðun leigusala um leigu húsnæðis hvort leigutaki er hlutafélag eða einstaklingur.

Gerðarbeiðandi telur rétt sinn ótvíræðan. Hann hafi í einu og öllu farið að fyrirmælum laga og haft allt frumkvæði í málinu svo sem ráða megi af málskjölum.

Um lagarök vísar gerðarbeiðandi á 1. mgr. sbr. 2. mgr. 16. gr. l. nr. 44/1979. Þá vísar hann til 22. gr. l. 6/1978 sbr. 1. mgr. 56. gr. l. 44/1979 sbr. og 1. mgr. 43. gr. l. nr. 6/1978 sbr. 1. mgr. 45. gr. s.l.

Gerðarþoli telur að bréf það er gerðarbeiðandi sendi til hans 4. júní 1987 feli ekki í sér skriflega tilkynningu frá gerðarbeiðanda um það að hann hygðist ekki framlengja leigusamning, en skv. 1. mgr. 16. gr. laga um húsaleigusamninga nr. 44/1979 stofnist ótímabundinn leigumáli með aðilum ef leigusali sendir ekki leigutaka skriflega tilkynningu um slíkt, eigi síðar en 1 mánuði og lengst 3 mánuðum áður en leigutíminn er útrunninn. Í bréfi gerðarbeiðanda sé óskað svars um það hvort gerðarþoli hafi hugsað sér að leigja áfram og hafi bréfinu verið svarað með því að gerðarþoli hafi hringt til gerðarbeiðanda, sem bjó í Danmörku, í júní sl., og hafi sagt gerðarbeiðanda að hann óskaði eftir að hafa húsnæðið á leigu áfram í 12 mánuði. Aðilar hafi komið sér saman um að ræða hugsanlega leigu á húsnæðinu eftir að gerðarbeiðandi kæmi heim frá Danmörku í lok júlí.

Eftir að gerðarbeiðandi kom til landsins hafi aðilar rætst við, en ekki hafi náðst fullt samkomulag þannig að hægt yrði að ganga frá skriflegum samningi. Umræður hafi átt sér stað eftir að umsömdum leigutíma lauk og engin krafa hafi komið fram um rýmingu húsnæðisins fyrr en í lok septembermánaðar.

Auk áðurnefndrar málsástæðu byggir gerðarþoli rétt sinn til áframhaldandi veru í húsnæðinu á því að meira en mánuður leið frá því að leigutíma lauk skv. tímabundnum leigumála þar til krafa hafi komið frá leigusala um rýmingu húsnæðisins. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 44/1979 geti leigutaki í slíku tilviki krafist þess að leigumáli framlengist ótímabundið.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi m.a. krafist útburðar á Varma bílasprautun hf. Gerðarþoli Guðmundur kveðst líta svo á, að Varmi bílasprautun hf. geti ekki talist aðili þar sem félagið hafi ekki aðsetur að Norðurtúni 20. Það hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og skiptaráðandinn í Kópavogi hafi lýst því yfir að mál þetta sé skiptaréttinum óviðkomandi, sbr. bréf skiptaráðandans í Kópavogi dags. 9. okt. 1987.

Gerðarþoli kveður staðreyndina þá að áðurnefnt hlutafélag sé gjaldþrota og gerðarþoli Guðmundur Sigurjónsson sem verið hafi framkvæmdastjóri þess, hafi í einu og öllu komið fram sem leigutaki og hafi tekið við réttindum og skyldum leigutaka. Þegar hlutafélagið hafði verið lýst gjaldþrota og kallaðar voru inn kröfur á félagið hafi leigusali engar kröfur gert á hendur félaginu, sent því enga áskorun eða krafist riftunar. Þess í stað hafi hann tekið við greiðslum frá Guðmundi Sigurjónssyni á leigu og staðið í samningum við hann eftir að hinum umsamda leigutíma lauk. Á kvittun sem lögð hefur verið fram í réttinum er Guðmundur Sigurjónsson nefndur greiðandi húsaleigu fyrir ágústmánuð (1987).

Gerðarþoli kveður gerðarbeiðanda ekki hafa uppfyllt ströng ákvæði 1. mgr. 16. gr. l. nr. 44/1979 um tilkynningar til leigutaka, þannig að frá 1. ágúst s.l. gildi ótímabundinn leigumáli milli aðila. Krafa um rýmingu komi einnig of seint þannig að af þeirri ástæðu einni stofnist ótímabundinn leigumáli, sbr. 17. gr. sömu laga. Gerðarbeiðandi hafi engar tilkynningar sent eða uppsagnir til þrotabús skráðs leigutaka og hafi í reynd engum athugasemdum hreyft við því, að Guðmundur Sigurjónsson sé leigutaki. Í þessu sambandi sé vísað til 48. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann hafi að auki rétt til framsals á leigusamningi sbr. 57. gr. l. nr. 44/1979 (með lögjöfnun). Þá sé einnig vísað til þeirrar venju í útburðarmálum að viðurkenna ekki kröfu um útburð nema réttur leigusala sé ótvíræður.

Í bréfi gerðarbeiðanda til gerðarþola Guðmundar dags. 4. júní 1987 verður ekki talin felast tilkynning um að gerðarbeiðandi hygðist ekki framlengja leigumálann, eins og tilskilið er í 1. mgr. 16. gr. l. 44/1979. Því kemur 2. mgr. 16. gr. sömu laga hér ekki til athugunar. Í ofangreindu bréfi er hins vegar skýr ósk frá gerðarbeiðanda til gerðarþola um svarbréf varðandi það hvort gerðarþoli Guðmundur hafi hug á að hafa hús gerðarbeiðanda áfram á leigu. Slíkt svarbréf var aldrei sent af hálfu gerðarþola. Aðilar munu hafa átt viðræður sín á milli um áframhaldandi leigu en óljóst er um innihald þeirra viðræðna.

Ósannað er að gerðarþola Guðmundi hafi borist krafa um að rýma umrætt húsnæði, fyrr en með bréfi dagsettu þann 18.09. 1987, þ.e. sex dögum eftir dagsetningu sölusamnings um fyrrgreint húsnæði.

Húsaleigusamningur sá sem er upphaf lögskipta aðila í ofangreindu máli er gerður milli gerðarbeiðanda og gerðarþola Guðmundar f.h. Varma bílasprautunar hf., Auðbrekku 14. Leigutaka er óheimilt að framleigja eða framselja leigurétt sinn að hluta eða öllu leyti án samþykkis leigusala, sbr. ofangreindan húsaleigusamning og 56. gr. l. nr. 44/1979. Og ekki verður talið að gerðarþoli Guðmundur geti öðlast þennan rétt með lögjöfnun frá 57. gr. l. 44/1979.

Þrátt fyrir að gerðarbeiðandi hafi í framangreindu bréfi nefnt gerðarþola Guðmund Sigurjónsson og fjölskyldu sem leigutaka og gefið út eins kvittun á nafn Guðmundar vegna leigugreiðslu í ágúst (1987), verður ekki talið að þar með hafi öll réttindi og skyldur leigutaka færst frá Varma bílasprautun hf. yfir á gerðarþola Guðmund.

Í bréfi skiptaráðandans í Kópavogi kemur fram að hann telji ofangreint útburðarmál skiptaréttinum í Kópavogi óviðkomandi, þar sem honum sé ekki kunngt um að þrb. Varma bílasprautunar hf. „hafi haft greint húsnæði á leigu".

Húsaleigusamningur gerðarbeiðanda er við Varma bílasprautun hf., og þar sem þrb. Varma bílasprautunar hf. vísar þessu máli frá sér og ekki

verður talið að réttindi og skyldur skv. húsaleigusamningnum færist yfir á gerðarþola Guðmund á neinn þann hátt sem gerðarþoli Guðmundur heldur fram, verður að viðurkenna rétt gerðarbeiðanda á að fá gerðarþola Guðmund borinn út úr húsnæði því sem hann hefur haft til afnota að Norðurtúni 20, Bessastaðahreppi.

Eftir atvikum þykir þó rétt að fella málskostnað niður.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Útburðargerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. júní 1988.

Nr. 45/1988. **Jón Jóhannsson og Samvinnutryggingar g.t.** (Gunnar M. Guðmundsson hrl.) gegn **Guðmundi Péturssyni** (Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1987 til þingfestingar 1. febrúar 1988. Þá varð útivist af þeirra hálfu. Þeir skutu málinu á ný til Hæstaréttar skv. heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 9. febrúar 1988.

Dómkröfur þeirra eru þær, að þeir verði sýknaðir og stefnda gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram fóru eigi fram yfirheyrslur fyrir dómi í máli þessu, heldur létu aðiljar lögreglurannsókn nægja.

Mál þetta snýst um það, hvort aðaláfrýjandinn, Jón, hafi ekið með aðalljósum fyrir áreksturinn eða ekki. Stefndi hefir sönnunarbyrðina fyrir því að bifreiðinni K-671 hafi verið ekið ljóslausri er áreksturinn varð, svo sem haldið er fram í héraðsstefnu. Í lögregluskýrslu, sem tekin var strax eftir slysið, er þess ekki getið, að stefndi, Guðmundur, hafi minnst á þetta, heldur er m.a. bókað eftir honum, að honum hafi „með einhverjum hætti sést yfir þá bifreið".

Vitnið Kristján J. Pétursson, er var farþegi í framsæti bifreiðarinnar A-10663, er áreksturinn varð, bar hjá lögreglu hinn 14. nóvember 1986 m.a.: „ Ég er alveg sannfærður um að bifreiðinni K-671 var ekið án fullra ökuljósa. Ég gæti þó trúað að stöðuljós bifreiðarinnar hafi verið kveikt."

Í hinum áfrýjaða dómi er rakinn framburður vitnisins Björns Pálssonar hjá lögreglu 18. nóvember 1986. Í framburði þessum sagði hann m.a. að hann væri „þess alveg fullviss að engin afturljós loguðu á bifreiðinni" (þ.e. K-671). Ennfremur bar hann: „Ég held að framljós bifreiðarinnar hafi ekki logað heldur."

Engin rannsókn hefir farið fram á því, hvernig það má vera, að Kristján J. Pétursson telur að kveikt hafi verið á stöðuljósum bifreiðarinnar K-671, en vitnið Björn Pálsson kveðst þess fullviss að engin afturljós hafi logað á bifreiðinni.

Er vitnið Björn ók á eftir K-671 í umrætt sinn, var einn bíll á milli. Óupplýst er hverrar gerðar hann var. Vitnið Björn gat því ekki örugglega séð, hvort framljós K-671 voru tendruð fyrir árekstur inn.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, telst það ósannað, gegn andmælum aðaláfrýjandans Jóns Jóhannssonar, að hann hafi ekið ljóslaus, er áreksturinn varð. Ekki er heldur sannað að árekst-

urinn stafi af vanbúnaði bifreiðarinnar K-671. Telst stefndi Guðmundur því hafa átt alla sök á árekstrinum með því að beygja til vinstri í veg fyrir bifreiðina K-671 andstætt niðurlagsákvæði 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er þá voru í gildi.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda í máli þessu, en rétt þykir, með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Jón Jóhannsson og Samvinnutryggingar g.t., eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnda, Guðmundar Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara og Hjartar Torfasonar, setts hæstaréttardómara.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Svo virðist sem það hefði getað orðið til skýrleiksauka, ef sjónarvottar hefðu verið kvaddir til vitnisburðar fyrir héraðsdómi ásamt þeim lögreglumönnum, sem á slysstað komu, en málið þykir þó nægilega upplýst með þeim skýrslum, sem gefnar voru við lögreglurannsókn.

Slysið varð á fjölförnum gatnamótum, og bar áfrýjanda Jóni að gæta varúðar við akstur yfir þau þrátt fyrir biðskyldu á Hlíðarbraut gagnvart Hörgárbraut, sbr. c-lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Með tilliti til þessa og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að gera áfrýjendum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 35.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jón Jóhannsson og Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnda, Guðmundi Péturssyni, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 1. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. október sl., hefur Guðmundur Pétursson, nnr. 3098-7888, Einholti 16 b, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 2. apríl 1987, á hendur Jóni Jóhannssyni, nnr. 5153-7599, Syðra-Vatni, Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu, og Samvinnutryggingum g.t. hf., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

Eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 155.000,00 með 9% ársvöxtum frá 11. nóvember 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 14. apríl s.á., en ársdráttarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá á hverjum tíma sbr. 9. og 10. gr. sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómara.

Málsatvik eru þau að þriðjudaginn 11. nóvember 1986 um kl. 17:40 varð árekstur á mótum Hörgárbrautar og Hlíðarbrautar á Akureyri milli bifreiðanna K-671 og A-10663. Eigandi og ökumaður A-10663 var stefnandi máls þessa en eigandi og ökumaður K-671 var stefndi Jón Jóhannsson og tryggingafélag þeirrar bifreiðar stefnda Samvinnutryggingar g.t.

Áreksturinn varð með þeim hætti að bifreiðinni K-671 var ekið norður Hörgárbraut, en bifreiðinni A-10663 var ekið suður sömu götu, en er hún kom að gatnamótum Hlíðarbrautar sveigði ökumaður til vinstri í veg fyrir K-671 og hugðist aka austur Hlíðarbraut. K-671 skall þá á hægri hlið A-10663. Við áreksturinn urðu miklar skemmdir á bifreiðinni A-10663 og hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna þeirra.

Byggir stefnandi kröfu sína á því að stefndi Jón, ökumaður K-671, eigi sök á árekstri þessum með því að aka bifreið sinni of hratt miðað við aðstæður, ljóslausri og vanbúinni í greint sinn, og brjóta með því ákvæði umferðarlaga.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi valdið árekstrinum og einn átt sök á honum með ólögmætum og mjög ógætilegum akstri.

Af hálfu stefndu er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að bifreiðinni K-671 hafi verið ekið án ökuljósa eða með þeim hætti að öðru leyti að nokkur gild rök séu til þess að sakast við hann um áreksturinn.

Í máli þessu leikur ekki vafi á um sök stefnanda. Ekkert er fram komið um að stefndi Jón hafi ekið óeðlilega hratt og af gögnum málsins verður ekki séð að bifreið hans K-671 hafi verið vanbúin þannig að áreksturinn verði til þess rakinn. Verður sök á hendur ökumanni K-671 því eigi byggð á þessum atriðum.

Eins og að framan greinir heldur stefnandi því fram, að bifreiðin K-671 hafi verið ljóslaus. Þess vegna hafi hann ekki séð bifreiðina, en myrkur

var er umræddur árekstur varð. Þessu mótmæla stefndu eins og að framan greinir.

Rétt þykir að rekja gögn málsins að því er þetta atriði varðar. Yfirheyrslur hafa ekki farið fram hér fyrir dóminum, en fram hafa verið lagðar lögregluskýrslur í málinu.

Stefndi Jón Jóhannsson, ökumaður K-671, fullyrti við lögreglu á vettvangi, að hann hefði ekið með lág ökuljós tendruð. Hann hefur síðan tvisvar gefið skýrslu hjá lögreglu og haldið fast við þennan framburð sinn.

Ökumaður A-10663, Guðmundur Pétursson, stefnandi máls þessa, skýrði lögreglu svo frá á vettvangi, að „sér hefði með einhverjum hætti sést yfir þá bifreið" (þ.e. K-671). Við síðari yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst stefnandi hafa mótmælt því að ökumaður K-671 hefði verið með full ökuljós; kvaðst hann hvorki hafa séð ljós né ljósbjarma þegar hann beygði í veg fyrir K-671. Kvaðst hann eftir árekstrinn hafa tekið eftir því að aðeins stöðuljós K-671 voru kveikt.

Vitnið Kristján Jakob Pétursson, farþegi í bifreiðinni A-10663, skýrði svo frá fyrir lögreglu að hann væri sannfærður um að K-671 hefði verið ekið án fullra ökuljósa. Kvaðst hann muna að eftir árekstrinn hefðu stöðuljós K-671 logað nema hægra stöðuljósið. Kvaðst vitnið hafa setið í hægra framsæti A-10663 og ekki orðið vart við K-671 fyrr en rétt í þann mund er árekstrinn varð.

Vitnið Björn Pálsson kvaðst hafa ekið norður Hörgárbraut í greint sinn á eftir K-671, en ein bifreið hafi verið á milli bifreiðanna. Kvaðst hann engin afturljós hafa séð á bifreiðinni K-671 og vera þess fullviss að engin afturljós hefðu logað á henni. Kvaðst hann halda að framljós K-671 hefðu heldur ekki logað. Hann hefði ekki séð neinn ljósbjarma skella á bifreiðinni A-10663 þegar árekstrinn varð og því fundist mjög líklegt að ekki hefðu verið kveikt ökuljós á K-671. Kvaðst hann þó ekki alveg fullyrða það.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu skýrði stefndi Jón Jóhannsson m.a. svo frá: „Eftir að ég var sestur inn í lögreglubílinn þá kom þangað lögreglumaður sem tók skýrsluna af mér, K. J. Kristjánsson. Sagði hann að lága geislann vinstra megin vantaði á bifreið mína, margtók hann þetta fram, en ég mótmælti. Eftir að skýrslutökunni lauk kallaði ég þennan lögreglumann að bifreiðinni og sýndi honum að ljósin voru í lagi, þ.e. vinstra, því hægra brotnaði í árekstrinum."

Samkvæmt þessu, svo og því sem að framan er rakið, þykir sýnt að einungis stöðuljós K-671 hafi logað eftir árekstrinn. Í gögnum málsins er ekki að finna skýringar stefnda Jóns Jóhannssonar á þessu. Að framangreindu virtu þykir mega við það miða að bifreiðinni K-671 hafi einungis verið ekið með stöðuljósum í greint sinn þrátt fyrir mótmæli stefnda Jóns. Þykir stefndi Jón með þessu háttalagi sínu eiga nokkra sök á árekstrinum.

Hæfilegt þykir að skipta sök þannig, að ökumaður K-671 beri ⅓ hluta hennar, en stefnandi sjálfur ⅔ hluta.

Ber samkvæmt þessu að dæma stefndu til að greiða stefnanda ⅓ hluta tjóns hans eða kr. 51.667,00 ásamt vöxtum eins og krafist er, en í málinu er ekki tölulegur ágreiningur um kröfur stefnanda.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Jóhannsson og Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnanda, Guðmundi Péturssyni, in solidum kr. 51.667,00 ásamt 9% ársvöxtum frá 11. nóv. 1986 til 21. jan. 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 14. apríl s.á., en dráttarvöxtum samkv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. júní 1988.

Nr. 154/1988. **Jón Ó. Ragnarsson**
gegn
Iðnþróunarsjóði.

Kærumál. Skuldamál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. maí sl., sem barst Hæstarétti 25. s.m. Hann krefst þess aðallega að hinum kærða úrskurði verði hrundið og vitnaleiðslur verði heimilaðar í málinu, en til vara að heimilað verði að leiða tvö nafngreind vitni svo og að sóknaraðila verði heimil aðilaskýrsla fyrir dómi. Hann krefst kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp 19. maí sl. hinn kærða úrskurð, sem er án forsendna og hljóðar svo: „Kröfu varnaraðila Jóns Ragnarssonar um að leiða vitni í máli þessu er hafnað." Hann hefur sent dóminum athugasemdir samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973. Þær eru svohljóðandi:

I.

„Með uppboðsbeiðni dags. 14. ágúst 1987 óskaði Iðnþróunarsjóður nauðungaruppboðs á hluta fasteignarinnar nr. 56 við Hverfisgötu, Reykjavík til greiðslu eftirstöðva veðskuldabréfs að upphæð USD 39.613,73 auk vaxta og kostnaðar. Í uppboðsrétti 15. febrúar 1988 komu fram mótmæli eiganda eignarinnar gegn því að fram færi annað og síðara uppboð á eigninni. Mótmæli þessi voru tekin fyrir í uppboðsrétti þann 23. s.m. og þá ákveðið að reka um ágreining aðila sérstakt uppboðsréttarmál sem þingfest var 11. mars s.á.

Í greinargerð varnaraðila, sem lögð var fram í uppboðsrétti 12. apríl sl., kemur fram að hann kveður skuld skv. veðskuldabréfinu nema USD 33.184,97 og sé sú skuld ekki í vanskilum. Byggir hann á því að hann hafi árið 1986 samið við þáverandi iðnaðarráðherra, Albert Guðmundsson, um að andvirði tiltekinna víxla, sem innheimtir yrðu hjá Othari Erni Petersen hrl. rynni til greiðslu á skuldinni eftir því sem víxlar þessir greiddust. Óskaði varnaraðili eftir að leiða þessa menn sem vitni í uppboðsrétti auk þess sem óskað var að varnaraðili gæfi aðilaskýrslu fyrir réttinum til að bera um þetta atriði.

Í uppboðsrétti 19. maí sl. krafðist sóknaraðili þess að fram færi uppboð á eigninni fyrir USD 33.184,97 eða viðurkenndri skuld varnaraðila. Varnaraðili tilkynnti að varnaraðili væri erlendis og óskaði að málinu yrði frestað og að hann fengi að leiða vitni. Sóknaraðili mótmælti að vitni væru leidd í málinu um áðurgreind mótmæli vegna XVII. kafla laga nr. 85/1936 og krafðist úrskurðar um það atriði.

II.

Sóknaraðili hefur krafist uppboðs á hluta fasteignarinnar nr. 56 við Hverfisgötu á grundvelli veðskuldabréfs útg. 8. ágúst 1977. Í veðskuldabréfi þessu eru ákvæði þess efnis að leita megi fullnægju í hinni

veðsettu eign og láta selja hana á nauðungaruppboði án undangengins dóms eða sáttar skv. 15. gr. laga 16. des. 1885 eða selja hana á uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar skv. 39. gr. laga nr. 95/1947 sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887. Mál er rísa kunna út af skuld eða veðsetningu skv. veðskuldabréfinu skulu rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 eftir því sem í veðskuldabréfinu greinir.

Samkvæmt framlögðum skjölum er veðskuldabréf þetta í vanskilum frá 1. október 1982 og óumdeilt er að gjaldfallin skuld samkvæmt því nemur ekki lægri fjárhæð en USD 33.184,97. Varnir þess efnis að sú skuld sé ekki í vanskilum fengju ekki að komast að, ef mál þetta væri rekið fyrir almennum héraðsdómstól skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Varnaraðili hefur ekki víðtækari rétt í þeim efnum fyrir uppboðsrétti. Þá ber til þess að líta að hraða ber málsmeðferð fyrir uppboðsrétti og að gagnaöflun verður þar ekki leyfð nema að takmörkuðu leyti. Dómari telur því að gegn andmælum sóknaraðila hafi borið að synja um umbeðna vitnaleiðslu."

Í skuldabréfinu frá 8. ágúst 1977 segir, að skuldin samkvæmt bréfinu endurgreiðist á næstu 10 árum með jöfnum misserislegum afborgunum, hinn 1. apríl og 1. október ár hvert þar til lánið sé að fullu greitt. Fyrsta afborgun fari fram hinn 1. október 1978.

Sóknaraðili segir aðalkröfu sína reista á því, að honum sé heimilt að leiða þau vitni, sem hann telur nauðsynlegt og eftir því sem gagnaöflun segir til um. Varakröfuna telur hann taka til þeirra nafngreindu vitna, sem hann í greinargerð sinni áskilji sér að leiða. Hann telur að úrslit málsins geti oltið á framburði vitna og hans sjálfs. Þá séu ekki efni til uppboðskröfunnar og deilt sé um hvort stjórn stefnda hafi tekið lögmætar ákvarðanir um vaxtafót af skuldinni. Þessar varnir geti verið innan XVII. kafla einkamálalaganna, svo krafa varnaraðila um að uppboðsmálið verði rekið samkvæmt fyrirmælum þess kafla skipti hér ekki máli.

Varnaraðili telur hins vegar ekki fyrir hendi rétt til að leiða vitni í málinu eða taka skýrslu af sóknaraðila og vísar í því sambandi sérstaklega til 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Ekki kemur til álita að greiða úr því á þessu stigi uppboðsmálsins, hvaða vaxtafót skuli nota við útreikning vaxta af skuldinni. Bíður það úthlutunar uppboðsandvirðis, ef af uppboði verður. Með tilvísun til

3. mgr. 208. gr. og 1. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. júní 1988.

Nr. 223/1987. **Þrotabú Heimis hf.**
(Örn Höskuldsson hdl.)
gegn
Olíuverslun Íslands hf.
(Jón Ingólfsson hdl.)

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Veðréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að kröfum stefnda Olíuverslunar Íslands hf. í þrotabú Heimis hf. að fjárhæð kr. 617.291,95 ásamt vöxtum til frestdags 20. maí 1985 verði skipað með almennum kröfum í þrotabúið en vextir eftir frestdag verði eftirstæðar kröfur.

Til vara krefst hann þess að einungis verði viðurkenndur réttur stefnda til stöðu utan skuldaraðar vegna afborgana nr. 7 að fjárhæð

kr. 86.127,27, sem stefndi greiddi hinn 28. febrúar 1985 og nr. 8 að fjárhæð kr. 102.953,30, sem hann greiddi hinn 29. mars 1985, auk vaxta til greiðsludags, en afgangi kröfunnar kr. 701.173,73 verði áfram skipað með almennum kröfum í þrotabúið og áfallandi vextir og kostnaður eftir frestdag 20. maí 1985 vegna þess hluta teljist eftirstæðar kröfur.

Til þrautavara krefst áfrýjandi þess að einungis verði viðurkenndur réttur stefnda til stöðu utan skuldaraðar vegna afborgana nr. 1 til 6 samtals að fjárhæð kr. 434.688,15, sem stefndi greiddi meira en 6 mánuðum fyrir frestdag ásamt vöxtum til greiðsludags, en eftirstöðvum kröfunnar, kr. 224.816,83, verði áfram skipað með almennum kröfum í þrotabúið og áfallandi vextir og kostnaður eftir frestdag 20. maí 1985 vegna þess hluta teljist eftirstæðar kröfur.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir undirrétti og Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að viðurkenndur verði réttur hans sem veðhafa gagnvart áfrýjanda til úthlutunar af söluandvirði m/b Heimis KE 77, fyrir kr. 617.691,95 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 56.170,25 frá 15. maí 1983 til 15. ágúst s.á., af kr. 122.455,00 frá þeim degi til 15. nóvember s.á., af kr. 197.010,05 frá þeim degi til 15. desember s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. janúar 1984, með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. febrúar s.á., af kr. 273.884,45 með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. maí 1984, af kr. 353.057,34 frá þeim degi til 15. ágúst s.á., af kr. 434.688,15 frá þeim degi til 15. september s.á., af kr. 518.484,95 frá þeim degi til 15. febrúar 1985, af kr. 617.691,95 með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. mars s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. júní s.á., með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. september s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. apríl s.á., með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. júní s.á., með 2,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. júlí s.á., með 3% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. ágúst s.á., með 3,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. september s.á., með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. október s.á., með 3,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. nóvember s.á., með 3,8% dráttarvöxtum frá

þeim degi til 15. desember s.á., með 4,1% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. janúar 1988, með 4,3% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. mars s.á., með 3,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. maí s.á. og með 3,7% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Til vara krefst stefndi viðurkenningar á veðrétti sínum skv. aðalkröfu af lægri fjárhæð en þar er krafist sem eðlilegri væri talin að mati réttarins, auk dráttarvaxta eins og í aðalkröfu greinir.

Þá krefst stefndi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, auk lögmælts söluskatts til ríkissjóðs.

Máli þessu hefur ekki verið gagnáfrýjað. Kemur því ekki til álita krafa stefndu um vexti eftir 20. maí 1985.

Stefndi krefst greiðslu á 617.619,95 krónum með vöxtum. Mismunur þessarar fjárhæðar og þeirrar, sem úrskurður gekk um í héraði, stafar af því, að eftir uppsögu úrskurðarins hefur stefndi fengið endurgreidda 9. afborgun af skuldabréfi því, sem málið snýst um.

Með þessum athugasemdum og með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, þó þannig, að höfuðstóll kröfu stefndu skal teljast sú fjárhæð, sem nefnd er í aðalkröfu fyrirtækisins fyrir Hæstarétti og fyrr er getið. Með hliðsjón af kröfugerð stefndu verða vextir svo sem í dómsorði segir. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000,00 krónur.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefndu Olíuverslunar Íslands hf. sem veðhafa til úthlutunar af söluandvirði m.b. Heimis KE-77 fyrir 617.691,95 krónum með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 56.170,25 frá 15. maí 1983 til 15. ágúst 1983, af kr. 122.455,00 frá þeim degi til 15. nóvember 1983, af kr. 197.010,05 með 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1983, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. janúar 1984, en með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. febrúar s.á., af kr. 273.884,45, með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. maí 1984, af kr. 353.057,34 frá

þeim degi til 15. ágúst 1984, af kr. 434.688,15 frá þeim degi til 15. nóvember 1984, af kr. 518.484,95 frá þeim degi til 15. febrúar 1985, af kr. 617.691,95 með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 20. maí 1985.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi þrotabú Heimis hf. greiði stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og er þá tekið tillit til söluskatts af málflutningsþóknun.

Úrskurður skiptaréttar Keflavíkur 11. febrúar 1987.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 29. janúar 1987 að loknum munnlegum málflutningi, var endurflutt, en það hafði verið tekið til úrskurðar þann 6. janúar sl. Málið, sem rekið er fyrir skiptarétti Keflavíkur, varðar ágreining er upp kom á skiptafundi í þrotabúi Heimis hf. í Keflavík 23. janúar 1986 um ákvörðun skiptaráðanda um stöðu kröfu í skuldaröð í þrotabúið.

Sóknaraðili er Jón Ólafsson hrl. f.h. Olíuverslunar Íslands hf. en varnaraðili er Sigurmar K. Albertsson hdl. skiptastjóri f.h. þrotabús Heimis hf.

Sóknaraðili gerir þá aðalkröfu að viðurkenndur verði veðréttur Olíuverslunar Íslands hf. við úthlutun á söluandvirði mótorskipsins Heimis KE-77 frá Keflavík fyrir kr. 702.349,15 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 56.170,25 frá 15. maí 1983 til 15. ágúst 1983 af kr. 122.455,95 frá þeim degi til 15. nóvember 1983, af kr. 197.010,05 með 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1983 en 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. janúar 1984, en með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. febrúar 1984 af kr. 273.884,45 með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. maí 1984 af kr. 353.057,45 frá þeim degi til 15. ágúst 1984 af kr. 434.688,15 frá þeim degi til 15. september sama ár, en 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. nóvember 1984 af kr. 518.484,95 frá þeim degi til 15. febrúar 1985 af kr. 617.691,95 með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. mars 1985 en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. maí 1985 af kr. 702.349,15 frá þeim degi til 15. júní 1985 en með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. september 1985 en með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. mars 1986 en með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. apríl sama ár, en með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er krafist staðfestingar réttarins á veðrétti sóknaraðila sam-

kvæmt aðalkröfu af lægri fjárhæð sem eðlilegri er talin að mati réttarins.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ með tilliti til málskostnaðarreiknings.

Af hálfu varnaraðila er gerð krafa um að kröfu sóknaraðila að fjárhæð kr. 890.254,23 verði skipað með almennum kröfum í þrotabúi Heimis hf. Til vara er krafist að einungis verði viðurkenndur réttur sóknaraðila til stöðu utan skuldaraðar vegna afborgana nr. 7 að fjárhæð kr. 86.127,27 sem sóknaraðili greiddi þann 28. febrúar 1985 og afborgunar nr. 8 að fjárhæð kr. 102.953,30 sem hann greiddi þann 29. mars 1985 auk vaxta til greiðsludags, en afgangi kröfunnar kr. 701.173,73 verði áfram skipað með almennum kröfum og áfallandi vextir og kostnaður vegna þess hluta kröfunnar teljist eftirstæðar kröfur. Af hálfu varnaraðila er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í byrjun árs 1983 fór fram umfangsmikil skuldbreyting á lausaskuldum útgerðarmanna vegna rekstrarerfiðleika útgerðar í landinu. Einn þáttur þessara aðgerða var að breyta hluta viðskiptaskulda útgerðarfyrirtækisins Heimis hf. í Keflavík við sóknaraðila, Olíuverslun Íslands hf., í veðtryggt lán. Í því skyni undirritaði stjórn Heimis hf. veðskuldabréf þann 17.2. 1983 þar sem viðurkennd er skuld félagsins við Landsbanka Íslands að upphæð kr. 862.000,00 og var lánsfjárhæðin bundin lánskjaravísitölu. Til tryggingar greiðslu var Landsbanka Íslands veðsettur m/b Heimir KE-77 með 10. veðrétti og uppfærslurétti. Samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins átti skuldin að greiðast með 20 afborgunum á 3ja mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. mai 1983. Veðskuldabréfið var auðkennt nr. 91015 hjá Landsbanka Íslands. Með áritun á veðskuldabréf þetta tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldar skv. ákvæðum veðskuldabréfsins en Landsbanki Íslands greiddi sóknaraðila andvirði þess.

Þann 20. maí 1985 var Heimir hf. úrskurðað gjaldþrota að beiðni stjórnar félagsins. Frestur til að lýsa kröfum í búið rann út 15. ágúst s.á. Fyrir þann tíma hafði sóknaraðili lýst kröfum í búið, þar á meðal kröfu vegna átta fyrstu afborgana af veðskuldabréfi nr. 91015 ásamt vöxtum og kostnaði. Þá hafði einnig borist krafa frá Landsbanka Íslands vegna ógjaldfallinna eftirstöðva umrædds veðskuldabréfs, þ.e. frá og með 9. afborgun. Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var 10. september 1985, var krafa sóknaraðila viðurkennd sem veðkrafa í m/b Heimi KE-77 að því marki að áfallnir vextir eftir upphaf skipta voru flokkaðir sem eftirstæðar kröfur. Var krafan sett á kröfuskrá í samræmi við þessa ákvörðun.

Við nánari athugun kom í ljós að krafa sóknaraðila var þannig til komin að Landsbanki Íslands, sem jafnframt var viðskiptabanki sóknaraðila,

hafði haft þann háttinn á að gjaldfæra afborganir af veðskuldabréfinu út af viðskiptareikningi sóknaraðila hverju sinni vegna sjálfskuldarábyrgðar hans, enda hafði Heimir hf. aldrei staðið við skuldbindingar sínar. Bar ljósrit veðskuldabréfs nr. 91015 er fylgdi kröfulýsingu sóknaraðila það með sér að bréfið hafði verið áritað af Landsbanka Íslands um greiðslu afborgana og vaxta.

Að þessu athuguðu taldi skiptastjóri að sér hefðu orðið á mistök með að viðurkenna kröfu sóknaraðila sem veðkröfu og með bréfi dags. 19.11. sama ár til skiptaráðanda var farið fram á að fyrri ákvörðun skiptafundar um þetta atriði yrði ógilt. Beiðni þessi var tekin fyrir á skiptafundi 25. nóvember 1985 og þar ákveðið að boða nýjan skiptafund. Á skiptafundi 23. janúar 1986 var samþykkt að kröfu sóknaraðila skyldi flokka sem almenna kröfu en ekki veðkröfu. Á skiptafundinum var mætt af hálfu sóknaraðila. Mótmælti hann samþykktinni og krafðist úrskurðar um ágreiningsefnið. Málsaðilar skiluðu greinargerðum. Í greinargerð sóknaraðila kom fram að hann taldi að eðlilegra hefði verið, að Landsbanki Íslands hefði óskað nauðungaruppboðs á m/b Heimi KE-77 eftir að bera fór á vanskilum hjá félaginu. Landsbanki Íslands hefði hins vegar kosið þá leið að gjaldfæra sóknaraðila fyrir afborgunum jafnóðum og þær féllu í gjalddaga. Sóknaraðili telur að ekki sé réttlætanlegt að álíta að sóknaraðili hafi misst einhvern rétt til tryggingar kröfu sinni þótt Landsbanki Íslands hafi kosið að fara þessa leið. Kröfuhafaskipti hafi átt sér stað með þessum hætti og megi Heimi hf., þrotabúi þess og skuldheimtumönnum á sama standa, enda greiðsluskyldan og veðtryggingin hin sama, hvorki meiri né minni. Það megi hins vegar fullyrða með yfirgnæfandi líkum að hin umsömdu veðréttindi fylgi kröfunni eða hlutum hennar við framsal hennar, sérstaklega þar sem um tryggingaréttindi sé að ræða í þessu tilviki sem einskorðist við ákveðna kröfu.

Í greinargerð sinni gerði sóknaraðili kröfu á hendur varnaraðila um greiðslu á afborgunum 1 - 11 en Landsbanki Íslands hafði gjaldfært sóknaraðila fyrir afborgunum 9 - 11 frá því er kröfulýsing hans kom fram.

Í greinargerð varnaraðila er vikið að þessum afborgunum þ.e. 9 - 11 sérstaklega og bent á að kröfum vegna þessara afborgana hafi ekki verið lýst í upphaflegri kröfugerð sóknaraðila. Hins vegar hafi Landsbanki Íslands lýst kröfu vegna þessara afborgana og hún verið samþykkt. Með kaupsamningi dags. 14. nóvember 1985 hafi Rækjumiðstöðin hf., Hnífsdal, keypt m/b Heimi KE-77. Meðal ákvæða þess samnings sé loforð kaupanda um að greiða Landsbanka Íslands áhvílandi ógjaldfallnar veðskuldir á bátnum þ.m.t. eftirstöðvar vegna veðskuldabréfs nr. 91015 frá og með 10. afborgun. Þar af leiðandi hafi Landsbanki Íslands afturkallað kröfur sínar í þrotabúið sem vörðuðu þessar eftirstöðvar.

Við munnlegan málflutning þann 6. janúar s.l. féll sóknaraðili frá kröfum sínum á hendur varnaraðila vegna afborgana nr. 10 og 11.

Málsástæður varnaraðila eru aðallega þær að ljóst sé að hvorki sóknaraðili né Landsbanki Íslands hafi lýst kröfum sínum eftir reglum 36. - 38. gr. laga nr. 6/1978. Með því að lýsa kröfum sínum aðgreindum, þ.e. hvor aðili lýsi sínum hluta kröfunnar, sé kröfugerð vegna veðskuldabréfs nr. 91015 ekki sett fram sem heildstæð skuld. Þá er á það bent að sóknaraðili krefjist ekki í kröfulýsingu sinni viðurkenningar á veðrétti sem eðlilegast hefði verið og verði ekki séð annað en að verið sé að gera almennar kröfur. Þá er það skoðun varnaraðila að greiðslur sjálfskuldarábyrgðarmanns vegna skuldarinnar losi veð úr veðböndum að því sem greiðslunni nemur. Í því sambandi er bent á að veðskuldabréf nr. 91015 sé áritað um greiðslur og beri bréfið með sér að einungis hvíli eftirstöðvar af ákveðinni fjárhæð á veðinu. Einnig sé Landsbanka Íslands, samkvæmt veðskuldabréfinu, einum veittur veðréttur í m/b Heimi KE-77 og á gögnum málsins sé ljóst að Landsbankinn hafi fengið sóknaraðila til að gerast sjálfskuldarábyrgðarmaður á skuldinni án atbeina varnaraðila. Það séu því engir samningar milli sóknar- og varnaraðila um að sjálfskuldarábyrgðarmaður gangi sjálfkrafa inn í veðrétt Landsbanka Íslands. Þá hafi Landsbanki Íslands ekki framselt sóknaraðila skuldabréfið hvorki að hluta né að öllu leyti og geti sóknaraðili því ekki byggt neinn rétt á því.

Að þessum rökum slepptum hafi verið um verulegt tómlæti sóknaraðila að ræða. Vanskil varnaraðila hafi byrjað strax á fyrsta gjalddaga þann 15.5. 1983. Sóknaraðili hafi hins vegar ekkert aðhafst í þá átt að leysa til sín skuldabréfið og fá það framselt og hefja innheimtuaðgerðir þótt ljóst væri að hverju stefndi. Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð sóknaraðila hvað varðar áframhaldandi kröfugerð vegna afborgana eftir upphafsdag skipta. Er í því sambandi vísað til 11. gr. laga nr. 6/1978.

Varakröfu sína byggir varnaraðili á sömu röksemdum og aðalkröfu en vísar einnig til 39. gr. l. 6/1978 máli sínu til stuðnings.

Niðurstaða:

Með því að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld Heimis hf. samkvæmt veðskuldabréfi nr. 91015 ábyrgðist sóknaraðili greiðslu skuldarinnar gagnvart Landsbanka Íslands.

Þar sem skuld þessi var ekki greidd á gjalddögum nýtti Landsbanki Íslands sér ábyrgð sóknaraðila svo sem hann hafði heimild til. Þegar Heimir hf. var úrskurðað gjaldþrota þann 20. maí 1985 hafði Landsbanki Íslands skuldfært viðskiptareikning sóknaraðila fyrir fyrstu átta afborgunum veðskuldabréfsins. Ekki verður séð að sóknaraðili hafi mótmælt þeirri aðferð sem Landsbanki Íslands viðhafði við að ná fram ábyrgð sóknar-

aðila. Sú greiðsluaðferð hafði engan aukakostnað í för með sér fyrir sóknaraðila.

Við greiðslu öðlaðist sóknaraðili fullan endurkröfurétt á hendur Heimi hf. og síðan úr þrotabúi hans. Þrátt fyrir að Landsbanki Íslands framseldi ekki sóknaraðila rétt sinn samkvæmt veðskuldabréfinu álítur dómurinn að sóknaraðili hafi með því að leysa til sín kröfuna öðlast allan þann rétt gagnvart varnaraðila sem Landsbanki Íslands hafði, þar með talin samningsbundin veðréttindi. Er sú niðurstaða í samræmi við ákvæði 8. kafla laga um skipti dánar- og félagsbúa og fl. nr. 3/1878, nánar 87. gr. og almennar reglur um innlausn kröfuréttinda. Skv. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 gildir 8. kafli laga nr. 3/1978 um gjaldþrotaskipti.

Varnaraðili hefur byggt á því að sóknaraðili hafi í kröfulýsingu sinni ekki krafist viðurkenningar veðréttar og þannig hafi ekki verið annað séð en að hann væri að gera almenna kröfu í búið.

Meðfylgjandi kröfulýsingu sóknaraðila dags. 12. ágúst 1985 var ljósrit veðskuldabréfs nr. 91015 og vísað til þess sem sönnunargagns fyrir kröfunni. Skiptaráðandi virðist með því að skipa kröfunni í upphafi sem veðkröfu hafa litið á kröfu sóknaraðila sem slíka, enda þykir ljóst að hún var sett fram í því skyni.

Varnaraðili hefur einnig tiltekið önnur atriði er benda til þess að kröfu sóknaraðila hafi verið ófullnægjandi lýst. Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð sóknaraðila vegna afborgunar eftir upphafsdag skipta.

Ljóst er að kröfum vegna skulda Heimis hf. sem voru til komnar vegna veðskuldabréfs nr. 91015 var lýst í þrotabúið sumpart af sóknaraðila og sumpart af Landsbanka Íslands. Viðurkennt er hins vegar af varnaraðila að krafan hafi öll komið fram fyrir lok kröfulýsingarfrests. Sóknaraðili gerir nú kröfur til viðurkenningar veðréttar vegna 9 fyrstu afborgana af veðskuldabréfi nr. 91015.

Samkvæmt framlögðum skjölum hefur sóknaraðili sýnt fram á að hann hafi leyst til sín allar afborganir í veðskuldabréfinu, er hann gerir kröfu til í málinu. Með hliðsjón af framangreindu þykir kröfulýsing sóknaraðila varðandi hina umdeildu kröfu fullnægjandi eins og hér stendur á.

Aðalkrafa varnaraðila er að kröfu sóknaraðila að fjárhæð kr. 890.254,23 verði skipað með almennum kröfum í þrotabúi Heimis hf.

Við munnlegan málflutning þann 29. f.m. skýrði varnaraðili kröfugerð sína þannig, að tölulega væri byggt á kröfugerð sóknaraðila af fyrstu átta afborgunum veðskuldabréfsins ásamt vöxtum frá 15. maí 1983 til upphafsdags skipta þann 20. maí 1985. Hvað varðar upphafstíma vaxta er af hans hálfu þess ekki krafist að forgangsréttur sóknaraðila til veðs fyrir vöxtum falli niður samkvæmt lögum nr. 23/1901.

Í þinghaldi 29. f.m. er bókað eftir varnaraðila að í kröfugerðinni felist

að vextir eftir upphafsdag skipta skuli teljast eftirstæð krafa. Liggur beint við að ætla að byggt sé á 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 í því sambandi.

Í 86. gr. laga nr. 3/1878 kemur fram sú meginregla, að kröfu um vexti, sem falla á eftir upphafsdag skipta, skuli skipa með eftirstæðum kröfum nema vöxtum af búskröfum. Ekki er getið beinum orðum hvort ákvæðinu sé ætlað að ná til vaxta af veðkröfum.

Við úrlausn á rétthæð krafna innbyrðis á hendur þrotabúi ber að fara eftir þeim ákvæðum er í 8. kafla laga nr. 3/1878 greinir um niðurröðun skulda, en 86. gr. er í þessum kafla laganna. Orðalag 86. gr. og hefðbundin lögskýringarsjónarmið leiða til þess að hafna ber kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á veðrétti fyrir vöxtum eftir upphafsdag skipta eða þann 20. maí 1985.

Samkvæmt framangreindu er því viðurkenndur réttur sóknaraðila sem veðhafa til úthlutunar af söluandvirði mb. Heimis KE-77 fyrir kr. 702.349,15 ásamt dráttarvöxtum svo sem fram kemur í kröfugerð sóknaraðila eða frá 15. maí 1983. Vextir skulu þó aðeins reiknast til 20. maí 1985.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað sem hæfilegur þykir kr. 85.000,00.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Viðurkenndur er réttur sóknaraðila, Olíuverslunar Íslands hf., sem veðhafa til úthlutunar af söluandvirði mb. Heimis KE-77 fyrir kr. 702.349,15 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 56.170,25 frá 15. maí 1983 til 15. ágúst 1983, af kr. 122.455,95 frá þeim degi til 15. nóvember 1983, af kr. 197.010,05 með 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1983, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. janúar 1984, af kr. 273.884,45 með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. maí 1984, af kr. 353.057,45 frá þeim degi til 15. ágúst 1984, af kr. 434.688,15 frá þeim degi til 15. september s.á., en með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. nóvember 1984, af kr. 518.484,95 frá þeim degi til 15. febrúar 1985, af kr. 617.691,95 með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. maí 1985, en af kr. 702.349,15 frá þeim degi til 20. maí 1985.

Varnaraðili, þrotabú Heimis hf., greiði sóknaraðila kr. 85.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. júní 1988.

Nr. 341/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Hannesi Þór Traustasyni
(Hilmar Ingimarsson hrl.)

Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar 12. október 1987 að ósk ákærða, sem gerir þá kröfu, að refsing hans verði milduð.

Af hálfu ákæruvalds er áfrýjað til þyngingar.

Við flutning máls þessa hér fyrir dómi kom fram, að 1. febrúar sl. var ákærði dæmdur til 12 mánaða fangelsis í sakadómi Reykjavíkur fyrir rán framin 31. mars 1987 og 2. apríl s.á. Beindust brotin gegn sama manni og það brot, sem nú er um fjallað.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hannes Þór Traustason, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. september 1987.

Ár 1987, föstudaginn 25. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 516/1987: Ákæruvaldið gegn Hannesi Þór Traustasyni, sem tekið var til dóms 23. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 3. september 1987, á hendur ákærða, „Hannesi Þór Traustasyni, Vesturbergi 147, Reykjavík, fæddum þar í borg 27. apríl 1967, fyrir rán, með því að hafa um kl. 13:00 miðvikudaginn 28. janúar 1987 í auðgunarskyni ráðist á Hannes Ágústsson, fæddan 17. september 1915, í verslun hans að Grettisgötu 31 í Reykjavík, fellt hann í gólfið og tekið kr. 75.000,00 úr buxnavasa hans, en ákærði var handtekinn skömmu síðar við heimili sitt með fé í fórum sínum.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, dagsettri 28. janúar 1987, var lögreglan kvödd að verslun að Grettisgötu 31 kl. 13:10 þann dag vegna ráns. Á vettvangi hitti lögreglan fyrir Hannes Ágústsson, fæddan 17. september 1915. Kvað hann tvo unga menn hafa komið inn í fornsölu hans þá skömmu áður og tekið hann tali. Hafi annar þeirra beðið um að fá að hringja, en hann verið tregur til og hafi þá maður þessi þvælt honum inn í bakherbergi, slegið hann í andlitið, tekið hann kverkataki og við það hafi hann fallið í gólfið og í fallinu dottið utan í spegil sem hafi brotnað. Meðan hann lá á gólfinu hafi maðurinn farið í buxnavasa hans og tekið nokkur búnt af 1.000,00 króna seðlum. Kvaðst Hannes ekki hafa veitt mótspyrnu, enda ekki haft kraft til sökum aldurs. Hann kvað hinn manninn ekki hafa haft sig í frammi og hafi sá staðið frammi í versluninni. Eftir að mennirnir höfðu náð peningunum, hröðuðu þeir sér á brott og hringdi Hannes þá í lögregluna. Samkvæmt skýrslunni var Hannes með blóðnasir og blóðugur í munni og einnig sást rauður þroti framan á hálsinum sitt hvoru megin við barkann. Hannes vildi hins vegar ekki leita til læknis vegna áverka þessara.

Ákærði var handtekinn kl. 14:30 sama dag við heimili sitt ásamt Birni Runólfssyni, Æsufelli 4, Reykjavík. Þeir voru báðir ölvaðir. Neitaði ákærði að hafa rænt Hannes Ágústsson en viðurkenndi að hafa komið á Grettisgötu 31. Björn kvað ákærða hins vegar hafa ráðist á Hannes og tekið af honum peninga, en hann (Björn) hafi verið frammi í búðinni á meðan.

Er ákærði var handtekinn var hann með á sér 75.450,00 krónur og þar af 74.000,00 krónur í 1.000,00 króna seðlum. Einnig hafði hann meðferðis hnífa. Peningarnir voru afhentir Hannesi Ágústssyni við rannsókn málsins.

Ákærði var yfirheyrður næsta daga hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákærði viðurkenndi þá að hafa rænt umræddan Hannes Ágústsson og kvaðst ákærði hafa átt hugmyndina að þessu ráni. Kvað ákærði að þeir

Björn hafi gengið inn í fornsöluna og byrjað á því að skoða einhver húsgögn, en báðir hafi þeir Björn verið ölvaðir. Síðan kveðst ákærði hafa reynt að fá Hannes inn á „kontór" sem er „bakatil" í versluninni, en Hannes verið illfáanlegur til þess. Kvaðst ákærði þá hafa óskað eftir að fá að hringja, en Hannes neitað honum um það. Ákærði kvaðst þá hafa gengið inn á „kontórinn" og Hannes fylgt honum eftir. Er þangað var komið kvaðst ákærði hafa tekið um axlir Hannesar með það fyrir augum að fella hann í gólfið. Þeir hafi hins vegar báðir fallið í gólfið og í fallinu lent á spegli sem hafi brotnað, og við það hafi ákærði skorist lítillega á hendi. Ákærði kvaðst hafa fallið ofan á Hannes og þá farið í vasa hans til að ná af honum seðlaveski sem ákærði taldi að hann væri með. Hann hafi hins vegar ekki verið með neitt seðlaveski, en peningar hafi verið í vasanum. Kvaðst ákærði hafa tekið peningana, sem hafi verið nokkur búnt, og þeir Björn hlaupið á brott. Ákærði kvaðst hafa verið með alla peningana á sér er hann var handtekinn.

Við meðferð málsins játaði ákærði skýlaust að hafa umrætt sinn ráðist í auðgunarskyni á nefndan Hannes Ágústsson í verslun hans að Grettisgötu 31, fellt hann í gólfið og tekið 75.000,00 krónur úr buxnavasa hans, og kvaðst ákærði hafa verið með féð í fórum sínum er hann var handtekinn af lögreglu. Ákærði kvað, að Björn Runólfsson hefði engan þátt átt í ráninu.

Björn Runólfsson, Æsufelli 4, hefur borið á sama veg og ákærði, en kveðst ekkert hafa séð af átökum ákærða og Hannesar, þar sem hann hafi forðað sér er hann sá að hverju stefndi.

Vitnið Hannes Ágústsson, Grettisgötu 31, skýrði svo frá við rannsókn málsins að tveir ölvaðir menn hafi komið í verslun hans á Grettisgötuna nokkru fyrir kl 13:00 umræddan dag og hafi þeir farið að skoða svefnbekki, sem vitnið hafði til sölu. Ákærði hafi beðið um að fá að hringja en vitnið neitað honum um það. Þá hafi ákærði farið inn í litla skrifstofu sem vitnið er með inn af versluninni og fylgdi vitnið honum eftir þangað. Er þangað var komið hafi ákærði tekið um kverkar vitnisins með annarri hendinni en um leið gefið vitninu hnefahögg með hinni sem hafi hafnað á nefi vitnisins. Við þetta kvaðst vitnið hafa fallið og lent á spegli sem var á skrifstofunni, og við það hafi spegillinn brotnað. Hafi ákærði nú farið í rassvasa á buxum vitnisins og tekið allt sem í honum var og hlaupið svo á brott. Kvaðst vitnið hafa verið hálfvankað eftir árásina, en hringt strax í lögregluna sem hafi komið fljótt á vettvang.

Við meðferð málsins staðfesti vitnið ofangreindan framburð, en mundi þá ekki til þess að ákærði hefði tekið um kverkar vitnisins eða slegið það í andlitið. Tók vitnið fram að það hafi munað málsatvik betur er það var yfirheyrt hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið upplýsti að það hafi verið með gervifót á hægra fæti sl. 50 ár.

Vitnið Viðar Guðmundsson Waage lögreglumaður hefur komið fyrir dóm og staðfest framangreinda frumskýrslu um málið.

Þá hefur einnig komið fyrir dóminn vitnið Stefán Alfreðsson lögreglumaður. Mundi vitnið eftir að hafa farið greint sinn með ofangreindum lögreglumanni á Grettisgötu 31, en vitnið kvað tilkynningu hafa komið um rán frá fjarskiptum lögreglunnar. Hafi lögreglumennirnir hitt Hannes fyrir á vettvangi sem hafi sagt að hann hefði verið rændur. Var Hannes í miklu uppnámi og var hann að þurrka blóð af vörum sér. Einnig fannst vitninu Hannes vera þrútinn á hálsi. Mundi vitnið eftir að Hannes fór með lögreglumennina inn í bakherbergi, þar sem hann sagði að stympingar hefðu átt sér stað. Mundi vitnið eftir brotnum spegli á gólfi herbergisins. Jafnframt staðfesti vitnið, að atburðum væri rétt lýst í frumskýrslu um málið.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt heimfærð til refsiákvæðis.

Samkvæmt sakavottorði er sakaferill ákærða sem hér segir:

1983 Uppvís að broti g. 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 9/5 1983.

1984 16/10 Dómur: 30 daga fangelsi skb. 2 ár f. brot g. 244. gr. hgl.

1985 4/8 Dómur: 60 daga fangelsi skb. 4 ár f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 2 ár frá 26.8. 1985.

1985 4/8 Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

1985 5/11 Dómur: 45 daga varðhald skb. 2 ár f. brot g. 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hgl. og 2. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 3 mán. frá dómsbirt. 28.4. 1986.

1985 3/12 Áv. og fíkn. Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. 65/1974, sbr. l. 60/1980, sbr. 9. gr. l. 75/1982, sbr. l. 13/1985, og 2. sbr. 10. gr. rg. 390/1974.

1985 21/4 Áv. og fíkn. Sátt: 7.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974, sbr. l. nr. 60/1980, og 9. gr. l. nr. 75/1982, sbr. l. nr. 13/1985, 77. gr. hgl., 2. og 10. gr. rg. 16/82.

1987 20/1 Dómur: 3 mán. fangelsi, skb. 2 ár, f. brot g. 244. gr. hgl.

1987 11/5 Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 1. mgr. 155. gr. 244. gr. og 248. gr. hgl. Dómur 20.1. 1987 dæmdur með. Hegn.auki.

1987 31/8 Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 245. gr. hgl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Brot ákærða, sem hér er fjallað um, er framið, áður en dómarnir frá 11. maí og 31. ágúst voru kveðnir upp, og ber því

að ákveða ákærða refsingu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingarinnar ber að hafa í huga, að vilji ákærða var styrkur og einbeittur, er hann framdi brotið, og að ákærði réðst á liðlega sjötugan fatlaðan mann, sem litla sem enga vörn getur sér veitt gegn slíkri árás. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000,00 krónur, og málsvarnaralaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykja einnig hæfilega ákveðin 25.000,00 krónur.

Egill Stephensen fulltrúi ríkissaksóknara flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þór Traustason, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 25.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 15. júní 1988.

Nr. 160/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Erlendi Einarssyni
(Jón Finnsson hrl.)
Hjalta Pálssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Sigurði Árna Sigurðssyni
(Eiríkur Tómasson hrl.)
Gísla Theodórssyni
(Örn Clausen hrl.)
og
Arnóri Valgeirssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Fjársvik. Sönnun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1987 að ósk ákærðu Hjalta Pálssonar, Sigurðar Árna Sigurðssonar, Gísla Theodórssonar og Arnórs Valgeirssonar og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar þeirra og til sakfellingar og ákvörðunar refsingar hvað varðar ákærða Erlend Einarsson.

Dómkröfur ákæruvalds eru þessar:

„I. Krafist er staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærða Hjalta Pálssonar, a) samkvæmt I. kafla A ákæru, en með þeim tölulegu leiðréttingum, sem gerð er sérstök grein fyrir, og að sakfellt verði einnig fyrir sendingar auðkenndar K-171, K-172, K-358 og K-401, og b) samkvæmt I. kafla B ákæru, fyrir brot á 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, vegna ákæruliða K-625 '80 og K-365 '81, svo og á greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærða verði þyngd.

II. Að því er varðar ákærða Erlend Einarsson er krafist sakfell-

ingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar, samsvarandi framanlýstum dómkröfum á hendur meðákærða Hjalta.

III. Að því er varðar ákærða Sigurð Árna Sigurðsson er krafist sakfellingar samkvæmt heimfærslu til vara í II. kafla ákæru vegna sendingar K-365 '81, en að öðru leyti staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærðu Sigurðar Árna Sigurðssonar, Gísla Theodórssonar og Arnórs Valgeirssonar samkvæmt II. kafla ákæru, eins og í héraðsdómi, sbr. framanlýstar leiðréttingar og dómkröfur í I. og II. lið, svo og á greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærðu, hvers um sig, verði þyngd.

IV. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar máls þessa, þ. á m. hver um sig til greiðslu saksóknarlauna til ríkissjóðs."

Ákærðu Erlendur Einarsson, Hjalti Pálsson, Sigurður Árni Sigurðsson og Gísli Theodórsson krefjast allir sýknu og að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð. Ákærði Arnór Valgeirsson krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og ákæru vísað frá dómi, hvað hann varðar, en til vara sýknu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl, þar á meðal skrá um „ritvillur og samlagningarvillur í ákæru". Þar kemur þetta fram, umfram þær leiðréttingar er gerðar voru í héraðsdómi:

Um I. kafla A. Vaxtamunur lána vegna sendingar K-118 '81 er talinn 0,02 bandaríkjadölum of hár. Í sendingum K-502 '80 og K-503 '80 féll niður tilgreining 11.666,67 dala vaxtamunar þó að með væri talið í summu. Í héraði var þetta ranglega leiðrétt með lækkun summunnar. Summa sendingar K-428 '81 er oftalin um 0,26 dali. Sending K-115 '81 er ranglega talin K-115 '80 og verðafsláttur vantalinn um 50,00 dali. Um II. kafla segir, að niður hafi fallið heimfærsla „til vara við 158. gr. almennra hegningarlaga".

Enn var sú leiðrétting gerð, að summa verðafsláttar í sendingum K-696 '79 og K-739 '79 væri oftalin um 2.899,42 dali. Verðafsláttur í sendingu K-503 '80 er oftalinn um 0,08 dali. Samkvæmt þessu verður summa verðafsláttar, er ákæra tekur til, 3.881.555,02 dalir, summa verðfallsbóta 766.761,84 dalir, summa vaxtamunar 217.816,20 dalir og lokasumma því 4.866.133,06 bandaríkjadalir.

Dómkröfur ákæruvalds lúta að sakfellingu samkvæmt ákæru

með þeim leiðréttingum, er nú hafa verið raktar, og þeim er greinir í héraðsdómi.

Þá er þess að geta, að verjandi ákærða Arnórs Valgeirssonar benti á að í 12 sendingum af 17 árið 1981 hefðu vörureikningar til Kaffibrennslu Akureyrar hf. verið umreiknaðir í sterlingspund án þess að fram komi í ákæru, og sé hún röng að því leyti. Taldi hann reikninga þessa þannig hafa verið endurútgefna af skrifstofu Sambands íslenskra samvinnufélaga í Lundúnum.

Villur í ákæru, sem hér hefur verið lýst, eru aðfinnsluverðar.

Önnur ný gögn af hálfu ákæruvalds eru til frekari skýringa um einstaka þætti máls og verður ekki getið sérstaklega. Verjendur hafa einnig lagt fram ný gögn. Verjandi ákærða Hjalta Pálssonar lét taka saman og lagði fram hefti með „ferilgreiningu viðskipta" þeirra, er málið snýst um. Þar fara saman ný gögn og álitsgerðir einstakra manna eða stofnana, er ekki teljast til sönnunargagna. Ekki fór fram framhaldsrannsókn fyrir dómi vegna tilkomu nýrra gagna og verður ekki séð að þess hafi verið óskað. Gögn þessi eru því óstaðfest.

Verjendum ákærðu var fyrst við munnlegan málflutning gert ljóst hverjar yrðu endanlegar dómkröfur ákæruvalds fyrir Hæstarétti, þ.e. að sýknuliðum héraðsdóms um skjalafals og vegna fyrningar á sök væri ekki áfrýjað. Rétt var að tilkynna verjendum þessa afstöðu ákæruvalds svo tímanlega, að þeir gætu tekið tillit til hennar við undirbúning málsvarnar.

I

Frávísunarkrafa ákærða Arnórs Valgeirssonar er studd þeim rökum að ákæru sé í verulegum atriðum áfátt. Þannig sé því ekki lýst, í hverju ætluð refsiverð háttsemi hans felist, við hvern hafi verið misgert, hverjum stafaði tjón af eða hver hafi verið hagnaður. Loks sé farið rangt með staðreyndir er liggi fyrir í skjölum máls, sbr. m.a. það sem að framan greinir um þá 12 reikninga af 17, er hann telur hafa verið gefna út af nýju með áletrun í sterlingspundum. Þá telur hann, að til SÍS hafi aðeins runnið 8,89% af heildarfjárhæð hrákaffiviðskipta ársins 1981 eða 383.293,72 bandaríkjadalir, og hefði það átt að koma fram í ákæru. Loks taldi hann notkun hugtaksins „umboðsstörf" ranga. Benti verjandi á þá skyldu ákæruvalds að leggja mál fyrir á hlutlægan hátt og hefðu

villur í ákæru leitt til þess að hvorki hann né aðrir verjendur gátu komið réttum vörnum að. Af hálfu ákæruvaldsins var þessu andmælt en jafnframt talið, að öll rök er uppi væru höfð til frávísunar væru í sjálfu sér einnig sýknuástæður.

Ekki verður talið, að þessi umreikningur í sterlingspund feli í sér nýja útgáfu reiknings eða að ónákvæmni hafi hamlað því að réttri vörn yrði við komið og ber að hafna frávísunarkröfu þessari.

II

Allir þeir, sem í máli þessu eru ákærðir, voru starfsmenn Sambands íslenskra samvinnufélaga á þeim tíma, er hér skiptir máli. Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) er samvinnusamband og starfar samkvæmt lögum nr. 46/1937 um samvinnufélög. Tilgangur þess, að því er segir í samþykktum þess, „er að koma til leiðar samstarfi meðal allra samvinnufélaga landsins, sérstaklega með því: a. Að annast fyrir félögin vörukaup og vörusölu, verksmiðjurekstur, tryggingar, vöruflutninga og hverja aðra starfsemi, sem samvinnufélögum landsins er hagfellt að reka sameiginlega. ...“ Stjórn SÍS ræður fyrirtækinu forstjóra, „sem hefir yfirumsjón með verslunarframkvæmdum þess, daglegum rekstri og fjármálum, samkvæmt nánari ákvæðum í starfssamningi, sem stjórnin gerir við hann. Stjórnin ræður einnig framkvæmdastjóra í sérstökum starfsgreinum, ákveður verksvið þeirra hvers um sig og felur þeim þau störf, er henni þykir henta eða fulltrúafundur ákveður.“ Úr hópi þessara manna kýs stjórnin framkvæmdastjórn til eins árs í senn. Forstjóri er formaður hennar. Ákærði Erlendur Einarsson var á þessum tíma forstjóri SÍS og hafði tekið við því starfi 1. janúar 1955. Hann lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 1986. Ákærði Hjalti Pálsson hóf störf sem forstöðumaður innflutningsdeildar SÍS 11. maí 1967 og lét af störfum vegna aldurs árið 1987. Ákærði Sigurður Árni Sigurðsson varð deildarstjóri fóðurvörudeildar innflutningsdeildar SÍS árið 1977 og starfaði þar til ársloka 1980, er hann tók við forstöðu skrifstofu SÍS í Lundúnum. Ákærði Gísli Theodórsson veitti skrifstofunni í Lundúnum forstöðu frá 1. apríl 1977 til ársloka 1980. Lundúnaskrifstofan laut yfirstjórn forstjóra SÍS. Markmið hennar er að hafa umsjón með innkaupum fyrir SÍS, kaupfélögin og samstarfsfélög þess. Ennfremur sér skrifstofan um útvegun lána og fjármögnun á vörukaupum fyrir samvinnuhreyfing-

una. Ákærði Arnór Valgeirsson tók við starfi deildarstjóra fóðurvörudeildar innflutningsdeildar SÍS í ársbyrjun 1981 og var settur inn í starfið af ákærða Sigurði Árna Sigurðssyni og vitninu Sigurði Gils Björgvinssyni aðstoðarframkvæmdastjóra innflutningsdeildar SÍS. Sigurður Gils hafði fyrstu mánuði ársins 1981 afskipti af kaffikaupunum, sem hann hafði lítt eða ekki haft áður.

SÍS er annar aðaleigenda Kaffibrennslu Akureyrar hf. og á 49% hlutafjár félagsins. Kaupfélag Eyfirðinga (KEA) er þátttakandi í SÍS og á einnig 49% hlutafjár í kaffibrennslunni, þrír einstaklingar 0,5% hver og kaffibrennslan sjálf 0,5%. Tilgangur hennar er samkvæmt samþykktum hennar að reka kaffiverksmiðju og hvers konar vörusölu í sambandi við hana.

SÍS er þátttakandi í Norræna samvinnusambandinu (Nordisk Andelsforbund, NAF), félagi samvinnusambanda á Norðurlöndum. Markmið þess er að ná sem hagstæðustum innkaupum á hráefnum og matvælum fyrir samvinnusamböndin í heild ásamt annarri fyrirgreiðslu í því sambandi. Ákærði Erlendur Einarsson var í stjórn NAF á þeim tíma, er hér skiptir máli.

III

Kaffibrennsla Akureyrar hf. hafði um árabil keypt hrákaffi með milligöngu Sambands íslenskra samvinnufélaga áður en þau atvik gerðust, er mál þetta tekur til, samkvæmt munnlegum samningi gegn umboðslaunum, en um efni samningsins er ekki nánar upplýst. Sýnist kaffibrennsalan hafa greitt kaupverð hverrar sendingar beint, svo og flutnings- og vátryggingarkostnað.

Á þeim tíma, er ákæra tekur til, gerðust kaupin þannig, að kaffibrennslan tilkynnti fóðurvörudeild innflutningsdeildar SÍS um þarfir sínar fyrir hrákaffi. Fóðurvörudeildin leitaði síðan tilboða um hendur Norræna samvinnusambandsins og tilkynnti kaffibrennslunni, hvað í boði væri, en hún tók síðan ákvörðun um, hvað skyldi keypt og af hverjum. Þetta tilkynnti fóðurvörudeildin áfram til NAF og fékk síðar skriflega staðfestingu kaupanna frá NAF, þar sem seljandi hrákaffis var nafngreindur, SÍS talið kaupandi og Kaffibrennsla Akureyrar hf. viðtakandi sendingar (consignee). Ekki er fram komið að skrifleg staðfesting pöntunar eða kaupa hafi farið milli fóðurvörudeildar innkaupadeildar SÍS og kaffibrennslunnar.

Af gögnum máls verður ráðið, að árið 1979 og framan af 1980 hafi SÍS látið hækka vörureikninga erlendis um svokölluð umboðslaun, er virðast hafa numið 6 - 10% af innkaupsverði kaffis. Á reikningum til kaffibrennslunnar mun þessi verðhækkun ekki hafa verið sérgreind. Samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofnunar virðist þessi háttur hafa verið algengur í innflutningsviðskiptum Íslendinga á þessum árum.

Árið 1979 varð offramboð á hrákaffi og fór þá verulega að gæta endurgreiðslna þeirra, sem mál þetta snýst um. Stjórnvöld í Brasilíu og Kólumbíu gerðu útflytjendum hrákaffis að halda útflutningsverði háu en jafnframt var brugðið á það ráð að endurgreiða hrákaffikaupendum hluta kaupverðsins síðar. Um þetta samdi Norræna samvinnusambandið við Instituto Brasileiro do Café og Federacion Nacional de Cafeteros de Colombia, opinberar stofnanir er önnuðust endurgreiðslurnar. Þessar endurgreiðslur eru í ákæru taldar „afsláttur" og voru tvenns konar, verðjöfnunargjald og verðfallsbætur. Fjárhæð verðjöfnunargjalds eftir hver kaup var unnt að reikna út samkvæmt upplýsingum, er greindar voru í staðfestingarbréfi frá NAF til SÍS. Fjárhæð verðfallsbóta var hins vegar háð verðbreytingum eftir útskipun hrákaffis og ekki kunn fyrr en síðar. Ávísun endurgreiðslu mátti eingöngu nota við síðari kaup á hrákaffi.

Seint á árinu 1979 varð sú breyting á þessum viðskiptum, að SÍS tók að sér að fjármagna hrákaffikaupin. Í því skyni og að fyrirmælum fjármáladeildar SÍS tók Lundúnaskrifstofa SÍS bankalán erlendis og notaði til greiðslu hrákaffis. Þessar greiðslur fóru fram samkvæmt reikningum útflytjenda, þar sem tilgreint var samningsverð hrákaffis samkvæmt tilboði og jafnframt hvaða endurgreiðslur vegna fyrri hrákaffikaupa nú kæmu til frádráttar samningsverði, og var mismunur greiddur með millibankafærslu. Útflytjendur sendu skrifstofu SÍS í Lundúnum tvo reikninga fyrir hverja sendingu. Öðrum þeirra hefur verið lýst. Á hinum reikningnum var einungis tilgreint samningsverð hrákaffis og niðurstöðutala hans þeim mun hærri hinum fyrrnefnda sem fjárhæð endurgreiðslu nam. Lundúnaskrifstofan framvísaði einungis þessum hærri reikningi til kaffibrennslunnar og krafðist greiðslu samkvæmt honum. Auk þess krafðist hún vaxta af allri reikningsfjárhæðinni og þókunar fyrir

fyrirgreiðslu sína. Loks greiddi kaffibrennslan allan flutnings- og vátryggingarkostnað sem fyrr án milligöngu skrifstofunnar í Lundúnum. Snemma árs 1980 var hætt að hækka innkaupsreikninga um svonefnd umboðslaun erlendis en kaffibrennslan greiddi fóðurvörudeildinni áfram umboðslaun samkvæmt sérstökum reikningi.

Hinn 12. febrúar 1981 ritaði SÍS kaffibrennslunni bréf til staðfestingar pöntun á kaffi. Þar segir m.a.: „Eins og Sigurður G. Björgvinsson, aðst. framkvæmdastjóri greindi yður frá í símtali, þá munu gilda þar til annað verður ákveðið, sérstakar endurgreiðslur á hluta af fob verði, til þess að bæta samkeppnisaðstöðu útflytjenda á kaffi frá Brasilíu. Endurgreiðslur þessar eru breytilegar frá einum tíma til annars og fást ekki greiddar fyrr en hver sending hefur verið greidd og greiðsla móttekin af viðkomandi aðilum. Hvað viðvíkur hjálögðum pöntunum, þá nemur endurgreiðsla þessi US $ 57.00 pr. 50 kg. Þegar endurgreiðslan verður laus til ráðstöfunar munum við hafa samband við yður." Undir bréfið ritar ákærði Arnór Valgeirsson f.h. fóðurvörudeildar SÍS. Fjárhæð endurgreiðslu var í bréfi þessu tilgreind um helmingur þeirrar fjárhæðar, er til féll, og í texta þess er ekkert gefið í skyn um að SÍS ætlaði sér einnig að njóta endurgreiðslna.

Svo sem áður greinir á Samband íslenskra samvinnufélaga 49% hlutafjár í Kaffibrennslu Akureyrar hf. og Kaupfélag Eyfirðinga jafnmikið. Formaður stjórnar SÍS er einnig formaður stjórnar kaffibrennslunnar. Hann er og kaupfélagsstjóri KEA. Í maí 1981 fékk hann sem formaður SÍS í hendur skýrslu hins löggilta endurskoðanda þess um reikningsárið 1980, þar sem sérstaklega er getið um tekjuafgang innflutningsdeildar, er stafi „af sérstökum afsláttum af innflutningi kaffibauna frá Brasilíu fyrir Kaffibrennslu Akureyrar hf." Í framhaldi af því fól formaðurinn trúnaðarmönnum þeirra félaga, er hér áttu hlut að máli, að athuga það og vildi að eigin sögn láta gæta fyllsta réttlætis í málinu gagnvart öllum viðkomandi aðilum. Ágreiningur varð um málið og náðist ekki sameiginleg niðurstaða. SÍS hélt endurgreiðslum fyrir árin 1979 og 1980 og ákvað einhliða að kaffibrennslan skyldi njóta þeirra að hluta fyrir árið 1981 og síðar. Taldi formaðurinn að með þessu nyti kaffibrennslan hagstæðra kjara, þegar til lengri tíma væri litið. Taldi

hann sig hafa vitneskju um, að helsti keppinautur hennar þyrfti að greiða hærri umboðslaun en hún nú var látin greiða.

Endurgreiðsluréttur vegna kaupa á hrákaffi árið 1981 nam samtals 1.947.118,40 bandaríkjadölum. Þar af greiddi SÍS kaffibrennslunni 1.526.203,88 dali og tók þannig í sinn hlut 420.914,52 dali auk vaxtamunar 152.119,20 dala. Vegna hrákaffikaupa árið 1979 runnu endurgreiðslur að fjárhæð 144.940,58 dalir til SÍS og vegna kaupanna árið 1980 2.556.257,88 dalir auk 65.697,00 dala vaxtamunar. Samkvæmt þessu höfðu 3.122.112,98 dalir endurgreiðslna og 217.816,20 dalir vaxtamunar runnið til SÍS vegna þessara viðskipta.

Lá nú kyrrt um hríð uns rannsókn hófst á skattskilum Sambands íslenskra samvinnufélaga í febrúar 1982. Afskipti skattrannsóknarstjóra leiddu til þess, að stjórn SÍS tók ákvörðun um frekari endurgreiðslur til Kaffibrennslu Akureyrar hf., en skattrannsóknarstjóri taldi tekjur þessar tilheyra kaffibrennslunni og eiga að koma til skattskila hjá henni. Ákvörðun í þessu efni var tekin á fundi stjórnar SÍS 23. maí 1984 og síðan endanlega frá henni gengið á stjórnarfundi 5. október 1984, en þá var bókað: „Með tilvísun til samþykktar á stjórnarfundi dags. 23. maí 1984 samþykkir stjórn SÍS að endurgreiða Kaffibrennslu Akureyrar h.f. oftekin umboðslaun fyrir kaffiútvegun á árunum 1979, 1980 og 1981 ásamt vöxtum, allt skv. útreikningi Geirs Geirssonar lögg. endurskoðanda. Umboðslaunin nema kr. 18.129.000,00 og vextir af þeim til 1.1. 1984 kr. 24.483.611,- eða samtals kr. 42.612.111,00." Stjórn Kaffibrennslu Akureyrar hf. féllst á þetta fyrir sitt leyti á stjórnarfundi 11. október 1984. Greiðsla þessarar fjárhæðar með vöxtum frá 1. janúar 1985 fór síðan fram samkvæmt sérstöku samkomulagi SÍS og kaffibrennslunnar. Í uppgjöri var við það miðað, að SÍS fengi í umboðslaun 10% af nettóverði hrákaffis og kæmi því til greiðslu 2.830. 400,00 bandaríkjadalir auk vaxta.

Hinn 14. febrúar 1985 kærði skattrannsóknarstjóri mál þetta til ríkissaksóknara, er ákvað opinbera rannsókn þess með bréfi til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins 28. sama mánaðar. Sú rannsókn leiddi til þess, að ákæra í máli þessu var gefin út 24. janúar 1986. Þá höfðu full skil verið gerð milli Sambands íslenskra samvinnufélaga og Kaffibrennslu Akureyrar hf. um þau viðskipti, sem nú

hafa verið rakin, og Kaupfélag Eyfirðinga fallist á það uppgjör fyrir sitt leyti.

IV

Gegn ákærðu Erlendi Einarssyni og Hjalta Pálssyni er mál þetta höfðað fyrir að hafa gerst sekir um tiltekin lögbrot „með stjórn þeirra og framkvæmd á umboðsstörfum Sambands íslenskra samvinnufélaga fyrir Kaffibrennslu Akureyrar hf. vegna innflutnings á kaffibaunum frá Brasilíu með milligöngu Norræna samvinnusambandsins" frá nóvember 1979 til ársloka 1981. Aðrir ákærðu eru taldir hlutdeildarmenn þeirra. Af hálfu ákæruvalds er því haldið fram, að hugtakið „umboðsstörf" nái yfir „umsýslustörf", og sé það nákvæmari lýsing á hlutverki SÍS í þessum viðskiptum.

Ákærðu halda því fram að árið 1979 hafi eðli viðskiptasambands SÍS og kaffibrennslunnar breyst þannig, að eftir það hafi verið um verslunarkaup að tefla, en SÍS látið af innkaupaumsýslu fyrir kaffibrennsluna og farið að selja henni kaffið sjálft. Ákærðu skýra þetta svo, að SÍS hafi nú keypt hrákaffið og eignast það og borið alla fjárhagsábyrgð á kaupunum gagnvart útflytjendum þess, svo sem skjöl beri með sér. Síðan hafi SÍS selt kaffibrennslunni hrákaffið og lánað henni andvirði þess, og loks hafi endurgreiðslur því aðeins komið til og verið háðar því, að SÍS var þátttakandi í Norræna samvinnusambandinu og þær því ekki staðið kaffibrennslunni sjálfri til boða.

Af hálfu ákæruvalds er því hins vegar haldið fram, að engin breyting hafi orðið á eðli viðskiptanna, og er í því efni vitnað til vættis stjórnarformanns SÍS og kaffibrennslunnar, sem bar fyrir sakadómi Reykjavíkur, „að þegar breytt var um fjármögnun vegna kaffiviðskiptanna með því að færa hana til London hafi ekki verið samið um aðrar breytingar vegna þessara viðskipta". Auk þess hafi ákærðu og aðrir starfsmenn SÍS við lögreglurannsókn málsins talið að um umboðsviðskipti hefði verið að ræða, kaffibrennslan áfram verið krafin umboðslauna og allt það fé, sem þarna rann til SÍS, verið fært í bókhaldi þess á umboðslaunareikning. Þessi skoðun ákærðu hafi fyrst breyst eftir að mál var höfðað.

Þessu andmæla verjendur ákærðu og leggja áherslu á að við frumrannsókn málsins hafi því verið beint í ákveðinn farveg, þar sem rannsóknarmenn réðu hugtökum og notkun þeirra án þess að

ákærðu eða vitni gerðu sér grein fyrir lögfræðilegu inntaki þeirra. Verjendur telja, að meta beri eðli viðskiptanna og skýra þau samkvæmt því, og ákærðu eigi ekki að gjalda þess að hafa farið rangt með lögfræðileg hugtök.

V

Í ákæru segir svo sem fyrr greinir, að mál þetta sé höfðað út af „stjórn ... og framkvæmd á umboðsstörfum Sambands íslenskra samvinnufélaga fyrir Kaffibrennslu Akureyrar hf. ... " Störfunum er síðan lýst í ákærunni. Í héraðsdómi er viðskiptum þeim lýst, sem málið snýst um, og eðli þeirra metið. Er niðurstaða sakadóms sú, að SÍS hafi borið að gegna umboðsskyldum gagnvart kaffibrennslunni. Við flutning málsins hér fyrir dómi lögðu verjendur ákærðu megináherslu á að þessi niðurstaða fengi ekki staðist.

Hugtakið umboðsstörf hefur að lögum víðtæka merkingu og rúmast innan þess bæði umsýslustörf og margvísleg önnur trúnaðarstörf fyrir aðra. Þó að það sé því svo, að orðið megi nota á þann hátt, sem gert er í héraðsdómi, getur það ekki ráðið úrslitum máls þessa, hver merking orðsins umboðsstörf er. Þarf að meta, hvort sönnuð eru atvik, sem ákært er út af og fela í sér brot á 248. gr. almennra hegningarlaga, sem er svohljóðandi:

„Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmætan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefur þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum."

Í máli þessu er óumdeilt, að Samband íslenskra samvinnufélaga hafði annast innkaup á hrákaffi í umsýslu fyrir Kaffibrennslu Akureyrar hf. gegn umboðslaunum, auk þess að reikna sér umboðslaun ofan á vöruverðið erlendis. Þjónusta SÍS við kaffibrennsluna breyttist síðan er umsvif jukust og SÍS tók lán til greiðslu hrákaffisins. Kaupin voru gerð í nafni SÍS og á ábyrgð þess samkvæmt pöntun kaffibrennslunnar, er gerð var áður en kaup SÍS fóru fram. Þannig skuldbatt SÍS sig ekki erlendis fyrr en ákvörðun kaffibrennslunnar um það, hvaða tilboði skyldi tekið, lá fyrir. Breyting á viðskiptaháttum var því fyrst og fremst fólgin í lánsfyrirgreiðslu, auk þess að ábyrgjast í reynd kaupin fyrir félag, sem SÍS átti nær hálft og stærsta sambandskaupfélagið nær hálft.

Ljóst er, að engin tilkynning fór frá SÍS til kaffibrennslunnar um breytt réttarsamband í þessu efni og kaffibrennslunni var ekki fyrr en 1981 tilkynnt um þær endurgreiðslur, er til höfðu fallið síðan 1979.

Samband íslenskra samvinnufélaga og Kaffibrennsla Akureyrar hf. eru tvö félög með sjálfstæðan fjárhag og tvær persónur að lögum. Eignarhluta SÍS í kaffibrennslunni hefur áður verið lýst og því einnig, að þessi félög höfðu lengi átt viðskipti, og hvernig þeim hefði verið hagað. Allt þetta leiðir til þess, að á SÍS hvíldu trúnaðarskyldur gagnvart kaffibrennslunni og því bar SÍS jafnharðan að gera henni grein fyrir þeim endurgreiðslum, er til féllu vegna kaupa á hrákaffi. Hins vegar mátti SÍS reikna sér sanngjarna þóknun fyrir þjónustu sína, þar sem bæði væri tekið tillit til viðskiptasambands SÍS við Norræna samvinnusambandið, og svo fjármögnunar og fjárhagsáhættu SÍS af kaupunum. Í stað þessa var kaffibrennslan leynd endurgreiðslunum og krafin greiðslu samkvæmt þeirri útgáfu vörureiknings, þar sem þær komu ekki fram. Ekki er sannað að þetta tvöfalda reikningakerfi hafi verið tekið upp að frumkvæði neins hinna ákærðu, en það var notað til að leyna kaffibrennsluna endanlegu verði hrákaffis til kaupanda. Þá eru þess dæmi, að SÍS hafi beðið um reikning þar sem endurgreiðslur voru ekki sýndar, ef SÍS barst fyrst eingöngu reikningur með endurgreiðslum tilgreindum. Þess eru einnig dæmi, að samkvæmt óskum SÍS hafi reikningsfjárhæð verið hækkuð erlendis, þar sem endurgreiðslur komu ekki við sögu.

Í ákæru eru þessir viðskiptahættir réttilega taldir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

VI

Ákærðu Erlendur Einarsson og Hjalti Pálsson eru taldir hafa sammælst um það atferli, sem þeim er gefið að sök í 1. kafla A í ákæru. Um samráð þeirra liggur ekkert fyrir í gögnum málsins og er sú sakargift ósönnuð.

Ekki liggur fyrir, að ákærði Erlendur Einarsson hafi haft vitneskju í þessu efni fyrr en í maí 1981, er reikningsskil fyrir 1980 lágu fyrir og endurskoðandi skilaði skýrslu sinni.

Eftir þetta tóku trúnaðarmenn SÍS, kaffibrennslunnar og KEA

til starfa og er ósannað að þeir hafi verið beittir launung um fjárhæð þeirra greiðslna, er til SÍS höfðu fallið.

Verður að telja, að í maí 1981 hafi allri launung verið aflétt og Kaffibrennsla Akureyrar hf. vitað eða mátt vita það sem máli skiptir í þessum viðskiptum jafnsnemma og ákærði Erlendur Einarsson.

Ákærði Erlendur Einarsson verður þannig ekki sakfelldur fyrir það, sem gerðist frá 1979 og fram til maí 1981, meðan Kaffibrennsla Akureyrar hf. var leynd framangreindum endurgreiðslum og þær tileinkaðar SÍS. Eftir það er ekki um saknæmt atferli að ræða, er varðað geti refsingu skv. 248. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu ákærða Erlends Einarssonar.

VII

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir, að sannað sé að ákærði Hjalti Pálsson hafi gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn sem eru fullnægjandi til sakfellingar samkvæmt sömu grein vegna sendinga sem auðkenndar voru K-171 '80 og K-172 '80. Hins vegar eru framkomin gögn ekki fullnægjandi um þær sendingar, sem auðkenndar voru K-358 '80 og K-401 '80. Verður því eigi sakfellt þeirra vegna frekar en í héraðsdómi greinir.

Í héraði var ákærði Hjalti Pálsson einnig talinn hafa gerst brotlegur við 158. gr. almennra hegningarlaga vegna tveggja hrákaffisendinga, sem auðkenndar voru K-625 '80 og K-365 '81. Hér er þess að gæta, að ákæra tekur samkvæmt hljóðan sinni í inngangskafla hennar aðeins til innflutnings á kaffibaunum frá Brasilíu, en þessar sendingar voru keyptar frá Þýskalandi og Kolumbíu. Ekki er þess getið í ákæru, að í þessum kaupum var hvorki um að ræða endurgreiðslur né var unnt að nýta tilfallinn endurgreiðslurétt vegna annarra viðskipta. Er því ekki að finna í ákæruskjali glögga atvikalýsingu, sem varðar áðurnefndar tvær sendingar og svarar ótvírætt til 158. gr. almennra hegningarlaga. Af þeim sökum verður ákærða Hjalta Pálssyni ekki refsað fyrir brot á því ákvæði.

VIII

Staðfesta ber héraðsdóm að því er varðar brot ákærða Sigurðar Árna Sigurðssonar gegn 248. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga.

IX

Ákærði Gísli Theodórsson stjórnaði skrifstofu SÍS í London til ársloka 1980 og ber með vísun til forsendna héraðsóms að staðfesta niðurstöðu hans um brot hans gegn 248. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga.

X

Ákærði Arnór Valgeirsson tók við starfi deildarstjóra fóðurvörudeildar innflutningsdeildar SÍS í ársbyrjun 1981, en kaffikaupunum var á næstu mánuðum stjórnað að mestu af yfirmönnum hans. Launung vegna hrákaffikaupa árið 1981 var aflétt skömmu eftir að hann tók við deildarstjórastarfinu. Ber því eins og hér stendur á að sýkna hann af sakargiftum.

XI

Af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir, að sýknu héraðsdóms vegna brota gegn 17. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 519/1979 um sama efni, væri ekki áfrýjað. Verður því ekki um þennan þátt fjallað.

XII

Ákærðu voru allir starfsmenn Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ekkert bendir til að neinn þeirra hafi sjálfur haft persónulegan ávinning í þessu sambandi. Enginn hinna ákærðu hefur áður gerst brotlegur við hegningarlög svo að hér skipti máli. Ákærði Hjalti Pálsson hefur látið af störfum vegna aldurs.

Þegar allt þetta er virt ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um refsingar ákærðu Hjalta Pálssonar, Sigurðar Árna Sigurðssonar og Gísla Theodórssonar, en fullnustu refsinga þeirra skal frestað og þær falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa að telja, haldi þeir hver um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

XIII

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðu Hjalta Pálsson, Sigurð Árna Sigurðsson og Gísla Theodórsson til greiðslu málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna svo sem greinir í dómsorði, og annan sakarkostnað óskipt að 3/5 hlutum. Að öðru leyti fellur kostnaður sakarinnar á ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærðu Erlendur Einarsson og Arnór Valgeirsson eru sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um að ákærði Hjalti Pálsson sæti fangelsi í 12 mánuði, ákærði Sigurður Árni Sigurðsson sæti fangelsi í 7 mánuði og ákærði Gísli Theodórsson sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsinga þeirra og þær falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi þeir hver um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Hjalti Pálsson, Sigurður Árni Sigurðsson og Gísli Theodórsson skulu, hver um sig, greiða skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Guðmundi Ingva Sigurðssyni, Eiríki Tómassyni og Erni Clausen, málsvarnarlaun, í héraði eins og þau eru ákveðin í héraðsdómi, og fyrir Hæstarétti 175.000,00 krónur til hvers. Annan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti greiði þeir óskipt að 3/5 hlutum auk saksóknarlauna til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 250.000,00 krónur.

Annar sakarkostnaður fellur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu Erlends Einarssonar og Arnórs Valgeirssonar, hæstaréttarlögmannanna Jóns Finnssonar og Ragnars Aðalsteinssonar, eins og þau voru ákveðin í héraðsdómi, og fyrir Hæstarétti 175.000,0 krónur til hvors.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Guðmundar Jónssonar.

Varðandi málavexti vísum við til atkvæðis meirihluta dómenda. Við föllumst á það með meirihlutanum að ekki séu efni til frávísunar máls þessa. Við erum og sammála meirihlutanum um það að sýkna ákærða Erlend Einarsson með þeim röksemdum er greinir í VI. kafla atkvæðis meirihlutans.

Þá erum við sammála röksemdum meirhlutans, er fram koma í VII. kafla atkvæðis hans um það að ákærða Hjalta Pálssyni verði ekki refsað fyrir brot gegn 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og afgreiðslu meirihlutans í XI. kafla atkvæðis hans.

Hins vegar erum við ósammála meirihlutanum í því að sakfella ákærðu, Hjalta, Sigurð Árna og Gísla Theódórsson, af ástæðum þeim er hér greinir: Eins og rakið er í atkvæði meirihlutans varð breyting á viðskiptum kaffibrennslunnar og SÍS seint á árinu 1979 í þá veru, að SÍS tók að fjármagna hrákaffikaupin fyrir milligöngu Lundúnaskrifstofu sinnar. Eigi var gerður skriflegur samningur milli kaffibrennslunnar og SÍS varðandi breytingu þessa á viðskiptaháttum. Áður fyrr virðist svo, að viðskipti þessi hafi verið umboðsviðskipti, enda þótt skriflegan samning skorti um það. Aftur á móti er það ekki sjálfgefið að viðskiptin hafi haldið áfram að vera umboðsviðskipti eftir breytinguna. Leggja verður lögfræðilegt mat á eðli viðskiptanna eftir þetta, og þá getur það eitt ekki ráðið úrslitum í refsimáli, hvaða hugmyndir ákærðu kunna að hafa gert sér um eðli viðskiptanna, né heldur hvernig þau voru bókfærð hjá SÍS.

Eins og fyrr getur tók SÍS að fjármagna hrákaffikaupin seint á árinu 1979 fyrir milligöngu Lundúnaskrifstofu sinnar. Í farmskírteinum var SÍS sagt kaupandi vörunnar og bar því fjárhagslega ábyrgð á kaupunum gagnvart seljanda. Kaffibrennslan er hins vegar nefnd „consignee" í framskírteinum, er merkir: viðtakandi vöru samkvæmt farmskírteini.

Endurgreiðslurnar („avisos") stóðu kaffibrennslunni sjálfri ekki til boða, heldur voru þær háðar því, að SÍS var þátttakandi í Norræna samvinnusambandinu. Endurgreiðslur þessar og hið tvöfalda reikningskerfi var uppfundið af stjórnvöldum í Brasilíu og Kolumbíu til þess að örva og viðhalda sölu á hrákaffi eftir að verð-

hrun hafði orðið á því á heimsmarkaði. Þetta voru flóknir og óvenjulegir viðskiptahættir, sem ósannað er að hinir ákærðu forráðamenn SÍS hafi átt þátt í að koma á.

Þegar virt er það, sem nú hefir verið rakið er ýmislegt sem bendir til þess, að hér hafi fremur verið um verslunarkaup milli SÍS og kaffibrennslunnar að ræða heldur en umboðsviðskipti það tímabil sem ákæran nær yfir. Að minnsta kosti ríkir verulegur vafi á, að kaup þessi hafi verið umboðsviðskipti. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 74/1974 ber að túlka allan vafa um sönnunaratriði sakborningi í hag, enda hefir ákæruvald sönnunarbyrðina um sekt sökunauts. Eigi verður talið, að ákæruvaldi hafi tekist að sanna, að hér hafi verið um umboðsviðskipti að ræða. Ber því að sýkna ákærða Hjalta Pálsson af ákæru fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessari niðurstöðu um sýknu ákærðu, Erlends Einarssonar og Hjalta Pálssonar, ber að sýkna aðra ákærðu, sem einungis eru ákærðir fyrir hlutdeild í brotum hinna fyrrnefndu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnaralun til verjenda ákærðu í héraði, eins og þau voru ákveðin í héraðsdómi, svo og málsvarnarlaun til verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, 175.000,00 krónur til hvers þeirra.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara sem dómsformanni og meðdómsmönnunum Jóni Þ. Hilmarssyni og Sigurði Stefánssyni löggiltum endurskoðendum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 118-122/1987: Ákæruvaldið gegn Erlendi Einarssyni, Hjalta Pálssyni, Sigurði Árna Sigurðssyni, Gísla Theodórssyni og Arnóri Valgeirssyni, sem tekið var til dóms 23. f.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. janúar f.á., á hendur eftirgreindum starfsmönnum Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS) á tímabilinu frá seinni hluta ársins 1979 fram til loka ársins 1981:

1. Erlendi Einarssyni forstjóra, Selvogsgrunni 27, Reykjavík, fæddum 30. mars 1921 í Vík í Mýrdal,

2. Hjalta Pálssyni, framkvæmdastjóra Innflutningsdeildar, Ægissíðu 74, Reykjavík, fæddum 1. nóvember 1922 að Hólum í Hjaltadal,

3. Sigurði Árna Sigurðssyni, deildarstjóra Fóðurvörudeildar og seinna forstöðumanni skrifstofu SÍS í London, 7 Luppitt Close Hutton, Mount Brentwood, Essex CM 13 2ju, Englandi, fæddum 23. september 1949 í Reykjavík,

4. Gísla Theodórssyni, forstöðumanni skrifstofu SÍS í London, Reynihvammi 8, Kópavogi, fæddum 12. desember 1930 í Reykjavík, og

5. Arnóri Valgeirssyni, deildarstjóra Fóðurvörudeildar, Seljugerði 10, Reykjavík, fæddum 9. ágúst 1932 í Gemlufalli, Dýrafirði.

Sakargiftirnar eru þessar eins og segir í ákærunni:

„I.

Gegn Erlendi Einarssyni og Hjalta Pálssyni er málið höfðað fyrir að hafa gerst sekir um fjársvik, skjalafals og brot á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála með stjórn þeirra og framkvæmd á umboðsstörfum Sambands íslenskra samvinnufélaga fyrir Kaffibrennslu Akureyrar hf. vegna innflutnings á kaffibaunum frá Brasilíu með milligöngu Norræna samvinnusambandsins (NAF) á tímabilinu frá nóvember 1979 fram til ársloka 1981, svo sem hér á eftir verður nánar rakið:

A. Fjársvik.

Með því að hafa, ákærði Erlendur sem forstjóri og ákærði Hjalti sem framkvæmdastjóri Innflutningsdeildar, sem sá um innflutninginn á kaffinu, sammælst um að koma því til leiðar með ákvörðun um að leyna umbjóðanda sinn miklum afslætti sem stóð til boða frá umsömdu kaffiverði að Kaffibrennsla Akureyrar hf. var látin greiða miklum mun hærra verð fyrir kaffið en hinir erlendu seljendur áskildu sér að nýttum þessum afslætti, sem nam samtals á fyrrgreindu tímabili US$ 4.605.129,88, auk þess sem kaffibrennslan var látin greiða af sömu ástæðum samtals US$ 217.816,20 hærri vexti vegna samningsbundins greiðslufrests á hverjum reikningi en í raun þurfti að greiða, allt í því skyni að skapa Sambandi íslenskra samvinnufélaga færi á að fénýta bæði afsláttinn og vaxtamuninn, sem þeir svo gerðu, aðallega með því að nota afsláttinn til lækkunar á kaffireikningum sem greiddir voru seljendum í erlendum bönkum af skrifstofu SÍS í London, samtímis því sem þeir létu seljendur útbúa og senda skrifstofu SÍS í London aðra vörureikninga fyrir sömu kaffisendingar með öðru og hærra verði sem að beiðni skrifstofunnar voru innheimtir hjá Kaffibrennslu Akureyrar hf. með milligöngu Landsbanka Íslands, Akureyri. Nokkur hlúti þessara fjármuna, eða samtals US$ 1.526.203,88, var svo seinna endurgreiddur Kaffibrennslu Akureyrar hf., eða frá miðjum maí 1981 fram á fyrri hluta ársins 1982, og þá jafnframt, með launung um raunverulega fjárhæð afsláttarins, látið að því liggja að þar með væri hann að fullu

endurgreiddur. Afsláttinn svo og vaxtamun hverrar sendingar má rekja til hvers samnings fyrir sig um kaffikaupin eftir dagsetningu staðfestingar NAF á pöntuninni (dálkur 1), auðkennis hvers samnings (kontrakt) með K-númeri (dálkur 2), fjárhæð afsláttar í formi „Avisos de Garantia" (dálkur 3), sérstaks afsláttar í formi „Pricefall Garanty" (dálkur 4), vaxtamismunar, þ.e. munar vaxta sem kaffibrennslan var látin greiða af brúttóverði vörureiknings og vaxta sem skrifstofa SÍS í London greiddi af nettóverði þess sama vörureiknings (dálkur 5), og samtölu afslátta og vaxtamunar hverrar sendingar (dálkur 6), svo sem hér verður rakið:

1. Dagsetn. staðfest. NAF	2. Auðkenni samnings K-númer	3. Verð-afsláttur „Avisos" í $	4. Verð-falls-bætur í $	5. Vaxta-munur lána í $	6. Samtals U.S. $
22/11 '79	K-696 '79	39.600,00	34.320,00		73.920,00
19/12 '79	K-739 '79	39.600,00	34.320,00		73.920,00
3/2 '80	K-171 '80	83.661,60			83.661,60
13/2 '80	K-172 '80	12.549,24			12.549,24
27/2 '80	K-204 '80	113.704,80		6.416,70	120.121,50
4/3 '80	K-214 '80	59.149,20		4.404,40	63.553,60
4/3 '80	K-215 '80	59.149,20			59.149,20
5/3 '80	K-231 '80	17.515,08			17.515,08
1/4 '80	K-276 '80	92.901,60	64.917,60		157.819,20
11/4 '80	K-305 '80	123.578,40	94.564,80		218.143,20
30/5 '80	K-357 '80	92.400,00	159.007,20	12.350,00	263.757,20
30/5 '80	K-358 '80	96.888,00	152.565,60	8.958,25	258.411,85
25/6 '80	K-401 '80	58.832,40	60.390,00		119.222,40
21/8 '80	K-455 '80	222.122,60	64.970,40		287.093,00
9/9 '80	K-502 '80	126.508,80	16.222,80		142.731,60
9/9 '80	K-503 '80	126.508,88	16.222,80		142.731,60
11/9 '80	K-506 '80	36.970,56	5.321,16		42.291,72
21/9 '80	K-540 '80	247.522,50	16.368,00		263.890,50
10/10 '80	K-584 '80	295.584,96	8.895,48	21.900,98	326.381,42
31/10 '80	K-625 '80	31.227,00			31.227,00
13/1 '80	K-115 '80	68.227,00	3.333,00	4.974,80	76.534,80
13/1 '81	K-116 '81	68.277,00	3.029,40	3.798,70	75.105,10
14/1 '81	K-117 '81	270.468,00	14.704,80	23.258,37	308.431,17
14/1 '81	K-118 '81	270.468,00	14.704,80	15.346,08	300.518,88
11/3 '81	K-239 '81	71.355,60		4.001,58	75.357,18
11/3 '81	K-240 '81	71.355,60		4.265,82	75.621,42

1. Dagsetn. staðfest. NAF	2. Auðkenni samnings K-númer	3. Verð-afsláttur „Avisos" í $	4. Verð-falls-bætur í $	5. Vaxta-munur lána í $	6. Samtals U.S. $
7/5 '81	K-303 '81	134.956,80	1.452,00	10.056,00	146.464,80
7/5 '81	K-304 '81	134.956,80	1.452,00	10.056,00	146.464,80
4/6 '81	K-354 '81	306.794,40		22.900,45	329.694,85
5/6 '81	K-355 '81	154.466,40		11.450,22	165.916,62
6/7 '81	K-365 '81	56.000,00		2.204,53	58.204,53
14/7 '81	K-428 '81	40.642,80		4.043,27	44.686,33
14/7 '81	K-429 '81	40.642,80		4.043,28	44.686,08
27/7 '81	K-442 '81	39.303,00		7.055,09	46.358,09
4/9 '81	K-541 '81	71.122,20		7.808,15	78.930,35
25/9 '81	K-596 '81	75.002,40		9.269,13	84.271,53
4/11 '81	K-648 '81	34.293,60		7.587,75	41.881,35
	Samtals	3.828.484,44	776.645,44	217.816,20	4.822.946,08

B. Skjalafals og gjaldeyrislagabrot:

Með því að hafa í þeim tilvikum þegar afsláttur var nýttur til lækkunar á vörureikningum látið hina erlendu seljendur kaffisins gefa út í blekkingarskyni gagnvart forráðamönnum Kaffibrennslu Akureyrar hf. tvöfalda vörureikninga mismunandi efnis fyrir sömu kaffikaupunum, þar sem önnur reikningasettin höfðu að geyma nettóverð kaffikaupanna og þeir vörureikningar látnir ganga til banka í London, þar sem þeir voru greiddir af skrifstofu SÍS, en hin reikningasettin, sem höfðu að geyma brúttóverð kaffikaupanna, þ.e. samningsverðið án alls afsláttar, látin ganga með milligöngu skrifstofu SÍS í London til innheimtu í Landsbanka Íslands, Akureyri, þar sem kaupandi kaffisins, Kaffibrennsla Akureyrar hf., greiddi þá í þeirri trú, að þeir hefðu að geyma rétt kaffiverð, og lagði þá jafnframt til grundvallar umsóknum um gjaldeyrisyfirfærslu svo og til grundvallar umsóknum um að nýta þá gjaldfresti sem til boða stóðu. Eftirgreindir vörureikningar voru falsaðir með framanlýstum hætti og notaðir fyrir tilstilli ákærðu til blekkingar í viðskiptum við forsvarsmenn Kaffibrennslu Akureyrar hf. og gjaldeyrisyfirvöld hér á landi:

Dagsetn. vöru-reikn.	Auðkenni vörureikn. K-númer	Fjárhæð vörureikn. til Ísl. í $	Fjárhæð vörureikn. í London í $	Afsláttur nýttur til lækkunar í $	Dagsetn. tollafgr. Akureyri
29/4 '80	K-204 '80	480.000,00	380.000,00	100.000,00	20/6 '80
4/3 '80	K-214 '80	253.200,00	184.560,00	68.640,00	23/6 '80
27/8 '80	K-357 '80	259.800,00	159.800,00	100.000,00	23/10 '80

Dagsetn. vöru-reikn.	Auðkenni vörureikn. K-númer	Fjárhæð vörureikn. til Ísl. í $	Fjárhæð vörureikn. í London í $	Afsláttur nýttur til lækkunar í $	Dagsetn. tollafgr. Akureyri
27/8 '80	K-357 '80	259.800,00	159.800,00	100.000,00	23/10 '80
ódags.	K-358 '80	519.600,00	483.867,68	35.732,32	29/9 '80
25/9 '80	K-455 '80	502.800,00	347.079,60	155.720,40	1/12 '80
9/9 '80	K-502 '80	249.000,00	149.000,00	100.000,00	18/12 '80
9/9 '80	K-503 '80	249.000,00	149.000,00	100.000,00	18/12 '80
24/11 '80	K-540 '80	498.000,00	254.000,00	244.000,00	27/12 '80
23/12 '80	K-584 '80	574.080,00	288.880,00	285.200,00	27/7 '81
7/11 '80	K-625 '80	80.298,00	49.071,00	31.227,00	4/12 '80
5/2 '81	K-115 '81	138.300,00	68.800,00	69.500,00	10/4 '81
5/2 '81	K-116 '81	138.300,00	68.800,00	69.500,00	12/6 '81
2/2 '81	K-117 '81	537.000,00	259.000,00	278.000,00	10/4 '81
25/3 '81	K-118 '81	537.000,00	259.000,00	278.000,00	9/6 '81
10/4 '81	K-239 '81	137.700,00	63.200,00	74.500,00	9/6 '81
8/5 '81	K-240 '81	137.700,00	63.200,00	74.500,00	15/9 '81
9/6 '81	K-303 '81	260.100,00	87.100,00	173.000,00	21/8 '81
1/6 '81	K-304 '81	260.100,00	87.100,00	173.000,00	21/8 '81
30/6 '81	K-354 '91	517.200,00	165.200,00	352.000,00	24/8 '81
25/6 '81	K-355 '81	258.600,00	82.600,00	176.000,00	28/8 '81
4/8 '81	K-365 '81	215.964,00	159.964,00	56.000,00	30/9 '81
10/8 '81	K-428 '81	133.200,00	69.200,00	64.000,00	30/9 '81
3/9 '81	K-429 '81	133.200,00	69.200,00	64.000,00	11/11 '81
1/9 '81	K-442 '81	209.700,00	103.500,00	106.200,00	27/10 '81
1/10 '81	K-541 '81	202.500,00	85.500,00	117.000,00	9/12 '81
4/12 '81	K-596 '81	276.000,00	120.007,96	155.992,04	11/2 '82
4/12 '81	K-648 '81	205.200,00	88.200,00	117.000,00	11/2 '81
	Samtals	8.223.342,00	4.504.630,24	3.718.711,76	

Háttsemi ákærðu Erlends Einarssonar og Hjalta Pálssonar, sem rakin er í I. kafla hér að framan, teist varða við 248. gr. og 1. mgr. 155. gr. en til vara við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 17. gr. laga nr. 63, 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 519, 1979, um sama efni.

II.

Gegn þeim Sigurði Árna Sigurðssyni, Gísla Theodórssyni og Arnóri Valgeirssyni er málið höfðað fyrir hlutdeild í framanlýstum fjársvika-, skjalafals- og gjaldeyrisbrotum meðákærðu Erlends Einarssonar og Hjalta Pálssonar með því að hafa, ákærði Sigurður Árni sem deildarstjóri Fóður-

vörudeildar, einnar undirdeildar Innflutningsdeildar, sem annaðist framkvæmd kaffiviðskiptanna, m.a. þá þætti þeirra sem lýst er í I. kafla ákærunnar, fram til ársloka 1980, að hann tók við starfi forstöðumanns skrifstofu SÍS í London, sem heyrði stjórnunarlega beint undir forstjóra, ákærða Erlend, og sá einkum um hina fjármálalegu hlið kaffiviðskiptanna, þ. á m. að viðhalda hinu tvöfalda vörureikningakerfi, ákærði Gísli sem forstöðumaður skrifstofu SÍS í London fram til ársloka 1980, þegar ákærði Sigurður Árni tók þar við og ákærði Arnór sem deildarstjóri Búvörudeildar (sic) frá 1. janúar 1981, er ákærði Sigurður Árni lét þar af störfum, tekið við fyrirmælum frá yfirmönnum sínum, þeim meðákærðu Erlendi og Hjalta, um framkvæmd kaffiviðskiptanna, svo sem þeim er lýst í I. kafla ákærunnar, og síðan séð um framkvæmd þeirra í einstökum atriðum, þrátt fyrir að þeim hlaut að vera ljóst, að sú framkvæmd var bæði refsiverð og andstæð eðlilegum viðskiptaháttum.

Háttsemi þeirra Sigurðar Árna, Gísla og Arnórs telst varða við 248. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 17. gr. laga nr. 63, 1979 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 519, 1979 um sama efni, allt sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist, að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Upphaf málsins.

Með bréfi rannsóknardeildar ríkisskattstjóra dagsettu 9. febrúar 1982 til Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS) skýrði deildin frá því, að hún hefði í hyggju að endurskoða framtöl fyrirtækisins fyrir gjaldárin 1980 og 1981 og ársreikninga þess og bókhald vegna rekstraráranna 1979 og 1980. Í bréfinu var þess óskað að svarað yrði tilteknum spurningum, en þær voru við það miðaðar að hægt væri að gera sér grein fyrir rekstri og skipulagi fyrirtækisins, bókhaldi og viðskiptum, áður en sjálf skoðunin færi fram og stytta þann tíma sem ella þyrfti að vinna á starfstöð fyrirtækisins. Þá var þess getið í bréfinu að spurningarnar takmörkuðust við aðalskrifstofu, innflutningsdeild og véladeild.

Í framhaldi af þessu bréfi hófst rannsókn rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, og með bréfi skattrannsóknarstjóra dagsettu 14. febrúar 1985 barst ríkissaksóknara skýrsla rannsóknardeildarinnar dagsett 7. febrúar s.á. ásamt fylgigögnum, svo og bréf og skýrsla Gjaldeyriseftirlits Seðlabankans dagsett 13. febrúar s.á. ásamt fylgiskjölum, allt varðandi innflutning Kaffibrennslu Akureyrar hf. (KA) á kaffibaunum á árunum 1979, 1980 og 1981 með milligöngu SÍS - innflutningsdeildar, og umboðsskrifstofu SÍS í London.

Ríkissaksóknari sendi áðurgreind gögn til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins með bréfi dagsettu 28. febrúar 1985 og lagði fyrir hann að hefjast handa um opinbera rannsókn, en af rannsóknargögnunum mætti ráða að rökstuddur grunur væri fyrir því að KA hefði verið látin greiða fyrir kaffið mun hærri fjárhæðir í erlendum gjaldeyri en efni stóðu til og umboðsaðilinn, SÍS, hefði með þeim hætti náð undir sig og fénýtt mismun sem kynni að nema allt að $ 4.275.050,00 þegar tekið hefði verið tillit til óvenju hárra umboðslauna sem Sambandið áskildi sér, eða samtals $ 1.237.271,00, sem samsvaraði 10% af nettóverði kaffisins, og með sama hætti orðið þess valdandi að gjaldeyrisumsóknir KA vegna kaffiinnflutningsins hefðu haft að geyma rangar upplýsingar um upphæð þeirra fjárskuldbindinga í erlendri mynt sem greiða þurfti á hverjum tíma.

Rannsóknarlögreglan rannsakaði málið, og var niðurstaða rannsóknarinnar send ríkissaksóknara með bréfi dagsettu 5. nóvember 1985. Höfðu þá verið yfirheyrðir stjórnarmenn hjá SÍS og KA og ýmsir starfsmenn SÍS og framkvæmdastjóri KA.

Viðskipti SÍS og KA, sem málið fjallar um.

SÍS annaðist á árunum 1979 - 1981 innflutning á hrákaffi fyrir KA og hafði gert það árum saman áður og eins síðan. Fóru viðskiptin fram á þann veg að þegar KA vantaði kaffi var haft samband við innflutningsdeild SÍS — fóðurvörudeild —, sem hafði samband við skrifstofu Nordisk Andelsforbund (NAF) í Kaupmannahöfn, sem gert hafði samning um kaffikaup við Kaffimálastofnun Brasilíu, Instituto Brasileiro do Café (IBC), vegna samvinnufélaganna á Norðurlöndum. Skrifstofa NAF leitaði þá eftir tilboðum í kaffikaup frá útflytjendum í Brasilíu. Tilboð um sölu á kaffi komu síðan til KA fyrir milligöngu fóðurvörudeildar, og var það KA sem tók endanlega afstöðu til þeirra verðtilboða sem bárust hverju sinni.

Kaffiframleiðendur og kaffikaupendur í heiminum hafa með sér samtök er nefnast International Coffee Organisation (ICO). Öll þau lönd sem selja kaffi og stærstur hluti þeirra landa sem kaupa kaffi eiga aðild að þessum samtökum, en Ísland er á meðal þeirra landa sem ekki eiga aðild að þeim.

Hlutverk ICO er að ákveða kvóta sem gildi fyrir einstök aðildarlönd, bæði seljendur og kaupendur, og tekur aðalfundur ICO, sem haldinn er að haustlagi ár hvert, ákvörðun um kvótaskiptingu.

Umsjón með kaffiútflutningi Brasilíu hefur IBC. Stofnun þessi ákveður m.a., hvernig staðið skuli að því að greiða fyrir sölu á brasilísku kaffi.

Til þess að örva útflutning greiddi IBC kaffikaupendum bætur (Indemnification — IBC — Bonus) í formi „Avisos de Garantia", sem kaffikaupendur gátu síðan notað til greiðslu á kaffikaupum sínum í samræmi við reglur sem IBC setti. Bætur þessar voru ekki hinar sömu fyrir þau lönd

sem áttu aðild að ICO og hin, svo sem Ísland, sem ekki áttu aðild að stofnuninni. Þar sem kvótatakmarkanir snertu aðeins þá sem áttu aðild að stofnuninni höfðu kaffiútflytjendur og þ. á m. Brasilía leitað eftir viðskiptum þeirra landa sem ekki áttu aðild að ICO og boðið þeim betri kjör en aðildarlönd áttu kost á. Bætur þessar voru breytilegar og tóku mið af markaðsverði á hverjum tíma á mismunandi kaffitegundum. Í viðskiptum við Brasilíu var ennfremur í gildi trygging fyrir kaffikaupendur gegn áhrifum af verðfalli sem yrði eftir að þeir hefðu staðfest pöntun sína (Pricefall Guaranty). Útreikningur á bótum samkvæmt framansögðu var grundvallaður á meðaltalsverði 30 - 40 daga tímabils eftir afskipunardag samkvæmt nánari reglum sem IBC setti. Reglurnar um bætur giltu ekki að fullu nema viðkomandi kaffikaupandi hefði undirskrifað samning við IBC.

Norræna samvinnusambandið, NAF, hafði milligöngu um kaffikaup Innflutningsdeildar og gerði samning við IBC, yfirleitt í lok hvers árs, og fólst í honum bindandi áætlun um kaffikaup deildarinnar á komandi ári. Í samningnum voru ákvæði um það hvernig reikna skyldi bætur og verðfallsbætur og að þær skyldi greiða á þann hátt sem IBC ákvæði, sem nær alltaf var í formi „Avisos de Garantia" sem innleysanlegur var til frekari kaffikaupa frá Brasilíu. Þá voru ákvæði um það hversu fljótt Avisos var innleysanlegur eftir afskipun þeirrar sendingar sem bæturnar voru reiknaðar af, svo og ef afsláttur félli niður vegna brota á samningi, t.d. ef tilskilið magn var ekki keypt á hverjum ársfjórðungi eða keypt kaffi var endurselt til annarra aðila.

Endurgreiðslur samkvæmt Avisos var aldrei hægt að draga frá verði þeirrar sendingar sem endurgreiðslan reiknaðist af, heldur eingöngu af framtíðarkaffikaupum, þ.e.a.s. kaupum sem gerð voru tilteknum dagafjölda eftir afskipun þeirrar sendingar sem endurgreiðsluna skapaði og þannig koll af kolli. Nokkra aðgæslu þurfti til þess að tryggja að afslættirnir nýttust að fullu, en þeir þjónuðu því markmiði að festa viðskiptin í Brasilíu.

Kaup eða afgreiðslur innan árssamningsins fóru fram í samráði NAF, Innflutningsdeildar og KA. Innflutningsdeildin fékk fyrir milligöngu NAF í Kaupmannahöfn upplýsingar um verð og markaðshorfur í Brasilíu, sem fengnar voru frá innkaupaskrifstofu NAF í Santos. Kaffibrennslan ákvað út frá þörfum sínum og með hliðsjón af verðtilboðum og sýnishornum, hvenær og af hvaða útflytjanda í Brasilíu einstakar kaffisendingar voru keyptar. Innflutningsdeildin sendi síðan pöntun til NAF, sem aftur sendi Innflutningsdeildinni staðfestingu („ordrebekræftelse"), sem almennt gekk undir nafninu „kontrakt" og hafði tilvísunina K- og þriggja tölustafa númer.

Í „kontraktinum" voru m.a. upplýsingar um seljanda, magn í 50 kg

pokum, gæðakröfur, verð í US-dollurum pr. 50 kg, afskipun, greiðslukjör o.fl. Einnig var tekið fram hvort heimilt var að nota Avisos til hlutagreiðslu á sendingunni í samræmi við reglur IBC.

NAF tók við og hafði eftirlit með uppgjörum og útreikningum IBC á bónusum og verðfallsbótum og sendi SÍS yfirlit. Á yfirlitunum kemur fram hvaða liðnar afskipanir hefðu gefið af sér Avisos og hve háa upphæð og á móti hvaða afskipunum, sem þá voru ákveðnar, mætti nota þessa upphæð eða hluta af henni. Yfirlitin eru í formi bréfa og eru rekjanleg frá einu bréfi til annars.

Á árunum 1979 og 1980 gátu önnur samvinnusambönd á Norðurlöndum notfært sér Avisos vegna kaffikaupa SÍS og endurgreiddu síðan SÍS eftir að afslættirnir höfðu öðlast peningagildi fyrir þau. Þá voru og dæmi þess að Avisos hefði verið „seldur" öðrum aðilum.

Kaffiseljendur í Brasilíu sendu vöruskjölin til skrifstofu SÍS í London til innheimtu. Skrifstofan tók lán fyrir andvirði kaffisins hjá einhverjum af viðskiptabönkum sínum í London sem sendi greiðslu til seljandans. Opnaður var sérstakur lánsreikningur fyrir hverja sendingu. Skrifstofan sendi síðan vöruskjölin áfram ásamt víxli til Landsbankans á Akureyri til innheimtu hjá KA. Lánstími hins erlenda láns og gjaldfrestur samkvæmt víxlinum var hafður hinn sami, og rann yfirfært andvirði víxilsins til greiðslu á láninu. Víxilvextir voru ákveðnir í samræmi við lánsvextina. Þó var innifalinn nokkur vaxtamunur fyrir skrifstofuna.

Þegar skrifstofa SÍS í London greiddi hinum brasilíska seljanda dró hún frá umsömdu verði þann hluta sem greiða mátti af uppsöfnuðum Avisos, sem NAF hafði eins og áður segir fengið tilkynningu um frá IBC að nota mætti upp í viðkomandi sendingu. Bankalánið var einnig tekið fyrir nettóupphæðinni en innheimtukrafan til KA var höfð í samræmi við umsamið kaupverð, þ.e.a.s. án frádráttar Avisos. Þessi mismunur á greiðslum kaffisendinganna var síðan yfirfærður til Íslands og rann frá 1981 til KA að frátöldum 10% fyrir 1981 og síðan 4% af brúttóandvirði kaffisins, sem rann til Innflutningsdeildar sem erlend umboðslaun.

Árið 1979 voru Avisosupphæðir lágar miðað við það sem síðar varð. Þær komu til Innflutningsdeildar sem peningar frá samvinnusamböndum Norðurlanda sem notað höfðu Avisos SÍS, eða þá frá hinum erlendu seljendum. Greiðslurnar voru tekjufærðar hjá SÍS sem umboðslaun Innflutningsdeildar. Aðaltekjur Innflutningsdeildar voru þó erlend umboðslaun, sem deildin hafði beðið hina erlendu seljendur að innifela í verðunum, fyrst 6% en síðan 10%. Seljendurnir sendu síðan Innflutningsdeildinni upphæðirnar en hún tekjufærði þær við móttöku.

Árið 1980 stórhækkuðu Avisosgreiðslurnar, en erlend umboðslaun voru felld niður. Nokkrar stórar fjárhæðir komu til tekna hjá Innflutningsdeild

vegna Avisos, sem seldur var eða notaður af öðrum á sama hátt og áður, en langmestur hluti þess Avisos sem tilkominn var vegna kaffisamningsins fyrir 1980 var dreginn frá kaffikaupum Innflutningsdeildar sjálfrar í Brasilíu eftir þeim reglum sem áður var lýst. Mismunur brúttóverðsins og peningagreiðslna til seljenda safnaðist því fyrir í bókhaldi skrifstofunnar í London. Þessi mismunur var færður til skuldar á biðreikning fyrir umboðslaun í eigu Innflutningsdeildar. Þegar KA að liðnum gjaldfresti greiddi brúttóverðið til London varð mismunurinn að peningum fyrir skrifstofuna og var yfirfærður til baka heim til Íslands og skilað í banka. Í október til desember 1980 notaði skrifstofan í London upp í kaffigreiðslur Avisos að fjárhæð um $ 799.000. Þetta fé hafði ekki verið yfirfært til Íslands á árinu, enda bundið í ógreiddum kaffivíxlum KA og var fært sem umboðslaunainneign Innflutningsdeildar, en vegna bókhaldsgengis skrifstofunnar fært sem £ 399.000, sem jafngilti þá í reynd nokkru hærri dollaraupphæð en fyrrgreindum $ 799.000.

Í aðalbókhaldi SÍS var gerð færsla undir dagsetningunni 31.12. '80 til mótvægis við stöðuna í London. Færðar eru um 595 milljónir gamalla króna til tekna sem umboðslaun og á móti sem inneign hjá skrifstofunni. Færslan var frágengin hinn 25.3. 1981.

Þar sem hér var um háa fjárhæð að ræða, tilkomna á sérstakan hátt, var hennar getið í endurskoðunarskýrslu til stjórnar SÍS fyrir árið 1980, dagsettri 19. maí 1981. Nokkru síðar var sú breyting gerð á fyrirkomulagi tekjufærslunnar að frá og með kaffikaupum ársins 1981 skyldi andvirði Avisosgreiðslna renna til KA að frádregnum 10% af faktúruverði 1981 og 4% síðar, sem kæmi í hlut Innflutningsdeildar. Fjármáladeild SÍS hafði frá 1981 séð um að skipta greiðslunum eftir þessari reglu, en sama fyrirkomulagi varðandi innheimtu bruttóandvirðis og yfirfærslu Avisosandvirðis hafði verið haldið áfram.

Eftir að skrifstofa SÍS í London fór að nota Avisos og bónusa til frádráttar á greiðslum vegna sendinga sem á eftir komu, voru í flestum tilvikum útbúnir tveir vörureikningar af seljendum í Brasilíu og þeir sendir til skrifstofu SÍS í London. Annar var með þeirri fjárhæð sem Lundúnaskrifstofan tók lán fyrir í bönkum í London til að greiða andvirði kaffisins, en hinn var með upphæðinni án frádráttar þeirra afslátta sem fyrir hendi voru. Þann reikning sendi Lundúnaskrifstofa í gegnum Landsbankann á Akureyri til KA ásamt víxlum fyrir upphæðinni. Á gjalddaga greiddi KA víxlana og andvirði þeirra var yfirfært til erlendra banka í nafni umboðsskrifstofunnar í London. Mismunurinn var síðan sendur til SÍS í Reykjavík frá skrifstofunni í London eins og áður greinir.

Fyrir kom í viðskiptunum, þegar keypt var frá öðrum en framleiðendum í Brasilíu, að beiðnir voru sendar frá SÍS um að hækka verðið frá því sem

samningar höfðu náðst um. Þetta virtist gert í þeim tilgangi að dylja KA hvert hið raunverulega verð var á þeim sendingum sem komu beint frá Brasilíu. Er hér um að ræða sendingar merktar K-625/80 og K-365/81.

Auk verðmismunar var sá munur umtalsverður sem var á vöxtum þeim sem Lundúnaskrifstofan greiddi erlenda bankanum vegna láns fyrir hverja vörusendingu og á þeim vöxtum sem KA greiddi til Lundúnaskrifstofunnar vegna sömu vörusendingar.

Fyrir íslenska banka og gjaldeyrisyfirvöld voru því lögð lánsskjöl sem hljóðuðu á hærri upphæðir en raunverulegri greiðslu nam.

Með bréfi SÍS til KA, dagsettu 12. febrúar 1981, var sent afrit af pöntunum SÍS á 1000 sekkjum af Santoskaffi fyrir KA. Jafnframt var í bréfinu tilkynnt að eins og Sigurður Gils Björgvinsson aðstoðarframkvæmdastjóri hefði greint frá í símtali myndu gilda þar til annað yrði ákveðið sérstakar endurgreiðslur að hluta af fobverði til þess að bæta samkeppnisaðstöðu útflytjenda á kaffi frá Brasilíu. Væru endurgreiðslurnar breytilegar frá einum tíma til annars og fengjust ekki greiddar, fyrr en hver sending hefði verið greidd og greiðsla móttekin af viðkomandi aðilum. Loks var þess getið að hvað viðvéki hjálögðum pöntunum næmi þessi greiðsla US$ 57 pr. 50 kg. Var nokkru síðar eða í maí byrjað að endurgreiða KA.

Á fundi stjórnar SÍS hinn 23. maí 1984 var samþykkt samhljóða ályktun um að SÍS hefði reiknað hærri umboðslaun en efni stóðu til og samþykkt að endurgreiða KA vegna áranna 1979, 1980 og 1981 um það bil 15 milljónir að vöxtum viðbættum, enda semdist um málið við KA.

Á fundi stjórnar SÍS hinn 5. október 1984 var með tilvísun til áðurgreindrar samþykktar samþykkt að endurgreiða KA oftekin umboðslaun fyrir kaffiútvegun áðurgreindra ára ásamt vöxtum, allt samkvæmt útreikningi Geirs Geirssonar löggilts endurskoðanda. Voru umboðslaunin talin nema kr. 18.129.000,00 og vextir af þeim til 1. janúar 1984 kr. 24.483.611,00 eða samtals kr. 42.612.111,00.

Í málinu er ekki ágreiningur um það að viðskiptin hafi farið fram á þann veg tölulega sem þeim er lýst í ákærunni.

Dómurinn hefur farið sérstaklega yfir öll gögn málsins, m.a. til að sannreyna þær tölur sem fram koma í ákærunni. Af því tilefni hafa komið fram nokkrar tölulegar villur og verða af þeim sökum gerðar okkrar leiðréttingar og athugasemdir við ákæruna að þessu leyti síðar.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni í Kaupmannahöfn yfir tveim starfsmönnum, öðrum núverandi og hinum fyrrverandi, Poul Marius Pedersen, hefur komið fram að á árunum 1979 - 1981 hafi samvinnufélögin í Danmörku og Finnlandi fengið gefnar út tvær faktúrur, með og án afsláttar, og var það gert vegna tollafgreiðslu. Ekki vissu umræddir starfsmenn hvort forráðamenn SÍS í Reykjavík hefðu beðið um tvöfaldar

faktúrur eða hvort útgefendur þeirra hefðu af sjálfsdáðum gefið þær út til Íslands, þar sem þær voru gefnar út til annarra landa á Norðurlöndum.

Um KA, SÍS og NAF.

KA á Akureyri var stofnað árið 1929. Starfssvið fyrirtækisins er framleiðsla og sala á Braga- og Santoskaffi. Hlutafjáreign skiptist svo sem hér segir:

SÍS	49%
Kaupfélag Eyfirðinga Akureyri (KEA)	49%
Guðmundur Guðlaugsson	0,5%
Valur Arnþórsson	0,5%
Jakob Frímannsson	0,5%
Eigið hlutafé	0,5%

Stjórnarformaður er Þórarinn *Valur* Arnþórsson, Byggðavegi 118 á Akureyri.

Framkvæmdastjóri var Þröstur Arnar Sigurðsson, Hömrum 1 á Akureyri.

SÍS í Reykjavík var stofnað 1902. Verkefni þess skiptast í fjóra meginþætti:

1. Annast sameiginleg innkaup fyrir aðildarfélögin og sölu á afurðum þeirra.
2. Skiparekstur til vöruflutninga til og frá landinu og til hafna umhverfis það.
3. Iðnrekstur, einkum þann er lýtur að framleiðsluvörum félaganna.
4. Að vera þjónustustofnun um hagræðingu, stjórnun og bókhald fyrir kaupfélögin.

Forstjóri var ákærði Erlendur Einarsson, Reykjavík.

Stjórnarformaður er Þórarinn Valur Arnþórsson.

Framkvæmdastjóri Innflutningsdeildar var ákærði Hjalti Pálsson og deildarstjóri Fóðurvörudeildar var ákærði Sigurður Árni Sigurðsson til 1. janúar 1981 og síðan ákærði Arnór Valgeirsson.

Lundúnaskrifstofa SÍS tók til starfa 20. febrúar 1962. Markmið hennar er að hafa umsjón með viðamiklum innkaupum fyrir Sambandið, kaupfélögin og samstarfsfélög þess. Ennfremur sér skrifstofan um útvegun hagstæðra lána og fjármögnun á vörukaupum fyrir Samvinnuhreyfinguna.

Ákærði Gísli Theodórsson veitti skrifstofunni forstöðu til 1. janúar 1981, og tók þá við starfi hans ákærði Sigurður Árni. Skrifstofan er undir yfirstjórn forstjóra SÍS sem réð framkvæmdastjóra skrifstofunnar.

NAF (Norræna Samvinnusambandið) var stofnað 26. júlí 1918. SÍS gerðist meðlimur þess árið 1949. Markmið NAF er að ná sem hagstæðust-

um innkaupum á hráefnum og matvælum fyrir samvinnusamböndin í heild ásamt annarri fyrirgreiðslu í því sambandi. Aðalskrifstofan er til heimilis í Kaupmannahöfn í Danmörku, en með skrifstofur (eða útibú) víða um heim, svo sem Kaliforníu, USA, Santos, Brasilíu, Buenos Aires, Argentínu, Valencia, Spáni, og Bologna, Ítalíu. Meðal stjórnarmeðlima var ákærði Erlendur.

Störf ákærðu hjá SÍS.

Ákærði Erlendur Einarsson kveðst hafa hafið störf hjá SÍS hinn 1. janúar 1955 og þá sem forstjóri. Ákærði hafði áður verið forstjóri Samvinnutrygginga frá 1946 og þar áður m.a. starfað hjá Kaupfélagi Skaftfellinga.

Ákærði segir að skrifstofa SÍS í London hafi haft sérstakan framkvæmdastjóra sem ráðinn var af stjórn SÍS. Lundúnaskrifstofan var þjónustuskrifstofa fyrir hinar ýmsu deildir SÍS og fyrir kaupfélögin. Tók hún beint við fyrirmælum um ýmis viðskipti frá Innflutningsdeild og öðrum deildum SÍS og stundum beint frá kaupfélögunum. Framkvæmdastjóri Lundúnaskrifstofunnar heyrði sjálfur stjórnunarlega undir forstjóra og bar ábyrgð gagnvart honum og þar með stjórn. Hafði skrifstofan heyrt undir forstjóra frá upphafi og fram til ársins 1983 eða 1984.

Ákærði segir að stjórn SÍS réði forstjóra og geri við hann ráðningarsamning, en stjórnin sé kosin á aðalfundi ár hvert og fari með yfirstjórn SÍS á milli aðalfunda. Ganga jafnan 2 eða 3 úr stjórn hverju sinni, en hver stjórnarmaður er kosinn til 3 ára.

Stjórnarfundi SÍS sitja, auk stjórnarmanna sem einir hafa atkvæðisrétt utan tveggja fulltrúa starfsmanna, forstjóri og framkvæmdastjórar hinna ýmsu deilda. Hinir atkvæðislausu hafa þó tillögurétt og málfrelsi.

Ákærði Hjalti Pálsson kveðst hafa starfað hjá SÍS og dótturfyrirtækjum þess frá árinu 1958 og hóf störf sem forstöðumaður Innflutningsdeildar 11. maí 1967. Hefur hann verið í því starfi síðan, og í aðalatriðum hefur starf hans verið það sama öll árin og ákærði Erlendur næsti yfirmaður hans.

Ákærði segir að Innflutningsdeild SÍS sé byggð upp af mismunandi deildum. Á tímabilinu nóvember 1979 til og með desember 1981 heyrðu undir Innflutningsdeild fimm deildir með mismunandi marga starfsmenn, eða frá fáum upp í nokkra tugi, en hver þeirra hafði forstöðumann sem annaðist innflutning, sölu og dreifingu á þeirri vöru sem viðkomandi deild flutti inn. Á umræddu tímabili annaðist ein deildin innflutning á byggingavörum, önnur á vefnaðarvöru, hin þriðja á búsáhöldum, sportvörum og heimilisáhöldum, hin fjórða innflutning á matvörum og nauðsynjum öðrum en kjöti og fiski, og hin fimmta annaðist fóðurinnflutning. Á umræddu tímabili féll kaffiinnflutningur undir síðastnefndu deildina.

Ákærði Sigurður Árni Sigurðsson kveðst hafa hafið störf hjá SÍS haustið 1972 og þá fyrst á skrifstofunni í Hamborg. Starfaði ákærði þar til vorsins 1974, og var starfssvið hans almenn skrifstofustörf.

Vorið 1974 fluttist ákærði til landsins og hóf störf í Innflutningsdeildinni. Starfaði hann fyrst í Búsáhaldadeildinni. Árið 1977, að ákærða minnir í ársbyrjun, hóf hann störf í Fóðurvörudeild og þá sem deildarstjóri þeirrar deildar. Var ákærði þar til ársloka 1980 að hann tók við forstöðu Lundúnaskrifstofunnar.

Ákærði segir að starf sitt og deildarinnar hafi verið að sjá um innflutning á fóðurvörum, sáðvörum og skyldum vörum til landbúnaðar. Þá var það í verkahring deildarinnar að sjá um Fóðurblöndunarstöð SÍS og dreifingu á fóðri. Loks sá deildin um innflutning á hrákaffi fyrir KA.

Ákærði segir að ákærði Hjalti hafi verið næsti yfirmaður sinn allan tímann á meðan ákærði starfaði í Fóðurvörudeildinni.

Ákærði Gísli Theodórsson kveðst hafa hafið störf hjá SÍS 1. september 1951 og starfað hjá fyrirtækinu fram á sama dag 1981, þó með þeirri undantekningu að um tíma á þessu tímabili starfaði hann við Kaupfélag Arnfirðinga á Bíldudal.

Ákærði hóf störf sem forstöðumaður skrifstofu SÍS í London 1. apríl 1977 og veitti skrifstofunni forstöðu til ársloka 1980.

Ákærði Arnór Valgeirsson kveðst hafa byrjað að vinna hjá SÍS á miðju ári 1951. Á árunum 1961 til ársloka 1980 starfaði ákærði hjá Dráttarvélum hf., sem er dótturfyrirtæki SÍS, og frá 1969 sem framkvæmdastjóri þess fyrirtækis.

Í ársbyrjun 1981 hóf ákærði störf sem deildarstjóri Fóðurvörudeildar og hefur gegnt því starfi síðan.

Afskipti ákærðu af viðskiptunum við KA.

Ákærði Erlendur telur að ákæruskjalið greini ekki rétt frá staðreyndum. Bendir ákærði á að það sé rangt og villandi að tilgreina fjárhæðir í dollurum í ákæruskjalinu í stað íslenskra króna, þar sem þetta gefi alranga mynd af umfangi málsins.

Ákærði segir að afslættir og umboðslaun kaffikaupanna hafi breyst í íslenskar krónur við gjaldeyrisskil og numið samtals krónum 40.469.405,00 fyrir þær sendingar sem ákæran nái yfir. Af þessari upphæð hafi KA verið greiddar krónur 31.989.581,00 en innkaupaþóknun SÍS numið krónum 8.479.824,00.

Ákærði Erlendur segir að sig minni að það hafi verið í maí 1981 að hann sá athugasemd í skýrslu endurskoðanda SÍS um miklar tekjur í kaffiviðskiptum. Hann kveðst hins vegar ekki hafa vitað um Avisos fyrr en eftir að rannsókn var hafin á skattframtölum SÍS fyrir gjaldárin 1980 og 1981.

Hann kveðst ekkert hafa vitað um tilvist verðfallsbóta í kaffibaunaviðskiptum.

Ákærði neitar afdráttarlaust að hafa ákveðið eða átt hlut að því að ákveða að haft væri tvöfalt kerfi vörureikninga við innflutning kaffibauna til KA og veit ekki hver tók ákvörðun um það. Ákærði kveðst fyrst hafa vitað um þetta kerfi eftir að skattrannsóknarstjóri var farinn að yfirfara bókhaldsgögn SÍS.

Ákærði treystir sér ekki til að svara því hvort SÍS hafi verið umboðsaðili fyrir KA við kaffibaunainnflutninginn.

Ákærði segir að sér hafi ekki verið kunnugt um efni samninga NAF við Brasilíumenn í sambandi við kaffiviðskipti 1980 og 1981. Hann kveðst ekki heldur hafa fengið í hendur umræddra samninga, hvorki fyrir sjálfan sig né til að miðla þeim öðrum í hendur. Hann kveðst engan hlut hafa átt að ákvörðun um að leyna KA afslætti Brasilíumanna af kaffiviðskiptunum. Ákærði kveðst heldur ekki hafa tekið ákvörðun um skiptingu svonefndra umboðslauna, en fékk að vita um niðurstöðu hennar þegar hún hafði verið ákveðin.

Ákærði telur að það hafi verið Geir Magnússon og Snorri Egilsson með aðstoð Geirs Geirssonar endurskoðanda af hálfu SÍS og Guðmundur Skaftason f.h. KA sem hafi fjallað um áðurnefnda skiptingu. Ákærði veit ekki hvenær áðurgreindir menn ræddu málið né hvort eða hvenær þeir fengu niðurstöðu.

Ákærði segir að það hafi verið Geir Magnússon, þáverandi framkvæmdastjóri Fjármáladeildar, sem hafi átt að taka ákvarðanir um að yfirfæra gjaldeyri frá SÍS í London til SÍS í Reykjavík vegna afsláttarins og annarra tekna SÍS, en ákærði kveðst engin bein afskipti hafa haft af þessum málum.

Ákærði getur ekki svarað því hver hafi tekið ákvörðun um hvernig haga skyldi færslum á hagnaði vegna afsláttarins og hvort það var gert eftir greiðslum til SÍS í Reykjavík eða bókfærðum hagnaði SÍS í London, en hann hafi ekki haft með þetta að gera. Var skrifstofan í London gerð upp sér rekstrarlega.

Ákærði kveðst ekki geta upplýst hver hafi tekið ákvörðun um að senda hærri verðreikninga í Landsbankann á Akureyri til innheimtu hjá KA, en kveðst hafa staðið í þeirri trú að sölukerfið hjá Brasilíumönnum byði upp á að notaðir væru tvennskonar vörureikningar og að skylt væri að gera það. Vissi ákærði ekki um þetta kerfi fyrr en um svipað leyti og hann heyrði um Avisos.

Ákærði segir að viðhorf hans til kaffibaunaviðskiptanna með tilliti til tvöfaldra vörureikninga sé að hann sem ákærður maður mundi hafa staðið öðruvísi að þessu eftir á að hyggja.

Ákærði veit ekki um neinar fastar reglur sem gildi um það hvernig staðið sé að pöntunum og ósk um fyrirkomulag viðskipta almennt hjá SÍS, en telur að þetta fari eftir hefðbundnum viðskiptaaðferðum.

Ákærði telur að samband SÍS við NAF eigi sér aðallega stað á milli SÍS í Reykjavík og NAF í Kaupmannahöfn.

Ákærði veit ekki til þess að neinn sérstakur skriflegur samningur hafi verið gerður á milli NAF og SÍS í Reykjavík vegna kaffibaunainnkaupanna fyrir KA.

Ákærði kveðst sem forstjóri ekki hafa blandað sér í ákvarðanir um það hverja þóknun eða umboðslaun skrifstofan í London hafi tekið fyrir störf sín. Um það hafi framkvæmdastjóri skrifstofunnar tekið ákvarðanir í samráði við fulltrúa hinna ýmsu deilda og viðskiptaaðila eða eftir eigin ákvörðun.

Ákærði kveðst hafa átt hlut að því að ákveða á árinu 1981 að skrifstofan í London veitti Dráttarvélum hf. vaxtaafslátt að fjárhæð 120 milljónir gkr., en hagur Dráttarvéla stóð illa á þessum tíma. Hafði fyrirtækið átt mikil viðskipti við Lundúnaskrifstofuna.

Ákærði minnist þess ekki að hafa hugað að því sérstaklega hvers vegna Lundúnaskrifstofan væri fær um að gefa þennan aukna afslátt.

Ákærði segir að grundvallarskyldur að hans mati hjá umboðsmanni gagnvart umbjóðanda í viðskiptum eins og þeim sem mál þetta fjallar um séu að útvega umbjóðanda góða vöru á samkeppnishæfu verði. Segir ákærði að sér sé tjáð að kaffið sem SÍS útvegaði hafi verið góð vara á samkeppnishæfu verði, enda hafi KA aukið markaðshlutdeild sína hér á landi á þessum árum.

Ákærði segir að haldnar hafi verið fundargerðir yfir það sem fram fór á fundum framkvæmdastjórnar og það sem þar var ákveðið. Hann minnist þess ekki að kaffimál hafi borið á góma á fundunum framangreind ár.

Ákærði getur ekki bent á nein atriði í samningi NAF og IBC frá 1980 og 1981 sem styrki skilning ákærða um nauðsyn á tvöföldum faktúrum. Þá getur hann ekki svarað því hver hafi tekið eða mátt taka ákvörðun um fráhvarf frá því fyrirkomulagi að vörureikningar hljóðuðu upp á brúttóverð að frádregnum afslætti, enda hafi málið ekki verið í hans höndum. Af sömu ástæðum getur ákærði ekki svarað ýmsum öðrum spurningum varðandi viðskiptin og framkvæmd þeirra.

Ákærði kveðst ekki vita til þess að til hafi verið samningur á milli SÍS og KA um þau viðskipti sem mál þetta fjallar um. Hann kveðst álíta að KA hefði ekki getað notið sömu kjara við Brasilíumenn ef hún hefði samið við þá beint, en kaffiviðskiptin við KA hafi aðeins verið óverulegur hluti af viðskiptum NAF við Brasilíumenn.

Ákærði minnist þess ekki að á fundi sem haldinn var vorið 1979 hafi

verið minnst á ástæður fyrir vaxandi tekjum af kaffiviðskiptum SÍS né man hann eftir því að hafa á þessu tímabili rætt við stjórnarformann KA um kaffiverð.

Ákærði kveðst ekki vita hver tók ákvörðun um að láta KA greiða vexti af lánsfjárhæðum í samræmi við hærri reikninginn en ekki hinn lægri og kveðst ekki hafa staðið að því. Segir ákærði að þetta hafi verið málefni sem hafi heyrt undir Lundúnaskrifstofuna og Fjármáladeildina. Ákærði veit ekki hver tók ákvörðun um hvernig vaxtamismuninum var ráðstafað eða hvert hann skyldi fara.

Ákærði kannast ekki við að hafa átt hlut að því við endurgreiðslu Avisos til KA að látið hafi verið liggja að því með launung að afslátturinn væri að fullu endurgreiddur frá miðjum maí 1981 fram á fyrri hluta ársins 1982 með greiðslu á $ 1.526.203,88.

Ákærði Hjalti lýsir því yfir að hann telji ákæruna ranga og kannast hann ekki við að hafa gerst sekur um lögbrot af einu eða öðru tagi í sambandi við það sem ákæran fjallar um.

Ákærði Hjalti segist munu hafa vitað um svonefndan Avisos frá upphafi, en þetta hafi verið svo lítið í upphafi, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þessu fyrr en skattayfirvöld voru farin að rannsaka málið. Þá kveðst ákærði ekki muna nákvæmlega hvenær hann hafi fyrst vitað um tilvist verðfallsbóta í kaffibaunaviðskiptum og hvernig sú vitneskja hafi borist honum.

Ákærði kveðst fyrst hafa vitað að tvöfalt kerfi verðreikninga var notað við innflutning kaffibauna til KA um svipað leyti og skattayfirvöld voru farin að rannsaka málið. Ekki kveðst ákærði vita hver tók ákvörðun um að hafa framangreindan hátt á og neitar því að hann hafi sjálfur tekið ákvörðun um þetta.

Ákærði lítur ekki svo á að SÍS hafi verið umboðsaðili fyrir KA við kaffibaunainnflutninginn frá Brasilíu og finnst að slíkt samstarf sem átti sér stað við kaffikaupin hafi verið allt öðruvísi en umboðsverslun, og megi e.t.v. kalla þetta samráðskaup.

Ákærði segist gjarnan vilja að viss leynd og trúnaður sé yfir þeim störfum sem hann inni af hendi. Hins vegar telur ákærði að sú leynd sem verið sé að tala um í þessu máli sé gerð meiri en efni standa til vegna þess að upplýsingar um verð á kaffi séu tiltölulega auðfengnar fyrir hvern þann sem eftir þeim leitar. Segist ákærði ekki hafa átt þátt í að taka ákvörðun um að leyna umræddum afslætti. Ákærði telur að engin leynd hafi verið yfir afslættinum og því hafi engan þurft til að taka ákvörðun um slíkt.

Ákærði segir að efalítið hafi hann sjálfur svo og einhverjir fleiri átt þátt í því að taka ákvörðun um að greiða KA $ 342.000 vegna hagstæðra viðskipta. Vill ákærði ekki kalla þetta skiptingu umboðslauna. Segir ákærði

að á árinu 1981 hafi SÍS greitt KA samanlagt af framangreindum ástæðum $ 1.444.649,80.

Ákærði segir að seint á árinu 1981 hafi áðurgreindir fjórir menn verið settir í nefnd til að ræða um hvernig framtíðarþóknun Innflutningsdeildar vegna kaffibaunaviðskiptanna yrði háttað. Ákærði veit ekki hver valdi mennina til framangreinds starfa. Niðurstaða nefndarmanna varð sú að Innflutningsdeildinni bæru fyrst 10% og síðan 4% af verði kaffisins.

Ákærði kveðst engin afskipti hafa haft af því að yfirfæra gjaldeyri frá SÍS í London til SÍS í Reykjavík vegna afsláttarins og veit ekki hver tók ákvarðanir um færslur á hagnaði vegna afsláttarins og hvort það var gert eftir greiðslum til SÍS í Reykjavík eða bókfærðum hagnaði SÍS í London.

Ákærði veit ekki hver tók ákvörðun um að senda hærri vörureikninga í Landsbankann á Akureyri til innheimtu hjá KA, en þeir voru sendir beint frá London til Akureyrar.

Ákærði segir að afrit eigi að vera til hjá Innfluntingsdeildinni og undirdeildum hennar um allar þær pantanir sem gerðar hafa verið um vörukaup á vegum deildanna, og þar eigi að koma fram allt sem máli skiptir um fyrirkomulag viðskiptanna.

Ákærði segir að kaffiinnkaupin fyrir KA hafi farið þannig fram að haft hafi verið samband við starfsmann Innflutningsdeildar frá KA og honum skýrt frá þörfum brennslunnar. Síðan hafi Innflutningsdeildin haft samband við NAF í Kaupmannahöfn með telex eða símtali og óskað eftir verðtilboði. Þessum boðum kom NAF síðan til skrifstofu sinnar í Santos sem sá um að leita eftir tilboðum í Brasilíu frá sölumönnum kaffiræktenda. Þegar tilboð lágu fyrir voru þau send til Kaupmannahafnar og þaðan til Reykjavíkur. Síðan var haft samband frá Innflutningsdeildinni við KA og gefin upp þau tilboð sem borist höfðu. KA ákvað síðan hvaða tilboði skyldi tekið, og var þá verð látið ráða og seljandi sem vitað var um deili á. Pöntun KA var síðan send símleiðis til NAF frá Innflutningsdeildinni sem síðan staðfesti pöntunina bréflega. NAF sendi Innflutningsdeildinni í framhaldi af þessu svonefndan „kontract" um verð, afgreiðsluskilmála sog annað sem máli skipti vegna viðskiptanna.

Þegar sendingin var tilbúin í skip í Brasilíu, tók Lundúnaskrifstofan 150 daga lán til að greiða sendinguna í Brasilíu. Lundúnaskrifstofan lánaði síðan KA kaffið í 90 - 150 daga, og gengu þau viðskipti í gegnum Landsbanka Íslands.

Ákærði segir að ekkert skriflegt fari fram í viðskiptum á milli Innflutningsdeildarinnar og KA, heldur gangi viðskiptin í gegnum síma og enginn samningur sé eða hafi verið í gildi á milli KA og SÍS vegna þessara viðskipta. Ákærði segir að enginn samningur sé heldur í gildi eða hafi verið á milli NAF og Innflutningsdeildarinnar.

Ákærði kveðst ekki hafa séð samningana á milli IBC og NAF og kveðst hafa litið svo á að þeir sem stóðu í kaffiinnflutningnum hafi ekki álitið ákærða þurfa að sjá þá. Kveðst ákærði fyrst hafa séð samningana í dóminum. Ákærði veit ekki hvort þessir samningar eru til í vörslum Innflutningsdeildar. Kveðst ákærði ekki hafa vitað að framangreindir samningar væru til og þá þaðan af síður hvað í þeim stæði.

Ákærði segir að reginmunur sé á umboðssölu og samráðskaupum. Þar sem um umboðssölu sé að ræða þá sé umboðsaðilinn ekki ábyrgur fyrir greiðslunni, en í umræddu tilfelli telji ákærði að SÍS hefði greitt kaffið, ef til þess hefði komið að KA hefði ekki getað það.

Ákærði segir að málefni kaffiinnflutningsins á árunum 1979 til 1981 hafi ekki verið til umræðu á fundum framkvæmdastjórnar SÍS að því er ákærði best man.

Ákærði kveðst ekki vita né hafa skýringu á því að horfið var frá að Avisos kæmi til lækkunar á vöruverði vörureiknings og kæmi KA til góða. Þá kannast ákærði ekki við að hafa átt þátt í ákvörðunum um frágang annarra gagna varðandi kaffiinnkaupin sem teknar voru síðar né þess að ákveða að brúttóverð vörureikninganna var hækkað upp um 10% vegna umboðslauna til SÍS, jafnframt því sem SÍS fékk þá afslætti sem af þessum sendingum leiddi og ennfremur verðfallsbætur, auk þess sem SÍS tók 1,25% til 1,5% af kaupanda vörunnar, en samt var haldið við einfalda vörureikninga.

Ákærða var kynntur framburður ákærða Sigurðar Árna varðandi uppruna tvöfaldra faktúra og afskipti ákærða af ákvarðanatöku í sambandi við þær, sbr. síðar, og kveðst ákærði ekki muna eftir því að hafa haft með ákvarðanatöku að gera í þessum efnum.

Ákærði kannast ekki við að hafa tekið ákvarðanir um innflutning á kaffi frá Evrópu til KA á árinu 1980 þar sem sérstaklega hafi verið beðið um af hálfu SÍS að framboðið verð á kaffinu yrði hækkað verulega eða um allt að 60%. Ákærði telur ekki að skýringin gæti verið sú að ef kaffi þetta hefði verið flutt inn á framboðnu verði, þá hefði KA komist að hinu sanna um raunverulegt markaðsverð á kaffi á áðurgreindum tíma.

Ákærði telur sig ekki muna eftir að hafa tekið ákvörðun um að áskilja SÍS hærri umboðslaunaprósentu á árunum 1979 til 1981 heldur en heimilt var að áskilja sér sem heildsöluálagningu á sama tíma.

Ákærði kveðst hafa komið tvívegis til Brasilíu, í fyrra skiptið árið 1972 og aftur síðar ásamt ákærða Erlendi sem þátttakendur í afmælishópferð stjórnarmanna í NAF og kaffimanna á Norðurlöndum. Ákærði man ekki nákvæmlega hvenær þessi ferð var farin, en ákærði minnist þess að í henni bar á góma meðal danskra þátttakenda að þeir efuðust um að Brasilíumenn gætu staðið við að greiða umsamda afslætti. Þetta skipti Danina máli vegna

tollaákvæða en snerti ekki Íslendinga. Þurftu Danir að greiða tolla af brúttóverði.

Ákærði segir að Brasilíumenn hafi boðið viðskiptaaðilum sínum margslags kjör á þessu tímabili, sem gengu undir mismunandi nöfnum. Ákærði nefnir sem dæmi bónusis, special bónusis, Avisos, price fol garanti, export tax og líklega eitthvað fleira. Ákærði segir að þetta hafi allt verið gert til að gefa kaupendum það góð kjör að þeir héldu sig við að kaupa kaffi frá Brasilíu en sneru ekki viðskiptum sínum annað. Voru þessi kjör búin til af Brasilíumönnum sjálfum. Það sé krafa IBC gagnvart brasilískum útflytjendum að kaffi sé skuldað á kaupendur á „actual sales price", sem er hið almennra markaðsverð vörunnar, þ.e. brúttó.

Ákærði segir að kaffiframleiðendur í Suður- og Mið-Ameríku geri með sér samkomulag um verð á hrákaffi. Það gerist alltaf öðru hverju að kaffiframleiðsla verði önnur en áætluð er og þá bjóði þessir framleiðendur alla vega kjör eins og áður er frá greint, en krafa þeirra sé að „actual sales price" sé alltaf færður á reikningana.

Ákærði kveðst í upphafi ekki hafa leitt hugann að því hverjum bæri tilkall til afsláttarins og taldi eðlilegt að SÍS nyti hans. Hann kveðst ekki hafa verið sáttur við það að afslátturinn gekk til KA síðar. Var þetta vegna þess að ákærða fannst eðlilegt að afslátturinn gengi til SÍS, sem hefði haft allan veg og vanda og ábyrgð af innflutningnum árum saman og komið viðskiptunum á. Að hluta til var SÍS einnig með heildsöluna á kaffinu og markaðshlutdeild þess um 40%.

Ákærði telur að forráðamenn KA hafi haft öll tækifæri til að kynna sér heimsmarkaðsverð á kaffi á hverjum tíma, þar sem út séu gefin mörg rit sem helga sig viðskiptamálum. Í þeim er mikið ritað um kaffi og kaffiverð. Nefnir ákærði auk fagtímarita í þessu efni ritin Newsweek, Time og Businessweek. Segir ákærði að forráðamenn KA hefðu við lestur fagtímarita átt að sjá hvort verð á hrákaffi til brennslunnar hafi verið of átt miðað við heimsmarkaðsverð. Ákærði telur víst að SÍS mundi bera ábyrgð á starfsemi KA ef illa gengi, enda sé SÍS eigandi að 50% fyrirtækisins. Segir ákærði að SÍS hafi í mýmörgum tilfellum hlaupið undir bagga með fyrirtækjum sem það hafi átt í, ef illa hefur hjá þeim gengið. Lítur ákærði á KA sem sjálfstæðan lögaðila.

Upplýsir ákærði að Brasilíumenn hafi í júní sl. hætt að veita kaffiafslætti til Íslands. Hann segir að um áramótin 1981 og 1982 hafi kaffiafslættir farið að ganga beint til KA og gert það þar til þeir hættu. Ástæðan fyrir að afslátturinn hætti var lítil uppskera hjá Brasilíumönnum.

Ákærði segir að undirdeildir Innflutningsdeildar SÍS séu mjög sjálfstæðar og yfir þeim færir menn. Af þeim sökum geti liðið margir dagar á milli þess að ákærði hafi samband við deildarstjórana, og segir ákærði að kaffi-

mál hafi lítið komið inn á borð til sín á þessum tíma þar sem engin vandamál sköpuðust og hlutirnir gengu eðlilega. Kveðst ákærði ekki hafa fylgst náið með kaffiinnflutningi á þessum tíma. Segir ákærði að fundir hans og hinna ýmsu deildarstjóra séu ekki færðir inn í bækur.

Ákærði segir að skeyti fari um hans hendur, en bunkinn sé svo stór að hann lesi ekki allt sem í honum sé og stundum ekki neitt.

Ákærði segir það skoðun sína að SÍS hafi aldrei eignast kaffið. Segir ákærði að aldrei hafi verið farið ofan í eðli viðskiptanna við yfirheyrsluna hjá rannsóknarlögreglunni, en þar nefndi ákærði viðskiptin umboðsviðskipti. Segir ákærði að sér hafi ekki verið kunnugt um þau umboðslaun sem KA greiddi Fóðurvörudeildinni.

Ákærði segir að sér sé ókunnugt um hver tók ákvörðun um að láta KA greiða vexti af lánsfjárhæðum í London í samræmi við hærri reikningana en ekki hina lægri, svo og hver hafi ákveðið hvernig mismuninum var ráðstafað og hvert hann hafi farið. Ákærði kveðst ekki hafa staðið að þessu sjálfur.

Ákærði kannast ekki við neina launung í sambandi við þá fjármuni sem KA fékk af afslættinum frá miðjum maí 1981 fram á fyrri hluta árs 1982 eða að hafa átt hlut að því að leyna raunverulegri fjárhæð afsláttarins og láta að því liggja, að hann væri að fullu endurgreiddur með samtals $ 1.526.203,88. Ákærði kveðst hafa vitað um umræddda greiðslu og að Sigurður Gils Björgvinsson hafi borið undir sig tillögu um þessa greiðslu til KA, og hafi ákærði samþykkt hana.

Ákærði segir að umrædd greiðsla hafi ekki verið hugsuð sem endurgreiðsla, heldur afsláttur til KA til að bæta stöðu fyrirtækisins. Laut tillaga Sigurðar Gils að því að greiða ákveðna fjárhæð á hvern innfluttan sekk af kaffi eða svo minnir ákærða. Ákærða er ókunnugt um hvort KA hafi óskað eftir fjárstuðningi SÍS á þessum tíma vegna fjárhagserfiðleika.

Ákærði segir að sér sé ókunnugt um hvort SÍS hafi átt frumkvæðið að framangreindri greiðslu, en þeir sem hafi fengist við kaffiviðskipti hjá SÍS og KA hafi metið stöðuna á þann veg að þetta væri nauðsynlegt eða svo telur ákærði. Ákærði getur ekki bent á neitt í gögnum málsins sem getur bent til erfiðs fjárhags hjá KA á þessum tíma, en KA hafi fyrir 1980 þegið fjárhagslegan stuðning hjá SÍS vegna erfiðleika.

Ákærði man ekki hvort hann og ákærði Arnór sátu saman fund til að ræða og taka ákvörðun um ráðstöfun á greiðslum til KA, en útilokar ekki að þeir hafi setið fund af þessu tilefni.

Ákærði veit ekki til þess að til sé samningur varðandi umboðslaunagreiðslur til SÍS frá KA á árunum 1980 og 1981.

Ákærði Sigurður Árni Sigurðsson kveðst hafa orðið undrandi þegar ákæra málsins var gefin út, og telur hann sig ekki hafa brotið neitt af sér í sambandi við þau viðskipti sem ákæran fjallar um.

Ákærði segir að þegar hann hóf störf í Fóðurvörudeild hafi verið tíðkaðir afslættir, þ.e. bónus eftir á, vegna kaffibaunaviðskipta við Brasilíu, og var það ákveðin upphæð í dollurum á hvern keyptan sekk.

Ákærða minnir að einhvern tíma ársins, en hann man ekki nákvæmlega hvenær 1978, hafi Avisos fyrst verið notaður. Frétti ákærði fyrst um Avisos í boðum sem komu annaðhvort símleiðis eða í skeyti frá NAF í Kaupmannahöfn. Einnig tíðkuðust verðfallsbætur, en ekki man ákærði hvenær þær voru fyrst notaðar.

Ákærði segist hafa haft frjálsar hendur í sambandi við innflutning Fóðurvörudeildar og þurfti ekki að hafa náið samráð við yfirmann sinn í þeim efnum. Þetta gilti þó ekki um kaffiinnkaup, og hafði ákærði jafnan samráð við hann um þau. Ákærði telur því að hann hafi sagt ákærða Hjalta þegar frá Avisos er hann hófst fyrst.

KA hafði samband við ákærða þegar hana skorti kaffi og leitaði ákærði þá til NAF í Kaupmannahöfn sem hafði milligögnu um að leita tilboða frá Brasilíu. Þegar þau bárust frá Brasilíu um Kaupmannahöfn í skeytum fór ákærði jafnan með skeytin til ákærða Hjalta eða skýrði honum frá efni þeirra, þ.e. hver tilboðin væru, og segir ákærði að ákærði Hjalti hafi jafnan verið með í ráðum þegar endanleg ákvörðun var tekin um hvaða tilboði skyldi taka.

Ákærði segir að í skeytunum hafi jafnan komið fram hver Avisos dagsins væri, en hann var breytilegur eftir heimsmarkaðsverði. Ákærði segir að hafi hann ekki verið með skeytin sjálf er hann og ákærði Hjalti tóku ákvarðanirnar, hafi skeytin jafnan komið næsta dag inn á borð ákærða Hjalta ásamt öðrum skeytum dagsins á undan.

Ákærði segir að það hafi verið hin mikla fjárfesting hverju sinni í kaffikaupum, þ.e. 1.000 til 2.000 sekkir, sem hafi ráðið því að hann hafi haft samband við ákærða Hjalta vegna þessara viðskipta öðrum viðskiptum fremur.

Ákærði man ekki nákvæmlega hvenær fyrst fóru að berast tvö sett af vörureikningum vegna kaffiviðskiptanna við Brasilíumenn, en ákærði kveðst ekki sjálfur hafa tekið ákvörðun um að fá tvö sett. Þetta hljóti að hafa verið gert í samráði við yfirmann hans, ákærða Hjalta. Ákærði man þó ekki nákvæmlega hvernig þessu var háttað. Ákvörðunin um þennan hátt kom þó héðan frá Íslandi, og var það ákærði sem bað um að þessi háttur yrði á hafður.

Ákærði segir að álitið hafi verið að Avisosgreiðslurnar yrðu ekki langvarandi. Var þetta því talin neyðarráðstöfun. Var ákærða ekki kunnugt um aðrar ástæður fyrir þessu í upphafi.

Ákærði kveðst líta svo á að um hafi verið að ræða umboðssölu af hálfu SÍS.

Ákærði kveðst ekki vita hver tók ákvörðun um að leyna KA afslættinum né hver tók síðar ákvörðun um skiptingu svonefndra umboðslauna.

Ákærði veit ekki hver tók ákvörðun um að yfirfæra gjaldeyri frá SÍS í London til SÍS í Reykjavík vegna afsláttarins á meðan ákærði var í Fóðurvörudeildinni, en eftir að hann fluttist til London tók hann við boðum þessa efnis frá Fjármáladeildinni.

Ákærði kveðst ekkert hafa haft með að gera færslur á hagnaði vegna afsláttarins og veit ekkert hvernig að því var staðið.

Ákærði kveðst gera ráð fyrir því að upphaflega hafi hann sjálfur gefið fyrirmæli um að senda hærri vörureikningana í Landsbankann á Akureyri til innheimtu hjá KA, en fyrirmæli um þetta hafi hann fengið hjá ákærða Hjalta.

Ákærði kveðst aldrei hafa séð neina skriflega samninga um kaffibaunaviðskiptin almennt, hvorki á milli NAF og SÍS né á milli SÍS og KA. Hins vegar voru gerðir kaupsamningar um hverja einstaka sendingu á milli SÍS og NAF. Þá vissi ákærði ekki um efni samninga NAF við Brasilíumenn.

Ákærði kveðst gera ráð fyrir því að það hafi verið að fyrirmælum ákærða Hjalta að hann ræddi ekki um afsláttinn við forráðamenn KA. Þá segir ákærði að það hafi verið venja að ræða ekki við viðskiptaaðila sem verið var að selja, um afslætti eða aðrar tekjur sem SÍS hafði af viðskiptunum.

Ákærði segir að þegar hann tilkynnti KA um þau tilboð sem borist höfðu hverju sinni hafi hann tilkynnt um brúttóverðið en ekki getið um Avisos. Þetta gerði ákærði vegna fyrirmæla frá ákærða Hjalta.

Ákærði tekur fram að hann og ákærði Hjalti hafi talið að aðeins væri um tímabundið ástand að ræða í sambandi við Avisosgreiðslurnar og óvíst hvernig yrði um skil á greiðslunum, en Brasilíumenn héldu fast við það að bjóða kaffið á brúttóverði.

Ákærði minnist þess að hafa einhverju sinni á fundi með ákærðu Erlendi og Hjalta rætt hinar miklu greiðslur í formi Avisos, sem höfðu verið að berast. Man ákærði að hann skýrði þetta mál fyrir ákærða Erlendi, en ekki man ákærði að neitt sérstakt kæmi fram í þessu efni. Telur ákærði sig hafa tvívegis rætt við ákærðu Erlend og Hjalta saman um kaffimál. Hann minnist þess ekki að hafa rætt við ákærða Erlend um tvöfalt kerfi vörureikninga.

Ákærði hefur staðfest að hann hafi sent skeyti til Paul M. Petersen hjá NAF í Kaupmannahöfn vegna sendingar K-625/1980 og óskað eftir, að vörureikningurinn yrði hækkaður upp úr 138 dollurum í 225 dollara hver 50 kg og að tryggt yrði að KA sæi engin merki annars verðs á afskipunarskjölunum. Ákærði gerir fyllilega ráð fyrir því, án þess að geta fullyrt það,

að hann hafi sent framangreint skeyti í samráði við ákærða Hjalta, og var þetta gert til að viðhalda því kerfi sem var í gangi.

Ákærði segir að ákærði Hjalti hefði séð öll skeytin næsta dag eftir að þau bárust eða voru send og hefði hann getað breytt fyrirmælunum ef hann hefði séð ástæðu til.

Ákærði hefur séð ljósrit af skeyti til NAF vegna sendingar K-455/1980, þar sem beðið er um að senda nýjan reikning að fjárhæð 502.800 dollara án þess að afsláttar sé getið.

Ákærði man ekki sérstaklega eftir að hafa sent þetta skeyti, en gerir ráð fyrir því, þar sem nafn hans sé undir því. Staðfestir ákærði að umrætt skeyti sé dæmigert fyrir skeyti þar sem mælt er fyrir um tvöfalda faktúru.

Ákærði tekur fram að meðferð Brasilíumanna á afslættinum hafi oft og tíðum verið ruglingsleg og erfitt að henda reiður á hvaða fjármunir fóru að berast hverju sinni og út á hvaða kaup þeir voru. Var það ekki fyrr en löngu síðar að endanleg niðurstaða fékkst í því dæmi eftir að endurskoðandi SÍS var búinn að leggja verulega vinnu í að gera upp dæmið.

Ákærði hefur staðfest að hann telji sig hafa staðið að frágangi skjala vegna sendinga K-696 og 739/1979 og K-204/1980 og eftir ákvörðun ákærða Hjalta. Segir ákærði að Brasilíumenn hafi ekki átt þátt í því að ákveða á hvern veg var gengið frá gögnum varðandi áðurgreindar sendingar.

Ákærði segir að ákvarðanirnar um breytt fyrirkomulag viðskipta og frágang skjala þurfi ekki endilega að hafa verið gerðar með skeytum í öllum tilvikum; kunni slíkt stundum að hafa farið fram með símtölum. Þá segir ákærði að eftir á að hyggja hefði hann staðið öðruvísi að þessum málum, en á sínum tíma hafi hann ekkert séð athugavert við það, hvernig málin voru unnin, enda fullviss um að tilfallandi tekjur skiluðu sér til SÍS ef þær á annað borð yrðu til og að það væri í annarra verkahring að skipta fénu.

Ákærði segir að sér hafi ekki verið kunnugt um það að tvöfaldar faktúrur væru notaðar í öðrum tilfellum en mál þetta fjallar um.

Ákærði segir að hver einstök kaffibaunasending hafi verið stærri vegna verðmætis en sendingar af öðrum vörum sem Fóðurvörudeildin flutti inn.

Ákærði segir að kaupfélögin hafi sett bankatryggingu fyrir greiðslum þegar verið var að panta vörur fyrir þau, en KA hafi aðeins sett víxiltryggingu. Þessi háttur er enn hafður á í viðskiptum við KA.

Ákærði segir að hann hafi ekki leynt yfirmenn sína hjá SÍS neinu varðandi kaffibaunainnflutninginn, og ekki minnist ákærði þess að hafa rætt við ákærða Erlend, eftir að ákærði kom til London, um tvöfaldar faktúrur.

Ákærði upplýsir að hefði KA sjálf þurft að flytja kaffið frá Brasilíu beint hefði hún orðið að greiða 1,5% til 2% af fobverði vörunnar í bankakostnað. Þá vekur ákærði athygli á því að spurning sé hvort banki KA hefði

viljað setja bankatryggingu fyrir allt að 500 þúsund dollurum sem var verðmæti sumra sendinganna.

Ákærði segir að samskipti Lundúnaskrifstofunnar við hinar ýmsu deildir hér heima hafi verið bein án milligöngu forstjóra.

Ákærði segir að hann hafi rætt við ákærða Erlend vegna kaffiviðskiptanna á fundi sem haldinn var til undirbúnings aðalfundar NAF í Reykjavík á árinu 1979.

Ákærði segist sjálfur hafa aflað sér mestrar þekkingar um kaffiviðskipti á heimsmarkaðsverði á meðan hann var deildarstjóri í Fóðurvörudeild og að Þröstur Sigurðsson hafi verið sá maður hjá KA sem hafi haft mesta þekkingu á þessum málum þar.

Ákærði varð aldrei var við það að KA leitaði eftir hrákaffikaupum hjá öðrum umboðsmönnum en SÍS, en aðalupplýsingarnar um heimsmarkaðsverð á kaffi komu til Fóðurvörudeildar frá NAF í telexum. Þá veit ákærði ekki til þess að KA hafi notið ráðgjafar við kaffiinnkaup frá öðrum en SÍS.

Ákærði segir að það verð sem lönd utan ICO þurftu að borga hafi komið fram í þeim skeytum sem Fóðurvörudeildinni bárust, þegar hún bað um tilboð. Ekki treystir ákærði sér til að segja hvort þessar upplýsingar voru í hinum almennu skeytum.

Ákærði minnist þess að hafa stundum sent KA ljósrit af skeytum frá NAF um útlit og horfur á kaffimarkaðinum. Ekki minnist ákærði þess að í þessum skeytum hafi komið fram um mismuninn á kaffiverði til landa innan og utan ICO.

Ákærði veit að Þröstur Sigurðsson sat fund NAF sem haldinn var á Akureyri sumarið 1979, en ekki er ákærða kunnugt um að forráðamenn KA sætu fleiri fundi um kaffimál, en þetta var sérstakur fundur um kaffimál sem ákærði sat einnig.

Ákærði minnist þess ekki að KA hafi í hans tíð í Fóðurvörudeild kvartað yfir of háu verði á kaffi né veit hann til þess að KA hafi nokkurn tímann á meðan Avisos stóð yfir vitað um tilvist þessa afsláttar.

Ákærði segir að hann og ákærði Arnór hafi átt einn stuttan fund um málefni Fóðurvörudeildar áður en ákærði Arnór tók við henni, og var þessi fundur á aðfangadag 1980. Telur ákærði að þeir hafi varla getað farið rækilega í kaffimál á þessum stutta fundi.

Ákærða er ekki kunnugt um það að meferð kaffimála hafi verið breytt innan Fóðurvörudeildar við burtför hans.

Ákærði man ekki eftir því að hafa kynnt ákærða Arnóri þá reikningshætti sem giltu í Fóðurvörudeildinni vegna kaffiinnkaupanna.

Ákærði segir að röksemd sú fyrir efasemdum um möguleika KA fyrir bankaábyrgð byggist á því að KA sé lítið fyrirtæki sem gæti átt í erfiðleikum vegna lítilla eigna með að stofna til fullnægjandi bankaábyrgðar

gagnvart seljanda. Vegna fjarlægðarinnar frá Brasilíu eru oft margir kaffifarmar á leiðinni, svo að ábyrgðin gæti þurft að vera 1,5 til 2 milljónir dollara í senn.

Ákærði minnist þess ekki að hafa rætt við Sigurð Gils Björgvinsson um kaffiinnflutning í árslok 1980, og ekki minnist ákærði þess að hafa rætt við hann eftir komu sína til London um þessi mál, né að hafa gefið fyrirmæli um tvöfaldar faktúrur eftir að hann kom þangað.

Ákærði kveðst ekki vita hver tók ákvörðun um að láta KA greiða vexti í London af lánsfjárhæðum í samræmi við hærri reikninginn en ekki hinn lægri, en vaxtamunurinn rann sem tekjur inn á reikning í eigu Lundúnaskrifstofunnar. Var þetta fyrirkomulag haft þegar ákærði tók við Lundúnaskrifstofunni. Ákærði hélt áfram að haga þessu máli á sama veg og áður eftir að hann tók við skrifstofunni.

Ákærði veit ekki hver tók ákvörðun um það að greiða til KA áðurfenginn Avisos á tímabilinu frá maí 1981 og fram á árið 1982, en þá var ákærði kominn til London.

Ákærði man ekki eftir umræðu um hvort falist hafi í fyrirmælum Innflutningsdeildar til Lundúnaskrifstofunnar á sínum tíma, að innheimta skyldi eftir hærri reikningnum, vísvitandi ákvörðun um að öll sú fjárhæð skyldi vöxtuð með þeim hætti sem raun varð á, en telur ólíklegt að þetta hafi verið svo. Kveðst ákærði ekki hafa vitað um áðurgreinda aðferð við vaxtaútreikninginn áður en hann kom til London, og ekki man ákærði sérstaklega eftir því að hann hafi rætt við ákærða Erlend eftir að hann kom til London um vaxtatekjuþáttinn.

Ákærði Gísli Theodórsson segist telja sig saklausan af því að hafa framið lögbrot með þeirri háttsemi, sem frá greinir í ákærunni að því er hann varðar.

Ákærði segir að Lundúnaskrifstofan hafi heyrt allan starfstíma ákærða í London beint undir forstjóra SÍS.

Verkefni Lundúnaskrifstofunnar var að selja framleiðsluvörur SÍS og samvinnufyrirtækjanna og veita sömu aðilum fyrirgreiðslu við innkaup, þar á meðal fjármögnun vegna kaffibaunakaupa frá Brasilíu.

Ákærði kveðst hafa fyrst heyrt um Avisos í kaffibaunaviðskiptum á árinu 1979. Var þetta þegar vörureikningar bárust skrifstofunni sem sá um að senda þá í Landsbankann á Akureyri til innheimtu hjá KA. Ákærði kveðst ekki muna eftir að hafa séð á reikningunum nefndar verðfallsbætur.

Ákærði segir að það muni hafa verið seint á árinu 1979, að hann fékk boð frá Fóðurvörudeildinni í Reykjavík, að hann ætti von á frá Brasilíu tveim vörureikningasettum fyrir sömu kaffibaunasendingarnar, á annarri yrði svonefndur Avisos, en hinn yrði aðeins yfir brúttóverð vörunnar og þann reikning ætti að senda til Akureyrar.

Ákærði segir að framangreind vitneskja hafi borist honum með telexi, og einnig minnir hann að þetta hafi verið rætt í símtölum og þá við ákærða Sigurð Árna. Ekki man ákærði hvort um það var rætt hvort þetta væri einhliða ákvörðun ákærða Sigurðar Árna. Telur ákærði það afar ólíklegt og hafi fyrirmælin komið frá ákærða Hjalta, en ekki vill ákærði fullyrða um þetta.

Ákærði minnist þess ekki að hafa rætt um Avisos eða tvöfaldar faktúrur vegna kaffikaupanna við ákærðu Erlend og Hjalta. Segir ákærði að ákærði Hjalti hafi ekki komið til London til ákærða á meðan ákærði starfaði þar og hann sjaldan rætt við hann í síma. Ákærði Erlendur hafi hins vegar komið í nokkur skipti, en ekki man ákærði hvort kaffiinnkaup hafi borið á góma hjá þeim.

Ákærði segir að afsláttur inn vegna kaffiviðskiptanna hafi verið færður inn á umboðslaunareikning Fóðurvörudeildar nr. 9841 og síðan yfirfærður til Reykjavíkur í Landsbankann á reikning SÍS þegar Geir Magnússon framkvæmdastjóri Fjármáladeildar kallaði eftir fénu. Segir ákærði, að Geir hafi fengið mánaðarlega yfirlit yfir stöðu reikningsins og oftar, ef hann kallaði eftir því.

Ákærði kveðst hafa litið á vörureikningana með Avisosfrádrættinum sem bókhaldsskjöl sem sýndu stöðu viðskiptanna við Brasiliumennina. Kveðst ákærði ekki hafa litið svo á að þarna væri verið að nota tvö reikningasett í blekkingarskyni. Urðu reikningar með Avisosgreiðslum eftir í London.

Ákærði segir að sama daginn og krafan var send KA hafi þóknunin verið færð til tekna á reikningi 9841 og mismunurinn greiddur til Brasiliumanna á þá reikninga sem þeir tiltóku í hvert skipti.

Ákærði kveðst hafa óskað eftir því við ákærða Erlend og einnig minnst á það við Geir Magnússon að Lundúnaskrifstofan fengi 1% á lántökuupphæðina vegna kaffisins í þóknun eða umboðslaun fyrir fyrirgreiðslu sína vegna viðskiptanna.

Í öðrum viðskiptum en kaffiviðskiptum fékk skrifstofan sem tekjur 2,5%, svonefndan „cash discont", sem veittur var gegn staðgreiðslu. Þá hafði skrifstofan tekjur af sölu íslenskra afurða erlendis.

Ákærði segir að hann hafi álitið að Avisosafslættir ættu við fyrri sendingar, en ekki þá sendingu sem verið var að afgreiða hverju sinni. Skildist ákærða að Brasiliumenn krefðust þess að kaffið væri selt á því verði sem um var samið, en gáfu jafnframt ávísun á afslátt af frekari kaffikaupum ef um þau yrði að ræða.

Ákærði kveðst aldrei hafa átt beint samband við KA vegna kaffibaunainnkaupanna. Hann telur að hér hafi verið um að ræða umboðsviðskipti.

Ákærði álítur að í viðræðum sínum við ákærða Erlend hafi það komið

fram að 1% þóknunina ætti að reikna af kröfunni eins og hún var innheimt í bankanum á Akureyri.

Ákærði álítur að reikningarnir frá Brasilíu hafi verið stílaðir á SÍS og lántökurnar í London vegna kaffisendinganna hafi verið á nafni og á ábyrgð SÍS.

Ákærði segir að kaffið hafi verið selt KA af SÍS og hefði KA ekki getað greitt, hefði SÍS setið uppi með kaffið eða tjón af vanskilum.

Ákærði telur að honum hafi verið gefin þau fyrirmæli frá Fóðurvörudeildinni í sambandi við reikningasettin tvö, að hann skyldi taka lán fyrir lægri fjárhæðinni. Þegar Geir Magnússon kallaði eftir umboðslaununum var yfirdráttarreikningur yfirdreginn frekar og peningarnir sendir til Íslands. Við þetta kom jöfnuður á milli greiddra peninga og kröfunnar til Akureyrar.

Ákærði kveðst hafa fært og sent bókunarbeiðnir til aðalbókara SÍS til tölvuvinnslu.

Ákærði segir að skrifstofan hafi verið þjónustufyrirtæki SÍS, og þar hafi verið reynt að greiða úr beinum beiðnum deildarstjóra, framkvæmdastjóra og forstjóra, ef svo bar undir. Segir ákærði að skrifstofa forstjóra hafi ekki verið milliliður við innkaup og þjónustu.

Ákærði minnist þess ekki að sérstök fyrirmæli hafi verið um, hvernig vaxtatökunum skyldi háttað annað en að reikna vextina af kröfuupphæðinni. Ekki man ákærði eftir neinum beinum fyrirmælum varðandi þessa framkvæmd. Vaxtamismunurinn var lagður inn sem tekjur á bankareikning Lundúnaskrifstofunnar. Umræddur reikningur var með yfirdráttarheimild, og af honum þurfti alltaf að yfirdraga þegar greiðslur vegna tekna af kaffiviðskiptunum voru sendar til SÍS í Reykjavík áður en KA hafði greitt farminn á Akureyri. Af þessu leiddi að Lundúnaskrifstofan þurfti alltaf að greiða vexti af yfirdrætti.

Ákærði segir að vextir hafi aldrei komið til tals í sambandi við eftirágreitt jöfnunargjald og verðfallsbætur frá seljandanum í Brasilíu né heldur hafi seljandi vörunnar í Brasilíu krafist vaxta.

Ákærði Arnór Valgeirsson kveðst telja ákæruna ónákvæma og óglögga og í meginatriðum ranga. Ákærði kveðst ekki kannast við að hafa gerst sekur um neitt refsivert né neitt sem sé andstætt góðum viðskiptavenjum.

Ákærði segir að næsti yfirmaður hans hafi verið í ársbyrjun 1981 og til hausts það ár Sigurður Gils Björgvinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Innflutningsdeildar. Um haustið tók við starfi Sigurðar Gils Snorri Egilsson. Enda þótt áðurgreindir tveir menn hafi verið næstu yfirmenn ákærða átti hann á árinu 1981 náin samskipti við ákærða Hjalta.

Ákærði kveðst fyrst hafa vitað um Avisos þegar ákærði Sigurður Árni setti hann inn í starfið um jólaleytið 1980 á 3 til 4 tíma fundi. Á fundi

þeirra benti ákærði Sigurður Árni ákærða á að fá frekari upplýsingar um kaffiinnkaup hjá NAF í Kaupmannahöfn.

Fljótlega eftir að ákærði tók við starfinu fóru að koma frá NAF skeyti og bréf vegna kaffiinnflutnings, og voru í þeim ýmsar upplýsingar um kaffiviðskiptin. Þá hafði ákærði í bréfafile deildarinnar ýmsar upplýsingar um málið.

Ákærði segir að ákærði Sigurður Árni hafi sagt honum á áðurnefndum fundi að það hefði orðið að samkomulagi við ákærða Hjalta að Sigurður Gils hefði umsjón með skilum á jöfnunargjaldi vegna kaffiviðskiptanna sem í ákærunni sé nefnt Avisos.

Ákærði segir að hann hafi haft samráð við ákærða Hjalta og Sigurð Gils um öll meginatriði vegna kaffiviðskiptanna og þá sérstaklega framan af árinu 1981 á meðan ákærði var að setja sig inn í starfið. Öll afskipti af jöfnunargjaldinu voru þó alfarið í höndum Sigurðar Gils og síðar Snorra.

Ákærði kveðst hafa litið á kaffiviðskiptin af hálfu SÍS sem umboðsviðskipti.

Ákærði staðfestir að hann hafi skrifað bréf dags. 12. febrúar 1981 til Þrastar hjá KA, þar sem honum er skýrt frá endurgreiðslu á jöfnunargjaldi að fjárhæð 57 dollarar á hver 50 kg sem var í raun hærri. Hann minnist þess ekki að hafa fengið bein fyrirmæli um það að leyna KA jöfnunargjaldinu.

Ákærði segir að þetta bréf sitt hafi aðeins verið staðfesting á áðurgefnum upplýsingum yfirmanns síns í síma og hann ætli ekki að leggja neinn dóm á skilning viðtakanda eða annarra á efni bréfsins, þ. á m. hvort verið væri að miðla upplýsingum um heildarfjárhæð jöfnunargjaldsins.

Ákærði segir að ákvöruðun um að hækka verð kaffisendingar K-365/81 úr 159.964 dollurum í 215.964 dollara hafi verið tekin af yfirmönnum sínum, ákærða Hjalta og Sigurði Gils, en hann sjálfur annast um að þetta yrði gert. Ákærði kveðst ekki vita hvað lá að baki þessari ákvörðun. Ákærði kveðst engan dóm leggja á það hvort þessi ákvörðun kunni að hafa verið tekin í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að KA bærust upplýsingar um raunverulegt innkaupsverð á kaffi um þessar mundir, en umrædd sending var frá Kolumbíu en ekki Brasilíu.

Ákærði segir að kaffitilboð, sem afstöðu þurfti að taka til, hafi hann yfirleitt borið undir Sigurð Gils og stundum ákærða Hjalta.

Ákærði segir vegna tveggja reikninga fyrir sömu sendingar að fyrrgreinda skjalið sé vörureikningur en hið síðara skjal sé notað í greiðsluskilum. Er það álit ákærða að seljandinn hafi til hægðarauka notað samrit af fyrra skjalinu.

Ákærði kannast ekki við að í öðrum viðskiptum Fóðurvörudeildar hafi framangreindur háttur verið á hafður, en kaffiviðskiptin hafi verið mjög frábrugðin öðrum viðskiptum deildarinnar.

Ákærði segir að hann hafi með nokkru millibili tekið á móti upplýsingum í bréfum frá KA um verðmæti einstakra kaffisendinga. Þessar upplýsingar sendi ákærði til verðlagningadeildar SÍS þar sem umboðslaunin voru reiknuð út og KA skuldfærð fyrir þeim. Þetta kerfi var í gildi þegar ákærði hóf störf í Fóðurvörudeildinni.

Ákærði segist ekki kannast við að seljendur kaffisins hafi verið beðnir að útbúa vörureikninga sem sýndu hærra verð heldur en það sem samið hafði verið um við kaup KA á kaffibaunum frá viðkomandi seljanda, enda væri slíkt í ósamræmi við gildandi fyrirmæli IBC sem hefur gefið kaffiútflytjendum fyrirmæli um að tilgreina umsamið verð á vörureikningi sínum, sem IBC nefnir „actual sale price".

Ákærði segist hafa séð samrit af vörureikningum frá einstökum kaffiútflytjendum, aðallega í málsskjölum, en einnig að einhverju leyti í skjölum Innflutningsdeildar SÍS. Samrit þessi sýna söluverð kaffisins að frádregnu jöfnunargjaldi sem SÍS hefur öðlast rétt til í viðskiptum við ýmsa kaffiútflytjendur í Brasilíu og í samræmi við samning NAF við IBC. Ákærði kveðst aldrei hafa litið á þetta samrit sem gildan vörureikning, enda sé óheimilt samkvæmt íslenskum tollskrárlögum að breyta eðlisverði vöru á þann hátt að draga frá umsömdu kaupverði vörunnar hvers kyns afslætti eða aðrar greiðslur sem allir viðskiptamenn viðkomandi seljanda njóta ekki að jöfnu, og gildi þá einu hvort á viðkomandi vörur eru innheimt aðflutningsgjöld hér á landi eða ekki.

Ákærði kveðst ekki geta fallist á með ákæruvaldinu að verð hverrar vörusendingar jafngildi reikningsverði kaffisins að frádregnu ráðstöfuðu jöfnunargjaldi. Hann kveðst ætíð hafa litið svo á að raunverulegt verð hverrar kaffisendingar væri tilboð kaffiseljanda sem samþykkt hefði verið að taka af KA og SÍS og staðfest hefði verið af NAF, væri hið raunverulega kaupverð kaffisins.

Ákærði segir að hann telji ekki að jöfnunargjald sem greitt er af IBC geti undir neinum kringumstæðum verið túlkað sem afsláttur frá einstökum kaffiútflytjendum, enda sé jöfnunargjald sem dregið er frá á samriti vörureiknings seljanda hluti af uppsöfnuðu jöfnunargjaldi hjá IBC vegna viðskipta við fimm mismunandi kaffiútflytjendur í Brasilíu á árinu 1981 að því er ákærða snertir. Ákærði segir að sér sé ókunnugt um, að SÍS eða NAF fyrir þess hönd hafi gert neina samninga við kaffiútflytjendur í Brasilíu, þar sem SÍS áskilji sér rétt til umboðslauna af viðskiptum við viðkomandi útflytjanda né neins konar afslátta frá því verði sem viðkomandi útflytjandi bauð og tekið var af kaupendum, þ.e. SÍS og KA.

Ákærði segir að hann hafi ekki beðið NAF né kaffiútflytjendur í Brasilíu að senda skrifstofu SÍS í London samrit af vörureikningi, þar sem jöfnunargjald er dregið frá söluverði viðkomandi kaffisendingar. Ákærði segir að

þar sem um samrit af vörureikningi sé að ræða, sé það augljóst mál að reikningarnir eru samhljóða í öllum meginatriðum og þar með tilgreint söluverð viðkomandi kaffisendingar í samræmi við áður gefið tilboð kaffiseljenda. Ákærði segir að það sé skoðun sín að ekki beri að líta á umrætt samrit af vörureikningi sem vörureikning, heldur skjal sem notað hafi verið við greiðsluskil á milli seljanda og skrifstofu SÍS í London.

Segir ákærði að ekki sé samhengi á milli jöfnunargjalds sem dregið er frá á samriti vörureiknings og verðs viðkomandi kaffisendingar, þar sem verið sé að nýta rétt sem SÍS hafði öðlast til ráðstöfunar jöfnunargjalds í samræmi við reglur IBC vegna eldri kaffikaupa og í mörgum tilfellum frá alls óskyldum kaffiútflytjendum.

Ákærði segir að hægt sé að rekja í bréfum frá NAF til SÍS upphæð áunnins réttar til jöfnunargjalds og hvernig sé heimilt að nýta þann rétt við greiðslu einstakra kaffisendinga.

Ákærði kveðst ekki geta gefið afdráttarlaus svör við því hversu langur tími hafi liðið að meðaltali 1981 frá því annaðhvort að kaffisending fór frá Brasilíu eða kom til Íslands þar til nota mátti áunninn rétt jöfnunargjalds til nýrra kaffikaupa. Var það skrifstofa NAF í Brasilíu sem gaf kaffideild NAF í Kaupmannahöfn upplýsingar um ráðstöfun jöfnunargjalds við greiðsluskil hverrar einstakrar kaffisendingar, og kaffideild NAF tilkynnti síðan SÍS og skrifstofunni í London, um hvaða upphæð væri að ræða í hverju einstöku tilfelli. Ráðstöfun á jöfnunargjaldi réðst að hluta til af kaffikaupum SÍS á hverjum tíma að magni til og tók því breytingum yfir árið.

Ákærði kveðst ekki vita nákvæmlega hversu langur tími hafi almennt liðið frá því vörusending fór frá Brasilíu þar til ráðstafa mátti áunnu jöfnunargjaldi vegna þeirrar tilteknu sendingar, en óheimilt var að ráðstafa rétti til jöfnunargjalds vegna tiltekinnar sendingar við greiðsluskil á þeirri sendingu.

Ákærði kveðst ekki kannast við að hafa tekið við neinum fyrirmælum frá ákærða Erlendi, né hafa rætt við hann um kaffiviðskipti þann tíma sem ákærði hafði með þau að gera eða fram á vorið 1983. Ákærði kveðst hins vegar hafa tekið við fyrirmælum frá ákærða Hjalta og haft samráð við hann vegna kaffiviðskiptanna.

Ákærði segir að Sigurður Gils hafi verið næsti yfirmaður sinn hvað kaffiviðskipti snerti fram á haustið 1981 og síðar Snorri Egilsson sem tók við starfi Sigurðar Gils.

Ákærði segist hafa fylgt þeim reglum sem honum var sagt að væru í gildi um kaffiviðskiptin þegar hann tók við þeim málum. Segir ákærði að sér hafi ekki verið ljóst að framkvæmd kaffiviðskiptanna væri á nokkurn hátt brot á gildandi lögum og reglum né andstæð gildandi viðskiptavenjum,

enda þeir starfsmenn Innflutningsdeildar SÍS sem með mál þessi höfðu að gera, menn með góða þekkingu á viðskiptum og góða reynslu á því sviði. Ákærði segir að þar til hann hóf starf sem deildarstjóri Fóðurvörudeildar hafi hann um 18 ára skeið unnið við innflutning og sölu á vélum og hafi því ekki haft neina sérþekkingu á þeim innflutningi sem Fóðurvörudeild hafi með höndum.

Ákærði minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma rætt við Val Arnþórsson um kaffiinnflutningsviðskipti. Segir ákærði að Þröstur Sigurðsson hafi verið sá eini hjá KA sem hann hafði samband við vegna þeirra mála. Taldi ákærði að Þröstur fylgdist með í málum sem snertu kaffiverð á alþjóðamarkaði, enda telur ákærði slíkt nauðsynlegar forsendur til þess að geta rækt starf sitt vel af hendi, þar sem greiður aðgangur sé að upplýsingum um alþjóðakaffimarkaði. Ákærði kveðst ekki geta fullyrt hvort Þröstur hafi rætt við hann um ICO.

Ákærði segir að fyrirkomulag kaffiviðskiptanna hafi verið með sama hætti allan tímann sem hann hafi haft með þau að gera, þar með reikningsgerð og innheimta.

Ákærði segist ekki hafa verið hafður með í ráðum, þegar ákvarðanir voru teknar um að greiða KA tiltekinn hluta af jöfnunargjaldinu. Eftir að ákvörðun hafi verið tekin í þessu efni var ákærða tilkynnt um hana af Sigurði Gils.

Ákærði kveðst ekki hafa vitað 1981 að stofnað hafi verið til nefndar til að fjalla um jöfnunargjaldið, en Snorri Egilsson sagði ákærða frá því haustið 1981 að verið væri að skoða þessi mál.

Ákærði kveðst hafa fengið sent samrit af samningi á milli NAF og IBC fyrir árið 1981. Kveðst ákærði hafa afhent ákærða Hjalta samritið og bréf sem fylgdi með því, en Sigurður Gils fékk ljósrit af þessum skjölum.

Ákærði kveðst ekki sjálfur hafa fengið fyrirmæli árið 1981 að tilkynna KA breytingar á meðferð jöfnunargjaldsins. Það hafi Sigurður Gils gert í ársbyrjun 1981 og síðar Snorri Egilsson.

Ákærði segist hafa fengið þær upplýsingar frá Verslunardeild SÍS að samkvæmt því sem NAF hafi upplýst hafi þær kröfur verið gerðar til kaffiinnflytjenda í Þýskalandi og Danmörku, m.a. að við tollafgreiðslu á kaffi legðu innflytjendur fram vörureikninga sem sýndu raunverulegt kaupverð kaffisins.

Ákærði tekur fram að samningur NAF við IBC tilgreini NAF sem endanlegan kaupanda að kaffinu og allar kvaðir í samningnum um fullnustu hans séu lagðar á NAF. Segir ákærði að sér vitanlega hafi enginn hliðstæður samningur verið gerður á milli KA og SÍS. Vanefndir á samningnum hefðu því að mati ákærða komið niður á NAF og SÍS. Staðfesting NAF á kaffikaupum var gefin út til SÍS og útflutningsskjöl seljanda til-

greindu í flestum tilvikum SÍS eða NAF sem kaupanda. SÍS í London gerði fullnaðarskil við kaffiseljendur á innheimtum þeirra áður en innheimta var send KA. Vanefndir af hálfu KA á greiðslu innheimtna hefðu því þýtt að SÍS hefði orðið að bera skaða sem af vanefndum kynni að hafa hlotist.

Ákærði segist líta svo á að KA hafi ekki átt lagalegan rétt til jöfnunargjaldsins, en tvímælalaust sé um að ræða siðferðislegan rétt.

Ákærði segist ekki hafa sent KA samninginn á milli NAF og IBC frá 1981, enda hafi honum verið gerð grein fyrir því af hálfu ákærða Hjalta, þegar hann tók við starfi deildarstjóra í Fóðurvörudeild, að honum væri óheimilt að ræða efni samkomulags eða samninga sem Innflutningsdeildin gerði við viðsemjendur sína. Af þessari ástæðu taldi ákærði sér óheimilt að skýra KA frá samningnum eða efni hans.

Ákærði vill ekki tjá sig um hvort orðin „gros price" og „net price" þýði brúttóverð og nettóverð vörunnar.

Ákærði kveðst ekki hafa viðurkennt neitt tvöfalt vörureikningakerfi; eini vörureikningurinn sem hann viðurkenni sem réttan og í samræmi við íslensk lög sé vörureikningur sem sýni umsamið kaupverð kaffisins á milli kaupanda og seljanda.

Ákærði segir að þar sem honum sé ekki ljóst hvernig beri að túlka umboðsviðskipti lögfræðilega, þá óski hann ekki eftir að svara því hvort hann telji enn að kaffiviðskiptin hafi af hálfu SÍS verið umboðsviðskipti og SÍS í þeim umboðsmaður kaffiseljanda. Segir ákærði að hann líti svo á að söluverð vöru sé tilboð seljanda sem kaupandi hefur samþykkt.

Ákærði kveðst ekki vita hver tók ákvörðun um að láta KA greiða vexti í London af lánsfjárhæðum í samræmi við hærri reikninginn en ekki hinn lægri né annað í sambandi við þennan vaxtamun.

Ákærði kannast ekki við að hafa átt neinn þátt í því að launung hafi verið um raunverulega fjárhæð jöfnunargjaldsins í heild sem endurgreitt var til KA að hluta frá vori 1981 og fram á árið 1982 eða hafa látið að því liggja, að þar með væri gjaldið að fullu endurgreitt.

Verður nú rakin framburður vitna við meðferð málsins.

Vitnið Þröstur Arnar Sigurðsson framkvæmdastjóri, Hömrum 1, Akureyri, kveðst hafa hafið störf hjá Kaffibrennslu Akureyrar við skrifstofustörf árið 1963, en hafði áður starfað þar sem sumarmaður. Hinn 1. september 1974 varð vitnið framkvæmdastjóri fyrirtækisins og var það næstu tæp 10 árin.

Vitnið segir að starf þess hafi verið almenn stjórnun á fyrirtækinu, og einnig sá vitnið um kaffiinnflutning og viðskipti við SÍS af því tilefni. Var vitnið eini starfsmaður fyrirtækisins sem hafði með þetta að gera, en stundum hafði það samráð við stjórnarmenn fyrirtækisins og þá aðallega

við Val Arnþórsson, sem var stjórnarformaður að vitnið minnir, allan framkvæmdastjóraferil vitnisins.

Vitnið segir að enginn skriflegur samningur hafi verið á milli KA og SÍS, og venjulega fóru pantanir fram í gegnum síma. Síðar komu pöntunarstaðfestingar frá SÍS.

Samskipti vitnisins við Innflutningsdeildina voru jafnan við einn aðila. Ekki man vitnið nú hverjir þessir aðilar voru á hverjum tíma. Vitnið minnist þess að hafa haft samband við ákærðu Gísla, Sigurð Árna og Arnór, en man ekki á hvaða tímabilum þeir voru hver um sig.

Vitnið kveðst hafa talið sig hafa bestu upplýsingar um heimsmarkaðsverð á kaffi á hverjum tíma frá Innflutningsdeildinni og sá ekki ástæðu til að leita upplýsinga víðar. Það minnist þess ekki að hafa lesið fagtímarit um markaðsverð á kaffi í heiminum á árunum 1979 - 1981.

Vitnið kveðst helst hafa rætt við Val og aðra stjórnarmenn, þegar óeðlilegar aðstæður sköpuðust, um verð á kaffi vegna uppskerubrests, vegna frostskemmda og af öðrum ástæðum.

Vitnið kveðst aðeins einu sinni hafa setið fund vegna kaffiinnkaupa almennt, og var sá fundur á Akureyri á vegum NAF. Fund þennan sátu ýmsir útlendingar. Vitnið segir að á fundinum hafi verið rætt almennt um stöðu kaffiinnkaupamála í heiminum og hvað væri að gerast á þessu sviði. Ekki man vitnið hvenær þessi fundur var haldinn. Vitnið telur sig muna eftir ákærða Sigurði Árna sem fundarmanni. Það man ekki eftir fleiri Íslendingum, en segir að þeir hafi verið fleiri.

Vitnið minnist þess ekki að hafa orðið vart við neitt athugavert við viðskiptin við Innkaupadeildina og þurfti því ekki að ræða nein vandamál við Val né aðra stjórnarmenn.

Vitnið minnist þess ekki að á framkvæmdastjóraferli þess hafi verið leitað eftir kaffiviðskiptum við aðra en SÍS, og það kveðst ekki hafa vitað að til væri samningur á milli NAF og Brasilíumanna um kaffiviðskipti á árunum 1979 -1981.

Vitnið segir að þegar það tók við framkvæmdastjórn hafi kaffiinnkaupin verið á vegum SÍS, og þannig hafi það verið áfram. Veit vitnið ekki hvers vegna ekki var leitað eftir viðskiptum hjá öðrum.

Vitnið álítur að það að KA var ekki aðili að NAF og að KA var í viðskiptasamböndum við SÍS, hafi ráðið því hvers vegna viðskiptin voru á þennan veg, en vitnið kveðst hafa litið á SÍS sem umboðsaðila í kaffiviðskiptunum.

Vitnið man eftir að hafa fengið símahringingu vegna þess að byrja átti að endurgreiða KA niðurgreiðslur frá Brasilíu. Var hringt úr Innflutningsdeildinni, en ekki man vitnið hver hringdi. Síðar kom bréf til staðfestingar símtalinu. Vitnið minnist þess ekki að hafa leitað eftir eða fengið nánari upplýsingar frá SÍS í Reykjavík um niðurgreiðslurnar.

Vitnið segir að það hafi talið sig vera vegna KA í bestu fáanlegum viðskiptum, bæði vegna verðs og gæða vörunnar. Telur vitnið að KA hafi verið samkeppnisfært á markaðinum, og jókst markaðshlutdeild KA stórlega frá 1976 og á næstu árum á eftir.

Vitnið minnist þess ekki að gerður hafi verið sérstakur samningur um fjármögnun hverrar einstakrar sendingar við SÍS, en það hafi verið í samráði við KA sem SÍS í London fjármagnaði kaffiinnkaupin.

Vitnið minnist þess að KA átti í erfiðleikum með að fjármagna kaffiinnflutninginn á fyrstu árum þess sem framkvæmdastjóra vegna takmarkaðs innlends fjármagns og vegna þess að mikið fé var bundið í bankaábyrgðum.

Vitnið getur ekki svarað því hvort staða SÍS í viðskiptunum hafi breyst eitthvað gagnvart KA þegar farið var að taka lán í London til greiðslu á kaffinu, en segir að vörureikningarnir hafi komið frá útflytjendunum í Brasilíu eins og áður. Minnir vitnið að það hafi samþykkt víxla til SÍS í London vegna þessara viðskipta.

Vitnið segist hafa litið svo á að vaxtagreiðslur þess til SÍS í London væru þeir vextir sem skrifstofan þar hefði þurft að greiða vegna viðkomandi lántöku.

Vitnið minnist þess ekki að hafa séð svonefnd „Ordrebekræftelse" né áþekk skjöl.

Vitnið segir að það hafi verið markmið KA að fá gott kaffi á góðu verði og hafi það talið sem framkvæmdastjóri KA að fyrirtækið keypti kaffi á góðu verði á áðurgreindum árum.

Vitnið kveðst ekki muna til þess að það eða stjórn KA hafi á áðurgreindum árum gert kröfu til SÍS að verðið á kaffinu tæki mið á hverjum tíma af heimsmarkaðsverði kaffis.

Vitnið kannast ekki við að hafa heyrt um fjórmenningana sem falið var að reyna að ná samkomulagi um skiptingu á niðurgreiðslunum svonefndu.

Vitnið getur ekki svarað því hver hefði borið hallann af greiðslufalli KA vegna kaffiinnflutningsins, ef til slíks hefði komið.

Vitnið minnist þess ekki að hafa rætt við ákærða Hjalta sérstaklega um verð á hrákaffi né afslætti né að hafa pantað kaffi fyrir hans milligöngu.

Vitnið kveðst hafa heyrt samtökin ICO nefnd í sambandi við kaffimál, en man ekki hvenær það var. Ekki hefur vitnið hugsað út í hver tilgangur þessara samtaka sé. Þá vissi vitnið ekki á árunum 1979 - 1981 hvort Ísland var aðili að þessum samtökum, en heldur þó að svo hafi ekki verið. Vitnið minnist þess alls ekki að hafa heyrt fundarmenn á kaffifundinum á Akureyri ræða sérstöðu Íslands í kaffiheiminum.

Vitnið kannast ekki við að til hafi verið hjá KA á starfsárum þess þar bók um alþjóðleg kaffiviðskipti né heldur minnist vitnið þess að einhverjar

ritsmíðar hafi verið til á skrifstofu KA um alþjóðleg kaffiviðskipti á þessum árum. Þá kannast vitnið ekki við að KA hafi verið áskrifandi að einu eða öðru upplýsingaefni um kaffimál á heimsmarkaði.

Vitnið minnist þess ekki að á stjórnarfundum, sem það sat hjá KA, hafi verið rætt um alþjóðleg kaffiviðskipti eða að borið hafi á góma að afla bæri samanburðartilboða frá vörumiðlurum eða öðrum umboðsaðilum um verð á kaffi.

Vitnið telur að það hljóti að hafa kynnt stjórn og stjórnarformanni ákvörðunina um að hefja greiðslur til KA á niðurgreiðslum Brasilíumanna. Vitnið man þó ekki hvenær það gerði þetta né viðbrögð stjórnarinnar.

Vitnið taldi sig ekki þurfa að kynna sér frekar heimsmarkaðsverð á kaffi þótt það fengi tilkynningu um upphaf á niðurgreiðslunum.

Vitnið man ekki til þess að hafa snúið sér til gjaldeyrisyfirvalda af fyrra bragði þegar niðurgreiðslurnar fóru að berast. Þá minnist vitnið þess ekki að gerðar hafi verið neinar breytingar á innflutningspappírum vegna kaffiviðskiptanna.

Vitnið segir að auk birgðastöðvar SÍS hafi Sjafnarlagerinn í Garðabæ, Vörusala SÍS í Vestmannaeyjum og Einar Þorsteinsson í Bolungarvík selt kaffið í heildsölu, en það gerði fyrirtækið sjálft einnig.

Vitnið telur enn í dag að KA hefði átt að fá niðurgreiðslurnar allar frá SÍS og SÍS eingöngu umboðslaun.

Vitnið Guðmundur Skaftason hæstaréttardómari, Skaftahlíð 25 í Reykjavík, segir að Valur Arnþórsson hafi haft samband við það sem stjórnarformaður KA og farið þess á leit að það tæki þátt í því sem fulltrúi KA að leysa úr ágreiningi á milli KA og SÍS um hvernig skipta skyldi svonefndum Avisos. Telur vitnið að þetta hafi verið síðla sumars 1981 eða um haustið það ár.

Vitninu virtist Valur nýbúinn að fá vitneskjuna um Avisosinn þegar hann kom á fund vitnisins, sem á þessum tíma var með sjálfstæðan rekstur í sambandi við lögfræðistörf og endurskoðun. Minnist vitnið þess ekki að hafa rætt við aðra en Val hjá KA um þetta mál og segir vitnið að ekkert hafi komið fram um skjalalega meðferð í sambandi við innflutninginn þegar það ræddi við Val fyrst.

Vitnið telur að tekið hafi verið til við að fara ofan í málið í október eða nóvember 1981, og störfuðu að því með því Geir Magnússon, Geir Geirsson og Snorri Egilsson. Hittust þeir í nokkur skipti og settu sig inn í málið.

Vitnið segir að verkefni þeirra fjórmenninganna hafi átt að vera að ræða skiptingu heildarfjárhæðarinnar vegna Avisos fyrir árin 1979 - 1980 og áframhaldandi skiptingu vegna væntanlegra Avisosgreiðslna, en aldrei hafi náðst samkomulag um skiptinguna á Avisos og ekkert skriflegt hafi verið gert um störf nefndarinnar.

Vitnið segir að það hafi haft í höndum samantekt Geirs Geirssonar um málið, og vitnið aflaði sér auk þess lýsingar á því hvernig viðskiptin hefðu farið fram, þegar það var að fara ofan í málið. Telur vitnið að það hafi fengið gögn vegna þessa starfa síns frá KA.

Vitnið segir, að skýring forráðamanna KA á því að þeim bæri Avisosinn hafi verið sú að um umboðsviðskipti hafi verið að ræða. Fulltrúar Innflutningsdeildarinnar töldu hins vegar m.a. að vegna þátttöku SÍS í NAF hefði Avisosinn fengist og því bæri SÍS að njóta hans að hluta.

Vitnið segir að litið hafi verið á umrætt mál sem viðskiptamál, og hafi hvorugur aðilinn gert ítrustu kröfu um allan Avisosinn. Taldi KA, að SÍS bæru eðlileg og sanngjörn umboðslaun vegna viðskiptanna. Var það meginatriðið í störfum nefndarinnar að komast að niðurstöðum um þetta atriði. Ekki var af hálfu KA litið á það að beita bæri ítrasta lagalegum rétti KA í þessu máli, heldur bæri að miða að sanngjarnri og eðlilegri lausn málsins miðað við allar aðstæður.

Vitnið heyrði aldrei nefndar tvöfaldar faktúrur í viðræðum þeirra nefndarmanna um framangreint mál.

Vitnið kveðst ekki muna hvort það vissi í upphafi viðræðnanna að byrjað var að skipta Avisosnum eða hvort það frétti það síðar. Störfum nefndarinnar lauk í byrjun desember 1981. Man vitnið ekki eftir neinum afskiptum sínum af málinu eftir þann tíma.

Vitnið segir að því hafi ekki verið kunnugt um samrit af vörureikningum sem sýndu að kaffið var greitt að hluta með peningum og að hluta með Avisos.

Vitnið telur að ekkert samkomulag hafi verið komið á þegar það hætti afskiptum sínum af málinu.

Vitnið Sigurður Gils Björgvinsson forstöðumaður, Keilufelli 22 í Reykjavík, kveðst hafa byrjað störf hjá SÍS í föstu starfi í ársbyrjun 1974 og hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan.

Vitnið var aðstoðarframkvæmdastjóri í Innflutningsdeildinni frá árinu 1978 og fram í októberlok 1981. Á því tímabili var ákærði Hjalti næsti yfirmaður vitnisins.

Vitnið telur að það hafi verið í nóvember eða desember 1980, þegar ákveðið hafði verið að ákærði Sigurður Árni færi til London, að því var falið af ákærða Hjalta að setja sig inn í kaffiinnflutningsmál deildarinnar og ýmis önnur mál hjá ákærða Sigurði Árna með það í huga að vitnið setti síðar eftirmann ákærða Sigurðar Árna inn í þessi störf.

Vitnið minnir að ákærði Sigurður Árni hafi skrifað fyrir vitnið lýsingu á því hvernig kaffiinnflutningsviðskiptin fóru fram. Jafnframt fóru vitnið og ákærði Sigurður Árni saman yfir stöðu allra kaffisendinga á árinu 1980. Afhentu þeir ákærða Hjalta afrit af skriflegri stöðu kaffiinnflutningsmálanna.

Vitnið vissi að KA var skuldfært fyrir umboðslaunum á því tímabili sem tveir vörureikningar bárust.

Vitnið kveðst ekki hafa litið svo á að með viðskiptunum væri aðhafst eitt eða annað ólöglegt, enda þótt vitnið álíti að öðruvísi hefði átt að standa að framkvæmd viðskiptanna.

Vitnið segir að það telji frekar að ákærði Arnór hafi ekki verið á fundi með því og ákærða Hjalta, þegar rætt var um að Þröstur Sigurðsson ætti ekki að fá að vita um skiptingu á bónusgreiðslunum.

Vitnið Þórarinn *Valur* Arnþórsson kaupfélagsstjóri, Byggðavegi 118 á Akureyri, kveðst hafa verið í stjórn SÍS frá 1975 og stjórnarformaður frá 1978 og er það enn. Vitnið kveðst hafa verið í stjórn KA frá árunum í kringum 1970 og stjórnarformaður fyrirtækisins frá árinu 1974 að vitnið minnir.

Vitnið kveðst ekki hafa haft afskipti af innflutningi á hrákaffi fyrir KA, en framkvæmdastjóri KA hafi stundum borið undir það ákvarðanir um innkaup á kaffi ef einhverjar óvenjulegar aðstæður voru í sambandi við kaffiinnkaup, verð óeðlilega mikið hækkandi eða lækkandi, t.d. vegna mikillar uppskeru eða uppskerubrests. Þessi atriði voru ekki ákvörðunaratriði á stjórnarfundum.

Vitnið rekur ekki minni til að rætt hafi verið á stjórnarfundum að leita eftir tilboðum í kaffiinnkaup frá öðrum innflutningsaðilum en SÍS. Hins vegar bárust fyrirtækinu stundum tilboð frá öðrum aðilum sem ekki reyndust hagstæð, bæði að því er snerti verð og gæði.

Vitnið kveðst fyrst hafa heyrt um Avisosgreiðslurnar vegna kaffiinnflutningsins rétt fyrir aðalfund SÍS 1981. Daginn fyrir aðalfund fyrirtækisins það ár, eða svo minnir vitnið, var haldinn stjórnarfundur þar sem fram var lögð skýrsla Geirs Geirssonar löggilts endurskoðanda. Við lestur skýrslunnar sá vitnið að miklar tekjur höfðu orðið á kaffiinnflutningi ársins 1980. Leiddi þetta til þess að vitnið lagði fram nokkrar spurningar á fundinum vegna þessa og ræddi auk þess við endurskoðandann frekar um málið. Jafnframt lýsti vitnið yfir því við endurskoðandann að það áskildi sér rétt til að láta skoða þetta atriði síðar. Var þetta í fyrsta skipti sem vitnið heyrði Avisos nefndan.

Vitnið segir að í samtalinu við endurskoðandann hafi komið fram að það væri álit ákærðu Erlends og Hjalta að SÍS bæru þessar tekjur vegna aðildar SÍS að NAF, en ekki þekkti vitnið til samninganna á milli NAF og Brasilíumanna. Hvorki KEA né KA voru eða gátu verið aðilar að NAF. Vitnið kveðst ekki hafa óskað eftir neinum gögnum, sem styddu framangreint álit, en áskildi sér að athuga málið frekar.

Vitnið kveðst síðan hafa falið Geir og Guðmundi Skaftasyni, lögfræðilegum ráðunaut KEA, að kanna málið frekar fyrir sig. Vitnið segist hafa

sem stjórnarformaður SÍS beðið Geir um að athuga málið, en Guðmund sem fulltrúa KA og KEA. Vildi vitnið láta gæta fyllsta réttlætis í málinu gagnvart öllum viðkomandi aðilum.

Vitnið kveðst ekki hafa tekið þátt í þeim viðræðum sem fóru fram um málið og taldi sig ekki geta það vegna stöðu sinnar sem stjórnarformaður í báðum fyrirtækjunum. Veit vitnið því ekki nákvæmlega hvað kom fram á fundum framangreindra manna og þeirra starfsmanna SÍS sem tóku þátt í viðræðunum við þá. Að því er vitnið best veit var síðasti fundur þessara manna um málið í desember 1981. Vitnið veit ekki hverjir frá SÍS tóku þátt í fundum um málið, en veit að síðasta fundinn með Geir og Guðmundi sátu Geir Magnússon og Snorri Egilsson. Vitnið fékk ekkert skriflegt um niðurstöður athugunar á málinu frá áðurgreindum mönnum. Var vitninu kunnugt að ágreiningur var um málið, og lauk fundunum án niðurstöðu.

Vitnið segir að SÍS hafi haldið bónusgreiðslunum fyrir árin 1979, 1980 og fyrri ár, en viðræðurnar hafi með öðru leitt til þeirrar einhliða ákvörðunar SÍS, að KA fékk greiðslurnar fyrir árið 1981 og síðar. Virtist vitninu þetta vera á þennan veg. Þá voru umboðslaunin lækkuð.

Vitnið segir að með þessu hafi afskiptum þess af málinu lokið, og taldi vitnið að með þessu nyti KA hagstæðra kjara þegar til lengri tíma væri litið. Þá taldi vitnið sig hafa upplýsingar um það að helsti samkeppnisaðili KA þyrfti að greiða hærri umboðslaun.

Vitnið segir það skoðun sína, án þess að hafa fyrir því vissu, að það hafi verið ákærði Hjalti og Snorri Egilsson sem hafi tekið ákvörðun um endurgreiðslurnar til KA og hver umboðslaunin skyldu vera, enda heyri ákvörðun af þessu tagi undir Innflutningsdeildina. Vitnið segir að ekki hefði þurft að bera framangreinda ákvörðun undir stjórnina, en það væri matsatriði framkvæmdastjóra hvort hann bæri ákvörðun sem þessa undir forstjóra.

Vitnið segir að það viti ekki hvort ákærði Hjalti og Snorri hafi ráðfært sig við aðra er þeir hafi tekið framangreinda ákvörðun.

Vitnið kveðst fyrst hafa heyrt um svonefndar tvöfaldar faktúrur þegar rannsókn skattrannsóknarstjóra var að mestu lokið í ársbyrjun 1984. Var það Geir Geirsson sem á þeim tíma sagði vitninu frá þessu. Telur vitnið að Geir Geirssyni og Guðmundi Skaftasyni hafi ekki verið kunnugt um tilvist hinna svokölluðu tvöföldu faktúra þegar þeir voru að ræða um bónusgreiðslur og umboðslaun á árinu 1981. Vitnið segir að hinn lögfræðilegi ráðunautur KEA hafi byggt sjónarmið sín í málinu á því að um umboðsviðskipti væri að ræða, og þegar verið var að ræða málið á árinu 1981 hafi verið fjallað um málið sem umboðsviðskipti. Vitnið telur sig ekki í stakk búið til þess að kveða upp úr um það, svo að óyggjandi sé, hvers

eðlis umrædd viðskipti hafi verið, þar sem umboðsviðskipti geti verið með mörgu móti. Í venjulegum umboðsviðskiptum komi umboðsaðili viðskiptum á milli seljanda og kaupanda, en umboðsaðilinn fær umboðslaun, venjulega frá seljanda, en í umræddu tilfelli hafi verið samningur á milli NAF og seljendanna í Brasilíu, og SÍS sem aðili að NAF hafi keypt þann hluta kaffisins sem kom til Íslands, greitt það til seljandans, en innheimt það síðan hjá KA. Segir vitnið að síðan gerist það hins vegar að viðskiptin séu ekki bókuð hjá SÍS sem kaup og sala heldur umboðslaunaskapandi sala, og megi að mati vitnisins telja þá bókfærslu í ósamræmi við feril viðskiptanna. Megi vafalaust halda því fram að þarna sé um bókhaldsleg mistök að ræða sem eigi þátt í því að skapa óvissu um eðli viðskiptanna.

Vitnið segir að eins og það sjái málið, þá sé það staðreynd að SÍS hafi tekið lánin vegna kaffikaupanna án nokkurrar ábyrgðar eða skuldbindingar af hálfu KA, en hins vegar innheimt andvirði kaffisins hjá KA skv. vörureikningi sem kom til innheimtu hjá Landsbankanum á Akureyri og KA samþykkti víxil fyrir. Í þessu sambandi sé rétt að hafa í huga að þótt KA hefði brugðist með greiðslu til SÍS, hefði SÍS eftir sem áður orðið að greiða viðkomandi lán sem tekin höfðu verið vegna kaffikaupanna.

Vitnið segir að stjórn KA hafi ekki haft neinar óyggjandi upplýsingar um það 1981 hverjum bæru þessar greiðslur, enda ágreiningur um málið. Hins vegar var KA ánægt með betri verð og bætt viðskiptakjör, en KA hafi alltaf verið samkeppnisfært, bæði hvað snertir verð og gæði.

Vitnið kveðst ekki hafa haft formlegt samráð við stjórnina eða framkvæmdastjóra um að fela Guðmundi þetta sérstaka verkefni, en þessum aðilum var öllum kunnugt um að Guðmundur starfaði sem lögfræðilegur ráðunautur fyrir KEA.

Vitnið staðfestir að framburður vitnisins Guðmundar Skaftasonar sé í meginatriðum réttur um afstöðu forráðamanna KA, þ. á m. vitnisins, til eðlis viðskiptanna og hver réttarstaða KA væri.

Vitnið kveðst ekki hafa fengið neinar óyggjandi upplýsingar um það eftir að það mætti hjá RLR til yfirheyrslu hver eða hverjir hafi tekið ákvörðun um hinar svokölluðu tvöföldu faktúrur og leyndina við KA í sambandi við kaffiviðskipti. Þá hefur vitnið engar aðrar upplýsingar sem gætu varpað ljósi á það. Vitnið segir að eftir valdssviði og ábyrgð innan SÍS séu það ákveðnir aðilar sem komi til greina í þessu sambandi. Vísar vitnið í því sambandi til samþykkta fyrir SÍS.

Vitnið kveðst ekki hafa staðið að samningum við SÍS um það að KA greiddi umboðslaun af hverri sendingu til SÍS.

Vitnið segir að KA hafi ætlast til að hún fengi gott kaffi á sem bestu verði og að það hafi komið fram áður að KA hafi jafnan verið samkeppnisfær og þess vegna ekki haft neinar sérstakar áhyggjur af verði, en það

hafi verið samkeppnisaðili KA sem sendi verðupplýsingar til verðlagsstjóra sem hann hafi byggt á ákvarðanir sínar um hámarksverð á hverjum tíma.

Vitnið kveðst draga mjög í efa að hægt hefði verið á þessum tíma að semja beint frá Íslandi um áþekk kjör í kaffikaupum og NAF samdi við IBC á sínum tíma. Þetta hefði m.a. útheimt það að KA hefði orðið að setja upp eða útvega sér einhvers konar eftirlitskerfi með gæðum kaffisins, en það hefði getað kostað verulegt fé. KA taldi sig hafa aðgang að viðtæku og heildstæðu kaffikaupakerfi sem tryggði gæði viðskiptanna.

Vitnið kveðst ekki hafa heyrt nefnt viðskiptahugtakið samráðskaup fyrr en í fregnum af yfirheyrslum yfir ákærða Hjalta.

Vitnið segir að engar kröfur séu hafðar uppi af hálfu KA og KEA á hendur SÍS vegna þeirra viðskipta sem mál þetta fjallar um. Hafi þetta verið gert upp á árinu 1984, og á sama ári hafi verið gengið frá skattaþætti málsins. Segir vitnið, að KEA sem helmingseigandi í KA hafi fallist á fyrir sitt leyti það uppgjör sem fram fór vegna þessara viðskipta.

Vitnið telur að skjalalegri meðferð vegna kaffiinnflutningsins hafi ekki verið breytt fyrr en um það leyti sem endurskoðanda SÍS varð kunnugt um hinar svonefndu tvöföldu faktúrur.

Vitnið segir að því sé ekki kunnugt um að svonefndar tvöfaldar faktúrur hafi verið notaðar í öðrum löndum á árunum 1979 til 1981 í sambandi við innflutning á kaffi frá Brasilíu.

Vitnið segir að framkvæmdastjóri KA hafi ekki hlotið að skýra vitninu frá efni bréfsins frá 12. febrúar 1981 fljótlega eftir viðtöku þess eða símtalsins sem var undanfari þess. Vitnið segir þó ekki vafamál að framkvæmdastjórinn hafi skýrt því frá því að kaffiverð hefði lækkað, því það hafi verið slík atriði sem einkum voru rædd, það eru sveiflur í kaffiverði sem voru og eru algengar.

Vitnið segir að samkvæmt bestu vitund þess hafi KA ekki aflað sér upplýsinga um heimsmarkaðsviðskipti með kaffi á þessum árum og hafi sú hlutverkaskipting ríkt að útvegunarþátturinn hafi verið í höndum SÍS, Innflutningsdeildar, og því í þess verkahring að fylgjast með heimsviðskiptum á kaffi. Hafa samskipti KA og SÍS á sviði kaffiinnflutningsmála haldið áfram fram á þennan dag, en KA taki nú meiri þátt í samskiptum vegna kaffiviðskiptanna en áður var við NAF.

Vitnið Geir Geirsson, löggiltur endurskoðandi, Kvistalandi 4 í Reykjavík, kveðst reka sjálfstæða endurskoðunarskrifstofu, og er allverulega stór hluti verkefna skrifstofunnar endurskoðun fyrir SÍS.

Vitnið hóf sjálfstæða starfsemi árið 1979 og hefur frá þeim tíma annast endurskoðun reikninga SÍS. Áður starfaði vitnið á endurskoðunarskrifstofu SÍS sem hefur með höndum daglega endurskoðun, öðru nafni innri endur-

skoðun. Var vitnið forstöðumaður þessarar skrifstofu síðustu árin sem það starfaði hjá SÍS.

Vitnið segir að gerður hafi verið samningur við það um endurskoðun árið 1979 af stjórn SÍS, og telur vitnið sig því ábyrgt gagnvart henni með störf sín. Þá var vitnið félagslega kjörið endurskoðandi á aðalfundi SÍS 1983 og hefur verið kjörið það á aðalfundum síðan. Telur vitnið sig því einnig ábyrgt gagnvart aðalfundi SÍS.

Vitnið kveðst fyrst hafa orðið vart við Avisos í bókhaldsgögnum SÍS á fyrri hluta ársins 1981 þegar vitnið vann að endurskoðun reikninga ársins 1980. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt að til væru Avisosgreiðslur fyrr en við framangreinda endurskoðun. Það vissi hins vegar að SÍS hafði tekjur af kaffiinnflutningi. Vitnið segir að það hafi vakið athygli þess hve tekjurnar af kaffiinnflutningi jukust mikið á árinu 1980. Var það endurskoðunin árið 1981, sem sýndi vitninu þetta.

Þegar vitnið hafði orðið vart við þessar miklu tekjur sneri það sér til ákærðu Hjalta og Arnórs og vitnisins Sigurðar Gils til að leita skýringa. Vitnið man ekki hverju hver þeirra þriggja um sig svaraði, en ákærði Arnór vísaði aðallega á hina, þar sem hann væri nýbúinn að taka við starfi sínu. Ákærði Hjalti og Sigurður Gils skýrðu fyrir vitninu hvernig Avisos var háttað. Vitnið kveðst á sama tíma og að framan greinir hafa komist að raun um tilvist verðfallsbóta í kaffiviðskiptunum.

Vitnið kveðst ekki hafa frétt af hinu svonefnda tvöfalda vörureikningakerfi fyrr en í ársbyrjun 1984, að vitnið minnir. Þessa vitneskju fékk vitnið þegar það kom á skrifstofu SÍS í London á þessum tíma. Minnir vitnið að það hafi rekið augun í þetta við endurskoðun og þá strax á eftir ræddi það um málið við forstöðumann skrifstofunnar í London. Vitnið fékk engin svör hjá forstöðumanninum um það hvernig þetta kerfi væri til komið eða hver bæri ábyrgð á því. Ekki minnist vitnið þess að forstöðumaðurinn hafi upplýst vitnið um hver tilgangurinn væri með þessu kerfi.

Vitninu datt í hug, þegar það uppgötvaði tvöföldu faktúrurnar, að tilgangurinn með þeim væri sá að halda tekjunum af kaffiinnflutningnum hjá SÍS.

Vitnið fékk engar ákveðnar upplýsingar um það hver hefði tekið ákvörðun um þessa tvöföldu vörureikninga, en heyrði þá tilgátu að þetta væri komið frá Brasilíumönnum.

Vitnið kveðst hafa farið á skrifstofuna í London til endurskoðunar í mars eða apríl 1981, m.a. vegna forstöðumannaskipta. Vitnið kveðst ekki hafa farið þessa ferð gagngert að beiðni vitnisins Vals. Kveðst vitnið hafa skoðað sérstaklega í þessari ferð kaffiviðskiptin, sem skrifstofan annaðist. Telur vitnið að tvöföldu faktúrurnar hafi ekki verið meðal bókhaldsfylgiskjala ársins 1980 sem þá var verið að endurskoða. Vitnið frétti síðar að forstöðu-

maðurinn, sem var að fara frá, hefði haldið framangreindum gögnum aðskildum frá þeim bókhaldsgögnum sem vitnið var að endurskoða í þetta skipti.

Vitnið segir að bókhaldsgögn og bókhaldsfærslur hafi sýnt það hvernig tekjurnar af kaffiinnflutningnum voru til komnar og hvernig þeim var ráðstafað. Af þessari ástæðu breytti það litlu þótt nettófaktúra væri ekki tiltæk. Vitnið telur að bókhaldsfærslum í London hafi ekki verið vísvitandi hagað á þann hátt að með þeim væri verið að reyna að blekkja. Litur vitnið svo á að færslurnar kunni að hafa verið viðvaningslegar.

Vitnið kveðst ekki hafa haft samband við KA á árinu 1981 varðandi kaffiinnflutninginn né í sambandi við endurskoðunaraðgerðir.

Vitnið kveðst hafa fengið að vita það á árinu 1981 hjá vitninu Sigurði Gils að það hefði verið ákærði Hjalti, sem tók ákvörðun um færslur á hagnaði vegna afsláttarins og hafi það verið gert eftir bókfærðum hagnaði SÍS í London.

Vitnið minnir að tekjur af kaffiinnflutningnum á árunum 1980 og 1981 hafi verið færðar undir heitinu umboðslaun. Þá upplýsir vitnið að það hafi verið vitnið Sigurður Gils og starfsmaður í aðalbókhaldi sem hafi ráðið þessum færslumáta án þess að hafa haft samráð við aðra, svo að vitnið viti, enda ekki ástæða til að mati vitnisins. Vitnið segir að miðað við þær færslur sem gerðar voru vegna viðskiptanna að öðru leyti hafi það ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við val tekjureikningsins, en aðrir reikningar hefðu komið til greina. Þá segir vitnið að umboðslaunahugtakið hafi verið mjög vítt á þessum tíma og sé ef til vill enn. Segir vitnið að miðað við sama undanfara hefði komið til greina sérstakur reikningur fyrir tekjur vegna kaffikaupa eða aðrir reikningar vegna ýmissa eða óvenjulegra tekna. Vitnið segir að eftir því sem það best viti þá hafi ekki orðið breyting á færslumátanum frá og með árinu 1982 til þessa dags, enda tekjur mun minni.

Vitnið hefur staðfest skýrslu sína um yfirlit um innflutning á hrákaffi á vegum Innflutningsdeildar, dags. 24. maí 1984, en skýrslan sýni viðhorf sitt á þessum tíma til þessara viðskipta. Hyggur vitnið að sú ályktun sem stjórn SÍS gerði um endurgreiðslu á 15 milljónum sé í samræmi við þær hugmyndir sem vitnið tekur fram um endurgreiðslur í skýrslunni.

Vitnið kveðst ekki hafa tekið þátt í störfum þeirrar nefndar sem með ályktun stjórnar SÍS frá 24. maí 1984 var ráðgert að setja á laggirnar til að gera athugun á því hverjir bæru ábyrgð á og tóku ákvarðanir um meðferðina á tekjunum af kaffikaupunum.

Vitnið hefur staðfest að það hafi tekið þátt í viðræðum á árinu 1981 um skiptingu tekna af kaffiviðskiptum við Brasilíumenn á milli SÍS og KA. Komust þeir félagar ekki að formlegri niðurstöðu og eftir því sem vitnið

best veit tók SÍS einhliða ákvörðun um að Avisos og verðfallsbætur skyldu renna til KA, og var þessi ákvörðun tekin eftir að þeir félagar hættu viðræðum sínum.

Vitnið segir að samkvæmt þeim upplýsingum, sem það hafi aflað sér úr bókhaldi KA vegna áranna 1980 og 1981, sé skuld KA vegna kaffikaupa ekki nefnd, en færð á einn skuldheimtumannsreikning. Vörureikningar hinna brasilísku seljenda eru almennt skráðir á SÍS sem kaupanda. Ljóst sé, að innheimtukröfur vegna kaffikaupanna séu eign SÍS, og þær greinilega merktar skrifstofu þess í London sem kröfuhafa.

Vitnið segir að SÍS hafi ekki hlotið neinar skattahækkanir á grundvelli þeirrar rannsóknar sem skattrannsóknarstjóri hóf á bókhaldi SÍS á árinu 1982.

Vitnið segir að sú fjárhæð sem SÍS greiddi ásamt vöxtum á árinu 1984 til KA hafi hjá SÍS verið færð til gjalda á því ári og hjá KA til tekna og á þann hátt komið inn í skattframtöl beggja fyrirtækjanna fyrir það ár og engar athugasemdir við það gerðar af hálfu skattyfirvalda.

Vitnið staðfestir að það hafi endurskoðað bókhald SÍS fyrir árin 1979-1981 og gert um það skýrslur. Segir vitnið að hluti af heföbundinni áritun á reikningana væri það, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju. Vitnið segir að það hafi verið skoðun þess á þeim tíma sem endurskoðunin fór fram, að viðskipti SÍS við KA, sem málið fjallar um, hafi verið bókfærð í samræmi við góða reikningsskilavenju, en vitnið segir að góð reikningsskilavenja byggist á margskonar óskráðum venjum og reglum og taki sífelldum breytingum. Er vitnið enn á sömu skoðun.

Vitnið kveðst ekki vita um neinn almennan eða opinberlega skráðan skilning endurskoðenda á því hvað séu umboðsviðskipti.

Vitnið segir að það muni hafa komið á Lundúnaskrifstofuna dag nokkurn snemma í september 1981 á leið frá Þýskalandi til Skotlands, en þangað fór vitnið á vegum SÍS og þurfti að fá gögn á Lundúnaskrifstofunni vegna þeirra erinda. Telur vitnið að kaffiinnflutningsmál hafi borið á góma við ákærða Sigurð Árna í þetta skipti, en hins vegar hafi erindi vitnisins á skrifstofuna ekki verið til að endurskoða gögn varðandi kaffiviðskiptin. Vitnið man ekki hvort það bað um að fá að sjá gögn varðandi kaffiinnflutninginn á skrifstofunni í þetta skipti, en telur slíkt hugsanlegt. Vitnið minnist þess ekki að ákærði Sigurður Árni bæri því þau boð frá ákærða Erlendi sem fram koma í framburði ákærða Sigurðar Árna, sbr. síðar.

Vitnið Geir Magnússon bankastjóri, Lálandi 10 í Reykjavík, kveðst hafa verið framkvæmdastjóri fjármáladeildar SÍS á árunum 1979 til 1981. Var starf vitnisins að annast daglegar fjárreiður SÍS, þ. á m. að veita viðtöku þeim tekjum sem komu af hinum ýmsu starfsgreinum fyrirtækisins.

Vitnið segist hafa tekið eftir því á árunum 1980 eða 1981 að inn komu

óvanalega miklar tekjur af kaffiinnflutningi. Leitaði vitnið eftir upplýsingum um það hvernig á þessu stæði strax og það varð vart við þetta. Sneri vitnið sér af þessu tilefni til ákærða Sigurðar Árna og fékk þau svör að það hefði verið ákveðið að þessar auknu tekjur væru tekjur SÍS. Var ákærði Sigurður Árni á þessum tíma í starfi deildarstjóra Fóðurvörudeildar. Kom fram í samtalinu við ákærða Sigurð Árna um þetta mál að það væri ekki hann sjálfur sem hefði tekið þessa ákvörðun, heldur yfirmenn hans sem hann nafngreindi þó ekki.

Vitnið kveðst ekki hafa haft á þessum tíma sjálfstætt álit á því hverjum bæru hinar auknu tekjur af kaffiinnflutningnum og minnist þess ekki að hinar auknu tekjur af kaffiinnflutningi væru ræddar á fundum framkvæmdastjórnar á árinu 1980.

Vitnið segir að það hafi komið fyrir í undantekningartilvikum að tekjur af kaffiinnflutningi væru fluttar hingað til lands áður en greiðslur bárust frá KA og þá í formi aukins yfirdráttar.

Vitnið minnist þess að hafa einu sinni tekið þátt í viðræðum ásamt Snorra Egilssyni og að hans beiðni við Guðmund Skaftason og Geir Geirsson um tekjur Innflutningsdeildar af kaffiinnflutningi. Engin formleg niðurstaða var þó á þessum fundi. Ekki man vitnið hvenær fundur þessi var haldinn.

Vitnið kveðst ekkert hafa vitað um það hvernig gengið var frá skjalalegri meðferð innflutningsins.

Vitnið kveðst hafa vitað um stöðu umboðslaunareikninga í London hjá hverri deild þar sem vitnið fékk reglulega yfirlit frá London.

Vitnið segir að það hafi mótmælt ítrekað við ákærða Gísla að Lundúnaskrifstofan tók vexti í sambandi við kaffiinnflutninginn af hærri fjárhæð en hún tók að láni vegna hans. Mótmæli vitnisins báru ekki árangur, en ekki man vitnið orðaskipti þeirra tveggja af þessu tilefni. Ekki kveðst vitnið hafa mótmælt þessari aðferð við aðra hjá SÍS né ræddi það við aðra um þetta atriði.

Vitnið treystir sér ekki til að mótmæla framburði ákærða Gísla um það að hann hafi minnst á það við vitnið, að Lundúnaskrifstofan fengi 1% af brúttóverði kaffisins í þóknun. Hafi þetta þá verið í tengslum við að niður féllu ábyrgðargjöld í banka og innborganir á ábyrgðir, sem báru lága vexti. Tengist þetta því að SÍS í London staðgreiddi vöruna.

Vitnið segir að það hafi verið Fjármáladeildin sem gaf tekjunum af kaffiviðskiptunum nafnið umboðslaun í heild sinni. Ástæðan fyrir þessu var sú að tekjurnar komu af umboðslaunareikningi í London.

Vitnið minnist þess ekki að hafa mótmælt of hárri vaxtatöku í London við ákærða Sigurð Árna.

Vitnið segir að skrifstofan í London hafi keypt kaffið með því að

staðgreiða það og þá fengið í hendur frumrit farmskírteina og reikninga.

Vitnið segir að eftir að SÍS fór að staðgreiða kaffið í Brasilíu, hafi það haft samband við KEA sem helmingseiganda KA og farið fram á að KEA tæki að hálfu á sig ábyrgð á sendingunum. Minnir vitnið að skrifað hafi verið bréf um þetta til KEA, en niðurstaðan var sú að SÍS gekk ekki eftir ábyrgðinni hjá KEA.

Vitnið segir að vaxtamunurinn sem áður greinir og vitnið mótmælti hafi gengið til skrifstofunnar í London sem rekstrartekjur.

Vitnið Snorri Egilsson, aðstoðarframkvæmdastjóri verslunardeildar SÍS, Sunnuvegi 15 í Reykjavík, kveðst hafa starfað hjá SÍS frá 15. september 1980, og fyrst starfaði vitnið sem skrifstofustjóri Innflutningsdeildar. Í nóvember 1981 lét vitnið af skrifstofustjórastarfinu og tók við núverandi stöðu.

Vitnið kveðst ekki hafa komið nærri ákvörðunum um kaffiinnkaup, en færði skrá yfir pantanir deildarinnar á kaffi og þar með Avisosgreiðslur og verðmæti sendinganna. Vitnið kveðst hafa byrjað að halda þessa skrá strax og það tók við starfinu. Var skráin framhald skrár sem vitnið Sigurður Gils hafði áður haldið.

Vitnið leit á Avisosgreiðslurnar sem tekjur SÍS, sem KA sem viðskiptaaðila bæru ekki og ætti ekki að vita um. Vitnið fékk engin bein fyrirmæli um að halda þessum greiðslum leyndum. Vitnið vissi ekki að til væru tvö sett af reikningum varðandi hverja kaffisendingu, þegar vitnið byrjaði að halda áðurgreinda skrá, og vissi ekki um þetta fyrirkomulag fyrr en á árinu 1983 eða 1984.

Vitnið vissi ekki um fyrirkomulag vaxtamála vegna fyrirgreiðslu Lundúnaskrifstofunnar við kaffiinnflutninginn.

Vitnið segir að það hafi hinn 12. desember 1981 eða næstu daga setið fund með Guðmundi Skaftasyni, Geir Geirssyni og Geir Magnússyni, en á fundi þessum og öðrum sem á eftir honum fór síðar í sama mánuði var rætt um hvernig skipta bæri Avisosgreiðslum, og var mikill ágreiningur milli vitnisins og Guðmundar um þetta efni. Taldi Guðmundur að hér væri um umboðsviðskipti að ræða og bæri SÍS að taka eðlileg umboðslaun, 1-2%. Vitnið taldi hins vegar að SÍS sem eiganda kaffisins bæru þessar tekjur. Engin niðurstaða varð af fundunum tveimur.

Vitnið kveðst hafa gert tilboð af hálfu SÍS þess efnis að Avisostekjur 1979 og 1980 yrðu alfarið SÍS, ársins 1981 miðuðust við 10% þóknun og ársins 1982 miðuðust við 4% þóknun ofan á brúttóverð kaffisins. Byggði vitnið tilboðið á óánægju KA með Avisostekjurnar, markaðurinn hérlendis var að breytast báðum fyrirtækjunum í óhag og í þriðja lagi vildi vitnið gera KA sem viðskiptavin SÍS ánægða. Þá gerði vitnið ráð fyrir að Avisosinn gengi óskiptur til KA.

Vitnið upplýsir að átta deildir hafi verið innan Innflutningsdeildar á árunum 1980 og 1981 og deildarstjóri fyrir hverri. Sjö deildanna höfðu innflutning á hendi, og voru deildarstjórar þeirra sjálfstæðir í starfi og þurftu ekki að leita til yfirmanns Innflutningsdeildar svo fremi sem skuldbindingar vegna innkaupanna væru innan ramma fjárstreymis deildarinnar.

Vitnið kveðst ekki geta borið um hvort deildarstjórarnir hafi leitað í einstökum málum til ákærða Hjalta sem yfirmanns.

Vitnið nefnir sem dæmi um umfang starfsemi Innflutningsdeildar á framangreindum árum að um sé að ræða verslun með um 25.000 vörunúmer frá um 600 erlendum aðilum í yfir 40 löndum auk á annað hundrað íslenskra framleiðenda. Í deildunum voru á bilinu 160-180 starfsmenn.

Vitnið segir að kaffiinnflutningur hafi verið með stærri vöruflokkum, en þó voru stál og timbur, svo og fóðurvörur stærri vöruflokkar að verðmæti.

Vitnið segir að kaffiinnkaup hafi verið mjög flókin og þung í vöfum og kröfðust sérhæfðs starfsmanns.

Vitnið vissi að kaffisendingarnar voru greiddar af Lundúnaskrifstofu SÍS. Vitnið vissi einnig að SÍS sendi kröfur vegna kaffisendinganna í Landsbankann á Akureyri til innheimtu hjá KA. Segir vitnið að þessi háttur hafi ráðið því áliti vitnisins, að SÍS ætti kaffið eftir að Lundúnaskrifstofan var búin að greiða það. Vitnið vissi ekki um vaxtatöku Lundúnaskrifstofunnar vegna lána sem tekin voru vegna kaffiinnflutningsins.

Vitnið kveðst ekki hafa átt þátt í gerð umboðslaunareikninga til KA, en kveðst hafa vitað um tilvist þeirra. Telur vitnið að framangreind reikningagerð hafi verið angi af áðurgerðu samkomulagi á milli KA og Fóðurvörudeildar SÍS.

Vitnið kveðst ekki vilja tjá sig um hvort það telji framangreinda reikningagerð samrýmast viðhorfum vitnisins þess efnis að um hafi verið að ræða kaup og endursölu kaffisins, þar sem vitninu sé ókunnur samningurinn, sem sé á bak við reikningagerðina.

Vitnið tekur fram að það tilboð sem fulltrúa KA var gefið hafi ekki falið í sér neina „princip"-viðurkenningu á eðli viðskiptanna og hafi þetta verið tekið fram við fulltrúa KA.

Vitnið segir að það hafi rætt um Avisosgreiðslurnar við ákærða Hjalta fljótlega eftir að það hóf störf sem aðstoðarframkvæmdastjóri í nóvember 1981. Vitnið hafði ekki rætt við ákærða Hjalta um þetta áður. Vitnið segir að ákærði Hjalti hafi virst vita um Avisosgreiðslurnar þegar þær bar fyrst á góma í viðræðum þeirra en þó ekki mikið.

Vitnið kveðst á þessum tíma hafa sótt upplýsingar sínar vegna kaffiinnflutningsins til annarra en ákærða Hjalta, þar sem hann átti ekki svör við öllu því, sem vitnið vildi vita. Virtust ákærði Arnór og vitnið Sigurður Gils

vita meira um þessi mál en ákærði Hjalti. Virtist ákærði Hjalti hafa í huga heildarstærð Avisosgreiðslnanna, en ekki í smærri atriðum hvernig Avisos myndaðist og tilganginn með kerfinu.

Vitnið vissi um tilvist samninga á milli NAF og IBC vegna kaffikaupa 1980 og 1981, en sá aldrei samningana og vissi ekki efni þeirra.

Vitnið Hjörtur Ármann Eiríksson framkvæmdastjóri, Hléskógum 10 í Reykjavík, kveðst hafa verið varaformaður í stjórn KA frá árinu 1975 og fram til síðasta aðalfundar.

Vitnið segir að örugglega oftar en einu sinni hafi verið rætt á stjórnarfundi KA um afslætti og umboðslaun vegna kaffiinnkaupaviðskiptanna við SÍS eftir að upp komst um þessi atriði. Ekki var þó alltaf bókað í fundargerðir um þessar umræður, að vitnið best man.

Vitninu finnst að vegna mjög mikillar vinnu og þeirra sérstöku aðstæðna sem þarna voru fyrir hendi væri eðlilegt að Innflutningsdeild SÍS fengi hluta af afsláttunum fyrir 1979 og 1980. Vitnið kveðst ekki geta svarað fyrir aðra um þetta og þorir ekki að fullyrða hvort það lét í ljós þessa afstöðu sína innan stjórnar KA.

Vitnið segir að með auknum tekjum Innflutningsdeildar hafi hún getað gefið kaupfélögunum meiri afslætti af viðskiptum þeirra við deildina og auk þess meiri þjónustu.

Vitnið kveðst hafa verið fulltrúi SÍS í stjórn KA, og á þessum tíma var vitnið framkvæmdastjóri lðnaðardeildar SÍS, sem hélt yfirleitt fundi sína í Reykjavík.

Vitnið kveðst ekki hafa verið í stjórn KEA, hvorki fyrr né síðar. Segir vitnið að enginn ágreiningur hafi orðið í stjórn KA á milli fulltrúa KEA í stjórninni og fulltrúa SÍS vegna afsláttarmálanna. Segir vitnið að það hafi engin spurning verið að stjórn KA hafi haft fullt ákvörðunarvald vegna afsláttarmálanna, þ. á m. að gera ekki tilkall til þeirra.

Vitnið Guðrún Þorvaldsdóttir skrifstofumaður, Stigahlíð 26 í Reykjavík, kveðst hafa starfað hjá SÍS á árunum 1979-1981 við að selja og reikningsfæra fóðurvörur í Innflutningsdeild SÍS, Fóðurvörudeild. Var ákærði Sigurður Árni yfirmaður deildarinnar.

Vitnið kveðst hafa annast símavörslu fyrir ákærða Sigurð Árna þegar hann þurfti að bregða sér frá. Segir vitnið að ákærði Sigurður Árni hafi alltaf sagt því hvert hann væri að fara, og vissi vitnið því að hann fór oftsinnis til fundar við ákærða Hjalta, stundum oft á dag. Stóðu fundirnir með ákærða Hjalta og Sigurði Árna oft lengi. Var nokkur spölur á milli skrifstofa þeirra.

Ekki vissi vitnið nákvæmlega hvað ákærðu ræddu, en segir að það hafi verið verkefni deildarinnar og það sem þeim við kom.

Vitnið segir að það hafi komið fram hjá ákærða Sigurði Árna í viðræðum við vitnið hverra erinda hann færi á fund ákærða Hjalta.

Vitnið kveðst einnig hafa gætt símans fyrir ákærða Arnór eftir að hann tók við störfum í deildinni. Hann fór einnig á fund ákærða Hjalta en oftar á fund Snorra Egilssonar.

Ákærða Erlendi var kynntur framburður ákærða Sigurðar Árna um tvo fundi með honum og ákærðu Erlendi og Hjalta, þar sem rætt hafi verið um hinar miklu greiðslur í formi Avisos. Ákærði minnist þess ekki að þeir þrír hafi setið fundi þar sem Avisos hafi verið ræddur, en man eftir fundi á árinu 1979 þegar rætt var um vaxandi tekjur af kaffiinnflutningi. Þessi fundur var þó aðallega haldinn um annað. Ákærði hefur yfirfarið dagbók sína frá 1980 og séð í henni að ákærði Sigurður Árni hafi átt fund með honum þrjá tiltekna daga á því ári. Voru þessir fundir vegna fyrirhugaðra breytinga á starfi ákærða Sigurðar Árna. Man ákærði að ákærði Hjalti var ekki á þessum fundum og að ekki var rætt um Avisosgreiðslur.

Ákærði hefur kynnt sér framburð annarra ákærðu og vitna við meðferð málsins og gerir ekki sérstakar athugasemdir við framburðinn. Þá hefur ákærði haft tækifæri til þess að yfirfara framlögð gögn málsins. Hann sér ekki ástæðu til að taka neitt sérstakt fram vegna framlagðra gagna.

Ákærði Hjalti gerir engar athugasemdir við framburð ákærða Erlends. Hann segir rangt í framburði ákærða Sigurðar Árna að hann hafi verið næsti yfirmaður hans allan tímann. Segir ákærði að Sigurður Gils og Snorri hafi verið aðstoðarframkvæmdastjórar allan tímann og tók hinn síðari við af hinum fyrri.

Ákærða var kynntur framburður ákærða Sigurðar Árna þess efnis að hann hefði jafnan haft samráð við ákærða um kaffiinnkaup og sagt honum frá Avisos eins og hann var á hverjum tíma samkvæmt skeytum sem bárust og voru líka afhent ákærða. Þá hafi ákærði jafnan verið með í ráðum þegar endanleg ákvörðun var tekin um hvaða tilboði bæri að taka. Ákærði segir að forstöðumenn hinna ýmsu deilda hafi verið mjög sjálfstæðir. Þó hafi eðlilega sum mál komið oftar inn á borð ákærða en önnur. Mál sem sjaldan komi inn á borð ákærða séu eða hafi verið málefni varðandi innkaup á timbri og kaffi svo og stáli. Segir ákærði að vörunúmer hafi verið yfir 30.000. Meðal þessara vörutegunda eru m.a. 1/3 hluti sykurs, sem landsmenn nota, og 40% af hveiti. Af þessu megi sjá, hversu vonlaust sé fyrir ákærða sem yfirmann deildarinnar að hafa yfirsýn yfir þessi fjölmörgu verkefni. Af þessari ástæðu voru og eru forstöðumenn deildanna eins sjálfstæðir og þeir eru og því sé rangt hjá ákærða Sigurði Árna að halda því fram, að hann hafi haft eins mikil samráð við ákærða um kaffiinnkaupin og hann vilji vera láta.

Ákærða var kynntur framburður ákærða Sigurðar Árna um það að ákærði hefði gefið honum fyrirmæli um að senda hærri vörureikningana í Landsbankann á Akureyri og að ákvörðunin um tvö sett af reikningum

hafi verið tekin í samráði við ákærða. Ákærði kveðst ekki kannast við að framangreindur framburður Sigurðar Árna sé réttur og vísar í því efni til fyrri framburðar sins um þetta efni.

Ákærða var kynntur framburður ákærða Sigurðar Árna um fyrirmæli þess efnis að geta ekki um Avisos við forráðamenn KA. Kannast hann ekki við að hafa gefið ákærða Sigurði Árna framangreind fyrirmæli.

Ákærða var kynntur framburður ákærða Sigurðar Árna varðandi sendingu skeytis með fyrirmælum um að leyna KA raunverulegu verði sendingar K 625/80. Fullyrðir ákærði, að sending framangreinds skeytis hafi ekki verið borin undir hann.

Ákærða var kynntur framburður ákærða Sigurðar Árna varðandi sendingar K 696 og 739/1979. Ákærði kannast ekki við að frágangur skjalanna hafi verið eftir ákvörðun sinni og sé því framburður Sigurðar Árna rangur í þessu efni.

Ákærða var sýnt ljósrit af skeyti vegna sendingar K 455, þar sem beðið var um að gefa út nýjan reikning lægri fjárhæðar og honum kynntur framburður ákærða Sigurðar Árna um umrætt skeyti. Ákærði minnist þess ekki að hafa séð umrætt skeyti né man hann eftir að hafa séð samskonar skeyti hjá Innflutningsdeildinni á árunum 1980 og 1981.

Ákærði minnist þess að hafa tvívegis verið á fundum með ákærðu Sigurði Árna og Erlendi þar sem kaffimál bar á góma. Ekki man ákærði hvað var rætt um þessi mál á fundunum sem stofnað var til af öðrum ástæðum.

Ákærði gerir þá athugasemd við framburð ákærða Gísla að hann vilji nefna viðskiptin samráðskaup en ekki umboðsviðskipti.

Ákærði kannast ekki við að ákærði Arnór hafi haft samráð við sig um öll meginatriði vegna kaffiviðskiptanna né kannast hann við að hafa tekið ákvörðun um að hækka verð kaffisendingar K 365/1981.

Ákærði kannast ekki við að ákærði Arnór hafi borið undir hann kaffitilboð. Af þessu tilefni vill ákærði taka fram, að Sigurður Gils hafi átt að fylla tómarúm, sem skapaðist við snögga brottför ákærða Sigurðar Árna úr deildinni. Ákærði kveðst gera ráð fyrir því að ákærði Arnór hafi borið kaffitilboðin undir vitnið Sigurð Gils eins og til var ætlast.

Ákærði hefur kynnt sér framburð allra þeirra vitna sem komið hafa fyrir dóminn. Ákærði kveðst engar sérstakar athugasemdir gera við framburð vitnanna og kveðst hann vísa í eigin framburð um það sem kann að bera á milli í framburði vitnanna og framburði hans. Ákærði kveðst hafa haft tækifæri til að kynna sér öll framlögð gögn málsins og gerir hann engar sérstakar athugasemdir við þau.

Ákærði var spurður að því hvort honum væri kunnugt um, að ákærði Sigurður Árni hefði ráðgast við vitnið Sigurð Gils um kaffiviðskipti í annan tíma en þegar ákærði Sigurður Árni var að setja Sigurð Gils inn í störf

sín við brottför úr deildinni. Ákærði telur að svo hafi verið og svo hafi átt að vera, enda hafi þetta verið ástæðan til þess að Sigurður Gils var settur til þess að setja ákærða Arnór inn í störf í deildinni.

Ákærði kveðst ekki gera sér grein fyrir hvenær hann hafi fengið vitneskju um þau margvíslegu kjör, sem Brasilíumenn buðu viðskiptaaðilum sínum og hann hefur áður lýst.

Ákærði gerir sér ekki grein fyrir svari við því hvenær hann hafi fengið vitneskju um skýringar á hinu svonefnda tvöfalda faktúrukerfi sem fram kemur í framburði hans.

Ákærði telur, að hann hafi átt að vita nokkuð snemma um hinar auknu tekjur af kaffiinnflutningnum, sem mál þetta fjallar um, en um óverulegar upphæðir hafi verið að ræða í fyrstu. Gerði ákærði sér fljótlega grein fyrir því að tekjuaukningin stafaði af bótum frá Brasilíu.

Ákærði segir að það hafi verið undantekning, þegar SÍS kom á samningi sem umboðsmaður milli erlends seljanda og innlends kaupanda, að SÍS greiddi erlenda seljandanum og lánaði síðan innlenda kaupandanum kaupverðið. Reyndar þekkir ákærði engin dæmi um þetta.

Ákærði Sigurður Árni segir í tilefni af framburði ákærða Erlends að hann hafi haft samráð við ákærða Erlend um starfsemi skrifstofunnar í London eftir að ákærði kom þangað og þá m.a. um kaffiviðskiptin. Ekki getur ákærði sérstaklega tilgreint hvað þeim fór á milli um kaffiviðskipti, en bendir á að á fundi 1979, sem áður hefur verið minnst á, hafi þeir rætt um tekjur af kaffiinnflutningi og þá hljóti Avisos að hafa borið á góma. Annað óskar ákærði ekki eftir að taka fram í tilefni af framburði ákærða Erlends.

Ákærði kveðst mótmæla framburði ákærða Hjalta í einu og öllu að því er snertir það sem ákærði Hjalti segir rangt í framburði ákærða, en ákærði heldur fast við allt í fyrri framburði um samskipti sín við ákærða Hjalta.

Ákærði ítrekar að hann hafi alltaf haft samráð við ákærða Hjalta sem yfirmann sinn um kaffiinnkaup, en sneri sér ekki til Sigurðar Gils. Kveðst ákærði vísa um ástæðuna fyrir samráðinu við ákærða Hjalta til fyrri framburðar um það efni. Segist ákærði hafa haft því meiri samráð við ákærða Hjalta sem um umfangsmeiri kaup var að ræða að vermæti. Þó hafi verið undantekningar á þessu í sambandi við innflutning á fóðurvörum. Segir ákærði að ákærði Hjalti hafi vitað um tekjurnar af Avisos. Ákærði ítrekar að það hafi verið stefnan varðandi viðskiptin við KA að hún fengi ekki að vita um afslættina, og var þetta ákvörðun ákærða Hjalta.

Ákærði vill upplýsa að það hafi verið almenn stefna SÍS að viðskiptavinir þess fengju ekki upplýsingar um verðmyndun þeirrar vöru sem þeir voru að kaupa. Segir vitnið þetta í samræmi við viðskiptavenjur annarra aðila bæði hérlendis og erlendis. Segir ákærði að þetta sama viðhorf gildi einnig

um afslætti sem veittir séu í viðskiptum. Ákærði segir að hann telji að almennt gildi framangreint í öllum tegundum viðskipta, heildsölu, smásölu og umboðssölu.

Ákærði kveðst engar athugasemdir gera við framburð ákærðu Gísla og Arnórs né vitnanna nema vitnisins Geirs Geirssonar.

Ákærði segir að það sé rangt hjá vitninu Geir, að það hafi ekki farið gagngert til London að beiðni vitnisins Vals í framhaldi af aðalfundi SÍS 1981. Segir ákærði að vitnið Geir hafi komið til London fyrirvaralaust 9. september 1981 og upplýst að það kæmi að beiðni Vals til að kynna sér gögn varðandi kaffiinnflutning. Ákærði bað vitnið Geir um frest til þess að fá tækifæri til að ræða við ákærða Erlend vegna fyrirhugaðrar könnunar vitnisins Geirs á þessu máli. Ákærði hafði síðan samband við ákærða Erlend í síma. Hann bað ákærða að bera Geir þau boð að hann skyldi skoða gögn varðandi kaffiinnflutning í Reykjavík. Varð þetta til þess, að vitnið Geir framkvæmdi enga skoðun í London í þetta skipti. Ákærði segir að framangreint dæmi sýni að hann hafi haft samráð við ákærða Erlend vegna kaffiinnflutningsins.

Ákærði man ekki hvort jöfnunargjald og verðfallsbætur hafi komið til umræðu á kaffifundinum á Akureyri 1979.

Ákærði man ekki eftir því að hann bæði sérstaklega um vörureikninga með og án frádráttar jöfnunargjalds og verðfallsbóta frá NAF eða seljendunum í Brasilíu.

Ákærði kveðst hafa kynnt sér öll framlögð gögn málsins og hefur engar sérstakar athugasemdir fram að færa við þau.

Ákærði segir að við lestur skýrslu Pouls Mariusar Pedersens hafi rifjast upp fyrir honum að ekki sé ólíklegt að hugmyndin um tvöfaldar faktúrur hafi komið frá IBC í gegnum NAF.

Ákærði Gísli segir í tilefni af framburði vitnisins Geirs Geirssonar að tvöföldu faktúrurnar hafi ekki verið meðal bókhaldsfylgiskjala ársins 1980 sem vitnið var að endurskoða, þar sem hann hafi ekki litið á vörureikninginn með Avisosfrádrættinum sem bókhaldsgagn og hafi það ekki verið fært sem slíkt, heldur lagt í „file" viðkomandi kaffisölufyrirtækis í Brasilíu sem reikningsskilagrein.

Ákærði kannast ekki við að vitnið Geir Magnússon hafi ítrekað mótmælt við sig að Lundúnaskrifstofan tæki vexti í sambandi við kaffiinnflutning af hærri fjárhæð heldur en hún tók að láni vegna hans. Segir ákærði að vitnið Geir hafi aldrei mótmælt vaxtatöku þessari, svo að hann muni. Vill ákærði taka fram að þar sem vitnið Geir stóð að því að kalla heim peningana frá London og vissi að yfirdráttarvextir voru greiddir vegna þess, hafi vitnið verið síðasti maðurinn sem átti að finna að þessari vaxtatöku.

Ákærði hefur haft tækifæri til að kynna sér öll framlögð gögn málsins.

Hann kveðst ekki gera sérstakar athugasemdir við þau, en tekur fram að hann hafi ekki verið í aðstöðu til að staðreyna hinar ýmsu tölur.

Ákærði Arnór kveðst mótmæla því í framburði ákærða Hjalta að hann hafi ekki haft samráð við hann um kaffikaup og heldur fast við fyrri framburð sinn í því efni. Ákærði bætir því við að ákærði Hjalti hafi stundum beðið ákærða um sérstakar upplýsingar í sambandi við kaffiinnkaupin, magn, verð, gæði o.fl., og fékk hann þessar upplýsingar ýmist munnlega eða skriflega. Ákærði ítrekar enn vegna framburðar ákærða Hjalta að hann hafi afhent honum samning NAF við IBC vegna ársins 1981. Ákærði vill koma því á framfæri í sambandi við vitneskju ákærða Hjalta um kaffiviðskipti að hann hafi þegar ákærði byrjaði í Innflutningsdeildinni, þ.e. deildarstjóri í Fóðurvörudeild, sagt honum að hann mætti ekki kaupa kaffi af tilteknum seljanda í Brasilíu vegna slæmrar reynslu af fyrri viðskiptum við hann.

Ákærði gerir engar athugasemdir við framburð ákærðu Sigurðar Árna og Erlends.

Ákærði segir í tilefni af framburði vitnisins Snorra að það sé rangt hjá því að það hafi ekki haft neina vitneskju um kaffikaupin. Til viðbótar þeim samskiptum sem þeir áttu saman þá fékk Snorri í hendur samrit af öllum kaupsamningum við NAF á árinu 1981.

Ákærði kveðst vefengja framburð vitnisins Snorra varðandi greiðslu á jöfnunargjaldi til KA, þ.e. tilboði um slíkt, og vísar í því efni í framburð vitnisins Sigurðar Gils um það hvernig staðið hafi verið að ákvörðun um greiðslu jöfnunargjalds til KA í upphafi ársins 1981.

Ákærði vill ítreka að hann sjálfur hafi hvergi komið nærri ákvörðunum um greiðslur til KA á framangreindu gjaldi, né tekið þátt í fundum eða viðræðum sem leiddu til ákvörðunar um framangreinda greiðslu.

Afstaða ákærðu til umfangs viðskiptanna eins og þeim er tölulega lýst í ákærunni:

Ákærði Erlendur kveðst ekki hafa kynnt sér gögn málsins nægjanlega til að svara því hvort af hans hálfu sé nokkur tölulegur ágreiningur um umfang viðskiptanna eins og þeim er lýst í ákærunni í erlendri mynt eða að þau hafi farið fram á þann veg sem þar er lýst.

Ákærði Hjalti kveðst ekki hafa yfirfarið ákæruna tölulega og telur að hún hljóti að vera rétt að því leyti.

Ákærði Sigurður Árni hefur ekki kynnt sér nægjanlega umfang viðskiptanna eins og þeim er lýst tölulega í ákærunni og getur því hvorki játað né neitað að tölur séu réttar. Hann kveðst ekki vefengja að því sé rétt lýst í ákærunni hvernig viðskiptin fóru fram.

Ákærði Gísli kveðst ekki vefengja að tölulega sé umfang viðskiptanna rétt sett upp í ákærunni, en vill ekkert segja um lýsingu viðskiptanna eins og hún er í ákæru.

Ákærði Arnór gerir ekki athugasemdir við gögn málsins.

Dómkröfur verjenda.

Af hálfu ákærða Arnórs hefur verið gerð sú krafa, að ákærunni verði vísað frá dómi að því er skjólstæðing hans varðar. Til vara gerir verjandinn kröfu um sýknu og er það krafa allra hinna verjendanna.

Niðurstaða um frávísunarkröfu.

Dómurinn lítur svo á að ekki hafi verið sýnt fram á neitt það í málinu, sem eigi að ráða því, að ákærunni verði vísað frá dóminum að því er snertir ákærða Arnór. Er því synjað um að vísa ákærunni frá að því er hann varðar.

Niðurstöður um sök.

A. Fjársvik.

SÍS annaðist á árunum 1979-1981 innflutning á hrákaffi fyrir KA og hafði bæði gert það árum saman áður og eins síðan. Fóru viðskiptin fram á þann veg að KA pantaði hrákaffi hjá innflutningsdeild SÍS — fóðurvörudeild — sem hafði samband við skrifstofu NAF í Kaupmannahöfn vegna samninga NAF við IBC í nafni samvinnufélaganna á Norðurlöndum. Skrifstofa NAF leitaði síðan tilboða í hrákaffikaup frá útflytjendum í Brasilíu. Tilboð um sölu á hrákaffi komu síðan til KA fyrir milligöngu fóðurvörudeildar, og var það KA sem tók á grundvelli upplýsinga frá fóðurvörudeild endanlega afstöðu til þeirra verðtilboða, sem bárust hverju sinni.

SÍS útvegaði síðan fjármagn til þess að greiða kaffisendingarnar. Fór sú fyrirgreiðsla nær eingöngu fram fyrir milligöngu skrifstofu SÍS í London sem á þessum árum heyrði skv. stjórnskipulagi SÍS undir ákærða Erlend, en forstöðumenn hennar voru tveir á því tímabili, sem málið nær yfir, fyrst ákærði Gísli og síðan ákærði Sigurður Árni.

Á árinu 1979 varð offramboð á hrákaffi, og tóku þá að falla til afslættir. Í fyrstu lét SÍS þessa afslætti, sem ekki voru sérlega háir, falla til KA, og báru vörureikningarnir með sér um hve háan afslátt væri að ræða hverju sinni til frádráttar verði hverrar kaffisendingar.

Eftir að afslættirnir fóru að hækka eða seint á árinu 1979 bárust ákærða Gísla boð frá ákærða Sigurði Árna að honum myndu framvegis berast tveir vörureikningar vegna hverrar sendingar og skyldi hann taka lán í banka í London fyrir lægri fjárhæðinni en senda hærri reikninginn í útibú Landsbankans á Akureyri til innheimtu hjá KA. Í framkvæmd rann mismunurinn til SÍS í Reykjavík. Þetta gerði ákærði Gísli og eftir burtför hans frá London ákærði Sigurður Árni. KA voru ennfremur reiknaðir vextir í samræmi við hærri reikningana, enda þótt fjármögnunin í London væri í sam-

ræmi við fjárhæð lægri reikninganna sem raunverulega þurfti að greiða hrákaffisölum hverju sinni. Þá voru umboðslaun SÍS reiknuð af hærri fjárhæðinni og greiddi KA þau.

Leitt hefur verið glögglega í ljós hvernig hrákaffiviðskiptin fóru fram á milli SÍS og KA og er enginn ágreiningur um það efni. Hins vegar þarf að meta eðli viðskiptanna.

Fram er komið að KA greiddi SÍS umboðslaun vegna hrákaffiviðskiptanna. Telst SÍS því hafa borið að gegna umboðsskyldum gagnvart KA. Eðli viðskiptanna breyttist ekki þó að SÍS fjármagnaði hrákaffikaupin, enda gat 3ji aðili annast það að óbreyttu sambandi SÍS og KA. Þá þáði SÍS sérstaka þóknun fyrir þessa þjónustu, og var þessi þjónusta SÍS ekki þess eðlis að nokkru breytti um réttarstöðu aðila.

KA greiddi hrákaffið eftir reikningi frá seljendunum í Brasilíu og víðar, en ekki eftir reikningi frá SÍS. KA sá um innflutninginn að öllu leyti, og máttu stjórnendur fyrirtækisins vera í góðri trú að SÍS gætti hagsmuna KA varðandi hrákaffikaupin. Sú staðreynd að SÍS er nefnt kaupandi á mörgum hinum erlendu vörureikningum breytir ekki samkomulagi SÍS og KA um stöðu fyrirtækjanna í málinu, enda bendir allt til þess að tilviljun hafi ráðið hvort fyrirtækið hinir erlendu seljendur kaffisins hafi talið kaupanda.

Tengsl fyrirtækjanna leystu SÍS ekki undan þeirri skyldu að uppfylla umboðssamninga þeirra á milli, enda hefur SÍS með stofnun hlutafélags um leið undirgengist ákvæði laga og reglugerða um viðskipti tveggja lögaðila.

Það er því mat dómsins að sannað sé að um hafi verið að ræða umboðsviðskipti sem SÍS hafi innt af hendi fyrir KA. Fyrir þetta reiknaði SÍS sér umboðslaun. Ekki voru hrákaffikaupin færð í bækur SÍS sem innkaup og síðan sem bein sala til KA.

Þegar allt framangreint er virt er það mat dómsins að KA hafi borið allur afslátturinn. Þá þykir notkun tveggja vörureikninga og sú leynd sem varð að hvíla yfir viðskiptunum sýna að þeim sem stóðu að þessum gerðum hafi verið ljóst að SÍS ætti ekki óskorað tilkall til afsláttarins. Er því með hliðsjón af öllu þessu sannað að sú háttsemi sem lýst er í I. kafla A ákæruliðunnar séu fjársvik og brot á 248. gr. almennra hegningarlaga, þó með eftirgreindum athugasemdum:

Í ljós hefur komið að verðafslættir og verðfallsbætur, sem samkvæmt ákærunni eru talin nema samtals $ 4.605.129,88, eru samkvæmt réttri samlagningu $ 4.651.068,98.

Í gögnum málsins er ekki að finna nægilega greinargóð fylgiskjöl vegna afslátta í sendingum merktum K 171 '80 að fjárhæð $ 83.661,60, K 172 '80 að fjárhæð $ 12.549,24, K 358 '80 að fjárhæð $ 96.888,00 og K 401 '80 að fjárhæð $ 58.832,40 eða samtals $ 251.931,24. Þykir því bera að

lækka heildarfjárhæð fjársvika um þessa fjárhæð og draga hana frá réttri samlagningartölu hér að framan.

Þá eru vantaldir afslættir í eftirgreindum sendingum: K 455 '80 um $ 7,00, K 540 um $ 30,30, K 239 '81 um $ 30,00 og K 240 '81 um $ 30,00 eða samtals $ 97,30. Við mat á heildarfjárhæð fjársvikanna verður þó miðað við þær tölur í þessum tilvikum sem í ákæru standa. Telst heildarfjárhæð fjársvika því $ 4.399.137,74. Inni í þeirri tölu er upphækkun verðs vegna kaffis sem keypt var eftir öðrum leiðum en aðrar sendingar, enda þótt mismunurinn á þeim tveim reikningum sem gerðir voru vegna þeirra sendinga heiti ekki Avisos eða verðfallsbætur. Er hér um að ræða sendingar merktar K 625 '80 og K 365 '81. Voru þær pantaðar, þar sem yfirvofandi var, að kaffi frá Brasilíu kæmi ekki nægjanlega snemma til landsins. Í þeim tilfellum voru seljendur kaffisins beðnir samkvæmt gögnum málsins að hækka upp verð þeirra reikninga sem sendir yrðu KA til innheimtu.

Ofteknir vextir eru samkvæmt niðurstöðu ákærunnar taldir $ 217.816,20, en samkvæmt samlagningu reyndust þeir vera $ 206.149,55. Þá er sending K 358 '80 talin hafa leitt til oftekinna vaxta í innheimtu, þótt svo hafi ekki verið, en sending K 455 '80 er talin ranglega án vaxtamismunar um sömu fjárhæð. Er hér um augljósa villu að ræða, og þykir samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 mega leiðrétta þetta. Verða því ofteknir vextir taldir nema $ 206.149,55.

B. Skjalafals og gjaldeyrislagabrot.

Þessi kafli ákærunnar fjallar um skjalafals, en samkvæmt honum er útgáfa tveggja mismunandi reikninga fyrir sömu hrákaffikaupum talin fölsun, svo og notkun þeirra í blekkingarskyni í viðskiptum við forsvarsmenn KA og gjaldeyrisyfirvöld hér á landi.

Ljóst er að báðir reikningarnir eru gefnir út hverju sinni af sama aðila, og er efni þeirra ekki breytt síðar. Verður af þessari ástæðu að hafna því að um skjalafals sé að ræða. Ber því að sýkna af skjalafalsi og þar með af broti á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og hlutdeild í því, sbr. sömu lagagrein, sbr. 22. gr. sömu laga.

Að því er snertir varakröfu ákæruvaldsins, að notkun reikninganna eins og henni er lýst í þessum kafla ákærunnar sé brot á 158. gr. almennra hegningarlaga, er á það að líta að samkvæmt umræddri lagagrein þarf maður að tilgreina eitthvað ranglega í blekkingarskyni svo að um refsiverða háttsemi sé að ræða, en ekki er hægt að fallast á að ranglega séu tilgreindar upplýsingar á reikningunum. Reikningar vegna hrákaffisendinganna nr. K 625 '80 og K 365 '81 voru hins vegar hækkaðir sannanlega að beiðni SÍS, að mati dómsins í blekkingarskyni við KA. Notkun hærri reikninganna vegna þessara tveggja sendinga telst vera brot á 158. gr. almennra hegn-

ingarlaga, en að öðru leyti þykir ekki vera um brot á 158. gr. að ræða samkvæmt þessum kafla ákærunnar og ber að sýkna af broti á þeirri lagagrein með framangreindum tveim undantekningum.

Þá þykir notkun hærri reikninganna hafa leitt til þess að fyrir gjaldeyrisyfirvöld voru lagðir fram af hálfu KA rangir reikningar vegna gjaldeyrisþarfa til kaupanna. Eru þessar röngu upplýsingar við gjaldeyrisyfirvöld brot á 17. gr. laga nr. 63, 1979, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 519, 1979 um sama efni. Hins vegar verður að telja að hin ranga skýrslugjöf ein sér hefði ekki leitt til þyngri refsingar en sekta. Er því sök fyrnd samkvæmt 1. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga og var þegar á árinu 1983.

Refsiábyrgð ákærðu.

Ákærði Erlendur.

Ákærði Erlendur var forstjóri SÍS á umræddu tímabili, en fyrirtækið er eitt stærsta fyrirtæki landsins með fjölbreytta starfsemi sem skiptist í margar deildir, m.a. innflutningsdeild með umfangsmiklum innflutningi. Eru fyrir hverri deild deildarstjórar sem sjá um daglegan rekstur, og má af þessu ályktа að einstök atriði í daglegum rekstri hafi ekki verið borin undir forstjóra.

Þrátt fyrir framangreint þykir sú fullyrðing ákærða Erlends afar ósennileg að hann hafi ekki vitað hvernig staðið var að hrákaffiinnflutningnum, tveim settum reikninga og miklum afslætti sem gefinn var vegna viðskiptanna og leynt fyrir kaffibrennslunni. Var hér um að ræða óvanalega aðferð og afsláttur inn auk þess óvenju mikill. Þá var hér um mikil innkaup að ræða þótt ekki hafi verið um stærsta innflutningsflokkinn að ræða hjá fyrirtækinu. Verður að telja að aðferðin við að halda afslættinum leyndum hafi verið með þeim hætti að hún hafi komið frá æðra settum aðilum í fyrirtækinu en þeim, sem stóðu að framkvæmdinni, en yfirmaður þeirra allra, nema ákærða Gísla, var ákærði Hjalti og ákærði yfirmaður hans. Enginn annarra ákærðu né vitni hafa hins vegar borið um það svo óyggjandi sé að um bein eða óbein afskipti hafi verið að ræða af hálfu ákærða við framkvæmdina eins og hún fór fram og lýst er í ákærunni sem refsiverðri. Verður því ekki á slíku byggt um vitneskju ákærða um afslættina né fyrirmæli frá honum um framkvæmdina. Hins vegar hefur ákærði viðurkennt að hafa á árinu 1981 átt hlut að því að greiða Dráttarvélum hf. ₺20.000.000 g.kr. af hagnaði Lundúnaskrifstofunnar. Hann kveðst hins vegar ekki hafa hugað að því sérstaklega hvernig hagnaðurinn hafi verið til kominn. Þessi fullyrðing ákærða, sem ekki er hægt að sýna fram á að sé röng, getur þó ekki talist trúverðug þegar á það er litið um hversu mikla fjárhæð var að ræða. Þá þykja viðbrögð ákærða í maí 1981 fyrir aðalfund SÍS, þegar upplýst var um afsláttinn og meðferð hans, ekki til þess fallin

að styrkja framburð hans að öðru leyti. Loks var ákærði í stjórn NAF á umræddu tímabili og sat fundi, m.a. í Brasilíu, þar sem rætt var um kaffimál og afslætti.

Þegar allt er virt sem nú var rakið þykir þrátt fyrir það gegn neitun ákærða ekki alveg nægjanlegum stoðum skotið undir lögfulla sönnun fyrir sök ákærða. Verður ákærði að njóta þessa vafa og ber því að sýkna ákærða af því sem honum er gefið að sök í ákærunni og refsivert er talið.

Ákærði Hjalti.

Bæði ákærði Sigurður Árni og Arnór hafa borið, svo og vitnin Sigurður Gils og Snorri, að ákærði Hjalti hafi fylgst með og tekið ákvarðanir vegna hrákaffikaupanna og framkvæmd þeirra, þ. á m. notkun vörureikninganna, á þann veg sem í ákærunni greinir. Vegna stöðu sinnar sem æðsti yfirmaður innflutningsdeildar og framburðar áðurgreindra aðila um vitneskju ákærða um viðskiptin við kaffibrennsluna og framkvæmd þeirra telur dómurinn sannað, þrátt fyrir neitun ákærða Hjalta, að það hafi verið hann sem átti hlut að því að leggja á ráðin um það hvernig að viðskiptunum skyldi staðið. Varðar þetta notkun tvennskonar vörureikninga, launung á hinum mikla afslætti og óhóflegar vaxtatökur. Þessi háttsemi leiddi til þess að SÍS náði undir sig afsláttunum og vöxtunum og að gjaldeyrisyfirvöldum voru sendir vörureikningar vegna gjaldeyriskaupa vegna hverrar sendingar sem voru hærri en raunverulegri gjaldeyrisþörf nam. Þá telst ákærði ábyrgur samkvæmt framansögðu fyrir þeim blekkingum, sem beitt var vegna sendinga K 625/80 og K 365/81. Hefur ákærði með þessu brotið gegn 248. gr. og 158. gr. almennra hegningarlaga og 17. gr. laga nr. 63, 1979, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 519, 1979.

Ákærði Sigurður Árni.

Með játningu ákærða Sigurðar Árna, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að hann hafi átt hlutdeild í framangreindum fjársvika-, skjalafals- og gjaldeyrisbrotum. Skiptir eigi máli í því sambandi sá framburður ákærða að hann hafi talið að SÍS bæri afsláttur-inn. Hér var um svo óvanalega viðskiptahætti að ræða að ákærða mátti ekki dyljast að hér hlaut að vera um að ræða refsiverða háttsemi. Sök ákærða að því er snertir sendingar K 625/80 og K 365/81 nær þó eingöngu til hinnar fyrri. Varða brot ákærða við sömu lagagreinar og brot ákærða Hjalta, allt sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Gísli.

Ákærði Gísli fékk senda til London tvo vörureikninga vegna hverrar kaffisendingar og hafði fyrirmæli um það frá ákærða Sigurði Árna að inn-

heimta ætti eftir hinum hærri hjá KA. Við samanburð á reikningunum gat ákærða ekki dulist að hér var ekki um eðlileg viðskipti að ræða. Samt sá ákærði ekki ástæðu til þess að ræða þetta við yfirmann sinn ákærða Erlend né ákærða Hjalta sem yfirmann innflutningsdeildar, heldur stóð ákærði að sendingu reikninganna samkvæmt áðurgreindum fyrirmælum. Þá reiknaði ákærði KA vexti í samræmi við hærri reikningana en ekki hina lægri. Er ekki ljóst hvaðan þau fyrirmæli komu, en telja verður að þessi framkvæmd hafi verið óhjákvæmileg vegna hinnar fyrri. Þá leiddu þessar gerðir ákærða til þess að skýrslur urðu rangar hverju sinni um raunverulega gjaldeyrisþörf vegna hverrar hrákaffisendingar. Samkvæmt framansögðu verður að telja ákærða Gísla sekan um hlutdeild í fjársvikum og gjaldeyrisbrotum á árunum 1979-1980, en sýkna ber hann af broti á 158. gr. almennra hegningarlaga þar sem hann hafði engin afskipti af sendingu K 625/80. Varðar brot ákærða Gísla við 248. gr. almennra hegningarlaga og 17. gr. laga nr. 63, 1979, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 519, 1979, allt sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Arnór.

Ákærði Arnór tók við starfi ákærða Sigurðar Árna í ársbyrjun 1981. Var þá búið að nota tvö sett af vörureikningum allt frá árinu 1979 og viðhalda leynd gagnvart KA allan þann tíma. Ákærði stóð því að þessu leyti frammi fyrir gerðum hlut. Hann stóð þó að því að viðhalda þessu áfram. Eftir að ákærði Arnór tók við starfi deildarstjóra í fóðurvörudeild var þó farið að greiða hluta af afslættinum til KA. Mátti þá forráðamönnum KA vera ljóst að til voru að falla afslættir. Aðgerðaleysi þeirra í því að fá upplýst hversu mikill þessi afsláttur væri og hefði verið breytir ekki því að leyndin um raunverulegar fjárhæðir afsláttarins var enn fyrir hendi þar til síðar. Þá hafði ákærði afskipti af reikningagerðinni vegna sendingar K 365/81. Ennfremur var á árinu 1981 haldið áfram að senda gjaldeyrisyfirvöldum skýrslur á grundvelli hærri reikninganna. Samkvæmt framansögðu verður ákærði Arnór sakfelldur fyrir hlutdeild í fjársvika-, skjalafals- og gjaldeyrisbrotum á árinu 1981. Varðar þessi háttsemi hans við 248. gr. og 158. gr. almennra hegningarlaga og 17. gr. laga nr. 63, 1979, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 519, 1979, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hefur enginn þeirra áður sætt refsingum, sem skipta máli í sambandi við úrlausn þessa máls.

Refsingar.

Við ákvörðun refsinga ákærðu verður höfð hliðsjón af því til þyngingar

að ákærðu stóðu saman að ólögmætri háttsemi sem leiddi til fjársvika, sem skiptu háum fjárhæðum, og að þau voru kerfisbundin og stóðu yfir í rúm tvö ár. Þá hefðu þessi svik ekki tekist nema með samvinnu fleiri aðila en eins. Þá er það refsingu ákærða Hjalta til þyngingar að telja verður sannað að vegna stöðu sinnar hafi hann átt upptökin að þeirri háttsemi, sem leiddi til fjársvikanna og gjaldeyrislagabrotanna og í tveim tilvikum til brota á 158. gr. almennra hegningarlaga. Þá er það einnig refsingu ákærða Sigurðar til þyngingar að hann stóð að brotastarfseminni allan tímann sem hún stóð yfir.

Það verður talið ákærðu öllum til mildunar að enginn þeirra hafði sjálfur neinn persónulegan ávinning af brotunum svo að kunnugt sé. Þá verður það talið ákærðu Sigurði Árna, Gísla og Arnóri til mildunar að þeir voru undirmenn og tóku við fyrirskipunum frá æðra settum aðila í fyrirtækinu. Áttu þeir stöðu sinnar vegna í fyrirtækinu erfitt um vik að standa á móti framkvæmdinni eins og hún varð, svo og má segja að ákærði Arnór hafi staðið frammi fyrir hlut sem viðgengist hafði um langan tíma. Loks er það öllum ákærðu til mildunar að enginn þeirra hefur áður gerst brotlegur við hegningarlög svo að kunnugt sé.

Vegna fyrningar sakar verður ákærðu ekki refsað fyrir brot á lögum nr. 63, 1979 og reglugerð nr. 519/1979.

Refsing ákærða Hjalta þykir hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði, ákærða Sigurðar Árna fangelsi 7 mánuði, ákærða Gísla fangelsi 3 mánuði og ákærða Arnórs fangelsi 2 mánuði.

Með hliðsjón af því sem rakið var hér að framan til mildunar refsingum ákærðu, þykir mega ákveða að fresta skuli fullnustu refsinga ákærðu Sigurðar Árna, Gísla og Arnórs og 9 mánaða af refsingu ákærða Hjalta, og skulu þær niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hver um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma um sakarkostnað samkvæmt 140. gr. og 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Erlends, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Hjalti, Sigurður Árni, Gísli og Arnór skulu hver um sig greiða skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Guðmundi Ingva Sigurðssyni, Eiríki Tómassyni, Erni Clausen og Ragnari Aðalsteinssyni, 200.000 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ríkissjóður að 1/5 hluta, en ákærðu aðrir en ákærði Erlendur óskipt að 4/5 hlutum, þar með talin saksóknarlaun, 200.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði Erlendur Einarsson er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Hjalti Pálsson sæti fangelsi í 12 mánuði, ákærði Sigurður Árni Sigurðsson sæti fangelsi í 7 mánuði, ákærði Gísli Theodórsson sæti fangelsi í 3 mánuði og ákærði Arnór Valgeirsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu Sigurðar Árna, Gísla og Arnórs og 9 mánaða af refsingu ákærða Hjalta. Skulu þær niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hver um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Erlends, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Hjalti, Sigurður Árni, Gísli og Arnór greiði hver um sig skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Guðmundi Ingva Sigurðssyni, Eiríki Tómassyni, Erni Clausen og Ragnari Aðalsteinssyni, 200.000 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu aðrir en ákærði Erlendur óskipt að 4/5 hlutum, en ríkissjóður að 1/5 hluta, þar með talin saksóknarlaun, 200.000 krónur, sem renni í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 253/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Bergsveini Þórarinssyni
(Sveinn Snorrason hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari, og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 22. júlí 1987 og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar. Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þau breyta ekki því sem áður er fram komið.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er varðar sök ákærða. Brot hans varðar við 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. og 2. mgr., staflið e, 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem dæma ber eftir, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá varðar brot hans við 215. gr. l. nr. 19/1940.

Eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi gekkst ákærði 4. júní 1986 undir sekt með dómsátt í sakadómi Kópavogs fyrir brot á 50. gr. þágildandi umferðarlaga, 37. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Brot þetta var framið þann 7. mars 1986. Slys það er hér er til meðferðar varð þann 25. mars 1986. Samkvæmt 100. gr. l. nr. 50/1987, sbr. 78. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hans hæfilega ákveðin sem hegningarauki 60.000,00 króna sekt til ríkissjóðs sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði 20 daga varðhaldi.

Ákærði hefur þegar tekið út sex mánaða ökuleyfissviptingu.

Með heimild í 101. gr. laga nr. 50/1987 ber að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið í sex mánuði til viðbótar þeirri sviptingu sem honum var gerð í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma

ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Bergsveinn Þórarinsson, greiði 60.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella 25 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur rétti til að aka bifreið í sex mánuði til viðbótar frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 12. júní 1987.

Mál þetta sem dómtekið var þann 25. maí sl. er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dags. 13. október 1986 „á hendur Bergsveini Þórarinssyni kerfisfræðingi, Álfhólsvegi 151, Kópavogi, fæddum í Reykjavík 2. september 1957, fyrir að aka, um kl. 23:00 þriðjudagskvöldið 25. mars 1986, bifreiðinni Y-4774 án nægilegrar aðgæslu í myrkri en við góða götulýsingu með allt að 70 kílómetra hraða á klukkustund vestur Álfhólsveg í Kópavogi með þeim afleiðingum, að Anna Kristín Daníelsdóttir, Langholtsvegi 148, Reykjavík, sem gekk eða hljóp norður yfir Álfhólsveg á móts við hús nr. 10 A og 12, varð fyrir bifreiðinni. Hlaut Anna Kristín mikla áverka á höfði og á brjóstholi, sem leiddu hana samstundis til dauða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. og 3. mgr., staflið b, 49. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976 og lög nr. 16, 1977 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna."

Málavextir.

Með vísan til framburðar ákærða og vitna svo og annarra gagna málsins eru málavextir þeir að um kl. 23:00 þriðjudagskvöldið 25. mars 1986 var lögreglan í Kópavogi kvödd að Álfhólsvegi 10 A hér í bæ en þar hafði

Anna Kristín Daníelsdóttir, f. 12. júlí 1966, orðið fyrir bifreið og lá hún rænulaus á götunni. Ökumaður bifreiðarinnar sem stúlkan varð fyrir var Bergsveinn Þórarinsson, ákærði í máli þessu. Stúlkan var flutt á slysadeild Borgarspítalans en er þangað kom var hún látin.

Lögreglan gerði uppdrátt af vettvangi og tók ljósmyndir. Í skýrslu lögreglunnar kemur fram að myrkur hafi verið en lýsing góð, vegur malbikaður, sléttur og þurr. Hemlaför mældust 24 metrar frá þeim stað sem þau byrjuðu að afturenda bifreiðarinnar. Í skýrslu lögreglunnar kemur fram að hemlaför hafi verið dauf fyrstu metrana en síðan skörp nema á 1-2ja metra kafla um 12 metrum aftan við bifreiðina en þar hafi þau rofnað. Þeir lögreglumenn sem unnu að rannsókn málsins hafa allir komið fyrir dóminn og staðfest skýrslur, uppdrætti og ljósmyndir og hafa þar að auki gefið nánari skýringar á þeim atriðum sem gætu skipt máli.

Ákærði hefur skýrt svo frá að hann hafi ekið vestur Álfhólsveg umrætt kvöld en hann hafi verið að koma úr Engihjalla. Aksturskilyrði hafi verið góð, myrkur en heiðskírt, tungl fullt og umferð hafi verið mjög lítil. Ákærði gat ekki sagt til um það á hve miklum hraða hann ók, en hann kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn. Ekkert sérstakt hafi vakið athygli hans fyrr en mjög skyndilega þegar hann varð var við eitthvað fyrir framan vinstra horn bifreiðarinnar. Hann kveðst strax hafa stigið á hemla og hafi hann þá séð eða fremur fundið að eitthvað féll niður undir bifreiðina. Þetta hafi gerst mjög snöggt og kvaðst hann ekki hafa áttað sig á því fyrr en eftir á að þarna var manneskja á ferð. Ákærði segist hafa verið vel upplagður, afslappaður og ekkert að flýta sér. Hann hafi verið með athyglina fullkomlega við aksturinn og ekki hafi hann veitt neinu sérstöku athygli fyrr en rétt um það leyti sem slysið varð. Ekki mundi hann eftir bifreið úr gagnstæðri átt. Honum virtist manneskjan sem þarna var á ferð hafi hallað sér fram. Hann kvaðst aldrei hafa séð fætur hennar heldur aðeins efri hluta líkamans. Hann hafi ekki séð hana fyrir framan bifreiðina heldur framundan og aðeins til vinstri hliðar við sig.

Ekki er vitað um önnur vitni að slysi þessu en þær Aðalheiði Guðgeirsdóttur, Norðurvangi 23 í Hafnarfirði, og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Sléttahrauni 34 í sama bæ, en Anna Kristín hafði verið með þeim í bifreið er Aðalheiður ók skömmu áður en slysið varð.

Hanna Birna hefur skýrt svo frá að þær vinkonurnar hafi verið að koma frá spákonu og voru að skila Önnu Kristínu heim en hún hafði dvalarstað að Álfhólsvegi 21. Vitnið kvaðst hafa skipt um sæti og farið fram í bifreiðina þegar Anna Kristín fór út úr henni. Vitnið taldi sig hafa sest inn í bifreiðina um sama leyti sem Anna Kristín gekk frá bifreiðinni eða aftur fyrir hana. Ekki kvaðst vitnið hafa fylgst frekar með ferðum Önnu Kristínar fyrr en eftir að Aðalheiður hafði ekið af stað en þá leit vitnið aftur og

sá föt Önnu Kristínar þeytast upp í loftið. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð bifreið ákærða fyrr en eftir slysið.

Aðalheiður Guðgeirsdóttir hefur skýrt svo frá að hún hafi stöðvað bifreiðina á móts við Álfhólsveg 21 en þar hafi Anna Kristín farið út úr bifreiðinni. Hún hafi tekið dót sitt með sér sem hún hafði í plastpoka. Þegar vitnið hafði ekið u.þ.b. eina til tvær bíllengdir hafi Hanna Birna litið til baka og hrópað eitthvað um Önnu. Vitnið kvaðst hafa litið til baka og séð plastpoka og eitthvert fatadót þeytast í loftinu. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa stöðvað bifreiðina eða á móts við hús nr. 14. Ekki tók vitnið eftir bifreið ákærða er henni var ekið um Álfhólsveginn.

Vitnið Hlynur Jörundsson, Framnesvegi 17 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá að hann hafi séð bifreið ákærða og kannast við hana, er bifreiðinni var ekið vestur Álfhólsveg um það leyti sem vitnið opnaði útidyrahurð á húsinu nr. 14 við Álfhólsveg fyrir móður sinni. Eftir að vitnið hafði lokað útidyrunum heyrði það högghljóð. Vitnið segist hafa hlaupið að eldhúsglugga og litið út en síðan hafi það farið út og séð þá bifreið stúlknanna um það leyti sem hún nam staðar fyrir utan Álfhólsveg 14. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt á hve miklum hraða ákærði ók framhjá Álfhólsvegi 14 en þó taldi vitnið að hraðinn hefði ekki verið mikill, e.t.v. 30-40 km á klukkustund miðað við þann tíma sem leið frá því hann ók hjá og þar til vitnið heyrði högghljóðið svo og miðað við þann hraða sem vitninu virtist vera á bifreiðinni er það sá hana aka hjá.

Samkvæmt skýrslu bifreiðaeftirlits ríkisins sem lögð hefur verið fram í málinu kemur fram að bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina Y-4774 þann 26. mars 1986 og reyndist bifreiðin í lagi. Einnig kemur þar fram að bifreiðin var hemlaprófuð á 60 og 80 km hraða.

Dómarinn hefur óskað eftir sérfræðiáliti Jóns Baldurs Þorbjörnssonar bílaverkfræðings á því hvort hægt væri að ákvarða með vissu hraða bifreiðarinnar Y-4774 er ákærði ók henni um Álfhólsveg þriðjudagskvöldið 25. mars 1986.

Í staðfestri álitsgerð verkfræðingsins, sem dagsett er 23. mars sl., kemur fram að samkvæmt gögnum málsins hafi hemlar bifreiðarinnar verið í fullkomnu lagi og hemlun jöfn á öllum hjólum er slysið bar að höndum. Ljósmyndir sýni að yfirborð götu hafi verið þurrt og hreint og eins gripgott og hugsast getur. Í niðurstöðu álitsgerðarinnar er talið að með því að gera ráð fyrir framangreindum aðstæðum þá hafi hraði bifreiðarinnar Y-4774, áður en slysið varð umrætt kvöld, ekki verið undir 69,5 km/klst.

Lögð hafa verið fram í málinu 2 vottorð frá Veðurstofu Íslands um veðurfar þann 25. mars 1986. Samkvæmt þeim var bjart sólskin allan daginn en kólnaði með kvöldinu. Hiti var +4.4° um hádegi en +6.3° kl. 21.

Þá hefur verið lögð fram skýrsla prófessors Gunnlaugs Geirssonar um réttarkrufningu og er ályktun þar svohljóðandi: „Anna Kristín Daníelsdóttir lést af völdum áverka, sem hún hlaut er bifreið ók á hana. Mestir áverkar voru á höfði, s.s. höfuðkúpubrot, blæðingar umhverfis heilann og brot á efsta hálslið. Auk þess voru miklir áverkar á brjósthol með blæðingum í holrúm líkamans, svo og rifur í milta og lifur með blóði í kviðarholi."

— — —

Niðurstöður.

Með vísan til þeirra gagna sem fyrir liggja í málinu þykir sannað að Anna Kristín Daníelsdóttir varð fyrir bifreiðinni Y-4774 er ákærði ók henni um Álfhólsveg að kvöldi 25. mars 1986. Samkvæmt framburði ákærða varð hann ekki var við stúlkuna fyrr en örskammri stundu áður en hún lenti fyrir bifreiðinni eða féll undir hana. Með hemlaförum, sem mældust 24 m, svo og með vísan til álitsgerðar Jóns Baldurs Þorbjarnarsonar þykir sannað að ákærði hefur ekið bifreiðinni með allt að 70 km hraða á klukkustund er hann ók um Álfhólsveg skömmu fyrir slysið. Telja verður að þessi hraði á bifreiðinni hafi enn frekar en ella valdið hinum alvarlegu áverkum sem lýst er í skýrslu Gunnlaugs Geirssonar og leiddu stúlkuna til dauða. Einnig verður að telja að of mikill hraði og aðgæsluleysi ákærða hafi átt sinn þátt í að ákærða gafst ekki ráðrúm til að bregðast við för stúlkunnar yfir götuna með viðeigandi hætti en taka ber þó tillit til þess að stúlkan virðist ekki hafa sýnt næga aðgæslu er hún fór yfir götuna. Háttsemi ákærða þykir rétt lýst í ákæru og brotin réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur þann 4. júní 1986 gengist undir sektargreiðslu með dómsátt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga framið 7. mars 1986.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt þeim refsilagaákvæðum sem ákært er fyrir varðhald í 45 daga en rétt þykir þó með vísan til málavaxta að fresta fullnustu refsingar og að hún falli niður að 3 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þess lagaákvæðis sem þar er vitnað til að svipta ákærða ökuréttindum og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 6 mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna Sveins Snorrasonar hrl. sem þykja hæfilega ákveðin kr. 45.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Bergsveinn Þórarinsson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Sveins Snorrasonar hrl., kr. 45.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 36/1988. **Jörundur Bjarnason**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Rækjuveri hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. febrúar sl. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða 95.574,44 krónur með árlegum dráttarvöxtum svo sem hér greinir: 30% frá 1. maí 1987 til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á.,

44,4% frá þeim degi til 14. júní s.á. og loks með árlegum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur, en aðilar deila um túlkun 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fallið frá þeirri málsástæðu, að 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga eigi ekki við um skipstjóra.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi var áfrýjanda sagt upp starfi sínu sem skipstjóra á Sæunni BA-13 með uppsagnarbréfi 5. janúar 1987. Í bréfinu var tekið fram, að honum væri sagt upp starfi með þriggja mánaða fyrirvara, og var ástæða uppsagnarinnar fyrirhuguð sala skipsins. Fékk áfrýjandi síðan greidd laun til 28. febrúar 1987, er greiðslur voru stöðvaðar. Heldur stefndi því fram, að samkvæmt 3. mgr., sbr. 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga eigi áfrýjandi aðeins að fá greidd laun í 6 vikur, þegar skip er selt öðrum innlendum útgerðarmanni. Hér sé um sérreglu að ræða, sem gangi framar 44. gr. sjómannalaga, sem kveður á um þriggja mánaða uppsagnarfrest skipstjóra.

Með uppsagnarbréfi sínu 5. janúar 1987, sem kvað á um þriggja mánaða uppsagnarfrest, skuldbatt stefndi sig til að greiða áfrýjanda laun í þrjá mánuði. Þótt skoðuð séu ákvæði sjómannalaga, verður ekki talið, að útgerðarmaður geti með stoð í 2. og 3. mgr. 22. gr. þeirra vikið skipverja úr starfi með sex vikna uppsagnarfresti. Framangreindum ákvæðum er skipað í þann kafla laganna (II. kafla 3), sem ber heitið „Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi", og verður að telja, að nýmæli þessi feli í sér kjarabætur sjómönnum til handa. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, ef skip er selt öðrum innlendum útgerðarmanni, og á hann þá rétt á kaupi í sex vikur, nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími, sbr. 3. mgr. Í 2. mgr. segir jafnframt, að skipverji verði að segja skiprúmi sínu lausu þegar eftir að hann fær vitneskju um söluna. Í máli því, sem hér um ræðir, sagði áfrýjandi ekki upp starfi sínu heldur var honum sagt upp af hálfu útgerðarinnar. Hinn sérstaki uppsagnarfrestur 3.

mgr. 22. gr. sjómannalaga á því ekki við hér, og á áfrýjandi rétt á launum í fulla þrjá mánuði frá uppsögn. Ber því að taka kröfur áfrýjanda til greina að fullu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilegur 80.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Rækjuver hf., greiði áfrýjanda, Jörundi Bjarnasyni, 95.574,44 krónur með árlegum dráttarvöxtum svo sem hér segir: 30% frá 1. maí 1987 til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 14. júní s.á. og með árlegum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 80.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. desember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 30. nóvember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 25. maí 1987 af Jörundi Bjarnasyni skipstjóra, nnr. 5432-9652, Arnarbakka 1, Bíldudal, gegn Rækjuveri hf., Bíldudal, nnr. 7444-6582.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld að fjárhæð kr. 95.574,44 ásamt 30% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí 1987 til 1. júní 1987, 33,6% frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% frá þeim degi til 1. september 1987, 42% frá þeim degi til 1. október 1987, 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 45,6% frá þeim degi til 1. desember 1987 og með dráttarvöxtum á ári samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 30% söluskatts samkvæmt lögum þar um.

Dómkröfur stefnda eru að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið skipstjóri á Sæunni BA-13, eign stefnda, þar til þann 5. janúar 1987, er honum hafi verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, eins og fram komi í uppsagnarbréfi dags. þann dag. Ástæða uppsagnarinnar hafi verið sögð sú að fyrirhugað væri að selja Sæunni BA-13. Stefnandi hafi síðan fengið greidd laun í uppsagnarfresti til 28. febrúar 1987, en þá hafi greiðslur verið stöðvaðar. Hann hafi þegar gert kröfu um að fá laun sín í uppsagnarfresti greidd áfram, allt til loka hans þann 5. apríl 1987, en því hafi verið hafnað af hálfu stefnda. Í ljós hafi komið að afstaða Landssambands íslenskra útvegsmanna fyrir hönd stefnda væri að uppsagnarfrestur stefnanda sé aðeins 6 vikur þar sem skipið hafi verið selt, og hafi um þetta verið vísað til 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þar sem stefnandi hafi alls ekki verið sáttur við túlkun LÍÚ fyrir hönd stefnda á þessu ákvæði sjómannalaga hafi hann höfðað mál þetta til heimtu eftirstöðva launa í uppsagnarfresti. Krafan sundurliðist í aflahlut í mars 1987 kr. 83.901,00, kauptryggingu 1. apríl til 5. apríl kr. 10.384,67, fast kaup sama tíma kr. 211,17 og orlof sama tíma kr. 1.077,60 eða samtals kr. 95.574,44 og sé í málinu ekki deilt um fjárhæðir heldur lögskýringu.

Stefnandi kveður ágreiningsefni aðila snúast um það hvort 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 eigi við í máli þessu eða ekki. Stefnandi byggi sína kröfu á 2. mgr. 9. gr. laganna, sem kveði á um að uppsagnarfrestur yfirmanna sé 3 mánuðir. Hann geri því kröfu um laun í 3 mánuði, enda hafi hann ekki haft kaup hjá öðrum á hinu umdeilda tímabili. Stefnandi haldi því fram að kafli II.3 í lögunum eigi ekki við um skipstjóra, og þar með ekki 22. gr., sem standi í þessum kafla. Sérstakur kafli laganna, nr. II.8, fjalli um skipstjóra og ráðningarsamninga þeirra, og önnur ákvæði laganna komi þar til fyllingar og skýringar. Sé hins vegar litið til 1.-3. mgr. 45. gr. laganna komi í ljós, að þar fari tæmandi ákvæði um brottvikningu skipstjóra. Því verði að líta svo á að 22. gr. geti aðeins átt við um aðra skipverja.

Verði ekki á þetta fallist bendi stefnandi á að ekkert sé í ljós leitt af stefnda hálfu að 2. mgr. 22. gr. laganna eigi við í þessu máli, og því sé alfarið mótmælt af stefnanda. Ákvæðið, sbr. 3. mgr. 22. gr., geti samkvæmt orðalagi sínu aðeins átt við ef skipverji segir sjálfur upp störfum

af þar til greindum ástæðum. Í greinargerð með lagafrumvarpinu segi að í kafla þessum sé gert ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum „sem fela í sér kjarabætur handa sjómönnum". Í 2. mgr. laganna sé því verið að stytta vinnuskyldu niður í 6 vikur, og í 3. mgr. sé sett sérregla ef sjómenn nýta sér þennan rétt skv. 2. mgr. Þetta hljóti að vera nýmælin, sem nefnd séu í greinargerðinni, og þess vegna sé öllum hugleiðingum stefnda um að þetta nýmæli mæli einnig fyrir um rétt til handa útgerðarmanni mótmælt sem röngum og órökstuddum.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í 22. gr. laganna nr. 35/1987 komi fram nýmæli, sem mæli fyrir um að þegar skip sé selt þá gildi hálfur uppsagnarfrestur yfirmanna, sex vikur. Þetta eigi sér nokkra sögu. Í 40. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 hafi verið í 1. mgr. sambærilegt ákvæði við 1. mgr. 22. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. 40. gr. laga nr. 41/1930 hafi hins vegar verið ákvæði um að skipverja væri ekki heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu eða skipti á útgerðarmanni. Með sjómannalögum nr. 67/1963 hafi þessu ákvæði verið breytt á þann veg, að síðasti málsliðurinn, „eða skipti verði á útgerðarmanni", var felldur burtu. Með þessari breytingu hafi löggjafinn ætlast til þess að um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skipt er um útgerðarmann, fari eftir almennum réttarreglum um aðilaskipti að starfssamningum. Ákvæðið hafi verið túlkað þannig í dómum, að talið var jafngilda fyrirvaralausri brottvikningu skipverja, ef skip sem hann starfaði á var selt öðrum útgerðarmanni, og skipverjanum hafi verið dæmdur fullur kaupréttur. Annars staðar á Norðurlöndum hafi hins vegar enginn kaupréttur gilt í slíkum tilvikum.

Við endurskoðun laganna frá 1963 hafi fulltrúi útgerðarmanna í Siglinganefnd lagt fram tillögu til breytingar þess efnis, að seldi útgerðarmaður skip sitt þá þyrfti hann ekki að greiða yfirmanni skips nema hálfan uppsagnarfrestinn, þ.e. laun í einn og hálfan mánuð. Rökin hafi verið þau, að samkvæmt ákvæði í dönsku sjómannalögunum ætti skipverji engan rétt á kaupi þegar skip er selt. Honum væri eingöngu heimilt að neita áframhaldandi starfi á skipinu hjá hinum nýja útgerðarmanni án kaupréttar. Á hinn bóginn fengi yfirmaður greiddan hér á landi fullan uppsagnarfrestinn, jafnvel þótt hann gengi beint inn í annað starf og gæti hugsanlega verið á tvöföldum launum næstu þrjá mánuði. Á þessa tillögu hafi verið fallist, og komi niðurstaða nefndarinnar fram í 2. og 3. mgr. 22. gr. nýju laganna. Þessi ákvæði beri með sér skýrum orðum, að þegar skip sé selt sé útgerðarmanni aðeins skylt að greiða hálfan venjulegan uppsagnarfrest. Í greinargerð með 3. mgr. 22. gr. segi:

„Ákvæði þetta er nýmæli, sem felur í sér sérstaka reglu um greiðslu launa á uppsagnartíma, þó ekki lengur en 6 vikur. Reglan byggir á gagnkvæmum sanngirnissjónarmiðum."

Orð þessi taki af öll tvímæli um að farin hafi verið millileið miðað við danska ákvæðið og það íslenska þegar skip er selt og því skylt að greiða hálfan uppsagnarfrest. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sé skipverja ekki skylt að halda áfram starfi á skipi eftir að skipið er selt, og geri greinin ráð fyrir að skipverjinn tilkynni hinum nýja eiganda afstöðu sína hvort hann vill halda áfram eða ekki. Frumkvæðið sé því í höndum skipverjans þegar skip er selt, en hvorki hjá seljanda né kaupanda skips. Vilji skipverjinn ekki halda áfram á hann rétt á hálfum uppsagnarfresti, þ.e. launum í einn og hálfan mánuð. Vegna ókunnugleika hafi stefndi tilgreint uppsagnarfrest 3 mánuði og greitt stefnanda laun í tvo mánuði, tveimur vikum of mikið, og krefjist því sýknu.

Varðandi þá málsástæðu stefnanda að 22. gr. sjómannalaganna eigi ekki við um skipstjórann, heldur eingöngu aðra skipverja, bendir stefndi á 43. gr. laganna, og að samkvæmt 46. gr. skuli skipstjóri eiga sama rétt og skyldur og aðrir skipverjar, enda hafi verið stefnt að því að hreinsa burtu mun á skipstjórum og öðrum í lögunum. Sama segi stefndi um þá málsástæðu stefnanda að ákvæði 22. gr. eigi aðeins við ef skipverji segir sjálfur upp vegna þess að skip er selt, en ekki ef útgerðin segir skipverja upp, þ.e. tilkynnir honum um sölu skipsins. Kjarabætur til handa sjómönnum séu víða, en ekki í öllum ákvæðum laganna, og þarna hafi verið gengið til móts við útgerðarmenn og þarna sé um einhliða rétt útgerðar að ræða, eins og að ofan greini.

III.

Ágreiningur aðila er um túlkun á 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem báðar eru nýmæli og voru settar inn í 40. gr. fyrri sjómannalaga, sem að öðru leyti stendur efnislega óbreytt.

Þegar nýmæli þessi eru lesin saman og borin saman við önnur ákvæði laganna má ljóst vera, að í 2. mgr. 22. gr. er sett það nýmæli að skipverja sé heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi ef skipið er selt öðrum innlendum útgerðarmanni. Eldri regla var að slíkt var talið jafngilda fyrirvaralausri brottvikningu með fullum kauprétti. Nýmælinu er því ætlað að breyta þessari reglu þannig að um fyrirvaralausa brottvikningu sé ekki að ræða.

Í 3. mgr. er framhald 2. mgr. Þar er kveðið á um að skipverji eigi þá rétt til kaups í sex vikur nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími. Með samanburði við 2. mgr. 9. gr. laganna er ljóst, að 3. mgr. 22. gr. á við yfirmenn skipsins. Ef ætlun löggjafans hefði verið að undanskilja skipstjóra frá öðrum yfirmönnum, hefði þurft að taka slíkt fram berum orðum.

Með hliðsjón af athugasemdum með frumvarpi laganna um 3. mgr. 22. gr. verður því að skýra nýmælin þannig, að í þeim sé sett sérregla er varðar heimildir þegar skip er selt öðrum útgerðarmanni. Þessi sérregla verður að teljast ganga framar 44. gr. laganna, og 45. gr. verður þá ekki talin eiga við.

Því ber að fallast á með stefnda, að hálfur uppsagnarfrestur yfirmanna gildi þegar skip er selt, og verður sýknukrafa hans tekin til greina.

Eftir öllum atvikum er rétt að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi Rækjuver hf. skal vera sýkn af kröfum stefnanda Jörundar Bjarnasonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 148/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Gunnlaugi Gunnlaugssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. maí 1988 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar ökuleyfissviptingar.

Samkvæmt gögnum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir sannað að ákærði hafi ekið bifreið sinni ölvaður, svo sem greinir í ákæru. Miðað við alkóhól, er mældist í blóði ákærða, braut hann

gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er svarar til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en skv. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber nú að dæma um brot ákærða eftir umferðarlögum nr. 50/1987. Í ákæru er brotið fært undir 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr. sbr. 2. mgr. 45. gr. laga 50/1987. Eins og ákæru er háttað verður honum einungis refsað samkvæmt síðast nefndu lagaákvæði, sbr. Hrd. 1984 bls. 1249. Þá er ákærða einnig gefið að sök brot gegn 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr. 17. gr. laga nr. 50/1987.

Ákæruði gekkst undir dómsátt hinn 7. desember 1984 fyrir brot gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög 54/1976. Þá var ákærði dæmdur í sakadómi Ólafsfjarðar 30. september 1985 fyrir brot á 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög 54/1976. Það athugast að mishermt er á sakavottorði í héraðsdómi, að brotið hafi verið gegn „3. mgr. 60. gr. og 62. gr. tollalaga" í því máli.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Staðfesta ber sviptingu ökuleyfis ævilangt, sbr. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 50/1987.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Ólafsfjarðar 12. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. janúar sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali útgefnu 18. janúar 1988 á hendur Gunnlaugi Gunnlaugssyni sjómanni, Ólafsvegi 12, Ólafsfirði, fæddum í Ólafsfirði 01.11. 1941, fyrir að aka að kvöldi þriðjudagsins 26. maí 1987 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ó-133 frá Akureyrarflugvelli að bensínafgreiðslu Olíufélagsins hf. við Veganesti á Akureyri og aka bifreiðinni þar aftur á bak án nægilegrar aðgæslu á bifreiðina A-8220, sem var þar kyrrstæð við bensíndælur.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 4. mgr. 46. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir, að kl. 20.57 þriðjudaginn 26. maí 1987 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um árekstur bifreiðanna Ó-133 og A-8220 við bensínafgreiðslu ESSO, Veganesti. Áreksturinn varð þannig að bifreiðinni Ó-133 var ekið aftur á bak frá bensíndælunni og á bifreiðina A-8220 sem var kyrrstæð. Ökumaður Ó-133 er ákærði í máli þessu. Samkvæmt skýrslu lögreglumannsins, Sigurðar Sigurðssonar, lagði talsverðan áfengisþef frá vitum ákærða. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa drukkið áfengi kvöldið áður og hætt drykkjunni kl. 01.00. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Akureyrarflugvelli og vera á leið út í Ólafsfjörð. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Var tekið öndunarsýni af ákærða, sem sýndi 3. stig. Var ákærði því færður á lögreglustöðina. Þar var tekin af ákærða skýrsla fyrir varðstjóra og blóðsýni kl. 21.45 sem var merkt nr. 58 26/5 1987. Þar kvaðst ákærði hafa verið að fara til Ólafsfjarðar og verið að koma frá Akureyrarflugvelli og lagt af stað um kl. 20.30. Hann kvaðst hafa verið að drekka áfengi sl. nótt, fjögur glös af vodka á Hótel Borg í Reykjavík frá kl. 21.00 til 23.30 í gærkvöldi. Í dag kveðst hann vera búinn að drekka 4 til 5 flöskur af pilsner og maltöli. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hann hafi sofið 4-5 tíma sl. nótt og 4 tíma í dag og ekki drukkið áfengi eftir að hann hætti akstri.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra var útlit og önnur einkenni ákærða eftirfarandi: Talsverður áfengisþefur af andardrætti. Fatnaður var snyrtilegur. Framkoma kurteis. Augu voru vot og dauf. Jafnvægi var óstöðugt. Málfar var þvöglulegt. Framburður var greinargóður.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði vera 2,29‰.

Niðurstaða: Telja verður sannað með játningu ákærða um akstur og áfengisneyslu, niðurstöðu alkóhólrannsókna og öðrum gögnum, að hann hafi gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali

og er þar heimfært til refsiákvæðanna 2. mgr. sbr. 3. mgr., 25. gr. og 4. mgr. 46. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Ákærði sem fæddur er 1. nóvember 1941 í Ólafsfirði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1960 11/9 í Reykjavík: Kærður fyrir tékkafölsun. Ákæru frestað í 3 ár frá 1/12 1960.

1961 11/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73, 1952.

1961 3/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 155. gr. og 248. gr. hegningarlaganna.

1962 29/5 í Ólafsfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 26, 1958.

1963 8/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 22/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 31/10 í Reykjavík: Dómur: 4000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 15 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. (Mál nr. 5175/1963).

1964 10/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 31/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 15/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 26/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 8/10 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Dómsbirting 8/7 1965). (Mál nr. 7046/1964).

1964 28/11 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir tékkamisferli.

1966 18/2 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var í í sakadómi Reykjavíkur 8/10 1964: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

1966 3/3 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki). (Mál nr. 76/1966).

1966 3/6 í Reykjavík: Dómur: Eigi gerð sérstök refsing. Brot gegn 27. gr. umferðarlaga. (Mál nr. 440/1966).

1968 23/1 á Akureyri: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 27/9 á Ólafsfirði: Sátt, 50.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 27.09. 1978.

1984 7/12 á Ólafsfirði: Sátt, 10.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 7.12. 1984.

1985 30/9 á Ólafsfirði: Dómur: 7.000 kr. sekt f. brot g. 3. mgr. 60. gr. og 62. gr. tollalaga.

Með hliðsjón af sakavottorði ákærða og 80. gr. umferðarlaga telst refsing hans hæfileg 20 daga varðhaldsvist.

Þá ber með vísun til sakavottorðs ákærða og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga að svipta hann ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Barði Þórhallsson bæjarfógeti.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 93/1987. **Pálmi Lórensson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Byggðasjóði
(Baldvin Jónsson hrl.)
Útvegsbanka Íslands hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
Sláturfélagi Suðurlands
(Ingólfur Hjartarson hdl.)
Byko sf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Ágæti hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Verksmiðjunni Vífilfell hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Sanitas hf.
(
Sparisjóði Vélstjóra
(Helgi V. Jónsson hrl.)
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf.
(
Flugleiðum hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)
X - Design Studio A/S
(Haraldur Blöndal hrl.)
Samvinnubanka Íslands hf.
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Samvinnutryggingum g.t.
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Dreifingu sf.
(
Magnúsi Kjaran hf.
(
Búnaðarbanka Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.)

Hljómbæ hf.

(

Iðnaðarbanka Íslands hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Ferðamálasjóði

(Baldvin Jónsson hrl.)

Bjarna Gunnarssyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

þrotabúi Hafskips hf.

(

Karnabæ hf.

(

Úlfari Nathanaelssyni

(

Ólöfu P. Úlfarsdóttur

(

Kristjáni Imsland

(

og Vestmannaeyjakaupstað

(Jón Hjaltason hrl.)

Nauðungaruppboð. Ómerking. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt áfrýjunarstefnu er áfrýjað úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja uppkveðnum 3. desember 1986 og uppboði sem fram fór í framhaldi af því á fasteigninni Heiðarvegi 3, neðri hæð, í Vestmannaeyjum. Í stefnunni er úrskurðarorð sagt vera svohljóðandi:

„Kröfur sóknaraðila í þessum þætti málsins uppboðsþola Pálma Lórenssonar um að synjað verði um framgang uppboðs á fasteigninni

Heiðarvegur 3, neðri hæð, Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu málsins skulu ekki ná fram að ganga. Sóknaraðili greiðir varnaraðila (uppboðsbeiðanda) málskostnað kr. 10.000,- til umbj. Jóns Hjaltasonar hrl. og kr. 10.000,- til umbj. Jóns Óskarssonar hdl. eða samtals kr. 20.000,-."

Í uppboðsbók er þetta skráð um hið áfrýjaða uppboð:

„Rétturinn er nú fluttur að Heiðarvegi 3, neðri hæð.

Uppboðshaldari las nú upp uppboðsskilmála og voru þeir samþykktir.

Hófust nú sölutilraunir.

Aðeins eitt boð kom í eignina, Jón Hjaltason hrl. bauð kr. 500.000,- fyrir Ferðamálasjóð og krefst útlagningar ef skilyrði verða til en einnig biður hann um annað og síðasta uppboð fyrir aðra þá kröfuhafa sem hann mætir fyrir og ekki fá fullnustu með boði þessu.

Jón Óskarsson hdl. biður um annað og síðasta uppboð vegna sinna umbjóðenda.

Af hálfu uppboðsþola er því lýst yfir að uppboðsmáli þessu verði áfrýjað.

Uppboðshaldari lætur nú hamar falla til merkis um að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari ákvað að annað og síðasta uppboð fari fram og verður uppboðsaðilum tilkynnt um uppboðsdag síðar."

Kröfur áfrýjanda í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti voru þær að synjað verði um framgang uppboðs á fasteign hans nr. 3 við Heiðarveg í Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu þess. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar svo og staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Af uppboðsbók Vestmannaeyja kemur fram að um mótmæli áfrýjanda í þinghaldi 3. desember 1986 og meðferð málsins af því tilefni er vísað til þess sem skráð er í bókina í uppboðsréttarmálinu nr. 108/1985 þar sem krafist hafði verið nauðungaruppboðs á fasteign áfrýjanda að Herjólfsgötu 4 í Vestmannaeyjum. Þannig er um hinn áfrýjaða úrskurð vísað til úrskurðarorðs forsendulauss úr-

skurðar út af sams konar ágreiningi í því máli. Liggur ekki fyrir sérstakt skriflegt úrskurðarorð um ágreining í uppboðsréttarmálinu um Heiðarveg 3, neðri hæð, í því formi sem fyrir er mælt í 2. tl. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981 sbr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Verður því að ómerkja ex officio meðferð málsins frá og með þinghaldi 3. desember 1986, þar á meðal hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Meðferð málsins í uppboðsrétti Vestmannaeyja frá og með þinghaldi 3. desember 1986 á að vera ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 94/1987. **Pálmi Lórensson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
Byko sf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Ágæti hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Verksmiðjunni Vífilfell hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Sanitas hf.
(
Sparisjóði Vélstjóra
(Helgi V. Jónsson hrl.)
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf.
(
Flugleiðum hf.
(Guðmundur Pétursson)
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)
X - Design Studio A/S
(Haraldur Blöndal hrl.)
Samvinnutryggingum g.t.
(
Samvinnubanka Íslands hf.
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Sambandi íslenskra samvinnufélaga
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Dreifingu sf.
(
Magnúsi Kjaran hf.
(
Daníel Ólafssyni hf.
(
Búnaðarbanka Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.)

Hljómbæ hf.

(

Iðnaðarbanka Íslands hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Ferðamálasjóði

(Baldvin Jónsson hrl.)

Bjarna Gunnarssyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

þrotabúi Hafskips hf.

(

Karnabæ hf.

(

Úlfari Nathanaelssyni

(

Ólöfu P. Úlfarsdóttur

(

Kristjáni Imsland

(

Guðjóni Steingrímssyni hrl.

(

Landsbanka Íslands

(Stefán Pétursson hrl.)

Veðdeild Landsbanka Íslands

(Stefán Pétursson hrl.)

Brunabótafélagi Íslands

(Haraldur Blöndal hrl.)

Auglýsingaþjónustunni hf.

(

Jóni Hjaltasyni hrl.

(sjálfur)

þrotabúi Trésmiðju Þórðar hf. og Sparisjóði Vestmannaeyja

(Jón Hjaltason hrl.)

Nauðungaruppboð. Ómerking. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt áfrýjunarstefnu er áfrýjað úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja uppkveðnum 3. desember 1986 og uppboði sem fram fór í framhaldi af því á fasteigninni Áshamri 10 í Vestmannaeyjum. Í stefnunni er úrskurðarorð sagt vera svohljóðandi:

„Kröfur sóknaraðila í þessum þætti málsins uppboðsþola Pálma Lórenssonar um að synjað verði um framgang uppboðs á fasteigninni Áshamri 10, Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu málsins skulu ekki ná fram að ganga. Sóknaraðili greiðir varnaraðila (uppboðsbeiðanda) málskostnað kr. 10.000,- til umbj. Jóns Hjaltasonar hrl. og kr. 10.000,- til umbj. Jóns Óskarssonar hdl. eða samtals kr. 20.000,-."

Í uppboðsbók er þetta skráð um hið áfrýjaða uppboð:

„Rétturinn er nú fluttur á Áshamar 10, Vestmannaeyjum.

Uppboðshaldari las nú upp uppboðsskilmála og voru þeir samþykktir.

Hófust nú sölutilraunir.

Aðeins eitt boð kom í eignina, Jón Hjaltason hrl. bauð kr. 1.000.000,00, fyrir Ferðamálasjóð og krefst útlagningar ef skilyrði verða til, en einnig biður hann um annað og síðasta uppboð fyrir aðra þá kröfuhafa, sem hann mætir fyrir og ekki fá fullnustu með boði þessu.

Jón Óskarsson hdl. biður um annað og síðasta uppboð vegna sinna umbjóðenda.

Af hálfu uppboðsþola er því lýst yfir að uppboðsmáli þessu verði áfrýjað.

Uppboðshaldari lætur nú hamar falla til merkis um að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari ákvað að annað og síðasta uppboð fari fram og verður uppboðsaðilum tilkynnt um uppboðsdag síðar."

Kröfur áfrýjanda í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti voru

þær að synjað verði um framgang uppboðs á fasteign hans nr. 10 við Áshamar í Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu þess, þar á meðal hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar svo og staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Af uppboðsbók Vestmannaeyja kemur fram að um mótmæli áfrýjanda í þinghaldi 3. desember 1986 og meðferð málsins af því tilefni er vísað til þess sem skráð er í bókina í uppboðsréttarmálinu nr. 108/1985 þar sem krafist hafði verið nauðungaruppboðs á fasteign áfrýjanda að Herjólfsgötu 4 í Vestmannaeyjum. Þannig er um hinn áfrýjaða úrskurð vísað til úrskurðarorðs forsendulauss úrskurðar út af sams konar ágreiningi í því máli. Liggur ekki fyrir sérstakt skriflegt úrskurðarorð um ágreining í uppboðsréttarmálinu um Áshamar 10 í því formi sem fyrir er mælt í 2. tl. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981 sbr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Verður því að ómerkja ex officio meðferð málsins frá og með þinghaldi 3. desember 1986, þar á meðal hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Meðferð málsins í uppboðsrétti Vestmannaeyja frá og með þinghaldi 3. desember 1986 á að vera ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 95/1987. **Pálmi Lórensson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Byggðasjóði
(Baldvin Jónsson hrl.)
Útvegsbanka Íslands hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
Byko sf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Ágæti hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Verksmiðjunni Vífilfell hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Sanitas hf.
(
Sparisjóði vélstjóra
(Helgi V. Jónsson hrl.)
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar
(
Flugleiðum hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)
X - Design Studio A/S
(Haraldur Blöndal hrl.)
Samvinnutryggingum g.t.
(
Samvinnubanka Íslands hf.
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Samband íslenskra samvinnufélaga
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Dreifingu sf.
(
Magnúsi Kjaran hf.
(
Búnaðarbanka Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.)

Hljómbæ hf.

(

Iðnaðarbanka Íslands hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Ferðamálasjóði

(Baldvin Jónsson hrl.)

Bjarna Gunnarssyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

þrotabúi Hafskips hf.

(

Karnabæ hf.

(

Úlfari Nathanaelssyni

(

Ólöfu P. Úlfarsdóttur

(

Kristjáni Imsland

(

Guðjóni Steingrímssyni

(

Sláturfélagi Suðurlands

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

Vestmannaeyjakaupstað,

Óskari Matthíassyni og

Arnmundi Þorbjörnssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja uppkveðnum 3. desember 1986 og uppboði sem fram fór í framhaldi af því á fasteigninni Heiðarvegi 3, efri hæð, íbúð, í Vestmannaeyjum. Úrskurðurinn er án forsendna en úrskurðarorðið svohljóðandi:

„Kröfum sóknaraðila í þessum þætti málsins, uppboðsþola Pálma Lórenssonar, um að synjað verði um framgang uppboðs á eigninni Heiðarvegur 3, efri hæð, íbúð, Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu málsins, skulu ekki ná fram að ganga.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum (uppboðsbeiðendum), málskostnað kr. 10.000,- til umbjóðenda Jóns Hjaltasonar hrl. og kr. 10.000,- til umbjóðenda Jóns Óskarssonar hdl., eða samtals kr. 20.000,-."

Í uppboðsbók er þetta skráð um hið áfrýjaða uppboð:

„Réttur er nú fluttur að Heiðarvegi 3, efri hæð, íbúð.

Uppboðshaldari las nú upp uppboðsskilmála og eru þeir samþ.

Hófust nú sölutilraunir.

Aðeins eitt boð kom í eignina, Jón Hjaltason bauð kr. 250.000,- fyrir Ferðamálasjóð og krefst útlagningar ef skilyrði verða til, en einnig biður hann um annað og síðasta uppboð fyrir aðra þá kröfuhafa sem hann mætir fyrir og ekki fá fullnustu með boði þessu.

Jón Óskarsson hdl. biður um annað og síðasta uppboð vegna sinna umbjóðenda.

Af hálfu uppboðsþola er því lýst yfir að uppboðsmáli þessu verði áfrýjað.

Uppboðshaldari lætur nú hamar falla til merkis um að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari ákvað að annað og síðasta uppboð fari fram og verður uppboðsaðilum tilkynnt um uppboðsdag síðar."

Kröfur áfrýjanda í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti voru þær, að synjað verði um framgang uppboðs á fasteign hans að Heiðarvegi 3, efri hæð, íbúð, í Vestmannaeyjum, og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu þess. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt.

Stefndu Byggðasjóður, Útvegsbanki Íslands hf., Byko sf., Ágæti hf., Verksmiðjan Vífilfell hf., Sparisjóður Vélstjóra, Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf., Flugleiðir hf., Hf. Eimskipafélag Íslands,

X - Design Studio A/S, Samvinnutryggingar g.t., Samband íslenskra samvinnufélaga, Samvinnubanki Íslands hf., Dreifing sf., Magnús Kjaran hf., Búnaðarbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands hf., Ferðamálasjóður, Bjarni Gunnarsson, þrotabú Hafskips hf., Karnabær hf., Úlfar Nathanaelsson, Ólöf Úlfarsdóttir, Kristján Imsland og Sláturfélag Suðurlands krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og áfrýjuðu uppboðsgerðar. Þeir krefjast hver fyrir sig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu Vestmannaeyjabær, Óskar Matthíasson og Arnmundur Þorbjarnarson krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og áfrýjuðu uppboðsgerðar. Stefndi Vestmannaeyjabær krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fram hefur komið að Sanitas hf., Hljómbær hf. og Guðjón Steingrímsson hrl. hafa fengið uppboðskröfur sínar greiddar. Létu þessir aðilar ekki sækja þing við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti.

I.

Uppboðshaldaranum í Vestmannaeyjum bárust á fyrri hluta árs 1985 tvær beiðnir Útvegsbanka Íslands um nauðungaruppboð á þeirri eign áfrýjanda sem hér er fjallað um. Síðar bárust uppboðsbeiðnir frá öðrum stefndu.

Málið var tekið fyrir á dómþingi uppboðsréttar 22. nóvember 1985. Sótt var þing af hálfu uppboðsbeiðanda og annarra kröfuhafa en ekki af hálfu uppboðsþola. Ákveðin var sala á eigninni og bókað að uppboðsaðilum yrði tilkynnt síðar um söludag.

Uppboðsmálið var tekið fyrir á ný 20. mars 1986. Var sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda og annarra kröfuhafa en ekki af hálfu uppboðsþola. Var á ný bókað um sölu á eigninni og að aðilum yrði tilkynnt síðar um söludag.

Málið var enn tekið fyrir í uppboðsrétti 3. desember 1986. Af hálfu uppboðsbeiðanda og annarra kröfuhafa var sótt þing. Af hálfu uppboðsþola áfrýjanda málsins sótti þing Jón Hauksson héraðsdómslögmaður vegna Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns. Mótmælti hann framgangi uppboðsins og krafðist ómerkingar þess frá þingfestingu. Í greinargerð sem fram kom af hálfu uppboðsþola eru annmarkar þeir sem taldir voru vera á meðferð uppboðsmálsins rökstuddir þannig:

„1. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. l. nr. 57/1949 ber uppboðshaldara að tilkynna uppboðsþola þegar uppboðsbeiðnir berast og skal það gert með öruggum hætti. Þetta hefur ekki verið gert af hálfu uppboðshaldara og ber því að ómerkja uppboðsgerðina í heild sinni frá upphafi og hefja að nýju.

2. Samkvæmt 22. gr. l. nr. 57/1949 skal í uppboðsauglýsingu greina hverjir séu uppboðsbeiðendur.

Í auglýsingum sem birtust í blöðum var þessa ekki getið og jafnframt var auglýsingin birt með allt of skömmum fyrirvara en samkvæmt 22. gr. l. 57/1949 skal birta hana með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Hagsmunir uppboðsþola af slíku eru augljósir þar sem enginn ákveður með mjög skömmum fyrirvara að kaupa fasteignir á uppboði og verða menn að hafa ráðrúm til að kanna á hvaða verði rétt sé að kaupa.

3. Ekki er vitað til að uppboðshaldari hafi fest auglýsingu um uppboðið upp á skrifstofu sinni sbr. 3. mgr. 22. gr. l. 57/1949 i.f.

4. ...

5. Uppboðsmeðferðin sjálf frá þingfestingu hefur verið með þeim hætti að ómerkja ber. Ákvarðaðir hafa verið söludagar oftsinnis utan réttar og málinu síðan frestað ætíð ótiltekið og án bókana í þingbók. Nú síðast var söluþingi festað um viku án þess að nokkur ástæða sé tilgreind. Öll meðferðin hefur verið með þeim hætti að uppboðsþoli hefur verið í mikilli óvissu um hvað gerast kunni og átt í erfiðleikum með að vinna með skipulegum hætti að lausn málsins.

6. ..."

Af hálfu uppboðsbeiðanda og annarra kröfuhafa var kröfu uppboðsþola mótmælt. Að loknum munnlegum málflutningi kvað uppboðshaldarinn upp áðurgreindan úrskurð án forsendna, en af hálfu uppboðsþola var þess ekki krafist að forsendur fylgdu úrskurðinum.

Eftir uppsögu úrskurðarins fór uppboðið fram svo sem áður er rakið.

Uppboðsþing var háð 20. mars 1987 og var þá sótt þing fyrir uppboðsbeiðanda og aðra kröfuhafa svo og af hálfu uppboðsþola. Hann lagði fram áfrýjunarstefnu og frestaði uppboðshaldari uppboðinu með úrskurði sama dag.

II.

Fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi á þeim atriðum í greinargerð sinni í héraði sem rakin eru hér að framan.

Til stuðnings því að tilkynningar um framkomnar uppboðsbeiðnir hafi ekki verið sendar uppboðsþola er því haldið fram að frumrit tilkynninganna hafi verið í dómsgerðum málsins. Sé því ljóst að þær hafi ekki verið sendar. Þá er því og haldið fram að það sjáist af tilkynningum sem fylgi dómsgerðum, en ekki hafi verið lagðar fram, að áfrýjanda hafi verið tilkynnt að uppboð ætti að fara fram á öðrum dögum en raun varð á. Hafi áfrýjandi mátt ætla að búið væri að breyta þingfestingardegi uppboðsmálsins.

Þá er því haldið fram, að auglýsing í Lögbirtingablaði sé ekki eins og hún eigi að vera. Þá sé ljóst af dagsetningum veðbókarvottorðs og uppboðsskilmála, að þessi skjöl hafi ekki verið lögð fram í upphafi málsins.

Af hálfu stefndu er kröfum áfrýjanda mótmælt svo og málsástæðum. Er því og mótmælt að aðrar málsástæður komist að fyrir Hæstarétti en þær sem áfrýjandi bar fram í uppboðsrétti. Er því haldið fram af hálfu stefndu að engir þeir annmarkar séu á hinum áfrýjaða úrskurði og uppboðsgerð er valdi ómerkingu.

III.

Af hálfu áfrýjanda hefur grundvelli uppboðsins ekki verið mótmælt.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á því aðallega, að honum hafi ekki borist lögskipaðar tilkynningar eftir 3. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 57/1949. Á uppboðsþinginu 3. desember 1986 sótti lögmaður þing fyrir áfrýjanda og svo var einnig á þinginu 20. mars 1987. Getur af þessum sökum ekki komið til ómerkingar nú að kröfu áfrýjanda en gegn mótmælum stefndu vegna skorts á tilkynningum eftir uppboðslögunum.

Þá hefur áfrýjandi stutt kröfur sínar þeim rökum, að uppboði hafi verið frestað utan réttar. Ekki er í ljós leitt, að með þessu hafi áfrýjandi orðið fyrir réttarspjöllum. Ennfremur telur áfrýjandi, að uppboðið hafi ekki verið auglýst á fullnægjandi hátt. Af málsgögnum kemur þó fram, að auglýsingar fullnægðu ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1949.

Áritanir þeirra skjala, sem sögð eru hafa verið lögð fram í héraði, eru óljósar, og er það ámælisvert en veldur ekki ómerkingu.

Við samanburð dómsgerða við uppboðsbók kemur fram að verulegrar ónákvæmni hefur gætt er dómsgerðir voru útbúnar. Er það aðfinnsluvert en ekki veldur það ómerkingu.

Samkvæmt þessu eru ekki annmarkar á meðferð uppboðsmálsins, er valdi ómerkingu uppboðsins 3. desember 1986, ómerkingu uppboðsmálsins eða því að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Verður hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð því staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Pálmi Lórensson, greiði stefndu, Byggðasjóði, Útvegsbanka Íslands hf., Byko sf., Ágæti hf., Verksmiðjunni Vífilfelli hf., Sparisjóði vélstjóra, Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf., Flugleiðum hf., Hf. Eimskipafélagi Íslands, X-Design Studio A/S, Samvinnutryggingum g.t., Samvinnubanka Íslands hf., Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Dreifingu sf., Magnúsi Kjaran hf., Búnaðarbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands hf., Ferðamálasjóði, Bjarna Gunnarssyni, þrotabúi Hafskips hf., Karnabæ hf., Úlfari Nathanaelssyni, Ólöfu P. Úlfarsdóttur, Kristjáni Imsland, Sláturfélagi Suðurlands og Vestmannaeyjakaupstað, málskostnað fyrir Hæstarétti, 5.000,00 krónur til hvers þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 96/1987. **Pálmi Lórensson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Byggðasjóði
(Baldvin Jónsson hrl.)
Útvegsbanka Íslands hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
Byko sf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Ágæti hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Verksmiðjunni Vífilfell hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Sanitas hf.
(
Sparisjóði Vélstjóra
(Helgi V. Jónsson hrl.)
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf.
(
Flugleiðum hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)
X - Design Studio A/S
(Haraldur Blöndal hrl.)
Samvinnutryggingum g.t.
(
Samvinnubanka Íslands hf.
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Sambandi íslenskra samvinnufélaga
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
Dreifingu sf.
(
Magnúsi Kjaran hf.
(
Búnaðarbanka Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.)
Hljómbæ hf.
(
Iðnaðarbanka Íslands hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Ferðamálasjóði
(Baldvin Jónsson hrl.)
Bjarna Gunnarssyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
þrotabúi Hafskips hf.
(
Karnabæ hf.
(
Úlfari Nathanaelssyni
(
Ólöfu P. Úlfarsdóttur
(
Kristjáni Imsland
(
Guðjóni Steingrímssyni
(
Sláturfélagi Suðurlands
(Ingólfur Hjartarson hdl.)
Brunabótafélagi Íslands
(Haraldur Blöndal hrl.)
Vestmannaeyjakaupstað
(Jón Hjaltason hrl.)
og Páli Helgasyni

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja uppkveðnum 3. desember 1986 og uppboði sem fram fór í framhaldi af því á fasteigninni Herjólfsgötu 4 í Vestmannaeyjum. Úrskurðurinn er án forsendna en úrskurðarorðið svohljóðandi:

„Kröfum sóknaraðila í þessum þætti málsins, uppboðsþola Pálma Lórsenssonar, um að synjað verði um framgang uppboðs á fasteigninni Herjólfsgötu 4, Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu málsins, skulu ekki ná fram að ganga.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum (uppboðsbeiðendum) málskostnað kr. 10.000,- til umbjóðenda Jóns Hjaltasonar hrl. og kr. 10.000,- til umbjóðenda Jóns Óskarssonar hdl., eða samtals kr. 20.000,-."

Í uppboðsbók er þetta skráð um hið áfrýjaða uppboð:

„Rétturinn var nú fluttur á Herjólfsgötu 4. Uppboðshaldari las upp uppboðsskilmála og voru þeir samþykktir.

Hófust nú sölutilraunir.

Aðeins eitt boð kom í eignina, Jón Hjaltason hrl. bauð kr. 1.000.000,- fyrir Ferðamálasjóð og krefst útlagningar ef skilyrði verða til, en einnig biður hann um annað og síðasta uppboð fyrir aðra þá kröfuhafa sem hann mætir fyrir og ekki fá fullnustu með boði þessu.

Jón Óskarsson hdl. biður um annað og síðasta uppboð vegna sinna umbjóðenda.

Af hálfu uppboðsþola er því lýst yfir að uppboðsmáli þessu verði áfrýjað.

Uppboðshaldari lætur nú hamar falla til merkis um að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari ákvað að annað og síðasta uppboð fari fram og verður uppboðsaðilum tilkynnt um uppboðsdag síðar."

Kröfur áfrýjanda í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti voru þær, að synjað verði um framgang uppboðs á fasteign hans að Herjólfsgötu 4 í Vestmannaeyjum, og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu þess. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt.

Stefndu Byggðasjóður, Útvegsbanki Íslands hf., Byko sf., Ágæti hf., Verksmiðjan Vífilfell hf., Sparisjóður vélstjóra, Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf., Flugleiðir hf., Hf. Eimskipafélag Íslands,

X - Design Studio A/S, Samvinnutryggingar g.t., Samband íslenskra samvinnufélaga, Samvinnubanki Íslands hf., Dreifing sf., Magnús Kjaran hf., Búnaðarbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands hf., Ferðamálasjóður, Bjarni Gunnarsson, þrotabú Hafskips hf., Karnabær hf., Úlfar Nathanaelsson, Ólöf Úlfarsdóttir, Kristján Imsland og Sláturfélag Suðurlands, Brunabótafélag Íslands og Vestmannaeyjakaupstaður krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og áfrýjuðu uppboðsgerðar. Þeir krefjast hver fyrir sig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fram hefur komið að Sanitas hf., Hljómbær hf. og Guðjón Steingrímsson hrl. hafa fengið uppboðskröfur sínar greiddar. Létu þessir aðilar ekki sækja þing við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti.

I.

Uppboðshaldaranum í Vestmannaeyjum bárust á fyrri hluta árs 1985 tvær beiðnir Byggðasjóðs um nauðungaruppboð á þeirri eign áfrýjanda sem hér er fjallað um. Síðar bárust uppboðsbeiðnir frá öðrum stefndu.

Málið var tekið fyrir á dómþingi uppboðsréttar 22. nóvember 1985. Sótt var þing af hálfu uppboðsbeiðanda og annarra kröfuhafa en ekki af hálfu uppboðsþola. Ákveðin var sala á eigninni og bókað að uppboðsaðilum yrði tilkynnt síðar um söludag.

Uppboðsmálið var tekið fyrir á ný 20. mars 1986. Var sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda og annarra kröfuhafa en ekki af hálfu uppboðsþola. Var á ný bókað um sölu á eigninni og að aðilum yrði tilkynnt síðar um söludag.

Málið var enn tekið fyrir í uppboðsrétti 3. desember 1986. Af hálfu uppboðsbeiðanda og annarra kröfuhafa var sótt þing. Af hálfu uppboðsþola, áfrýjanda málsins, sótti þing Jón Hauksson héraðsdómslögmaður vegna Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns. Mótmælti hann framgangi uppboðsins og krafðist ómerkingar þess frá þingfestingu. Í greinargerð sem fram kom af hálfu uppboðsþola eru annmarkar þeir sem taldir voru vera á meðferð uppboðsmálsins rökstuddir þannig:

„1. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. l. nr. 57/1949 ber uppboðshaldara að tilkynna uppboðsþola þegar uppboðsbeiðnir berast og skal það

gert með öruggum hætti. Þetta hefur ekki verið gert af hálfu uppboðshaldara og ber því að ómerkja uppboðsgerðina í heild sinni frá upphafi og hefja að nýju.

2. Samkvæmt 22. gr. l. nr. 57/1949 skal í uppboðsauglýsingu greina hverjir séu uppboðsbeiðendur.

Í auglýsingum sem birtust í blöðum var þessa ekki getið og jafnframt var auglýsingin birt með allt of skömmum fyrirvara en samkvæmt 22. gr. l. 57/1949 skal birta hana með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Hagsmunir uppboðsþola af slíku eru augljósir þar sem enginn ákveður með mjög skömmum fyrirvara að kaupa fasteignir á uppboði og verða menn að hafa ráðrúm til að kanna á hvaða verði rétt sé að kaupa.

3. Ekki er vitað til að uppboðshaldari hafi fest auglýsingu um uppboðið upp á skrifstofu sinni sbr. 3. mgr. 22. gr. l. 57/1949 i.f.

4. ...

5. Uppboðsmeðferðin sjálf frá þingfestingu hefur verið með þeim hætti að ómerkja ber. Ákvarðaðir hafa verið söludagar oftsinnis utan réttar og málinu síðan frestað ætíð ótiltekið og án bókana í þingbók. Nú síðast var söluþingi frestað um viku án þess að nokkur ástæða sé tilgreind. Öll meðferðin hefur verið með þeim hætti að uppboðsþoli hefur verið í mikilli óvissu um hvað gerast kunni og átt í erfiðleikum með að vinna með skipulegum hætti að lausn málsins.

6. ..."

Af hálfu uppboðsbeiðanda og annarra kröfuhafa var kröfu uppboðsþola mótmælt. Að loknum munnlegum málflutningi kvað uppboðshaldarinn upp áðurgreindan úrskurð án forsendna, en af hálfu uppboðsþola var þess ekki krafist að forsendur fylgdu úrskurðinum.

Eftir uppsögu úrskurðarins fór uppboðið fram svo sem áður er rakið.

Uppboðsþing var háð 20. mars 1987 og var þá sótt þing fyrir uppboðsbeiðanda og aðra kröfuhafa svo og af hálfu uppboðsþola. Hann lagði fram áfrýjunarstefnu og frestaði uppboðshaldari uppboðinu með úrskurði sama dag.

II.

Fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi á þeim atriðum í greinargerð sinni í héraði sem rakin eru hér að framan.

Til stuðnings því að tilkynningar um framkomnar uppboðsbeiðnir

hafi ekki verið sendar uppboðsþola er því haldið fram að frumrit tilkynninganna hafi verið í dómsgerðum málsins. Sé því ljóst að þær hafi ekki verið sendar. Þá er því og haldið fram að það sjáist af tilkynningum sem fylgi dómsgerðum, en ekki hafi verið lagðar fram, að áfrýjanda hafi verið tilkynnt að uppboð ætti að fara fram á öðrum dögum en raun varð á . Hafi áfrýjandi mátt ætla að búið væri að breyta þingfestingardegi uppboðsmálsins.

Þá er því haldið fram, að auglýsing í Lögbirtingablaði sé ekki eins og hún eigi að vera. Þá sé ljóst af dagsetningum veðbókarvottorðs og uppboðsskilmála, að þessi skjöl hafi ekki verið lögð fram í upphafi málsins.

Af hálfu stefndu er kröfum áfrýjanda mótmælt svo og málsástæðum. Er því og mótmælt að aðrar málsástæður komist að fyrir Hæstarétti en þær sem áfrýjandi bar fram í uppboðsrétti. Er því haldið fram af hálfu stefndu að engir þeir annmarkar séu á hinum áfrýjaða úrskurði og uppboðsgerð er valdi ómerkingu.

III.

Af hálfu áfrýjanda hefur grundvelli uppboðsins ekki verið mótmælt.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á því aðallega, að honum hafi ekki borist lögskipaðar tilkynningar eftir 3. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 57/1949. Á uppboðsþinginu 3. desember 1986 sótti lögmaður þing fyrir áfrýjanda og svo var einnig á þinginu 20. mars 1987. Getur af þessum sökum ekki komið til ómerkingar nú að kröfu áfrýjanda en gegn mótmælum stefndu vegna skorts á tilkynningum eftir uppboðslögunum.

Þá hefur áfrýjandi stutt kröfur sínar þeim rökum, að uppboði hafi verið frestað utan réttar. Ekki er í ljós leitt, að með þessu hafi áfrýjandi orðið fyrir réttarspjöllum. Ennfremur telur áfrýjandi, að uppboðið hafi ekki verið auglýst á fullnægjandi hátt. Af málsgögnum kemur þó fram, að auglýsingar fullnægðu ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1949.

Áritanir þeirra skjala, sem sögð eru hafa verið lögð fram í héraði, eru óljósar, og er það ámælisvert en veldur ekki ómerkingu.

Við samanburð dómsgerða við uppboðsbók kemur fram að verulegrar ónákvæmni hefur gætt er dómsgerðir voru útbúnar. Er það aðfinnsluvert en ekki veldur það ómerkingu.

Samkvæmt þessu eru ekki annmarkar á meðferð uppboðsmálsins, er valdi ómerkingu uppboðsins 3. desember 1986, ómerkingu uppboðsmálsins eða því að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Verður hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð því staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Pálmi Lórensson, greiði stefndu, Byggðasjóði, Útvegsbanka Íslands hf., Byko sf., Ágæti hf., Verksmiðjunni Vífilfelli hf., Sparisjóði vélstjóra, Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf., Flugleiðum hf., Hf. Eimskipafélagi Íslands, X - Design Studio A/S, Samvinnutryggingum g.t., Samvinnubanka Íslands hf., Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Dreifingu sf., Magnúsi Kjaran hf., Búnaðarbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands hf., Ferðamálasjóði, Bjarna Gunnarssyni, þrotabúi Hafskips hf., Karnabæ hf., Úlfari Nathanaelssyni, Ólöfu P. Úlfarsdóttur, Kristjáni Imsland, Sláturfélagi Suðurlands, Brunabótafélagi Íslands og Vestmannaeyjakaupstað, málskostnað fyrir Hæstarétti, 5.000,00 krónur til hvers þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 97/1987. **Pálmi Lórensson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Innheimtu ríkissjóðs í Vestmannaeyjum
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
Búnaðarbanka Íslands
(Baldvin Jónsson hrl.)
Hljómbæ hf.
(
Iðnaðarbanka Íslands hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Bjarna Gunnarssyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
Vestmannaeyjakaupstað
(Jón Hjaltason hrl.)
og Sambandi íslenskra samvinnufélaga
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

Ómerking. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt áfrýjunarstefnu er áfrýjað úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja uppkveðnum 3. desember 1986 og uppboði sem fram fór í framhaldi af því á fasteigninni Hásteinsvegi 20b í Vestmannaeyjum. Í stefnunni er úrskurðarorð sagt vera svohljóðandi:

„Kröfur sóknaraðila í þessum þætti málsins uppboðsþola Pálma Lórenssonar um að synjað verði um framgang uppboðs á fasteigninni Hásteinsvegur 20b, Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu málsins skulu ekki ná fram að ganga. Sóknaraðili greiðir varnaraðila (uppboðsbeiðanda) málskostnað kr.

10.000,- til umbj. Jóns Hjaltasonar hrl. og kr. 10.000,- til umbj. Jóns Óskarssonar hdl. eða samtals kr. 20.000,-."

Í uppboðsbók er þetta skráð um hið áfrýjaða uppboð:

„Rétturinn var nú fluttur á Hásteinsveg 20b.

Uppboðshaldari las upp uppboðsskilmála og voru þeir samþykktir.

Hófust nú sölutilraunir.

Aðeins tvö boð komu í eignina, Jón Óskarss. hdl. bauð kr. 50.000,00 fyrir innheimtu ríkissjóðs og Jón Hjaltason bauð kr. 55.000,- fyrir Búnaðarbanka Íslands í Vík og krefst útlagningar ef skilyrði verða til, en einnig biður hann um annað og síðasta uppboð fyrir aðra þá kröfuhafa, sem hann mætir fyrir og ekki fá fullnustu með boði þessu.

Jón Óskarsson hdl. biður um annað og síðasta uppboð vegna sinna umbjóðenda.

Af hálfu uppboðsþola er því lýst yfir að uppboðsmáli þessu verði áfrýjað.

Uppboðshaldari lætur nú hamar falla til merkis um að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari ákvað að annað og síðasta uppboð fari fram og verður uppboðsaðilum tilkynnt um uppboðsdag síðar."

Kröfur áfrýjanda í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti voru þær að synjað verði um framgang uppboðs á fasteign hans nr. 20b við Hásteinsveg í Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu þess, þar á meðal hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar svo og staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Af uppboðsbók Vestmannaeyja kemur fram að um mótmæli áfrýjanda í þinghaldi 3. desember 1986 og meðferð málsins af því tilefni er vísað til þess sem skráð er í bókina í uppboðsréttarmálinu nr. 108/1985 þar sem krafist hafði verið nauðungaruppboðs á fasteign áfrýjanda að Herjólfsgötu 4 í Vestmannaeyjum. Þannig er um hinn áfrýjaða úrskurð vísað til úrskurðarorðs forsendulauss úrskurðar út af sams konar ágreiningi í því máli. Liggur ekki fyrir

sérstakt skriflegt úrskurðarorð um ágreining í uppboðsréttarálinu um Hásteinsveg 20b í því formi sem fyrir er mælt í 2. tl. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, sbr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Verður því að ómerkja ex officio meðferð málsins frá og með þinghaldi 3. desember 1986, þar á meðal hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Meðferð málsins í uppboðsrétti Vestmannaeyja frá og með þinghaldi 3. desember 1986 á að vera ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 98/1987. **Pálmi Lórensson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Byggðasjóði
(Baldvin Jónsson hrl.)
Útvegsbanka Íslands hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
Sláturfélagi Suðurlands
(Ingólfur Hjartarson hdl.)
Byko sf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Sanitas hf.
(
Sparisjóði vélstjóra
(Helgi V. Jónsson hrl.)
Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar
(

Flugleiðum hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)
X - Design Studio A/S
(Haraldur Blöndal hrl.)
Samvinnutryggingum g.t.
(
Dreifingu sf.
(
Magnúsi Kjaran hf.
(
Búnaðarbanka Íslands
(Baldvin Jónsson hrl.)
Hljómbæ hf.
(
Iðnaðarbanka Íslands hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Ferðamálasjóði
(Baldvin Jónsson hrl.)
Bjarna Gunnarssyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
Karnabæ hf.
(
Vestmannaeyjakaupstað
(Jón Hjaltason hrl.)
Samvinnubanka Íslands hf.
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
og þrotabúi Hafskips
(

Nauðungaruppboð. Ómerking. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt áfrýjunarstefnu er áfrýjað úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja uppkveðnum 3. desember 1986 og uppboði sem fram fór í framhaldi af því á fasteigninni að Heiðarvegi 1, 1. hæð, í Vestmannaeyjum. Í stefnunni er úrskurðarorð sagt vera svohljóðandi:

„Kröfur sóknaraðila í þessum þætti málsins uppboðsþola Pálma Lórenssonar um að synjað verði um framgang uppboðs á fasteigninni Heiðarvegi 1, 1. hæð, Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu málsins skulu ekki ná fram að ganga. Sóknaraðili greiðir varnaraðila (uppboðsbeiðanda) málskostnað kr. 10.000,- til umbj. Jóns Hjaltasonar hrl. og kr. 10.000,- til umbj. Jóns Óskarssonar hdl. eða samtals kr. 20.000,-."

Í uppboðsbók er þetta skráð um hið áfrýjaða uppboð:

„Rétturinn er nú fluttur á Heiðarveg 1, neðstu hæð.

Uppboðshaldari las upp uppboðsskilmála og voru þeir samþykktir.

Hófust nú sölutilraunir.

Aðeins eitt boð kom í eignina, Jón Hjaltason hrl. bauð kr. 500.000,00 fyrir Ferðamálasjóð og krefst útlagningar ef skilyrði verða til, en einnig biður hann um annað og síðasta uppboð fyrir aðra þá kröfuhafa, sem hann mætir fyrir og ekki fá fullnustu með boði þessu.

Jón Óskarsson hdl. biður um annað og síðasta uppboð vegna sinna umbjóðenda.

Af hálfu uppboðsþola er því lýst yfir að uppboðsmáli þessu verði áfrýjað.

Uppboðshaldari lætur nú hamar falla til merkis um að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari ákvað að annað og síðasta uppboð fari fram og verður uppboðsaðilum tilkynnt um uppboðsdag síðar."

Kröfur áfrýjanda í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti voru þær að synjað verði um framgang uppboðs á fasteign hans nr. 1, 1. hæð, við Heiðarveg í Vestmannaeyjum og að uppboðsmálið verði ómerkt frá þingfestingu þess, þar á meðal hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar svo og staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Af uppboðsbók Vestmannaeyja kemur fram að um mótmæli áfrýjanda í þinghaldi 3. desember 1986 og meðferð málsins af því tilefni er vísað til þess sem skráð er í bókina í uppboðsréttarmálinu nr. 108/1985 þar sem krafist hafði verið nauðungaruppboðs á fasteign áfrýjanda að Herjólfsgötu 4 í Vestmannaeyjum. Þannig er um hinn áfrýjaða úrskurð vísað til úrskurðarorðs forsendulauss úrskurðar út af sams konar ágreiningi í því máli. Liggur ekki fyrir sérstakt skriflegt úrskurðarorð um ágreining í uppboðsréttarmálinu um Heiðarveg 1, 1. hæð, í því formi sem fyrir er mælt í 2. tl. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981 sbr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Verður því að ómerkja ex officio meðferð málsins frá og með þinghaldi 3. desember 1985, þar á meðal hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Meðferð málsins í uppboðsrétti Vestmannaeyja frá og með þinghaldi 3. desember 1986 á að vera ómerk.

Málkostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 21. júní 1988.

Nr. 195/1987. **Ástdís Kristjánsdóttir**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Sveini Björnssyni,
Birni Inga Sveinssyni og
Margréti Jónu Sveinsdóttur
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Samningar. Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Hrafn Bragason og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1987. Dómkröfur hennar eru þær, að kröfur stefndu verði lækkaðar verulega og þeim gert að greiða áfrýjanda málskostnað óskipt bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir ekki á því í málflutningi fyrir Hæstarétti að hún hafi réttilega „deponerað".

Í höfuðstól kröfu stefndu, 840.000,00 krónum, eru innifaldir 20% ársvextir af 700.000,00 krónum frá 1. júní 1984 til 1. júní 1985, þ.e. 140.000,00 krónur. Ef krafa þessi yrði tekin til greina þannig myndi það leiða til þess að 20% samningsvextirnir myndu vaxta-vaxtast.

Eigi verður á þá kröfu fallist, þar sem ekki var samið um vaxtavexti í samningi aðilja.

Verða stefndu því dæmdar 700.000,00 krónur með 20% ársvöxtum frá 1. júní 1984 til 1. febrúar 1986. Hinn 20. janúar 1986 var áfrýjanda ritað kröfubréf með áskilnaði um að gjaldfella allar eftirstöðvar kaupverðsins væri eigi staðið í skilum í síðasta lagi 31. s.m. Eftir þann tíma ber áfrýjanda að greiða dráttarvexti, svo sem í dómsorði greinir. Að öðru leyti en því, sem nú hefir verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 130.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ástdís Kristjánsdóttir, greiði stefndu, Sveini Björnssyni, Birni Inga Sveinssyni og Margréti Jónu Sveinsdóttur, 700.000,00 krónur með 20% ársvöxtum frá 1. júní 1984 til 1. febrúar 1986 og 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags samkvæmt tilkynningum Seðlabanka Íslands eftir III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og bætist áfallnir dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við 1. febrúar 1986, í fyrsta sinn 1. febrúar 1987, allt að frádregnum 65. 245,37 krónum og gegn afhendingu afsals fyrir íbúð á 3. hæð og í risi í húsinu nr. 27 við Leifsgötu í Reykjavík.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Áfrýjandi greiði stefndu 130.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. mars 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 22. september 1986 af Sveini Björnssyni, nnr. 8734-8512, Birni Inga Sveinssyni, nnr. 1354-1744, og Margréti Jónu Sveinsdóttur, nnr. 6398-0870, öllum til heimilis að Barmahlíð 24, Reykjavík, gegn Ástdísi Kristjánsdóttur, nnr. 0795-3194, Leifsgötu 27, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefnda greiði kr. 840.000,00 auk 3,5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júní 1985 til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til útgáfu stefnu 11. september 1986, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags. Kveðið verði á um, að áfallnir dráttarvextir bætist

við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við 1. júní, í fyrsta sinn 1. júní 1986, allt að frádregnum kr. 50.233,37 og gegn afhendingu afsals fyrir íbúð á 3. hæð og í risi í húsinu nr. 27 við Leifsgötu í Reykjavík. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu skv. framlögðum reikningi að fjárhæð kr. 145.547,00.

Stefnda krefst þess að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum. Til vara krefst hún þess að dómkröfur stefnenda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði þá felldur niður.

Stefnendur kveða málavexti þá að stefnda hafi með kaupsamningi dags. 23. janúar 1984 keypt af stefnendum 5 - 6 herbergja íbúð þeirra á 3. hæð og í risi í húsinu nr. 27 við Leifsgötu í Reykjavík. Stefnda hafi skoðað íbúðina tvisvar, og hafi eiginkona stefnanda Sveins, Ragnheiður Guðrún Thorsteinsson, sýnt henni íbúðina og sameign í kjallara, þ.e. sameiginlegt þvottahús, kyndiklefa og ganga, og bílskúr sem fylgdi með íbúðinni. Stefnandi Sveinn hafi undirritað kaupsamninginn fyrir sína hönd og barna sinna Björns Inga og Margrétar Jónu, þar sem þau hafi verið búsett erlendis.

Kaupverð eignarinnar hafi verið ákveðið kr. 2.250.000,00 sem stefnda hafi skuldbundið sig til þess að greiða þannig:

1.	við undirritun kaupsamnings	kr.	150.000,00
2.	þann 25. febrúar 1984	"	150.000,00
3.	þann 25. mars 1984	"	210.000,00
4.	þann 25. maí 1984	"	50.000,00
5.	þann 25. júlí 1984	"	600.000,00
6.	þann 25. september 1984	"	60.000,00
7.	þann 25. október 1984	"	100.000,00
8.	þann 25. desember 1984	"	180.000,00
9.	þann 15. janúar 1985	"	50.000,00
	eða útborgun alls	kr.	1.550.000,00
10.	Eftirstöðvar kaupverðsins ..... skyldi stefnda greiða með skuldabréfi til 3ja ára í gjaldd. 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1985, og þær bera 20% ársvexti frá 1. júní 1984 að telja	kr.	700.000,00
	Samtals	kr.	2.250.000,00

Greiðslur útborgunar skv. tl. 1 - 4 hafi stefnda innt af hendi nokkurn veginn í samræmi við ákvæði samningsins. Hún hafi tekið við afnotum íbúðarinnar 1. júní 1984 og samkvæmt ákvæðum hans fengið veðleyfi fyrir kr. 400.000,00 láni. Stefnda hafi síðan byrjað að vanefna greiðslur útborg-

unarinnar, og greiðslur skv. tl. 5 - 9 hér að framan, samtals að fjárhæð kr. 990.000,00, hafi hún greitt þannig:

a.	þann 27. júlí 1984	kr. 470.000,00
b.	þann 21. ágúst 1984	" 50.000,00
c.	þann 26. október 1984	" 68.000,00
d.	þann 27. nóvember 1984	" 70.000,00
e.	þann 3. desember 1984	" 100.000,00
f.	þann 29. mars 1985	" 85.000,00
g.	þann 22. maí 1985	" 95.000,00
	Alls	kr. 938.000,00

Sumarið 1985 hafi stefnda því enn skuldað kr. 52.000,00 af útborgunargreiðslum auk dráttarvaxta af vangreiddum greiðslum, samtals kr. 47.766,63 miðað við 23. ágúst 1985 eða samtals kr. 99.766,63. Hinn 1. júní 1985 hafi stefnda hins vegar átt að greiða fyrstu afborgun skuldabréfs þess, sem hún hafi átt að gefa út 15. janúar 1985 og hafi ekki gert. Afborgunin ásamt vöxtum hafi verið samtals kr. 373.333,00. Hún hafi greitt hinn 23. ágúst 1985 kr. 150.000,00, og hafi hún þar með greitt eftirstöðvar útborgunar og vanskilavexti, samtals kr. 99.766,63 og mismunurinn, kr. 50.233,37, hafi þá gengið upp í greiðslu skuldabréfsins. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hafi hún ekki greitt neitt frekar og ekki fengist til að ganga til samninga um greiðslu eftirstöðva. Því hafi stefnendur talið sér heimilt að eindaga alla skuldina samkvæmt hinu óútgefna skuldabréfi.

Stefnufjárhæðin sundurliðist því þannig:

1.	Eftirstöðvar kaupverðs	kr. 700.000,00
2.	Áfallnir vextir frá 1.6. 1984 til 1.6. 1985	" 140.000,00
	Samtals	kr. 840.000,00

auk dráttarvaxta frá 1. júní 1985 að telja, en frá þeirri fjárhæð dragist kr. 50.233,37 samkvæmt því sem að framan sé rakið.

Að gefnu tilefni frá vörn þeirri sem stefnda hafi haldið fram í málinu hér fyrir dómi taki stefnendur fram að stefnda hafi hringt um sumarið 1984 og kvartað yfir því að ein plata á eldavél væri sprungin og að blöndunartæki í baði væru biluð. Henni hafi verið tjáð að seljendur myndu greiða nýja eldavél og ný blöndunartæki gegn framvísun reikninga hennar. Stefnda hafi síðar sagt að vatnsskaði hafi orðið hjá henni og spurt um tryggingu, en ekki farið fram á bætur úr hendi seljenda vegna vatnsskaða né sýnt hann. Stefnda hafi aldrei kvartað við seljendur yfir því að hún væri svipt afnotum af sameign í kjallara, og hafi það fyrst komið fram í greinar-

gerð lögmanns hennar í máli þessu. Öllum bótakröfum hennar sé því mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Deponering stefndu 4. febrúar 1986 hafi aldrei verið tilkynnt og sé hún stefnendum því óviðkomandi.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum að hún hafi átt kröfur á móti til skuldajafnaðar við stefnendur, þar sem þeir hafi stórlega vanefnt kaupsamninginn. Kröfur hennar séu í þrennu lagi:

1) Eldavél og blöndunartæki hafi reynst ónýt, og geri það samtals kr. 35.000,00.

2) Kaldavatnsrör í baðherbergi hafi reynst tært og valdið vatnsskaða, og stefnendur hafi samið um að taka þátt í honum að hálfu, og geri það kr. 50.000,00.

3) Krafa um afslátt af kaupverði að fjárhæð kr. 300.000,00 vegna þess að stefnda hafi verið svipt sameign í kjallara, þegar stefnendur hafi selt íbúð í kjallara án samþykkis sameigenda í húsinu.

Stefnda skýrir svo frá að þegar hún hafi tekið við íbúðinni í júní 1984 hafi ýmsir gallar komið í ljós. Eldavél hafi verið ónýt, svo og blöndunartæki í baði og termóstat. En alvarlegast hafi þó verið að verið var að selja kjallarann sem íbúð, sameign frá íbúðunum, sem eru þrjár í húsinu. Seljendur hennar íbúðar, stefnendur í máli þessu, hafi án heimildar selt sameign sem íbúð og þar með útilokað notkun á þvottahúsi, kyndiklefa, salerni og göngum. Hún hafi kynnt sér hvað hafi gerst, og hafi einn af íbúðareigendunum í húsinu sagt henni að stefnandi Margrét hafi sett upp sturtu í þvottahúsi í kjallaranum og leigt tvö herbergi þar sem íbúð. Leigjandinn, einstæð kona, hafi síðan keypt þessa aðstöðu í sameign hússins, og þar með sé útilokuð notkun annarra eigenda á þvottahúsinu eftir vissan tíma á kvöldin. Notkun sameiginlegs kjallarainngangs sé einnig mjög takmörkuð öðrum en eiganda kjallaríbúðarinnar, þar sem eigandinn vilji ekki hafa ónæði þar. Hún hafi leitað til lögfræðings fasteignasölunnar sem annast hafi söluna, en hann hafi ekki viljað hafa afskipti af málinu.

Síðan hafi það gerst í desember 1984 að verið var að setja nýjan gólfdúk á eldhúsgólf í íbúðinni og þurfti að taka ofn frá og þar með taka vatn af hitalögn. Þegar vatnið var sett á aftur hafi komið fram mikill leki í íbúðinni, sem er á tveimur hæðum. Allt hafi farið á flot í risinu og vatn hafi komið niður um raflagnir í lofti og veggjum á neðri hæð. Langan tíma hafi tekið að finna upptök lekans sem komið hafi í ljós á efri hæðinni, í baðherberginu. Í ljós hafi komið að vatnslögn var tærð í sundur eftir endilöngu baðherbergi, hún hafi ekki verið einangruð og því allt slagað. Viðgerðarkostnaður hafi verið mikill og hafi komið henni í fjárhagsvandræði, enda hafi íbúðin ekki verið tryggð gagnvart slíku tjóni. Stefnda hafi talað við stefnanda Svein um þetta tjón og gert honum ljóst að hún gæti ekki staðið í skilum með greiðsluna 25. desember vegna þess, og hafi hann

verið mjög jákvæður. Hún hafi líka talað við lögfræðing fasteignasölunnar og fasteignasalann, og hafi henni verið ráðlagt að fara fram á að stefnendur tæki þátt í helmingi kostnaðarins vegna viðgerðarinnar. Annar hvor þessara aðila fasteignasölunnar hafi sagt henni að stefnendur hafi samþykkt þetta og hafi hún ekki vitað betur en að þetta væri samþykkt, og að síðustu útborgunargreiðslunni, kr. 50.000,00, sem greiða átti 15. janúar 1985, ætti þess vegna að sleppa. Ætlunin hafi verið að ganga frá þessu öllu 15. janúar 1985 þegar gefa átti afsalið út, en það hafi dregist. Stefnendur hafi ekki aflýst áhvílandi veðskuldum á íbúðinni eins og þeir hefðu átt að gera fyrir 25. október 1984.

Í maí 1985 hafi hún talið að hún hafi þegar greitt inn á skuldabréf sem var á gjalddaga 1. júní 1985 u.þ.b. 30 - 50 þúsund krónur, þar sem hún gerði ráð fyrir að greiðsla á eldavél og blöndunartækjum hefðu dregist frá útborgun. Stefnendur hafi aldrei nefnt dráttarvexti þegar hún hafi sagt þeim að greiðslur frá henni drægjust, og hafi hún aldrei gert ráð fyrir að greiða dráttarvexti.

Stefnda bendir á að undir rekstri málsins sé í ljós leitt að talað hafi verið um að hún fengi bætur fyrir gallana á íbúðinni, þ.e. eldavél og blöndunartæki, og helming viðgerðarkostnaðar vegna leka frá baði, og þess vegna hafi hún ætlað átt þessar kröfur á hendur stefnendum á móti kröfum þeirra um greiðslur. Til viðbótar hafi hún gert kröfu um afslátt af kaupverði vegna þess að henni hafi ekki verið gerð grein fyrir sölu íbúðarinnar í kjallara. Þessi sala hafi bæði skert notkun sameignarinnar og rýrt verðmæti hennar séreignar. Þegar þetta sé virt sé ljóst að hún hafi ætlað haft gagnkröfur til skuldajafnaðar við kröfur stefnenda. Stefnendur hafi ekki aflétt veðskuldum henni óviðkomandi á réttum tíma, og þess vegna hafi henni verið heimilt að halda eftir greiðslu útborgunar 15. janúar 1985, kr. 50.000,00. Hinn 4. febrúar 1986 hafi hún síðan deponerað kr. 230.000,00, og hafi sú fjárhæð átt að duga vel fyrir eftirstöðvum skuldar við stefnendur vegna útborgunargreiðslna og afborgunar skuldabréfs, að frádregnum ofangreindum bótum sem þegar hafði verið samið um milli aðilja. Dráttur á uppgjöri milli aðilja hafi hlotist af því að stefnandi Sveinn hafi ekki verið tilbúinn með afsal í janúar 1985 og hafi beðið um fresti, og hafi enn átt eftir að aflétta veðskuldum. Vegna alls þessa hafi stefnda ekki séð ástæðu til að inna af hendi frekari greiðslur fyrr en seljendur hefðu gert hreint fyrir sínum dyrum. Stefnendur hafi ekki mátt gjaldfella skuldabréfið og krefjast greiðslu á því eftir að stefnda var búin að deponera greiðslu auk þess sem ekkert gjaldfellingarákvæði sé í kaupsamningi.

Lögmaður stefndu lagði fram við munnlegan málflutning nótur yfir kaup stefndu á ýmsum hlutum í íbúðina. Samkvæmt þeim hefur stefnda keypt hinn 11. desember 1984 gólfdúk með tilheyrandi, svo og baðker, handlaug

og blöndunartæki, sem hafa kostað kr. 1.847,00. Eldavél hefur hún síðan keypt 19. september 1985 fyrir kr. 13.165,00.

Vitnið Áróra Hjálmarsdóttir kom fyrir dóminn og bar að hún hefði flutt í kjallaraíbúðina árið 1981 og tekið hana á leigu þar til hún festi kaup á henni árið 1984. Engin vandkvæði hafi verið í sambýli við íbúa hússins. Eftir að börn stefndu Ástdísar hafi komið í húsið hafi hún þó kvartað ef þau skildu eftir opnar dyr og glugga í kjallara. Hún hafi aldrei meinað neinum aðgang að neinni sameign í kjallara, og engar kvartanir hafi borist henni varðandi aðgang að sameign.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðiljum að stefnendur hafi lofað að greiða stefndu fyrir nýja eldavél og blöndunartæki í baðherbergi gegn framvísun reikninga fyrir kaup hennar á þessum tækjum. Stefnda framvísaði aldrei reikningum fyrr en við munnlegan málflutning í máli þessu, og nema þeir samtals kr. 15.012,00.

Gegn andmælum stefnenda hefur stefnda ekki sýnt fram á að stefnendur hafi samþykkt að taka þátt í viðgerðarkostnaði vegna vatnsskaða í íbúðinni í desember 1984. Stefnda hefur ekki á annan hátt sýnt fram á að stefnendur beri ábyrgð á vatnsskaða þessum gagnvart henni og kemur hann því ekki til álita í máli þessu.

Stefndu var kunnugt um að leigjandi væri í kjallaraíbúð í húsinu þegar hún skoðaði húsið fyrir kaupin. Þegar stefnda flutti í húsið hafði leigjandinn fest kaup á íbúð þessari. Ekkert er í ljós leitt að breyting hafi orðið á afnotum sameignar í kjallara við að leigjandinn festi kaup á kjallaraíbúðinni. Jafnvel þótt ágreiningur væri með sameigendum hússins um afnot sameignar í kjallara verður ekki séð hvernig stefnendur ættu með sölu sinni á kjallaraíbúðinni að hafa gengið á rétt stefndu. Stefnda hefur á engan hátt sýnt fram á að stefnendur hafi svipt hana sameign eða afnotum af henni, og kemur því ekki til greina afsláttur af kaupverði.

Stefnda hefur ekki sýnt fram á að dráttur á að stefnendur afléttu veðskuldum af íbúðinni hafi bakað henni tjón.

Upplýst er og óumdeilt að stefnda varð í verulegum vanskilum með greiðslur útborgunar til stefnenda samkvæmt kaupsamningnum, allt frá í júlí 1984 og fram í maí 1985, og voru þá enn kr. 52.000,00 í vanskilum af höfuðstól útborgunar. Eftirstöðvar þessar greiddi stefnda ekki fyrr en 23. ágúst 1985.

Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins átti stefnda að greiða vexti af útborgunargreiðslum ef vanskil yrðu. Henni gat því ekki dulist, að stefnendur reiknuðu vanskilavexti frá gjalddögum til greiðsludaga, enda þótt ekki væri sérstaklega um vanskilavexti talað þegar hún tilkynnti vanskil sín.

Gegn andmælum stefnenda hefur stefnda ekki sýnt fram á að deponering hennar 4. febrúar 1986 hafi verið tilkynnt stefnendum svo tímanlega að um vanskil af hennar hálfu yrði ekki að ræða á greiðslu þeirri sem inna átti af hendi 1. júní 1985, samtals kr. 373.333,00. Fallast ber á með stefnendum að gjaldfelling skuldabréfs sé hálfum mánuði eftir gjalddaga, og er krafa þeirra um gjaldfellingu því réttmæt.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið að stefnda hafi haft neinar þær gagnkröfur sem réttlætt gætu að hún dró greiðslur til stefnenda samkvæmt kaupsamningi aðila. Innheimtutilraunir þeirra virðast hafa byrjað fyrir alvöru sumarið og haustið 1985, og þar sem stefnda hefur ekkert gert til að koma í veg fyrir vanskil sín verða kröfur stefnenda teknar til greina.

Vegna upphaflegs loforðs stefnenda um að greiða fyrir nýja eldavél og blöndunartæki í baðherbergi þykir rétt að reikningar stefndu vegna þessara tækja verði dregnir frá dómkröfum stefnenda, enda þótt reikningarnir séu fullseint fram komnir. Aðrar kröfur til skuldajafnaðar verður stefnda ekki talin eiga, og verða kröfur stefnenda því teknar til greina ásamt málskostnaði sem ákveðst kr. 140.000,00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Ástdís Kristjánsdóttir, greiði stefnendum, Sveini Björnssyni, Birni Inga Sveinssyni og Margréti Jónu Sveinsdóttur, kr. 840.000,00 auk 3,5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júní 1985 til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 11. september 1986, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og bætist áfallnir dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við 1. júní, í fyrsta sinn 1. júní 1986, allt að frádregnum kr. 65.245,37 og gegn afhendingu afsals fyrir íbúð á 3. hæð og í risi í húsinu nr. 27 við Leifsgötu í Reykjavík.

Stefnda greiði stefnendum kr. 140.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1988.

Nr. 295/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Óla Guðmundi Jóhannssyni
(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Fjárdráttur. Brot í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal og Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Héraðsdómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1987 að ósk ákærða, sem gerir kröfu um breytingu á refsiákvörðun, og einnig af hálfu ákæruvaldsins refsingu hans til þyngingar.

Ákærði hefur játað það atferli, sem honum er gefið að sök, afdráttarlaust og frá fyrsta degi uppljóstrunar. Eru atvik að broti hans og umfang þess talin fullkönnuð og niðurstaðan mjög í samræmi við það, sem fram kom í upphafi rannsóknar. Veitti hann rannsóknarmönnum greiða aðstoð við athugun málsins eftir því sem við gat átt. Af hálfu Póst- og símamálastofnunar hefur ekki verið gerð krafa um frekari endurgreiðslu en þá, sem ákærði hefur þegar innt af hendi, og verður við það að miða, að hann hafi staðið stofnuninni skil að mestu eða öllu leyti. Eftir að ákærði missti stöðu sína hjá stofnuninni hefur hann tekið upp störf á öðrum vettvangi.

Brot sitt framdi ákærði í opinberu starfi hjá Pósti og síma á Akureyri, þar sem hann var ráðinn til starfa 1. september 1969 og skipaður fulltrúi í umdæminu 1. janúar 1981. Hann var ekki æðsti yfirmaður fjármála póstmiðstöðvarinnar á Akureyri, en sem fulltrúi annaðist hann verkstjórn á bréfapóststofu ásamt almennri afgreiðslu og sá um uppgjör sjö gjaldkera póststofunnar jafnframt því að annast innlögn peninga póststofunnar á reikning í banka. Hann gegndi þannig í reynd hlutverki aðalgjaldkera á póststofunni, eins og talið er í ákæru, enda þótt hann væri ekki formlega skipaður í það starf.

Brot ákærða er réttilega fært til refsiákvæða í ákæru og hinum

áfrýjaða dómi. Með tilliti til fyrrgreindra atvika og þeirra sjónarmiða, sem tilfærð eru í hinum áfrýjaða dómi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Einnig ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 45.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Guðmundur Jóhannsson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 45.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 24. júlí 1987.

Ár 1987, föstudaginn 24. júlí var í sakadómi Akureyrar, sem háður var að Hafnarstræti 107 af Ólafi Ólafssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1254/1986, ákæruvaldið gegn Óla Guðmundi Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. júlí, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali dagsettu 25. ágúst 1986: „Á hendur Óla Guðmundi Jóhannssyni, Reynilundi 5, Akureyri, fæddum þar í bæ 13. desember 1945, fyrir fjárdrátt í opinberu starfi. Ákærða er gefið að sök að hafa sem fulltrúi og aðalgjaldkeri á bréfa- og póststofu Pósts og síma, Akureyri, dregið sér með beinum fjártökum úr sjóðum, sem voru í vörslum ákærða, fjármuni í þeim mæli að við sjóðtalningu 11. júní 1986, með síðari leiðréttingum reyndist sjóðþurrð nema samtals kr. 7.247.138,70 og þannig tilkomin:

a) Allt frá árinu 1982, framan af í litlum mæli en frá því í febrúar 1985 skipulega og í auknum mæli, haldið eftir um nokkurn tíma orlofsinnborgunum ýmissa launagreiðenda; frá Akureyrarbæ, Útgerðarfélagi Akureyringa hf., Fjórðungssjúkrahúsinu, Samherja hf. og Súlum hf., allra á Akureyri, og Sigurbirni sf., Grímsey, og sjálfur fénýtt þær greiðslur, en greitt þær síðan að nokkrum tíma liðnum með öðrum nýrri sams konar

innborgunum. Við sjóðtalningu þann 11. júní 1986 nam óuppgert innborgað orlof kr. 1.735.577,00.

b) Allt frá mánaðamótum mars/apríl 1985 með sama hætti haldið eftir um nokkurn tíma innborgunum samkvæmt símapóstávísunum frá Pósti og síma, Grímsey, og sjálfur fénýtt þær greiðslur, en greitt þær síðan að nokkrum tíma liðnum með öðrum nýrri sams konar innborgunum. Þann 11. júní 1986 námu slíkar óuppgerðar símapóstávísanir kr. 1.617.235,00.

c) Öðrum beinum fjártökum sínum úr sjóðum, sem áttu sér stað frá því í nóvember 1985 og fram til 11. júní 1986, er ákærði var leystur frá störfum, leyndi ákærði í daglegu sjóðsuppgjöri með villandi og rangri sjóðsstöðu, þ. á m. með tilbúnum sendingum peningagreiðslna á D-gíróseðlum frá Pósti og síma, Akureyri, til pósthúss eða póststofu, Akureyri, sem ákærði framvísaði öllum sem greiðslugögnum í banka sem hluta af bankainnleggi hverju sinni.

Atferli ákærða, sem að framan er lýst, telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt skýrslum ákærða og öðru sem fram er komið við rannsókn málsins verða málsatvik nú rakin.

Ákærði var ráðinn póstafgreiðslumaður hjá Póst- og símamálastjórn frá 1. september 1969 að telja. Starfaði hann frá upphafi á bréfapóststofu stofnunarinnar á Akureyri. Hinn 1. janúar 1981 var ákærði skipaður fulltrúi í Póst- og símaumdæmi III, Akureyri. Ákærði kvaðst í starfi sínu hafa annast almenna afgreiðslu auk verkstjórnar á bréfapóststofunni. Þá kvaðst ákærði sem fulltrúi hafa annast kassauppgjör sjö gjaldkera póststofunnar, fjögurra gjaldkera á bréfastofu, tveggja á bögglapóststofu og eins í tollpósti. Þá kvaðst hann hafa annast innlögn peninga póststofunnar á reikning í útibúi Landsbankans á Akureyri.

Ákærða var veitt lausn frá störfum um stundarsakir frá og með 11. júní 1986. Ástæða brottvikningarinnar var að við sjóðstalningu þann dag kom í ljós að verulegur halli var á sjóði ákærða hjá stofnuninni. Frá aðdraganda sjóðstalningar er greint í skýrslu fjármáladeildar Póst- og símamálastofnunar, dagsettri 14. júní 1986, undirritaðri af Ólafi Karlssyni aðalendurskoðanda og Gylfa Jónssyni, skrifstofustjóra endurskoðunar Póst- og símamálastofnunar. Í skýrslu þeirra segir meðal annars:

„Kvartanir höfðu komið fram frá starfsfólki fyrirtækisins (Útgerðarfélag Akureyringa) um of lága vexti af útborguðu orlofsfé. Póstgíróstofan hafði haft samband við Útgerðarfélagið til að fá stimpluð frumrit er sýndu innborgunardaginn á Póst- og símstöðinni á Akureyri. Við samanburð á þessu tvennu virtist augljóst að dregið hafði verið að gera skil á innborgunum.

Benti allt til að Óli G. Jóhannsson ætti þar hlut að máli. Um morguninn þann 11.06. báðum við undirritaðir ásamt Ársæli Magnússyni, Gísla Eyland stöðvarstjóra og Guðlaugi Baldurssyni fulltrúa, en þeir eru yfirmenn Óla, að koma til okkar á skrifstofu umdæmisstjóra. Sögðum við þeim frá málinu og sýndum þeim þau gögn, sem fyrir lágu, en þeir gátu engar skýringar gefið. Síðan var Óli kallaður til okkar. Þegar Óla höfðu verið sýnd gögnin játaði hann að hafa haldið eftir innborguðu orlofsfé á síðasta orlofsári og ekki gert skil á því á réttum tíma. Hins vegar sagðist hann hafa gert full skil á innborgunum fyrir lok orlofsársins. Fram kom hjá Óla að vöntun væri á sjóði hans. Bað hann um að fá að hafa samband við Jón Kr. Sólnes lögfræðing og fá hann til að vera viðstaddan og kom hann litlu síðar. Eftir nokkrar umræður okkar og eftir að Óli hafði talað einslega við lögfræðing sinn sagðist Óli ætla að skýra okkur frá öllum staðreyndum málsins og draga ekkert undan. Hann sagðist einnig vilja vera með í talningu á sjóði sínum og kvaðst á allan hátt vilja aðstoða við að upplýsa málið. Ekki hafði komið ákveðið fram hversu mikinn halla Óli taldi vera á sjóðnum. Uppgjör á talningu á sjóði Óla gekk vel og gaf Óli skýringar á öllum atriðum talningarinnar þar sem skýringa þurfti við. Þeir sem fyrst og fremst unnu við talninguna vorum við Ólafur Karlsson og Gylfi Jónsson frá aðalendurskoðun og Guðlaugur Baldursson, sem sér um bókhald Póst- og símstöðvarinnar. Einnig voru viðstaddir Ársæll Magnússon umdæmisstjóri og Gísli Eyland stöðvarstjóri. Niðurstaða sjóðsuppgjörsins var halli, sem nam kr. 7.267.629,45. Við endurtalningu sjóðsins, er hann var leystur upp, og við afstemmingu við bókhald stöðvarinnar urðu nokkrar breytingar á upphæð hallans, þannig að hann er nú kr. 7.280.765,15."

Meðfylgjandi framangreindri skýrslu fylgdi sjóðsyfirlit yfir Póst- og símstöðina á Akureyri, dags. þann 11.06. 1986. Var það undirritað af framangreindum aðilum auk ákærða Óla G. Jóhannssonar sem var viðstaddur sjóðtalningu eins og að framan greinir.

Með bréfi dags. 16. júní 1986 óskaði samgönguráðuneytið þess að embætti ríkissaksóknara hlutaðist til um opinbera rannsókn vegna ætlaðrar sjóðsvöntunar ákærða við Póst- og símstöðina á Akureyri.

Rannsókn málsins hófst hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri hinn 22. júní 1986 með því að tekin var skýrsla af vitninu Gísla Jóni Juul Eyland, stöðvarstjóra Pósts og síma á Akureyri.

Vitnið kvaðst hafa verið skipað stöðvarstjóri hinn 1. júlí 1980. Kvaðst vitnið heyra undir Ársæl Magnússon umdæmisstjóra. Vitnið kvaðst hafa haft yfirumsjón með starfi Pósts og síma á Akureyri auk bréfahirðingar á Hjalteyri, Hauganesi, Litla-Árskógssandi og Grímsey. Til aðstoðar kvaðst vitnið hafa Guðlaug Baldursson fulltrúa, er annist bókhald stöðvarinnar. Vitnið kvað undirmann Guðlaugs hafa verið ákærða Óla G. Jóhannsson,

fulltrúa og aðalgjaldkera stöðvarinnar. Vitnið kvað alla gjaldkera stöðvarinnar gera upp við ákærða, þ.e. gjaldkera á bréfapóststofu, bögglastofu og skeytamóttöku. Þannig kvað vitnið alla daglega innkomu hafa runnið til ákærða, en hann hafi síðan gert upp daginn, gengið frá innkomu í banka og lagt færsluseðla fyrir sjóðbók ásamt fylgiseðlum til Guðlaugs Baldurssonar. Vitnið kvað uppgjör ákærða ávallt hafa stemmt að undanskildum eðlilegum smáleiðréttingum. Vitnið skýrði frá því að það hefði að morgni 11. júní 1986 verð boðað á fund umdæmisstjóra. Vitnið kvað þar hafa verið fyrir þá Ólaf Karlsson aðalendurskoðanda og Gylfa Jónsson, skrifstofustjóra í endurskoðun. Vitnið kvað þá hafa verið með myndrit af innborgunarseðlum orlofs frá Póstgíróstofunni og Útgerðarfélagi Akureyringa, er sýndu misræmi á milli dagsetninga á innborguðu orlofi frá Útgerðarfélaginu. Við athugun kvað vitnið það hafa komið í ljós að innborgunarseðlar sem ákærði hafði tekið á móti höfðu ekki verið lagðir inn í dagsuppgjör. Í þess stað hefðu seðlarnir verið utan sjóðs í allt að 2 mánuði. Þá kvað vitnið endurskoðendurna hafa haft meðferðis innborgunarseðla þar sem greinilegt hafi verið að útbúnir höfðu verið nýir seðlar. Kvaðst vitnið hafa þekkt rithönd ákærða á þessum seðlum.

Vitnið skýrði frá því að ákærði hefði í framhaldi af framangreindri athugun verið kallaður fyrir. Kvað vitnið ákærða þegar hafa viðurkennt er honum voru sýnd ofangreind gögn, að hafa haldið eftir innborguðu orlofsfé síðasta orlofsár og ekki gert skil á því á réttum tíma. Eftir viðræður við lögfræðing kvað vitnið ákærða hafa rætt einslega við endurskoðendurna og umdæmisstjóra. Eftir þær viðræður hafi uppgjörskassi ákærða verið sóttur og upp úr honum talið á skrifstofu umdæmisstjóra að ákærða viðstöddum og niðurstöður færðar á sjóðsyfirlit. Eftir það kvað vitnið ákærða hafa lagt fram 9 innborgunarseðla fyrir orlofsfé að fjárhæð kr. 1.735.577,00 auk 40 afrita af símapóstávísunum frá Grímsey, þar af 38 seðla sem ákærði viðurkenndi að hafa haldið eftir án bókunar, samtals að fjárhæð kr. 1.617.235,40. Að lokum kvað vitnið ákærða hafa lagt fram gíróseðil að upphæð kr. 1.709.786,25 þar sem greiðandi var Póstur og sími og viðtakandi Póststofan.

Að teknu tilliti til óbókaðra þátta, er ákærði tilgreindi við sjóðstalninguna, kvað vitnið kr. 10.514.666,58 hafa átt að vera í sjóði hans, en reynst vera kr. 3.245.127,13.

Vitnið staðfesti undirskrift á framangreindu sjóðsyfirliti, en greindi frá því, að við endurtalningu hafi endanleg sjóðsvöntun ákærða numið kr. 7.280.765,15.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri hinn 23. júní 1986. Viðurkenndi ákærði þegar við upphaf yfirheyrslunnar að hafa dregið sér fé í starfi sínu. Kvaðst hann hafa lagt spilin á borðið er hann var kallaður á fund umdæmisstjóra þann 11. júní s.á. Ákærði kvað þar

þá hafa verið fyrir þá Ólaf Karlsson, aðalendurskoðanda Pósts og síma, Gylfa Jónsson, skrifstofustjóra endurskoðunar, Gisla Eyland stöðvarstjóra og Guðlaug Baldursson fulltrúa. Ákærði sagði að þeir hefðu verið með myndrit af innborgunarseðlum orlofs er sýndu að hann hefði geymt innborgunarseðla og ekki fært þá til bókar. Eftir að hafa rætt við lögfræðing sinn kvaðst hann hafa boðið aðstoð sína við að upplýsa málið á allan hátt. Staðfesti ákærði undirritun sína á sjóðsyfirliti dags. 11.06. 1986 svo og niðurstöðutölur sjóðsvöntunar. Þá kvaðst hann við sama tækifæri hafa óskað þess að vera leystur frá störfum og því afhent alla þá lykla er hann hafði við stofnunina.

Ákærði lýsti því yfir að fjárdráttur hans við Póst- og símstöðina á Akureyri hefði verið þríþættur: Í fyrsta lagi hafi verið um að ræða símapóstávísanir frá Grímsey sem hann hafi dregið að bóka. Í öðru lagi kvaðst ákærði hafa haldið eftir innborgunarseðlum orlofs. Í þriðja lagi kvaðst ákærði hafa notað svokallaða D-giróseðla.

Verða nú raktir framburðir ákærða um hvern ofangreindra þátta og getið þeirra gagna er aflað var við rannsókn málsins.

Símapóstávísanir frá Pósti og síma, Grímsey.

Við yfirheyrslur hinn 23. júní 1986 lýsti ákærði fjártökum sínum á símapóstávísunum frá Grímsey. Í upphafi yfirheyrslunnar skýrði ákærði frá því að símstöðin í Grímsey gerði eigi sjálfstætt upp, heldur hefðu afrit ávísananna verið send til símstöðvarinnar á Akureyri. Sökum þess hve afritin hefðu borist óreglulega kvaðst hann hafa komið því til leiðar, að skil frá Grímsey væru gerð vikulega.

Ákærði skýrði frá því að með því að bóka afritin frá Grímsey ekki inn í sjóð hefði hann haft möguleika á að halda eftir greiðslum um ákveðinn tíma. Kvaðst ákærði þannig hafa getað haldið eftir greiðslum í 10-15 daga og upp undir mánuð. Að þeim tíma liðnum kvaðst ákærði hafa gert skil á greiðslunum, en þá haldið eftir nýjum greiðslum er þá höfðu borist símstöðinni á Akureyri.

Aðspurður kvaðst ákærði fyrst hafa haldið eftir greiðslum á þennan hátt fyrir rúmu ári.

Eins og að framan var lýst lagði ákærði fram 38 símapóstávísanir við upphaf þessa máls hinn 11. júní 1986, er hann var kallaður á fund yfirmanna Pósts og síma á Akureyri og endurskoðanda stofnunarinnar, samtals að fjárhæð kr. 951.555,80. Útborgunarstaður allra þessara seðla var á Akureyri. Þá voru og lagðar fram 26 símapóstávísanir er voru til útborgunar utan Akureyrar, samtals að fjárhæð kr. 665.679,60.

Við yfirheyrslur kannaðist ákærði við framangreind afrit og að hafa dregið sér andvirði þeirra samtals að fjárhæð kr. 1.617.235,40.

Að frumkvæði rannsóknaraðila fór fram athugun á póst- og símaávísunum frá símstöðinni í Grímsey fyrir árin 1982 til 1985. Við yfirheyrslur þann 5. ágúst 1986 voru ákærða kynntar niðurstöður þeirrar athugunar og hann inntur eftir því frá hvaða tíma hann hefði haldið eftir slíkum greiðslum. Kvaðst ákærði hafa byrjað að halda eftir símapóstávísunum utan bókar um það leyti er hann fór í sumarleyfi árið 1985.

Samkvæmt yfirliti Póst- og símamálastofnunar tók ákærði 9 daga orlof þann 31. ágúst 1985. Viðurkenndi ákærði að hafa haldið eftir greiðslum fyrir þann tíma eða allt aftur til mánaðamóta mars/apríl 1985, í fyrstu í fremur litlum mæli miðað við það er síðar varð er á hafi komist einskonar kerfi.

Aðspurður greindi ákærði frá því að aldrei hefðu verið gerðar athugasemdir af hálfu endurskoðenda við drátt á uppgjöri símapóstávísana frá Grímsey.

D-gíróseðlar.

Ákærði kvaðst hafa notað D-gíróseðla Póstgíróstofunnar líkt og ávísanakeðju. Þannig hafi hann búið til bankainnlögn, sem raunverulega hafi eigi verið til. Á þann hátt kvaðst ákærða hafa tekist að dekka sjóðsvöntun frá degi til dags. Til að halda keðjunni gangandi kvaðst ákærði hafa útbúið gíróseðla, stílaða á póststofuna, gefið þá út og framselt. Gíróseðlana kveðst ákærði hafa sent til banka þannig að innlögn í sjóði hans væri rétt. Innborgunarhluta gíróseðlanna kvaðst ákærði hafa haldið einum sólarhring lengur. Á þennan hátt kvaðst hann hafa nýtt sér tímamismun sem er á tölvukeyrslu Reiknistofnunar bankanna og Póstgíróstofunnar. Kvaðst ákærði hafa þurft að leika þennan leik daglega til þess að kerfi hans gengi upp.

Ákærði kvað gíróseðil þann er hann lagði fram á fundinum 11. júní 1986 hafa komið til með þessum hætti.

Ákærði kvaðst hafa útbúið gíróseðlana eftir færsluseðli fyrir dagbók er hann hafði undir höndum. Mismun inn- og útborgana kvaðst ákærði hafa dekkað með D-gíróseðlum, eins og áður sagði.

Við rannsókn málsins voru lagðir fram 62 gíróseðlar -ávísanahluti- dagsettir frá 28. febrúar til 10. júní 1986. Greiðandi seðlanna var skráður Póstur og sími, Akureyri, en viðtakandi ýmist Pósthúsið eða Póststofan.

Við yfirheyrslur hefur ákærði viðurkennt að hafa ritað og framselt alla seðlana í þeim tilgangi að velta á undan sér sjóðsvöntun með tilbúnum bankainnlögnum.

Ákærði kvaðst hafa byrjað að nota D-gíróseðlana með framangreindum hætti í nóvember 1985. Er það í samræmi við niðurstöður athugana Fjármáladeildar Póst- og símamálastofnunar.

Innborgunarseðlar fyrir orlof.

Við yfirheyrslu hinn 23. júní 1986 viðurkenndi ákærði að hafa haldið orlofsgreiðslum fyrirtækja fyrir utan sjóð og þannig dregið sér fé. Kvaðst ákærði hafa haft þar sama háttinn á og við símapóstávísanirnar frá Grímsey. Þannig kvaðst hann hafa gert skil á eldri greiðslum er nýjar orlofsgreiðslur bárust. Ákærði kvaðst hafa haldið slíkum greiðslum utan sjóðs í 10 - 15 daga og allt að 6 vikum og jafnvel lengur í undantekningatilvikum. Sagði ákærði að yfirleitt hafi verið um að ræða orlofsgreiðslur frá Útgerðarfélagi Akureyringa hf., en einnig kvaðst hann hafa haldið eftir orlofsgreiðslum annarra fyrirtækja og stofnana svo sem Akureyrarbæjar, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og fleiri.

Ákærði skýrði frá því að komið hafi fyrir að aðrir gjaldkerar hafi tekið við orlofsgreiðslum. Kvaðst hann þá hafa tekið við afritum innborgunarseðlanna til lokauppgjörs. Viðurkenndi ákærði að hafa þá í undantekningatilvikum rifið afritin og útbúið ný. Einnig kvaðst ákærði hafa breytt innborgunarseðlum.

Á margnefndum fundi þann 11. júní 1986 lagði ákærði fram afrit 9 innborgunarseðla fyrir orlof. Var eitt afrit frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri að fjárhæð kr. 867.306,00, eitt frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 340.853,00 og loks sjö frá Útgerðarfélagi Akureyringa hf. að fjárhæð kr. 527.418,00. Samtals að fjárhæð kr. 1.735.577,00.

Er aflað hafði verið frumrita hjá greindum fyrirtækjum og þau borin saman við framlögð afrit, þá mátti sjá hinn raunverulega innborgunardag orlofsins, er var frá 22. maí til 10. júní 1986. Viðurkenndi ákærði að hafa tekið á móti innborgunarseðlunum og dregið sér greiðslurnar og ætlað að greiða seðlana er nýjar orlofsgreiðslur bærust.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa byrjað að halda innborgunarseðlum orlofs utan bókar árið 1985.

Rannsóknarlögreglunni á Akureyri bárust frá Póstgíróstofunni í Reykjavík afrit innborgunarseðla fyrir orlofsgreiðslur frá orlofsárinu 1985 til 1986 fyrir eftirtalin fyrirtæki:

1. Útgerðarfélag Akureyringa hf.
2. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
3. Samherja hf., Akureyri.
4. Súlur hf., Akureyri.
5. Sigurbjörn sf., Grímsey.

Viðeigandi frumrita var aflað frá fyrirtækjunum. Við samanburð afrita og frumrita kom eftirfarandi í ljós:

1. Útgerðarfélag Akureyringa hf.

Við samanburð á 192 innborgunarseðlum reyndust dagstimplar 156 afrita

og frumrita ekki í samræmi. Þar af hafði 17 afritum verið breytt með því að strika yfir dagsetningar eða þeim breytt með penna. Loks höfðu ný afrit verið gerð í 3 tilvikum.

Við yfirheyrslur lögreglu inn 27. júní 1986 viðurkenndi ákærði að hafa haldið afritum ofangreindra innborgunarseðla án bókunar og þannig dregið sér fé eins og að framan er lýst. Þá kvaðst hann og hafa útbúið ný afrit og breytt öðrum.

2. - 5. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Samherji hf., Súlur hf. og Sigurbjörn sf., Grímsey.

Við athugun á dagstimplum afrita og frumrita reyndust 19 ekki í samræmi, þar af hafði í einu tilviki verið útbúið nýtt afrit. Er ákærða var kynnt framangreind niðurstaða kannaðist hann við að hafa haldið afritunum eftir án bókunar með sama hætti og að ofan er lýst.

Ákærði kvaðst hafa haldið framangreindum orlofsgreiðslum eftir og kvað hann þær sýna veltu hans á þessum þætti málsins, en fjárdráttur hans hafi numið þeirri fjárhæð er greint var frá í sjóðsyfirliti dagsettu 11. júní 1986, kr. 1.735.577,00.

Verða nú raktir framburðir vitna.

Vitnið Steinunn Helga Sigvaldadóttir, f. 25.02. 1944, hefur skýrt svo frá að það hafi hafið störf á Póststofunni á Akureyri þann 9. apríl 1985. Frá 1. ágúst sama ár kvaðst vitnið hafa unnið við innskrift gíróseðla og orlofs í tölvu. Varðandi gíróinnfærslur kvaðst vitnið hafa fært í tölvuna tölvurákina neðst á seðlunum ásamt upphæð þeirra, en eigi greiðanda og viðtakanda. Aðspurt kannaðist vitnið við að hafa séð innborgunarhluta D-gíróseðla þar sem Póstur og sími var að greiða Póststofunni peninga. Kvaðst vitnið hafa hugleitt hvers konar greiðslur væru þar á ferð, en talið að þar væri um eðlilegar bókhaldsfærslur að ræða og því einskis spurt. Aðspurt gat vitnið eigi tilgreint hvenær það sá fyrst slíka seðla og ekki hvort slíkir seðlar hefðu borist daglega. Vitnið skýrði frá því að miklar fjárhæðir hafi farið um póststofuna og kvað vitnið því upphæðir umræddra seðla ekki hafa vakið sérstaka athygli.

Vitnið kvaðst einnig hafa fært orlofsgreiðslur í tölvu. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli að útborgunardagur á innfærslum orlofs var eigi ætíð í samræmi við greiðslustimpil póststofunnar. Vitnið kvaðst þá hafa talið að viðkomandi fyrirtæki hefði dregið að koma með innfærsluseðlana til innborgunar frá því að það lét útbúa þá.

Vitnið Guðlaugur Baldursson fulltrúi, f. 15.03. 1937, kvaðst hafa hafið störf á Pósthúsinu á Akureyri í mars 1953 en starfað sem fulltrúi síðan 1980. Vitnið kvaðst í starfi sínu hafa heyrt undir Gísla Eyland stöðvarstjóra og Ársæl Magnússon umdæmisstjóra. Vitnið skýrði frá því að ákærði hefði

verið undirmaður þess. Vitnið kvað ákærða hafa verið aðalgjaldkera póststöðvarinnar. Vitnið kvað starf ákærða m.a. hafa verið fólgið í því að taka við uppgjöri annarra gjaldkera, stemma uppgjörið af og ganga frá því í tösku til innlagningar í banka. Að morgni hvers dags kvaðst vitnið hafa tekið við færsluseðli fyrir sjóðsdagbók úr greindri tösku ásamt þeim fylgiskjölum er ekki hefðu verið send áfram samkvæmt eðli þeirra, svo sem póstávísanir og gíróseðlar. Vitnið kvað ákærða hafa útfyllt framangreinda færsluseðla við uppgjör. Kvaðst vitnið hafa farið yfir færsluseðlana og athugað um afstemmingu þeirra. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki hafa haft eftirlit með sjóðum ákærða né talið sig hafa haft þar endurskoðunarskyldu. Vitnið skýrði frá því að það hefði haft fyrir reglu að bera saman á 10 daga fresti inn- og útborganir gíróseðla og póstávísana, miðað við tölvuinnfærslu og undirbækur.

Vitnið skýrði frá því að allar færslur og tölur hafi verið nákvæmar hjá ákærða og ekki kvaðst það hafa orðið vart við neins konar undandrátt af hans hálfu.

Vitnið gat þess að það hefði ekkert haft með D-gíróseðla að gera þar sem þeir hefðu farið til tölvuskrárritarans, Steinunnar Helgu.

Vitnið lýsti margnefndum fundi þann 11. júní 1986 á sama hátt og vitnið Gísli Eyland stöðvarstjóri. Þá kannaðist vitnið við undirskrift og niðurstöðutölur sjóðsvöntunar á sjóðsyfirliti, svo og þær leiðréttingar er síðar voru gerðar.

Vitnið Ársæll Magnússon, umdæmisstjóri Pósts og síma, f. 13.10. 1928, kvaðst í starfi sínu hafa stjórnað rekstri Pósts og síma á Akureyri en ekki haft afskipti af daglegu bókhaldi.

Vitnið skýrði frá því, að við fyrri endurskoðanir Póstsöðvarinnar á Akureyri þann 30. ágúst 1985 og 20. mars 1986 hefðu engar athugasemdir verið gerðar við fjárreiður stöðvarinnar. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa veitt ákærða áminningu í starfi, enda hann aldrei staðinn að ólögmætu athæfi frá því að það hóf störf sem umdæmisstjóri árið 1976.

Aðspurt kvað vitnið ákærða hafa gegnt starfi fulltrúa frá 1. janúar 1981. Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið formlega skipaðan aðalgjaldkera Pósts og síma á Akureyri, en að áliti vitnisins hafi svo verið í raun þar sem hann hafi tekið við uppgjöri annarra gjaldkera og annast dagsuppgjör stöðvarinnar.

Vitnið staðfesti að lokum undirskrift sína á sjóðsyfirliti dags. 11.09. 1986.

Með bréfi bæjarfógetans á Akureyri, dags. 22. júlí 1986, var þess krafist að Fjármáladeild Póst- og símamálastofnunar hlutaðist til um eins rækilega endurskoðun á bókhaldi Pósts og síma á Akureyri, þ. á m. á orlofsgreiðslum fyrirtækja á árunum 1981-1986. Í bréfi Fjármáladeildar dags. 28. júlí s.á. segir svo:

„Athugaðir voru innborgunarseðlar fyrirtækja á Akureyri fyrir orlofsfé, greiddir á pósthúsinu á Akureyri á eftirfarandi tímabilum: 2.1. 1981 til 31.3. 1981, 18.8. 1981 til 30.10. 1981, 4.1. 1982 til 30.4. 1982 og 1.9. 1982 til 30.4. 1985. Í upphafi rannsóknar málsins voru frumrit innborgunarseðla fyrir síðastliðið orlofsár afhent embættinu. Rétt er að taka fram að engin gagnaskráning fór fram á Akureyri fyrr en í desember 1983, en áður voru öll gögn send í pósti til Póstgíróstofu, þar sem gagnaskráning fór fram og innborgunarseðill þá um leið stimplaður með dagsstimpli skráningardags. Nokkrir dagar gátu því liðið frá innborgun á pósthúsi þar til gagnaskráning fór fram. Aðeins sá hluti seðla var tekinn út úr sem hugsanlega gætu verið athugaverðir að mati stofnunarinnar. Ekki verður ráðið af þessum seðlum hvort eitthvað athugavert er við þá nema fá frumrit innborgunarseðla hjá viðkomandi fyrirtækjum. Rétt er einnig að benda á að greiðslustimpil pósthússins á Akureyri vantar á stóran hluta afrita Póstgíróstofu, en það er þó ekki einskorðað við Akureyri á þessum tíma."

Rannsóknarlögreglan á Akureyri hefur aflað viðeigandi frumrita af innborgunarseðlum fyrir orlof frá fyrirtækjum í samræmi við gögn þau, er fylgdu bréfi Fjármáladeildar Póst- og símamálastofnunar.

Við samanburð á ofangreindum gögnum kom fram misræmi á dagstimplum afrita og frumrita í neðangreindum tilvikum.

1. Akureyrarbær.

a) Innborgunarseðill nr. 346636, kr. 188.519,00. Dagsetning greiðslu: 12.12. 1983. Innfærslustimpill Póstgíróstofu: 11.01. 1984.

b) Innborgunarseðill nr. 346640, kr. 160.571,00. Dagsetning greiðslu: 10.01. 1984. Innfærslustimpill Póstgíróstofu: 16.02. 1984.

2. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Við samanburð afrita og frumrita á 6 innborgunarseðlum, 3 1983 og 3 1984, kom fram misræmi á dagsetningum eins og lýst er í 1. lið að framan. Þar af hafði í einu tilviki verið útbúið nýtt afrit.

3. Útgerðarfélg Akureyringa hf.

Við samanburð afrita og frumrita 36 innborgunarseðla orlofs frá árunum 1982 til 1985 kom fram misræmi á dagsetningum eins og lýst er í 1. lið hér að framan. Þar af hafði í fjórum tilvikum verið búið til nýtt afrit.

Misræmi kom fyrst fram á innborgunarseðli nr. 313242 að fjárhæð kr. 263.064,38 frá árinu 1982. Þar var dagsetningarstimpill 23. sept. 1982, en innfærslustimpill hjá Póstgíróstofu þann 7. október 1982.

Er ákærða voru kynnt framangreind gögn kvaðst hann hafa haldið orlofsgreiðslum fyrirtækjanna eftir án bókunar í samræmi við mismun á

dagsetningum stimplanna. Þá viðurkenndi ákærði með vísan til framlagðra gagna að hafa haldið reglulega eftir innborgunarseðlum orlofs frá því í febrúarmánuði 1985.

Við áframhaldandi rannsókn málsins fór fram könnun á eigna- og skuldastöðu ákærða. Voru þá m.a. athugaðir bankareikningar ákærða, þ.m.t. tékkareikningar.

Skattstofan í Norðurlandsumdæmi eystra lét rannsóknaraðilum í té tiltæk skattframtöl ákærða fyrir árin 1980 - 1985.

Samkvæmt skattframtölum reyndust launatekjur ákærða 1982 - 1984 vera eftirfarandi:

1.	Launatekjur árið 1982	kr. 220.728,00
2.	Launatekjur árið 1983	kr. 323.117,00
3.	Launatekjur árið 1984	kr. 403.551,00

Við athugun á tékkareikningi ákærða nr. 113 við Útvegsbanka Íslands reyndust innlögð laun ákærða 1985 - 1986 vera eftirfarandi:

4.	Launatekjur árið 1985	kr. 567.244,00
5.	Launatekjur 01.01.-31.05. 1986	kr. 256.788,00

Rannsóknaraðilar könnuðu úttektir ákærða á tékkareikningum hans við Útvegsbanka Íslands, nr. 113, og Landsbanka Íslands, nr. 19351, á tímabilinu frá 1981 til 13.06. 1986 með hliðsjón af útborguðum launum hans fyrir sama tíma.

Niðurstöður eru þessar:

1981	Alls úttekið af tékkareikningi	kr.	635.500,84
	Útborguð laun	kr.	118.314,00
1982	Alls úttekið af tékkareikningi	kr.	1.164.940,70
	Útborguð laun	kr.	150.363,00
1983	Alls úttekið af tékkareikningi	kr.	1.216.332,70
	Útborguð laun	kr.	276.101,00
1984	Alls úttekið af tékkareikningum	kr.	2.949.966,50
	Útborguð laun	kr.	275.592,00
1985	Alls úttekið af tékkareikningum	kr.	3.047.758,20
	Útborguð laun	kr.	432.328,00
1986 01.01. 13.06.			
	Úttekið af tékkareikningum	kr.	1.214.505,00
	Útborguð laun	kr.	175.168,00

Samkvæmt framangreindum skattframtölum og framburði ákærða voru helstu eignir hans þessar:

a) Fasteignin Reynilundur 5, 142 m². Bílskúr 45,6 m².
b) Bifreiðin A-3233, Opel Kadett árg. 1985.
c) Átta hestar og 2 - 3 folöld.

Skuldir hjá lánastofnunum kvað ákærði hafa verið litlar. Er það í samræmi við fyrirliggjandi skattframtöl.

Með vísan til framangreindra athugana var Fjármáladeild Póst- og símamálastofnunar, með áðurnefndu bréfi dags. 22. júlí 1986, krafin um ítarlega endurskoðun á bókhaldi Póst- og símstöðvarinnar á Akureyri.

Í niðurlagi skýrslu Fjármáladeildar, dags. 28. júlí s.á., segir svo:

„Gert hefur verið nýtt yfirlit yfir sjóðsvöntun Óla G. Jóhannssonar eins og hún er nú 28.07. '86.

Sjóðsmismunur Ó.G.J. skv. uppgjöri 11.6. '86	kr.	7.267.629,45
Leiðrétting á innb. póstáv. frá 10.6. '86	kr.	17.631,00
Hluti uppgjörs v/seldra símaskráa sem bókað var 13.6. '86.	kr.	1.500,00
Leiðrétt talning skv. yfirl. frá 13.6. '86.	kr.	5.995,30
	kr.	(7.280.765,15)
Sjóður Karolínu Árnadóttur	kr.	19.912,00
Uppgjör frá símaafgreiðslu 13.5. '86.	kr.	924,45
Sjóðir sem fundust 10. júlí í símaafgr. 1. hæð	kr.	12.790,00
Leiðrétt sjóðsvöntun hjá Óla G. J.	kr.	7.247.138,70

Eins og fram kom í skýrslu Aðalendurskoðunar frá 14.6. '86, var sjóðsvöntun Óla G. Jóhannssonar þá talin vera kr. 7.280.765,15. Síðan hafa þrjár leiðréttingar verið gerðar, eins og sést á yfirlitinu hér að framan. Allar þessar upphæðir hafa komið Óla til góða og hefði hann raunar átt að benda á þær við talningu sjóðsins 11.6. '86. Þessar leiðréttingar hafa verið bókaðar á skilagreinar frá Póst- og símstöðinni á Akureyri, og fylgja ljósrit af þeim hér með.

Þar sem svo langt er nú liðið frá því að Óli hætti störfum, teljum við að þessi niðurstaða, þ.e. sjóðsvöntun kr. 7.247.138,70, sé endanleg. Fyrirvari er þó gerður um breytingu á sjóðsvöntun ef nýjar upplýsingar leiða annað í ljós."

Fyrir sakadómi Akureyrar hinn 9. apríl 1987 staðfesti Ólafur Karlsson aðalendurskoðandi og Gylfi Jónsson, skrifstofustjóri endurskoðunar Póst- og símamálastofnunar, skýrslur sínar og niðurstöðutölur sjóðsvöntunar.

Vitnið Ólafur Karlsson greindi frá því, að sjóður sá er ákærði hafði undir höndum hefði verið einn stærsti sjóður hjá Póst- og símamálastofnun.

Aðspurt kvað vitnið engar athugasemdir hafa verið gerðar við bókhald Pósts og síma á Akureyri við fyrri endurskoðanir. Vitnið gat þess að D-gíróseðlar þeir, sem ákærði notaði, hafi ekki komið til athugunar við endurskoðun bókhaldsins þar sem þeir hefðu einungis verið sendir til banka og Póstgíróstofu.

Er ákærði var inntur eftir ástæðum fyrir fjártöku hans úr sjóði Pósts og síma nefndi hann m.a. rekstur á sýningarsalnum Gallery Háhól. Kvaðst ákærði hafa hafið þann rekstur fyrir allmörgum árum og gengið vel í fyrstu. Er halla fór undan fæti kvaðst ákærði hafa freistast til að leysa fjárhagsvanda sinn um stundarsakir með fjártökum úr sjóði. Kvaðst ákærði hafa greitt lausaskuldir er safnast höfðu upp hjá nokkrum aðilum, en neitaði að tilgreina lánardrottna eða upphæðir skuldanna.

Við yfirheyrslur var ákærði ítrekað beðinn að gera grein fyrir þeim fjármunum er hann hafði viðurkennt að hafa tekið út sjóðum Pósts og síma, jafnframt því sem hann var krafinn skýringa á veltu hans á tékkareikningum langt umfram launagreiðslur.

Ákærði kvaðst hafa slegið um sig og lifað hátt á þessu tímabili. Ennfremur kvaðst hann hafa gert verulegar endurbætur á fasteigninni Reynilundi 5. Þá kvaðst ákærði hafa notað rúmlega 50.000,00 úr sjóði Pósts og síma er hann keypti bifreiðina A-3233. Loks vísaði ákærði til þess að við síðari yfirheyrslur hafi hann viðurkennt að fjárdráttur hans hefði staðið í mun lengri tíma en í upphafi rannsóknar var talið eða allt til ársins 1982.

Er ákærði var inntur eftir aðferð þeirri er hann viðhafði við fjártökur úr sjóði, skýrði hann frá því að oft hefði hann greitt skuldir til aðila er hann var við vinnu sína. Kvaðst hann þá hafa ritað ávísanir og skipt þeim í pósthúsinu.

Einnig kvaðst ákærði hafa farið með peninga úr sjóði í vasanum. „Það var aldrei mikið í einu, en margt smátt gerir eitt stórt."

Loks kvaðst ákærði aðspurður eigi neita því að peningar úr „þessari myllu" hefðu verið lagðir inn á reikning nr. 113 í Útvegsbanka Íslands, Akureyri.

Fyrir dómi hinn 9. apríl 1987 voru ákærða rækilega kynntar skýrslur endurskoðenda Póst- og símamálastofnunar ásamt fylgiskjölum og undir hann bornar leiðréttingar lið fyrir lið er gerðar höfðu verið við meðferð málsins. Ákærði hafði engar athugasemdir fram að færa og vefengdi eigi útreikninga endurskoðenda. Viðurkenndi ákærði að hafa dregið sér kr. 7.247.138,70 úr sjóði Pósts og síma á Akureyri.

Niðurstöður:

Með afdráttarlausri játningu ákærða og að virtum öðrum gögnum málsins, en ákærði hefir eigi vefengt að sjóðsvöntun nemi krónum 7.247.138,70

svo sem í ákæru getur, verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um fjárdrátt. Varðar brot hans við 1. mgr. sbr. 2. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 svo sem í ákæru greinir, en ákærði var opinber starfsmaður er hann framdi brot sitt.

Sakarferill ákærða hefur ekki áhrif á brot það sem hér um ræðir, en við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess að fjárdráttur ákærða var stórfelldur. Jafnframt ber að ákvarða refsingu með hliðsjón af því, að eftir að rannsókn máls þessa hófst endurgreiddi ákærði Póst- og símamálastofnun verulegan hluta þess fjár, sem hann hafði dregið sér. Eigi hefur verið krafist bóta af hálfu Póst- og símamálastofnunar.

Við ákvörðun refsingar ber loks að líta til þess að ákærði missti stöðu sína.

Refsing ákærða þykir með hlisjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 16 mánuðir.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 35.000,00 og málsvarnaralaun skipaðs verjanda, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000,00.

Dómsuppkvaðning í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Óli G. Jóhannsson, sæti fangelsi í 16 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 35.000,00, og málsvarnarlaun Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. júní 1988.

Nr. 70/1987. **Steinar Guðjónsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Heimi Guðmundssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Verksamningur. Geymslugreiðsla. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1987 og gerir áfrýjandi þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara að kröfur stefnda verði lækkaðar. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að frá 1. mars 1987 til greiðsludags sé skuld áfrýjanda „með hæstu lögleyfðum ársvöxtum vanskila, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 25 frá 1987". Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda greiðslu fyrir vinnu við að lagfæra þak á húsi og bílskúr áfrýjanda í Þorlákshöfn. Í stefnu er verkinu þannig lýst, að áfrýjandi hafi óskað eftir því, að stefndi „lagfærði skemmdir á klæðningu, vindskeiðum o.fl. þannig að þaki yrði eigi áfátt svo og að járnklæða þakið að viðgerð lokinni bæði á íbúðarhúsi og bílskúr", og að verkið hafi verið „unnið í júlí 1985". Á reikningi er tímabilið 11. til 26. júlí tilgreint og vinnustundir taldar samtals 133. Samkvæmt vinnuseðlum var unnið við þök til 31. júlí og sá tími allur meðtalinn í reikningi. Tveir vinnuseðlar eru fyrir vinnu 1. ágúst. Á öðrum þeirra er ekki sagt, hvað unnið var, en á hinum er verklýsingin: efnað í stokka, fellt að baðkeri. Áfrýjandi mótmælir því, að þarna hafi verið unnið fyrir sig. Vinnuseðlar þessir eru ekki í samræmi við verklýsingu í stefnu og þykir verða að taka mótmæli áfrýjanda við reikningsgerð stefnda að þessu leyti til greina. Að öðru leyti hefur áfrýjandi ekki hnekkt

reikningi stefnda en sjálfur kvaðst áfrýjandi fyrir dómi ekki hafa skrifað niður tíma, meðan á verkinu stóð.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ekki sé sannað að stefndi hafi gefið áfrýjanda eftir þann hluta kröfu sinnar, sem umfram er 15.000,00 krónur, og kemur enda fram í vitnisburði eiginkonu áfrýjanda, að stefndi hafi sagt, „að hann gæti ekki sætt sig við þetta". Stefndi tók við óútgefnum „víxli" að fjárhæð 15.000,00 krónur samþykktum af áfrýjanda pr. 15. október 1985 en snerist hugur og reif hann. Rifrildið liggur frammi í málinu og hefur nafn útgefanda ekki verið ritað á það. Hinn 26. ágúst 1985 krafði lögmaður stefnda áfrýjanda greiðslu allrar reikningsfjárhæðarinnar. Kröfunni var hafnað og því haldið fram að skuldinni hefði verið lokið með víxlinum. Á gjalddaga hans lagði áfrýjandi 15.000,00 krónur á greiðslugeymslu og fékk kvittun, sem lýst er í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð kvittun afgreiðslu Landsbanka Íslands í Þorlákshöfn 15. október 1985 „fyrir deponeringu nr. 8" með svohljóðandi texta:

„Steinar Guðjónsson, Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn. Nafnnúmer: 8407-1285 hefur í dag deponerað kr. 15.000,00 Fimmtánþúsund 00/100 vegna skuldar samkvæmt víxli pr. 15.10. 1985, að upphæð kr. 15.000,00 Steinar Guðjónsson, samþykkur og greiðandi. Heimir Guðmundsson útgefandi. Víxillinn greiddur upp." Áfrýjandi tilkynnti stefnda ekki um greiðsluna, en tilkynning um hana er hins vegar í bréfi lögmanns áfrýjanda til lögmanns stefnda 25. nóvember 1985. Eftir það gat stefndi sýnt víxilrifrildið í bankanum, gefið víxilinn út og fengið hann greiddan. Er honum enn sú leið opin.

Samkvæmt þessu þykir skuld áfrýjanda við stefnda vera sem hér segir:

Skuld samkvæmt reikningi	kr.	37.320,00
Frá dragast vinnuseðlar 1. ágúst 1985	kr.	3.873,00
	kr.	33.447,00
Frá dregst fjárhæð víxilsins	kr.	15.000,00
Eftistöðvar	kr.	18.447,00

Ber að dæma áfrýjanda til greiðslu þessarar fjárhæðar. Hækkun vaxtakröfu stefnda er mótmælt. Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað

málinu, en samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 verða vextir dæmdir eins og greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000,00 krónur.

Staðfesta ber löghaldsgerð þá, er fram fór 14. febrúar 1986, með þeirri breytingu, er leiðir af þessum úrslitum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Steinar Guðjónsson, greiði stefnda, Heimi Guðmundssyni, 18.447,00 krónur með 45% ársvöxtum af 33.447,00 krónum frá 1. september 1985 til 15. október s.á. en af 18.447,00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, síðan 33% ársvöxtum til 1. apríl s.á. en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 50.000,00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Staðfest er löghald í húseigninni að Skálholtsbraut 3 í Þorlákshöfn fyrir þessari dómsskuld.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 2. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. nóvember sl., er höfðað með stefnu birtri 24.02. sl.

Stefnandi er Heimir Guðmundsson húsasmíðameistari, nnr. 1464-2161, Lyngbergi 5, Þorlákshöfn.

Stefndi er Steinar Guðjónsson, nnr. 8407-1285, Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 37.320,00 auk 42% ársvaxta frá 1.8. 1985 til 1.9. s.á. en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Þá er krafist staðfestingar á löghaldsgerð er fram fór í húsi stefnda Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn, þann 14.2. sl. sem og greiðslu alls kostnaðar sem af henni leiðir og leiða kann.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu fyrir vinnu við lagfæringu á þaki á húsi og bílskúr en sú vinna var í té látin í júlímánuði 1985 skv. reikningi á dskj. nr. 3.

Reikningurinn er að fjárhæð kr. 37.320,00 sem er stefnukrafa máls þessa og er hann studdur vinnunótum starfsmanna stefnanda og stefnanda sjálfs á dskj. nr. 9 - 15 og dskj. 28 - 30.

Stefnandi fór á fund stefnda á heimili stefnda að kvöldi 15. ágúst og krafði um greiðslu skuldarinnar. Segir stefndi að hann hafi við það tækifæri boðið fram greiðslu í formi víxils að fjárhæð 15.000,00 með gjalddaga 15. október 1985. Kom fram hjá stefnanda að stefndi hafi haft orð á því við hann áður að stefnda þætti vinna við viðgerðina dýr.

Stefnandi kveðst hafa tekið við skuldarviðurkenningu þessari og hafi stefndi þá lýst því yfir að ekki yrði um frekari greiðslu að ræða af hans hálfu.

Stefnandi kveðst hafa orðið undrandi og reiður en í rauninni ekki vitað hvað hann ætti að gera.

Daginn eftir kom hann á heimili stefnda og lýsti því að hann sætti sig ekki við þessi málalok. Hann hafi rifið víxilinn til hálfs og sagst mundu fara með mál þetta lengra. Hins vegar hafi honum hugkvæmst áður að selja víxilinn en snúist hugur og því farið á fund stefnda eins og að framan greinir.

Stefndi kvað verk það er unnið var hafa verið unnið í tímavinnu. Honum hafi þótt reikningur fyrir vinnuna hár og ennfremur hafi hann aldrei fengið reikning frá stefnanda, honum hafi verið sýndir reikningar en ekki afhentir. Þá sagði hann að hann hafi talið nauðsynlegt að hafa votta að samtali þeirra stefnanda þar sem hann hefði ástæðu til að ætla að stefnandi rengdi það sem þeim fór á milli. Hefði stefnandi þá nokkru áður framvísað reikningi fyrir vinnu og hafi sagt stefnda að hann hefði slegið af honum kr. 10.000,00 vegna söluskatts. Hafi þetta gert sig tortrygginn í garð stefnanda og hafi hann viljað hafa vaðið fyrr neðan sig í viðskiptum þeirra.

Stefndi sagði að stefnandi hafi í fyrstu ekki viljað taka við víxlinum sem greiðslu en hafi síðan snúist hugur, tekið í hönd þeirra hjóna og lýst því yfir að málið væri þar með úr sögunni. Hins vegar hafi hann komið til sín daginn eftir og sagst munu fara lengra með mál þetta.

Vitnið Páll Magnússon, Sambyggð 10, Þorlákshöfn, kom fyrir dóm og kvað stefnda hafa beðið sig um að vera vitni að samtali þeirra stefnanda. Hafi hann beðið ásamt vitninu Sveinbirni Rúnari Helgasyni í herbergi inn af eldhúskróki þar sem stefnandi og stefndi ræddust við þann 15. ágúst 1985. Hafi hann átt að bíða og sjá hvað gerðist er stefndi byði fram víxilinn. Hafi stefnandi tekið við víxlinum, þakkað fyrir sig, sagst ekki munu standa í þessu lengur og farið. Vitnið staðfesti undirskrift sína á dskj. nr.

25 sem rétta og kvað efni skjalsins rétt. Hann kvaðst ekki hafa samið efni hennar né haft afskipti af orðalagi hennar. Hann telji að það hafi verið lögmaður stefnda sem samdi hana.

Vitnið Sveinbjörn Rúnar Helgason, Básahrauni 16, Þorlákshöfn, kom fyrir dóm. Hann sagði að stefndi hefði beðið þá Pál um að vera vitni að því er hann greiddi stefnanda með víxli og hefði stefndi talað um það fyrirfram við vitnið að hann ætlaði að bjóða stefnanda 15 - 20.000,00 krónur sem lokagreiðslu því honum þætti reikningar stefnanda fyrir vinnu of háir. Hann sagði að stefnandi hafi tekið við víxlinum og sagt að málið væri þar með úr sögunni, stefnandi og stefndi hefðu tekist í hendur og stefnandi síðan farið. Þá sagði vitnið að stefndi hefði sagt að stefnandi gæti sótt restina ef hann færi í mál við stefnda, hafi stefnandi neitað því og sagt að málið væri úr sögunni.

Vitnið staðfesti undirskrift sína á dskj. nr. 25 og kvað efni þess rétt og að hann hefði hvorki samið efni hennar né lesið hana fyrir.

Hjá báðum vitnum kemur fram að aðilar höfðu þráttað um fjárhæð reikningsins og greiðsluna. Vitnið Páll sagði að stefnandi hefði sagt að hann ætlaði ekki að standa í þessu meira.

Á dskj. nr. 25 er yfirlýsing dagsett 19. ágúst 1985 undirrituð af vitnunum Páli Magnússyni og Sveinbirni R. Helgasyni þar sem þeir m.a. kveðast hafa verið „viðstaddir sl. fimmtudag 15. þ.m., þegar svo samdist milli Steinars Guðjónssonar, Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn, og Heimis Guðmundssonar, Lyngbergi 5, Þorlákshöfn, að Heimir tæki í vinnulaun vegna framkvæmda við húseignina Skálholtsbraut 3 sem fullnaðargreiðslu kr. 15.000,00 og vorum við jafnframt vitni að því, þegar Steinar afhenti Heimi víxil að fjárhæð kr. 15.000,00, samþykktan af Steinari til greiðslu 15. október 1985. Lýsti Heimir því þá yfir, að hér væri um endanlegt uppgjör að ræða vegna þessara vinnulauna."

Vitnið Guðlaug Elfa Guðveigsdóttir, eiginkona stefnda, kom fyrir dóm og kvað stefnanda hafa tekið við víxli að fjárhæð kr. 15.000,00, þakkað fyrir og farið og sagt að þessu væri lokið. Hafi stefndi sagt að stefnandi gæti fengið þennan 15 þúsund kall og ekkert meir og hafi stefnandi sagt að hann gæti ekki sætt sig við þetta. Hafi stefnandi samt tekið við víxlinum og farið með hann eins og að framan greinir.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi reisir kröfur sínar á framlögðum reikningi ásamt vinnuseðlum. Hafi stefnandi ásamt starfsmönnum sínum unnið verk fyrir stefnda sem honum beri að greiða og vitnar hann til laga nr. 39/1922. Stefndi hafi ekki gert neitt til að véfengja reikning stefnanda.

Þá mótmælir stefnandi því að sannað sé að aðilar hafi gert með sér

samkomulag um að stefndi hafi gert upp kröfu stefnanda með því að afhenda honum víxil þann 15. ágúst 1985.

Þá var því mótmælt að stefndi hafi með greiðslu í Landsbanka Íslands í Þorlákshöfn efnt greiðsluskyldu sína þar sem stefnandi hafi ekki fengið neina tilkynningu frá stefnda um greiðsluna og ekki vitað um hana fyrr en rúmum mánuði eftir að hún var greidd. Verði stefndi því að bera hallann af því að geymslugreiðslu var áfátt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann skuldi stefnanda ekki neitt, þar sem samkomulag hafi orðið með þeim um að stefndi greiddi stefnanda sem fullnaðargreiðslu kr. 15.000,00 með víxli þann 15.10. 1985. Vísar hann um þetta til yfirlýsingar á dskj. nr. 25 og vættis vitnanna Páls Magnússonar og Sveinbjarnar Rúnars Helgasonar. Stefndi hafi geymslugreitt kr. 15.000,00 í Landsbanka Íslands, Þorlákshöfn, á gjalddaga víxilsins, þar sem hann hafði enga frekari tilkynningu fengið um vistunarstað. Hafi hann þannig fullnægt greiðsluskyldu sinni og eigi stefnandi því ekki frekari kröfur á hann.

Niðurstaða:

Stefnandi hefur lagt fram reikning fyrir vinnu sína og starfsmanna sinna og vinnuseðla sína og starfsmanna sinna á dskj. 9 - 15 og 28 - 30. Af hálfu stefnda voru gerðar athugasemdir við reikninginn í greinargerð á dskj. nr. 26.

Stefnda hefur ekki tekist að hnekkja reikningi stefnanda og þykir mega leggja hann til grundvallar í málinu.

Stefnandi tók víxil að fjárhæð kr. 15.000,00 með gjalddaga 15. október 1985 á fundi þeirra stefnda á heimili stefnda þann 15. ágúst 1985 en reikningsfjárhæð var kr. 37.320,00. Ekki kemur fram í málinu að stefnandi hafi áritað reikninginn um greiðslu eða gefið stefnda kvittun. Ummæli stefnanda í þá átt að hann ætlaði ekki að standa í þessu lengur hafa verið skýrð þannig af stefnda að honum væru gefnar upp skuldir. Á þessa málsástæðu verður ekki fallist þar sem ekki verður talið nægjanlega sannað að stefnandi hafi gefið stefnda upp eftirstöðvar skuldarinnar eins og á stendur í máli þessu. Þar að auki þykja ákvæði 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986 3. gr., girða fyrir að stefndi geti borið fyrir sig að honum hafi verið gefin eftir skuldin.

Á dskj. nr. 27 hefur verið lagt fram ljósrit af kvittun afgreiðslu Landsbanka Íslands í Þorlákshöfn dags. 15.10. 1985 þar sem segir í dálki merktum „skýringartexti" „deponering nr. 8" og er upphæð sú er greidd var kr. 15.000,00.

Ekki kemur fram hvað verið er að greiða eða hvers vegna geymslugreiðsla var nauðsynleg og ekki tilkynnti stefndi stefnanda um greiðsluna.

Greiðsla þessi fullnægði ekki ákvæðum laga nr. 9/1978 um geymslufé og þykir stefndi ekki hafa efnt greiðsluskyldu sína hvað þennan hluta skuldarinnar snertir.

Verður niðurstaða málsins því sú að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 37.320,00 en upphafstími vaxta verði 1. september þar sem ekki er ljóst að reikningi hafi verið framvísað fyrr en 15. ágúst 1985.

Þá ber að staðfesta löghaldsgerð, sem fór fram 14.2. sl. í húseign stefnda Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn.

Málskostnaður ákveðst kr. 28.000,00.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Steinar Guðjónsson, greiði stefnanda, Heimi Guðmundssyni, kr. 37.320,00 með 45% ársvöxtum frá 1.9. 1985 til 1. mars 1986 en með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á. en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 28.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Framangreint löghald í húseigninni nr. 3 við Skáholtsbraut í Þorlákshöfn er staðfest.

Löghaldsgerð fógetaréttar Árnessýslu 14. febrúar 1986.

Ár 1986, föstudaginn 14. febrúar var fógetaréttur Árnessýslu háður að lögreglustöðinni í Þorlákshöfn með undirrituðum vottum af fulltrúa sýslumanns Karli F. Jóhannssyni fulltrúa.

Fyrir tekið: Málið nr. 110/1986 Hilmar Guðmundsson gegn Steinari Guðjónssyni.

Fógeti leggur fram:

Nr. 1 - 7, gerðarbeiðni + reikninga.

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur og með honum Sigurður Sigurjónsson hdl. og krefst hann löghalds fyrir skuld skv. dskj. 1 að fjárhæð kr. 37.320,- með 42% ársvöxtum frá 1.8. 1985 til 1.9. s.á., en með 45% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Gerðarþoli mætir hér sjálfur og samþykkir hann að gerðin fari hér fram og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættum, sem er ólöglærður.

Mótmælir gerðarþoli framkominni kröfu og kveðst hafa gert upp við gerðarbeiðanda að fullu. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu gerðarþola lýsti fógeti yfir löghaldi í fasteigninni Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn, gegn kr. 40.000,- tryggingu. Af hálfu gerðarbeiðenda er lögð í réttinum 40.000,- kr. ávísun. Gerðarbeiðandi lýsir því yfir að hann hyggist fá ávísun þessari breytt í bankaábyrgð eftir helgi.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

Fimmtudaginn 23. júní 1988.

Nr. 165/1988. **Guðrún Skarphéðinsdóttir**
gegn
Þorvaldi Ara Arasyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með kæru 4. maí 1988, sem barst Hæstarétti 3. júní sl., kært úrlausn þinglýsingardómara í Reykjavík um þinglýsingu og aflýsingu yfirlýsinga og er hún svohljóðandi:

„Skjali þessu er þinglýst sem einhliða yfirlýsingu.

Yfirlýsingu A 7456/87 verður ekki aflýst að svo stöddu."

Sóknaraðili krefst þess að úrlausn þinglýsingardómara verði hrundið og lagt fyrir hann að framkvæma hina umbeðnu þinglýsingarathöfn með því að þinglýsa án athugasemda yfirlýsingu sóknaraðila frá 11. mars 1988 og að yfirlýsingu A 7456/87 verði jafnframt aflýst. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu úrlausnar og kærumálskostnaðar.

Ágreiningur málsaðila að efni til snýst um það hvort varnaraðili, sem er eigandi að 2. hæð í húsinu nr. 27 við Freyjugötu í Reykjavík, hafi átt forkaupsrétt að 4. hæð í sama húsi, er sóknaraðili keypti hana, en varnaraðila var eigi boðið að neyta forkaupsréttar. Með yfirlýsingu, A-7456/87 frá 6. apríl 1987, fékk hann þinglesið kröfu sinni um forkaupsréttinn. Í yfirlýsingu sóknaraðila frá 11. mars sl. felast andmæli gegn forkaupsréttarkvöðinni og segir þar að varnaraðili hafi hvorki átt né eigi forkaupsrétt að 4. hæð í Freyjugötu 27.

Þinglýsingardómarinn, Sigurður Sveinsson borgarfógeti, hefur sent Hæstarétti greinargerð eftir 3. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, en málið sætir kæru samkvæmt þeirri grein. Eru athugasemdir hans svohljóðandi:

„Með afsali dags. 15. mars 1979 þinglýstu s.d., selja Sjúkra- og ellistyrktarsjóður Múrarafélags Reykjavíkur og Styrktarsjóður Félags íslenskra rafvirkja Sjúkrasjóði Starfsmannafélagsins Sóknar

2. hæð hússins nr. 27. við Freyjugötu í Reykjavík. Tekið er fram í afsalinu að eignarhlutanum fylgi forkaupsréttur að m.a. 4. hæð, sem þá var í eigu seljenda. Um leið er þinglýst skiptasamningi dags. s.d. milli aðila, sbr. meðf. ljósrit af 4927/79 og 4928/79.

Með afsali dags. 22. sept. 1980 þinglýstu 25. sept. 1980 selja sömu seljendur Þorvarði Ólafssyni 4. hæð hússins og er afsal þetta áritað af Starfsmannafélaginu Sókn, sbr. meðfylgjandi ljósrit af 21127/80.

Með afsölum dags. 10. nóvember 1983 þinglýstum 29. nóvember 1983, selur Þorvarður Ólafsson 4. hæð Ágúst Þorsteinssyni (íbúð í vesturenda) og Margréti Ágústsdóttur (íbúð í suðausturenda). Þessi afsöl eru ekki árituð af Sókn, sbr. meðf. ljósrit af 31976/83 og 31977/83.

Hinn 6. apríl 1987 er þinglýst kaupsamningi dags. 13. sept. 1985 um 2. hæð milli Sjúkrasjóðs starfsmannafél. Sóknar, sem seljanda og Þorvalds Ara Arasonar sem kaupanda, sbr. meðf. ljósrit af A-7455/87.

Um leið er þinglýst yfirlýsingu Þorvalds dags. 6. apríl 1987 þar sem hann áréttar forkaupsrétt sinn að 4. hæð sem láðst hafi að geta um í kaupsamningnum, sbr. meðf. ljósrit af A-7456/87, en það er þessi yfirlýsing sem farið er fram á að verði aflýst í yfirlýsingunni, sem hin kærða þinglýsing er framkvæmd á.

Hinn 6. maí 1987 er þinglýst afsali dags. s.d. þar sem Ágúst Þorsteinsson og Margrét Ágústsdóttir selja Guðrúnu Skarphéðinsdóttur 4. hæð. Í afsalinu er ekki minnst á forkaupsrétt og yfirlýsing um höfnun hans liggur ekki fyrir við þinglýsinguna, sbr. meðfylgjandi ljósrit A-10058/87.

Hinn 16. sept. 1987 er þinglýst yfirlýsingu Þorvalds Ara dags. s.d. þar sem hann mótmælir síðastnefndri sölu. Skjali þessu er þinglýst með athugasemd um að athygli sé vakin á að skjal þetta sé einhliða yfirlýsing, sbr. ljósrit af A-21646/87.

Hinn 25. sept. 1987 er þinglýst afsali dags. 15. sept. 1987 þar sem Sjúkrasjóður starfsm.fél. Sóknar afsalar Þorvaldi Ara 2. hæð. Í afsali þessu er tekið fram að hæðinni sé afsalað með forkaupsrétti að m.a. 4. hæð, sbr. ljósrit af A-22515/87.

Hinn 16. mars 1988 er þinglýst yfirlýsingu Guðrúnar Skarphéðinsdóttur dags. 11. mars 1988, A-6335/88. Ennfremur skrifaði lögmaður Guðrúnar, Brynjólfur Eyvindsson hdl. undirrituðum bréf

dags. s.d. til stuðnings sjónarmiðum hennar, eins og fram kemur í yfirlýsingu hennar, sbr. meðfylgjandi ljósrit bréfsins.

Yfirlýsingunni er þinglýst með þeirri athugasemd að skjalinu sé þinglýst sem einhliða yfirlýsingu og að yfirlýsingu A-7456/87 verði ekki aflýst að svo stöddu, en þessi þinglýsing er nú kærð. Um þinglýsingu þessa tekur undirritaður fram, að hann taldi rétt að verða við beiðni um hana. Þá eru sjónarmið beggja aðilja um hinn umdeilda forkaupsrétt komin fram í þinglýstum skjölum. Undirritaður taldi sér hins vegar ekki fært, sbr. það sem hér hefir verið rakið, að verða við þeim tilmælum, sem fram koma í yfirlýsingu Guðrúnar, að aflýsa yfirlýsingunni A-7456/87 gegn vilja útgefanda þess skjals."

Sóknaraðili telur að aflýsa beri yfirlýsingu varnaraðila, A-7456/87, með því að vísa hafi átt skjalinu frá þinglýsingu þar sem varnaraðila hafi brostið heimild til eignar sóknaraðila á þann veg er lesa megi úr skjalinu. Þá telur hann þinglýsingu þess óþarfa og það haldið verulegum göllum.

Varnaraðili hefur í greinargerð sinni einkum rökstutt ætlaðan rétt sinn til forkaupsréttarins, en úr því atriði verður ekki skorið í þessu þinglýsingarmáli.

Með tilvísun til athugasemda þinglýsingardómara þykir rétt að staðfesta úrlausn hans.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Reykjavík á að vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júní 1988.

Nr. 163/1988. **Guðjón Steingrímsson**
gegn
Þóröi Þórðarsyni og
uppboðshaldaranum á Akranesi.

Kærumál. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Kærð er ákvörðun Sigurðar Gizurarsonar uppboðshaldara á Akranesi í uppboðsrétti 22. apríl sl. að fella niður nauðungaruppboð á fasteigninni Kirkjubraut 16 á Akranesi, eign varnaraðila Þórðar Þórðarsonar.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. maí sl. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 2. þ.m. en greinargerð sóknaraðila 15. þ.m. Gerir hann þær kröfur, „að ákvörðun uppboðshaldara verði hrundið og lagt verði fyrir hann að tilkynna og auglýsa 3. og síðasta uppboð á eigninni sem fyrst" og sér verði dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður. Um kæruheimild er vísað til 21. gr. 1. mgr. 4. tl. og 2. mgr. laga nr. 75/1973.

Uppboðsmál það, er hér um ræðir, var þingfest 24. september 1987. Fyrsta uppboð fór fram 18. desember s.á. og kom eitt boð í eignina. Annað og síðara uppboð var ákveðið 12. febrúar 1988. Á uppboðsþingi þá var uppboðinu frestað til 25. mars sl. Er málið var tekið fyrir þann dag kl. 11:15 var sóknaraðili mættur og lögð fram uppboðsbeiðni hans, sem dagsett er 27. janúar 1988, og mál hans sameinað þessu. Annað uppboð fór nú fram og kom eitt boð í eignina. Að kröfu uppboðsþola var þriðja og síðasta uppboð ákveðið á eigninni sjálfri 22. apríl sl. kl. 11:30. Þá var bókað:

„Mættir eru í réttinum Jón Þóroddsson hdl. f.h. útibús Búnaðarbanka Ísl., Búðardal, og Pétur Þór Sigurðsson f.h. uppboðsþola Þórðar Þórðarsonar.

Umboðsmaður uppboðsþola mótmælir framgangi uppboðsins, með því að það sé haldið þeim formgalla, að 3. og síðasta uppboð

hafi ekki verið ákveið innan fjögurra vikna og krefst, að uppboðið verði fellt niður.

Uppboðshaldari fellir uppboðið niður."

Í greinargerð sinni kveður sóknaraðili sér hafa orðið „ljóst daginn áður en uppboðið átti að fara fram að uppboðið yrði ekki löglega auglýst". Hefði hann þá talað við Tryggva Bjarnason fulltrúa bæjarfógetans á Akranesi í síma og skýrt honum frá því, að hann „sæi ekki ástæðu til þess að fara upp á Akranes daginn eftir og mæta þar í uppboðsrétti þar sem" hann „reiknaði með að embættið mundi auglýsa 3. og síðasta uppboð aftur".

Frá uppboðshaldaranum á Akranesi hefur borist greinargerð. Þar segir m.a.:

„Lögm. uppboðsþola mótmælti framgangi uppboðsins og bar því við, að uppboðið væri haldið þeim formgalla, að þriðja og síðasta uppboð hafi ekki verið ákveðið innan 4 vikna frá öðru og síðara uppboði. Ekki komu nein andmæli fram af hálfu þeirra, sem voru mættir, og þar sem krafa lögm. uppboðsþola virtist á rökum reist, þá féllst uppboðshaldari á kröfu hans.

Þá ber þess að geta, að mistök urðu af embættisins hálfu við auglýsingu uppboðsins í dagblaði á uppboðinu. Þess var ekki gætt í tæka tíð að dagurinn fyrir uppboðið 21. apríl (sumardagurinn fyrsti) var fridagur og að dagblöð mundu ekki koma út. Því var auglýsingin send of seint og hefði ekki birst fyrr en 22. apríl, sama dag og uppboðið átti að fara fram. Greip uppboðshaldari því til þess, að afturkalla morguninn 22. apríl auglýsingu þá, sem send hafði verið DV til birtingar. Það er því rétt, sem fram kemur í kæru Guðjóns að mistök urðu við auglýsingu uppboðsins, þó þess sé ekki getið í bókun af þinghaldinu. ...

Þá er rétt að fram komi, að Guðjón Steingrímsson hrl. tilkynnti ekki til uppboðshaldara að hann gæti ekki mætt eða að hann sæi ekki ástæðu til að mæta.

Loks vil ég taka fram, að Tryggvi Bjarnason, fulltrúi hér við embættið var í fríi frá vinnu frá 12. apríl og mætti ekki aftur fyrr en þann 25. apríl, þannig að hann kom ekki nálægt auglýsingu uppboðsins."

Tryggvi Bjarnason fulltrúi hefur sent Hæstarétti athugasemdir og staðfestir að hafa verið í fríi, er sóknaraðili hringdi heim til hans

á sumardaginn fyrsta til að afla upplýsinga um uppboðið, og því ekki hafa haft „hugmynd um með hvaða hætti staðið var að auglýsingu uppboðsins“ og ekkert hafa tjáð sóknaraðila í því efni. Hafi hann því bent sóknaraðila á „að hafa samband við bæjarfógeta, sem myndi halda uppboðið“, og sé það ekki rétt, að sóknaraðili hafi tjáð sér „að hann sæi ekki ástæðu til að mæta við uppboðið, enda færi ég ekki að taka við tilkynningum um forföll eða að aðili ætli ekki að mæta við þinghald, þegar ég væri í fríi frá vinnu“.

Samkvæmt þessu er ósannað, að sóknaraðili hafi tilkynnt uppboðshaldara eða fulltrúa hans, að hann myndi eigi koma til uppboðsþings 22. apríl sl.

Á uppboðsþingi var aðeins mætt af hálfu eins uppboðsbeiðanda og ekki hreyft andmælum við kröfu uppboðsþola. Við þessar aðstæður var uppboðshaldara rétt að fella uppboðið niður, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð og 118. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt því ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun uppboðshaldarans á Akranesi skal óröskuð.

Föstudaginn 24. júní 1988.

Nr. 145/1988. **Konráð Vilhjálmsson**

gegn

Taki sf.

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Pétur Þorsteinsson sýslumaður kvað upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. maí sl., sem barst Hæstarétti 20. s.m., hefur sóknaraðili, með heimild í d-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, kært úrskurð aukadómþings Dalasýslu frá 27. apríl 1988, sem barst honum 5. maí sl. Hann krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og matið frá 12. ágúst 1986 í matsmálinu Tak sf. gegn Konráði Vilhjálmssyni verði dæmt ógilt og „sömuleiðis svokallað mat" frá 22. desember 1987 í sama matsmáli. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa engar kröfur borist.

Gögn málsins bera með sér, að varnaraðili hefur höfðað mál gegn sóknaraðila fyrir aukadómþingi Skagafjarðarsýslu, og er kröfugerð þess máls byggð á mati því, sem deilt er um í þessu máli. Samkvæmt 144. gr. laga nr. 85/1936 heyrir það undir dómara aðalmálsins að meta öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar. Verður máli þessu því vísað frá aukadómþingi Dalasýslu ex officio.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá aukadómþingi Dalasýslu.

Úrskurður aukadómþings Dalasýslu 27. apríl 1988.

Málavextir eru þessir:

Þann 11. ágúst 1986 voru samkvæmt beiðni Taks sf. Búðardal dómkvaddir matsmenn til að skoða og meta galla í hliðardrifi jarðýtu sem Tak sf. keypti af Konráði Vilhjálmssyni Ytri-Brekku, Skagafirði, þann 3. apríl þá um vorið.

Til að framkvæma hið umbeðna mat kvaddi settur sýslumaður Helgi Jónsson þá Gísla Kristjánsson tæknifulltrúa, Sæviðarsundi 68, og Bent Jörgensen framkvæmdastjóra, Háaleitisbraut 89, báða til heimilis í Reykjavík.

Í dómkvaðningu var tekið fram að matsmenn skyldu gefa aðilum kost á að vera viðstöddum þegar matið færi fram.

Af gögnum málsins sýnist ljóst að samdægurs og dómkvaðning fór fram hafi Konráði Vilhjálmssyni verið kunngert með símskeyti að skoðunargerð á ýtunni ætti fram að fara í Búðardal næsta dag 12. ágúst kl. 21:00 og honum gefinn kostur á að vera þar viðstaddur.

Umrædd skoðunargerð fór síðan fram, en þar var ekki mætt af hálfu seljanda ýtunnar.

Þann 16. desember 1987 boðuðu matsmenn matsþola, Konráð Vilhjálmsson, til að vera viðstaddan skoðunargerð á drifhlutum úr nefndri jarðýtu, þriðjudaginn 22. desember kl. 14:00. Sú skoðunargerð fór fram, en matsþoli sinnti ekki boðun og enginn af hans hálfu.

Í úrskurðarbeiðni og greinargerð umboðsmanns matsþola í máli þessu er þess krafist að umrætt mat verði úrskurðað ógilt, m.a. af eftirtöldum ástæðum:

Matsdómari hafi ekki gert matsþola viðvart áður en dómkvaðning fór fram þann 11. ágúst 1986.

Ennfremur hafi matsþoli ekki verið boðaður með nægilegum fyrirvara til að vera viðstaddur skoðunargerð, hvorki hina fyrri, sem fram fór 12.08. 1986, né hina síðari, sem fram fór 22.12. 1987.

Varðandi fyrstu málsástæðuna er þess að geta að samkvæmt 139. gr. einkamálalaga þriðju málsgrein er það lagt á vald matsdómara, hvort þess sé þörf að hann geri aðilum viðvart áður en dómkvaðning fer fram.

Varðandi tvær síðari málsástæður þykja gögn málsins bera með sér að hin fyrri skoðunargerð sem fram fór 12.08. 1986 hafi ekki verið tilkynnt matsþola með hæfilegum fyrirvara.

Aftur á móti verður að teljast að síðari skoðunargerðin, sem fram fór 22.12. 1987 og var boðuð matsþola með símskeyti þann 16.12. sama mánaðar, hafi verið boðuð með nægilegum fyrirvara. Ekki er leitt í ljós fyrir dóminum, að um lögmæt forföll matsþola hafi verið að tefla að þessu sinni þrátt fyrir fullyrðingar umboðsmanns matsþola þess efnis í greinargerð.

Telja verður m.a. með tilvísun til 1. málsgreinar 140. gr. laga nr. 85/1936 og 143. gr. sömu laga, hafi ekki verið um þá ágalla að ræða við boðun aðila og framkvæmd umrædds mats, að það eigi að valda ógildingu þess samkvæmt kröfu lögmanns matsþola.

Ekki verður dæmdur málskostnaður í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Kröfu um ógildingu matsins er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júní 1988.

Nr. 187/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Sæmundi Sæmundssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júní sl. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldstími verði styttur verulega.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn kærði úrskurður er byggður á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Eins og málavöxtum er háttað þykir því skilyrði þessa töluliðs ekki fullnægt að ætla megi, að brot sökunauts varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Ber af þessum sökum að fella hinn kærða úrskurð sjálfkrafa úr gildi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Ríkissjóður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Sakadómur Hafnarfjarðar 19. júní 1988.

Árið 1988, sunnudaginn 19. júní er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með skriflegri kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins dags. í dag er gerð krafa um að Sæmundur Sæmundsson, Sléttahrauni 34, Hafnarfirði, fæddur 12. apríl 1950 á Þórshöfn á Langanesi, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 29. júlí 1988 kl. 17:00 vegna meints brots hans á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og er krafan byggð á 4. tl. 1. mgr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt dagsins í dag um kl. 05:50 hafði X, 33 ára að aldri, komið á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og kært nauðgun. Hafði hún eftir að hafa kynnst kærða í málinu lítillega á veitingastaðnum Hollywood, þar sem m.a. þau dönsuðu nokkuð marga dansa, farið með honum heim, og kvað hún hann hafa gefið henni til kynna að þar væri samkvæmi. Eftir að hún kom inn í íbúð kærða hafði hún séð að þar var ekkert fólk og ekkert samkvæmi. Hún hafði sest í sófa í stofunni og fengið sér vindling að reykja. Fljótlega eftir það hafi kærði ráðist á hana í sófanum og kvaðst hún hafa veitt mótspyrnu og reynt að brenna hann með vindlingnum, klóra hann og bíta. Þá sagðist hún og hafa hrópað á hjálp, en þá hafi hann gripið fyrir munn hennar og hugsanlega kverkar svo að hún hafi kennt andþrengsla og orðið mjög óttaslegin. Kærður hafði haldið áfram þrátt fyrir mótspyrnu konunnar og kvaðst hún hafa hætt að öskra, en reynt að sparka frá sér og með því reynt að koma í veg fyrir, að honum tækist að koma fram vilja sínum. Meðan á þessum átökum stóð hafði kærði náð að afklæða sjálfan sig og færa hana úr utanyfirbuxum og nærbuxum, þannig að skyndilega áttaði hún sig á því að hún var nakin að neðanverðu. Hún hafði verið nýbyrjuð að hafa á klæðum og kvaðst hafa sagt honum frá því ef það gæti komið í veg fyrir áform hans, en það engu breytt, heldur hann haldið áfram, komið kynlim sínum inn í kynfæri hennar og haft við hana kynmök og var hún þess nokkuð viss að hann felldi til hennar sæði. Hún kvað hann svo hafa reynt að hafa aftur við hana mök, en hætt við. Þau höfðu svo klæðst og farið út og kærði fylgt henni eftir og á leiðinni niður stigaganginn hafði hann komið í veg fyrir að hún hringdi dyrabjöllum á næstu íbúðum. En eftir að út úr húsinu var komið hafði hún komist undan honum og til fólks sem var þar hjá í bifreið, en kærði hafði haldið aftur inn í húsið.

Konan var færð til Andrésar Ásmundssonar kvensjúkdómalæknis, sem skoðaði hana. Í vottorði hans kemur fram, að hún er með marbletti, sem styðja frásögn hennar um að hún hafi verið beitt ofbeldi. Einnig studdi skoðun hans á kynfærum konunnar frásögn hennar um, að kærði hefði komið kynlim sínum inn í þau.

Kærður hefur viðurkennt að hafa þvingað konuna til samræðis við sig, beitt hana valdi til að svipta hana klæðum að neðanverðu jafnframt því sem hann hafi haldið um munn hennar og tekið um kverkar hennar til að koma í veg fyrir að hún kallaði á aðstoð. Hann kvað hana hafa verið á móti því að hann hefði við hana kynmök, en honum samt tekist að hafa við hana fullkomnar samfarir og er framburður hans í megindráttum í samræmi við framburð konunnar.

Mál þetta er því að mestu upplýst og er krafan byggð á því hversu alvarlegt meint brot kærða sé, þ.e. að það geti varðað að minnsta kosti tveggja

ára fangelsi og með vísun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 sé því heimilt að beita kærða gæsluvarðhaldi. Þá er og vísað til 1. gr. laga nr. 31, 1988 um að brot sem þetta skuli hafa forgang fram yfir önnur refsilagabrot hvað varðar rannsókn, ákæru og dómsmeðferð og er fram komið, að stefna eigi að því að ljúka lögreglurannsókninni, fá útgefna ákæru og koma málinu í dómsmeðferð á gæsluvarðhaldstímanum.

Þegar greint brot kærða er virt með tilliti til hugsanlegrar refsingar og miðað við það sem fyrir liggur um aðstæður allar þykir ekki verða útilokað, að refsing vegna þessa brots gæti orðið 2 ára fangelsi og er því krafa RLR tekin til greina og kærður samkvæmt heimild í framangreindu ákvæði laga nr. 74, 1974 úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 20. júní nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærður, Sæmundur Sæmundsson, Sléttahrauni 34, Hafnarfirði, f. 12/4 1950, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 20. júlí 1988 kl. 17:00.

Mánudaginn 27. júní 1988.

Nr. 146/1988. **Þorbjörn Tómasson**
gegn
Kópavogskaupstað

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Sakarefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. maí sl. og gerir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur verið gerðar.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt. 21. gr. 1. mgr. 1. tl. b, sbr. 22. gr. 1. mgr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili á lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi þá kröfu sína, að viðurkennt verði með dómi, að uppsögn varnaraðilja á munnlegum samningi þeirra um sorphreinsun í Kópavogskaupstað hafi verið ólögmæt. Krafa þessi getur staðið óháð því, hvort sóknaraðili kann síðar á grundvelli dóms í þessu máli að höfða mál til greiðslu skaðabóta vegna ólögmætrar uppsagnar. Krafan er skýr og afmörkuð og krefst ekki lögfræðilegs álits umfram það, sem nauðsynlegt er til úrlausnar á sakarefninu. Kröfugerð þessi brýtur því eigi í bága við 67. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Dómur bæjarþings Kópavogs 28. apríl 1988.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs af Þorbirni Tómassyni, nnr. 9473-0929, Borgarholtsbraut 54, Kópavogi, á hendur Kópavogskaupstað, nnr. 5686-7406, Félagsheimilinu, Fannborg 2, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að uppsögn sú, er stefndi beitti gagnvart stefnanda, með bréfi dags. 30.12. 1986, með þeim uppsagnarfresti, er þar er tilgreindur, á þágildandi munnlegum samningi aðila máls þessa um sorphreinsun í Kópavogskaupstað, sé ólögmæt. Auk þess er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Kröfur stefnda eru þær að dómkröfum stefnanda verði hafnað, bæði hvað varðar ólögmæti samningsuppsagnar og málskostnaðarkröfu auk þess sem krafist er málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda til stefnda.

Málsatvikum og málsástæðum lýsir stefnandi svo að með samningi dags. 30. jan. 1970 hafi stefnandi máls þessa tekið að sér sorphreinsun í austurhluta Kópavogskaupstaðar, á grundvelli útboðsskilmála fyrir sorphreinsun í Kópavogskaupstað útgefnum af bæjarverkfræðingnum í Kópavogi í des. 1968, ásamt syni sínum Guðjóni.

Allt fram til ársins 1977 hafi stefnandi haft verk þetta með höndum sem verktaki á vegum stefnda ýmist með syni sínum Guðjóni eða honum og syni sínum Eiríki. Á þessu árabili hafi samningar þeirra feðga við stefnda nokkrum sinnum verið skriflega endurnýjaðir, sinn fyrir hvorn hluta bæjarins í hvert sinn, og hafi þá meðal ákvæða samninganna verið ákvæði þess efnis að þeir framlengdust um eitt ár í senn væri þeim ekki sagt upp ýmist með 2ja eða 3ja mánaða fyrirvara miðað við tiltekinn dag. Síðast hafi þeir feðgar gert slíka samninga við stefnda hinn 1. febrúar 1977 og hafi uppsagnarfrestur í samningi um hreinsun í Austurbæ verið tilgreindur 2 mánuðir en enginn uppsagnarfrestur tiltekinn að því er varðaði hreinsunarsamning um Vesturbæ. Frá árinu 1977 hafi stefnandi einn verið aðili að sorphreinsunarsamningi við stefnda. Í samræmi við það hafi stefndi sent stefnanda bréf dags. 30.12. 1986 þar sem fram komi að stefnanda sé sagt upp gildandi sorphreinsunarsamningi og tekið fram að samningstímanum ljúki 1. mars 1987. Í bréfinu sé vísað til svonefnds eldri samnings, sem sagður er vera í gildi og kveði á um 2ja mánaða fyrirvara á uppsögn. Jafnframt komi fram í bréfi þessu að stefnanda hafi verið sent bréf 31. október 1986, þar sem honum hafi verið sagt upp sama samningi með 3ja mánaða fyrirvara frá þeim degi. Af hvorugu þessara bréfa verði glögglega ráðið né af bréfi bæjarlögmannsins í Kópavogi dags. 19. jan. 1987 hver sé uppsagnarfrestur í samningi aðila né við hvað skuli miðað. Sé þetta mjög í samræmi við þá réttaróvissu sem stefnandi taldi vera í samningi aðila, sem hann hafði óskað með bréfum á árunum 1983, 1984 og ítrekað oft munnlega síðan,

að úr yrði bætt, án árangurs. Krafa í máli þessu er á því byggð, að hvort sem haldið er fram af hálfu Kópavogskaupstaðar að uppsagnarfrestur á sorphreinsunarsamningi aðila hafi verið 2 eða 3 mánuðir sé slíkur frestur ólögmætur. Byggir stefnandi á eftirfarandi málsástæðum:

Ekki sé unnt að miða uppsögn gildandi sorphreinsunarsamnings um sl. áramót við þá uppsagnarfresti er við hafi verið miðað við gerð fyrstu samninga stefnanda og sona hans um sorphreinsun í Kópavogi. Þeir samningar hafi verið gerðir miðað við gjörólíkar aðstæður þeim sem verið hafi um sl. áramót.

Gífurleg fólksfjölgun hafi orðið í Kópavogi frá því að fyrstu samningar voru gerðir og fram til sl. áramóta, meiri en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Hafi þetta leitt til mjög aukinna umsvifa stefnanda við það verkefni er hann upphaflega ásamt fleirum hafi tekið að sér á árinu 1970. Tækjakostur stefnanda hafi aukist mjög á þeim árum, sem hann hafi sinnt verkefninu, og sífellt hafi hann þurft aukinn mannafla til framkvæmdar verksins, sem með tímanum hafi sífellt með samningum á vinnumarkaði fengið lengdan uppsagnarfrest sem stefnandi sé bundinn af. Þessi atriði og fleiri, sem stefnandi hefur áskilið sér rétt til að gera síðar grein fyrir, telur stefnandi leiða til þess að uppsagnarfrestur í uppsagnarbréfi stefnda verði að teljast ólögmætur. Verði á þau sjónarmið stefnanda fallist að títtnefndur uppsagnarfrestur hafi verið of skammur og leitt til ólögmætrar uppsagnar af hálfu stefnda áskilur stefnandi sér rétt til þess síðar að höfða sérstakt bæjarþingsmál til greiðslu skaðabóta að undangengnu mati dómkvaddra manna á tjóni hans af hinni ólögmætu uppsögn.

Málsástæður stefnda eru þær að bæjarráð Kópavogs hafi í vetrarbyrjun 1986 tekið þá ákvörðun í kjölfar endurtekinna óska stefnanda að segja upp gildandi sorphreinsunarsamningi í Kópavogi og bjóða verkið út að nýju. Í ljós hafi komið að í samningum frá 1. febrúar 1977 um Vesturbæ hafi ekkert ákvæði verið um uppsagnarfrest en í eldri samningi hafi verið miðað við þriggja mánaða uppsagnarfrest. Í samningnum sem gilt hafi um sorphreinsun í Austurbæ hafi hinsvegar verið miðað við tveggja mánaða uppsagnarfrest. Rétt hafi þótt að láta uppsögn beggja samninganna verða samferða og því ákveðið að miða við almennan uppsagnarfrest, þrjá mánuði. Á þeim grundvelli hafi uppsagnarbréfið frá 31. október 1986, dskj. nr. 9, verið byggt. Það bréf hafi stefnandi ekki kannast við að hafa fengið þegar þessi mál hafi borið á góma í samtölum við hann. Því hafi þótt rétt að árétta uppsögnina og hafi annað bréf verið sent dags. 30. des. 1986, dskj. nr. 10, og væri þar miðað við að samningarnir báðir rynnu út 1. mars 1987. Í tilefni af bréfi stefnanda dags. 2. janúar 1987, dskj. nr. 11, svo og samtölum sem þá áttu sér stað milli aðila hafi stefndi sent stefnanda bréf það sem merkt er sem dskj. nr. 13 og áréttað skilning stefnda á

skyldum stefnanda, því þegar hér hafi verið komið sögu hafi stefnandi verið með hótanir um að hætta allri sorphreinsun 1. febrúar 1987. Allar þessar viðræður og bréfaskriftir hafi tafið útboð. Því hafi í þessum viðræðum komið fram vilji stefnda til að gera bráðabirgðasamning við stefnanda um sorphreinsun í Kópavogi öllum sem skyldi gilda án uppsagnar til 1. júní 1987. Þessu boði hafi stefnandi hafnað jafnoft og boðið var og hafi hann sent bréf dags. 21. janúar 1987, dskj. nr. 14, þar sem tilkynnt sé um lokadag sorphreinsunar af hálfu stefnanda.

Stefnandi hafi hætt sorphreinsun í Vesturbæ síðasta dag janúarmánaðar en Austurbæ í lok febrúar.

Niðurstöður.

Í máli þessu er krafist viðurkenningar á því að uppsögn stefnda í bréfi dags. 30.12. 1986 á þágildandi munnlegum samningi málsaðila um sorphreinsun í Kópavogskaupstað með þar tilgreindum uppsagnarfresti sé ólögmæt.

Í stefnu áskilur stefnandi sér jafnframt „rétt til þess síðar að höfða sérstakt bæjarþingsmál til greiðslu skaðabóta, að undangengnu mati dómkvaddra manna á tjóni hans af hinni ólögmætu uppsögn".

Með vísan til 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 verður að líta svo á að málsaðilum sé eigi fært að fá úr því skorið í sérstöku dómsmáli hvort uppsögn stefnda á samningi þeirra sé ólögmæt heldur verði um það atriði fjallað í væntanlegu skaðabótamáli er stefnandi hefur áskilið sér rétt til að höfða vegna tjóns er hann telur sig hafa orðið fyrir „af hinni ólögmætu uppsögn". Verður því að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar þann 12. apríl sl.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 27. júní 1988.

Nr. 150/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Stefáni Þorkatli Karlssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Þjófnaður. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. maí 1988 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til refsiþyngingar og lengingar ökuleyfissviptingar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu brota til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af þeim ákvæðum, sem greind eru í héraðsdómi og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Í ákæruskjali er gerð krafa á hendur ákærða um sviptingu ökuleyfis. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var upplýst, að ákærði hefði ekki tekið ökupróf og hefði því aldrei haft rétt til að stjórna bifreið. Þrátt fyrir orðalag ákæruskjals þykir unnt með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 að fjalla um þessa kröfu ákæruvaldsins, sbr. einnig Hrd. 1984 bls. 319.

Í 1. mgr. 48. gr. hinna nýju umferðarlaga nr. 50/1987 segir, að enginn megi stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini, sem lögreglustjóri gefi út. Skýra ber 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga svo, að hún hafi að geyma almenna reglu um skilyrði fyrir því að svipta mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, þegar þörf er ökuskírteinis. Fyrsti málsl. 1. mgr. 102. gr. laganna segir aðeins að svipta skuli þann „ökuréttindum" er brotið hafi gegn 1. mgr. 45. gr. laganna um ölvunarakstur. Eru ákvæði þessarar greinar sérreglur um ölvunartilvik gagnvart fyrrnefndri 1. mgr. 101. gr. laganna. Í 2. mgr. 81. gr. fyrri umferðarlaga nr. 40/1968 sagði um hliðstætt tilvik að viðkomandi skyldi sviptur ökuleyfi „eða rétti til að öðlast það". Viðurlög við brotum á umferðarlögum virðast

tæmandi talin í þeim, sbr. einnig Hrd. 1933 bls. 68 - 69 og síðari dómaframkvæmd. Að þessu athuguðu verður ákærði ekki sviptur ökuleyfi samkvæmt framanrituðu og ekki telst vera fyrir hendi fullnægjandi heimild til að svipta ákærða rétti til að fá það.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Þorkell Karlsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Synjað er kröfu ákæruvalds um sviptingu réttar ákærða til að fá ökuleyfi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1988.

Ár 1988, föstudaginn 22. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 253/1988: Ákæruvaldið gegn Stefáni Þorkatli Karlssyni, sem tekið var til dóms 20. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 3. mars sl., á hendur ákærða „Stefáni Þorkatli Karlssyni, Leifsgötu 28, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 15. maí 1954, fyrir eftirgreind brot á umferðarlögum og hegningarlögum framin í Reykjavík aðfaranótt miðvikudagsins 3. febrúar 1988:

1.

Fyrir að brjótast inn í bílasöluna Start, Skeifunni 8, og stela þar ritvél, leðurvesti, 2 símtækjum, 2 ferðaútvarpstækjum, 2 ruslafötum, reiknivél og myndavél.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir að aka, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-61934 frá miðborg

Reykjavíkur að Skeifunni 8 og þaðan að versluninni Blómavali við Sigtún, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. nú 1. mgr. sbr. 2. mgr. 45. gr. sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. nú 102. gr. laga nr. 50, 1987, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

1. Aðfaranótt miðvikudagsins 3. febrúar sl. var brotist inn í bílasöluna Start, Skeifunni 8 hér í borg, og stolið þaðan rafmagnsritvél, leðurvesti, 2 símatækjum, 2 ferðaútvarpstækjum, 2 ruslafötum, reiknivél og myndavél. Af ummerkjum að ráða hafði verið farið inn í bílasöluna með því að spenna upp glugga við inngangsdyr hennar.

Sömu nótt var ákærði handtekinn í Blómavali við Sigtún hér í borg, þar sem hann hafði farið inn um glugga. Í bifreiðinni R-61934, sem ákærði kvaðst vera á og stóð fyrir utan verslunina, fannst allt ofangreint þýfi.

Ákærði var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag. Játaði ákærði afdráttarlaust að hafa brotist inn í ofangreinda bílasölu nóttina áður. Kvaðst hann hafa verið einn á ferð í nefndri bifreið og „vegna mjög slæms ástands hjá sér í peningamálum hafi hann tekið upp á því að brjótast þarna inn til að reyna að bæta fjárhaginn". Ákærði kveðst hafa séð glugga opinn á bílasölunni og skriðið þar inn, án þess að skemma neitt, og stolið þeim munum, sem upp eru taldir í ákæru. Munina hafi hann sett út í bifreið sína og farið í beinu framhaldi af því í Blómaval við Sigtún.

Er ákærði kom fyrir dóminn neitaði hann að hafa brotist inn í umrædda bílasölu greinda nótt. Skýrði ákærði svo frá að hann hefði verið á ferð á bifreið sinni fyrir utan ofangreinda bílasölu. Hefði hann ekið fram á tvo pilta á aldrinum 17 - 19 ára, annan ljóshærðan og hinn dökkhærðan, þar sem þeir hefðu verið fyrir utan bílasöluna og hefðu þeir verið búnir að raða þeim munum, sem taldir eru í ákærulið þessum, fyrir utan bílasöluna. Kvað ákærði að styggð hefði komið að piltunum og þeir hlaupið á brott. Hefði ákærði þá tekið munina og sett þá í bifreið sína, þar sem þeir síðan fundust.

Ákærða var í dóminum bent á misræmi milli framburðar hans hjá lögreglu og fyrir dómi. Gaf ákærði þá skýringu á framburði sínum hjá lögreglu að hann hefði verið mjög illa upplagður er skýrslan var tekin og ekki viljað standa í því að bera kennsl á mennina, sem hann kveður hafa verið fyrir utan bílasöluna, á myndum hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði kvaðst á hinn bóginn ekki hafa verið beittur neinum þrýstingi eða þvingunum við skýrslugjöfina og staðfesti undirskrift sína á skýrslunni.

Svo sem að fram greinir játaði ákærði skýlaust í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að hafa brotist inn í umrædda bílasölu greint sinn og að hafa stolið þeim munum sem upp eru taldir í ákærulið þessum. Lýsti ákærði í skýrslu sinni hjá lögreglunni hvernig hann hefði farið inn í bílasöluna og er sá framburður hans í samræmi við ummerki á innbrotsstað. Ákærði hvarf frá þessum framburði við meðferð málsins og kvaðst hafa slegið eign sinni á ofangreinda muni fyrir utan bílasöluna, eftir að tveir piltar hefðu hlaupið frá þeim.

Ákærði þykir eigi hafa gefið trúverðuga skýringu á afturhvarfi sinu frá skýlausri játningu hjá rannsóknarlögreglu. Þykir bera að leggja framburð hans þar til grundvallar sönnunarmati í máli þessu. Samkvæmt framansögðu þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærulið þessum. Varðar atferli ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Aðfaranótt miðvikudagsins 3. febrúar sl. ók ákærði bifreiðinni R-61934 undir áfengisáhrifum frá miðborg Reykjavíkur að Skeifunni 8, svo sem greinir í fyrri ákærulið, og þaðan að versluninni Blómavali við Sigtún, þar sem lögreglumenn handtóku hann um kl. 03:37 um nóttina. Ákærði kvaðst fyrir aksturinn hafa drukkið úr tveimur glösum af tvöföldum whisky í Ölkeldunni frá kl. 23:00 kvöldið áður til kl. 03:00 um nóttina. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis eftir að akstri lauk. Var honum tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar á Slysadeild Borgarspitalans kl. 04:35 umrædda nótt og samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist alkóhólmagn í því 1.04‰.

Brot ákærða er sannað með játningu hans og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins. Varðar atferli ákærða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

1971 17/2 Reykjavík. Sátt: 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.

1971 Reykjavík. Uppvís að brotum á 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hgl. nr. 19, 1940 og 2. mgr. 80. gr. umfl. nr. 40, 1968. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 12/10 1971.

1972 24/3 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hgl.

1973 15/1 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 259. gr. hgl., 25. og 27. gr. umfl. (Dómur 24/3 '72 dæmdur með). Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt. (28)

1974 30/10 Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 12.000,00 kr. sekt fyrir brot á 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/70, sbr. 1. gr. rgl., sbr. einnig

2. tl. 4. gr. laga 19/1940, sbr. nú lög 65/74.

1976 2/6 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. gr. hgl.

1976 1/10 Reykjavík. Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hgl. Sviptur rétti til að öðlast ökul. ævilangt frá 1/10 '76. (455)

1978 28/12 Reykjavík. Sátt: 75.000,00 kr. sekt f. brot gegn 2. sbr. 5. sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974, sbr. og 77. gr. og 71. gr. hgl.

1981 4/3 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.

1981 13/5 Reykjavík. Sátt: 4.500,00 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umfl.

1981 19/1 Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 1.700,00 kr. sekt fyrir brot gegn 2. sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. 390/1974, sbr. 71. og 77. gr. hgl.

1981 9/4 Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 700,00 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. 390/1974, sbr. 71. gr. hgl.

1982 28/4 Reykjavík. Veitt ökuleyfi á ný.

1987 29/5 Reykjavík. Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 80. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn frá 29. maí 1987 hefur ítrekunaráhrif á þjófnaðarbrot það sem ákærði er hér sakfelldur fyrir, sbr. 71. gr. hinna almennu hegningarlaga. Ber að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af því svo og 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Svo sem krafist er í ákæru ber að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki 4 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja, sbr. 102. gr. laga nr. 50, 1987.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 10.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Þorkell Karlsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki 4 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., 10.000,00 krónur.

Þriðjudaginn 28. júní 1988.

Nr. 156/1988. **Trausti Haraldsson**
Kristján Árnason og
Arnald Reykdal
gegn
Gunnari Berg Gunnarssyni

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðilar hafa með kæru 6. maí 1988, sem barst Hæstarétti 30. s.m., kært frávísunardóm bæjarþings Akureyrar, sem kveðinn var upp 5. febrúar sl., en sóknaraðilum var ekki kunn niðurstaða dómsins fyrr en 26. apríl sl.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið að nýju til meðferðar og kveða upp dóm um efni málsins.

Ekki hefur borist greinargerð frá varnaraðila.

Héraðsdómari vísaði máli þessu frá dómi ex officio þar sem ekki lágu fyrir „lögmælt reikningsskil á þeim tíma, sem aðilar störfuðu saman". Sóknaraðilar halda því fram, að ekki hafi verið unnt að ganga frá lögformlegu uppgjöri, þar sem varnaraðili hafi undir höndum öll gögn og alla fjármuni í eigu útgáfunnar og neiti sóknaraðilum um aðgang að þeim. Lagt var fram í héraði bráðabirgðauppgjör vegna ársins 1985, og upplýst er, að lögmaður varnaraðila lagði uppgjör vegna ársins 1986 fyrir dómara að afloknum málflutningi í héraði. Þessi gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt undirrituð af sóknaraðilum með fyrirvara vegna ráðstöfunar á tekjum.

Í máli þessu er deilt um það, hvort aðilar hafi haft með sér óformlegt félag um útgáfu upplýsingarits á Akureyri, þegar ný símaskrá var gefin út af Póst- og símamálastofnun, svo og hvort samningur hafi verið í gildi milli aðila um skiptingu tekna vegna þessarar útgáfu árin 1985 og 1986. Verður að telja, að héraðsdómara sé rétt að leggja efnisdóm á málið. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Dómur bæjarþings Akureyrar 5. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, hefur Gísli Baldur Garðarsson hrl. höfðað með stefnu útgefinni í Reykjavík 15. maí 1987 og þingfestri hér fyrir bæjarþinginu 21. s.m. f.h. Trausta Haraldssonar, nnr. 8929-5076, Skarðshlíð 32 f, Kristjáns Árnasonar, nnr. 5839-2471, Lönguhlíð 22, og Arnalds Reykdal, nnr. 0446-5946, Ásvegi 13, allra búsettra á Akureyri, á hendur Gunnari Berg Gunnarssyni, nnr. 3356-1830, Skarðshlíð 2 g, Akureyri, til heimtu greiðslu á samningsbundnum ágóðahlut vegna útgáfustarfsemi auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum kr. 1.179.932,- ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.06. 1986 af kr. 173.266,- til 01.01. 1987 og af kr. 1.179.932,- frá þ.d. til 01.03. 1987 og 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til þingfestingardags málsins 21.05. 1987 og dráttarvexti skv. 14. gr. laga nr. 25, 1987 frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Einnig er gerð krafa um vaxtavexti, þ.e. að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Stefndi gerir þær kröfur, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnenda og stefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

— — —

Álit dómarans:

Svo sem hér að framan er rakið greinir aðila á um það hvort og hvenær upp úr hafi slitnað útgáfustarfsemi þeirra. Bráðabirgðauppgjörið fyrir árið 1985 á dskj. nr. 3 svo og ársreikningur sá, er stefndi skilaði skattyfirvöldum fyrir það ár, sbr. dskj. nr. 19, er hvorki staðfestur af stefnda né stefnendum, svo sem fyrir er mælt í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 51, 1968 um bókhald. Stefnendur mótmæla nokkrum gjaldfærslum í ársreikningnum og er engin áritun um þær mótbárur, svo sem fyrir er mælt í 3. mgr. sömu greinar. Ársuppgjör fyrir árið 1986 liggur ekki fyrir.

Með því að ekki liggja fyrir lögmælt reikningsskil á þeim tíma, sem aðilar störfuðu saman og þar til þeir slitu samvinnu sinni, en um þau tímamörk

eru þeir ekki sammála, verður að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Rétt þykir eins og máli þessu er háttað, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 29. júní 1988.

Nr. 76/1987. **Örn Halldórsson**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
gegn
Ísfiski sf.

Ómerking. Heimvísun. Áfrýjunarstefna. Leiðbeiningarskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. febrúar 1987. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda á hendur sér og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega frávísunar á málinu frá Hæstarétti, en til vara þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn úr vitnamáli, sem háð var á bæjarþingi Kópavogs eftir uppsögu héraðsdóms að tilhlutan áfrýjanda, en gegn mótmælum stefnda við nýjum vörnum og málsástæð-

um. Einnig hefur áfrýjandi lagt fram vottorð frá hlutafélagaskrá um útgerðarfélagið Júlíu hf. í Reykjavík.

I.

Krafa stefnda um frávísun málsins hér frá dómi er á því reist, að áfrýjunarstefna fullnægi ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973, þar sem hún greini ekki nægilega í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Í stefnunni kveðst áfrýjandi munu krefjast þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði ... hrundið og breytt á þann veg að allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður" í héraði og fyrir Hæstarétti. Er þetta óljóst fyrir þá sök, að málið var dómtekið í héraði án þess að fram væri komin greinargerð frá áfrýjanda eða bókaðar dómkröfur af hans hálfu.

Á orðalagi þessu hefur lögmaður áfrýjanda gefið þá skýringu, að áfrýjunarstefna hafi verið tekin út áður en dómsgerðir voru komnar honum í hendur, og áfrýjandi hefði tjáð sér að mótmæli frá honum við kröfum stefnda hefðu komið fram fyrir héraðsdómi. Þessi skýring er í samræmi við gögn málsins svo langt sem hún nær, þar sem ljóst virðist að áfrýjandi hafi haft uppi mótbárur við stefnukröfum þegar hann sótti þing og sett fram staðhæfingar sem fela í sér kröfur um fulla sýknu, meðal annars í bréfi til dómsins. Til þess er og vísað í hinum áfrýjaða dómi, að hann teldi hið umkrafða lán þegar greitt.

Með hliðsjón af þessu verður að ætla að stefndi hafi mátt vita, þegar málið var dómtekið í héraði, að áfrýjandi ætlaðist til þess að framkomnar yfirlýsingar hans yrðu metnar sem kröfur um sýknu. Jafnframt hafi stefnda verið nægilega ljóst þrátt fyrir fyrrgreint orðalag áfrýjunarstefnu, að með henni væri áfrýjandi að reyna að koma fram hinu sama, eins og síðar var staðfest í greinargerð fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi er ólöglærður og virðist ekki hafa notið skýrra leiðbeininga um nauðsyn tímanlegrar framlagningar á formlegri kröfugerð, eins og síðar verður að vikið. Þykir hann ekki þurfa að gjalda þess, eins og hér stendur á, að lögmanni hans láðist að bæta úr vöntuninni á greinargerð í héraði með annarri orðan áfrýjunarstefnu. Með tilliti til þessa og málsatvika að öðru leyti eru ekki næg efni til þess að fallast á kröfu stefnda um vísan málsins frá Hæstarétti.

II.

Stefndi var stefnandi máls þessa í héraði og þingfesti það 5. júní 1986 á bæjarþingi Kópavogs, sem var heimavarnarþing hans og annars stefndu. Útivist varð af hálfu þess stefnda, Guðmundar Vestmanns Ottóssonar, en áfrýjandi sótti sjálfur þing og virðist hafa gefið til kynna að hann væri ekki reiðubúinn til að viðurkenna kröfur stefnda að svo stöddu og hygðist halda uppi vörnum. Til stuðnings kröfunum hafði stefndi þá einungis lagt fram tryggingarvíxil þann, sem um ræðir í málinu, ásamt innheimtubréfi til Guðmundar Vestmanns Ottóssonar og til áfrýjanda sem ábyrgðarmanns auk stefnu og greinargerðar.

Við næsta þinghald 26. júní 1986 sótti áfrýjandi ekki þing, og var málið dómtekið að kröfu stefnda. Að tilhlutan dómsins var málið síðan endurupptekið 1. júlí 1986 að þeim stefnda og áfrýjanda viðstöddum. Virðist sú ráðstöfun hafa verið gerð í ljósi þess, að áfrýjandi hafði 23. júní 1986 ritað bréf og greinargerð til Rannsóknarlögreglu ríkisins með beiðni um opinbera rannsókn á rekstri og fjárreiðum fyrrgreinds útgerðarfélags og á viðskiptum þess við stefnda sumarið 1985. Jafnframt hafði hann sama dag ritað héraðsdómara bréf með beiðni um frestun á bæjarþingsmálinu meðan þessi umbeðna rannsókn stæði yfir. Í þinghaldinu féllst lögmaður stefnda á frestun málsins til 1. september 1986. Var þá aftur þingað í málinu að áfrýjanda fjarstöddum og ákveðið að fresta því ótiltekið þar til upplýst væri, hvort umbeðin lögregluransókn færi fram.

Í málinu var síðan þingað 20. janúar 1987, og var áfrýjandi sjálfur mættur ásamt lögmanni stefnda. Lagði lögmaðurinn fram bréf til rannsóknarlögreglunnar þar sem hann svaraði fyrirspurn hennar til stefnda um viðskipti við stefndu í héraði. Upplýst var talið að rannsóknarlögreglan hefði ekki tekið skýrslur vegna kæru áfrýjanda, en aðilar hafa ekki skýrt nánar hvers vegna svo fór. Ákveðið var að aðilar og vitni gæfu skýrslu fyrir dóminum, og var málinu frestað til 6. febrúar 1987. Héraðsdómari gætti leiðbeiningarskyldu gagnvart áfrýjanda, en ekki verður séð af þingbók að leiðbeiningar hans hafi náð til þess sem lýtur að formlegri vörn í málinu, sbr. 106. gr. laga nr. 85/1936.

Við þinghaldið 6. febrúar var áfrýjandi ekki mættur og hafði ekki boðað forföll, en lögmaður stefnda sótti þing ásamt öðrum tveggja

eigenda að Ísfiski sf., sem gaf aðilaskýrslu fyrir dóminum af hálfu stefnda. Að svo búnu var málið dómtekið að kröfu stefnda og dómur á það lagður eftir framkomnum skjölum og skilríkjum, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Meðferð málsins í héraði fram til þinghaldsins 20. janúar 1987 verður að skilja svo, að áfrýjanda hafi verið gefinn kostur á að fresta framlagningu varnarskjala meðan leitt væri í ljós, hvort sönnunargögn, er hann teldi máli skipta, kæmu fram við rannsókn vegna kæru hans til rannsóknarlögreglu. Hafi þetta verið gert með samþykki stefnda, enda óvíst, hvort honum væri það í óhag miðað við framkomin sóknargögn, að áfrýjandi tæki til varna. Þegar ljóst þótti í þessu þinghaldi, að slíkra gagna væri eigi að vænta, bar dómara að brýna fyrir áfrýjanda þýðing þess að formleg kröfugerð ásamt greinargerð kæmi fram af hans hálfu, áður en hafist væri handa um öflun sönnunargagna fyrir dómi. Bar dómara jafnframt að veita áfrýjanda kost á hæfilegum fresti til að leggja fram þessi varnarskjöl í samræmi við 106. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 32. gr. laga nr. 28/1981, en ekki verður ráðið af bókunum um fyrri þinghöld að leiðbeiningar dómara hafi þá veitt honum skýra leiðsögn að þessu leyti. Í stað þessa var málinu frestað til yfirheyrslu aðila og vitna, og verður að telja það andstætt ákvæðum 109. gr. laga nr. 85/1936 og reglum 2. mgr. 111. gr. sömu laga, sbr. 34. gr. laga nr. 28/1981.

Að svo vöxnu máli verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá og með 20. janúar 1987, er ákvörðun var tekin um frestun málsins til skýrslugjafar fyrir dómi, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 20. janúar 1987, er ákvörðun var tekin um frestun málsins til skýrslugjafar fyrir dómi, eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarings Kópavogs 11. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 21. og 23. maí 1986 af Ísfiski sf., Kársnesbraut 124, Kópavogi, sem er sameignarfélag þeirra Óskars Þórs Karlssonar, nnr. 6933-9018, og Karls S. Karlssonar, nnr. 5499-7183, á hendur Guðmundi V. Ottóssyni, nnr. 3097-7521, Þinghólsbraut 28, Kópavogi og Erni Halldórssyni, nnr. 9914-0739, Sigtúni 25, Reykjavík til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 150.000,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 5. nóvember 1985 til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvöxtum frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986 en 2,25% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, bankakostnaðar kr. 120,00 og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir, svo sem fram hefur komið, að stefnandi í máli þessu lánaði báðum stefndu kr. 150.000,00 til bátakaupa og var samkomulag um að lánið yrði greitt með því að stefndu legðu inn afla hjá stefnanda. Til tryggingar greiðslu lánsins gaf stefnandi út tryggingarvíxil sem lagður hefur verið fram í málinu með gjalddaga 5. nóvember 1985, að fjárhæð kr. 150.000,00 og er hann samþykktur af stefnda Guðmundi en ábektur af stefnda Erni. Stefnandi hefur upplýst að af misgáningi hafi stefnandi ritað á víxilinn sem útgefandi en stefndi Örn sem ábekingur.

Af hálfu stefndu hefur því ekki verið mótmælt að þeir hafi fengið umrætt peningalán hjá stefnanda. Stefndi Örn hefur hins vegar haldið því fram að lánið væri þegar greitt með innlögðum afla.

Af hálfu stefnanda hefur verið upplýst að stefndi Guðmundur hafi lagt inn samtals 800 kg af fiski að verðmæti 13.800,00 kr. og hafi stefndi Guðmundur fengið greitt fyrir þetta sérstaklega kr. 15.000,-. Um frekari innlögn af fiski á vegum stefndu hjá stefnanda hafi ekki verið að ræða.

Stefndi Örn hefur ítrekað fengið frest í máli þessu með vísan til þess að viðskipti hans og Ísfisks hf. væru til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Lögmaður stefnanda hefur með bréfi dags. 12. desember 1986 svarað fyrirspurn rannsóknarlögreglunnar varðandi þau viðskipti aðila máls þessa sem mál þetta snýst um. Í þinghaldi þann 6. febrúar sl. féll þingsókn niður af hálfu stefnda Arnar og var málið dómtekið að kröfu stefnanda í því þinghaldi.

Þar sem þingsókn hefur fallið niður af hálfu stefnda Arnar og stefndi Guðmundur hefur ekki sótt þing þótt honum hafi verið löglega stefnt verður eftir 118. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 að dæma í málinu eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 45.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur V. Ottósson og Örn Halldórsson, greiði stefnanda, Ísfiski sf., in solidum kr. 150.000,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 5. nóvember 1985 til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvöxtum frá 1. mars til 1. apríl 1986 en 2,25% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, bankakostnaður kr. 120,00 og kr. 45.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. júní 1988.

Nr. 186/1988. **Blaðaprent hf.**
gegn
Persíu hf.
og
skiptaráðandanum í Reykjavík

Kærumál. Greiðslustöðvun felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Gréta Baldursdóttir, sett borgarfógeti, kvað hinn kærða úrskurð upp sem skiptaráðandi í skiptarétti Reykjavíkur 10. þ.m. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo: „Persíu h.f. nafnnr. 7059-5001, Reykjavík er veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði frá deginum í dag að telja."

Með bréfi 16. þ.m. krafðist sóknaraðili þess, að skiptaráðandi felldi tafarlaust niður réttaráhrif úrskurðarins samkvæmt heimild

11. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og tók fram, að yrði ekki á það fallist kærði hann úrskurðinn jafnframt til Hæstaréttar samkvæmt heimild í niðurlagsákvæði 1. mgr. 10. gr. sömu laga. Skiptaráðandi taldi ekki forsendur til að fella niður réttaráhrif greiðslustöðvunar og leit svo á, að um væri að ræða kæru, er borist hefði fyrir lok kærufrests, og sendi skjöl málsins til Hæstaréttar með bréfi 21. þ.m.

Greinargerð sóknaraðila barst Hæstarétti 28. þ.m. Hann gerir þessar dómkröfur: „Aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Til vara að úrskurðurinn verði ómerktur og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp nýjan úrskurð að undangenginni frekari gagnaöflun í málinu. Þá er krafist óskipt kærumálskostnaðar úr hendi Persíu hf. og skiptaráðandans í Reykjavík Grétu Baldursdóttur." Telur sóknaraðili, að skiptaráðandi hafi hrapað að uppkvaðningu úrskurðarins, þannig að víta beri hann fyrir málsmeðferðina.

Frá varnaraðilum hafa ekki borist kröfur eða greinargerðir.

Beiðni varnaraðila Persíu hf. um greiðslustöðvun er dagsett 7. þ.m. og er ástæða fyrir beiðninni sögð vandamál, sem fyrirtækið á við að glíma vegna húsbygginga á lóðinni nr. 9 við Lyngháls í Reykjavík. Er því lýst, að hinn 8. desember 1986 hafi varnaraðili selt sóknaraðila húsnæði þarna en báðum aðilum verið ljóst, að teikningar af fyrirhuguðu húsnæði hefðu ekki verið samþykktar af byggingarnefnd. Ætlað hafi verið, að húsnæðið yrði tilbúið til afhendingar 30. nóvember 1987. Kaupverð hafi samtals numið 59.014.720,00 krónum og að hluta átt að greiðast í makaskiptum með húseign sóknaraðila að Síðumúla 14, sem metin hafi verið á 25 milljón krónur. Síðan er því lýst, að strax við samningsgerð hafi sóknaraðili óskað tiltekinna breytinga á húsnæðinu, er leitt hafi til þess að byggingarleyfi hafi ekki verið gefið út fyrr en 26. mars 1987 og framkvæmdir tafist af þeim sökum. Fleira hafi komið til og leitt til þess að varnaraðili lenti í greiðsluerfiðleikum, þar á meðal að sóknaraðili hafi eigi afhent húsnæði það, er koma átti upp í kaupin í makaskiptum, og sé nú svo komið að sóknaraðili neiti afhendingu að svo stöddu. Í beiðninni segir ennfremur: „Samkvæmt áætlun, sem gerð hefir verið er sennilegt, að það kunni að kosta um 16,5 millj. króna, að ljúka þeim framkvæmdum, sem enn er ólokið af

hálfu Persíu hf. við byggingu umræddra húsa, og að skuldir Persíu hf. nemi alls um 38 milljónum króna eða samtals vanti fjárhæðir er nemi um 54,5 milljónum króna til þess að uppgert sé við alla aðila." Þá segir, að miðað við lok aprílmánaðar 1988 séu eignir varnaraðila samtals 60,7 milljón króna virði, þessar: Ógreiddar greiðslur vegna kaupsamninga eru sagðar 32,6 milljón krónur, óselt húsnæði í Lyngási 9 að verðmæti 9,0 milljón krónur, og kröfur á sóknaraðila vegna þess að húsnæði í Síðumúla 14 reyndist minna en ætlað var 4,8 milljón krónur, vegna stækkunar húsnæðis 4,2 milljón krónur og loks bótakröfur vegna seinkunar á greiðslum o.fl. af atvikum, er varnaraðili telur sóknaraðila bera ábyrgð á, 10,1 milljón krónur. Í beiðninni eru sett spurningarmerki við síðasttalda þrjá liði, áætlaðar kröfur varnaraðila á sóknaraðila. Því er lýst yfir, að slitnað hafi upp úr samningum aðila og stjórn varnaraðila falið lögmanni sínum „að freista þess aðallega að fá samningum aðila rift vegna vanefnda Blaðaprents hf., en til vara að fá samningum aðila vikið til hliðar að fullu eða að hluta skv. ákvæðum 36. gr. l. nr. 7/1936, sbr. 6. gr. l. nr. 11/1986, eða loks til þrautavara að gera bótakröfu á hendur Blaðaprenti hf. vegna vanefnda félagsins gagnvart Persíu hf., til þess að freista þess að koma í veg fyrir gjaldþrot félagsins." Lögmaður varnaraðila lýsti því yfir fyrir skiptarétti 9. þ.m., að skuldir væru uppreiknaðar miðað við þann dag, nokkurn veginn. Niðurlagsorð greiðslustöðvunarbeiðni eru þessi: „Vegna yfirvofandi nauðungarsölu á eignum félagsins að Lynghálsi 9, er óhjákvæmilegt að leita eftir greiðslustöðvun þessari til þess að freista þess að fullt jafnræði verði með lánadrottnum félagsins."

Með beiðni um greiðslustöðvun fylgdi ársreikningur félagsins fyrir árið 1987. Samkvæmt honum skuldaði það 7.737.593,00 krónur umfram eignir í árslok. Reikningurinn er áritaður af löggiltum endurskoðanda og tekið fram, að engin endurskoðun hafi verið framkvæmd. Svofelld áritun er gerð: „Með hliðsjón af taprekstri félagsins á árinu og fjárhagsstöðu þess í árslok viljum við taka fram, að viðbrögð lánadrottna félagsins, lántökumöguleikar, ásamt væntanlegum samningum við kaupendur að Lynghálsi 9 um lokauppgjör og frágang, mun hafa veruleg áhrif á það, hvort félagið mun geta haldið áfram rekstri."

Ennfremur fylgdi beiðninni skuldalisti pr. 25. janúar sl. að fjárhæð samtals 38.749.576,00 krónur.

Sóknaraðili telur varnaraðila Persíu hf. ekki uppfylla skilyrði til að fá leyfi til greiðslustöðvunar og ófullkomin og villandi gögn hafa verið lögð fyrir skiptaráðanda. Kveður hann varnaraðila löngu kominn í þrot með byggingarframkvæmdir vegna fjárskorts og enn ekki byrjað á smíði hluta þess húsnæðis, er samningar þeirra ná til. Telur hann skuldir vanreiknaðar og eignir ofreiknaðar og bendir í því efni m.a. á, að hann telji sig eiga kröfu á varnaraðila vegna vanefnda. Þannig nemi áfallnar dagsektir vegna afhendingardráttar 9 milljón krónum.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að varnaraðili Persía hf. hafi leitt að því nægar líkur að hann geti komið nýrri skipan á fjármál sín, þótt honum verði veitt þriggja mánaða greiðslustöðvun. Verður því ekki séð að skilyrði séu fyrir hendi til að veita varnaraðila heimild til greiðslustöðvunar. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að varnaraðili Persía hf. greiði sóknaraðila 15.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður um greiðslustöðvun er án forsendna svo sem heimilt er að lögum og standa ekki efni til að sinna kröfu um vítur á skiptaráðanda vegna meðferðar málsins né dæma hann til greiðslu kærumálskostnaðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Persía hf., greiði sóknaraðila, Blaðaprenti hf., 15.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Kröfum sóknaraðila gegn skiptaráðandanum í Reykjavík er hafnað.

Mánudaginn 29. júní 1988.

Nr. 188/1988. **Alma E. Hansen**
gegn
Haraldi V. Haraldssyni
Ólafi Sigurgeirssyni og
yfirborgarfógetanum í Reykjavík

Kærumál. Löghaldsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. maí 1988, sem barst Hæstarétti 24. s.m., kært löghald, sem gert var í fógetarétti Reykjavíkur af Júlíusi Guðmundssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta, hinn 5. maí sl. Sóknaraðila var tilkynnt um löghaldið með símskeyti 10. maí, sem barst henni í hendur 17. s.m. Kærumálsgögn bárust Hæstarétti 23. júní sl.

Kröfur sóknaraðila, sem hér skipta máli, eru þær, að löghaldsgerð frá 5. maí sl. verði dæmd ógild og yfirborgarfógeti verði víttur fyrir embættisafglöp og dæmdur til greiðslu miskabóta og að Ólafur Sigurgeirsson héraðsdómslögmaður verði dæmdur til greiðslu miskabóta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Kröfugerð sóknaraðila á hendur Gylfa S. Guðmundssyni kemur ekki til álita, þar sem hann er ekki aðili máls þessa.

Varnaraðilar, Haraldur V. Haraldsson og Ólafur Sigurgeirsson, krefjast þess aðallega, að kæru þessari verði vísað frá Hæstarétti en til vara, að öllum kröfum sóknaraðila verði hrundið. Í báðum tilvikum krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Hvorki hafa borist kröfur né greinargerð frá yfirborgarfógeta.

Frávísunarkrafa varnaraðila, sem reist er á 7. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 og 3. tl. b og c 21. gr. laga nr. 75/1973, kemur ekki til álita þar sem kæra málsins er heimil samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í löghaldsbeiðni varnaraðila 5. maí 1988 var þess farið á leit, að kyrrsettar yrðu eignir sóknaraðila „með lögheimili að Garðaflöt 7, Garðakaupstað, en talin búa að Freyjugötu 27, hér í borg.“ Var

krafist löghalds á kröfu sóknaraðila á hendur Gylfa S. Guðmundssyni og þess krafist, „að gerðin fari fram í viðurvist hans á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949, þar sem óvíst er um heimilisvarnarþing gerðarþola." Sama dag setti fulltrúi yfirborgarfógeta, Júlíus Guðmundsson, fógetarétt Reykjavíkur að Skógarhlíð 6 og var bókað: „Gerðarþoli hefur lögheimili að Garðaflöt 7, Garðabæ, en hefur aðsetur í Garði, er ekki viðstaddur." Gerði fógeti löghald „á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 í fjárkröfu gerðarþola á hendur Gylfa S. Guðmundssyni, skv. Hæstaréttardómi nr. 312/1986. Gylfi er mættur í réttinum og leggur fram tékka að fjárhæð kr. 305.008,00 með fyrirvara um endurútreikning kröfunnar. Fógeti tók tékkann í sínar vörslur."

Sóknaraðili byggir kröfur sínar meðal annars á því, að framangreind löghaldsgerð hafi verið framkvæmd á röngu varnarþingi, sóknaraðila hafi að ástæðulausu ekki verið tilkynnt um fyrirhugaða löghaldsgerð og ekki leitað álits hennar á kröfunni, og að fógetafulltrúinn hafi vanrækt að taka tryggingu af varnaraðila eða lögmanni hans.

Varnaraðilar halda því fram, að rétt hafi verið að framkvæma hina kærðu löghaldsgerð í fógetarétti Reykjavíkur þar sem óvíst hafi verið um heimilisvarnarþing sóknaraðila og verðmæti það, sem kyrrsetja átti, var í Reykjavík. Þá telja þeir, að ekki hafi þurft að setja tryggingu, þar sem skuldabréf var til grundvallar kröfunni og vísa um það til 4. tl. 12. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 3. tl. 207. gr. og 3. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936.

Skýra verður hina kærðu dómsathöfn svo, að í þinghaldinu 5. maí sl. hafi fyrst farið fram löghald í kröfu samkvæmt Hæstaréttardóminum nr. 312/1986 og að því búnu farið fram greiðsla á kröfunni. Ekki hefur verið sýnt fram á, að nauðsyn hafi borið til að víkja frá því ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 að hefja gerðina á heimili eða dvalarstað gerðarþola, en krafan er samkvæmt dómi eins og áður sagði. Gerðarþoli var eigi sjálf viðstödd og enginn skipaður til að gæta hagsmuna hennar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 18/1949, og áritun áskorunarstefnu mælti aðeins fyrir um greiðsluskyldu á hendur varnaraðila Haraldi V. Haraldssyni. Dómara var því ekki rétt að láta gerðarbeiðanda ekki leggja fram tryggingu, sbr. 12. gr. laga nr. 18/1949, þar sem sóknaraðili hafði ekki

tækifæri til að koma að neinum þeim vörnum, sem hugsanlega kæmust að, sbr. niðurlags-ákvæði 209. gr. laga nr. 85/1936. Bar honum að gæta framangreindra atriða ex officio. Samkvæmt öllu þessu ber að fella hina kærðu löghaldsgerð úr gildi.

Kröfur sóknaraðila um vítur á hendur yfirborgarfógeta og miskabætur úr hans hendi og Ólafs Sigurgeirssonar eiga ekki við rök að styðjast og verða þær ekki teknar til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að varnaraðili, Haraldur V. Haraldsson, greiði sóknaraðila 12.000,00 krónur í kærumálskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er felld úr gildi.

Kröfum sóknaraðila, Ölmu E. Hansen, á hendur varnaraðilum, yfirborgarfógetanum í Reykjavík og Ólafi Sigurgeirssyni héraðsdómslögmanni, er hafnað.

Varnaraðili, Haraldur V. Haraldsson, greiði sóknaraðila 12.000,00 krónur í kærumálskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 5. maí 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 5. maí er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skógarhlíð 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Júlíusi Guðmundssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið C-36/1988 Haraldur Haraldsson gegn Ölmu E. Hansen.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 bréf Búnaðarbanka Ísl., nr. 3 ljósrit af skuldabréfi, nr. 4 ljósr. af áskorunarstefnu, nr. 5 ljósr. af fjárnámsbeiðni svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Sigurgeirsson hdl. og krefst löghalds fyrir kr. 250.000,00 með 2,25% mánaðarv. af kr. 10.000,00 frá 19.01. 1987 til 01.03. 1987 f. þ. d. til 01.06. 1987, 2,8% drv. f. þ. d. til 01.07. 1987, 3% drv. f. þ. d. til 01.08. 1987, 3,4% drv. f. þ. d. til 01.09. 1987, 3,5% f. þ. d. til 01.10. 1987, 3,6% drv. f. þ. d. til 01.11. 1987, 3,8% drv. f. þ. d. til 01.12. 1987, 4,1% drv. f. þ. d. til 01.01. 1988, 4,3% drv. f. þ. d. til 01.02. 1988, 4,3% drv. f. þ. d. til 01.03. 1988, 3,8% drv. f. þ. d. til 23.03. 1988, 3,8% drv. af kr. 240.000,00 til 01.05. 1988, 3,7% frá þeim

degi til greiðsludags auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur lögheimili að Garðarflöt 7 Garðabæ, en hefur aðsetur í Garði, er ekki viðstaddur.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti löghald á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 í fjárkröfu gerðarþola á hendur Gylfa S. Guðmundssyni skv. Hæstaréttardómi nr. 312/1986. Gylfi er mættur í réttinum og leggur fram tékka að fjárhæð kr. 305.008,00 með fyrirvara um endurútreikning kröfunnar. Fógeti tók tékkann í sína vörslu. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og kveðst skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Mánudaginn 4. júlí 1988.

Nr. 193/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
bæjarfógetanum á Akureyri og Valgarði Óla Jónassyni

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 18. apríl sl., en þann dag fékk hann vitneskju um dóminn, sem upp var kveðinn 24. febrúar sl. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali útgefnu 31. júlí 1985 á hendur varnaraðila, Valgarði Óla Jónassyni.

Varnaraðili, Valgarður Óli Jónasson, hefur krafist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur, en frá bæjarfógetanum á Akureyri hefur engin greinargerð borist.

Meðal sakargagna málsins er reikningsyfirlit yfir úttektir varnaraðila samtals 403.302,22 krónur. Honum var fyrir lögreglu kynnt krafa kærandans samkvæmt skjalinu og kvaðst hann „ekki draga í efa að þetta sé rétt tala, úttektir hans á tímabilinu hafi verið þetta miklar". Þykja þannig engir þeir annmarkar vera á ákæru í máli þessu, að dómari mætti synja að láta birta ákæruna og þingfesta að því búnu málið á hendur varnaraðila, Valgarði Óla, eftir því sem fyrir er mælt í 3. mgr. 115. gr. og 121. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 19. gr. og 23. gr. laga nr. 107/1976.

Samkvæmt framanrituðu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að birta varnaraðila, Valgarði Óla Jónassyni, ákæruskjal í málinu og taka málið til dómsmeðferðar.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að birta varnaraðila, Valgarði Óla Jónassyni, ákæruskjal, útgefið 31. júlí 1985, og taka málið til dómsmeðferðar.

Dómur sakadóms Akureyrar 24. febrúar 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 24. febrúar er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er að Hafnarstræti 107, Akureyri, af Ólafi Ólafssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 677/1988: Ákæruvaldið gegn Valgarði Óla Jónassyni.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 29. janúar sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. júlí 1985, „á hendur Valgarði Óla Jónassyni sjómanni, Langholti 20, Akureyri, fæddum þar í bæ 21. desember 1960, fyrir umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með því að misnota Visa-greiðslukort sitt nr. 4507-4100-0001-4341, sem ákærði hafði hinn 18. apríl 1985 fengið afhent fyrir milligöngu og ábyrgð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis með úttektarheimild að fjárhæð kr. 35.000,- eða US$ 1.500,-, með því að taka út á greiðslukortið á tímabilinu 19. apríl til 3. maí 1985 fyrir samtals kr. 403.302,22 og US$

5.954,82 og síðan látið hjá líða að tryggja greiðslu á skuldinni á umsömdum gjalddaga þar á eftir.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

Hinn 24. maí 1985 kærði Hrafnhildur Karlsdóttir bankaritari f.h. Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis ákærða, Valgarð Óla Jónasson, Langholti 20, Akureyri, til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir óheimila úttekt á Visakorti. Kærandi kvað ákærða hafa sótt um Visakort í apríl 1985 og fengið það afhent, líklega 18. apríl það ár. Kærandi kvað ákærða þegar hafa notað Visakortið og stofnað til skuldar að fjárhæð rúmlega 400.000,- krónur og þannig farið langt umfram úttektarheimild sína er var kr. 35.000,-. Lagði kærandi fram ljósrit af umsóknarblaði ákærða ofangreindu til staðfestu ásamt ljósritum af reikningsyfirlitum er sýndu einstakar úttektir.

Með framangreindri kæru fylgdi ljósrit af „umsókn um Visakort", ákærða Valgarðs Óla fyrir útektarheimild innanlands fyrir kr. 35.00,- og 1.500,- US$ erlendis. Umsókn ákærða er samþykkt hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis - Pundið - hinn 17.04. 1985. Á umsóknarblaðinu er yfirlýsing ákærða þess efnis að hann hafi kynnt sér efni samnings á bakhlið umsóknarinnar og að hann samþykki hann að öllu leyti og skuldbindi sig til þess að nota greiðslukortið í samræmi við reglur hans og skilmála.

Eigi fylgdi með kærunni samningur sá er vitnað er til hér að framan. Þá er dagsetning undirskriftar ákærða svo og afgreiðsludagsetning greiðslukortsins illlæsileg á áðurnefndu ljósriti. Sama gildir um númer greiðslukorts er ákærða var afhent, en samkvæmt reikningsyfirlitum og skýrslu ákærða fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins var það númer 4507-4100-0000-4341.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107, 1976, fer lögreglan (Rannsóknarlögregla ríkisins) með frumrannsókn mála. Markmið frumrannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni hvort opinbert mál skuli höfðað og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Í máli þessu liggja eigi fyrir úttektarseðlar ákærða með undirskrift hans né heldur ljósrit þeirra, aðeins áðurgreind reikningsyfirlit yfir viðskiptin. Að mati dómsins þykja úttektarseðlarnir vera slík undirstöðugögn í málinu, að ekki hafi verið viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar eins og á stóð, án þess að leggja þá fram við rannsókn málsins og bera þá undir ákærða, þó svo að ákærði hafi í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögrelgu ekki dregið í efa fjárkröfur kæranda. Byggir dómurinn þetta á 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 13. og 19. gr. laga nr.

107, 1976. Ber því þegar af þessari ástæðu einni að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi Akureyrar.
Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 6. júlí 1988.

Nr. 169/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóhannesi Hólm Reynissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Fjárdráttur. Brot í opinberu starfi. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjað er tveimur héraðsdómum á hendur ákærða, annarsvegar dómi sakadóms Árnessýslu 23. desember 1986, með stefnu 14. maí 1987, að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins, og hinsvegar dómi sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987, með stefnu 13. nóvember 1987. Brot það, sem ákærða er gefið að sök í síðara málinu, er framið áður en dómur gekk í héraði í hinu fyrra. Eru málin því sameinuð í Hæstarétti og dæmd í einu lagi. Dómkröfur ákæruvaldsins eru þær, að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir, þó þannig að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess um fyrra málið, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum ákæruvaldsins, en til þrautavara staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Í síðara málinu krefst áfrýjandi sýknu, en til vara þess að refsing verði milduð og jafnframt skilorðsbundin.

I.

Ákæruefni, sem dómur sakadóms Árnessýslu 23. desember 1986 tekur til.

I.A.

Karl F. Jóhannsson, aðalfulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, og Einar Hálfdánarson rekstrarhagfræðingur hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 27/1985.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali 4. september 1980, þar sem ákærða er gefið að sök „að hafa í starfi sínu sem sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps, á tímabilinu 1. júlí 1975 til 1. júní 1978, svikið út úr ríkissjóði samtals kr. 2.680.100,- í formi olíustyrks til hreppsbúa, með því að gefa upp ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, ýmist í bréfum eða í símtölum, meiri fjölda íbúa hreppsins, sem rétt áttu á olíustyrk úr ríkissjóði, en réttmætt var, og þannig náð meira fé út úr ríkissjóði en hann þurfti í raun til að greiða hreppsbúum í olíustyrki á hverju styrktímabili og síðan hagnýtt sér mismuninn í eigin þarfir". Eru greiðslur frá ríkissjóði til sveitarstjóra og þau ársfjórðungslöngu styrktímabil, er þær náðu til, síðan sundurliðuð í töfluformi ásamt þeim fjölda styrkþega í Stokkseyrarhreppi á hverju tímabili, sem sveitarstjóri hafði talið fram. Jafnframt er tilgreindur sá fjöldi styrkþega á tímabilinu, sem réttmætur var talinn, og rétt greiðsla frá ríkissjóði á grundvelli hans. Loks er sýndur mismunurinn á þeirri greiðslu og hinni raunverulegu greiðslu fyrir tímabilið, en samtala hans, vegna ellefu ársfjórðunga eða styrktímabila, er fyrrgreind fjárhæð í meginmáli ákæruskjalsins.

Í ákæru er þetta atferli talið varða aðallega við 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. sem fjársvik í opinberu starfi, en til vara við 1. mgr. 146. gr. og 247. gr., sbr. 138.

gr. sömu laga, þ.e. sem röng skýrslugjöf til opinbers stjórnvalds og sem fjárdráttur í opinberu starfi. Við flutning málsins í héraði var fallið frá sakargift samkvæmt 248. gr. laganna af hálfu ákæruvaldsins, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti var einnig fallið frá sakargift samkvæmt 146. gr. laganna, en í hinum áfrýjaða dómi var ekki talið unnt að sakfella ákærða fyrir brot á þeirri grein (þ.e. laga nr. 19/1940, en ekki nr. 74/1974 eins og þar er ritað af misgáningi). Eftir stendur þá ákæra fyrir brot gegn 247. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940.

Olíustyrkur sá, er um ræðir í máli þessu, er upphaflega til kominn með lögum nr. 5/1974, um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, og lögum nr. 47/1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða. Reglugerð um úthlutun olíustyrks, nr. 174/1974, var sett á grundvelli síðarnefndu laganna. Fjár til styrkgreiðslunnar var aflað með gjaldi á söluskattsstofn samkvæmt fyrrnefndu lögunum. Með lögum nr. 6/1975, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl., sem tóku gildi 1. mars 1975, voru bæði fyrrnefndu lögin leyst af hólmi. Hinn 1. mars 1976 tóku svo gildi ný lög með sama nafni, nr. 9/1976, og framlengdu gildistíma gjaldsins til 28. febrúar 1977. Umrædd reglugerð stóð óbreytt þennan tíma.

Samkvæmt þessum lagaheimildum skyldi tekjum af hinu sérstaka gjaldi á söluskattsstofn varið til þess annarsvegar að styrkja þá aðila, sem notuðu olíu til hitunar íbúða sinna, og hinsvegar til að veita styrk til rafveitna að því marki, sem þær notuðu olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu. Viðskiptaráðuneytinu var falin umsjá og úthlutun gjaldteknanna og svo fyrirmælt, að þeim hluta teknanna, sem ráðstafað væri til einstaklinga, skyldi úthlutað fyrir milligöngu sveitarfélaga, þar sem þeir væru heimilisfastir. Styrkurinn skyldi nema sömu upphæð á hvern íbúa, sem byggi við olíuupphitun, en lífeyrisþegar almannatrygginga og þeir sem svipað væru settir skyldu þó fá 1½ styrk einstaklings. Í umræddri reglugerð, sem geymdi nánari ákvæði um þessi efni, kom meðal annars fram að ríkissjóður skyldi greiða tekjur af gjaldinu í svonefndan olíusjóð, en viðskiptaráðuneytið síðan ávísa úr honum til sveitarfélaga og rafveitna. Skyldu sveitar-

félögin úthluta olíustyrk til íbúa sinna jafnskjótt og þeim hefðu borist greiðslur hans vegna.

Hinn 1. janúar 1977 kom til skjalanna sú breyting á tilhögun olíustyrksins, að hætt var að veita til hans beinum tekjum af gjaldi á söluskattsstofn, og skyldi hann í þess stað borinn uppi af fé, sem til þess yrði veitt í fjárlögum hverju sinni. Var um þetta mælt í nýjum lögum nr. 13/1977 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl., og nýrri reglugerð nr. 219/1977 um úthlutun olíustyrks. Viðskiptaráðuneytinu var falið að ákveða fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni, og annaðist það sem fyrr úthlutun skyrksins til einstaklinga fyrir milligöngu sveitarfélaga. Greiðsla frá ráðuneytinu skyldi fara fram ársfjórðungslega eftir á frá 1. janúar 1977, en greiðsla fyrir desember 1976 samkvæmt eldri lögum innt af hendi með greiðslunni fyrir janúar - mars 1977. Þessi tilhögun hélst óbreytt fram yfir það tímabil, sem ákæra í málinu nær til.

Samkvæmt ákvæðum nefndra laga nr. 6/1975, 9/1976 og 13/1977 og reglugerða nr. 174/1974 og 219/1977 var það hlutverk sveitarstjórna að gera viðskiptaráðuneytingu grein fyrir fjölda þeirra íbúa sinna, sem rétt ættu á olíustyrk á hverju styrktímabili, og að taka við greiðslu frá ráðuneytinu í einu lagi á styrk þessara íbúa vegna tímabilsins og úthluta honum jafnharðan. Við móttöku greiðslna frá ráðuneytinu varð styrkfé íbúanna að vörslufé sveitarstjórnar, sem hún bar ábyrgð á gagnvart ráðuneytinu annarsvegar og styrkþegum hinsvegar.

Í Stokkseyrarhreppi annaðist ákærði sem sveitarstjóri framkvæmd þessarar milligöngu fyrir hönd sveitarstjórnar á því tímabili, sem ákæra tekur til. Við uppgjör eftir viðskilnað hans var sú afstaða tekin af hálfu viðskiptaráðuneytisins og sveitarstjórnar Stokkseyrarhrepps, að hreppurinn bæri ábyrgð á því styrkfé, sem greitt hefði verið til hans umfram réttan fjölda styrkþega í hreppnum, og mun hann hafa endurgreitt það til ráðuneytisins. Jafnframt mun hreppsnefndin hafa gert ráðstafanir til að leita endurheimtu fjárins hjá ákærða, en það mál mun ekki til lykta leitt.

Í verknaðarlýsingu í ákæruskjali er ekki sérstaklega að því vikið, að olíustyrkur var ekki greiddur úr ríkissjóði fyrir 1. janúar 1977, heldur af mörkuðum ríkistekjum. Þetta breytir þó ekki gildi ákæru,

né heldur hitt, að orðalag lýsingarinnar beinist meira að fjársvikabroti en að tileinkun vörslufjár.

Af hálfu ákærða er verknaðarlýsing gagnrýnd að því leyti, að brotatímabil sé ranglega tilgreint ef um fjárdrátt sé að ræða. Þannig hafi fyrsta greiðsla til Stokkseyrarhrepps, sem ákæra tekur til, ekki átt sér stað fyrr en 22. september 1975, en hin síðasta hafi farið fram 11. apríl 1978. Einnig sé hin tilgreinda fjárhæð í ákæruskjali önnur en sú, sem ákæruvaldið telji ákærða hafa tileinkað sér, og hafi rannsókn málsins ekki leitt til öruggrar niðurstöðu um það, hvaða fjárhæð fenginna greiðslna geti hafa vantað í sjóð hjá ákærða. Af hálfu ákæruvaldsins er því haldið fram, að vöntunin sé ekki minni en hin tilgreinda fjárhæð. Með tilliti til þess og annarra atvika eru þessar ástæður ekki nægilegar til frávísunar ákæru.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi var eldri héraðsdómur í máli þessu ómerktur með dómi Hæstaréttar 21. júní 1984 og málinu vísað heim í hérað til frekari rannsóknar. Telur ákærði það varða ómerkingu málsins nú, að hinum sérfróðu mönnum, sem dómkvaddir voru til athugunar á fjölda styrkþega í Stokkseyrarhreppi og fleiri málsatvikum, hafi ekki tekist að framkvæma til hlítar þá nákvæmu úttekt, sem Hæstiréttur taldi við þurfa, né heldur hafi þeir staðið að framkvæmdinni með fullnægjandi hætti. Þegar málið var þá fyrir Hæstarétti var það enn aðalefni ákæru, að um væri að ræða brot á 248. gr. eða 146. gr. almennra hegningarlaga, og mótaði það að nokkru niðurstöðu dómsins. Frá þessari heimfærslu hefur síðan verið fallið, eins og fyrr greinir, og ber að fallast á það með dómendum í héraði, að málið sé eftir atvikum nægilega upplýst til að leggja megi á það efnisdóm.

Loks hefur ákærði gagnrýnt það upphaf málsmeðferðar í héraði, að málið var þingfest í sakadómi Árnessýslu og skjöl lögð fram áður en ákærða hafði verið birt, sbr. niðurlagsákvæði 115. gr. laga nr. 74/1974. Það hafi að vísu gerst degi síðar, en síðan hafi enn verið þingað í málinu og skjöl lögð fram áður en verjandi var skipaður 10 dögum eftir þingfestingu. Ljóst er, að ekki var tekið til við yfirheyrslur vitna fyrir dómi fyrr en eftir skipan verjanda, og að honum var gefinn kostur á að vera viðstaddur þær yfirheyrslur. Með tilliti til þessa er ekki ástæða til að ómerkja héraðsdóm vegna þessarar

meðferðar, sem þó má telja aðfinnsluverða. Ber að hafna kröfu ákærða um frávísun málsins frá Hæstarétti.

I.B.

Mál þetta á sér alllangan feril, frá því að ákærði hóf að taka við greiðslum á olíustyrk sem sveitarstjóri í Stokkseyrarhreppi og þar til hinn áfrýjaði dómur var upp kveðinn. Rannsókn þess hófst innan þess tíma, sem máli skiptir samkvæmt 81. og 82. gr. laga nr. 19/1940, og hefur ferillinn ekki rofnað síðan með þeim hætti, að til álita komi að sök sé fyrnd. Geta ber þess, að rannsókn eða úttekt á manntals- og bókhaldsgögnum eftir heimvísun málsins tók lengri tíma en æ[illegible]efði mátt að óreyndu, en það breytir ekki þessari niðurstöðu.

Málavextir eru skilmerkilega raktir í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram sá ákærði um það á starfstíma sínum að tilkynna fjölda þeirra íbúa, er rétt ættu á olíustyrk, taka við greiðslum til sveitarfélagsins og ráðstafa fé til styrkþega. Hann annaðist að öllu leyti vörslur þessara fjármuna, sem haldið var aðskildum frá fjárreiðum og bókhaldi sveitarsjóðs. Er ákæra í málinu á því reist að hann beri ábyrgð á þeim mismun, sem í ljós kom á mótteknum styrk og þeim fjárhæðum, sem hann hafði ráðstafað til styrkþega eða skilað er hann lét af störfum.

Samkvæmt niðurstöðum fyrrgreindra skoðunarmanna námu greiðslur frá viðskiptaráðuneytinu á olíustyrk vegna tímabilsins frá 1. mars 1975 til 31. mars 1978 samtals 17.294.900,00 gömlum krónum, en óskýrður mismunur á þeirri fjárhæð og úthlutuðum styrk ásamt eftirstöðvum hjá ákærða taldist 3.764.435,00 gamlar krónur, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Er sú niðurstaða ekki fjarri því, sem fram kom við fyrri rannsókn. Í útreikningi skoðunarmanna og yfirliti um niðurstöður þeirra eru meðtaldar fjárhæðir, er þeir heimfæra til styrktímabilsins mars - maí 1975, sem verknaðarlýsing ákæru nær ekki yfir. Þessar fjárhæðir ber að telja frá, og hefur saksóknari fallist á þá afstöðu við málflutning fyrir Hæstarétti. Þegar svo er gert verður móttekinn styrkur 16.230.900,00 gamlar krónur, eins og tilgreint er í ákæru, en yfirlit um mismuninn breytist sem hér segir:

Móttekinn styrkur fyrir styrktímabil frá 1. júní 1975 til 31. mars 1978	kr.	16.230.900,-
Útborgaður styrkur skv. kvittunum vegna sömu tímabila	"	7.683.582,-
Skuldajöfnun við sveitarsjóð vegna útsvars, fasteignagjalda, rafmagns o.fl.	"	3.917.888,-
Peningar afhentir oddvita í júlí 1978	"	950.000,-
Mismunur, þar sem fullnægjandi bóhaldsgögn liggja ekki fyrir	kr.	3.679.430,-

Fallast ber á það með dómendum í héraði, að frá þessum mismun megi draga samtals 696.950,00 gamlar krónur, sem vafi þykir um hvort greiddar hafi verið tilteknum íbúum hreppsins. Standa þá eftir samtals 2.982.480,00 gamlar krónur, sem ákærði hefur ekki gert grein fyrir, og er það hærri fjárhæð en tilgreind er í ákæru. Verður að telja nægilega sannað, að hann hafi dregið sér það fé, sem ákæra fjallar um, þrátt fyrir neitun hans um hagnýtingu í eigin þarfir.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði verði sakfelldur fyrir brot á 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákæruefni, sem dómur sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987 tekur til.

Mál þetta varðar meðferð ákærða á veðskuldabréfi, sem honum var falið til umboðssölu í ágúst 1985, og eru málavextir raktir í hinum áfrýjaða dómi. Mál vegna þessa var upphaflega höfðað með ákæruskjali 23. janúar 1987, en því máli var vísað frá sakadómi Reykjavíkur 26. mars 1987 vegna galla á ákæru. Höfðaði ákæruvaldið síðan það mál, sem hér liggur fyrir.

Í málinu var ekki tekin sjálfstæð skýrsla af ákærða, þegar ákæra var birt 15. september 1987, en ákærði vísaði þá til skýrslu, er hann hafði gefið fyrir dómi 3. mars 1987 í fyrra málinu, auk þess að staðfesta síðari skýrslugjöf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 5. maí 1987. Rétt hefði verið að leggja fyrrnefndu skýrsluna formlega fram í þessu máli, en ekki þykir þó ástæða til ómerkingar af þeim sökum.

Við meðferð málsins er það athugavert, að eftir munnlegan flutning og dómtöku þess 1. október 1987 var það endurupptekið 2. s.m.

og lögð fram skjöl, án þess að verjandi væri til kvaddur, en síðan dómtekið að nýju og dómur lagður á málið. Voru skjöl þessi endurrit af dómi sakadóms Árnessýslu 23. desember 1986 í því máli, sem nú hefur verið sameinað máli þessu, og sakavottorð ákærða, svo og yfirlýsing Sigurðar Brynjólfssonar þess efnis, að hann drægi til baka kæru sína og bótakröfu á hendur ákærða. Fyrrnefndu skjölin tvö voru kunnug verjanda ákærða og rædd við hinn munnlega flutning. Síðastnefnda skjalið er ákærða í hag, og hefur verjandi fyrir Hæstarétti ekki lýst þörf á því, að Sigurður eða ákærði verði krafðir frekari sagna um efni þess, en þeir eru systkinasynir. Þessi meðferð málsins er aðfinnsluverð, en þykir ekki varða ómerkingu þess eins og hér stendur á.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði hafi með atferli sínu orðið brotlegur við 247. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, var ákærði dæmdur 26. febrúar 1988 í sakadómi Reykjavíkur til 2ja ára fangelsisvistar fyrir allmörg brot, gegn 1. mgr. 155. gr., 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Endurrit af dómi þessum hefur verið lagt fyrir Hæstarétt og jafnframt upplýst, að honum verði ekki áfrýjað. Þar eð refsidómar þeir, sem hér eru til umfjöllunar, voru undir áfrýjun og ákærði taldist ekki hafa rofið skilorð þeirra, var refsing ákveðin sjálfstætt í málinu.

Refsingu ákærða fyrir þau brot, sem hann er sakfelldur um hér fyrir dómi, ber að tiltaka í einu lagi með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 7 daga samkvæmt úrskurði sakadóms Árnessýslu frá 27. júní 1979.

Staðfesta ber ákvæði beggja hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 45.00,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Hólm Reynisson, sæti fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist hans 7 daga.

Ákvæði sakadóms Árnessýslu 23. desember 1986 og sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987 um greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 23. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. des. sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 27. júní 1984, fyrir sakadómi Árnessýslu, á hendur Jóhannesi Reynissyni, Austurbrún 29, Reykjavík, fyrir að hafa í starfi sínu sem sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps, á tímabilinu 1. júlí 1975 til 1. júní 1978, svikið út úr ríkissjóði samtals kr. 2.680.100,00 í formi olíustyrks til hreppsbúa, með því að gefa upp ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, ýmist í bréfum eða símtölum, meiri fjölda íbúa hreppsins, sem rétt áttu á olíustyrk úr ríkissjóði, en réttmætt var, og þannig náð meira fé út úr ríkissjóði en hann þurfti í raun til að greiða hreppsbúum í olíustyrki á hverju styrktímabili og síðan hagnýtt sér mismuninn í eigin þarfir, sem sundurliðast eftir tímabilum með eftirgreindum hætti:

Tímabil	*Uppg. fjöldi styrkþ.*	*Þar af með 1½ styrk*	*Greiðsla ríkissj.*	*Réttur fjöldi styrkþ.*	*Þar af með 1½ styrk*	*Rétt greiðsla ríkissj.*	*Mismunur*
Júní-ágúst '75	536	43	1.115.000,-	512	43	1.067.000,-	48.000,-
Sept.-nóv. '75	558	34	1.150.000,-	518	43	1.079.000,-	71.000,-
Des.-febr. '76	574	36	1.302.400,-	494	45	1.136.300,-	166.100,-
Mars-maí '76	574	36	1.420.800,-	493	44	1.236.000,-	184.800,-
Júní-ág. '76	584	34	1.442.400,-	434	44	1.214.400,-	228.000,-
Sept.-nóv. '76	584	44	1.454.000,	484	40	1.209.600,-	244.400,-
Des.-mars '77	584	34	1.983.300,-	470	36	1.613.700,-	369.600,-
Apr.-júní '77	584	44	1.575.600,-	462	38	1.250.600,-	325.000,-
Júlí-sept. '77	584	44	1.575.600,-	465	39	1.259.700,-	315.900,-
Okt.-des. '77	584	44	1.636.200,-	451	38	1.269.000,-	367.200,-
Jan.-mars '78	584	44	1.575.600,-	449	37	1.215.500,-	360.100,-
			Kr. 16.230.900,-			Kr. 13.550.800,-	2.680.100,-

Framanlýst atferli ákærða telst aðallega varða við 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr. 146. gr. og 247. gr., sbr. 138. gr. alm. hegningarlaga. Við flutning málsins hinn 5. des. sl. var fallið frá aðalheimvísun (sic) í ákæru af hálfu ákæruvaldsins.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Hinn 4. maí 1979 barst embætti sýslumannsins í Árnessýslu kæra Sigurðar Baldurssonar hrl. f.h. Stokkseyrarhrepps á hendur Jóhannesi Reynissyni, fyrrverandi sveitarstjóra á Stokkseyri, og var honum gefið að sök að hafa dregið sér kr. 2.680.100,- af olíustyrk sem greiddur hafði verið Stokkseyrarhreppi á tímabilinu júní 1975 til mars 1978 úr ríkissjóði.

Ennfremur var þess farið á leit að rannsókn færi fram á öðru hugsanlegu misferli ákærða í meðferð fjármuna hreppsins meðan ákærði gegndi starfi sveitarstjóra hjá Stokkseyrarhreppi.

Nokkuð víðtæk rannsókn hófst þá þegar og annaðist lögreglan í Árnessýslu rannsókn þessa að mestu leyti. Beindist rannsóknin jöfnum höndum að ofangreindu ætluðu misferli ákærða á olíustyrk og eins að meintum tékkasvikum ákærða varðandi innistæðulausar ávísanir sem hann gaf út f.h. Stokkseyrarhrepps, meðan hann starfaði sem sveitarstjóri þar.

Þar sem skv. ofangreindu ákæruskjali ákærða er eingöngu gefið að sök að hafa svikið út úr ríkissjóði greiðslur vegna olíustyrks, verður samkv. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ekki fjallað um aðrar sakargiftir á hendur ákærða í máli þessu.

Verða nú málavextir raktir með hliðsjón af lögregluskýrslum, framburðum aðila fyrir dómi og öðrum framlögðum gögnum.

Árið 1975 var ákærði ráðinn sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps og var í þeirri stöðu fram í júní 1978, en þá fóru fram sveitarstjórnarkosningar. Á hreppsnefndarfundi var fellt hinn 5. júní 1978 að endurráða ákærða sem sveitarstjóra, og lét ákærði þá af störfum. Við starfi sveitarstjóra tók til bráðabirgða nýkjörinn oddviti Steingrímur Jónsson, en í ágúst þetta sumar tók Einar Sveinbjörnsson við sveitarstjórastörfum. Kom fljótlega í ljós að misræmi var á uppgefnum fjölda olíustyrkþega hjá Stokkseyrarhreppi, sem ákærði gaf upp hjá Stokkseyrarhreppi meðan hann gegndi starfi sveitarstjóra á Stokkseyri, og þeirra sem nýkjörinn oddviti og sveitarstjóri töldu eiga rétt á styrk þessum.

Gerðu þeir könnun á þessum málum og kom í ljós að á tímabilinu júní 1975 til mars 1978 hefði verið ofgreitt úr ríkissjóði kr. 2.680.100,-.

Venja var að greiða olíustyrk á 3ja mánaða fresti og á þessu tímabili gaf ákærði upp fjölda þeirra sem rétt áttu á olíustyrk til viðskiptaráðuneyt-

is. Síðan var ákærða send ávísun og var upphæð ávísunarinnar í samræmi við uppgefinn fjölda olíustyrkþega.

Ofangreind athugun þeirra Steingríms Jónssonar og Einars Sveinbjörnssonar var gerð á þann hátt að þeir báru saman olíuskrá og flutningstilkynningar á tímabili ákærða sem sveitarstjóra og fjölda olíustyrkþega sem ákærði gaf upp á hverju tímabili, og gerðu þeir yfirlit.

Er yfirlit það með eftirgreindum hætti:

Fjöldi olíustyrkþega í Stokkseyrarhreppi:

	Fjöldi	*Þar af* $1\frac{1}{2}$ *styrkur*
Mars - maí 1975	512	40
Júní - ágúst 1975	512	43
Sept. - okt. 1975	518	43
Des. '75 - febr. 1976	494	45
Mars - maí 1976	493	44
Júní - ágúst 1976	484	44
Sept. - nóv. 1976	484	40
Des. '76 - mars 1977	470	38
Apríl - júní 1977	462	38
Júlí - sept. 1977	465	39
Okt. - des. 1977	451	38
Jan. - mars 1978	449	37

Ofangreint yfirlit var sent ríkisendurskoðun hinn 5. mars 1970. Í bréfi ríkisendurskoðunar, dags. 9. mars 1979, til viðskiptaráðuneytis segir orðrétt: „Ef yfirlit núverandi forráðamanna er rétt hefur verið ofgreitt úr ríkissjóði kr. 2.680.100,-, vegna olíustyrks." Síðar í sama bréfi leggur ríkisendurskoðun til að olíustyrkur verði ekki greiddur til Stokkseyrarhrepps fyrr en ofangreindar g.kr. 2.680.100,- hafa verið endurgreiddar í ríkissjóð, nema hreppurinn geti sannað að olíustyrkskröfur gerðar á starfstíma ákærða séu á rökum reistar.

Hinn 8. maí 1979 mætti ákærði til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna þessa máls. Þar skýrði ákærði frá því að hann hefði annast greiðslur á olíustyrk til þeirra íbúa Stokkseyrarhrepps sem áttu kröfu á styrk þessum. Kvað ákærði starfstúlkur á hreppsskrifstofu hafa tekið saman og skrifað yfirlýsingu um fjölda styrkþega á hverjum tíma, en hann hefði skrifað þar undir áður en yfirlýsing var send ráðuneyti. Kvað ákærði fjármál vegna olíustyrks ekki hafa verið inni í sveitarsjóðsreikningi og hefði svo verið áður en ákærði tók við starfi sveitarstjóra. Hefði hann fengið senda ávísun sem hann hefði innleyst í banka. Síðan sagðist ákærði hafa farið yfir reiknings-

stöðu styrkþega áður en til greiðslu hefði komið. Ef styrkþegi skuldaði sveitarsjóði vegna útsvars, fasteignagjalda eða skuldaði rafveitu sem rekin var af hreppnum, hefði sú upphæð verið tekin af olíustyrknum upp í skuld viðkomandi við hreppinn. Að þessu loknu sagði ákærði, var gefin út tilkynning um útborgun á olíustyrk. Kvaðst ákærði hafa greitt styrkinn út í peningum sem geymdir hefðu verið í peningaskáp á skrifstofu hreppsins. Ákærði var inntur eftir því hvort hann hefði stemmt olíustyrkinn af. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir því, en taldi að hann hefði beðið skrifstofustúlkur hreppsins að gera það.

Ákærði skýrði einnig frá því að þegar hann hefði hætt sem sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps hefði hann farið með þau gögn er vörðuðu olíustyrk til að láta endurskoða. Ákærði sagði endurskoðun ekki hafa farið fram, en gögn þessi væru í höndum lögmanns hans Hilmars Ingimundarsonar hrl. Ákærði gat þess ennfremur að lögmaður ákærða væri ekki heima þar eð hann hefði haldið utan tveimur dögum áður. Í yfirheyrslu þennan dag lofaði ákærði að afhenda lögreglu öll gögn, sem hann hefði undir höndum varðandi olíustyrk, hinn 25. maí 1979.

Ákærði boðaði hins vegar forföll hinn 25. maí. Hinn 14. júní 1979, þegar ákærði hafði hvorki mætt til yfirheyrslu né skilað til lögreglu framangreindum gögnum varðandi olíustyrk, var ákærði handtekinn og færður til yfirheyrslu. Lýsti ákærði þá yfir að bókhaldsgögn væru hjá lögmanni sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl. Þennan sama dag voru gögn þessi sótt til áðurgreinds lögmanns.

Gerð var athugun af hálfu lögreglu á gögnum þessum sem voru kvittanir fyrir greiðslum á olíustyrk frá mars 1975 til mars 1978. Voru kvittanir þessar í þremur skjalamöppum. Kom þá eftirfarandi í ljós:

1. Stokkseyrarhreppur hefði fengið greiddar úr ríkissjóði g.kr. 17.294.400,- vegna olíustyrks.
2. Kvittanir frá viðtakendum eða kvittanir með áritun um upphæð olíustyrks hefðu farið til greiðslu á gjöldum til sveitarfélagsins, að upphæð g. kr. 13.873.532,-. Þar af voru þó með taldar óstaðfestar og ómerktar kvittanir fyrir g.kr. 348.400,-.
3. Ákærði hafði gert athugasemdir aftan við öll greiðslutímabil nema janúar-mars 1978. Þar með voru talin upp nöfn og heimilisföng aðila ásamt fjárupphæð og tekið var fram að kvittanir vantaði. Taldi ákærði að st. vantaði eftir þessum gögnum að dæma kvittanir fyrir g.kr. 1.932.600,-.

Hér eftir fer yfirlit sem Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður tók saman um greiðslur olíustyrks á vegum Stokkseyrarhrepps frá mars 1975 til mars 1978:

	Úr ríkissj.	*Gr. skv. kv.*	*Mism./skuld*
Mars - maí 1975	1.064.000,-	1.005.000,-	59.000,-
Júní - ágúst 1975	1.115.000,-	980.000,-	135.000,-
Sept. - nóv. 1975	1.150.000,-	912.650,-	237.350,-
Des. '75 - febr. 1976	1.302.400,-	1.083.400,-	219.000,-
Mars - maí 1976	1.420.800,-	1.045.600,-	375.200,-
Júní - ágúst 1976	1.442.400,-	1.086.800,-	355.600,-
Sept. - nóv. 1976	1.454.000,-	1.099.200,-	354.800,-
Des. '76 - mars 1977	1.983.300,-	1.450.150,-	533.150,-
Apr. - júní 1977	1.575.600,-	1.172.232,-	403.368,-
Júlí - sept. 1977	1.575.600,-	1.246.700,-	328.900,-
Okt. - des. 1977	1.636.200,-	1.170.200,-	466.000,-
Jan. - mars 1978	1.575.600,-	1.621.600,-	÷ 46.000,-
	Gr. kr.	13.873.532,-	Sk. 3.421.368,-
	Alls kr.	17.294,-	17.294.900,-

Í framhaldi af athugun á framangreindum gögnum um olíustyrk var gerð lausleg könnun á athugasemdum ákærða um að kvittanir vantaði í tilgreind skipti. Leiddi það í ljós að sumir sem gerð var athugasemd við og ákærði taldi að hefðu fengið greiddan olíustyrk, en kvittanir vantaði um, voru fluttir frá Stokkseyri. Ennfremur var í sumum húsum um rafmagnshitun að ræða og áttu íbúar þeirra húsa ekki rétt á olíustyrk. Þá fullyrti tilgreindur aðili, Hörður Sigurgrímsson bóndi í Holti, að bændur þar hefðu ekki fengið greiddan olíustyrk á tímabilinu mars 1975 til desember 1977, en á því tímabili taldi ákærði að kvittanir vantaði fyrir upphæð g.kr. 455.000,- vegna greiðslna til þeirra.

Fimmtudaginn 21. júní 1971 mætti ákærði að nýju til yfirheyrslu hjá lögreglu. Skýrði ákærði frá því að hann hefði farið inn á skrifstofu Hilmars Ingimundarsonar hrl., meðan Hilmar var erlendis, og tekið bókhaldsgögn varðandi greiðslur á olíustyrk í Stokksyerarhreppi frá mars 1975 til maí 1978.

Kvaðst ákærði hafa síðan yfirfarið þessi gögn og skrifað þar athugasemdir um kvittanir sem ákærði taldi vanta. Athugasemdir þessar eru í skjalamöppunum aftan við hvert greiðslutímabil. Að þessu loknu sagðist ákærði hafa skilað gögnunum aftur á skrifstofu lögmannsins.

Ákærði gerði síðan grein fyrir hverri athugasemd fyrir sig, en athugasemdir þessar voru 50 að tölu og voru athugasemdir bæði um einstaka íbúa og íbúðarhúsnæði, og fer skrá þessi hér á eftir ásamt athugasemdum ákærða.

1) Ásmundur Gunnarsson, Bræðratungu. Er talinn hafa fengið kr. 12.000,- greiðslu fyrir tímabilið mars til maí 1975. Telur ákærði að hann muni

hafa skuldað gjöld til hreppsins og að þetta hafi hugsanlega farið upp í þau. Þá minnir hann að sér hafi tekist að innheimta gjöldin þar sem Ásmundur vann.

2) Hellukot. Þangað er talið að greiddar hafi verið kr. 53.500,- fyrir tímabilið frá mars 1975 til ágúst 1976. Þorir ákærði ekki að fullyrða að þessar greiðslur hafi verið inntar af hendi.

3) Marta B. Guðmundsdóttir, Skálafelli. Er talin hafa fengið kr. 66.000,- fyrir tímabilin mars til maí 1975 og frá september 1975 til mars 1977. Segir ákærði að sér þyki trúlegt að hún hafi a.m.k. fengið greiðsluna fyrir mars til maí 1975, en getur ekkert fullyrt um þetta.

4) Pálmar Þ. Eyjólfsson, Skipagerði. Hjá honum vantar kvittun fyrir kr. 10.000,- fyrir tímabilið mars til maí 1975. Telur ákærði vafalaust að hann hafi fengið þessa greiðslu.

5) Hjörtur Sveinbjörnsson, Blátindi. Hjá honum vantar kvittun fyrir kr. 8.000,- fyrir tímabilið mars til maí 1975. Telur ákærði að hann hljóti að hafa fengið þessa greiðslu.

6) Viktoría Ólafsdóttir, Strönd. Ekki eru kvittanir frá henni fyrir tímabilið frá mars 1975 til ágúst 1976. Mætti kveðst ekki muna eftir því hvort hún hafi fengið þessar greiðslur, samt. kr. 19.800,-, en vísar á Ólaf Gíslason, Sandvík, Eyrarbakka, sem hann segir að hafi sótt peningana fyrir hana.

7) Sigurður Árnason, Óseyri. Þar vantar kvittun fyrir kr. 2.000,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1975. Mætti telur að hann hafi fengið þessa greiðslu.

8) Siggeir Ingólfsson, Vegamótum. Vantar kvittun fyrir kr. 3.000,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1975. Telur mætti að hann hljóti að hafa fengið greiðsluna.

9) Kristján Friðbergsson, Kumbaravogi. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 441.000,- fyrir tímabilin júní til nóvember 1975 og frá ágúst 1976 til júní 1977. Segir mætti að Kristján hafi örugglega alltaf fengið þessar greiðslur, en að vera kunni að fólksfjöldi hafi verið oftalinn.

10) Guðbjörg Helgadóttir, Sólbakka. Frá henni vantar kvittanir fyrir kr. 50.400,- fyrir tímabilið frá júní 1975 til maí 1976. Er mætti ekki viss um hvernig þessu var háttað. Telur líklegt að hún hafi aldrei fengið þetta greitt í peningum, en verið gæti að þetta hafi verið fært til greiðslu á gjöldum heimilisfólksins.

11) Steingrímur Sigurðsson, Roðgúl. Frá honum vantar kvittanir fyrir tímabilið frá júní 1975 til nóvember 1976, samtals kr. 57.200,-. Telur mætti að annaðhvort hafi Steingrímur alls ekki fengið þetta eða þá að það hafi farið til greiðslu á gjöldum hans hjá hreppnum.

12) Hilmar Leifsson, Bræðratungu. Frá honum vantar kvittanir fyrir tímabilin frá júní 1975 til febrúar 1976 og frá september 1976 til desember

1977, samtals kr. 143.900,-. Kveðst mætti vera þess fullviss að Hilmar hafi fengið þessar greiðslur allar.

13) Jón Ingvarsson, Skipum. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 33.500,- fyrir tímabilin september til nóvember 1975 og fyrir október til desember 1977. Telur mætti að hann hafi fengið þetta.

14) Helgi Ívarsson, Hólum. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 18.800,- fyrir tímabilin september til nóvember 1975 og fyrir október til desember 1977. Telur mætti að hann hafi fengið þetta.

15) Róbert Jónsson, Brautartungu. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 14.000,- fyrir tímabilið frá september 1975 til nóvember 1975. Segir mætti öruggt að hann hafi fengið greiðsluna.

16) Einar Páll Bjarnason, Sæbergi. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 21.000,- fyrir tímabilið frá september 1975 til febrúar 1976. Segir mætti að hann hafi örugglega fengið þetta.

17) Þórður Guðnason, Sunnutúni. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 6.000,- fyrir tímabilið frá september til nóvember 1975. Þetta segir mætti að Þórður hafi örugglega fengið.

18) Bjarni Bryjólfsson, Skálavík. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 2.000,- fyrir tímabilið frá september til nóvember 1975. Mætti telur öruggt að hann hafi fengið greiðsluna.

19) Gísli Guðnason, Sandgerði. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 9.000,- fyrir tímabilið frá september til nóvember 1975. Telur mætti að hann hafi fengið greiðsluna.

20) Magnús Bjarnason, Pálsbæ. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 2.000,- fyrir tímabilið frá september til nóvember 1975. Mætti segir að hann hafi örugglega fengið þetta.

21) Albert Magnússon, Lyngholti. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 8.000,- fyrir tímabilið frá desember 1975 til febrúar 1976. Mætti segir hann örugglega hafa fengið þetta.

22) Guðmundur Gunnarsson, Varmadal. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 2.200,- fyrir tímabilið desember 1975 til febrúar 1976. Segir mætti að hann hafi örugglega fengið þetta. Tekið skal fram að Guðmundur Gunnarsson er nú látinn.

23) Ingimundur Jónsson, Vinaminni. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 85.000,- fyrir tímabilið frá desember 1975 til nóvember 1976. Mætta er skýrt frá því að skv. tilkynningu frá Hagstofunni til Stokkseyrarhrepps hafi Ingimundur flutt löghemili sitt frá Stokkseyri 1. janúar 1976. Telur mætti að Ingimundur hafi ekki fengið þessar greiðslur.

24) Einar Helgason, Bræðraborg. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 13.200,- fyrir tímabilið frá desember 1975 til febrúar 1976. Mætti telur öruggt að Einar hafi fengið þessa greiðslu.

25) Sæmundur Sæmundsson, Túni. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 3.300,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1976. Mætta er bent á að rafhitun sé í Túni og Sæmundur því ekki átt rétt á greiðslu. Mætti segir að þessi greiðsla muni ekki hafa verið innt af hendi.

26) Kristinn Sigtryggsson, Vegamótum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 11.000,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1976. Mætti kveðst ekki muna þetta og geti hann ekki sagt til um það, hvort greiðslan hafi verið innt af hendi.

27) Sigurður Bjarnason, Baldursheimi. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 23.000,- fyrir tímabilið mars til ágúst 1976. Mætti telur hann hafa fengið greiðslurnar.

28) Holt 1, 2 og 3. Þarna er um félagsbú að ræða með sameiginlegu bókhaldi. Þaðan vantar kvittanir fyrir kr. 455.000,- fyrir tímabilið frá maí 1976 til desember 1977. Mætta er bent á að Hörður Sigurgrímsson í Holti hafi ekki kannast við að hafa tekið við þessum greiðslum. Fellst mætti á að þetta hafi alls ekki verið greitt.

29) Gylfi Zóphoníasson, Unhól eða Fagradal. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 8.800,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1976. Mætti telur að þetta hafi verið greitt til Gylfa.

30) Sigurður Ingibergur Gunnarsson, Strönd. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 7.400,- fyrir tímabilin frá september til nóvember 1976 og frá apríl til september 1977. Telur mætti að þessi greiðsla hafi verið innt af hendi.

31) Pétur Behrens, Keldnakoti. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 34.400,- fyrir tímabilið frá september 1976 til desember 1977. Mætta er bent á að rafhitun sé í Keldnakoti og hafi verið á þessum tíma. Kveðst mætti telja að þetta hafi ekki verið greitt.

32) Bjarkar Snorrason, Tóftum. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 63.000,- fyrir tímabilið frá september 1976 til september 1977. Mætti kveðst ekki geta sagt til um hvort þetta sé rétt, en vísar til Bjarkars sjálfs með umsögn um þetta.

33) Sveinbjörn Guðjónsson, Björgvin. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 16.500,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1977. Mætti kveðst ekki vita hvort þetta hafi verið greitt, en fram hefur komið að Sveinbjörn flutti til Stokkseyrar 23. maí 1977.

34) Sigurður Garðarsson, Íragerði. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 9.200,- fyrir tímabilið frá desember 1976 til desember 1977. Skv. upplýsingum frá skrifstofu Stokkseyrarhrepps var Sigurður með rafhitun allt árið 1977 og átti því ekki rétt á styrk. Mætti kveðst ekkert geta sagt um þessar greiðslur.

35) Hulda Óskarsdóttir, Kjartanshúsi. Frá henni vantar kvittanir fyrir

kr. 17.000,- fyrir tímabilið frá desember 1975 til september 1977. Getur mætti ekki sagt til um það hvort hún hafi fengið þessar greiðslur.

36) Hallgrímur Jónsson, Íragerði. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 13.200,- fyrir tímabilið frá desember 1976 til mars 1977. Telur mætti öruggt að hann hafi innt greiðslu þessa af hendi.

37) Siggeir Pálsson, Baugstöðum. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 17.700,- fyrir tímabilið frá desember 1976 til júní 1977. Mætti telur víst að Siggeir hafi fengið þessar greiðslur.

38) Erla Sigurþórsdóttir, Helgafelli. Frá henni vantar kvittun fyrir kr. 13.000,- fyrir tímabilið frá apríl til júní 1977. Mætti kveðst viss um að þetta hafi verið greitt.

39) Kristinn Karl Ægisson, Jaðri. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 7.800,- fyrir tímabilið frá apríl til september 1977. Telur mætti víst að þetta hafi verið greitt.

40) Ingibjörg Ottesen, Skálafelli. Frá henni vantar kvittun fyrir kr. 7.800,- fyrir tímabilið frá apríl til júní 1977. Getur mætti ekki sagt ákveðið til um hvort þetta hafi verið greitt.

41) Hörður Pálsson, Snæfelli. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 31.800,- fyrir tímabilin apríl til júní 1977 og október til desember 1977. Segir mætti að Hörður hafi örugglega fengið þetta.

42) Sigurður Pálsson, Baugstöðum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 7.800,- fyrir tímabilið frá apríl til júní 1977. Mætti telur að þetta hafi örugglega verið greitt.

43) Ingibjörg Kristinsdóttir, Bjarnaborg. Frá henni vantar kvittanir fyrir kr. 7.950,- fyrir tímabilið frá júlí til desember 1977. Telur mætti öruggt að hún hafi fengið þetta.

44) Jónas Larsson, Nýjakastala. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 13.000,- fyrir tímabilið frá júlí til september 1977. Mætti segir það öruggt að þetta hafi verið greitt.

45) Magnús Ingi Gíslason, Birkihlíð. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 10.800,- fyrir tímabilið frá júlí til september 1977. Mætti segir að þetta hafi örugglega verið greitt.

46) Sigurður Pálsson, Helgastöðum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 8.100,- fyrir október til desember 1977. Mætti kveðst ekki muna eftir þessu og sé æskilegt að athuga það nánar.

47) Áslaug Alfreðsdóttir, Merkigarði. Frá henni vantar kvittun fyrir kr. 4.050,- fyrir tímabilið frá október til desember 1977. Mætti segir að Sveinbjörn Guðmundsson, útibússtjóri K.Á. á Stokkseyri, hafi alltaf tekið styrkinn fyrir Áslaugu og að líklegt sé að svo hafi einnig verið í þetta skipti.

48) Kristinn Jónsson, Móhúsum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 2.700,- fyrir tímabilið frá október til desember 1977. Getur mætti ekki full-

yrt um það hvort þetta hafi verið greitt og að athuguðu máli megi telja það ólíklegt.

49) Guðmundur Þórðarson, Útgörðum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 13.300,- fyrir tímabilið október til desember 1977. Er mætta bent á að á því tímabili hafi verið rafhitun í Útgörðum og því ekki réttur til olíustyrks.

50) Baugstaðir 1, 2 og 3. Þaðan vantar kvittanir fyrir tímabilið frá október til desember 1977. Mætti óskar eftir að þetta verði kannað. Hann kveðst ekki geta fullyrt um þetta.

Þennan sama dag 21. júní 1979 var ákærði síðan úrskurðaður til að sæta allt að 7 daga gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins.

Næstu daga fór fram nokkuð ítarleg rannsókn á ofangreindum athugasemdum ákærða og var fjöldi manns yfirheyrður í því sambandi. Af aðilum þessum töldu eftirtaldir a.m.k. líklegt, að þeir hefðu fengið greiddan olíustyrk sem um getur í athugasemdum ákærða hér að framan.

1.	Gylfi Zóphoníasson, Fagradal, Stokkseyri	g.kr.	8.800,-
2.	Erla Sigurþórsdóttir, Helgafelli, Stokkseyri ...	"	13.000,-
3.	Siggeir Ingólfsson, Hásteinsvegi 2, Stokkseyri, áður á Vegamótum	"	3.000,-
4.	Helgi Ívarsson, Hólum, Stokkseyrarhr.	"	13.800,-
5.	Jónas Larson, Nýkastala, Stokkseyrarhr.	"	13.000,-
	Samtals	g.kr.	56.600,-

Eftirtaldir aðilar sögðust hins vegar ekki hafa fengið greiddan áðurgreindan olíustyrk.

1.	Guðmundur Þórðarson, Útgörðum, Stokkseyri	g.kr.	15.500,-
2.	Sigurður Árnason, Baldursheimi, Stokkseyri .	"	2.000,-
3.	Pétur Behrens, Keldnaholti, Stokkseyri	"	54.400,-
4.	Hörður Sigurgrímsson, Holti, Stokkseyri, f.h. Holtsbúsins	"	455.000,-
5.	Jórunn Andrésdóttir, Hellukoti, Stokkseyri ..	"	53.500,-
6.	Ásmundur Gunnarsson, Bræðratungu, Stokkseyri, nú á Engjavegi 5, Selfossi	"	12.000,-
7.	Sigurður Garðarsson, Íragerði, Stokkseyri ...	"	13.200,-
8.	Ingimundur Jónsson, Hafnargötu 68, Keflavík, áður í Vinaminni, Stokkseyri	"	85.000,-
9.	Marta Guðmundsdóttir, Skálafelli, Stokkseyri, nú að Ljósheimum 16, Reykjavík	"	66.000,-

10.	Steingrímur Sigurðsson, Roðgúl, Stokkseyri, nú að Brautarholti 22, Reykjavík	"	57.200,-
11.	Sveinbjörn Guðmundsson f.h. d/b Áslaugar Alfreðsd., Merkigarði, Stokkseyri .	"	4.050,-
		Samt. g.kr.	817.850,-

Ennfremur kváðu neðangreindir aðilar ólíklegt að þeir hefðu fengið umræddan olíustyrk, eða ólíklegt væri að svo væri með hliðsjón af gögnum málsins.

1.	Kristinn Jónsson, Móhúsum, Stokkseyri	g.kr.	2.700,-
2.	Bjarkar Snorrason, Tóftum, Stokkseyri	"	63.000,-
3.	Guðbjörg Helgadóttir, Sólbakka, Stokkseyri, nú að Grænuhlíð 4, Reykjavík	"	50.400,-
4.	Garðar Einarsson, Íragerði, Stokkseyri, nú að Espigerði 2, Reykjavík	"	9.200,-
5.	Sæmundur Sæmundsson, Túni, Stokkseyri ..	"	3.300,-
6.	Jón Ingvarsson, Skipum, Stokkseyri	"	33.500,-
		Samtals g.kr.	162.100,-

Þessir aðilar sögðust ekki geta fullyrt um ofangreind atriði:

1.	Magnús Ingi Gíslason, Birkihlíð, Stokkseyri .	g.kr.	10.800,-
2.	Gísli Guðnason, Sandgerði	"	9.000,-
3.	Sigurður Pálsson f.h. Baugst. búsins I og II	"	36.600,-
4.	Albert Magnússon, Lyngholti, Stokkseyri	"	8.000,-
5.	Pálmar Þ. Eyjólfsson, Skipagerði, Stokkseyri	"	10.000,-
6.	Einar Helgason, Bræðraborg, Stokkseyri	"	13.200,-
7.	Ingibjörg Kristinsd., Bjarnaborg, Stokkseyri .	"	7.950,-
8.	Hilmar Leifsson, Bræðratungu, Stokkseyri, nú að Úthaga 1, Selfossi	"	143.900,-
9.	Kristján Friðbergsson, Kumbaravogi, Stokkseyri.....	"	441.000,-
10.	Sveinbjörn Guðmundsson, Björgvin, Stokkseyri	"	16.500,-
		Samt. g.kr.	696.950,-

Framangreindur Kristján Friðbergsson, sem rekur m.a. vistheimili á Kumbaravogi, hefur skýrt svo frá að á ýmsu hafi gengið varðandi samskipti

Kristjáns við ákærða vegna olíustyrks. Kvað nefndur Kristján olíustyrk hafa gengið upp í gjöld til hreppsins og sagðist Kristján naumast vita hvort hann hefði fengið styrkinn eða ekki. Að sögn Kristjáns lenti hann í orðaskaki við ákærða vegna þessa og upp úr því hefði ákærði fengið hjá sér lista yfir vistmenn.

Varðandi tímabilin júní - nóv. 1975, ágúst 1976 og júní 1977 kveðst Kristján engar upplýsingar geta gefið. Hann muni ekki sérstaklega eftir þessum tímabilum.

Samkvæmt kvittunum þessum kemur einnig í ljós að kvittanir er að finna fyrir greiðslu olíustyrks til íbúa nokkurra staða þar sem hús voru rafmagnshituð (sjá yfirlit síðar um hús, þar sem rafmagnshitun hefur verið komið á). Kvittanir þessar eru með eftirgreindum hætti:

1.	Keldnaholt, mars - maí 1975	g.kr.	8.000,-
2.	Holt I, " " "	"	18.000,-
3.	Holt II, " " "	"	16.000,-
4.	Holt III, " " "	"	16.000,-
5.	Skip, " " "	"	8.000,-
6.	Holt I-III, júní - ágúst 1975	"	50.000,-
7.	Keldnaholt, " " "	"	8.000,-
8.	Holt I, sept. - nóv. 1975	"	18.000,-
9.	Holt II, " " "	"	16.000,-
10.	Holt III, " " "	"	16.000,-
11.	Keldnaholt, sept. - nóv. 1975	"	8.000,-
12.	Holt II, des. - febr. 1976	"	17.600,-
13.	Holt III, " " "	"	17.600,-
14.	Keldnaholt, des. - febr. 1976	"	8.800,-
15.	Skip, " " "	"	6.000,-
16.	Baugstaðir I, mars - maí 1976	"	6.600,-
17.	Baugstaðir III, " " "	"	8.800,-
18.	Keldnakot, " " "	"	8.800,-
19.	Baugstaðir I, júní - ágúst 1976	"	7.200,-
20.	Baugstaðir III, " " "	"	7.200,-
21.	Skip, " " "	"	7.200,-
22.	Baugstaðir I, sept. - nóv. 1976	"	7.200,-
23.	Baugstaðir III, " " "	"	7.200,-
24.	Baugstaðir I, des. - mars 1977	"	9.900,-
25.	Baugstaðir I, júlí - sept. 1977	"	5.200,-
26.	Baugstaðir III, " " "	"	7.800,-
27.	Útgarður, " " "	"	10.400,-
		Samtals g.kr.	325.500,-

Ákærða voru kynntir ofangreindir framburðir hinn 27. júní 1979. Skýrði ákærði frá því að hann tæki alla þessa framburði trúanlega nema framburði Hilmars Leifssonar og Kristjáns Friðbergssonar. Fullyrti ákærði að aðilar þessir hefðu fengið þær upphæðir greiddar er ákærði hefði gefið upp, þó með þeirri athugasemd að ákærði kvaðst ekki vera viss um fjölda olíustyrkþega á vegum Kristjáns Friðbergssonar á hverjum tíma. Samkvæmt gögnum málsins flutti Hilmar Leifsson frá Stokkseyri 1. des. 1976. Íbúafjöldi á Kumbaravogi 1. des. 1975 (lögheimili) var 19 manns, 1. des. 1976 14 og 1. des. 1977 15 manns.

Í ofangreindri yfirheyrslu breytti ákærði ennfremur fyrri framburði á þá leið að stúlkur þær sem hefðu unnið á hreppsskrifstofunni hefðu skrifað þau bréf er hefðu verið send viðskiptaráðuneyti um fjölda olíustyrkþega. Ákærði kvaðst ekki muna hvernig tala styrkþega var fundin, en hann sagðist telja jafnvel að í upphafi hefði hann farið eftir síðustu tilkynningu til ráðuneytis. Kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa farið yfir íbúðaskrána í hreppnum, eða hann hefði beðið stúlkurnar á skrifstofunni að gera það.

Að sögn ákærða skrifuðu stúlkurnar kvittanir, en upphæðin var ekki sett á þær fyrr en greiðsla fór fram, þ.e.a.s. þegar viðkomandi sótti peningana, eða upphæðin var færð til greiðslu á gjöldum viðkomandi hjá hreppnum. Hefðu stúlkurnar skrifað þetta þegar lítið hefði verið að gera á skrifstofunni. Ákærði sagði að þegar greiðsla hefði borist frá ríkisféhirði hefði verið farið yfir stöðu hvers og eins hjá hreppnum og styrkurinn tekinn upp í gjöld hjá þeim sem þau hefðu skuldað. Kvaðst ákærði hafa gert þetta oftast sjálfur, en verið gæti að hann hefði stundum beðið stúlkurnar að gera það. Hefði verið merkt á kvittanirnar til hvers upphæðin hefði verið notuð. Ákærði sagði þó að hugsanlegt væri að gleymst hefði að merkja á kvittunina til hvers peningarnir hefðu verið notaðir.

Ákærði kvaðst aldrei hafa borið saman upphæðina sem greidd var úr ríkissjóði og þá upphæð sem borguð var út til styrkþega. Sagðist ákærði ekki muna eftir að peninga hefði vantað í olíusjóð. Ákærði kvaðst heldur ekki minnast að Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, starfsstúlka á hreppsskrifstofunni, hefði haft orð á því við ákærða að hún hefði tekið peninga úr sveitarsjóði vegna þess að olíusjóður hefði verið tómur.

Ákærði hefur neitað að hafa tekið sjálfur mismun þeirrar upphæðar sem greidd var úr ríkissjóði og hinnar sem greidd var til styrkþega.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gripið til peninga í olíusjóði ef sveitarsjóður var tómur og mikið lá við. T.d. kvaðst ákærði muna eftir að hann hefði orðið að grípa til þessara peninga þegar olíumöl var lögð á götur á Stokkseyri. Kvaðst ákærði þó ekki muna eftir öðru en þetta hefði alltaf verið greitt til baka svo fljótt sem unnt var.

Þá hefur ákærði greint frá því, eins og áður greinir, að hann hefði greitt

Steingrími Jónssyni, núverandi oddvita Stokkseyrarhrepps, eftirstöðvar olíustyrks, þegar ákærði hefði hætt störfum hjá Stokkseyrarhreppi, g.kr. 950.000,- og af því a.m.k. g.kr. 350.000,- í peningum, en ákærði kvaðst ekki muna hvort hann greiddi g.kr. 600.000,- með ávísun eða peningum.

Með bréfi dags. 10. júlí 1979 skrifaði ákærði rannsóknaraðilum eftirfarandi:

„Ég vil að það komi fram að nóttina eftir fyrsta hreppsnefndarfund þann 5. júní 1978 fóru þeir Steingrímur Jónsson oddviti og Birkir Pétursson varaoddviti inn á skrifstofu mína hjá hreppnum, en þeir höfðu fengið lykla hjá starfsstúlku hreppsins án minnar vitundar. Steingrímur og Birkir skiptu um læsingu að skrifstofunni. Ég kom svo ekki fyrr en 8. júní 1978 á skrifstofuna til að sækja bókhald hreppsins og koma því til endurskoðanda til uppgjörs og frágangs. Ég var þá var við að hróflað hafði verið við skjölum, þau höfðu auðsjáanlega verið færð úr stað. Ég kannaði ekki sérstaklega hvort einhver skjöl varðandi bókhald hreppsins hefðu horfið, en með tilliti til þess sem síðan hefur komið í ljós, bæði varðandi bókhald hreppsins svo og olíustyrkinn, tel ég að svo kunni að hafa verið. Eitt er víst að bókhaldsskjöl hafa horfið, en frá því að skipt var um læsingu var skrifstofan eigi lengur á minni ábyrgð. Ég krefst þess að Steingrímur og Birkir verði látnir gera nákvæma grein fyrir því hvað þeir aðhöfðust á skrifstofu minni í skjóli nætur aðfaranótt þann 6. júní 1978 og með hvaða heimild þeir fóru þar inn og skiptu um læsingu. Þeir verði sérstaklega inntir eftir því hvort þeir hafi haft á brott með sér einhver skjöl úr skrifstofu minni umrædda nótt eða næstu daga, eða þar til ég tók bókhaldið, ásamt endurskoðanda hreppsins."

Við frumrannsókn málsins fór Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður ásamt Einari Sveinbjörnssyni, núverandi sveitarstjóra, yfir öll fylgiskjöl Stokkseyrarhrepps á þeim tíma sem ákærði var sveitarstjóri á Stokkseyri. Við könnun þessa kom í ljós að kvittanir fyrir greiðslur á olíustyrk til Viktoríu Ólafsdóttur, Strönd, Stokkseyrarhreppi, fundust fyrir tímabilið frá júní 1975 til ágúst 1976, samtals að upphæð g.kr. 15.900,- kvittaðar af Elínu Sigurgeirsdóttur, Björgvin á Eyrarbakka. Þá fundust kvittanir fyrir greiðslu Kristjáns Friðbergssonar inn á útsvar með olíustyrk fyrir ótiltekið tímabil. Dagsetning kvittana þessara var 29.04. 1977, g.kr. 72.600,-, og 18.08. 1977, samtals g.kr. 62.400,-. Kvittanir fyrir sjálfum olíustyrksgreiðslunum fundust ekki, en líklegt að þetta sé fyrir tímabilin sem ákærði kveður kvittanir vanta fyrir.

Laugardaginn 7. mars 1981 fóru þeir Sigurður Jónsson lögregluvarðstjóri og Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður á skrifstofu Stokkseyrarhrepps að boði dómara málsins. Yfirfóru þeir talningu þá sem Einar Sveinbjörnsson og Steingrímur Jónsson gerðu í mars 1979 varðandi hverjir

ættu rétt á olíustyrk í Stokkseyrarhreppi á tímabilinu frá mars 1975 til mars 1978.

Athugun þessa gerðu ofangreindir lögreglumenn að viðstöddum Einari Sveinbjörnssyni sveitarstjóra. Afhenti Einar þessi lögreglumönnum þau gögn sem til þurfti, þ.e.a.s. íbúðaskrár, flutningstilkynningar, breytingatilkynningar frá Hagstofu Íslands og auglýsingar um upphitunarfyrirkomulag, þ.e.a.s. hvar rafhitun var í upphafi tímabilsins og hvar hún var tekin upp á tímabilinu.

Að sögn lögreglumanna leiddi könnun þessi ekki í ljós neina villu í skrá þeirra Einars Sveinbjörnssonar og Steingríms Jónssonar og telja þeir skrá þessa rétta.

Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður hefur staðfest verk sín vegna rannsóknar málsins fyrir dómi og sama hefur einnig Sigurður Jónsson lögregluvarðstjóri gert.

Vitnið Steingrímur Jónsson, oddviti Stokkseyrarhrepps, f. 14.09. 1928, skýrði frá því hjá lögreglu hinn 19. júlí 1979 að hann hefði verið kosinn oddviti hreppsnefndar á Stokkseyri á fundi hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps hinn 5. júní 1979. Á fundi þessum hefði ennfremur komið fram tillaga um að endurráða ákærða sem sveitarstjóra, en sú tillaga hefði verið felld. Taldi vitnið engan vafa á því að þar með hefði umboð ákærða sem sveitarstjóra og yfirmanns skrifstofunnar verið lokið, en vitnið kvað ákærða hafa verið ráðinn sem sveitarstjóra til loka kjörtímabils og vísaði vitnið í bækur hreppsins í því sambandi.

Vitnið skýrði síðan frá því að að morgni dags hinn 6. júní 1979 hefði vitnið komið á skrifstofuna og hefði það fengið bróður sinn Sigurjón til að skipta um lás í útidyrum skrifstofunnar. Kvaðst vitnið áður hafa talað um það við Sigurjón Birki Pétursson hreppsnefndarmann að rétt væri að skipta um lás þennan til að ákærði færi ekki inn á skrifstofuna nema annaðhvort vitnið eða framangreindur Sigurjón Birkir væri viðstaddur.

Vitnið hefur mótmælt því eindregið að þeir hefðu hreyft við nokkrum þeim skjölum sem þarna hefðu verið.

Vitnið Steingrímur Jónsson skýrði ennfremur frá því að til þess hefði verið ætlast að ákærði skilaði strax af sér öllum fjárreiðum hreppsins, en ákærði hefði ekki fengist til þess. Kvaðst vitnið ekki muna hvort það var 6. eða 7. júní s.á. að ákærði kom inn í skrifstofu hreppsins, en vitnið sagðist þá hafa verið statt inni í skrifstofu sveitarstjóra. Kvað vitnið ákærða hafa farið inn í afgreiðsluherbergi og tekið alla þá peninga sem hefðu verið í fjárhirslu hreppsins og farið í burtu með þá. Ennfremur hefði ákæri tekið skjöl úr hillu á skrifstofunni og kvaðst vitnið telja að þarna hefði verið um kvittanir vegna olíustyrks að ræða. Að sögn vitnisins vildi ákærði ekkert við vitnið tala eða gefa skýringar, heldur hefði ákærði rokið út.

Kveðst vitnið hafa gert sér strax ljóst hvað gerst hefði og hefði vitnið farið eftir ákærða og náð honum í Búnaðarbankanum í Hveragerði. Sagðist vitnið hafa sagt við ákærða að skiladi hann ekki peningunum strax léti vitnið lögreglu skerast í málið. Að sögn vitnisins afhenti ákærði vitninu sem næst g.kr. 190.000,- en vitnið kvaðst ekki vita hversu mikið ákærði tók úr kassanum.

Vitnið hefur skýrt frá því að meðan vitnið gegndi störfum sveitarstjóra á Stokkseyri á árunum 1970 - 1975 hefði það séð um úthlutun olíustyrks til hreppsbúa. Kvaðst vitnið hafa haft þann hátt á að búa til lista með nöfnum allra húsráðenda og sett þar tölu styrkþega hjá hverjum fyrir sig. Með þessum hætti hefði alltaf verið hægt að sjá hvort listinn var réttur. Vitnið kvaðst hins vegar hafa strax tekið eftir því, er það tók við oddvitastarfinu vorið 1978, að ákærði hefði haft þetta öðruvísi. Hefði ákærði eingöngu gefið upp tölu olíustyrkþega í hreppnum án þess að geta þess hvar hver byggi.

Vitnið Sigurjón Birkir Pétursson, f. 14.12. '46, núverandi varaoddviti, hefur neitað því að hafa farið inn á skrifstofu Stokkseyrarhrepss að nóttu. Þá hefur vitnið tekið sérstaklega fram að það hafi engin skjöl tekið á skrifstofunni og viti ekki til þess að aðrir hafi gert það.

Vernharður Sigurgrímsson bóndi, f. 29.01. 1928, til heimilis Holti, Stokkseyrarhreppi, hefur borið vitni í máli þessu. Vitnið kveðst hafa verið oddviti Stokkseyrarhrepps á árunum 1974 - 1978, og hafi ákærði verið ráðinn sveitarstjóri í Stokkseyrarhreppi árið 1975. Vitnið segir ákærða hafa alfarið séð um þau mál er vörðuðu olíustyrk handa íbúum Stokkseyrarhrepps og hafi vitnið ekki komið nálægt þeim málum. Kveður vitnið olíustyrksmál hafa verið utan við bókhald hreppsins og hafi svo verið áður en ákærði tók við störfum sveitarstjóra. Vitnið kveður það eina sem það muni eftir að hafa rætt við ákærða varðandi olíustyrk hafi verið að fólk hafi kvartað við vitnið vegna þess hve seint styrkurinn hafi verið greiddur. Kveðst vitnið í því sambandi hafa rætt við ákærða og hann þá sagt að það stæði á greiðslu úr ríkissjóði.

Aðspurt hvort hugsanlegt sé að olíustyrkspeningar hafi verið notaðir til greiðslu annarra hluta á vegum hreppsins kveðst vitnið gruna að svo hafi verið. Á þessum árum hafi verið staðið í stórframkvæmdum. Vitnið kveðst þó ekki geta um þetta fullyrt og ólíklegt sé að um þetta sé nokkuð að finna í bókhaldi Stokkseyrarhrepps.

Vitnið Eyjólfur Óskar Eyjólfsson, f. 1.7. 1928, til heimilis Hamrahvoli, Stokkseyrarhreppi, kveðst hafa verið hreppsnefndarmaður á Stokkseyri árin 1970 - 1978. Segist vitnið hafa verið varaendurskoðandi hreppsreikninga og í reynd aðalmaður í forföllum Vernharðs Sigurgrímssonar. Segist vitnið hafa veitt því athygli að vissrar óreiðu gætti í stjórn fjármála hreppsins, en ekkert þó alvarlegt.

Vitnið kveðst engu geta svarað um olíustyrk. Olíustyrkur hafi verið utan bókhalds hreppsins og ekki komið til umræðu á hreppsnefndarfundum. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við að olíustyrkur hafi verið notaður til greiðslu annarra hluta á vegum hreppsins.

Fyrir liggja í málinu framburðir vitnanna Frímanns Sigurðssonar, Stokkseyri, Ásgríms Pálssonar og Helga Ívarssonar, en þeir voru í hreppsnefnd Stokkseyrar á þeim árum er ákærði gegndi störfum sveitarstjóra þar. Er framburður þeirra á sömu lund í megindráttum og frásögn ofangreindra hreppsnefndarmanna, að hreppsnefndin hefði ekki haft nein afskipti af olíustyrk.

Vitnið Jóhanna Sigríður Harðardóttir, f. 01.11. 1955, hefur skýrt svo frá að það hafi hafið störf á skrifstofu Stokkseyrarhrepps haustið 1975, líklega 1. október, og unnið þar til febrúarloka 1977. Sumarið 1977 kvaðst vitnið hafa starfað þar hálfan daginn og stundum dag og dag. Sagðist vitnið hafa unnið við daglega afgreiðslu og móttöku gjalda í fjarveru sveitarstjóra, ákærða í máli þessu. M.a. sagðist vitnið hafa vélritað bréf til viðskiptaráðuneytis með uppgefnum fjölda olíustyrkþega. Kvaðst vitnið hafa farið eftir þeim tölum sem ákærði hefði gefið upp.

Þá kvaðst vitnið hafa skrifað kvittanir fyrir hvert tímabil vegna olíustyrks og farið þá eftir kvittunum frá næsta tímabili á undan með þeim breytingum sem urðu á íbúaskrá. Upphæðina á kvittunum sagðist vitnið ekki hafa skrifað fyrr en borgað var út eða þá að olíustyrkur var færður til greiðslu á gjöldum viðkomandi við hreppinn.

Vitnið kvað hugsanlegt að gleymst hefði að merkja á kvittanir. Viðtakendur hefðu alltaf átt að kvitta þegar þeir sóttu olíustyrk, en vitnið kvað möguleika samt á því að það gæti hafa misfarist.

Vitnið kvað aldrei hafa verið gerður samanburður á þeim greiðslum sem bárust frá ríkissjóði og því sem greitt var, a.m.k. var vitninu ekki kunnugt um það.

Þá skýrði vitnið einnig frá því að þegar greiðslur bárust úr ríkissjóði hefði ákærði leyst ávísanir út og látið peninga sérstaklega inn í skáp. Þaðan hefðu svo peningar verið teknir þegar greiðslur á olíustyrk voru inntar af hendi.

Vitnið sagði ennfremur að fyrir hefði komið að ákærði hefði gripið til olíustyrkspeninga til annarra nota ef illa stóð á í öðrum sjóðum hreppsins. Vitnið sagðist ekki hafa orðið vart við að ákærði notaði peninga þessa til eigin nota, heldur ekki að ákærði hefði haft orð á því að peninga vantaði í sjóðinn.

Þá var ennfremur haft eftir vitninu að eigi hefði verið hætta á að kvittanir glötuðust eins og frá þeim var gengið eftir að greiðsla var innt af hendi.

Vitnið Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, f. 21. 11. 1933, kveðst hafa byrjað að starfa á skrifstofu Stokkseyrarhrepps í ársbyrjun 1977 og unnið þar

síðan. Fyrst hefði Jóhanna Sigríður Harðardóttir verið með henni en síðan hefði vitnið verið eitt um tíma, en einnig hefði Unnur Harðardóttir starfað þarna nokkurn tíma. Kveðst vitnið hafa unnið á skrifstofu Stokkseyrarhrepps við alhliða skrifstofustörf. Vitnið kvaðst aldrei hafa skrifað tilkynningar um íbúafjölda í Stokkseyrarhreppi vegna umsókna um greiðslu á olíustyrk. Vitnið kveður ákærða hafa alveg séð um það sjálfur. Kvaðst vitnið ekki vita eftir hvaða gögnum ákærði fór við talningu á styrkþegum. Að sögn vitnisins innleysti ákærði ávísun, sem barst frá ríkissjóði vegna olíustyrks, og lét peninga í poka inn í peningaskáp. Voru síðan peningarnir teknir til útborgunar þegar styrkþegar komu til þess að sækja styrkinn. Vitnið kveður peningum þessum hafa verið haldið frá öðrum fjármunum hreppsins.

Olíustyrkur kveður vitnið ekki hafa verið inni í bókhaldi hreppsins, en skrá yfir olíustyrkspeninga hafi verið haldin með þeim hætti að útbúinn var listi í formi kvittana ársfjórðungslega yfir þá aðila sem rétt áttu á olíustyrk. Styrkþegar kvittuðu síðan á nótur þessar þegar þeir fengu greiddan olíustyrk. Þá segir vitnið að mikið hafi verið um millifærslur að ræða, þannig að olíustyrkur fór upp í gjöld viðkomandi styrkþega við hreppinn. Kveður vitnið að þess hafi ávallt verið gætt að senda þá kvittanir til styrkþega vegna millifærslu. Hafi ákærði yfirleitt sjálfur séð um millifærslur þessar eða a.m.k. verið með skrifstofustúlkunum þegar þetta var gert.

Vitnið segist aldrei hafa orðið vart við að bornar væru saman greiðslur úr olíusjóði og sú upphæð sem kom úr ríkissjóði. Vitnið kveður að gengið hafi verið frá kvittunum vegna greiðslu úr olíusjóði á þann hátt að þær voru settar í möppur og þannig varðveittar. Segir vitnið ótrúlegt að eitthvað af kvittunum þessum hafi týnst.

Varðandi hvort greiðslur til olíustyrkþega hafi verið teknar úr öðrum sjóðum eða af fjármunum hreppsins kveðst vitnið muna að í eitt skipti hefðu ekki verið til peningar til að greiða olíustyrk og hafi vitnið þá tekið peninga úr sveitarsjóði en látið þar viðurkenningu þess efnis að fjármunir þessir hafi verið notaðir til greiðslu á olíustyrk. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við að olíustyrkur hafi verið notaður til annarra hluta á vegum hreppsins.

Að sögn vitnisins höfðu skrifstofustúlkur aðgang að olíusjóði þessum utan ákærða, en vitnið og ákærði hefðu verið þau einu sem höfðu lykil að peningaskápum. Vitnið hefur borið fyrir rétti að það hafi ekki orðið vart við misferli hjá ákærða með olíustyrk.

Vitnið Unnur Harðardóttir, fædd 26.07. 1957, hefur komið fyrir dóm og lögreglu vegna þessa máls. Hinn 17. október 1979 var haft eftirfarandi eftir vitninu, sem það hefur staðfest fyrir dómi:

„Ég vann á skrifstofu Stokkseyrarhrepps frá 4. október 1977 til ágústloka 1978. Þarna vann ég við venjulega afgreiðslu á skrifstofunni, las af

rafmagnsmælum í þorpinu og skrifaði reikninga. Auk þess var ég látin skrifa kvittanir fyrir olíustyrk og fór þá eftir kvittununum frá næsta tímabili á undan. Ég minnist þess ekki að talað hafi verið um að telja út hverjir ættu rétt á þessum styrk. Þá minnist ég þess ekki að Jóhannes Reynisson hafi nokkurn tíma spurt mig um það hversu margir olíustyrkþegarnir væru.

Ég hefi verið spurð um lykla að peningaskápnum. Frá því er að segja að ég held að það hljóti að hafa verið til tveir lyklar að þessum skáp. Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, sem þarna vann einnig, var með lykil að skápnum, en þegar hún fór í frí þá hafði ég lykilinn á meðan. Auk þess þykir mér líklegt að Jóhannes hafi sjálfur verið með lykil að skápnum, en um það get ég ekki fullyrt. Ég minnist þess að hafa eftir fyrirsögn Jóhannesar Reynissonar yfirfarið skuldir fólksins við hreppinn eða rafveituna og síðan fært olíustyrkinn til greiðslu á þeim skuldum. Þá var það tekið fram á kvittuninni til hvers upphæðin var notuð.

Ég sá aldrei um daglegt uppgjör á skrifstofunni og get því ekki sagt til um fjárhagsstöðuna. Ég veit ekki heldur hvort einhvern tíma hefur vantað peninga í olíusjóðinn.

Ég hefi verið spurð hvort ég viti hvað orðið hefur af þeirri upphæð sem kvittanir vantar fyrir hvað varðar olíustyrkinn. Um þetta get ég ekkert sagt, ég hefi ekki hugmynd um það. Ég hafði engar grunsemdir í garð Jóhannesar Reynissonar og vissi ekki annað en að allt væri í lagi með reikningshaldið."

Þá hefur vitnið verið innt eftir því hvort olíustyrkspeningar hafi verið notaðir til að greiða hreppsreikninga. Kveðst vitnið muna að eitt sinn hafi rafmagnsreikningur verið greiddur með peningum sem áttu að fara til olíustyrkþega.

Vitnið Einar Sveinbjörnsson, núverandi sveitarstjóri á Stokkseyri, viðskiptafræðingur að mennt, kveðst hafa hafið störf sem sveitarstjóri í ágúst 1978. Kveður vitnið Steingrím Jónsson oddvita hafa verið starfandi sveitarstjóra mánuðina júní, júlí og hluta af ágúst. Að sögn vitnisins hafði ákærði látið Steingrím þennan fá hluta af fé því, g.kr. 600.000, sem átti að greiða til olíustyrkþega fyrir tímabilið jan. - mars 1978. Kveður vitnið ákærða ennfremur hafa haft þau orð við Steingrím að ákærði myndi skila fullnaðaruppgjöri síðar meir. Var þannig staðan að sögn vitnisins, er það tók við störfum sveitarstjóra. Segist vitnið hafa síðan á næstu mánuðum, ásamt Steingrími Jónssyni, reynt að fá ákærða til að skila heildaruppgjöri, en án árangurs. Þegar þetta bar ekki árangur kveður vitnið að haft hafi verið samband við ríkisendurskoðun vegna þessa máls, en vitnið segir þá Steingrím hafa fundið út að ekki var samræmi varðandi uppgefinn fjölda olíustyrkþega og þeirra sem rétt áttu á styrkjum þessum. Vitnið kveður þá reyndar hafa strax í upphafi eftir sveitarstjórnarskipti séð að svo var,

þegar upplýsingar voru teknar saman til viðskiptaráðuneytis vegna olíustyrks.

Kveðst vitnið hafa ásamt Steingrími Jónssyni oddvita tekið saman fyrir ríkisendurskoðun heildaryfirlit yfir þá sem rétt áttu á olíustyrk og hefði ríkisendurskoðun að fengnu þessu yfirliti talið að um ofgreiðslu hefði verið að ræða úr ríkissjóði vegna olíustyrks.

Varðandi hvort hugsanlegt sé að fjármunir sem ætlaðir hefðu verið til greiðslu á olíustyrk á tímabili ákærða sem sveitarstjóra hefðu verið notaðir til annarra greiðslna eða hluta hjá hreppnum kveður vitnið mögulegt að svo sé, en um það sé ekkert bókað í reikningum hreppsins. Í fylgiskjölum eða öðrum gögnum hreppsins sé heldur ekkert sem bendi til að svo sé.

Vitnið hefur verið innt nánar eftir því með hvaða hætti það og Steingrímur Jónsson tóku saman fjölda olíustyrkþega í Stokkseyrarheppi sem kemur fram í yfirliti þeirra. Kveður vitnið þá hafa notast við nafnalista yfir þá, sem rétt áttu á olíustyrk fyrir mánuðina des. - febr. 1974 - 1975, en styrkþegar hafi þá verið 512. Vitnið kveður ennfremur tölu styrkþega fyrir mánuðina mars - maí 1975 hafa verið einnig 512 og þeir því gert ráð fyrir óbreyttum lista.

Hinn 25. maí sl. kom ákærði fyrir dóm og var hann þar ítarlega yfirheyrður og endurtók ákærði í megindráttum ofangreindan framburð hjá lögreglu. Þá kvað ákærði ennfremur að viðskiptaráðuneyti hafi greitt með ávísun sem ákærði hefði innleyst. Peningar þessir hefðu síðan verið settir í sérstakan kassa sem geymdur hefði verið í peningaskáp skrifstofunnar. Varðandi bókhald vegna olíustyrks segir ákærði að því hafi verið þannig háttað að kvittunum hafi verið safnað saman í möppur. Ekki hafi verið um neina sjóðbók að ræða. Ákærði kveður nokkuð tryggilega hafa verið gengið frá fyrrgreindum möppum, þannig að ekki var hætta á að innihald glataðist.

Ákærði minnist ekki að stemmt hafi verið af vegna olíustyrks og ekki kvaðst ákærði hafa reynt að stuðla að því að svo hafi verið gert. Ákærði segir glöggan aðskilnað hafa verið á milli olíustyrkspeninga og hreppsfjármuna. Ákærði kveður ennfremur að alltaf hafi verið gætt að færa inn kvittanir vegna greiðslu olíustyrks til viðkomandi aðila. Af þeim sökum hafi það komið sér á óvart að kvittanir hafi vantað vegna greiðslu olíustyrks.

Ákærða var í réttarhaldi þessu kynntur framburður þeirra Ragnheiðar Sigurgrímsdóttur, Jóhönnu Harðardóttur og Unnar Harðardóttur varðandi uppgefinn fjölda olíustyrkþega og tilkynningar þar um. Kvaðst ákærði í þessu sambandi halda sig fast við fyrri framburð.

Að boði dómara var hinn 7. og 8. ág. '81 af hálfu lögreglu farið yfir reikninga þeirra aðila sem ákærði gerði athugasemdir við og fylgja kvittunum fyrir greiddan olíustyrk á tímabili ákærða sem sveitarstjóra. Um var

að ræða fjóra viðskiptareikninga, útsvarsreikning, fasteignagjaldsreikning, rafmagnsreikning og reikning sem önnur viðskipti voru færð á.

Voru tekin ljósrit af þeim kvittunum sem merktar voru vegna olíustyrks og þær síðan bornar saman við olíustyrkskvittanir sem lagðar hafa verið fram í málinu. Kom þá í ljós að samsvarandi kvittanir voru fyrir olíustyrk í öllum tilfellum nema eftirfarandi:

1) Tveimur greiðslum Kristjáns Friðbergssonar upp í útsvar ársins 1977, önnur að upphæð g.kr. 72.600,- dags. 29.04. 1977, en hin að upphæð g.kr. 62.400,- dags. 18.08. 1977.

2) Greiðsla á fasteignagjöldum Viktoríu Ólafsdóttur, Strönd, fyrir árið 1976, greidd 20.11. 1976, að upphæð g.kr. 1.199,-.

Eru þetta sömu kvittanir, er fundust er farið var yfir fylgiskjöl, og áður um getur, sumarið 1979.

Lagt hefur verið fram í máli þessu uppgjör Þórarins Þ. Jónssonar endurskoðanda pr. 31. maí 1978 ásamt skýrslu endurskoðanda vegna sveitarstjóraskipta.

Samkvæmt skýrslu þessari hefur hreppssjóður verið afstemmdur við sjóðbók samkvæmt talningu og mismunur í sjóði var færður sem skuld á viðskiptareikningi ákærða.

Vitnið Þórarinn Þ. Jónsson endurskoðandi, f. 7.6. 1938, hefur borið vitni fyrir dómi. Kveðst vitnið hafa verið endurskoðandi hreppsreikninga Stokkseyrarhrepps á árunum 1971 - 1972 og 1973 - 1978, m.a. á þeim tíma er ákærði var sveitarstjóri og unnið það verk ásamt sínu starfsfólki með heföbundnum hætti. Kveður endurskoðandi olíustyrk hafa verið bókhaldi óviðkomandi og hann því ekki haft eftirlit með honum.

Segist vitnið ekki hafa gert athugasemdir við það, enda ekki séð á þeim tíma að olíustyrkur hafi átt þar heima.

Vitnið Sævar Gestur Jónsson, fæddur 10.05. 1955, starfsmaður á endurskoðunarskrifstofu Þórarins Þ. Jónssonar frá árinu 1976 og m.a. unnið að endurskoðun hreppsreikninga Stokkseyrarhrepps og farið yfir öll fylgiskjöl. Staðfestir vitnið ofangreindan framburð Þórarins Þ. Jónssonar að olíustyrkur hafi ekki verið inni í bókhaldi hreppsins.

Aðspurt hvort olíustyrkspeningar hafi verið notaðir til annarra þarfa á vegum hreppsins kveður vitnið svo ekki vera, án þess þó að það vilji fullyrða um það. Kveður vitnið að hafi svo verið hefði slíkt valdið mismun á öðrum reikningum.

Mál þetta var dæmt hér í dómi hinn 23. nóv. 1981 og var þeim dómi áfrýjað til Hæstaréttar.

Með dómi Hæstaréttar, dags. 21. júní 1984, var undirréttardómur ómerktur og málinu vísað aftur heim í hérað.

Í Hæstaréttardóminum segir að skýrsla Einars Sveinbjörnssonar og Steingríms Jónssonar sé hvorki nógu ræki leg og ekki unnin af óvilhöllum mönnum. Þá var talið að hina tölfræðilegu þætti ákæruefnisins hefði átt að rannsaka ítarlegar af óvilhöllum mönnum, sérfróðum á sviði tölfræði og endurskoðunar. Þeir sérfræðingar hefðu átt að semja rækilega skýrslu, þar sem fram kæmi ítarlega og í einstökum atriðum, hvernig háttað var mannfjölda í Stokkseyrarhreppi á því tímabili sem ákæran nær til. Þar þurfi einnig að koma glöggt fram hve margir fluttust úr hreppnum og hve margir í hann, hve margir létust og hvenær, enda skipti tímamörk höfuðmáli við mat á því, hverjir eigi rétt til oliustyrks. Ennfremur þurfi í þessari skýrslu að koma fram, hvernig hafi verið háttað fjölda vistmanna á Kumbaravogi og dvalartíma á hverjum ársfjórðungi á þessu tímabili.

Að þessum dómi stóð meirihluti Hæstaréttar, þrír dómarar, en tveir skiluðu séráliti og vildu leggja efnisdóm á málið.

Með bréfi dómsins hinn 31. júlí 1984 voru Bjarni Jónsson löggiltur endurskoðandi og Hlöðver Rafnsson viðskiptafræðingur fengnir til að framkvæma ofangreinda úttekt.

Aðilar þessir skiluðu áliti haustið 1985. Í réttarhaldi þann 17. sept. 1985 var ákveðið að skipa nýjan matsmann í stað Bjarna Jónssonar, þar sem ábendingar komu frá verjanda um að hann væri hugsanlega vanhæfur, svo og þeirri staðreynd að matsmenn höfðu ekki innt af hendi fullkomlega umbeðið starf.

Með bréfi dómsins hinn 30. des. 1985 var auk ofangreinds Hlöðvers Halldór Hróar Sigurðsson löggiltur endurskoðandi fenginn til að framkvæma hina umbeðnu úttekt.

Dóminum barst síðan skýrsla þeirra í októbermánuði sl., sem þeir hafa staðfest hér fyrir dómi. Skv. skýrslu þessari og því sem áður var komið fram í skýrslu þeirra Hlöðvers og Bjarna fengust ekki nógu ítarlegar upplýsingar frá Hagstofu til að hægt væri með fullri vissu að gera nákvæma tölfræðilega úttekt á oliustyrksþegum í samræmi við dóm Hæstaréttar.

Í skýrslu þessari segir að eftir viðtal við Einar Sveinbjörnsson og Steingrím Jónsson virtist yfirlit þeirra um fjölda þeirra sem rétt áttu á oliustyrk á hverju tímabili gerð af samviskusemi, þótt framsetning á breytingum milli tímabila hefði þurft að vera nákvæmari. Þar sem langur tími sé liðinn síðan umrædd málsatvik áttu sér stað sé ekki auðvelt að afla upplýsinga sem geti talist öruggari en þær sem liggi nú þegar fyrir.

Í skýrslu þeirra segir að greiðslur úr ríkissjóði skv. kvittunum frá fjármálaráðuneyti hafi numið á tímabilinu kr. 17.294.900,00.

Kvittanir styrkþega eða manna fyrir þeirra hönd voru lagðar saman innan hvers tímabils. Heildarborgun skv. þeim kvittunum sem taldar voru ófullnægjandi nam kr. 8.561.582,00.

Gerðar voru úrtaksprófanir á bókhaldi hreppsins vegna kvittana, sem voru áritaðar „greitt útsvar", „fasteignagjöld", „rafmagn" o.s.frv. Þær kvittanir sem voru auðkenndar á þennan hátt reyndust nær undantekningarlaust færðar í fjárhagsbókhald sem innborgun frá viðkomandi upp í tilteknin gjöld og virðist því ekki ástæða til að gera stærri úrtak í fjárhagsbókhaldi vegna þess, en töluverð vinna sé að kanna þetta í hverju einstöku tilviki. Heildargreiðslur upp í gjöld til hreppsins námu kr. 4.018.888,00 skv. framangreindum kvittunum.

Þá var gerð úrtakskönnun í fjárhagsbókhaldi hreppsins vegna lista ákærða „kvittun vantar" til að athuga, hvort tilgreindar fjárhæðir hefðu verið færðar á viðskiptareikninga viðkomandi. Ekki fundust nein dæmi þar sem hægt er að fullyrða að innborganir viðkomandi aðila séu greiddar með umræddum olíustyrk, enda virðast kvittanir hafa verið útbúnar fyrir fram varðandi nafn og tímabil, en síðan áritaðar endanlega þegar útborgun eða skuldajöfnun fór fram.

Listar um „kvittun vantar" námu samtals kr. 1.939.300,00.

„Ófullnægjandi kvittanir" skv. heildaryfirliti námu kr. 288.362,00. Hér er um að ræða fyrir fram gerðar kvittanir, þ.e.a.s. nafn, fjárhæð og styrktartímabil tilgreint, en kvittun móttakanda vantar eða upplýsingar um ráðstöfun styrksins.

Í ofangreindri skýrslu er ennfremur eftirfarandi heildaryfirlit um móttöku og úthlutun olíustyrks 1/3 - 31/3 1978 skv. fyrirliggjandi bókhaldsgögnum (Sjá næstu bls.).

Eftir þeim gögnum, sem liggja fyrir, er niðurstaða matsmanna þessi:

Móttekinn styrkur frá ríkissjóði fyrir styrktartímabilið 1. mars 1975 - 31. mars 1978	kr.	17.294.900,-
Útborgaður styrkur skv. kvittun á sama tímabili	"	(8.561.582,-)
Skuldajöfnun við sveitarsjóð vegna útsvars, fasteignagjalda, rafmagns o.fl.	"	(4.018.888)
Peningar afhentir oddvita í júlí 1978	"	950.000,-
Mismunur, þar sem fullnægjandi bókhaldsgögn liggja ekki fyrir	"	3.764.430,-

Um framangreindan mismun liggur ekki annað fyrir en skipting sem fram kemur í heildaryfirliti hér að framan.

Nafnalistar með yfirskrift ákærða „kvittun vantar"	kr.	1.939.300,-
Ófullnægjandi kvittanir	"	288.362,-
Mismunur á mótteknum styrk frá ríkissjóði	"	17.294.900,-
... og heildarfjárhæð á þeim skjölum, sem lögð hafa verið fram til skoðunar kr. 15.758.132,-	"	1.536.768,-
	kr.	3.764.430,-

Móttekinn olíustyrkur	*(1.064.000)*	*(1.115.000)*	*(1.150.000)*	*(1.302.400)*	*(1.420.800)*	*(1.442.400)*	*(1.454.000)*	*(1.983.300)*	*(1.575.600)*	*(1.575.600*	*1.636.200*	*1.575.600*	*17.294.900*
Útborgað skv. kvittunum	878.000	878.000	764.650	957.000	803.400	908.800	591.600	745.800	571.832	174.200	645.050	643.250	8.561.582
Til greiðslu útsvars	65.000	90.000	108.000	11.000	74.800	77.386	336.898	60.103	172.638	414.827	30.802	0	1.441.454
Til greiðslu fasteignagj.	24.000	6.000	26.000	106.182	143.000	33.600	72.302	607.947	280.528	234.205	258.822	0	1.792.586
Til greiðslu rafmagns	12.000	2.000	14.000	19.218	15.400	35.414	26.400	3.300	26.934	246.864	181.526	28.350	611.406
Til greiðslu fjallskila ofl.										173.442		0	173.442
Skilað sveitarsj. í júlí 1978												950.000	950.000
Útborgað samtals .	979.000	976.000	912.650	1.093.400	1.036.600	1.055.200	1.027.200	1.417.150	1.051.932	1.243.538	1.116.200	1.621.600	13.530.470
„Kvittun vantar“...	57.000	103.000	178.000	108.900	152.900	199.200	211.000	326.700	262.600	145.600	194.400	0	1.939.300
Ófullnægjandi kvittanir	26.000	4.000	0	0	9.000	16.800	72.000	19.800	69.700	17.062	54.000		288.362
Mismunur	2.000	32.000	59.350	100.100	222.300	171.200	143.800	219.650	191.368	169.400	271.600	(46.000)	1.536.768
	1.064.000	1.115.000	1.150.000	1.302.400	1.420.800	1.442.400	1.454.000	1.983.300	1.575.600	1.575.600	1.636.200	1.575.600	17.294.900

Vitnið Halldór Hróar Sigurðsson, f. 4. júní 1948, hefur verið nánar spurt fyrir dómi um ummæli í matsgerð um skoðun Einars Sveinbjörnssonar og Steingríms Jónssonar.

Kveðst það á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem liggja fyrir í málinu ekki geta gert tölulegar athugasemdir við athugun þeirra.

Aðspurt kvað vitnið það alveg vera fullnægjandi endurskoðunaraðferðir að vinna með úrtaksprófunum. Kveðst vitnið hafa gert úrtaksprófanir á því hvort styrkur færi til greiðslu útsvars og fasteignagjalda, og væru svörin í þeim efnum jákvæð á þann hátt að það stemmdi. Varðandi „tilbúnar kvittanir", þar sem kvittanir vantar eða þær eru ófullnægjandi, kveðst vitnið ekki hafa fundið kvittanir í bókhaldi hreppsins um að greiðsla á olíustyrk hafi farið upp í útsvar o.s.frv.

Aðspurt varðandi liðinn „kvittanir vantar" og „ófullnægjandi" kveður vitnið leit hafa verið framkvæmda í bókhaldi hreppsins að samsvarandi fjárhæðum og dagsetningum, en án árangurs. Varðandi vistheimilið Kumbaravog kveðst vitnið ekki hafa kannað sérstaklega í viðskiptamannareikningum hreppsins, en það hafi verið innifalið í hinni almennu könnun á viðskiptamannareikningum hreppsins. Varðandi þennan lið kveður vitnið aðspurt að jafnvel þótt samsvarandi upphæð hafi fundist væri það ekki sönnun á greiðslu olíustyrks.

Aðspurt hvort það hafi orðið nokkurs vísari í bókhaldi hreppsins sem skýrt gæti vöntun á olíustyrksfjármunum, kveður vitnið ef svo væri, ætti slíkt að koma fram í hinni almennu endurskoðun á reikningum hreppsins.

Vitnið Hlöðver Rafnsson, f. 23. febr. 1954, var inntur eftir því hvers vegna ekki hafi verið minnst á Kumbaravog í skýrslu þeirra Halldórs. Kvað vitnið ekki hafa verið um frekari upplýsingar að ræða varðandi Kumbaravog en komi fram í fyrri úttekt vitnisins og Bjarna Jónssonar, en það eru einungis upplýsingar um fjölda þeirra, sem eiga lögheimili í Kumbaravogi hinn 1. des. á þessu tímabili.

Ákærði hefur verið frekar yfirheyrður og ofangreind úttekt borin undir hann, en hann heldur sig við fyrri framburði málsins.

Niðurstöður.

Ljóst er skv. framkomnu í máli þessu að fullnægjandi gögn skortir frá Hagstofu Íslands um íbúafjölda á Stokkseyri á olíustyrktartímabili því, sem hér um ræðir til að komast að með öruggri vissu hve margir áttu rétt á styrk á hinum einstöku tímabilum og hversu miklum. Nýtur ákærði góðs af vafa í þessum efnum skv. 108. gr. laga nr. 74/1974.

Með hliðsjón af þessu og gegn eindreginni neitun ákærða þykir varhugavert að telja sannað að ákærði hafi hér gerst sekur um brot á 146. gr. laga nr. 74/1974.

Skv. fyrirliggjandi gögnum er upplýst í málinu að mismunur er á mótteknum styrk og þeim fjárhæðum sem ráðstafað hefur verið til olíustyrkþega á því tímabili sem hér um ræðir.

Í úttekt dómkvaddra matsmanna er mismunur þessi talinn vera g.kr. 3.764.430,00.

Í talningu sem lögregla framkvæmdi við frumrannsókn málsins var mismunur á greiðslu frá ríkissjóði og til styrkþega talinn nema g.kr. 3.421.368,00. En auk þess voru óstaðfestar og ómerktar kvittanir að fjárhæð g.kr. 348.400,-. Samtals er þetta g.kr. 3.769.768,00.

Af þeirri upphæð, sem vantar að gera grein fyrir, telur ákærði kvittanir vanta fyrir greiðslu á g.kr. 1.932.600,00.

Undir rekstri málsins hefur verið gerð ítarleg könnun á athugasemdum ákærða og viðkomandi styrkþega, sem unnt var að ná til, yfirheyrðir. Tíu aðilar neituðu að hafa móttekið styrk en sjö aðilar töldu ólíklegt að svo hefði verið eða það þótti ólíklegt með hliðsjón af gögnum málsins. Upphæð sú, sem hér um ræðir, er g.kr. 957.950,00. Ellefu aðilar gátu ekki fullyrt um staðhæfingu hans í þessum efnum. Upphæðin, sem hér um ræðir, er g.kr. 696.950,00.

Leitt er í ljós, m.a. með framburði ákærða sjálfs, svo og framburði vitnanna Ragnheiðar Sigurgrímsdóttur, Jóhönnu Sigríðar Hannesdóttur og Unnar Harðardóttur, sem unnu á skrifstofu Stokkseyrarhrepps á starfstíma ákærða, þó á mismunandi tímum, og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi séð um að tilkynna fjölda olíustyrkþega, móttekið greiðslur, ráðstafað styrknum og verið vörslumaður fjár, sem ætlað var til greiðslu olíustyrks.

Þá þykir sannað, m.a. með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að meðferð hans á ofangreindu fé var með óreiðusniði. Hann hélt ekki sjóðbók, stemmdi ekki olíustyrk af né bar saman greiðslur úr ríkissjóði við greiðslur til styrkþega. Ákærða mátti þó vera ljóst að á honum hvíldi rík skylda til að standa full skil á fjármunum þessum og geta gert grein fyrir ráðstöfun á fé þessu.

Við rannsókn málsins hefur verið kannað sérstaklega hvort hugsanlega væri kvittanir vegna olíustyrks að finna í öðrum gögnum Stokkseyrarhrepps eða skjöl fyndust sem gætu gefið vísbendingu þar um. Hefur m.a. verið farið yfir öll fylgiskjöl á starfstíma ákærða og yfir viðskiptareikninga allra þeirra aðila sem um getur í athugasemdum ákærða, án þess að það breytti til muna því sem fram hefur komið varðandi vöntun í sjóði, þar eð einu gögnin sem komu í leitirnar voru 2 kvittanir að fjárhæð g.kr. 26.300,- og er þeirra getið hér að framan. Ákærði og skrifstofustúlkur á hreppsskrifstofunni á Stokkseyri eru sammála um að kvittanir þessar hafi verið varðveittar þannig í möppum að eigi var hætta á að þær glötuðust eða týrdust.

Af hálfu Halldórs Hróars Sigurðssonar og Hlöðvers Rafnssonar, hinna dómkvöddu matsmanna, var bókhald kannað hjá Stokkseyrarhreppi með úrtaksprófum, án þess að þar fyndist nokkuð sem skýrt gæti þurrð í olíusjóði. Skv. framburði vitnisins Halldórs Hróars Sigurðssonar ætti það að koma fram í hinni almennu endurskoðun á reikningum ef þar væri nokkuð að finna sem skýrt gæti vöntun olíustyrkspeninga.

Fyrir liggur í máli þessu uppgjör Þórarins Þ. Jónssonar endurskoðanda vegna sveitarstjórnarskipta og kemur þar ekki fram mismunur á öðrum reikningum sem skýrt gæti vöntun í olíusjóði.

Við frumrannsókn málsins taldi ákærði að þáverandi oddviti Stokkseyrarhrepps og varaoddviti hefðu brotist inn í skrifstofu ákærða og hugsanlega hróflað við skjölum þá e.t.v. varðandi olíustyrk. Ofangreindir aðilar hafa mótmælt þessu harðlega og verða eigi séð í máli þessu rök er renni stoðum undir ásakanir ákærða. Á hinn bóginn sýndi ákærði vítavert athæfi með því að fjarlægja ofangreindar möppur úr skrifstofu Stokkseyrarhrepps eftir að hann hætti þar sem sveitarstjóri og láta þær ekki af hendi til eftirmanna þrátt fyrir tilmæli þeirra. Ekki bætir það heldur úr skák fyrir ákærða að hann lét rannsóknaraðila ekki fá umbeðin gögn þrátt fyrir loforð þar um, og endaði það með því að þau voru tekin úr vörslu hans hálfum öðrum mánuði eftir að rannsókn hófst, en í millitíðinni mun ákærði, að hans sögn, hafa gert athugasemdir sem er að finna í framangreindum möppum. Verður að skýra þetta athæfi ákærða í óhag, en ljóst er að ofangreind gögn voru algjörlega á ábyrgð ákærða meðan þau voru í vörslu hans, og eru þá m.a. höfð í huga hugsanleg sakarspjöll sem ákærði kynni að hafa unnið.

Telja verður skv. framansögðu að ákærði beri refsiábyrgð á vöntun fjármuna vegna olíustyrks. Óhætt þykir hér að leggja til grundvallar niðurstöðutölur þeirra Hlöðvers Rafnssonar og Halldórs Hróars Sigurðssonar um upphæð fjárhæðar í þessu sambandi eða g.kr. 3.764.435,-. Rétt þykir hins vegar að skýra ákærða í hag framangreindar g.kr. 696.950,-. Eftir sem áður stendur eftir hærri upphæð en greinir í ákæru, en ákærði verður ekki sakfelldur fyrir auðgunarbrot á hærri fjárhæð en greinir í ákæru.

Skv. ofangreindu þykir sannað gegn neitun ákærða að hann hafi gerst sekur um brot á 247. gr. alm. hgl., en eins og ákæra er útbúin þykir hér heimilt að færa brot undir það lagaákvæði með þessum hætti. Brot ákærða fellur einnig undir 138. gr. alm. hgl. þar sem um brot í opinberu starfi hjá ákærða er að ræða.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1968 6/2 í Reykjavík. Sátt: 600 kr. sekt f. brot g. 49. gr. umfl.

1974 13/9 í Reykjavík. Sátt: 25.000,- kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 13/3 1974.

1979 5/10 í Árnessýslu. Dómur: 150.000,- kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 28/10 1978.

1981 13/7 í Reykjavík. Sátt: 3.000,- kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1981 23/11 í Árnessýslu. Dómur: 6 mán. fangelsi, þar af 3 mán. skb. f. brot g. 138. gr. 146. gr. og 247. gr. hgl.

1983 17/1 í Reykjavík. Sátt: 12.000,- kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1983 2/6 í Reykjavík. Veitt ökuleyfi á ný.

1984 21/6 í Reykjavík. Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli frá 23.11. 1981. Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og málinu vísað heim í hérað.

1986 10/3 í Reykjavík. Dómur: 5.000,- kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 1 mán. frá dómsbirtingu 15/5 1986.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Rétt þykir þó með hliðsjón af því hvernig mal þetta hefur þróast og hinum mikla drætti en ekki beinlínis við ákærða að sakast í þeim efnum, að fresta fullnustu refsingar ákærða í 3 ár frá birtingu dóms, haldi hann alm. skilorð 57. gr. alm. hgl.

Ákærði skal greiða allan málskostnað, þ. á m. laun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 30.000,-, skipaðs sækjanda, Jónatans Sveinssonar, kr. 25.000,-, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000,-.

Sératkvæði
Einars Hálfdánarsonar meðdómanda.

Svo sem að framan greinir liggja fyrir óyggjandi gögn um þann olíustyrk, sem ríkið greiddi til íbúa Stokkseyrarhrepps. Þá liggur fyrir hve mikið greitt var til olíustyrkþega og fullnægjandi gögn liggja fyrir um í bókhaldi Stokkseyrarhrepps. Hvort tveggja var kannað af dómkvöddum matsmönnum; það síðarnefnda með úrtaksprófunum, þar sem ákærði var látinn njóta vafans, sem leiðir af notkun úrtaksprófana. Ég lít svo á að notkun úrtaksprófana sé eðlileg þegar þannig stefndur á, að umfangsmikil gagnaskoðun er nauðsynleg og þegar skekkja getur einungis orðið ákærða í hag.

Eins og margoft er fram komið varð óskýrður mismunur á þeim peningum sem mótteknir voru og greiddir út samkvæmt framansögðu. Bókhaldsleg meðferð þessara fjármuna var allsendis ófullnægjandi, þar sem einföldustu frumreglur reikningshaldsins voru þverbrotnar. Þannig fór engin bókhaldsskráning fram á mótteknum og útborguðum olíustyrk. Eðlilegt hefði verið að láta þessa fjármuni renna gegnum tékkareikning og lág-

markskrafa var að halda sjóðbók um svo mikla fjármuni. Einnig hefði notkun fornúmeraðra kvittana verið sjálfsögð og eðlileg. Raunar var skylt samkvæmt 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 að halda bókhald um þessa fjármuni, þar sem tvímælalaust er skv. 2. gr. laga 13/1977 að sveitarstjórn bar að sjá um greiðslu olíustyrkja, þ.e. fjármunir þessir voru mótteknir af sveitarsjóði.

Ákærði hefur komið fram með ýmsar skýringar á þessum mismun. Sú skýring að fjármunir hafi verið notaðir í aðrar þarfir sveitarfélagsins stenst ekki. Endurskoðaður ársreikningur hreppsins og raunar notkun tvíhliða bókhalds útilokar það. Þá var enn eina ferðina leitað í bókhaldsgögnum hreppsins að greiðslum inn á ýmsa viðskiptareikninga íbúa sveitarfélagsins, en án árangurs. Rétt er að taka fram að aðspurðir kváðust hinir dómkvöddu matsmenn ekki hafa notast við úrtaksaðferðir við þessa leit.

Þegar bókhaldi er jafnmikið áfátt og að framan greinir er alkunna að mismunur getur myndast, án þess að um fjárdrátt sé að ræða. Ef ónúmeraðar kvittanir glatast og engin bókhaldsskráning hefur farið fram myndast mismunur rétt eins og peningar hverfi úr sjóði.

Löggiltum endurskoðanda reikninga sveitarfélagsins varð það á að undanskilja þessa fjármuni árlegri endurskoðun, þannig að þessi stórkostlega vanræksla sveitarstjóra um bókhaldslega meðferð olíustyrkja kom ekki strax fram.

Ég lít svo á með tilliti til þeirra miklu eftirgrennslana sem fram hafa farið í þá veru að finna haldbærar skýringar á þessum mikla mun, en hafa ber í huga að verðlag hefur a.m.k. nítjánfaldast frá því að málið kom upp, að svo mikill munur geti með engu móti verið skýrður með glötuðum kvittunum eða því líku.

Ákærði hefur gjörsamlega brugðist vörsluskyldum sínum með þeirri meðferð á fjármunum, sem lýst er að framan, en það er skoðun mín, að þegar bókhaldsskylda hvílir á vörslumanni geri það auknar kröfur um meðferð fjármuna og leiði til þess, að hann verði að gefa líklegar skýringar á hvarfi fjármuna úr vörslum sínum ellegar bera hallann af því sjálfur.

Með þessum athugasemdum er ég sammála dómsatkvæði dómforseta, þar á meðal um heimfærslu til refsiákvæða og ákvörðun refsingar.

— — —

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987.

Ár 1987, föstudaginn 2. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 541/1987: Ákæruvaldið gegn Jóhannesi Hólm Reynissyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. september 1987 á hendur ákærða Jóhannesi Hólm Reynissyni skrifstofumanni, áður fasteignasala, Austurbrún 29 í Reykjavík, fæddum 6. október 1950 í Reykjavík, „fyrir fjárdrátt með því að hafa þann 15. ágúst 1985 tekið í umboðssölu frá Sigurði Brynjólfssyni, Espigerði 18, Reykjavík, skuldabréf með veði í fasteigninni Akurgerði 13, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi. Bréf þetta var tryggt með 7. veðrétti í nefndri fasteign, var að fjárhæð kr. 167.164,57 og skyldi greiðast með fjórum jöfnum árlegum afborgunum og bera 20% vexti. Hafði fyrsta afborgun verið greidd. Skuldabréfið seldi ákærði í september 1985 fyrir kr. 60.000,- og hagnýtti sér andvirðið, en gerði engin skil við Sigurð Brynjólfsson.

Atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

I. Málavextir.

Vitnið Sigurður Brynjólfsson hefur skýrt frá því að hann hafi falið ákærða að selja fyrir sig veðskuldabréf sem vitnið átti. Hafi bréfið staðið í u.þ.b. 125.000,- krónum en þeim ákærða hafi samist um, að vitnið fengi í sínar hendur 62.000,- krónur fyrir það. Ákærði hafi selt bréfið en ekki staðið vitninu skil á andvirði þess.

Ákærði hefur staðfest þessa frásögn vitnisins og viðurkennt að hafa notað andvirði bréfsins í eigin þágu. Vitnið hafi hinsvegar skuldað honum um 65.000,- krónur frá því að vitnið var sölumaður á fasteignasölu ákærða 1982, en þeir hafi þá einnig staðið í fjármálavafstri saman. Ákærði kveðst hafa selt bréfið fyrir 60.000,- krónur og gæti það hafa verið 15. ágúst 1985. Á þessum tíma hafi þeir báðir verið í óreglu. Skuld vitnisins sé sumpart til komin af því, að hann hafi talið (sic) undir sig sölulaun fasteignasölunnar en sumpart af því að ákærði hafi greitt hótelreikning fyrir vitnið. Ákærði viðurkennir að ekki hafi verið samið um að andvirði bréfsins mætti ganga upp í skuld Sigurðar við ákærða og kveðst ákærði hafa „komið aftan að" vitninu þegar hann sló eign sinni á féð.

Vitnið Sigurður hefur lýst framburð ákærða um skuld vitnisins við hann vera alrangan, en kveður ákærða hafa selt fyrir sig hús árið 1980 og árið eftir kveðst vitnið hafa verið sölumaður hjá ákærða í 3 eða 4 mánuði.

Meðal gagna málsins eru reikningsyfirlit og innleggsnótur varðandi tékkareikning vitnisins á árinu 1982, sem þykja styðja þá frásögn ákærða að þeir vitnið hafi átt saman í einhverjum fjármálaumsvifum og þykir í ljósi þeirra ekki unnt að hafna frásögn ákærða af skuld Sigurðar við hann. Allt að einu verður að telja að ákærði hafi hvorki átt né talið sig eiga rétt

á því að taka undir sig andvirði veðskuldabréfsins og hefur hann með þeim verknaði orðið brotlegur við 247. gr. almennra hegningarlaga.

Sigurður Brynjólfsson hefur fallið frá bótakröfu á hendur ákærða.

II. Viðurlög.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt refsingum sem hér segir:

— — —

(Sjá bls. 1083 - 1084.)

Refsing ákærða nú verður hegningarauki við dóminn frá 23. desember sl. og ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka upp þann dóm og dæma í einu lagi með sök ákærða nú. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu hennar og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 25.000,- krónur í málsvarnarlaun, en annan kostnað leiddi ekki af málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Hólm Reynisson, sæti fangelsi í 8 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur refsingin niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, verjanda sínum, 25.000,- krónur í málsvarnarlaun.

Miðvikudaginn 6. júlí 1988.

Nr. 192/1988. **Vélsmiðjan Faxi hf. og Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi**

gegn

Skemmtigarðinum hf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Brynjar Níelsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar hafa með heimild í 1. tl. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. júní sl. Þeir krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður, sem er án forsendna sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, er þannig: „Skemmtigarðinum h.f. nafnnúmer 8164-5906, Reykjavík er veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði frá uppkvaðningu þessa úrskurðar að telja."

Af gögnum málsins má sjá að varnaraðili hefur átt í verulegum fjárhagsörðugleikum undanfarin misseri. Hann telur greiðslustöðvun nauðsynlega til þess að hægt sé að reka fyrirtækið (skemmtigarðinn) í sumar, en tekjuöflun þess fari fram yfir sumartímann, 3 - 4 mánuði á ári. Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti telur hann eignir sínar vera þessar:

„1)	Húseignin Grænumörk 1B, Hveragerði — brunabótamat	kr. 19.664.000,-
2)	Vélar og tæki — tryggingarmat	kr. 41.901.000,-
3)	Viðskiptavild („aðstaða" er kannski réttara orð)	kr. 10.000.000,-
4)	Innborgað inn á leigusamninga	kr. 8.170.000,-
	Samtals	kr. 79.735.000,-"

Í sama skjali telur hann skuldir sínar „ekki þekktar með nokkurri nákvæmni ..." og augljóst virðist að þær séu „það miklar að óhjá-

kvæmilegt sé að leita samninga við kröfuhafa um lækkun skulda og um breytingu á greiðslukjörum". Með beiðni um greiðslustöðvun lagði hann fram skrá yfir skuldirnar miðað við 30. september 1987 og nema þær samkvæmt henni tæpum 75 milljónum króna. Þá hefur varnaraðili lagt fram tölvuútskrift af rekstrarreikningi til bráðabirgða fyrir tímabilið 1. janúar 1987 til 30. september s.á., en án afskrifta eigna og án raunverulegs fjármagnskostnaðar sýnir hann hagnað að fjárhæð 4.299.512,97 krónur.

Sóknaraðili bendir á, að allar skuldir varnaraðila séu gjaldfallnar. Auk þess séu þær, þegar tekið sé tillit til vanskilavaxta og nýrra upplýsinga um þær, stórlega vantaldar. Hann telur að nær lagi sé að áætla þær um 120 milljónir króna. Þá telur hann eignir varnaraðila ofmetnar. Ekki sé raunhæft að miða við tryggingaverðmæti þeirra. Bendir hann meðal annars á, að markaðsverð fasteigna í Hveragerði sé um það bil 60% af brunabótaverði þeirra. Þannig sé verðmæti húseignar félagsins ofreiknað um margar milljónir króna. Lausafé varnaraðila sé einnig stórlega ofmetið. Hann telur ósennilegt að raunverð eigna varnaraðila sé yfir 30 milljónir króna á frjálsum markaði. Samkvæmt því nemi skuldir hans umfram eignir að minnsta kosti 90 milljónum króna og sé hann því ógjaldfær og gjaldþrota. Hann hafi heldur ekki bent á neinar leiðir til að leysa þessi vandræði.

Varnaraðili hefur ekki lagt fram ársreikning fyrir árið 1987. Upplýsingum hans um skuldastöðuna er mjög áfátt. Greinargerð um eignir hans er ófullnægjandi og mat á verðmæti þeirra lítt rökstutt. Ekki er bent á líkleg úrræði til lausnar fjárhagsvandanum. Þegar allt framangreint er virt, verður ekki talið að varnaraðili hafi leitt að því nægar líkur, að hann geti komið nýrri skipan á fjármál sín, þótt hann fái greiðslustöðvun í þrjá mánuði. Skortir því skilyrði til að staðfesta hinn kærða úrskurð og verður hann felldur úr gildi.

Eftir þessum málalokum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðilum 12.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Varnaraðili, Skemmtigarðurinn hf., greiði sóknaraðilum, Vélsmiðjunni Faxa hf. og Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Suðurlandi, samtals 12.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. júlí 1988.

Nr. 214/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefir samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, er hann lýsti fyrir héraðsdómara að aflokinni uppkvaðningu hins kærða úrskurðar 7. júlí 1988. Varnaraðili krefst styttingar á gæsluvarðhaldstíma og þess, að hann þurfi hvorki að sæta algerri einangrun né vistun í Síðumúlafangelsi. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar með vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Rétt þykir að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Krafa um kærumálskostnað er ekki tekin til greina.

Í héraðsdómi var eigi um það fjallað, hvernig háttað skyldi vistun varnaraðila. Það atriði kemur því ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um gæsluvarðhaldsvist varnaraðilja, Sigurðar Hólm Sigurðssonar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. júlí 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 7. júlí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða Sigurði Hólm Sigurðssyni, fæddum 1.5. 1963, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 3. október nk. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kærði hefur við yfirheyrslur fyrir dómi neitað að eiga nokkra aðild að flestum þeim brotum sem honum eru gefin að sök og ætlað er að hann

hafi framið, eftir að hann lauk afplánun í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þann 23. júní sl. og þar til hann var handtekinn af lögreglu þann 5. þessa mánaðar. Brot þau sem kærði er grunaður um að hafa framið eru m.a. þessi: skjalafals, þjófnaðir og líkamsárás auk alvarlegra umferðarlagabrota.

Þrátt fyrir þessa neitun kærða, kemur fram í gögnum málsins, að hann eigi aðild að nefndum brotum.

Sakaferill kærða er langur. Frá árinu 1977 hefur kærði oftar en 80 sinnum komið við sögu vegna hegningarlagabrota, svo sem auðgunarbrota, líkamsárása og nauðgana. Þá hafa verið til rannsóknar af hálfu ýmissa lögregluumdæma kærur á hendur kærða vegna ölvunaraksturs og allmargra nytjastulda.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann 14 sinnum hlotið varðhalds- og fangelsisdóma í samtals 80 mánuði.

Hjá RLR eru nú til meðferðar nokkur mál á hendur kærða. Einnig eru til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur 2 ákærur á hendur kærða og 4 mál eru til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara, er varða ætluð innbrot, skjalafals og tékkasvik.

Þann 5. febrúar sl. var kærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi í sakadómi Reykjavíkur fyrir skjalafals og ýmis umferðarlagabrot og þann 5. maí sl. var kærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi, einnig í sakadómi Reykjavíkur, fyrir skjalafals, tékkasvik og þjófnað auk umferðarlagabrota. Kærði hefur áfrýjað dómum þessum til Hæstaréttar Íslands.

Af framansögðu er ljóst, að sakaferill kærða er samfelldur og verður að telja víst, að kærði sé síbrotamaður. Má því til stuðnings ítreka það sem áður greinir, að kærði hefur haldið áfram afbrotum sínum, eftir að hann var síðast látinn laus úr fangelsi þann 23. júní sl. Þykir því ljóst að veruleg hætta er á því, að kærði haldi áfram brotum haldi hann óskertu frelsi.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 155., 244. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir verða að taka kröfu RLR til greina. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til 3. október nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til 3. október nk. kl. 17:00.

Mánudaginn 22. ágúst 1988.

Nr. 251/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur með heimild 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. þ.m., er barst dóminum næsta dag. Hann kærir úrskurðinn í því skyni að hann verði felldur úr gildi, en aðrar kröfur eða greinargerð hafa ekki borist. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 17. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Bjarna Leifi Péturssyni sjómanni verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00 vegna gruns um brot gegn 244., 155. og 233. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Málavextir.

Lögreglan í Reykjavík handtók kærða þann 15. ágúst sl. eftir ábendingu tveggja útlendinga, sem báru að kærði hefði ógnað þeim með hníf, þar sem þeir voru á göngu á Laugaveginum, og hótað að skera þá á háls.

Í lögregluskýrslu kemur fram að kærði hafi viðurkennt verknaðinn í viðræðum við varðstjóra og borið að vera negrahatari. Við leit á kærða fundust tveir hnífar.

Kærði hefur alfarið neitað kæruefni fyrir dómi.

RLR hefur borist kæra vegna stuldar á geislaspilara ásamt ca 45 geislaplötum. Kærandi, Þóra Snorradóttir, Hverfisgötu 108 hér í borg, bar að Björn Bragi Björnsson sambýlismaður sinn hafi verið heima þann 10. ágúst sl. við áfengisneyslu ásamt kærða Bjarna. Kærandi kvaðst gruna kærða um verknaðinn og að hafa að auki stolið 20.000 kr. í peningum frá Birni, sem hafi verið töluvert ölvaður.

Kærði hefur alfarið neitað að hafa stolið framangreindum verðmætum í skýrslu er hann gaf fyrir dómi.

Kærði er ennfremur grunaður um að eiga aðild að tékkafalsi úr hefti Haralds Haraldssonar, Yrsufelli 22, en eigandi kvað því hafa verið stolið ásamt veski, er hann var að skemmta sér sl. sunnudag á veitingahúsinu Ölkeldunni. Aðfaranótt sl. mánudags var Borgþór Gústafsson stöðvaður á bifreið, ölvaður og réttindalaus, og var kærði farþegi. Borgþór reyndist hafa framangreint hefti undir höndum og bar að Bjarni hafi afhent sér það. Borgþór kveðst ekki hafa notað heftið og ekki hafa séð Bjarna gera það. Sex ávísanir hafa nú borist bönkum úr áðurnefndu hefti.

Kærði hefur alfarið neitað að hafa notað tékka úr framangreindu hefti. RLR hafa ekki borist tékkarnir í hendur.

Brot þau er kærði er grunaður um að hafa framið geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244., 155. og 233. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og er veruleg hætta á að kærði hafi áhrif á vitni og hugsanlega samseka haldi hann óskertu frelsi. Þykir með hliðsjón af því sem að framan er rakið rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 23. ágúst 1988 kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00.

Föstudaginn 9. september 1988.

Nr. 276/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Garðari Garðarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. september sl., sem barst dóminum 6. s.m. Ætla verður að hann kæri úrskurðinn í því skyni að fá hann felldan úr gildi, en kröfur eða greinargerð hafa ekki borist. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. september 1988.

Ár 1988, laugardaginn 3. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Garðari Garðarssyni, kennitala 10.01.65-4499, Stangarholti 26, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 17:00. Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Aðfaranótt fimmtudagsins 28. júlí sl. voru framdir innbrotsþjófnaðir í tvö fyrirtæki á Suðurlandi. Var hér um að ræða söluskálann Öndvegi í Hraungerðishreppi í Árnessýslu þar sem stolið var 30-40 vindlingalengjum auk peninga og Kaupfélagið Þór á Hellu á Rangárvöllum, en þar var stolið peningaskáp með verðmætum að fjárhæð kr. 602.956. Peningaskápurinn fannst tveimur dögum síðar við Kerið í Grímsnesi og hafði hann þá verið brotinn upp og fjármunir teknir úr honum. Daginn eftir fannst þýfi, sem talið er vera úr fyrrnefndum söluskála auk þriggja ávísana, sem taldar eru

vera úr innbrotinu í Kaupfélagið Þór. Við rannsókn á vindlingalengjunum fannst fingurfar, sem RLR-tæknideild samkenndi við fingurfar kærða Garðars.

Agnar Víðir Bragason, kt. 16.09.66-3009, Hábergi 3, Reykjavík, hefur við yfirheyrslu hjá RLR viðurkennt að hafa staðið að framangreindum innbrotsþjófnuðum eftir að hafa brotist inn í bílasölu hér í borg og tekið þar í heimildarleysi bifreið, sem notuð var til fararinnar. Hefur Agnar skýrt frá því, að hann hafi hitt kærða Garðar skömmu eftir að hann, þ.e. Agnar Víðir, losnaði úr gæsluvarðhaldi 27. júlí sl. Agnar hefur ekki viljað nafngreina þann mann, sem stóð með honum að innbrotum þessum.

Að morgni 28. júlí sl. fór kærði ásamt Agnari Víði með Flugleiðavél til Osló. Kom hann þaðan ásamt Agnari síðdegis í gær, eftir að þeim hafði verið vísað úr landi skv. úrskurði lögregluyfirvalda í Larvik 29. f.m., en kærða hafði verið gert að sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur frá 19. f.m. vegna kæru um innbrotsþjófnað.

Kærði Garðar hefur neitað að eiga nokkra aðild að framangreindum innbrotsþjófnuðum og kveður það ekki fá staðist að áðurnefnt fingurfar á vindlingalengjunum stafi frá honum.

Þá er til rannsóknar hjá RLR mál er varðar ætlað skjalafals á skuldabréf útgefið í fyrra að fjárhæð kr. 150.000. Leikur grunur á, að kærði hafi falsað nafn móður sinnar á bréfið sem annars sjálfskuldarábyrgðarmanns. Kærði hefur neitað að tjá sig um sakarefni þetta, en kæran var lögð fram 12. febrúar sl.

Eins og gögn málsins bera með sér er rannsókn mála þessara ekki lokið. Með vísan til þess og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina. Þykir hæfilegt að láta kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. september nk. kl. 17:00.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 14. september nk. kl. 17:00.

Mánudaginn 12. september 1988.

Nr. 253/1988. **Ella Kolbrún Kristinsdóttir og Gunnar Friðbjörnsson**

gegn

Garðakaupstað og til réttargæslu félagsmálaráðuneyti, Unu Hannesdóttur og Geir Ingimarssyni

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðilar hafa með heimild í b-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru dagsettri 30. júní sl. Kröfur þeirra eru þær að frávísunardómi bæjarþings Garðakaupstaðar frá 31. maí sl. í máli þessu verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka mál kærenda fyrir að nýju og ljúka á það efnisdómi. Fyrir Hæstarétti eru ekki gerðar sérstakar kröfur um málskostnað. Varnaraðilar hafa ekki sent Hæstarétti athugasemdir. Samkvæmt bréfi héraðsdóms dags. 17. ágúst sl. barst kæra innan lögmælts tveggja vikna frests, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973. Fallast ber á það með héraðsdómi að eins og kröfum sóknaraðila er háttað verði ekki um þær dæmt án beinnar aðildar réttargæslustefndu Unu og Geirs, eigenda hússins nr. 6 við Þrastarnes í Garðabæ. Þegar af þessum ástæðum ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Garðakaupstaðar 31. maí 1988.

Mál þetta sem tekið var til dóms eða úrskurðar 27. maí sl. er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu útgefinni 21. janúar 1988.

Stefnandi málsins er Ella Kolbrún Kristinsdóttir, nnr. 2057-6928, og

Gunnar Friðbjörnsson, nnr. 3349-9876, bæði til heimilis að Þrastarnesi 5, Garðakaupstað.

Stefndi er Garðakaupstaður, nnr. 2508-0009, Sveinatungu við Vífilsstaðaveg.

Til réttargæslu er stefnt félagsmálaráðuneyti, nnr. 2308-7006, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.

Þá er einnig stefnt til réttargæslu Geir Ingimarssyni, nnr. 2541-1773, og Unu Hannesdóttur, nnr. 8979-5524, báðum til heimilis að Þrastarnesi 6, Garðakaupstað.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að staðfest verði með dómi að húsið Þrastarnes 6 í Garðakaupstað, eins og það er hannað samkvæmt teikningum samþykktum af byggingarnefnd Garðakaupstaðar og byggt til þessa, brjóti gegn skipulagsskilmálum, sem gilda fyrir húsið.

2. Að byggingarleyfi hússins verði fellt úr gildi og húsinu breytt á þann hátt að það samrýmist deiliskipulagi og skipulags-skilmálum eins og þeir koma fram í afsali fyrir lóðinni Þrastarnesi 6, dags. 11. júní 1974, með lækkun hússins um að minnsta kosti einn og hálfan metra miðað við gildandi byggingarnefndarteikningar.

3. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær að málinu verði vísað frá dómi en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu réttargæslustefndu Unu og Geirs eru gerðar þær dómkröfur að málinu verði vísað frá dómi og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati réttarins.

Réttargæslustefnda félagsmálaráðuneytið gerir ekki sérstakar kröfur í málinu.

II.

— — —

III.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfu þann 27. maí sl.

Af hálfu stefnda Garðakaupstaðar var því haldið fram að krafa stefnenda um að staðfest verði með dómi að húsið Þrastarnes 6 brjóti gegn skipulagsskilmálum, eigi ekki rétt á sér. Um sé að ræða beiðni til réttarins um staðfestingu á meintri staðreynd og sem sjálfstæð dómkrafa eigi hún ekki rétt á sér samkvæmt 67. gr. eml. nr. 85/1936. Sem hugsanlegur rökstuðningur fyrir ógildingu á byggingarleyfi ætti hún aftur á móti rétt á sér, en ekki sem sjálfstæð dómkrafa.

Þá sé fullseint að krefjast ógildingar byggingarleyfis eftir að byggingu hússins sé nánast lokið. Byggingarleyfið sem slíkt hafi runnið sitt skeið á enda.

Til stuðnings kröfugerð sinni hafi stefnendur vitnað til 6. gr. skipulagslaga. Í þeirri lagagrein sé aftur á móti verið að ræða um skyldur ráðherra til þess að „hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð *á kostnað sveitarsjóðs*". Í þessu sambandi bendir stefndi á að ríkissjóði sé ekki stefnt inn í mál þetta, né heldur félagsmálaráðherra, enda þótt það hefði þó verið í samræmi við uppbyggingu stefnenda á máli þessu. Stefnendur hafi reyndar ekki heldur stefnt húseigendum Þrastarness 6 inn í mál þetta nema til réttargæslu á sama hátt og félagsmálaráðherra. Fébóta sé ekki krafist í máli þessu. Ef frá eru talin meint brot á skipulagsákvæðum, geti stefnendur aðeins í einu bréfi um aðrar ástæður, en það sé skert útsýni.

Að mati stefnda uppfylli málatilbúnaður stefnenda því ekki kröfur einkamálalaga um skýrleika í kröfugerð sbr. 88. gr. þeirra laga.

Af hálfu réttargæslustefndu Unu og Geirs er talið að vísa beri málinu frá dómi samkv. 46. gr. l. nr. 85/1936. Þeim sé ekki stefnt enda þótt dómkröfur stefnenda séu að byggingarleyfi fyrir hús þeirra sé fellt úr gildi og að það verði lækkað um einn og hálfan metra.

Af hálfu réttargæslustefnda félagsmálaráðuneytis er ekki talin ástæða til sérstakrar kröfugerðar þar sem engar kröfur séu gerðar á hendur ráðuneytinu. Réttargæslustefnda lagði fram greinargerð 22. mars 1988 og lýsti jafnframt yfir að um frekari þingsókn af þess hálfu yrði ekki að ræða. Í greinargerðinni er því haldið fram að vísa beri málinu frá á grundveli 49. og 88. gr. eml. Þá er því haldið fram að krafa um brottnám eða lagfæringu mannvirkis beri undir sakadóm til meðferðar að hætti opinberra mála og að heimild til að hafa uppi slíka kæru geti eingöngu verið í höndum félagsmálaráðuneytis eða viðkomandi sveitarstjórnar sem fara með fyrirsvar slíkra hagsmuna, sbr. 4. mgr. 2. gr. sbr. 1. mgr. 1. gr. og 6. gr. skipulagslaga nr. 19/1974 og 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Beri því að vísa málinu frá á grundvelli 68. gr. eml. sbr. 11. tl. 2. gr. l. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

IV.

Hinir umdeildu hagsmunir eru þeir hvort breyta eigi húsinu að Þrastarnesi 6, Garðakaupstað, sem þegar hefur verið byggt, í það horf „að það samrýmist deiliskipulagi og skipulagsskilmálum eins og þeir koma fram í afsali fyrir lóðinni Þrastarnes 6, Garðabæ, dags. 11. júní 1974 ... með lækkun hússins um að minnsta kosti einn og hálfan metra miðað við gildandi byggingarnefndarteikningu". Þessi krafa er kjarninn í kröfugerð stefn-

enda. Í henni felst m.a. að réttargæslustefndu Una Hannesdóttir og Geir Ingimarsson verði að þola niðurrif hússins Þrastarnes 6 að meira eða minna leyti, þ. á m. niðurrif á frágengnu þaki sem jafnframt er panelklætt loft í stofu.

Þessari kröfu sem öðrum stefnukröfum í málinu beinir stefnandi einvörðungu að byggingaryfirvöldum í Garðakaupstað, þ.e. bæjarstjórn Garðakaupstaðar, en ekki að eigendum umræddds húss. Um þessa kröfu verður ekki fjallað í málinu án þess að henni sé beint að húseigendum sbr. meginreglu 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Þegar af þessari ástæðu ber að vísa máli þessu frá dómi.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara og Má Péturssyni bæjarfógeta.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. september 1988.

Nr. 270/1988. **Ásgeir J. Guðmundsson**
Halldór S. Guðmundsson
Jónína Guðmundsdóttir og
Kristín S. Guðmundsdóttir
gegn
skiptaráðandanum í Hafnarfirði

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Kæran í máli þessu er heimil samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. einnig 13. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjár-

skatt. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp í skiptarétti Hafnarfjarðar 2. maí 1988. Hann var birtur lögmanni sóknaraðila í þinghaldi í sama rétti 20. júní s.á. Kæran er dagsett 8. júlí sl. og móttekin af skiptaráðanda 12. s.m. Var þá liðinn kærufrestur sá, sem tiltekinn er í 22. gr. laga nr. 75/1973. Ber af þessum sökum að vísa málinu frá Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki verið gerðar kröfur í máli þessu.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 2. maí 1988.

Hinn 18. janúar 1987 lést Matthildur Sigurðardóttir, f. 30.07. 1901, nnr. 6560-8278, síðast til heimilis á Hrafnistu, d.a.s., Hafnarfirði.

Föstudaginn 2. október 1987 tók skiptaráðandinn í Hafnarfirði dánarbú Matthildar til opinberra skipta. Voru erfingjar hennar boðaðir til þinghalds skiptaréttarins þann dag, en þeir eru fjögur börn hinnar látnu:

Ásgeir J. Guðmundsson Hrauntungu 18 Kópavogi (f. 09.02. 1935),

Halldór S. Guðmundsson Hjallabraut 94 Hafnarfirði (f. 13.10. 1930),

Jónína Guðmundsdóttir Bjarmalandi 15 Reykjavík (f. 19.04. 1932) og

Kristín Sigríður Guðmundsdóttir Vesturvangi 8 Hafnarfirði (f. 17.02. 1937).

Til þinghaldsins 2. október 1987 kom enginn erfingja, en Þorvaldur Lúðvíksson hrl. sótti þingið fyrir þeirra hönd. Hefur hann æ síðan komið fram fyrir hönd erfingjanna gagnvart skiptaráðanda í máli þessu.

Þingað var í málinu 2. október, 9. október og 22. október 1987, en þá var erfingjum veitt leyfi til einkaskipta eftir beiðni þeirra. Var það skilyrði sett m.a. fyrir leyfinu, að þeir skiluðu skiptagerð fyrir árslok 1987.

Hinn 24. mars 1988 eru dánarbússkiptin tekin fyrir í skiptaréttinum. Þá er bókað í skiptabók:

„Hinn 24. febrúar s.l. kom greindur lögmaður [þ.e. Þorvaldur Lúðvíksson hrl.] f.h. erfingja á fund skiptaráðanda og afhenti honum skiptagerð (rskj. nr. 9) ásamt yfirliti yfir útfararkostnað (rskj. nr. 10) og erfðafjárskýrslu (rskj. nr. 11). Greiddi hann þá erfðafjárskatt sem skiptaráðandi kvittaði fyrir með þeim fyrirvara að ekki væri víst að um fullnaðargreiðslu væri að ræða, sbr. rskj. nr. 12.

Skiptaráðandi ritaði síðan lögmanninum bréf (rskj. nr. 13) og óskaði þá eftir skýringum erfingja eða lögmannsins fyrir þeirra hönd á tilteknum atriðum í skiptagerðinni."

Ekki var sótt þing af hálfu erfingja 24. mars 1987 og ekki boðuð forföll.

Í bréfi skiptaráðanda (dags. 16.03. 1988) til Þorvalds Lúðvíkssonar f.h. erfingja, sbr. rskj. nr. 13, sem getið er um í bókuninni hér að framan, segir m.a.:

„Í skiptagerðinni er frá því greint að hin látna hafi átt íbúð sem hafi 28. nóvember 1985 (réttara mun vera 15. jan. 1986) verið seld stjórn verkamannabústaða í Hafnarfirði. Nettó söluandvirði er sagt hafa verið kr. 1.377.606. Brútto eignir búsins eru hins vegar sagðar vera kr. 880.000. Verður ekki séð af skiptagerðinni hvað orðið hafi um kr. 497.606 af söluandvirði íbúðarinnar. Skiptaráðandi óskar eftir skýringum erfingja á þessu misræmi, eða yðar fyrir þeirra hönd.

Í skiptagerðinni stendur að hin látna hafi átt í banka við andlát sitt kr. 280.000. Skiptaráðandi óskar eftir að sjá gögn um þá bankainnstæðu."

Í bréfinu var lögmaðurinn boðaður á fund skiptaráðanda með vísan til 20. gr. laga nr. 83/1984.

Enn var þingað í máli þessu 11. apríl 1988. Þá er bókað í skiptabók:

„Mættur er í réttinum f.h. erfingja hinnar látnu, Matthildar, Þorvaldur Lúðvíksson hrl. Hann leggur fram sem rskj. 14, sparisjóðsbók nr. 12674 við Samvinnubanka Íslands hf., ógilta.

Lögmaðurinn óskar að leiðrétta það sem stendur í skiptagerð, rskj. nr. 9:

„2. Í peningum á banka kr. 280.000." Það eigi að vera:

„2. Í peningum og á banka kr. 280.000."

Lögmaður segir, að skv. upplýsingum eins erfingja, Ásgeirs Guðmundssonar, hafi u.þ.b. kr. 60.000 af eignum hinnar látnu farið til að mála íbúð hennar áður en hún var seld. Hann hafi líka vakið athygli á að hin látna hafi lifað í eitt ár eftir að íbúðin var seld, og hún hafi örugglega hyglað barnabörnum sínum, sem voru 17 talsins, auk þess sem hún lánaði hverju barnabarni sinu kr. 150.000, svo sem fram kom í skiptagerð.

Lögmaðurinn óskar að taka fram að hann hafi ekki mætt í skiptaréttinum 24. mars 1988 vegna þess að hann hafi þá ekki verið búinn að fá neinar upplýsingar vegna fyrirspurna skiptaráðanda, og biðst hann afsökunar á því að hafa ekki haft samband við skiptaráðanda út af þessu."

Skýringar þær, sem Þorvaldur Lúðvíksson hrl. hefur gefið skiptaráðanda f.h. erfingja og raktar eru hér að framan, eru að áliti réttarins ekki fullnægjandi, að því er varðar kr. 497.600 af söluandvirði íbúðar arfláta, sem seld var 15. janúar 1986.

Þær eru ekki studdar gögnum, og þær geta heldur ekki talist sennilegar. Verður því við það að miða að til skipta milli erfingja hafi komið kr. 1.206.018 en ekki kr. 708.412, svo sem segir í skiptagerð (rskj. nr. 9) og erfðafjárskýrslu (rskj. nr. 11), þannig að erfðahlutur hvers erfingja verður

kr. 124.401,50 umfram þær kr. 177.103 sem fram eru taldar í greindum skjölum, eða alls kr. 301.504,50.

Samkvæmt þessu hefði erfðafjárskattur hvers erfingja átt að vera kr. 15.075 eða kr. 6.220 hærri en erfingjar gera ráð fyrir í erfðaskýrslu sinni, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt, sbr. og 22. gr. sömu laga og auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 466, 9. október 1987.

Í samræmi við þetta og samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 83/1984, sbr. 1. mgr. sömu greinar, ber að ákvarða hverjum erfingja viðbótarerfðafjárskatt að upphæð kr. 5 x 6.220 = kr. 31.100.

Á l y k t u n a r o r ð:

Erfingjar Matthildar Sigurðardóttur, nnr. 6560-8278, er lést 18.01. 1987, þau Ásgeir J. Guðmundsson, nnr. 0664-3220, f. 09.02. 1935; Halldór S. Guðmundsson, nnr. 3580-4609, f. 13.10. 1930; Jónína Guðmundsdóttir, nnr. 5307-7234, f. 19.04. 1932, og Kristín S. Guðmundsdóttir, nnr. 5745-4717, f. 17.02. 1937, greiði hver um sig viðbótarerfðafjárskatt að upphæð kr. 31.100 til erfðafjársjóðs.

Fimmtudaginn 15. september 1988.

Nr. 194/1988. **Eigandi og útgerðarmaður m/s Kongsaa**
gegn
eigendum og áhöfn b/v Stálvíkur

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Eigandi og útgerðarmaður m/s Kongsaa hefur með kæru dags. 24. maí sl. kært skýrslugjafir sex vitna fyrir bæjarþingi Siglufjarðar sem fram fóru miðvikudaginn 27. apríl sl. Kröfur hans eru þær að „dómsathöfn þessi verði ómerkt auk þess sem réttarhaldsbeiðanda

verði gert að greiða kæranda málskostnað fyrir Hæstarétti". Kæru þessa byggir sóknaraðili á staflið c 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu eigenda og áhafnar b/v Stálvíkur, sem báðu um skýrslugjafir þessar, hefur verið skilað greinargerð og þær kröfur gerðar að kærunni verði hrundið.

Aðdragandi máls þessa er sá að hinn 4. mars sl. tók b/v Stálvík m/s Kongsaa í tog úti fyrir Raufarhöfn og dró það suður fyrir Langanes. Þar rákust skipin saman, leki kom að b/v Stálvík og hætti skipið þá drættinum. Annað skip dró síðan m/s Kongsaa inn á Seyðisfjörð. Deila útgerðir skipanna um hvort hér var um björgun að ræða. Sjópróf fór fram á Seyðisfirði þann 5. mars sl. og komu þá fyrir dóm áhöfn m/s Kongsaa og skipstjóri b/v Stálvíkur. Aðrir úr áhöfn b/v Stálvíkur voru bundnir við að færa skipið til viðgerðar á Akureyri. Í lok sjóprófsins var bókað: „Dómendur voru sammála um að ekki væri ástæða til að leiða fleiri vitni. Dómendur taka fram að þeir telji sjóprófinu lokið, enda komi ekki fram krafa um framhaldssjópróf." Eigendur og áhöfn b/v Stálvíkur óskuðu síðan eftir framhaldi sjóprófs. Var ákveðið að halda það 29. mars sl. en var þá frestað þar sem lögmaður m/s Kongsaa taldi sig forfallaðan. Sjópróf var síðan boðað á ný 27. apríl sl. Þann dag var lagt fram á bæjarþingi Siglufjarðar beiðni um lögreglurannsókn, endurrit úr bæjarþingsbók Seyðisfjarðar, ljósmyndir af tjóni á b/v Stalvík og sex skýrslur gefnar fyrir lögreglunni á Siglufirði. Skýrslugjafarnir komu síðan fyrir dóm hver í sínu lagi. Eftir þeim er bókað efnislega samhljóða: Vitninu er kynnt vitnaábyrgð og áminnt um sannsögli. Lögð er fram framburðarskýrsla vitnisins fyrir lögreglu dags. í dag. Vitnið segir skýrsluna rétta og staðfestir undirskrift sína undir skýrslunni.

Lögmaður sóknaraðila heldur því fram að hann hafi ekki fengið dómsendurrit hinna kærðu skýrslugjafa fyrr en 19. maí sl. Hann kveðst hafa verið forfallaður þann 27. apríl sl. þá er þingað var í málinu á Siglufirði og hafi hann tilkynnt það. Þá byggir hann á því að óskir áhafnar b/v Stálvíkur um endurupptöku málsins séu órökstuddar og ekki nægilegt tilefni endurupptöku þess. Verði litið á fyrirtekt málsins fyrir bæjarþinginu sem sjópróf hafi það ekki farið að hætti 13. kafla siglingalaga nr. 34/1985. Samkvæmt upp-

lýsingum útgerðar b/v Stálvíkur sé ráðgert að nota skýrslur þessar sem gögn í hugsanlegu dómsmáli vegna ágreinings aðila um björgunarlaun og verði því ekki hjá því komist að krefjast ómerkingar á dómsathöfn þeirri sem hugsanlega teldist gefa vitnisburðum þessum vægi.

Af hálfu eigenda b/v Stálvíkur hefur verið skilað greinargerð og því haldið fram að nauðsynlegt hafi verið að biðja um framhaldssjópróf á Siglufirði til þess að fá vitnisburð skipverja b/v Stálvíkur og yfirmanns talstöðvarþjónustu sem fylgst hafi með fjarskiptum skipanna.

Kæra sóknaraðila er ekki heimil samkvæmt c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands og ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. september 1988.

Nr. 294/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m. er barst Hæstarétti 13. þ.m. Hann gerir þær kröfur að úrskurðurinn verði felldur úr gildi eða að gæsluvarðhaldsvistin verði stytt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð þó þannig, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 26. október 1988. kl. 17:00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 26. október 1988 kl. 17:00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. september 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 8. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem er háð í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Bjarna Leifi Péturssyni, fæddum 15. júní 1958, Eyjabakka 11 hér í borg, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. nóvember nk. kl. 17:00.

Um kl. 18:30 í gær var tilkynnt að maður svæfi ölvunarsvefni í strætisvagni við Hlemm. Var hann færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem á honum fannst peningaveski með ýmsum verðmætum, þar á meðal skilríkjum, sem sögðu til um hver væri eigandi þess.

Hinn handtekni reyndist vera kærði í máli þessu og hefur hann viðurkennt að hafa tekið veski ófrjálsri hendi sl. þriðjudagskvöld á nafngreindum veitingastað hér í borg. Kærði hefur játað að hafa falsað átta tékka úr tékkhefti, sem var í veskinu og tekist að selja fimm þeirra. Í veskinu var einnig útfylltur tékki að fjárhæð kr. 53.343,-, en auk þess saknar eigandi þess útfyllts tékka að fjárhæð kr. 50.000,-. Kveðst kærði hafa afhent þann tékka manni að nafni Friðrik og búi sá í Rjúpufelli.

Kærði hefur einnig viðurkennt að hafa snemma í júlímánuði sl. falsað tékka að fjárhæð kr. 25.000,- úr tékkhefti frá Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands, en þessu tékkhefti hafði kunningjakona kærða stolið á kvensjúkdómadeild Landspítalans. Hefur kærði greint frá því, að hann hafi stofnað sparireikning við Sparisjóð Hafnarfjarðar og lagt andvirði tékkans inn á hann.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa um miðjan ágúst sl. í félagi við Gísla Valgeirsson, Helgafellsbraut 18, Vestmannaeyjum, selt nýja vídeóupptökuvél að verðmæti kr. 147.000,- manni í Hafnarfirði fyrir kr. 25.000,-. Vél þessa hafði Gísli tekið á leigu hjá fyrirtækinu Heimildir samtímans. Hefur kærði greint frá því, að þeir hafi skipt söluandvirðinu á milli sín. Hann kveðst hafa staðið í þeirri trú, að Gísli ætti vélina.

Loks hefur kærði viðurkennt að hafa aðfaranótt 1. þ.m. tekið sjónvarpstæki úr íbúð við Flyðrugranda hér í borg þar sem hann var gestkomandi. Hafi hann selt eða öllu heldur notað það í vöruskiptum því hann hafi fengið í staðinn amfetamín og róandi lyf.

Í nýju sakavottorði kærða kemur fram, að hann hefur 22 sinnum hlotið dóma fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, einkum þjófnað, skjalafals, hylmingu, nytjastuld, ólögmæta meðferð fundins fjár og líkamsárásir auk umferðarlagabrota.

Í dómskerfinu eru til meðferðar tvær ákærur á hendur kærða, báðar frá þessu ári, þar sem honum er gefið að sök skjalafals, fjársvik og fjárdráttur. Í gögnum málsins kemur einnig fram, að hinn 16. f.m. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi í 7 sólarhringa vegna gruns um brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Hann var hins vegar látinn laus eftir 5 daga.

Svo sem nú hefur verið rakið er brotaferill kærða langur og virðist hann eiga erfitt með að hafa ofan af fyrir sér með löglegum hætti. Þykir því hætta á að kærði muni halda áfram brotastarfsemi sinni, haldi hann óskertu frelsi. Með vísan til þess og skírskotun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina. Skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. nóvember nk. kl. 17:00, en brot þau, sem kærði er hér sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. nóvember nk. kl. 17:00.

Föstudaginn 16. september 1988.

Nr. 295/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurlín Láru Þorsteinsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. þ.m., er barst Hæstarétti 13. þ.m. Hún krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara, að gæsluvarðhaldsvistin verði stytt verulega. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Í skýrslu varnaraðila fyrir sakadómi Reykjavíkur 9. þ.m. hefur hún upplýst sinn þátt í máli þessu. Þau atriði, sem varnaraðili gat ekki upplýst við þá skýrslugjöf, eru ekki þess eðlis, að hún geti spillt sönnunargögnum varðandi þau eða torveldað rannsókn þeirra með öðrum hætti, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, þótt hún sé látin ganga laus. Ekki hefur verið sýnt fram á, að mál þau, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur til meðferðar á hendur varnaraðila og öll eru á lokastigi rannsóknar, hafi þýðingu fyrir úrlausn máls þessa.

Varnaraðili hefur í yfirheyrslu 9. þ.m. gert grein fyrir högum sínum og dvalarstað frá því í mars sl., er hún kom fyrst við sögu

hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á, að gæslu sé þörf samkvæmt 3. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. september 1988.

Ár 1988, föstudaginn 9. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Sigurlín Láru Þorsteinsdóttur, kt. 120470-5909, atvinnulausri, til lögheimilis að Móabarði 36, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. þ.m. kl. 16:00.

Hinn 30. ágúst sl. kom starfsmaður Miklubrautarútibús Landsbankans í skrifstofu RLR þeirra erinda að leggja fram kæru á hendur kærðu, Sigurlín, fyrir fjársvik. Fjórum dögum áður hafði kærða stofnað tékkareikning í bankanum með 18.000,- króna innleggi.

Laust eftir miðnætti í nótt var kærða handtekin í gistiheimilinu að Brautarholti 22 hér í borg. Við yfirheyrslu hefur kærða viðurkennt, að hún hafi stofnað umræddan reikning í þeim tilgangi einum að svíkja út fé. Kveðst hún hafa fengið lánaðar 18.000,- krónur hjá kunningja sínum til þess að stofna reikninginn. Var fyrsta verk hennar eftir að hún fékk ávísanaheftið í hendur að gefa út tékka jafnháan innlegginu og greiða kunningja sínum skuldina. Kærða hefur skýrt frá því að fé það sem hún hefur svikið út hafi verið notað til matar- og áfengiskaupa, til að greiða fyrir hótelgistingu á nokkrum hótelum svo og til kaupa á hljómflutningstækjum í bíl. Kveður hún fjóra nafngreinda félaga sína hafa notið góðs af brotastarfsemi sinni. Kærða hefur greint frá því að hún hafi gefið út tékka úr tveimur tékkheftum, að vísu hafi nokkrir ónýst. Hún kveðst ekki vita hve há sú fjárhæð sé orðin sem hún hafi svikið út með þessum hætti og hún hafi gert sér grein fyrir, að hún væri ekki borgunarmaður fyrir þeirri skuld sem hún hefur stofnað til.

Samkvæmt upplýsingum bankans nemur innistæðulaus útgáfa tékka af reikningi kærðu nú kr. 319.255,-.

Kærða hefur greint frá því að undanfarna tvo mánuði hafi hún ekki stundað launaða vinnu og að hún eigi hvergi fastan samastað. Hún kveðst einnig á þessum tíma hafa verið óreglusöm.

Meðal gagna málsins er listi með 10 málum sem kærða á aðild að, öll frá þessu ári. Er hér um að ræða þjófnaðar-, skjalafals- og fjársvikabrot. Flest málanna eru á lokastigi rannsóknar hjá RLR.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt í þágu frekari rannsóknar að verða við kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærðu. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00. Brot þau sem kærða er sökuð um, geta varðað hana fangelsisrefsingu skv. 248. gr. laga nr. 19, 1940.

Úrskurðarorð:

Kærða, Sigurlín Lára Þorsteinsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00.

Þriðjudaginn 20. september 1988.

Nr. 196/1988. **Íshúsfélag Ísfirðinga hf.**
gegn
Benedikt Sigurðssyni
Guðmundi Páli Kristjánssyni og
Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið frávísunardómi bæjarfógetans á Ísafirði frá 7. júní 1988 til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1988, sem barst Hæstarétti 30. s.m. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Grundvöllur máls þessa er lagður með ítarlegri matsgerð. Matsmenn hafa komið fyrir dóm svo og fyrirsvarsmenn aðila. Yfirlýsingar og gögn varðandi ábyrgð á verkinu og skil milli verkþátta hvers verktaka mega verða skýrari. Málið er þó ekki svo vanreifað að ekki verði úr bætt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Rétt er því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 7. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 1. - 2. júní 1988, höfðaði stefnandi, Íshúsfélag Ísfirðinga hf., nnr. 4825-8166, Eyrargötu 2 - 4 á Ísafirði, gegn Benedikt Sigurðssyni, nnr. 0997-4873, Urðarvegi 54 á Ísafirði, Guðmundi Páli Kristjánssyni, nnr. 3088-4493, Miðtúni 45, Ísafirði, og Ólafi Bjarnasyni, stjórnarformanni, f.h. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., nnr. 9165-7619, Ármúla 4, Reykjavík, með stefnum birtum 27. apríl 1987 fyrir stefndu Benedikt og Guðmundi en 4. maí 1987 vegna stefndu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., sem féll frá stefnufresti.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða in solidum kr. 1.201.200,- með 22% ársvöxtum frá 30. janúar 1986 til 1. mars s.á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá þeim degi til stefnubirtingardags, en síðan með hæstu dráttarvöxtum, eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni, til greiðsludags. Þá er og þess krafist, að í dómsorði verði kveðið á um það, að áfallnir vextir skuli bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. janúar 1987, þar til greitt verður, og vextir reiknaðir á þannig uppfærðan höfuðstól með sama vaxtafæti og að framan greinir. Þá er og krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk alls útlagðs kostnaðar, þ. á m. matskostnaðar.

Dómkröfur stefndu Benedikts Sigurðssonar og Guðmundar Páls Kristjánssonar eru þær *aðallega*, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og hann verði dæmdur til að greiða þeim allan málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning. *Til vara* er þess krafist, að kröfur stefnanda verði lækkaðar mjög verulega og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins.

Dómkröfur stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. eru þær *aðallega*, að hann verði að fullu sýknaður af kröfum stefnanda, en *til vara*, að þær verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og/eða eftir framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Tildrög mála eru þau, að vorið 1979 tók stefndi Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. að sér hönnun burðarvirkja og lagnakerfa í nýbyggingu við frystihús á Ísafirði, er stefnandi hugðist láta reisa. Stefndi leitaði til stefndu Benedikts Sigurðssonar og Guðmundar Páls Kristjánssonar, sem þá ráku sameignarfélagið Benedikt og Páll sf., og tóku þeir að sér að sjá um smíðavinnu, m.a. við þann frystiklefa, sem mál þetta er sprottið af. Framkvæmdir við bygginguna hófust í byrjun sumars og var húsið steypt upp um sumarið, þak sett á um haustið og húsinu lokað fyrir áramót. Í byrjun árs 1980 var hafist handa við vinnu innanhúss, einangrun, múrhúðun og annan frágang. Í febrúar og mars var gengið frá gólfi í frystiklefa og plötu yfir spennistöð. Varðandi þann verkþátt, er mál þetta snýst um, er svo að sjá, að stefndu Benedikt Sigurðsson og Guðmudur Páll Kristjánsson hafi sett upp masonit í loft frystiklefans og síðan rakavörn neðan á það um sumarið og síðan horfið frá verki um stundarsakir. Þá komu til aðrir aðilar, Guðjón Helgason og Karl Sigurðsson, sem stefnandi réð fyrir milligöngu stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., og gengu frá rakavarnarlagi og einangrun á veggjum frystiklefans. Því næst komu múrarameistarar, Guðmundur Helgason og Elías Skaftason, sem stefnandi réð sjálfur, og múruðu veggi klefans. Að svo búnu komu stefndu Benedikt Sigurðsson og Guðmundur Páll Kristjánsson aftur til skjalanna haustið 1980 og gengu frá einangrun og klæðingu loftsins. Verkskil af hálfu þeirra varðandi þetta verk voru í desember 1980, og var sameignarfélagi þeirra slitið 31. desember 1980 samkvæmt auglýsingu í 51. tbl. Lögbirtingablaðsins 1981. Frystiklefinn var tekinn í notkun á miðju sumri 1981. Starfsmenn stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. komu nokkrum sinnum á byggingarstað, á meðan á framkvæmdum stóð, eins og nánar verður rakið, en þessi stefndi andmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi haft með höndum heildareftirlit verksins.

Stefndu halda því fram, að stefnandi hafi sjálfur séð um stjórn verksins, efniskaup, efnisval, skipulagningu þess, verkhraða og alla samræmingu milli einstakra verkþátta. Svo er að sjá, sem stefnandi telji, að enginn sérstakur aðili hafi átt að sjá um stjórn verksins, hvorki hann sjálfur né aðrir, heldur hafi einstakir verktakar átt að hafa samráð sín á milli um einstaka þætti verksins og samræmingu þeirra.

Hinn 12. september 1985 var frost tekið af frystiklefanum vegna fyrirhugaðrar lagfæringar á afrennsli fyrir vatn. Klefinn var látinn standa opinn og hitaður upp til að flýta fyrir því, að hann þiðnaði. Þann 15. september kom Halldór Friðbjarnarson verkstjóri í húsið og sá, að einangrun í lofti var fallin niður. Var þá haft samband við þá Árna Traustason og Ólaf Erlingsson, starfsmenn Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Ólafur kom á staðinn og var einangrunin og annað henni viðvíkjandi skoðað og kom þá í ljós, að einangrunin var öll blaut og frosin upp í efsta lag.

Með bréfi dags. 2. október 1985 til bæjarfógetans á Ísafirði var beðið um, að dómkvaddir yrðu menn til að skoða og meta til verðs þær skemmdir, sem þarna urðu, þ.m.t. að upplýsa, hvað hafi valdið þeim, hvort það hafi verið hin verkfræðilega hönnun eða framkvæmd og gerð verksins eða eitthvað annað. Bæjarfógetinn á Ísafirði framsendi þessa beiðni til yfirborgardómarans í Reykjavík sama dag. Hinn 7. október voru dómkvaddir í bæjarþingi Reykjavíkur þeir Bárður Daníelsson, arkitekt og verkfræðingur, og Páll Lúðvíksson vélaverkfræðingur. Sá síðarnefndi færðist undan þessum starfa vegna anna, og var þá í hans stað dómkvaddur hinn 28. október Gunnar H. Bjarnason vélaverkfræðingur. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna á dómskjali nr. 4, sem dagsett er 30. janúar 1986, segir m.a. svo: „Matsfundur var haldinn í frystihúsinu þriðjudaginn 29. okt. Mættir voru, auk matsmanna, Jóhannes G. Jónsson og Halldór Friðbjarnarson, f.h. Ishússfélags Ísfirðinga h/f, Benedikt Sigurðsson, f.h. Benedikts og Páls sf., og Ásgeir Sigurðsson, f.h. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Ísafirði. Áður hafði verið haft samband við Ólaf Erlendsson í höfuðstöðvum V.S.T. í Reykjavík. Dómskvaðning og matsbeiðni voru lesnar upp. Engar athugasemdir komu fram vegna tilnefningar matsmanna né boðunar fundarins. Benedikt Sigurðsson tók fram að fyrirtækið Benedikt og Páll sf. hafi einungis annast uppsetningu á einangrun og það sem henni fylgdi í loft klefans. Aðrir verktakar hafi séð um einangrun og rakavarnarlag á veggjum. Upplýst var að klefinn hafi verið í notkun síðan á miðju sumri árið 1981, eða í rúmlega 4 ár. Lagðir voru fram uppdrættir nr. 1.01 og 1.12 frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, dagsettir í nóvember og desember 1979. Þeir sýna burðarvirki í þaki og gerð og frágang rakavarnarlags í þaki og á veggjum, ásamt einangrun. Við skoðun kom í ljós að einangrun í lofti (2 x 150 mm glerullarmottur) hafi ekki einungis frosið

meðfram veggjum. Hún var öll rennandi blaut eins langt inn á loftið og komist varð að til að skoða. Töldu matsmenn einsýnt að sama gilti um aðra hluta hennar. Burðarvirki í þaki klefans eru límtrésbitar og þvert á þá ásar 50 x 150 mm með 600 mm bili. Á ásana er klætt með 25 mm þykkri borðklæðningu og er bil á milli borða 35 mm. Ofan á borðunum er 3.2 mm þykkt olíusoðið masonite og þar á ofan 2 lög af undirlagspappa og eitt af yfirlagspappa. Pappalögin eru límd saman og á masonitið með heitu asfalti. Loftrýmið á milli ásanna er útloftað með „Villadsen" útloftunartúðum. Frágangur ytra þaks er traustur og vandaður og nánast útilokað að það geti lekið svo nokkru nemi. Orsakanna fyrir vatnssöfnun í einangrun þaksins er því annrs staðar að leita. Við skoðun, 29. október, var frágangur rakavarnarlags í þaki klefans skoðaður og einnig tenging þess við rakavarnarlag á veggjum.

Hinn 14. jánúar 1986 var aftur farið á vettvang og leitað svara við ýmsum spurningum sem vaknað höfðu við úrvinnslu vegna fyrri skoðunar. Samkvæmt uppdrætti 1.12 skyldi frágangur einangrunar í þaki vera í aðalatriðum sem hér segir:

A. Á milli límtrésbita.

Neðst álplötur, þá vindpappi, þar á ofan 2 x 150 mm glerullarmottur, síðan tvöfaldur 0,2 mm plastdúkur og yfir honum 3,2 mm masonit, neglt á þakása. Á milli límtrésbita eru „burðargrindur" úr timbri með 1200 mm bili til að bera uppi rakavarnarlag, glerull, vindpappa og álplötur.

B. Yfir límtrésbitum.

Á milli þakása og límtrésbita eru 500 mm breiðir renningar úr plastdúk og 460 mm breiðir borðar úr „Bitumene" 100 og snýr límið niður. Gert er ráð fyrir að asfaltborðin og plastdúkurinn á milli bitanna gangi á misvíxl og límist saman. Yfir samskeytunum eru plankar 50 x 100 mm og eru þeir negldir upp í þakásana.

C. Frágangur við veggi.

Rakavarnarlag á veggjum er asfaltpappi með álþynnu, límdur með heitu asfalti á veggi, en þeir eru úr steinsteypu. Samkvæmt uppdrætti á pappinn að ná upp undir þakklæðningu. Plastdúkur frá lofti á að ganga 100 mm niður á pappann og pressast að honum með plönkum, 50 x 100 mm, sem dregnir eru að veggnum með múrboltum. Í kverkinni, sem myndast á milli planka og pappa er sýndur kíttistaumur.

Framangreind útfærsla hefur farið verulega úrskeiðis í framkvæmd.

Atriði A.

Í stað þess að láta burðargrindurnar á milli límtrésbitanna bera uppi plastdúkinn, þá hafði hann verið heftur allótæpilega upp í masonitið. Matsmenn tóku sýni af plastdúk og vindpappa og fengu Iðntæknistofnun Íslands til að mæla gufumótstöðu efnanna. Skýrsla stofnunarinnar fylgir matsgerðinni. Í ljós kom að gufumótstaða óskerts dúks er a.m.k. 400 Pam og tvöfalds dúks því a.m.k. 800 Pam. Til samanburðar má geta þess, að gufumótstaða einfalds pappa með álþynnu límdum með asfalti er 1400 Pam, en sú útfærsla var notuð á veggjum klefans. Gufumótstaða vindpappans var 3 - 4 Pam, sem er eðlilegt gildi. Iðntæknistofnun mældi einnig hvaða áhrif hefting hefði á Pam-gildi plastdúksins. Mælingin gefur vísbendingu um að það geti lækkað hættulega mikið við slíka meðhöndlun dúksins.

Atriði B.

Samskeytum rakavarnarlaga meðfram límtrésbitum var mjög ábótavant og var sums staðar opið inn á glerullina. Frágangur samskeytanna eins og hann er sýndur á uppdrætti 1.12 stenst tæpast. Planki sá, sem pressa á saman pappa og plastdúk getur ekki gegnt því hlutverki nema að takmörkuðu leyti, þar sem masonitið hlýtur að gefa eftir á milli þakásanna. Smiðirnir höfðu reynt að bæta úr þessu með því að stikknegla búta úr timbri á milli ásanna á samskeytum.

Atriði C.

Pappi á veggjum náði ekki upp undir þakklæðningu. Frágangur á samskeytum plastdúks og pappa var ekki eins og sýnt er á uppdrætti 1.12. Á þeim stöðum sem skoðað var voru samskeytin opin á köflum, þannig að sást í bera steypuna.

Orsakir skemmdanna.

Framangreind þrjú atriði ollu því hvert í sínu lagi og í ennþá ríkara mæli öll saman, að vatnsgufa úr útiloftinu átti greiða leið inn í einangrun þaksins. Þar hlaut hún að þéttast og frjósa. Ónákvæm vinnubrögð við framkvæmd verksins eiga aðalsökina á því hversu fljótt einangrunin skemmdist, en matsmenn álíta að þótt uppdráttum hefði verið fylgt í hvívetna, þá hefði einangrunin samt frosið, en það hefði tekið mun lengri tíma. Æskilegt hefði verið að nákvæm verklýsing hefði fylgt uppdráttum. Strangt eftirlit er nauðsynlegt með verkum sem þessum, en því var sleppt. Matsmenn ræddu mál þetta við verkfræðinga, sem mikla reynslu hafa í hönnun og frágangi frystiklefa. Þeir kváðust einungis nota pappa lagðan í heitt asfalt í rakavarnarlög og þyrfti mikla nákvæmni og árverkni við framkvæmd slíkra verka, ef vel ætti að fara.

Úrbætur.

Íshúsfélag Ísfirðinga h/f hefir ákveðið að einangra þak klefans með polyuretahn samlokum frá Berki h/f. Þær kosta um 1.000.000,- kr. komnar til Ísafjarðar. Telja verður öruggt að ganga megi tryggilega frá klefaloftinu með þessum búnaði. Matsmenn leggja þó aðra útfærslu til grundvallar við útreikninga kostnaðar við nauðsynlegar úrbætur. Útfærslan er í stórum dráttum sem hér segir:

Rakavarnarlag.

1. Klætt á masonit í lofti með plötum úr aluzinki.
2. Límdir strimlar úr pappa með álþynnu yfir plötuskeyti og naglaraðir með heitu asfalti.
3. Pappastrimlar yfir límtrésbitum límdir á aluzinkplöturnar með heitu asfalti.
4. Aluzinkplötur tengdar við rakavarnarlag veggja með pappa með álþynnu, límdum með asfalti.

Einangrun o.fl.

Tvöfaldar 150 mm glerullar- og steinullarmottur festar upp á sama hátt og áður. Þar fyrir neðan vindpappi og álplötur á sama hátt og áður.

Kostnaður.

Stærð klefans innan veggja er sem næst 715 m².

Efniskostnaður 715 m²	á 830/-	593.450,-
Vinna 715 m²	" 850/-	607.750,-
	Alls kr.	1.201.200,-

Gert er ráð fyrir að hægt sé að nota burðargrindur á milli límtrésbita aftur, með lítilsháttar lagfæringu. Einnig álplötur. Í vinnulið er innifalið að taka niður og flytja burt blautu glerullina. Ennfremur múrbrot, lagfæring á einangrun beggja og múrhúðun þeirra vegna tengingar rakavarnarlaga, verkpallar, akstur, sem og öll önnur vinna sem til verksins þarf."

Matsmaðurinn Gunnar Hafsteinn Bjarnason verkfræðingur kom fyrir dóm í bæjarþingi Reykjavíkur og staðfesti matsgerð sína. Hann sagði greinilegt, að smiðirnir hefðu breytt út frá teikningu og bætt við stikknegldum plankabútum inn á milli límtrésbitanna til að bæta festingu á samskeytum asfaltsstrimils og plastdúks, vegna þess að masonitið hafi varla naglahald. Þessi viðbót tryggði betur límingu asfaltsborðanna við plastdúkinn.

Mætti sagði að sig minnti, að múrhúðunin hafi kannski á nokkrum stöðum náð upp undir þakklæðingu, en múrhúðunin hafi alls ekki náð alveg upp og sést hafi í beran steinvegginn.

Mætti sagði, að ef frost hefði ekki verið tekið af klefanum, þá hefði loftið hangið uppi nokkru lengur, en einangrunargildið hefði verið farið forgörðum.

Aðspurður um, hvort einangrunin hefði ekki frosið jafnt þótt uppdráttum væri fylgt í hvívetna, sagðist mætti ekki geta svarað því nákvæmlega, þarna væri um að ræða nýja útfærslu, sem ekki hefði sést áður, sem í teoríunni gæti gegnt hlutverki sínu, en í praxis teldi hann þetta afskaplega varasama aðferð til að verja einangrunina raka, loftið hefði kannski klárað sig í nokkur ár þó að allt hefði verið samkvæmt teikningum.

Mætti sagðist ekki þekkja líftíma þess plasts, sem notað var, eða þolplasts, en um leið og það færi að bila, tæki það einangrunina örskamman tíma að fara. Honum væri ekki kunnugt um neinar nýjar rannsóknir á endingartíma, en vitað væri, að það hefði hrunið saman á 10 árum eða svo erlendis. Ekki væri forsvaranlegt að nota byggingarplast til þessara hluta, eins og þarna hafi verið gert, ekki vegna þess að plastdúkur geti ekki verið gott rakavarnarlag, heldur hins að hann teldi ákaflega erfitt að vinna það sem skyldi.

Mætti sagði, að æskilegt hefði verið að tiltaka, að ekki mætti negla í dúkinn. Í rakavarnarlögum í íbúðarhúsum væru það venjuleg vinnubrögð að hefta dúkinn upp, ýmist með loftverkfærum eða handverkfærum, og væru þá oft notaðir listar og venjulega eitthvert undirlag til að negla í en ekki bara upp í masonitið, eins og þarna hafi verið gert.

Mætti sagði, að við gerð rakavarnarlags í frystigeymslu við lágt hitastig, þar sem rakavarnarlagið sé mjög þýðingarmikið, sé mjög æskilegt, að nákvæm vinnulýsing sé gerð. Venjan væri sú að minnsta kosti erlendis að hafa strangt eftirlit með svona verkefnum.

Mætti taldi frágang á sjálfu þakinu vera mjög góðan og ekki þyrfti að gera neinar athguasemdir í sambandi við frágang á því.

Mætti taldi, að orsökin fyrir því, hversu fljótt einangrunin skemmdist, væri fyrst og fremst óvönduð vinnubrögð við gerð rakavarnarlagsins, en burðargrindur og annað slíkt hefðu verið í fullkomnu lagi.

Mætti sagði, að stærstu gallarnir sem þeir hefðu séð, hefðu verið á mótum lofts og veggja. Þó að vel hefði tekist til með plastdúkinn í loftinu, hefði þessi opna leið í gegnum vegginn ofan við einangrunina verið nóg til að svona færi, að vísu kannski ekki svona fljótt. Hvort nákvæm verklýsing hefði nægt til að afstýra mistökum væri ekki víst, en greinilegt væri að það sem fyrst og fremst hefði skort, hefði verið eftirlit. Teikning hefði í sjálfu sér verið góð verklýsing, ef hún hefði verið lesin.

Mætti sagðist telja, að sú útfærsla sem valin hefði verið, hefði ekki verið góð út frá faglegu sjónarmiði.

Mætti sagði, að þeir sem sáu um einangrun og rakavarnarlag veggjanna

hefðu átt að ganga betur til verks og einnig hinir, sem á eftir komu og áttu að tengja þau saman. Hann sagði það alveg greinilegt, að rakinn hafi verið mestur efst í veggnum á mótum lofts og veggja, þar hafi steinninn verið og rakinn hafi átt greiða leið í gegnum steinvegginn.

Þá kom fyrir dóm í bæjarþingi Reykjavíkur matsmaðurinn Bárður Daníelsson verkfræðingur, og staðfesti hann matsgerð sína.

Mætti staðfesti við skoðun á teikningu, að smiðirnir hefðu bætt við kubbum til að stíla af endana á masonitinu.

Mætti sagðist telja það tvímælalaust, að þeir, sem gengið hafi endanlega frá loftunum, hafi átt að sjá um frágang samskeyta við vegg, enda hafi það verið partur af frágangi rakavarnarlags í loftinu.

Mætti sagði, að erfitt væri að segja til um það, hvað loftið hefði hangið lengi uppi, ef frost hefði ekki verið tekið af klefanum, en óhætt væri að segja, að klefinn hefði verið orðinn mjög óhagkvæmur í rekstri, vegna þess að einangrunargildið hefði verið orðið nánast ekkert. Hann sagðist ekki geta slegið neinu föstu um endingartíma klefans, þó að vandað hefði verið fullkomlega til verksins.

Mætti sagði það alvanaleg vinnubrögð í byggingariðnaðinum að hefta dúk upp með heftibysum, jafnvel loftdrifnum, enda sé erfitt að hemja hann öðruvísi, en aftur á móti sé það greinilegt á uppdráttum, að höfundar ætlast ekki til þess, að hann sé heftur. Sýndur sé búnaður til að halda dúknum uppi án þess að nota hefti. Hitt sé annað mál að mjög erfitt sé að framkvæma það á þann hátt og er ekki óeðlilegt að gripið hafi verið til þess ráðs að hefta dúkinn, sérstaklega þar sem engin aðvörun hafi verið um að gera það.

Mætti sagðist ekki vera í neinum vafa um að þak hússins væri mjög vandað og nánast útilokað, að nokkurt vatn hafi komist þar í gegn eða inn um loftræstitúður á því.

Mætti taldi þrjú atriði valda mestu um það hvernig fór við framkvæmd verksins. Í fyrsta lagi hafi verkið í veigamiklum þáttum ekki verið framkvæmt samkvæmt uppdráttum og þar þýðingarmest, hversu illa hafi verið gengið frá samskeytum rakavarnarlaga á veggjum og í lofti. Í öðru lagi hafi samskeytin á strimlunum, sem lágu yfir límtrésbitunum og á þolplastið, víða verið opin. Í þriðja lagi hafi heftingin spillt þessu líka. Hann taldi, að ef fylgt hefði nákvæm verklýsing, hefði mátt koma í veg fyrir þetta að verulegu leyti, en strangt eftirlit hefði einnig verið nauðsynlegt, þótt 100% þétting hefði aldrei náðst.

Mætti sagðist telja, að sú útfærsla, sem valin hefði verið, væri röng. Til væru margar sjálfsagðari útfærslur en þessi, til dæmis sú sem við lögðum til í okkar mati, en hún var ekki notuð heldur önnur sem vel kom til greina.

Mætti sagði þá útfærslu, sem þeir hefðu mælt með og reiknað kostnað út frá, vera eitthvað dýrari en upphaflega útfærslan.

Mætti sagði það ekki vera sitt að segja til um það, hver bæri ábyrgð á hverju og í hvers verkahring hefði verið að hafa yfirstjórn og samræmingu milli verkþátta, en eðlilegt sé, að pappinn í rakavarnarlagi veggja komi fyrst og rakavarnarlagið í loftinu á eftir. Öll skynsemi mæli með því, að þeir, sem ganga frá rakavarnarlagi í loftum, sjái til þess, að þessi samskeyti séu í lagi.

Mætti taldi það ekki vera rétt, að alls staðar hafi verið múrað upp í kverkina. Sést hafi inn í steininn í gegnum samskeytin, þar sem skoðað var. Vel mætti þó vera, að einhvers staðar hafi verið múrað alveg upp, en það mætti alls ekki gera, því að það myndaði kuldabrú.

Mætti taldi, að fræðilega séð mætti segja, að sú aðferð sem valin var af hönnuðum, hefði átt að duga, en faglega séð hefði það ekki verið í lagi, því að verkið hefði verið of flókið til að setja í hendurnar á venjulegum smiðum. Yfirleitt sé ekki sýnt á teikningum, að það skuli hefta. Sýndur sé búnaður á teikningum, sem halda eigi uppi dúknum, án þess að hann sé heftur, en það sé mjög erfitt að framkvæma það. Hann sagði, að framkvæma hefði mátt verkið eftir teikningum undir mjög ströngu eftirliti og með sérstaklega vönum fagmönnum, þannig að þetta hefði enst miklu lengur, kannsi í 20 til 30 ár.

Við upphaf aðalflutnings leitaði dómurinn sátta en þær tókust ekki. Þá var gengið á vettvang og frystiklefinn skoðaður.

Aðstæður eru þar nú með allt öðrum hætti en þegar skoðunargerð dómkvaddra matsmanna fór fram 29. október 1985, og verða því engar ályktanir dregnar eftir þessa skoðun.

Þá kom fyrir dóm framkvæmdastjóri stefnanda, Jóhannes Guðni Jónsson. Hann sagði, að stefndu Benedikt Sigurðsson og Guðmundur Páll Kristjánsson hefðu byggt þennan hluta hússins, sem er frystiklefi, fiskmóttaka og flökunarsalur á efri hæð yfir móttöku. Hann sagði, að þeir hefðu verið meistarar við framkvæmd þessa og að hann sjálfur hefði ráðið þá til verksins. Mætti sagði, að fyrir milligöngu stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. hefðu Guðjón Helgason og Karl Sigurðsson verið fengnir til að einangra veggi frystiklefans. Eftir að veggir höfðu verið einangraðir hefði hann ráðið Guðmund Helgason múrarameistara og Elías Skaftason múrarameistara til að múra veggi frystiklefans. Hann sagði, að þessir múrarameistarar hefðu verið ráðnir sem sjálfstæðir verktakar. Þeim hafi ekki beint verið sagt til verka en gengið hafi verið út frá því, að þeir hefðu þekkingu til að inna þau af hendi. Mætti sagði, að enginn sérstakur aðili hefði séð um heildarstjórn og samræmingu hinna ýmsu verkþátta heldur hefðu einstakir verktakar haft samráð sín á milli um einstaka þætti verksins. Varðandi

heildarsýn verksins hafi verið leitað til stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. bæði af hálfu stefnanda og ýmissa verktaka. Hann sagði, að ekki hefði sérstaklega verið farið fram á eftirlit af hálfu V.S.T. en leitað hafi verið til þeirra í vafaatriðum. Mætti sagði, að vegna þeirra reikninga, sem hann hafi greitt V.S.T., hafi hann haft ástæðu til að ætla að um heildareftirlit af hálfu V.S.T. hafi verið að ræða. Af hálfu V.S.T. hafi hins vegar ekki verið vakin sérstök athygli á því, að nákvæms eftirlits væri þörf. Mætti sagði, að ekki hefði verið rætt sérstaklega um þetta eftirlit af hálfu V.S.T. en hann hefði talið, að þeir myndu annast það. Mætti kvaðst hafa séð, þegar einangrunin var rifin niður, að einangrun veggja og múrhúðin utan á henni náði upp að rakavarnarlagi í lofti andstætt því sem kemur fram á dómskjali nr. 6. Hann sagði að það hefðu verið þeir Guðjón Helgason og Karl Sigurðsson, sem gengið hefðu frá einangrun á veggina en síðan hefðu múrarameistararnir komið til og múrað utan á einangrunina alveg upp í loft. Mætti sagði, að þegar óskað var eftir dómkvaðningu matsmanna 1985 hefði ekki verið talin ástæða til að gera múrarameisturunum viðvart né þeim sem önnuðust einangrun veggjanna.

Mætti kvaðst ekki geta sagt til um það nákvæmlega, hver hafi verið kostnaður við þær endurbætur sem gerðar voru á frystiklefanum en það liggi þó fyrir í bókhaldi stefnanda. Þó sé ljóst að einangrunarefni klefans hafi kostað um eina milljón króna. Framleiðandi efnisins Börkur hf. hafi annast uppsetningu þess. Mætti sagði, að þegar hann hefði fengið múrarameistarana til þess að múra utan á einangrun frystiklefans, hefðu þeir ekki fengið sérstakar teikningar til að vinna eftir. Hið sama megi segja um þá, sem einangruðu veggi klefans. Hann sagði, að stefndu Benedikt og Páll hafi annast lokafrágang einangrunar klefans.

Þá kom fyrir dóm stefndi Benedikt Tryggvi Sigurðsson byggingameistari. Hann kveðst vera húsgagnasmíðameistari jafnframt því að vera byggingameistari og hafa starfað sjálfstætt sem slíkur frá 1978. Mætti kvaðst ekki hafa fengist áður við einangrun frystiklefa né hliðstæð verkefni. Varðandi samskipti við stefnanda sagði mætti, að þeir hefðu haft mest samband við Halldór Friðbjarnarson verkstjóra um það, hvenær átt hafi að framkvæma tiltekna verkþætti. Hann sagði, að þeir hefðu engin samskipti haft við þá aðila, sem lögðu einangrun á veggina. Þeir hefðu ekki heldur haft bein samskipti við múrarameistarana varðandi verktilhögun. Stefnandi hafi beðið þá að koma og ganga frá einangrun og klæðningu í loft, þegar múrarameistararnir höfðu lokið sínu verki.

Mætti taldi, að starfsmenn V.S.T. hefðu ekki komið fram sem stjórnendur verksins, en þeir hefðu komið öðru hverju og rætt við þá. Mætti kvaðst sjá það nú, að af hálfu V.S.T. hefði ekki verið um að ræða sérstakt eftirlit, eins og nú sé almennt haft með stærri framkvæmdum.

Nánar aðspurður um efnisval sagði mætti, að hann hefði gefið stefnanda upplýsingar um stærðir og magn en ekki tegundir eða gæði efnis. Hann hefði fylgst með því hvaða efni kom á staðinn og borið það saman við teikningu. Mætti sagði, að stefnandi hefði haft með höndum skipulagningu verksins og röðun einstakra verkþátta.

Mætti sagði, að stefndu hefðu séð, að múrhúðun á veggjum hefði ekki átt að fara eins langt upp og hún fór og því ekki verið í samræmi við teikningar. Hann sagði, að þeir hefðu ekki gert athugasemdir við þetta. Þeir hefðu talið, að réttilega hefði verið gengið frá samskeytum rakavarnarlaga og lofts, en þó hafi þeir ekki getað séð það þar sem múrhúðun og einangrun náðu alveg upp til lofts. Þeir hefðu talið, að þar sem þannig var gengið frá einangrun veggja, hefðu þeir aðilar, sem einangruðu veggina, gengið frá samskeytum rakavarnarlaganna, áður en kverkinni var lokað. Hann sagði, að það hefði ekki verið í þeirra verkahring að gera athugasemdir við verk annarra verktaka.

Mætti sagði, að þeir hefðu heft plastdúkinn upp í masonitið með handheftibyssu til þess að hemja hann, á meðan grindunum hefði verið komið upp. Þetta hefðu verið og væru enn almenn vinnubrögð við rakavarnarlög í byggingum. Hann kvaðst gera sér grein fyrir því í dag, að þetta geti ekki gengið við frágang rakavarnarlaga í frystiklefum. Mætti sagði, að á teikningunni hefði ekki komið fram, að ekki hefði mátt hefta, enda sýni teikningar slíkt aldrei.

Mætta var sýnd teikning á dómskjali nr. 6, sérmynd S 1. Hann kvaðst ekki vita, hver gert hefði þær breytingar, sem þar hafa verið rissaðar, verkið hefði verið framkvæmt samkvæmt þeim eftir ábendingum þeirra smiðanna, enda hefðu þeir ekki getað framkvæmt það, eins og upphafleg teikning gerði ráð fyrir. Mætti sagði, að þeir hefðu ekki gert athugasemdir við teikningarnar, þegar þeir hófu að vinna við frystiklefann, en þær hefðu ekki legið fyrir, þegar þeir tóku að sér að byggja húsið.

Mætti sagði, að þeir hefðu talið nauðsynlegt að stikkregla timburbúta undir samskeytin til þess að ná upp klemmu á samskeytum við límtrésbita.

Mætti kvaðst ekki hafa verið meistari við þessar byggingarframkvæmdir, heldur hafi það verið Guðmundur Páll Kristjánsson. Hann sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að byggingafulltrúi bæjarins hafi tekið þetta verk út né heldur að byggingafulltrúi gerði yfirleitt úttekt á slíkum inniverkum.

Mætti sagði, að ekki hefði verið gerður neinn sérstakur verksamningur milli þeirra smiðanna og stefnanda. Þeir hafi litið á sig sem sjálfstæða verktaka en þó lotið stjórn verkkaupa um framkvæmdahraða og verktilhögun.

Mætti sagði, að honum hefði ekki verið gert ljóst mikilvægi rakavarnarlags í frystiklefa af hálfu verkkaupa eða annarra.

Mætta voru að nýju sýndar teikningar á dómskjali nr. 6. Hann staðfesti,

að ekki hefði verið settur planki, sem ætlað var að klemma saman rakavarnarlög lofts og veggja. Hann sagði, að sér hafi fyrst orðið þetta ljóst, þegar skoðunargerð fór fram 1985.

Ásgeir Guðmundsson tæknifræðingur kom fyrir dóm. Hann kvaðst vera starfsmaður Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. á Ísafirði og jafnframt hluthafi í fyrirtækinu.

Mætti sagði, að teikningar af hinum umræddu frystiklefa hefðu verið gerðar á teiknistofu V.S.T. í Reykjavík. Á þessum tíma hefði hann verið í láni á vegum V.S.T. sem forstöðumaður tæknideildar Ísafjarðar frá 1979 til ársloka 1983. Hann hefði því ekkert komið nálægt einangrun í lofti frystiklefans og ekki vitað um, að verið væri að vinna að frágangi hans. Mætti kvaðst ekki vita til þess, að haft hefði verið samband við aðra starfsmenn V.S.T. á Ísafirði varðandi frágang í lofti frystiklefans. Mætti sagði, að þegar stefnandi hafi haft samband við V.S.T. á Ísafirði 1985, þegar í ljós hafi verið kominn galli í lofti frystiklefans, hafi engar teikningar fundist hjá þeim. Mætti sagði, að V.S.T. á Ísafirði fái yfirleitt teikningar af þeim verkum, sem unnin séu hér á vegum fyrirtækisins. Þar sem svo hafi ekki verið í þessu tilviki, teldi hann það benda til þess, að þessi framkvæmd hefði farið framhjá stofunni hér. Hann sagði að ef V.S.T. ætti að hafa sérstakt eftirlit með framkvæmd verka, væru gerðir um það sérstakir samningar og stofan hér hefði þá öll gögn í höndum. Mætti sagði, að miðað við reynslu af þessu tiltekna verki mætti segja, að nauðsynlegt hefði verið að hafa eftirlit með því. Hann taldi þó ofsagt, að þetta verk hefði verið flókið en þó hefði verið ákveðin lykilatriði varðandi rakasperrur, sem nauðsynlegt hefði verið að framfylgja. Mætti kvaðst telja eðlilegt, að verkkaupa væri bent á nauðsyn þess að hafa sérstakt eftirlit, þegar um vandasöm verk væri að ræða.

Guðmundur Páll Kristjánsson húsasmíðameistari kom fyrir dóm. Hann staðfesti efnisatriði í framburði meðstefnda Benedikts Sigurðssonar, að því er hann sjálfan varðaði. Hann kvaðst lítið hafa komið nálægt þessu tiltekna verki er hann hefði aðallega unnið við þakklæðingu. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa haft samband við starfsmenn V.S.T. eða þeir við sig varðandi einangrun í lofti frystiklefans. Hann kvaðst ekki hafa haft með slík verk að gera hvorki fyrir né eftir byggingu þessa frystiklefa.

Þá kom fyrir dóm Ólafur Erlingsson verkfræðingur. Hann kvaðst vera formaður stjórnar stefnda V.S.T. og jafnframt hluthafi í fyrirtækinu og deildarstjóri Vestfjarðaútibús með aðsetur í Reykjavík.

Mætta var sýnt dómskjal nr. 6. Hann sagði, að þessi teikning hefði verið hönnuð af starfsmanni Verkfræðistofunnar í Reykjavík, Sigurði Eyjólfssyni, en hann hefði sem yfirmaður samþykkt hana. Hann sagði, að þessi teikning hefði verið send verkkaupa. Hann hefði talið en geti þó

ekki um það fullyrt, að hún hefði jafnframt verið send V.S.T. á Ísafirði.

Mætti sagði, að eftir að hin umrædda viðbygging hafi verið orðin fokheld, hefði hann lítið fylgst með framkvæmdum og hann hefði ekki vitað, hvenær vinna í frystiklefanum fór fram. Hann kveðst hafa leitað tilboða fyrir verkkaupa í frágang í efsta lagi þaks og rakavarnarlaga veggja ásamt veggeinangrun frystiklefans. Hann taldi líklegt, að þeir sem tóku að sér að einangra veggi klefans hefðu þá fengið teikningar af innra frágangi klefans, einkum teikningu á dómskjali nr. 6.

Mætti kveðst geta fullyrt, að stefndu Benedikt og Páll hefðu ekki haft samband við sig, á meðan á frágangi frystiklefans stóð. Hann kvaðst heldur ekki minnast þess, að framkvæmdastjóri stefnanda, Jóhannes G. Jónsson, hefði rætt við sig um þau atriði. Hann sagði, að breytingar á teikningu á dómskjali nr. 6 væru ekki frá sér komnar eða starfsmönnum V.S.T.

Mætti kvaðst hafa talið, að forráðamenn stefnanda hefðu farið með stjórn verksins. Mætti taldi, að í þessari stjórnun hefði falist verkhraði, verktilhögun og hverjir hefðu unnið verkin, en um faglega þætti hefðu hinir einstöku verktakar séð.

Mætti minntist þess ekki, að verkkaupa hefði verið bent á, að nauðsynlegt hefði verið að hafa sérstakt eftirlit við þessa framkvæmd, en hann kvaðst hafa talið, að Halldór Friðbjarnarson verkstjóri hefði verið samræmingaraðili milli einstakra iðnaðarmanna. Hann kvaðst ekki þekkja til Halldórs en hann hefði talið, að hann væri byggingarfróður, þar sem honum hefði verið falið þetta verkefni.

Mætti kvaðst ekki vera sammála matsmönnum um það, að einangrun frystiklefans hefði verið flókið verk. Teikningar hefðu verið skýrar og auðvelt hefði verið að vinna eftir þeim. Mætti kvaðst ekki hafa talið þörf á að láta fylgja frekari verklýsingu en fram kemur á þeim sjálfum. Mætti sagði, að samkvæmt teikningu hefði ekki verið ætlast til þess, að plastdúkurinn yrði heftur upp. Iðnaðarmönnum hefði mátt vera það ljóst, að hér hefði ekki verið um venjulegt verk að ræða, sambærilegt við byggingu íbúðarhúss. Það hefði alls ekki mátt hefta dúkinn nema líma yfir með bandi sem lokaði gati.

Mætti sagði, að það færi í vöxt að hafa skriflega samninga um hönnun bygginga af þessu tagi. Það væri þó ekki algengt og í þessu tilviki hefði ekki verið gerður skriflegur samningur. Hann sagði, að það væri ekki rétt að V.S.T. hefði haft með höndum alla verkfræðilega hönnun byggingarinnar, heldur einungis hönnun burðarvirkja, vatnslagna og loftræstikerfa. Varðandi útvegun manna til að sjá um einangrun á veggjum frystiklefans hefði V.S.T. leitað tilboða hjá ákveðnum aðilum, tveimur eða þremur, og fengið skrifleg tilboð frá þeim með verklýsingu. Hann kvaðst ekki muna,

hvort V.S.T. hefði gert dróg að samningi við þann aðila, sem valinn var, en verkkaupi hefði þá gengið frá þeim samningi.

Loks kom fyrir dóm Halldór Friðbjarnarson, verkstjóri hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga hf. Hann kvaðst ekki hafa tekið þátt í byggingu viðbyggingar við frystihús stefnanda að öðru leyti en því, að hann hefði annast aðdrætti á efni að beiðni forstjóra, smiða eða annarra verktaka. Hann hefði ekki haft með höndum samræmingu einstakra verkþátta. Þegar þurft hefði að kalla einstaka verktaka til starfa, hefði það annast forstjóri fyrirtækisins. Hann kvaðst ekkert hafa haft með mannaráðningar að gera við þessar framkvæmdir eða aðrar byggingarframkvæmdir fyrirtækisins. Hann kvaðst stundum hafa kallað á Ásgeir Guðmundsson að beiðni einstakra verktaka en hann minntist þess ekki, að það hefði sérstaklega verið gert vegna einangrunar frystiklefans. Hann kvaðst ekki hafa sérstaklega fylgst með verki múrarameistaranna eða þeirra, sem sáu um einangrun veggja frystiklefans, og man ekki, hvort þeir höfðu teikningar með höndum.

Mætti kvaðst ekki minnast þess, hvernig hinum ýmsu verkþáttum hefði verið skipt í sambandi við einangrun frystiklefans og ekkert hafa lagt á ráðin um það.

Mætti kvaðst hafa verið viðstaddur skoðun matsmanna 1985 og flett múr og ytri plastplötu af veggjum að beiðni matsmanna. Hann sagði, að innra byrði frauðplastsins hefði ekki náð alveg upp í masonitið og hefði þar munað ca. 2 - 3 cm. Hins vegar hefði ytra byrði plastsins og múrhúðun náð alveg upp að masonitinu. Hann sagði, að plast í lofti hefði legið þannig, að það hefði endað í vöðlingi í kverkinni ofan á innra byrði plasteinangrunarinnar og þar hefði einnig verið einangrunarull. Hann kvðast ekki minnast þess hverjir hafi komið einangrunarullinni þarna fyrir.

— — —

Niðurstaða.

Fram er komið, að stefndi Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. hafi leitað tilboða fyrir stefnanda í einangrun veggja hins umdeilda frystiklefa og fengið skriflegt tilboð ásamt verklýsingu frá þeim, er fengnir voru til verksins, Guðjóni Helgasyni og Karli Sigurðssyni. Engin gögn hafa verið lögð fram um þetta, sem er þó þeim mun brýnna, þar sem ljóst er, að teikningum stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. hefur ekki verið fylgt í hvívetna við frágang einangrunar.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir og rekið, skortir enn nokkuð á, að nægjanlega sé skýrt, hvernig háttað hafi verið frágangi verka og ábyrgð þeirra verktaka og ef til vill annarra aðila, er að framkvæmdum unnu. Þetta á einkum við um þátt þeirra manna, er einangruðu veggi frystiklefans, og raunar einnig þeirra múrarameistara, sem önnuðust múrverk

veggjanna. Enginn þessara aðila hefur verið kvaddur fyrir dóm til þess að gefa skýrslu né hefur þeim með nokkrum hætti verið gefinn kostur á að gæta réttar síns í málinu. Það má þó vera ljóst, bæði af matsgerð dómkvaddra matsmanna og öðrum gögnum málsins, þ. á m. framburðum bæði aðila og vitna, að eina meginorsök hinna umræddu skemmda í frystiklefanum er að finna í ófullnægjandi frágangi einangrunarefna á mótum lofts og veggja, sem þessir aðilar virðast með einhverjum hætti hafa átt hlut að ásamt stefndu Benedikt Sigurðssyni og Guðmundi Páli Kristjánssyni. Á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja, verður þó ekki sagt til um það með nægjanlegri vissu, hver verið hafi þáttur og ábyrgð hvers og eins þeirra í þessum framkvæmdum og hvernig þeir hafi staðið að verki. Þetta er þeim mun örðugra, þar sem heildarstjórn allra framkvæmda hefur verið brotakennd og samræming hinna ýmsu verkþátta næsta ómarkviss.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að rekstur máls þessa brjóti svo mjög í bága við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað og fullnægjandi reifun máls, m.a. að því er varðar hugsanlega sakaraðild annarra en stefndu, að því beri að vísa frá dómi ex officio.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000,- fyrir hvorn stefndu Benedikt Sigurðsson og Guðmund Pál Kirstjánsson og kr. 120.000,- fyrir stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Dóm þennan kváðu upp Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti og meðdómsmennirnir Kristján Haraldsson verkfræðingur og Óskar Eggertsson rafvirkjameistari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Íshúsfélag Ísfirðinga hf., greiði stefndu Benedikt Sigurðssyni og Guðmundi Páli Kristjánssyni hvorum um sig málskostnað að fjárhæð kr. 60.000,- og stefnda Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. kr. 120.000,-, samtals kr. 240.000,-, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. september 1988.

Nr. 301/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Skúla Helga Skúlasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 15. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi eða gæsluvarðhaldsvist stytt verulega. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. september 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 14. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Skúla Helga Skúlasyni sjómanni, fæddum 24.07. 1964, til heimilis að Fannarfelli 10, Reykjavík, með lögheimili að Tunguseli 4, sama stað, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00 vegna gruns um brot gegn XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Kærði hefur mótmælt framkominni kröfu.

Málavextir eru þeir, að X, A-götu, Reykjavík, hefur kært Skúla Helga Skúlason fyrir líkamsmeiðingar og nauðgun. X hefur borið, að hún hafi kynnst kærða á veitingastaðnum Abracadabra að kvöldi mánudagsins 5. septemer sl.

Þau hafi síðan ákveðið að fara heim til hennar, en áður hafi kærði keypt nokkrar flöskur af léttvíni á veitingastaðnum. Er heim var komið, hafi kærði viljað hafa við hana samfarir, en hún hafi sagt, að hún væri með

tíðartappa og því vildi hún ekki hafa samfarir. Þá hafi kærði ráðist á hana og slegið hana í kviðinn, þannig að hún hneig niður á gólfið. Kærði hafi síðan rifið af henni fötin, rekið lim sinn inn í hana og það síðasta sem hún muni séu gífurlegar kvalir, er kærði hóf samræðlshreyfingar, þar sem hún lá á rúmi í svefnherberginu.

X kvaðst næst muna, að hún hafi vaknað og hafi þá verið mikið kvalin. Hún kvað ákærða hafa beðist afsökunar og þá hafi hún lofað að kæra hann ekki.

Kærði hefur viðurkennt við yfirheyrslu hjá RLR og fyrir dómi að hafa farið heim með X aðfaranótt 6. september sl., en neitar að hafa slegið hana eða þröngvað henni til samfara.

Að kvöldi 6. september var X lögð inn á Borgarspítalann, þar sem hún gekkst undir aðgerð vegna lífhimnubólgu og kom þá í ljós gat á smágirni og mar á görninni, sem virtist að sögn lækna vera eftir áverka. Í réttarlæknisvottorði kemur fram, að ástand X við komu á spítalann var mjög alvarlegt og áverki lífshættulegur, en eftir aðgerð væri hún úr allri lífshættu.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Kærði hefur ekki viðurkennt sök og eftir er að taka ítarlegri skýrslur af kæranda, en væntanlegt er að hún útskrifist af spítala á næstu dögum. Þykir hætta á því, að kærði spilli rannsókn málsins, haldi hann óskertu frelsi.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til alvarleika þeirra brota, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina, með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Skúli Helgi Skúlason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16:00.

Miðvikudaginn 21. september 1988.

Nr. 198/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Davíð Þór Sigurbjartssyni

Kærumál. Ökuleyfissvipting. Valdframsal.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1988 samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar auk réttargæsluþóknunar í héraði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er nægilega lýst í hinum kærða úrskurði. Samkvæmt 103. gr. umferðarlaga voru efni til að svipta varnaraðila ökuleyfi til bráðabirgða.

Ökuleyfissvipting til bráðabirgða er lögregluaðgerð, sem bera má undir dómstóla, svo sem fyrir er mælt í 103. gr. umferðarlaga. Eigi verður talið að í henni felist að lögreglustjóra beri sjálfum að framkvæma bráðabirgðaökuleyfissviptingu og megi hann ekki fela tilteknum starfsmönnum sínum framkvæmd hennar, enda fer hún fram á embættisábyrgð hans og getur hann endurskoðað hana. Í lögum nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. eru ekki sett hæfisskilyrði um fulltrúa lögreglustjóra gagnstætt því, sem gildir um fulltrúa við dómaraembætti. Hvorki lög um lögreglumenn nr. 56/1972 né lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála hafa að geyma tæmandi upptalningu á störfum lögreglumanna. Standa þau því eigi samkvæmt orðum sínum í vegi þeirri ráðstöfun lögreglustjórans í Reykjavík að fela aðalvarðstjórum lögreglunnar framkvæmd sviptingar ökuleyfis til bráðabirgða. Á það má líta í þessu sambandi að eftir lögum um meðferð opinberra mála eru lögreglumönnum falin ýmis vandasöm störf, svo sem ákvarðanir um handtökur manna og að taka af þeim til bráðabirgða atvinnuskírteini og stöðva farartæki, sbr. 36. gr. laganna.

Þegar framanritaðs er gætt telst heimil sú ráðstöfun lögreglustjóra að fela yfirmönnum lögreglu, svo sem aðalvarðstjórum, framkvæmd ökuleyfissviptingar til bráðabirgða.

Málsaðilar hafa lýst yfir því fyrir Hæstarétti að eigi hafi komist á dómsátt þeirra á milli út af sakarefninu.

Hin kærða bráðabirgðaökuleyfissvipting var gerð 17. maí sl. og felld úr gildi 31. s.m. Ríkissaksóknari gaf út ákæru í málinu 6. júlí sl. þar sem þess er m.a. krafist, að varnaraðili verði sviptur rétti til að aka vélknúnu ökutæki. Að svo komnu þykja ekki efni til að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Réttargæsluþóknun í héraði verður ekki dæmd.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður, 8.000,00 krónur, greiðist varnaraðila, Davíð Þór Sigurbjartssyni, úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 31. maí 1988.

Kærði í máli þessu kom fyrir dóminn þann 20. maí sl. og krafðist þess að bráðabirgðasvipting ökuréttinda hans yrði felld úr gildi sem ákveðin var hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík þann 17. maí sl.

Kröfu um niðurfellingu byggir kærði á því að lögreglumaður hafi hvorki vald né lagaheimild til að ákveða og framkvæma ökuleyfissviptingu samkv. 103. gr. laga nr. 50/1987. Samkvæmt lagaákvæðinu hafi lögreglustjóri þessa heimild en valdsvið lögreglumanna væri afmarkað í lögum um lögreglumenn, lögum um meðferð opinberra mála og í sérrefsilögum. Framsal lögreglustjóra á sliku ákvörðunarvaldi fái ekki staðist nema samkvæmt sérstakri lagaheimild en hún sé ekki fyrir hendi í þessu tilviki.

Ennfremur er krafa kærða byggð á því að vafi leiki á að hann hafi unnið til ökuleyfissviptingar miðað við þau sönnunargögn sem hér liggi til grundvallar.

Í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík dags. 26. maí sl., dskj. nr. 5, kemur fram að um síðustu áramót hafi hann tekið upp það fyrirkomulag „að fela aðalvarðstjórum að taka ákvörðun um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða ef nauðsynlegt reyndist utan starfstíma lögfræðinganna“ (sem starfa við embætti lögreglustjórans). Ástæður fyrir þessu eru rökstuddar á sama dskj.

Varðandi heimild lögreglustjóra til að framselja ákvörðunarvald um sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða bendir lögreglustjórinn á að í 103. gr. núgildandi umferðarlaga segi að lögreglustjóri meti hvort skilyrði séu til ökuleyfissviptingar og ef svo sé skuli ökumaður sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Hins vegar hafi aldrei verið litið svo á að lögreglustjóri annaðist þessa framkvæmd sjálfur heldur hafi hann falið hana einhverjum starfsmanna sinna. Samkvæmt venju hafi það einkum verið löglærðir fulltrúar sem hafi haft þetta verkefni með höndum, hins vegar væru engin ákvæði í lögum sem hindri að öðrum sé falin ákvörðun um ökuleyfissviptingu og birtingu hennar. Ákvörðunarvald væri bundið við æðstu stjórnendur en það hafi verið falið aðalvarðstjórum og lögreglufulltrúum.

Niðurstöður.

Ákvörðun um sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða er íþyngjandi stjórnarathöfn sem ekki verður beitt af öðrum en þeim sem hafa slíka heimild samkvæmt lögum. Framsal lögreglustjóra á þessu ákvörðunarvaldi til aðalvarðstjóra styðst hvorki við lagaheimild né venju en eins og fram kemur í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík á dskj. nr. 5 hefur venjan verið sú að löglærðir fulltrúar hafa haft þetta verkefni með höndum. Sama venja hefur einnig tíðkast við embætti bæjarfógeta og sýslumanna eftir því sem best verður séð.

Með vísan til þessa ber að fella úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Davíðs Þ. Sigurbjartssonar til bráðabirgða þann 17. maí sl.

Réttargæsluþóknun verður ekki ákveðin í máli þessu enda hefur lögmaður kærða tekið að sér réttargæslustörf fyrir hann án skipunar.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Davíðs Þ. Sigurbjartssonar til bráðabirgða þann 17. maí sl. er felld úr gildi.

Miðvikudaginn 21. september 1988.

Nr. 4/1987. **Einar Karl Hallvarðsson**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Grétari Sigurðssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Bifreiðar. Ábyrgð á dýrum. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. nóvember s.á. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Er málið skyldi þingfest í Hæstarétti 7. janúar 1987 varð útivist af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga um Hæstarétt nr. 75/1973 var héraðsdómi áfrýjað að nýju með stefnu 8. janúar 1987. Hann krefst aðallega greiðslu á 100.868,80 krónum með 19% ársvöxtum af 94.847,80 krónum frá 2. október 1984 til 1. febrúar 1985, en síðan með mánaðarlegum dráttarvöxtum þannig: 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi af 100.868,80 krónum til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní s.á., 2,8% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 3% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 3,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 3,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 3,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,1% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 4,3% frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi greiðslu á 100.868,80 krónum með ársvöxtum þannig: 19% af 94.847,80 frá 2. október 1984 til 1. febrúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 21. febrúar 1986, 15,4% frá þeim degi til 21. mars s.á., 9,7% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 8,5% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 8,7% frá þeim degi til 11. s.m., 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 9,6% frá þeim degi

til 11. s.m., 10% frá þeim degi til 21. s.m., 10,2% frá þeim degi til 1. maí s.á., 10,3% frá þeim degi til 1. júní s.á., 10,9% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 12% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 14,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 14,9% frá þeim degi til 1. október s.á., 16% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 18,3% frá þeim degi til 1. desember s.á., 20,8% frá þeim degi til 1. janúar 1988, en 21,9% frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst bæði í aðalkröfu og varakröfu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Er ökuóhapp það, sem mál þetta er risið af, átti sér stað, ók áfrýjandi með lágum ökuljósum seint í ljósaskiptum í slæmu skyggni á hæsta lögleyfðum ökuhraða. Er svo að sjá, að er hrossið birtist í ljósgeisla bifreiðarinnar, hafi áfrýjanda ekki verið unnt að stöðva hana í tæka tíð til að komast hjá árekstri. Því verður að telja að hann hafi ekki gætt þeirrar varúðar við aksturinn, sem boðin var í 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Af lagareglum eða öðrum opinberum fyrirmælum verður eigi séð, að hross og annar fénaður eigi ekki frjálsa för um þjóðveginn þar sem atvik málsins gerðust. Með vísun til framanritaðs ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þó þannig að málskostnaður í héraði falli niður.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því að málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Karl Hallvarðsson, greiði stefnda, Grétari Sigurðssyni, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 19. mars 1986.

Mál þetta sem dómtekið var hinn 18. þ.m. hefir Einar Karl Hallvarðsson, Ægissíðu 56, Reykjavík, nnr. 1809-8318, höfðað fyrir dóminum hinn 10. desember 1985 á hendur Grétari Sigurðssyni, Hvassaleiti 109, Reykjavík, nnr. 2746-7792.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði gert að greiða honum kr. 100.868,80 með 19% ársvöxtum af kr. 94.847,80 frá 2.10. 1984 til 1.2. 1985, en með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.3. 1985, en með 4% drv. á mánuði f.þ.d. til 1.6. 1985, en með 3,5% drv. á mánuði frá þ.d. til 1.9. 1985, en með 3,75% drv. á mánuði af kr. 100.868,80 frá 2.9. 1985 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. taxta LMFÍ.

Til vara er krafist sama höfuðstóls með almennum sparisjóðsvöxtum, 24% frá 1. febrúar 1985 til 11. maí 1985 en 22% frá þeim degi til 1. mars 1986 en 12% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans en til vara að stefnufjárhæð verði verulega lækkuð og vextir ákveðnir almennir sparisjóðsvextir frá 2.10. 1984 til greiðsludags og málskostnaður felldur niður.

Í máli þessu krefur ökumaður bifreiðar, stefnandi, búfjáreiganda, stefnda, um bætur vegna skemmda á bifreið er urðu hinn 22. ágúst 1984 með þeim hætti að bifreiðin lenti á hrossi er stóð á veginum fyrir ofan Tjaldanes í Mosfellsdal.

Dómkrafan er tölulega óumdeild að öðru leyti en því, að stefndi mótmælir kröfulið vegna afnotamissis að fjárhæð kr. 10.000,00.

II.

Stefnandi Einar Karl Hallvarðsson fæddist 6. júní 1966 og var því nýlega orðinn 18 ára hinn 22. ágúst 1984 er atburður sá varð er mál þetta snýst um. Hann fékk ökuréttindi hinn 6. júní 1983. Hann kveðst hafa ekið að staðaldri og töluvert þetta fyrsta ár sem hann hafði bílpróf.

Hinn 18. janúar 1984 keypti móðir hans nýjan Toyota Corolla sem er 1,64 m á breidd og 905 kg að þyngd án hleðslu. Hún hefir umráð yfir sumarbústað í Grafningi í Þingvallasveit.

Stefndi Grétar Sigurðsson bókbindari, f. 3.9. 1920, býr að Hvassaleiti 109 í Reykjavík. Sumarið 1984 átti hann þrjú hross sem hann hafði í girðingarhólfi skammt vestan við Tjaldanesheimilið í Mosfellssveit. Þeirra á meðal var bleikálótt hryssa, 11 eða 12 vetra. Þetta var annað sumarið sem hann leigði hólfið af Hermanni Bridde. Það er um 1 ha að stærð, gott beitiland, mest gamalt tún, nóg vatn. Á framlögðum myndum, sem teknar voru viku eftir atburð þann er mál þetta snýst um, sést að hólfið var alls ekki nauðbitið, þvert á móti sýnu betri hagi í því en víða sést í hrossahólfum hér í nágrenninu. Hólfið var girt með neti og gaddavírsstreng yfir. A.m.k. að sunnan, meðfram veginum, var netið með 8 strengjum. Girðingin var gömul, slök og staurar fúnir. Stefnandi kveðst þó hafa dyttað að henni, bætt í hana fáeinum staurum og hengt hana upp. Taldi hann girðinguna

hafa átt að vera hrosshelda og „í svipuðu ástandi og hrossagirðingar eru almennt".

Lögreglan lýsir girðingunni svo við vettvangsskoðun, líklega daginn eftir atburðinn fremur en samdægurs:

„Við athugun okkar á girðingunni kom í ljós, að á kafla á móts við slysstaðinn er girðingin vart gripheld. Hér er um að ræða vírnet sem virðist vera orðið alllélegt að sjá. Frá jörðu og upp í efsta streng mældist vera um 70 til 80 cm. Einnig virtust staurarnir vera hálflausir og brotnir."

III.

Svo bar til snemma á ellefta tímanum að kvöldi hins 22. ágúst 1984 að stefnandi er að koma á Toyotunni austan úr Grafningi ásamt systur sinni og öðrum farþega og ekur niður Mosfellsdalinn. Kvöldsett var orðið, birtu tekið að bregða en bjart yfir. Notaði því stefnandi lægri ökuljósin. Hann tók fram úr bíl fyrir neðan brúna við Gljúfrastein, dró síðan aftur úr hraðanum og var að eigin sögn og systur sinnar á um 70 km hraða fyrir ofan Tjaldanes. Birtist honum þá, undir roðaðan kvöldhimin, sú bleikálótta, standandi grafkyrr á miðri ökuleið hans, miðjum nyrðri vegarhelmingi. Beitti stefnandi þegar hemlum til fulls. Rann bifreið hans þráðbeint á merina. Hún hlunkaðist upp á bílinn, þannig að vélarlok dældaðist og framrúðan brotnaði. Einnig sá á þakinu. Framluktir voru óskemmdar en grillið losnaði og féll af. Að þessu búnu féll hrossið eða brölti niður af bifreiðinni, mölvaði á leiðinni fremri hliðarrúðu hægra megin, rölti síðan út fyrir veginn, varð á nokkrum vikum jafngott að sögn eiganda þess. Dýralæknir var þó til kallaður, því hrossið hafði hlotið skurð á innanverðan hægri framfót ofarlega sem var saumaður saman. Einnig bólgnaði hægra læri.

Þrátt fyrir brot á rúðu í hægri framhurð taldi stefnandi ákomustað ekki hægra megin á bílnum, heldur á hann miðjan. Merin hafi að líkindum brotið rúðuna með hófunum.

Ekki þótti stefnanda hæfa að aka bifreiðinni til Reykjavíkur með brotna framrúðu en kallaði til kranabíl.

Sé það rétt með farið hjá stefnda að hægra læri hryssunnar hafi bólgnað, þá bendir það til þess að höfuð hennar hafi snúið að hægri vegarbrún. Hún hafi því verið líklegri til þess að fara í þá átt og út af veginum, ef hún hreyfði sig, fremur en yfir á vinstri akrein. Farþeginn Arinbjörn Ólafsson taldi hryssuna hafa verið að feta sig í þá átt, út af veginum.

Stefnandi heldur því ekki fram að bíll hafi verið að koma á móti honum. Vinstri akrein hefur þá verið auð og hindranalaus. Líkur benda því til, að ógæfa stefnanda hafi verið sú að sleppa ekki hemlum, þannig að bíllinn léti að stjórn, og aka einfaldlega framhjá merinni, en bíllinn hefði átt að þola talsverðar sviptingar án þess að velta þarna á malbikuðum þurrum

veginum, ekki síst ef stefnandi hefði nú gefið vel í þennan framdrifna bíl. Í þessu sambandi athugast að draga verður þá ályktun af því hvað hryssan meiddist lítið að bifreiðin hafi verið orðin nær ferðlaus þegar hún lenti á henni, þó svo dæmið sanni að ökumaður hennar gætti, þrátt fyrir hægan akstur og varkárni, eigi nægilega þess ákvæðis 49. gr. l. 40/1968 að geta „stöðvað á þriðjungi þeirrar vegalengdar sem er auð og hindrunarlaus framundan og ökumaður hafi yfirsýn yfir". Hinn bleiki litur hryssunnar sem bar í kvöldroðann kynni og að hafa villt um fyrir ökumanni.

IV.

Stefnandi telur að stefndi sé bótaskyldur vegna þess að hryssa hans stóð þarna á veginum. Um sé að ræða fjölfarinn veg nálægt þéttbýli, veg með 1230 bíla umferð á dag að meðaltali yfir sumarmánuðina. Þótt ekki sé nein laga- eða reglugerðarákvæði að finna er beinlínis banni lausagöngu búfjár á slíkum vegum þá skapi hún hættuástand er varði búfjáreiganda bótaábyrgð ef tjón hlýst af. Stefnanda hafi því borið að hafa hross sín í öruggri vörslu. Það hafi hann ekki gert. Honum hafi verið fullkunnugt um að girðing hans hélt ekki hrossum. Hann hafi beinlínis viðurkennt að umrædd hryssa hafi einu sinni áður farið út fyrir girðinguna. Viðhorf stefnda til girðinga komi m.a. fram í þeim ummælum hans í lögregluskýrslu að hann hafi átt annað hross grátt, „sem engar girðingar héldu".

Stefnandi telur að stefnda hafi borið að gera girðingu sína svo úr garði að fullnægði ákvæði 1. gr. girðingarlaga nr. 10/1965, en þar segir: „Girðingar í lögum þessum, þegar ekki er annars getið, eru 6 strengja gaddavírsgirðingar 1,10 metrar á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra á milli jarðfastra staura (stólpa) en 4 metrar, eða girðing, er jafngildi henni að vörslumælum ..." Þetta lagaákvæði hafi stefnandi brotið. Þannig sé upplýst í málinu að tjón stefnanda sé vávæn afleiðing af ólögmætri og saknæmri athöfn stefnda eða athafnaleysi.

Til stuðnings framangreindu hefur stefnandi m.a. vísað til Hrd. 1978 bls. 186 og telur, að þótt eigandi hests væri þar sýknaður þá beri rökstuðningur meirihlutans allt að einu vott um að ríkar kröfur verði að gera til eigenda hesta um að koma í veg fyrir lausagöngu þeirra á vegum nálægt þéttbýli. Í rökstuðningi minnihlutans, sem vildi fella ¼ hluta fébótaábyrgðar á eiganda hestsins, komi þessi skylda enn glöggar fram. Þar segi:

„Hrossin voru rekin um svæði nálægt vegum með mikilli og hraðri bifreiðaumferð og veitti það sérstaka ástæðu til aðgæslu við reksturinn. Verður því að telja gagnáfrýjanda það að nokkru til sakar að hesturinn skyldi ganga laus á umræddu svæði."

Stefnandi leggur áherslu á að gera verði ríkari kröfur um vörslu og eftirlit til þeirra er stunda skepnuhald í tómstundum nálægt fjölförnum vegum

við þéttbýli en til bænda er stór landsvæði hafa undir. Þeim síðarnefndu sé mun erfiðara um viðhald girðinga og eftirlit með búpeningi.

Í máli þessu sé ljóst, að umrædd girðing hafi verið léleg, staurar ekki haft næga festu í jörð og vírnet ónýtt og fyrirstaða í henni lítil sem engin. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir það að stefndi hafi vitað að hrossið hafði áður ráfað út úr hólfinu og þrátt fyrir það að hólfið liggi svo nærri þjóðvegi þar sem mikil umferð sé, hafi stefndi engar ráðstafanir gert til að endurreisa girðinguna um hólfið. Athafnaleysi þetta geti ekki fallið undir annað en saknæma vanrækslu og sé því um skýlausa bótaskyldu að ræða. Önnur niðurstaða yrði eins og vatn á myllu þeirra sporthestamanna sem hirða ekki um að hafa hross í traustum girðingum. Hestamennska sé ekki einvörðungu útreiðar; þeir sem til þekki viti að umhirða og varsla sé og mikilvæg.

V.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð að ekki sé um sök af hans hálfu að ræða. Engin lagaskylda hafi á honum hvílt að hafa hrossin yfirleitt í nokkurri girðingu. Ákvæði 64. gr umferðarlaga fjalli einvörðungu um rekstur búfjár. Um það efni fjalli einnig þeir dómar Hæstaréttar þar sem bótaábyrgð hafi verið felld á bifreiðareiganda, t.d. Hrd. 1953 bls. 175, 1973 bls. 247. Hrd. 1978 bls. 186 fjalli á hinn bóginn um lausagöngu en ekki rekstur enda hafi eiganda hestsins verið dæmdar fullar bætur úr hendi bifreiðareigandans og bifreiðareigandinn orðið að bera tjón sitt óbætt.

Stefndi bendir á að fræðimenn hafi talið að þegar hugsanlegum lögfestum bótareglum um ábyrgð á dýrum sleppir gripi almenna skaðabótareglan inn í, sbr. grein eftir Arngrím Ísberg í 2. tbl. Úlfljóts árið 1977, bls. 68 og áfram, um ábyrgð á tjóni af völdum dýra. Þá vakni sú spurning hvenær varsla og meðferð dýra sé með þeim hætti að tjónið sem þau valda sé metið umráðamanni eða eiganda til sakar. Telji þá fræðimenn að hafa verði til hliðsjónar hvort einhver opinber fyrirmæli eða reglur mæli fyrir um vörslu og meðferð dýra þeirra er tjóni valda. Ef rekja megi tjónið til þess að umráðamaður og/eða eigandi hafi brotið gegn slíkum fyrirmælum virðist rétt að meta það honum til sakar og leggja á hann ábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni.

Í íslenskum rétti séu lögfest nokkur lagaákvæði er fjalli um tjón er dýr valda. Í 34. gr. laga nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil ofl. sbr. lög nr. 43/1976 segi að gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skuli eigandi gjalda ábúanda bætur. Skaðabótaábyrgðin skv. 34. gr. sé hlutlæg, þar sem ekki sé gert að skilyrði bótaskyldu að búfjáreiganda verði kennt um tjónið. Ákvæði þetta lúti fyrst og fremst að vernd jarðargróðurs gegn ágangi búfjár.

Ágangur búfjár merki fyrst og fremst beit, og sé ekki annað að sjá en lög 42/1969 byggist á þeim skilningi, þ.e. tjón á jarðargróðri. Tjón er búfé geti valdið á öðru en jarðargróðri, svo sem öðrum dýrum, fasteignum, lausafjármunum og mönnum verði ekki bætt eftir reglum 34. gr. Þá megi benda á að svo virðist sem ábúandi einn eigi bótakröfu samkvæmt þessu ákvæði.

Í búfjárræktarlögum nr. 31/1973 sé að finna tvö ákvæði er fjalli um skaðabótaábyrgð vegna tjóns af völdum dýra. Í 33. gr. laganna sé kveðið á um í hvers konar gæslu stóðhestar eigi að vera. Séu þau fyrirmæli brotin hvíli allt að því hlutlæg ábyrgð á eiganda stóðhests á tjóni sem hann hefur valdið. Þetta ákvæði taki þó aðeins til stóðhesta, ekki annarra hrossa. Ákvæði 33. gr. búfjárræktarlaganna sé sérregla sem sett sé til að tryggja ræktun hrossastofnsins, menn eigi að geta verið óhultir með hryssur sínar fyrir óvelkomnum stóðhestum. Í 13. gr. laganna sé sérregla um vörslu nauta.

Þá sé að athuga hvaða opinber fyrirmæli sé að finna um gæslu dýra í Mosfellssveit. Þar gildi lögreglusamþykkt fyrir Kjósarsýslu nr. 146 frá 20. ágúst 1941. Þar segi í 25. gr. að eigendur búfjár í sýslunni eigi að sjá til þess að búpeningur valdi ekki tjóni á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Þetta ákvæði eigi það sameiginlegt með fyrrnefndu ákvæði laga nr. 42/1969 að það miði aðeins að vernd á jarðargróðri. Lausafé, svo sem bifreiðar, verði því engan veginn fellt undir þetta ákvæði. Engin önnur fyrirmæli sé í lögreglusamþykktinni að finna um gæslu dýra og ekkert minnst á það hvernig girðingar skuli vera. Þó sé rétt að geta tveggja ákvæða í fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu nr. 101 frá 16. júlí 1954, annars vegar 3. gr. um ágang búfénaðar í heimalöndum þar sem búfjáreigendum sé gert skylt að stuðla að því að fénaður þeirra gangi eigi í löndum annarra og geri þar usla eða tjón, og hins vegar 12. gr. þar sem hlutlæg ábyrgð sé lögð á rekstrarmenn um það tjón, sem kann að hljótast af umferð við rekstur á sauðfé eða hrossum.

Hvað varði ábyrgð á dýrum þá virðist réttarþróun í nágrannalöndum okkar eins og Noregi og Danmörku hafa orðið með öðrum hætti en hér. Þar sé til að dreifa mun víðtækari lagasetningu og þar gildi enn í dag reglur NL 6-10-2 frá 1687 og DL 6-10-2 sem kveði á um hlutlæga ábyrgð vegna tjóns er dýr valda. Það sé almenn skoðun norskra og danskra fræðimanna að þegar lögfestum reglum sleppir verði ekki talið unnt að beita hlutlægri ábyrgðarreglu og virðist réttarframkvæmd renna stoðum undir þá skoðun.

Stefndi telur að hann hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að hindra það að hrossin færu út fyrir girðinguna enda sé það ekki síður hans hagur en annarra að hrossin haldi sig innan girðingar. Við sakarmat hafi stundum verið reynt að taka mið af eiginleikum dýrsins og venjulegri hegðun þess

og hvort tjónið hafi verið fyrirsjáanlegt. Ekki sé neitt komið fram í málinu er bendi til þess að hér hafi verið um sérstakan skaðræðisgrip að ræða nema síður sé.

Stefndi mótmælir því algjörlega að tjónið á bifreiðinni R-9575 hafi orðið vegna bótgæfrar vanrækslu hans á að halda hrossi sínu í girðingu. Stefndi telur hins vegar ótvírætt að slysið hafi orðið vegna gáleysislegs aksturs stefnanda sjálfs og bendir í því sambandi á að meðfram nánast öllum þjóðvegum á Íslandi sé búfé á beit, sérstaklega yfir sumartímann. Ökumenn geti alltaf búist við því að það rási út á akbrautir enda segi í m-lið, 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 að þar sem búfé stafi hætta af umferð ökutækja beri ökumönnum að sýna sérstaka varkárni og aka hægt; það hafi stefnandi ekki gert. Hámarkshraði á umræddum vegi sé 70 km. Farþegi hans í bifreiðinni, Arinbjörn Ólafsson, segi í lögregluskýrslu að hann telji hraða bifreiðarinnar hafa verið 70-80 km. Þetta hafi verið í ljósaskiptunum og bjart yfir vesturhimni. Stefnandi hafi tilgreint þetta síðasttalda sem ástæðu fyrir því að hann ók með lægri ljósin. Stefnandi hafi þannig nánast blindandi og á óhæfilegum hraða ekið á hryssu stefnda sem í grandaleysi hafi verið að ganga yfir þjóðveginn, en lág ljós og mikill hraði valdi því einmitt að bifreið beri fyrr að en vegfarandi má ætla.

Álit réttarins.

Stefnandi bar við aðilayfirheyrslu að hann hafi fyrir þennan atburð iðulega átt leið um þennan veg enda móðir hans með sumarbústað í Grafningi. Ennþá er stundaður nokkur hefðbundinn búskapur í Mosfellsdal auk talsverðs hrossahalds utansveitarmanna. Það er auðséð hverjum vegfaranda að girðingar eru þar víða lélegar og sumstaðar engin girðing með vegunum.

Óumdeilt er í málinu, enda fram komið í lögregluskýrslum og við aðilayfirheyrslu, að talsvert var um lausagöngu hrossa við þennan veg. Stefnandi gat því með engu móti treyst því að ekki yrðu hross á vegi hans á þessum þjóðvegi sem er utan þéttbýlis.

Sem að framan er rakið þá er það ágreiningslaust með aðilum að engin sett laga- eða reglugerðarákvæði sé að finna er banni lausagöngu hrossa við þjóðveg þann er um ræðir. Úrlausnarefnið er því hvort lausaganga hryssunnar hafi verið ólögmæt samkvæmt ólögfestum reglum skaðabótaréttarins, því saknæm var hún þar sem girðingin var ónýt og um það var stefnda manna kunnugast.

Öll þau ákvæði er banna búfjárhald eða mæla fyrir um að búfé skuli geymt í lokuðum girðingum eða sambærilegri vörslu eru undantekningarákvæði.

Það er aðalreglan að bæði fólk og fénaður á frjálsa för fótgangandi um þjóðvegi landsins nema það sé sérstaklega bannað.

Því verður á hinn bóginn vart neitað að svo gæti háttað til að telja yrði það bótagæfa háttsemi búfjáreiganda að láta búfé sitt ganga laust við þjóðveg. Við mat á því geta ýmis atriði skipt máli, þar á meðal hvort ökumenn megi treysta því að ekki verði búfé á vegi þeirra, mikil umferð og/eða umferðarhraði, hvort ökumönnum er sérlega erfitt að varast það að aka á búfé, svo sem vegna þess að hæðir byrgi sýn, o.s.frv.

Mikilvægast verður þó hér sem svo víða, þegar til lengdar lætur, hið almenna hagsmunamat sem jafnan sætir þó takmörkunum, m.a. af ákvæðum 67. gr. stjórnarskrár. Hér leikast á hagsmunir umferðarinnar annars vegar og hagsmunir búfjáreigenda hins vegar, í báðum tilvikum bæði fjárhagslegir og ófjárhagslegir.

Hina þrengri hagsmuni beggja þessara hópa mætti augljóslega leysa með því að leggja þá skyldu á veghaldara að girða með vegum. Með þeirri lausn yrði þó gengið á aðra hagsmuni, annars vegar hins almenna skattborgara og hins vegar þeirra er hafa hag af því að vegafé sé varið til annarra framkvæmda en girðinga.

Þjóðvegur sá er hér um ræðir er með um 1230 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Hann tengir ekki þéttbýlisstaði, þannig að umferðin hlýtur að stórum hluta að vera umferð skemmtiferðafólks eins og stefnanda, en ekki nauðsynjaumferð svo sem umferð fólks á leið að og frá vinnu og þungaflutningar. Einkenni á síðarnefndu umferðinni er það að hún er hraðari og fer fram við erfiðari aðstæður en þær er skemmtiferðamaður ekur um fagra sveit á björtu sumarkvöldi.

Umferð um Vesturlandsveg ofan við Blikastaði er sexföld við umferð á þessum vegi, 6940 bílar, umferð á Suðurlandsvegi við Geithála meira en þreföld, 4150, sem er svipuð umferðinni á sama vegi milli Hveragerðis og Selfoss, 3490, og á Reykjanesbraut við Kúagerði, 3930.

Umferðin þarna í Mosfellsdalnum er viðlíka og á Suðurlandsveginum vestan við Hvolsvöll, 1050, eða á Norðurlandsveginum ofan við Borgarnes, 1130 bílar á dag yfir sumarið. Þessar tölur eru byggðar á talningu Vegagerðarinnar í júní-september 1984.

Að sönnu er smám saman verið að taka land í Mosfellsdalnum úr landbúnaðarnotum. Hefðbundinn búskapur er þar þó enn stundaður og land að nokkru marki nýtt fyrir hrossabeit höfuðstaðarbúa. Ofanbyggðargirðingin langþráða, sem mun gera þann kost raunhæfan að banna lausagöngu búfjár í Mosfellsdal, er ekki komin enn.

Að þessu athuguðu verður ekki séð að umræddur vegarkafli sé um líkur á fénaðarferð verulega frábrugðinn fjölförnustu vegum í bestu landbúnaðarhéruðum landsins, svo sem Borgarfirði og Rangárþingi, þar sem hver gætinn ökumaður hefir jafnvakandi auga á fénaðarferð og hann hefir á mannaferðum er hann ekur um götur Reykjavíkur.

Þótt það orðalag sé notað að ábyrgðarregla 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga sé hlutlæg ábyrgðarregla og ákvæði 3. mgr. sömu lagagreinar niðurfærsluregla, þá er það svo að þegar niðurfærslureglan fer að verka þá kemur inn á svið hins almenna sakarmats. Á annarri vogarskálinni er sök „meðvalds" skv. 3. mgr. en á hinni sök ökumanns. Sök ökumanns kemur sök meðvalds til mótvægis.

Það var varhugavert fyrir stefnda Grétar að hafa hrossin í ónýtri girðingu við fjölfarinn þjóðveg í sveit þar sem búskapur er að leggjast af og þéttbýli er í næsta nágrenni.

Það var varhugavert fyrir stefnanda að aka við verulega skert útsýnisskilyrði, þ.e. seint í ljósaskiptunum þegar lágu ljósin komu ein að gagni og með ofanbirtuna á móti, á nokkurn veginn fullum umferðarhraða eftir vegi, þar sem hann mátti vænta bæði fólks og fénaðar, og aka svo á hrossið vegna ónákvæmra akstursviðbragða eftir að hann loksins sá það.

Það er nú einu sinni grunnregla umferðarréttar að bílstjórar eiga ekki að aka á, og öll ákvæði umferðarlaga, þ. á m. 2. mgr. 49. gr. l. 40/1968, sem hér á sérstaklega við, eru þessari einu reglu einfaldlega til skýringar og fyllingar.

Að öllu þessu athuguðu er það niðurstaða dómarans að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Af hálfu stefnanda var við málflutning framvísað málskostnaðarreikningi að fjárhæð 38.741,00. Í þessari fjárhæð er hvorki þingfestingargjald né annar útlagður kostnaður innifalinn. Með tilliti til þeirrar 10. þús. króna lækkunar sem stefnukrafan hefði augljóslega sætt bæði vegna aðildar- og sönnunarskorts þykir málskostnaður stefnda til handa hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Grétar Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Karls Hallvarðssonar.

Stefnandi, Einar Karl Hallvarðsson, greiði stefnda, Grétari Sigurðssyni, kr. 25.000,00 í málskostnað.

Fimmtudaginn 22. september 1988.

Nr. 302/1988. **Bjarni Jónasson**
gegn
stjórn verndaðs vinnustaðar
Vestmannaeyjum,
Heimaeyjar kertaverksmiðju

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið frávísunardómi héraðsdómara í Vestmannaeyjum frá 15. júlí 1988 til Hæstaréttar með kæru 26. s.m., sem barst Hæstarétti 20. september sl. Hann krefst þess að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra mæla fyrir um verndaða vinnustaði. Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laganna greiðir ríkissjóður alfarið rekstrarkostnað þeirra nema þar sem um sértekjur er að ræða. Verndaður vinnustaður í Vestmannaeyjum hefur verið á A-hluta fjárlaga. Eins og kröfum sóknaraðila er háttað þykir ekki hjá því komist að stefna fjármálaráðherra til fyrirsvars fyrir ríkissjóð og félagsmálaráðherra f.h. félagsmálaráðuneytis en það ráðuneyti fer með málefni verndaðra vinnustaða. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða dóm að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 15. júlí 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 6. þ.m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. maí 1988 en birtri 21. maí sl., af Bjarna Jónassyni, nnr. 1219-7769, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum,

á hendur Jóni Kjartanssyni, nnr. 5159-9993, Ásavegi 12, Vestmannaeyjum, stjórnarmanni, fyrir hönd stjórnar Verndaðs vinnustaðar Vestmannaeyjum, Heimaeyjar kertaverksmiðju, nnr. 3868-0358.

Í stefnu gerir stefnandi svohljóðandi dómkröfur:

„1) Að notkun merkis þess, sem stefnandi er höfundur að og notað er á umbúðir framleiðsluvara Heimaeyjar kertaverksmiðju verði bönnuð með dómi.

2) Að sama merki, sem málað er á stafna húseignarinnar nr. 46 við Faxastíg, Vestmannaeyjum, verði máð út.

3) Varakrafa er gerð um að verði ekki fallist á kröfur 1. og 2. liðar hér að ofan, þá verði stefnanda dæmdar bætur kr. 500.000 — krónur fimm hundruð þúsund — eða önnur fjárhæð eftir mati dómsins fyrir notkun á hugverki stefnanda gegn vilja hans og fyrir miska, hneisu og önnur óþægindi.

4) Að stefndi verði dæmdur til greiðslu hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins og venjum sem um slíkt hafa skapast."

Af hálfu stefnda var tekið til varna í málinu og í greinargerð gerðar eftirfarandi dómkröfur:

„Að stefndu verði algjörlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað eftir mati réttarins."

— — —

Niðurstaða.

Það er álit dómarans, að atriði er varða aðild málsins varnarmegin og óljósa kröfugerð stefndanda leiði til „ex officio" frávísunar málsins.

Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum lýtur lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983 og reglugerð nr. 329/1983 um verndaða vinnustaði, sem sett er samkvæmt þeim lögum.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 41/1983 segir, að markmið laganna sé að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu, þar sem þeim vegnar best. Í 3. gr. laganna segir, að málefni fatlaðra heyri undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisþjónusta, þ.m.t. læknisfræðileg endurhæfing, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðslu- og uppeldismál undir menntamálaráðuneytið, félagsleg hæfing og endurhæfing, atvinnumál og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

Í 2. mgr. 3. gr. laganna segir, að félagsmálaráðuneytið skuli annast málefni fatlaðra samkvæmt lögum þessum.

Í 4. gr. laganna segir, að landinu skuli skipt í átta starfsvæði, hvað málefni fatlaðra snertir, og eru Vestmannaeyjar í 8. svæði undir Suðurlandi.

Í 7. gr. laganna eru tilgreindar þær stofnanir, sem eru fyrir fatlaða,

og þ. á m. er í 10. lið 1. mgr. þeirrar greinar tilgreindir verndaðir vinnustaðir.

Í samræmi við 26. gr. laganna kemur ríkið á fót vernduðum vinnustöðum og greiðir ríkið 85% stofnkostnaðar og sveitarfélög 15%, en af gögnum málsins þykir mega ráða, að vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum hafi verið komið á fót í byrjun árs 1984.

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laganna ber ríkissjóði að greiða allan rekstrarkostnað Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, en undanskildar eru þó sértekjur.

Verndaður vinnustaður í Vestmannaeyjum er ríkisstofnun á A-hluta fjárlaga.

Fötluðu fólki í Vestmannaeyjum er veitt tækifæri til að sækja vinnu hjá Vernduðum vinnustað Vestmannaeyjum, sem rekur kertaverksmiðju í húsinu Faxastíg 46 hér í bæ. Kertaverksmiðjan hefur fengið nafnið Heimaey og eins og fram kemur í stefnu hefur hún nafnnr. 3668-0358.

Samkvæmt veðbókarvottorði, sem frammi liggur í málinu fyrir fasteignina Faxastíg 46, þar sem framangreind starfsemi fer fram, eru tilgreindir eigendur Ríkissjóður Íslands / Verndaður vinnustaður.

Vörumerki það, sem um er fjallað í máli þessu, er málað á stafna húseignarinnar nr. 46 við Faxastíg, en stefnandi gerir kröfu um að merkið verði máð út af fasteigninni.

Í máli þessu gerir stefnandi eins og að framan greinir kröfu um, að notkun þessa tiltekna merkis, sem stefnandi kveðst vera höfundur að, verði bönnuð með dómi og eins og að framan greinir að sama merki verði máð út af umræddri fasteign. Varakrafa stefnanda hljóðar um greiðslu á skaðabótum honum til handa úr hendi stefnda fyrir notkun á hugverki stefnanda gegn vilja hans og fyrir miska, hneisu og önnur óþægindi. Þá er krafist málskostnaðar.

Í samræmi við það sem hér að framan greinir verður að telja að ríkissjóður Íslands eigi óskipta sakaraðild með Vernduðum vinnustað Vestmannaeyjum, Heimaey kertaverksmiðju, í máli þessu.

Þar sem ríkissjóði Íslands, þ.e. fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og eftir atvikum félagsmálaráðherra f.h. Verndaðs vinnustaðar Vestmannaeyjum, Heimaeyjar kertaverksmiðju ásamt með Vernduðum vinnustað Vestmannaeyjum, Heimaey kertaverksmiðju, hefur ekki verið stefnt í máli þessu og þeim þannig ekki gefist kostur á að svara til saka í málinu, leiðir það, sbr. 46. gr. laga 85/1936, til ex officio frávísunar.

Kröfugerð stefnanda er að ýmsu leyti óljós.

Til skýringar á því að notkun merkisins, sem notað er á umbúðir framleiðsluvara Heimaeyjar kertaverksmiðju, eigi að banna með dómi, sbr. aðalkröfu, tilnefnir stefnandi í greinargerð að hann telji að það stefni í

að vörumerki sitt verði notað í öðru samhengi en hann hafi ætlast til. Hér kemur til álita ákvæði 1. mgr. 69. gr. laga 85/1936, en þar segir: „Ef mál er höfðað til úrlausnar um rétt og skyldu, sem sækjandi játar, að enn sé ekki til orðin, eða ljóst er að svo er, en síðar kann að verða til, þá skal vísa máli frá dómi."

Enga tilraun gerir stefnandi til að skýra hvernig hann fær út höfuðstól fjárhæðar þeirrar, er hann miðar við, er hann gerir varakröfu sína um greiðslu skaðabóta úr hendi gagnaðila. Þá verður ekki séð að skaðabótakrafan sé að neinu leyti skýrð eða rökstudd í stefnu eða greinargerð.

Málsástæður eru ennfremur alls ekki nægilega afmarkaðar eða tilgreindar og uppsetning og lýsing á atvikarás er nokkuð ruglingsleg. Stefnu og greinargerð stefnanda má að ýmsu leyti líkja við aðilaskýrslu og er það andstætt réttarreglum er um munnlegan málflutning gilda.

Málatilbúnaður stefnanda er þannig ekki nægilega skýr og glöggur en það leiðir vegna vanreifunar til frávísunar málsins, sbr. 88. gr. d-liðar laga 85/1936 og þeirra meginreglna, er fram koma í 105. og 114. gr. laganna.

Í samræmi við það sem að ofan greinir og með tilvísun til framangreindra lagagreina þykir óhjákvæmilegt að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 26. september 1988.

Nr. 81/1987. **Húsfélögin Álftamýri 32, Álftamýri 34 og Álftamýri 36**
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Ólafi Þorgeirssyni
(Hjörtur Torfason hrl.)

Sameign. Fjölbýlishús.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1987 samkvæmt áfrýjunarleyfi 9. febrúar s.á. með heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjendur gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina, en þær eru að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum 12.820,54 krónur með 46% ársvöxtum af 7.600,00 krónum frá 1. september 1980 til 15. s.m., af 9.100,00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1982, með 37% ársvöxtum af 11.154,06 krónum frá þeim degi til 7. maí s.á. og síðan með ársvöxtum af þeirri fjárhæð svo sem hér segir: 39% frá 7. maí 1982 til 1. nóvember s.á., 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% frá þeim degi til 1. september s.á., 24,5% frá þeim degi til 18. s.m., 25,5% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., en frá þeim degi með vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð svo sem hér segir: 4% til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní s.á., 2,8% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 3% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 3,4% frá

þeim degi til 1. september s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 3,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 3,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,1% frá þeim degi til 1. janúar 1988, en síðan með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur þess, að áfallnir vextir pr. 31. desember 1984 verði lagðir við höfuðstól og síðan á 12 mánaða fresti og vextir reiknaðir á þannig hækkandi höfuðstól með sama vaxtafæti og krafist er hér að framan. Loks krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Í máli þessu er nú eingöngu deilt um þátttöku stefnda í greiðslu kostnaðar við gerð gangstéttar og bílastæða á sameiginlegri lóð húsanna nr. 32, 34 og 36 við Álftamýri í Reykjavík.

Í máli þessu gilda ákvæði reglugerðar nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög, þar sem húsfélögin höfðu ekki sett sér aðrar samþykktir og þinglýst þeim, sbr. 15. gr. laga nr. 59/1976 um húsfélög.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa verið boðaður á fund þann, sem haldinn var 23. maí 1979 um byggingu bílskúra við húsin nr. 32, 34 og 36 við Álftamýri. Áfrýjendur halda því fram, að á þeim fundi hafi einnig verið rætt um framkvæmdir á lóðinni almennt og gengið frá umboði 32 af 36 íbúðareigendum til handa Ólafi M. Óskarssyni til lántöku vegna framkvæmdanna. Ólafur M. Óskarsson hefur borið fyrir dómi, að þeir fundir, sem voru boðaðir sameiginlega út af bílskúrunum, hafi eingöngu verið boðaðir til þeirra, sem bílskúrsrétt áttu, en ekki til annarra íbúðareigenda, og kvað hann þeim málum ekki hafa verið blandað saman. Það verður því að telja ósannað, að á framangreindum fundi 23. maí 1979 hafi verið fjallað um framkvæmdir við gerð gangstéttar og bílastæða. Hér var um sameiginlegar framkvæmdir að ræða, og bar áfrýjendum því að fara eftir ákvæðum 10. gr. laga nr. 59/1976 og boða til fundar, þar sem öllum íbúðareigendum væri gefinn kostur á að taka þátt í ákvörðunum. Fundargerðir hafa ekki verið lagðar fram um slíkan fund og verður að telja ósannað, að stefndi hafi verið boðaður á fund þar sem ákvörðun var tekin um framangreindar framkvæmdir, og breyta fundir þeir, sem haldnir voru eftir að framkvæmdir hófust,

10. mars og 29. október 1981, engu þar um. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en honum hefur ekki verið gagnáfrýjað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. september 1986.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hafa húsfélögin Álftamýri 32, Álftamýri 34 og Álftamýri 36 í Reykjavík (0254-5136) höfðað fyrir dóminum á reglulegu bæjarþingi 16. apríl 1984 á hendur Ólafi Þorgeirssyni, Álftamýri 36, Reykjavík (6797-9079), til greiðslu hluta stefnda í kostnaði við framkvæmdir á sameiginlegri lóð húsfélaganna.

Á árunum 1979 og 1980 voru steyptar gólfplötur undir átján bílageymslur á lóðinni, gengið frá lögnum og bílastæðum við þær og annars staðar á lóðinni, skipt um jarðvegsfyllingu í hlaði hússins, lagnir endurnýjaðar, gangstéttir steyptar og umferðarsvæði ökutækja malbikað. Kostnaði af þessum framkvæmdum var jafnað á íbúðareigendur, og hafa þeir allir greitt sinn hluta nema stefndi sem hefur verið andvígur framkvæmdum þessum frá upphafi og neitað greiðslu.

Stefnendur krefjast þess að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 12.820,54 með 46% ársvöxtum af kr. 7.600,00 frá 1. september 1980 til 15. september s.á., af kr. 9.100,00 frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1982, með 37% ársvöxtum af kr. 11.155,06 frá þeim degi til 7. maí 1982, með 39% ársvöxtum frá þeim degi af þeirri fjárhæð til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 24,5% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september s.á., með 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum af kr. 29.282,52 frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þá er og gerð krafa um það að áfallnir vextir pr. 31. desember 1984 verði lagðir við höfuðstól og síðan á 12 mánaða fresti og vextir reiknaðir á þannig hækkandi höfuðstól með sama vaxtafæti og krafist er hér að framan.

Kröfugerð stefnenda sundurliðast þannig:

1.	Gangstétt, hluti stefnda	2.228,05
2.	Bílastæði	3.491,31
3.	Gólfplata og frárennslislagnir undir bílskúr	5.434,70
4.	Áfallnir vextir af framlögum stefnda til framkvæmdanna	1.666,48
	Samtals	kr. 12.820,54

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar in solidum eftir mati dómsins. Til vara er þess krafist að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnendum kr. 5.434,70 auk vaxta sem því svara, en að málskostnaður verði felldur niður.

Þann 10. nóvember 1962 var gerður lóðarleigusamningur milli Reykjavíkurborgar annars vegar og Agnars Guðmundssonar, Hafsteins Sigurðssonar og Þorgríms Guðjónssonar hins vegar um leigu á lóðinni nr. 32-34-36 við Álftamýri. Núverandi eigendur, félagsmenn í húsfélögum þeim sem málið höfða, leiða rétt sinn frá upphaflegum leigutökum. Í samningnum segir að bílskúrar skuli fylgja íbúðum og kvöð er á lóðum um gerð akbrauta og um opin bílastæði samkvæmt uppdrætti sem er hluti samningsins.

Þann 17. maí 1979 boðaði stjórn húsfélagsins Álftamýri 34 til fundar um byggingu bílskúra þann 23. maí 1979. Stefndi fékk fundarboð en fór hvergi. Stefnendur halda því fram að vorið 1979 hafi allir íbúðareigendur aðrir en stefndi samþykkt að láta gera við gangstéttir, malbika bílastæði og steypa plötur undir átján bílskúra. Stofnaður var sérstakur framkvæmdasjóður og tveimur íbúðareigendum falið að annast framkvæmdir. Ákveðið var að deila niður kostnaðinum þannig að þeir sem áttu bílskúrsrétt greiddu meira en aðrir sem svaraði kostnaði við bílageymslur. Stefnendur segja að margir fundir hafi verið haldnir um framkvæmdir þessar og hafi allir verið sammála um nauðsyn þeirra aðrir en stefndi. Þann 21. október 1981 boðuðu stefnendur til almenns sameiginlegs félagsfundar þar sem framkvæmdirnar voru samþykktar og bókun þar að lútandi síðan undirrituð af öllum sem til náðist nema stefnda. Af hálfu stefnenda er byggt á því að lóðarsamningur feli í sér skyldu fyrir alla íbúðareigendur til að hlíta því að bílskúrar séu byggðir á lóðinni og að gengið sé frá akbraut og bílastæðum þannig að hver greiði sinn hluta kostnaðar að réttri tiltölu. Þeir telja að viðgerð á gangstéttinni sé tvímælalaust sameiginlegt viðhald

og sömuleiðis sameiginlegar leiðslur fyrir vatn að og frá bílskúrum svo og öll jarðvegsfylling. Þá telja þeir að gólfplötur bílgeymslna tengist sameign með þeim hætti að stefnda hljóti að vera skylt að taka þátt í kostnaði við gerð þeirra að tiltölu. Því er haldið fram að fjöldi funda hafi verið boðaður með fullnægjandi hætti og haldinn áður en ráðist var í framkvæmdirnar þannig að stefnda og öðrum hafi verið gefinn kostur á að segja álit sitt á fyrirhuguðum framkvæmdum; það hafi svo verið sammæli allra annarra en stefnda að ráðast í framkvæmdirnar, en stefndi hafi kosið að mæta ekki á fundina og lýst yfir andstöðu sinni við framkvæmdirnar; nauðsyn þess að skipta um leiðslur hafi komið í ljós þegar farið var að róta við jarðvegsfyllingu í hlaðinu sem stefnendur telja að hafi verið ófullnægjandi. Stefnendur halda því fram að ákvörðun um framkvæmdir hafi verið tekin með löglegum hætti og það eitt skort á að þeir tryggðu sér fullnægjandi sönnun með bókun hennar. Þá telja þeir að úr því sem áfátt var hafi verið bætt með löglega boðuðum fundi á árinu 1981.

Við munnlegan málflutning var lögð áhersla á það af hálfu stefnenda að stefndi hafi fengið fundarboð til þeirra funda þar sem ákvarðanir voru teknar og að mál hafi margsinnis verið rædd áður en ákvarðanir voru teknar og að stefndi hafi mætt á einum fundi þar sem mál voru rædd. Virðast stefnendur hér eiga við aðalfund Húsfélagsins Álftamýri 36, en stefndi kannast við að hafa mætt á þeim fundi. Þá hafa stefnendur lagt áherslu á að brýn þörf hafi verið á að laga gangstétt sem hafi verið illa farin vegna missigs og að stefndi hafi hagnast stórlega á framkvæmdunum.

Stefndi kveðst alla tíð hafa verið á móti því að byggðir væru bílskúrar á lóðinni vegna þess að þeir takmörkuðu mjög alla möguleika til annarrar nýtingar á lóðinni og gerði það meðal annars að verkum að erfitt yrði um bílastæði við húsið fyrir aðra en eigendur bílgeymslnanna. Hann segir að gengið hafi verið frá lóð á árunum 1965-66 með því að skipta um jarðveg í hlaðinu og steypa gangstétt. Umferðarsvæði ökutækja segir hann að hafi verið tilbúið undir varanlegt slitlag. Árið 1972 kveður hann hafa verið byggða tvo bílskúra, og telur hann að með þeirri framkvæmd hafi verið staðfest það viðhorf að hver einstakur bílskúrsréttareigandi væri sjálfráður um hvort hans bílskúr yrði byggður eða ekki. Honum var úthlutað stað fyrir bílskúr 21. janúar 1971.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því að húsfélögin skorti aðild til kröfugerðar á hendur honum út af þeim kostnaði sem um er krafið í málinu. Í því sambandi bendir hann sérstaklega á að stefnukrafan taki að hluta til hagsmuna sem húsfélögin eigi ekki beina aðild að, það er framkvæmda við bifreiðageymslur sem tilheyri hver um sig einstökum íbúðum. Stefndi telur að hinir tuttugu bílskúrsréttarhafar hafi einir átt að fjalla um framkvæmdir vegna bílgeymslnanna og kröfugerð út af þeim. Í öðru lagi

er sýknukrafan á því byggð að greiðslukrafa húsfélaganna sé vegna ráðstafana og framkvæmda sem gerðar voru án þess að þær væru samþykktar með löglegum hætti og fyrir því sé stefndi ekki skyldugur til að taka þátt í þeim. Sönnunarbyrðina um þetta atriði telur stefndi hvíla á stefnendum, en ekki liggi fyrir að íbúðareigendur hafi allir sameinast um framkvæmdirnar fyrr en eftir á. Þann 10. mars 1981 var haldinn aðalfundur húsfélagsins Álftamýri 36. Í þeim stigagangi eru 12 íbúðir, en einungis 7 menn voru mættir á fund. Í fundargerð segir m.a. svo: „Lóðarframkvæmdir sem lokið var við fyrir síðustu áramót voru enn til umræðu eins og á öllum húsfélagsfundum síðustu tvö árin." Samþykkt var að reka á eftir um málshöfðun á hendur stefnda. Stefndi véfengir lögmæti þessa fundar á þeim grundvelli að hann hafi ekki verið fullskipaður.

Í þriðja lagi er sýknukrafa stefnda á því byggð að greiðslukrafa húsfélaganna sé vegna ráðstafana og framkvæmda sem gerðar hafi verið gegn mótmælum hans án þess að slíkt væri heimilt að lögum. Hér er fyrst og fremst átt við það að framkvæmdirnar feli í sér breytingu á frágangi lóðar frá því sem ákveðið var í lóðarsamningi en auk þess gangi þær gegn fyrri ráðstöfunum og framkvæmdum í húsinu. Stefnandi heldur því fram að vikið hafi verið frá uppdrætti sem fylgdi lóðarsamningi í mikilvægum atriðum þannig að raunverulega hafi akbraut meðfram húsinu verið þrengd úr 6 m í 5,50 m eða minna og gangstétt úr 3 m í 2,50 m og gerð hafi verið bílastæði meðfram gangstéttinni sem ekki hafi verið gert ráð fyrir í upphafi. Þessi bílastæði telur stefndi til mikilla óþæginda fyrir umferð og fela í sér brot á b-lið 6. mgr. 51. gr. umferðarlaga. Svo mikilvægar breytingar telur stefndi óheimilar nema með samþykki allra íbúðareigenda. Þá bendir stefndi á að byggingarleyfis hafi ekki verið aflað fyrr en í maí 1980 eftir að byrjað hafði verið á framkvæmdum. Hann telur byggingarleyfið ranglega veitt og vitnar í því sambandi í byggingarreglugerð nr. 292/1979 3.1.1., 3.4.5. og 5.1.4. Stefndi kveður jarðvegsskipti hafa farið fram á árinu 1965 á norðurhluta lóðarinnar. Þá var og steypt þriggja metra breið gangstétt við húsið árið 1976. Á árunum 1970 til 1971 var bætt malarefni ofan í hlaðið. Stefndi segist hafa greitt tilskilinn kostnaðarhluta í þessum framkvæmdum og átt rétt á því að á þeim yrði byggt við áframhaldandi framkvæmdir á lóðinni. Hann segir framkvæmdirnar 1979-80 hafa orðið kostnaðarmeiri en þörf var á sökum þess að ekki hafi verið nýtt sú undirstaða sem áður hafði verið lögð heldur gangstétt verið fjarlægð og skipt um jarðvegsfyllingu. Stefndi viðurkennir að framkvæmdir við bifreiðageymslur feli ekki í sér breytingu frá skipulagi lóðarsamnings. Varakrafa stefnenda er miðuð við það að stefnda verði gert að taka þátt í gerð plötu og frárennslis vegna bílskúra. Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnenda og þá einkum kröfu um vanskilavexti eftir 1. mars 1985. Hins vegar mótmælir

hann ekki sérstaklega vaxtakröfu að því leyti sem hún hefur verið lögð við höfuðstól.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram að nauðsynlegt hafi verið að fjarlægja gangstétt þar sem hún hafi verið missigin og hættuleg og allt of lítil jarðvegsfylling bæði undir henni og hlaðinu að öðru leyti. Þeir halda því fram að frávik frá upphaflegum uppdrætti hafi verið lítilvæg en að öllu leyti til bóta.

Af hálfu Húsfélagsins Álftamýri 36, Húsfélagsins Álftamýri 32 og stefnda hafa komið fram aðilaskýrslur, og tvö vitni hafa verið leidd. Af hálfu stefnenda hafa komið fram mjög óljósar skýrslur um hvernig ákvörðun var tekin um framkvæmdirnar. Af gögnum málsins verður þó ráðið að 32 af 36 íbúðareigendum hafi veitt Ólafi M. Óskarssyni umboð til lántöku vegna framkvæmdanna þann 23. maí 1979, og þykir mega miða við að alls hafi eigendur þrjátíu og fjögurra íbúða staðið að umsókninni, en að hinn þrítugasti og fimmti hafi verið erlendis á þessum tíma. Af þessum upplýsingum og öðrum sem fram hafa komið í málinu þykir mega ályktа að ákvörðun um framkvæmdirnar hafi verið sammæli allra íbúðareigenda annarra en stefnda sem lýsti eindreginni andstöðu sinni. Stefndi hefur viðurkennt að hafa fengið boð um fundinn 23. maí 1979 um byggingu bílskúra. Þegar þess er gætt að engin sameiginleg húsfélagsstjórn var fyrir alla þrjá stigagangana verður að telja eðlilegt að ein eða fleiri af hússtjórnunum hefði frumkvæði og boðaði til fundarins. Samkvæmt þessu þykir mega leggja til grundvallar að fundur þessi hafi verið löglega boðaður. Stefndi hafði tækifæri til að tala máli sínu varðandi bílgeymslurnar á þessum fundi en lét það tækifæri ónotað. Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi hvort einungis rétthafar bílskúrsréttar höfðu atkvæðisrétt eða aðrir einnig þar sem ljóst er að allir rétthafar aðrir en stefndi voru samþykkir ákvörðunum um bílskúrsframkvæmdirnar. Ekki verður talið að sýnt hafi verið fram á að teknar hafi verið ákvarðanir áður varðandi bílskúrsréttindin sem valdi því að aukinn meirihluti hafi ekki getað tekið þær ákvarðanir sem teknar voru 1979. Lagnir að og frá bílskúrunum hlutu að vera sameiginlegar. Skúrarnir stóðu allir í einni samfelldri lengju. Vandkvæði virðast hafa verið á því að skilja eftir eina gólfplötu ósteypta. Vilji stefndi, eða einhver sem kann að leiða rétt sinn frá honum, nýta bílskúrsréttinn sem fylgir íbúðinni er augljós hagur að því að hafa gólfplötuna tilbúna, og ætla má að kostnaðurinn við gerð hennar sé mun minni en það sem það myndi kosta stefnda að gera hana á eigin kostnað eftir á. Þegar allt þetta er virt þykir bera að fallast á það með stefnendum að kostnaður við bílageymslur megi teljast sem sameiginlegur kostnaður í skilningi laga nr. 59/1976. Stjórnir hinna þriggja húsfélaga eru sameiginlega í fyrirsvari fyrir alla íbúðareigendur, jafnt þá sem eiga bílskúrsrétt sem

aðra, og fara réttilega sameiginlega með aðild, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 280/1976. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar þykja ákvarðanir varðandi bílageymslur hafa verið löglega teknar með nægilegum meirihluta og þykja ákvæði 9. gr. laganna ekki eiga að leiða til annarrar niðurstöðu. Byggingarleyfi hefur verið veitt fyrir framkvæmdunum, og ekki hefur verið sýnt fram á að það fari í bága við byggingarreglugerð eða önnur lögleg fyrirmæli. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á kröfur stefnenda að því er varðar kostnað við bílageymslur. Að öðru leyti þykja stefnendur ekki hafa sýnt nægilega fram á að stefnda hafi verið gefinn kostur á að tala máli sínu, og þykir það eins og hér stendur á eiga að leiða til þess að hann þurfi ekki að hlíta því að taka þátt í kostnaði vegna þeirra framkvæmda. Samkvæmt þessu þykir mega fallast á varakröfu stefnda þannig að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 5.434,70 auk hluta af áföllnum vöxtum fyrir 1. september 1980 miðað við þá fjárhæð eða samtals kr. 6.246,70 auk vanskilavaxta sem ákveðast almennir dráttarvextir eins og Seðlabanki Íslands hefur ákveðið þá frá gjalddaga til greiðsludags. Þær stöðluðu skaðabætur sem vanskilavextir eru í eðli sínu byggjast almennt á því sjónarmiði að bæta beri kröfuhafa það tjón sem hann verður fyrir við greiðsludrátt peningakröfu, en þetta tjón telst almennt fólgið í missi ávöxtunarmöguleika. Jafnan hefur verið höfð hliðsjón af þeim kjörum sem innlánsstofnanir bjóða, en hjá þeim eru vextir af innstæðum almennt lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Ákvarðanir Seðlabanka Íslands um vanskilavexti eru og tengdar ákvörðunum um innlánsvexti með þeim hætti að ætla verður að þær byggist á þeirri forsendu að vextir leggist við höfuðstól. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á kröfu stefnenda um vaxtavexti.

Eftir atvikum þykir mega skipta málskostnaði þannig að stefndi greiði stefnendum að óskiptu kr. 20.000,00 í málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Þorgeirsson, greiði stefnendum, Húsfélaginu Álftamýri 32, Húsfélaginu Álftamýri 34 og Húsfélaginu Álftamýri 36, að óskiptu kr. 6.246,70 með 46% ársvöxtum af kr. 5.434,70 frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 39% árs-

vöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað.

Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. desember 1984 og reiknist síðan þeir vextir sem að ofan greinir af höfuðstól þannig uppfærðum.

Þriðjudaginn 27. september 1988.

Nr. 249/1987. **Guðmundur Kristinsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Stofnlánadeild landbúnaðarins
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Úthlutun uppboðsandvirðis. Þinglýsing. Veðleyfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1987. Hann krefst þess, „að frumvarpi uppboðshaldara að úthlutunargerð uppboðsandvirðis jarðarinnar Miklaholt í Hraunhreppi Mýrasýslu frá 13. marz 1987, verði breytt þann veg, að felld verði niður úthlutun af uppboðsandvirðinu til stefnda Stofnlánadeildar landbúnaðarins til greiðslu á veðkröfu skv. veðskuldabréfi útgefnu 20. júní 1985, upphaflega að fjárhæð kr. 246.000,-, en skv. frumvarpinu er úthlutað kr. 349.342,50 til greiðslu á skuldinni skv.

bréfi þessu". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti hefur stefndi haldið því fram, að það sé ekki á valdi uppboðshaldara að skera úr ágreiningi út af þinglýsingu. Uppboðshaldari hafi því ekki haft úrskurðarvald í deilumáli aðila fyrir uppboðsréttinum. Ekki verður á þetta fallist, enda verður að líta svo á, að uppboðshaldari hafi haft dómsvald samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð til að úrskurða um ágreiningsefni það, sem hér liggur fyrir.

Þá verður eigi á það fallist með stefnda, að ákvæði 7. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins o.fl. eða önnur ákvæði þeirra laga hafi áhrif á úrslit máls þessa.

Gunnar Fjeldsted seldi Val Gunnarssyni jörðina Miklaholt í Hraunhreppi og var afsal gefið út 7. mars 1985, en það var ekki afhent til þinglýsingar fyrr en 2. júlí 1986. Hluta af kaupverðinu greiddi Valur með því að gefa út hinn 1. mars 1985 tíu veðskuldabréf samtals að fjárhæð 1.000.000,00 krónur. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að hann hafi eignast átta af þessum veðskuldabréfum samtals að fjárhæð 800.000,00 krónur með framsali Gunnars hinn 24. mars 1985, þegar Gunnar keypti bifreið af áfrýjanda, samkvæmt afsali og tilkynningu um sölu bifreiðarinnar til Bifreiðaeftirlits ríkisins, sem dagsett eru þann dag. Skjöl þessi hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Áfrýjandi hefur lagt veðskuldabréfin átta fram í málinu. Þau eru öll árituð um framsal á nafn áfrýjanda og eru framsölin undirrituð af Gunnari en dagsetningar framsals er hins vegar ekki getið. Svo sem málflutningi aðila og sönnunarreglum er háttað þykir verða að leggja til grundvallar í málinu að áfrýjandi hafi fengið veðskuldabréfin framseld 24. mars 1985. Þegar Gunnar gaf út veðleyfið til stefnda hinn 13. maí 1985 var hann því ekki lengur eigandi veðskuldabréfanna átta, sem þinglýst hafði verið 13. mars 1985. Gunnar var því ekki bær um að breyta veðböndum eignarinnar í bága við veðrétt áfrýjanda. Veðleyfinu og skuldabréfi stefnda var þinglýst án þess að fullnægt væri brýnum fyrirmælum í 12. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Veðleyfið hafði

því ekkert lagagildi gagnvart áfrýjanda og raskar ekki veðrétti hans samkvæmt skuldabréfunum enda bendir ekkert til annars en hann hafi verið í góðri trú. Samkvæmt því ber með vísan til 15. gr. þinglýsingarlaga að fella niður í frumvarpi að úthlutunargerðinni úthlutun til stefnda til greiðslu á kröfu samkvæmt veðskuldabréfi útgefnu 20. júní 1985, upphaflega að fjárhæð 246.000,00 krónur.

Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda 120.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Krafa áfrýjanda, Guðmundar Kristinssonar, um að felld verði niður úthlutun af uppboðsandvirði fasteignarinnar Miklaholts í Hraunhreppi í Mýrasýslu til stefnda, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, samkvæmt veðskuldabréfi útgefnu 20. júní 1985, er tekin til greina.

Stefndi greiði áfrýjanda 120.000,00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 8. júlí 1987.

Á nauðungaruppboði öðru og síðara þann 29. janúar 1987 var jörðin Miklaholt í Hraunhreppi seld. Var sóknaraðili Guðmundur Kristinsson hæstbjóðandi og bauð kr. 2.000.000,00 og krafðist útlagningar. Fram komu mótmæli frá sóknaraðila við frumvarp uppboðshaldara að úthlutunargerð og vék þá hinn reglulegi uppboðshaldari sæti ex officio þar sem mótmælin byggðust á meintum mistökum við þinglýsingu. Sá er með þetta mál fer var skipaður setuuppboðshaldari með bréfi dómsmálaráðuneytisins dagsettu 21. apríl 1987. Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 1. júlí 1987.

Kröfur sóknaraðila eru þær að felld verði niður úthlutun af uppboðsandvirðinu til varnaraðila til greiðslu veðkröfu varnaraðila skv. veðskuldabréfi dagsettu 20. júní 1985, upphaflega að fjárhæð kr. 246.000,00. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Kröfur varnaraðila eru þær *aðallega* að úthlutun verði í samræmi við frumvarp uppboðshaldara, en *til vara* að sú úthlutun verði látin gilda nema hvað bréf varnaraðila frá 20. júní 1985 færist aftar í röðinni. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málsatvik eru þau að sóknaraðili er handhafi 8 veðskuldabréfa, sem öll

eru útgefin 1. mars 1985, hvert að fjárhæð kr. 100.000,00 eða samtals kr. 800.000,00. Eru bréfin tryggð með veði í jörðinni Miklaholti, Hraunhreppi, og hvíldu upphaflega á 8. veðrétti samhliða en auk þessara 8 bréfa voru tvö önnur bréf samhliða, annað að fjárhæð kr. 80.000,00 og hitt að fjárhæð kr. 120.000,00. Eru þessi tvö bréf með sömu útgáfudagsetningu og hin 8. Útgefandi bréfanna var Valur Gunnarsson, þinglesinn eigandi jarðarinnar Miklaholts, og voru þau gefin út á nafn Gunnars Fjeldsteds, nnr. 3390-4983, Vesturgötu 25, Akranesi. Bréf sóknaraðila voru móttekin til þinglýsingar þann 13. mars 1985 og innfærð daginn eftir.

Þann 20. júní 1985 veðsetur Valur Gunnarsson varnaraðila jörðina Miklaholt til tryggingar láni að fjárhæð kr. 246.000,00. Var lánið tryggt með 3. veðrétti, á undan bréfum sóknaraðila. Var það gert með veðleyfi þáverandi eiganda bréfanna, Gunnars Fjeldsteds, dagsettu 13. maí 1985, sem fært var á laust blað, þar sem hann heimilar að bréfið hafi forgang fyrir bréfum Gunnars.

Var veðleyfinu þinglýst. Hins vegar hefur það ekki verið ritað á frumrit skuldabréfanna að veðleyfi hafi verið veitt fyrir láni þessu til varnaraðila.

Sóknaraðili eignaðist síðan við framsal, ódagsett, frá Gunnari Fjeldsted þau bréf sem hann fer með og bera frumrit skuldabréfanna það með sér.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því að við þinglýsingu bréfs varnaraðila, dagsetts 20. júní 1985, hafi ekki verið gætt 12. gr. þinglýsingarlaga nr. 39, 1978. Hafi ekki mátt þinglýsa bréfi varnaraðila án athugasemda um betri rétt sóknaraðila. Kveður hann að veðréttur sinn gangi framar rétti varnaraðila skv. bréfinu og vísar hann í því sambandi til 15. gr. þinglýsingarlaga.

Varnaraðili hefur mótmælt kröfum sóknaraðila. Hefur hann krafist þess, að úthlutun verði í samræmi við frumvarp hins reglulega uppboðshaldara. Virðist hann byggja mótmæli sín á því að bréfi varnaraðila hafi verið þinglýst án athugasemda og að andmæli sóknaraðila séu of seint fram komin.

Óumdeilt er í máli þessu að ekki var gætt ákvæða 12. gr. þinglýsingarlaga nr. 39, 1978, við þinglýsingu bréfs varnaraðila dagsett 20. júní 1985. Þá hefur það ekki verið dregið í efa að Gunnar Fjeldsted hafi verið bær til að gefa út veðleyfi það sem var á lausu blaði og varnaraðili byggir rétt sinn á til að fá greiðslu af uppboðsandvirðinu.

Úrlausnarefni þessa máls er það hvaða afleiðingar það hefur að þinglýsingardómari gætti ekki ákvæða 12. gr. þinglýsingarlaga við þinglýsingu bréfs varnaraðila, en í þeirri grein er sú skylda lögð honum á herðar að ganga úr skugga um, að veðleyfis sé getið á frumriti skuldabréfs þess, sem hleypir annarri veðskuld fram fyrir.

Þegar varnaraðili lét þinglýsa bréfi sínu, dags. 20. júní 1985, þá hafði hann aflað sér veðleyfis frá réttum eiganda þeirra 10 veðskuldabréfa sem

upphaflega hvíldu á 8. veðrétti. Eigandi bréfanna lét undir höfuð leggjast að færa inn á frumrit bréfanna að varnaraðila hafði verið veitt veðleyfi. Og þegar bréfi varnaraðila var þinglýst, gekk þinglýsingardómari ekki úr skugga um að veðleyfisins væri getið á frumriti bréfanna. Ekki verður annað ætlað en þinglýsingardómari hefði getað fengið frumrit bréfanna til athugunar, ef hann hefði gengið eftir því.

Varnaraðili hafði aflað sér veðleyfis rétts eiganda skuldabréfanna, þeirra sem sóknaraðili er nú handhafi að. Ekki verður talið að varnaraðili beri ábyrgð á því þótt fyrri eigandi léti undir höfuð leggjast að árita frumrit bréfanna um veðleyfið, né heldur verður talið að varnaraðili skuli bera hallann af því að þinglýsingardómari gætti ekki þeirrar lagaskyldu sem á hann er lögð í 12. gr. þinglýsingarlaga er bréfi varnaraðila var þinglýst.

Þegar ofangreind atriði eru höfð í huga, þykir rétt að hafna kröfu sóknaraðila og verður því niðurstaðan sú að frumvarp hins reglulega uppboðshaldara að úthlutunargerð, dags. 13. mars 1987, skal vera óbreytt.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Tryggvi Bjarnason, settur uppboðshaldari.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Guðmundar Kristinssonar, um að felld verði niður úthlutun af uppboðsandvirði fasteignarinnar Miklaholts, Hraunhreppi, til varnaraðila, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, skv. veðbréfi dags. 20. júní 1985, er hafnað.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 29. september 1988.

Nr. 174/1987. **Sigurður Andrés Kristinsson**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Jóhannesi B. Jóhannessyni og
Nývarði Ólfjörð Jónssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Landamerki. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Áfrýjunarfrestur. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og dæmt verði: „Milli jarðanna (Kvíabekkjar og Hringverskots) ræður Hringversáin merkjum, niður að svonefndum Hringversbakka norður með honum og þaðan beint í Fjarðará." Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þessar: Aðalkrafa, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til þrautavara, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Hvernig sem málið fer, krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Héraðsdómur var uppkveðinn 27. febrúar 1987. Áfrýjunarstefna var tekin út 27. maí 1987. Hefir málinu því verið áfrýjað innan þess frests, sem settur er í 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Verður málinu því ekki vísað frá Hæstarétti vegna þess að því hafi verið áfrýjað of seint.

II.

Í máli þessu greinir aðilja á um landamerki milli jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots, svo og um gildi landamerkjalýsingar, er séra Skapti gerði á jörðunum 5. júní 1886.

Í máli sem þessu ber nauðsyn til að láta kunnáttumann gera uppdrátt af þrætulandinu, þar sem merkt eru inn á kennileiti og dregnar af nákvæmni kröfulínur aðilja. Þetta hafa aðiljar látið undir höfuð leggjast. Komst mál þetta því aldrei á dómhæfan grundvöll í héraði.

Í dómsorði hins áfrýjaða dóms er heldur ekki skorið úr ágreiningsefni þessa máls með því einu að staðfesta „að landamerkjalýsing jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots sé rétt eins og hún kemur fram í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu".

Þá er á meðferð málsins í héraði sá ágalli, að héraðsdómari kvaddi Jónmund Stefánsson, er fengið hafði afsal 20. janúar 1970 frá áfrýjanda fyrir hlutą af svonefndum „Kvíabekkjarhólma", eigi á dómþing til að láta hann lýsa kröfum, svo sem skylt er samkvæmt 8. gr. laga um landamerki nr. 41/1919.

Vegna framantalinna annmarka á meðferð máls þessa í héraði ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Það athugast að ekki verður ráðið af bókunum héraðsdómara að meðdómendur hafi undirritað heit samkvæmt 7. tl. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ólafsfjarðar 27. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ.m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Jóhannesi B. Jóhannessyni, nnr. 5083-1132, Kálfsárkoti, Ólafsfirði, með stefnu útgefinni 9. september 1986 á hendur Sigurði Andrési Kristinssyni, nnr. 7882-0365, Kvíabekk, Ólafsfirði.

Krafa stefnanda er sú að staðfest verði með dómi að landamerki jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots séu eins og lýst er í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu dags. 5. júní 1886, en þar er þeim svo lýst í lýsingu vegna Kvíabekkjar: „Að norðan ræður gil, sem kallað er Hringversgil, frá fjalli, og er því sleppir eru merkin réttsýnis í Fjarðará." Í lýsingu Hringverskots segir svo í sömu bók dags. 5. júní 1886: „Að sunnan gil sem kallað er Hringversgil er liggur hér um bil beint milli fjalls og Fjarðarár."

Auk þess er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þessir skv. stefnu á dskj. nr. 1 að með afsali dags. 20. janúar 1970 afsalar Nývarð Ólfjörð Jónsson, eigandi Hringverskots, Jóhannesi Jóhannessyni, stefnanda máls þessa, hólma þeim er liggur á milli síkja fyrir sunnan og neðan Kálfsárkot fram að Kvíabekkjarmerkjum og vestur að síki því er rennur úr Fjarðará fyrir neðan Hringversá, og þar norðureftir.

Eigandi Kvíabekkjar, stefndi, telur að merkjum þessum sé ekki rétt lýst og telur sig eiga tilkall til lands þessa. Með bréfi dags. 28. janúar 1985 óskaði stefnandi eftir því að bæjarfógetinn á Ólafsfirði dómkveddi menn til að taka út landamerki þessi og í bréfi þeirra dags. 16. mars 1985 komast þeir að þeirri niðurstöðu að landamerkin séu eins og þeim er lýst í landamerkjabók. Þessu telji eigandi Kvíabekkjar sig ekki geta unað og telji sig eiga tilkall til landspildu sem er innan þeirrar merkjalýsingar sem að framan er getið. Þar sem eigandi Kvíabekkjar fellst ekki á að viðurkenna landamerki þessi, þá sé málshöfðun þessi nauðsynleg til að fá staðfestingu á merkjum milli Kvíabekkjar og Hringverskots.

Dómkröfur stefnda eru þær að lýsing sú á landamerkjum jarðanna Hringverskoti og Kvíabekkjar sem lýst er í stefnu á dskj. nr. 1 verði ekki viðurkennd og er gerður áskilnaður til að hafa uppi kröfu um rétt landamerki jarðanna í sérstöku máli sem sameinað verði máli þessu. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var þingfest 3. október 1986 og rekið sem mál nr. 6/1986.

Með stefnu dags. 19. október 1986 höfðar Sigurður Andrés Kristinsson, nnr. 7882-0365, bóndi Kvíabekk Ólafsfirði, mál fyrir bæjarþingi Ólafsfjarðar gegn Nývarð Ólfjörð Jónssyni, nnr. 6644-2888, Skarðshlið 4d Akureyri.

Stefnandi gerir þær kröfur að viðurkennt verði með dómi að landamerkjalýsing jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots á Ólafsfirði í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu sé röng og ómerk að því er varðar landamerki þessara tveggja jarða og að viðurkennt verði með dómi að landamerki jarðanna séu svo sem hér segir: „Milli jarðanna ræður Hringversáin merkjum niður að svonefndum Hringversbakka og þaðan beint í Fjarðará."

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. framlögðum reikningi.

Málavextir skv. stefnu á dskj. nr. 20 eru þeir að fyrir réttum eitt hundrað árum, eða hinn 5. júní 1886, ritaði Skapti Jónsson, prestur á Hvanneyri á Siglufirði, landamerkjalýsingu fyrir nokkrar jarðir á Ólafsfirði, þ. á m. jarðirnar Kvíabekk og Hringverskot. Ekki er ljóst að hvers beiðni eða hvers vegna þetta var gert, né heldur er ljóst hverjum var birt niðurstaða prestsins og lýsing hans á merkjunum. Vegna einhvers konar mistaka var þessi landamerkjalýsing prestsins síðan færð inn í opinberar landamerkjaskrár án þess

að lýsingin væri staðfest af eigendum eða ábúendum jarðanna. Lýsing séra Skapta á merkjunum er svohljóðandi fyrir Kvíabekk: „Að norðan ræður gil, sem kallað er Hringversgil, frá fjalli, og er því sleppir eru merkin réttsýnis í Fjarðará." Þessi lýsing Skapta hefur aldrei verið lögð til grundvallar landamerkjum greindra jarða heldur hefur svonefnd Hringversá verið látin ráða merkjunum. Á þessi rennur eftir svonefndu Hringversárgili eða Árgili, sem er nokkru sunnar en hið eiginlega Hringversgil. Hringverskot hefur verið í eyði síðan árið 1944. Síðasti ábúandi þar var Magnús Sigurðsson, en hann er nú látinn. Sonur hans Sigmar, sem var öll sín uppvaxtarár í Hringverskoti, hefur staðfest þá fullyrðingu að Hringversáin hafi alla tíð ráðið merkjum á milli jarðanna. Sama gera fyrrverandi ábúendur Kvíabekkjar.

Þar sem ágreiningur er meðal eigenda jarðanna um merkin er nauðsynlegt að fá úr því skorið með dómi.

Af hálfu stefnda er þess krafist að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að staðfest verði að landamerkjalýsing jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots sé rétt eins og hún kemur fram í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þann 6. febrúar sl. voru málin sameinuð og eru nú rekin sem eitt mál nr. 6/1986.

Í því þinghaldi féll stefnandi í aðalsök frá kröfum sínum í málinu en stefnandi í aukasök gerði þá breytingu á orðalagi á stefnukröfum með samþykki stefnda að í stefnu á dskj. nr. 20 í 3ju línu neðan frá í kafla um kröfur komi á eftir svonefndum Hringversbakka „norður með honum".

Þann 22. október 1986 gaf stefnandi í aðalsök, Jóhannes B. Jóhannesson, bóndi í Kálfsárkoti, Ólafsfirði, aðilaskýrslu í málinu.

Hann kvaðst hafa falast eftir kaupum á landspildu hjá stefnda í aukasök, Nývarð Ólfjörð Jónssyni, eiganda Hringverskots, árið 1970 og vildi hann selja honum hólma vestan Fjarðarár miðað við aðalfarveg hennar skv. lýsingu þeirri sem kemur fram í dskj. nr. 5.

Mætti kveðst ekki muna til þess að Nývarð hafi látið í ljós að vafi gæti verið um landamerki gagnvart Kvíabekk. Hann kvaðst nokkru síðar hafa heyrt það á stefndum Sigurði Andrési Kristinssyni bónda, Kvíabekk, að ekki væri ágreiningslaust um landamerki varðandi þessa spildu og tilheyrði hún Kvíabekk.

Er athugasemd var gerð við afsal við þinglýsingu kvaðst mætti hafa talað til (sic) Nývarð og hafi hann fullyrt að hann væri að selja spildu sem tilheyrði Hringverskoti. Mætti kvað síðan vera liðin 16 ár og þetta land hafi hann ekki getað nýtt sér að neinu leyti. Hann kvaðst hafa þurft að leigja sér lönd í sveitinni til heyöflunar vegna þessa. Mætti kvaðst hafa fengið

að slá landspildu þessa í eitt sinn með leyfi Nývarðs og þá hafi faðir stefnda fundið að því og talið landið tilheyra Kvíabekk.

Mætti kvaðst við kaupin hafa gert sér ljóst að ágreiningur var um landamerki, en eftir að hann kynnti sér lýsingu á landamerkjunum þá hafi hann talið það ljóst að landið hefði tilheyrt Hringverskoti. Hann kvað engan ágreining vera um það hvar Hringversá sé. Telur hann það almennt vitað að Hringversá komi úr Hringversgili. Mætti kvað þá Nývarð ekki hafa gengið um landið til að kanna merki er salan á spildunni fór fram, en hann hafi talað við Magnús Sigurðsson, síðasta ábúanda Hringverskots, og hann hafi eins og Nývarð talið merkin vera beint frá Hringversá neðan vegar í Fjarðará.

Mætti kveðst ekki vita um nafn á næsta gili norðan við gil það sem Hringversá rennur um og hann kveðst telja að heiti Hringversgil. Mætti kvað þá Nývarð ekki hafa gert skriflegan samning um kaup á spildunni, en hann hafi látið Nývarð fá hest fyrir spilduna, sem hann telur hafa verið um kr. 12.000,00 virði. Mætti kvaðst hafa selt möl til Vegagerðar ríkisins úr greindri landspildu og talið æskilegt að gamli farvegurinn yrði dýpkaður. Mætti kvað stefnda hafa komið í veg fyrir að hann gæti nýtt landspilduna með því að fjarlægja girðingar. Hann kveðst ekki telja að ágreiningur hafi verið um að miða landamerki við aðalfarveginn. Mætti kveður þær eyrar sem eru gegnt Kálfsárkoti vera nefndar Hringverseyrar, en man ekki hvað þær heita sunnar. Hann hafi hins vegar kallað hólmann „Hringvershólma" sem hér er um deilt.

Sama dag gaf stefnandi Sigurður Andrés Kristinsson, bóndi Kvíabekk Ólafsfirði, aðilaskýrslu í málinu. Hann kvaðst hafa eignast jörðina Kvíabekk haustið 1957 af Kristjáni Rögnvaldssyni. Mætti kvað hafa verið rætt við Kristján um norðurmerki jarðarinnar og hann sagt að bréf Skapta prests á Siglufirði réði þar ekki merkjum, heldur Hringversá.

Hann kvað ekki hafa verið neinn ágreining við eiganda Hringverskots um merkin er hann keypti Kvíabekk. Það verði ekki fyrr en stefnandi í aðalsök keypti spilduna 1970 af Nývarð, stefndum í aukasök. Hann kvað ekki vera ágreining um að Hringversá renni úr Hringversárgili. Mætti kvaðst alltaf hafa talið að Hringversá réði merkjum með Kvíabekk og Hringverskoti. Mætti kvað Kristján Rögnvaldsson hafa talið landamerkjalýsingu Skapta prests fráleita, þar sem endapunktar voru óvissir.

Hann kvaðst telja lýsingu Sigmars Magnússonar rétta á landamerkjunum og þá sé lýsing Páls Bergssonar rétt á dskj. 15. Mætti kvaðst ekki vera sáttur við að það sé nefnt aðalfarvegur þar sem áin renni nú. Taldi hann allar eyrarnar vera nefndar Kvíabekkjareyrar að Hringversá. Hann kvað Kristján Rögnvaldsson hafa neitað að samþykkja landamerki að beiðni Þorsteins Símonarsonar, fyrrverandi bæjarfógeta, við sölu á Hringverskoti.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Albert Magnússon, Vesturgötu 15, Ólafsfirði, en vitnið hafði að beiðni stefnanda í aðalsök verið dómkvatt ásamt Ármanni Þórðarsyni til að taka út landamerki jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots sbr. dskj. nr. 6 og 7.

Mætti kvað gilið vera nefnt Hringversárgil sem þeir matsmenn hafi við miðað og kvað næsta gil fyrir norðan heita Reitsgil og úr því renni Reitslækur. Vitnið kvaðst vera fætt og uppalið í Hringverskoti. Vitnið taldi ekki hafa verið þörf á vettvangsgöngu og ekki hafi verið rætt við neina í þessu sambandi og þeir farið beint á staðinn áður en þeir sömdu matsgerð. Snjór hafi verið á jörðu er þeir komu á staðinn en gilið hafi sést. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að bréf Ásgríms Hartmannssonar frá 3. október 1953 hafi legið fyrir.

Sama dag kom fyrir sem vitni Ármann Þórðarson útibússtjóri, Ægisgötu 1, Ólafsfirði.

Vitnið kvaðst hafa byggt á því að Nývarð hefði keypt samkvæmt landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu og þar sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar og landamerkjabók hafi borið saman hafi þetta orðið niðurstaðan miðað við annað það sem getið er um í matsgerð á dskj. nr. 7. Vitnið kveðst hafa miðað beina línu úr nefndu gili og í Fjarðará.

Matsmennirnir staðfestu matsgerðina á dskj. nr. 7 og er hún svohljóðandi: „Samkvæmt tilnefningarbréfi bæjarfógetans á Ólafsfirði höfum við nú lokið við að kynna okkur gögn og álit ýmissa aðila er varða landamerki jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots. Fram hefur m.a. komið að samkvæmt landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu hefur Skapti Jónsson prestur skráð landamerki þessara jarða þann 5. júní 1886, þar segir að landamerkjum ráði gil sem kallað er Hringversgil og liggur það hér um bil beint milli fjalls og Fjarðarár, er gilinu sleppir eru merkin réttsýnis í Fjarðará.

Andrés Kristinsson, núverandi eigandi og ábúandi á Kvíabekk, lagði fram yfirlýsingu undirritaða af Sigmari Magnússyni og Gunnlaugi Rögnvaldssyni. Þar segir að Hringversáin hafi ráðið merkjum og renni hún út með svokölluðum Háabakka og þaðan skáhallt í Fjarðará móti Kálfsárkoti.

Nývarð Ólfjörð, núverandi eigandi Hringverskots, lagði fram bréf frá Ásgrími Hartmannssyni bæjarstjóra á Ólafsfirði, dags. 3. október 1953, en þá var Nývarð búinn að kaupa Hringverskot af Ólafsfjarðarbæ. Ásgrimur bæjarstjóri tekur lýsingu á landamerkjunum orðrétta úr landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu samkvæmt því sem Skapti Jónsson prestur skráir 5. júní 1886. Við höfum ekki fundið að fram komi nein skrifleg eða skráð mótmæli né heldur athugasemdir við þessi landamerki nema það sem Andrés lagði fram og dagsett er á þessu ári.

Fram hefur m.a. komið í viðræðum að ábúendur Kvíabekkjar hafi talið að landamerki fylgdu Hringversánni og því teygði land Kvíabekkjar sig

norðaustur neðan svonefnds Háabakka. Þessu hafi ábúandi Hringverskots mótmælt og talið landamerkin vera samkvæmt landamerkjabók í beinu framhaldi af Hringversgili í Fjarðará; ábúendur Kvíabekkjar hafi því ekki nytjað það land sem ágreiningur kann að hafa verið um. Það hafi heldur ekki verið gert af ábúendum Hringverskots.

Þegar Nývarð Ólfjörð kaupir Hringverskot er ljóst að honum hefur verið seld jörðin samkvæmt þeim landamerkjum sem skráð eru í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu.

Niðurstaða athugana okkar er því sú að landamerkin milli Kvíabekkjar og Hringverskots séu samkvæmt landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu eftir svonefndu Hringversgili og er því sleppir beint í Fjarðará. Við viljum taka það fram að farvegi Hringversár hefur verið breytt neðan við þjóðveginn og fara ber eftir gili sem er c.a. 15 metrum norðar en núverandi árfarvegur neðst á bakkanum.

Ólafsfirði 16. mars 1985
Ármann Þórðarson
Albert Magnússon."

Þann 18. nóvember 1986 gaf aðilaskýrslu í máli þessu stefndi í aukasök, Nývarð Ólfjörð Jónsson, Skarðshlíð 4d, Akureyri.

Kvaðst hann hafa keypt jörðina Hringverskot af Ólafsfjarðarbæ árið 1952 og hafi hann samið við þáverandi bæjarstjóra, Ásgrím Hartmannsson, og var kaupverðið kr. 10.000,00. Kvaðst hann hafa beðið Ásgrím um landamerkjabréf sem hann hafi fengið en ekki hafi verið minnst á að ágreiningur gæti verið um landamerki fyrr en nú upp á síðkastið. Mætti kvaðst fyrst hafa orðið var við ágreining um landamerki er hann var búinn að rækta Hringverseyrarnar. Hann kvaðst ekki muna ártalið, en þetta hafi verið mikið kalár, en það hafi þó verið fyrir 1970.

Mætti kvað stefnanda hafa rætt það við sig að línan úr gilinu lægi norðar úr gilinu þegar staðið væri uppi í urðinni og horft niður. Mætti kvaðst hafa rætt þetta við Ævar Hjartarson búnaðarráðunaut, og hafi hann talið að línan væri ætíð dregin upp í mitt gil.

Mætti kvaðst að beiðni Jóhannesar Jóhannessonar í Kálfsárkoti hafa selt honum 1970 landspildu á Hringverseyrum, svonefndan „hólma", en man ekki kaupverðið, en gerður hafi verið kaupsamningur eða afsal. Hann kvaðst ekki muna hvort kaupverðið hafi verið greitt með hesti. Hann hafi þó fengið fola hjá Jóhannesi sem hann hafi selt Jóhannesi upphaflega.

Kaupverðið hafi verið sáralítið á landspildunni eins og kaupverð á hestum á þessum tíma. Mætti kvað landamerkin liggja í mitt gilið upp úr farvegi Hringversár og frá Háabakka beina línu í Fjarðará.

Hann kvað umdeildan hólma ekki hafa verið nytjaðan, hvorki frá Hringverskoti né Kvíabekk, í sinni tíð. Hann kvað gilið hafa verið nefnt Hring-

versgil og Hringversárgil. Hann kvaðst aldrei hafa búið á jörðinni Hringverskoti, hann hafi aðeins nytjað jörðina til heyskapar. Hann hafi ræktað upp eyrarnar suður og niður frá Hringverskoti.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni í málinu Petrea Rögnvaldsdóttir, Brekkugötu 15, Ólafsfirði, 78 ára að aldri. Vitnið kvaðst hafa verið á 2. aldursári er foreldrar þess fluttu úr Fljótum á Ólafsfjörð og er hún man fyrst eftir sér þá hafi ávallt verið talið að áin réði merkjum milli jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots. Vitnið kveðst aldrei muna til þess að ágreiningur væri um merki á milli jarðanna þar sem áin réði merkjum. Vitnið kveður ána hafa runnið beint niður úr fjallinu og í Fjarðarána og ekki muni vitnið til þess að áin hafi beygt neitt heldur runnið beint í Fjarðará.

Sama dag kom Gunnlaugur Rögnvaldsson, Kirkjuvegi 9, Ólafsfirði, fyrir dóm sem vitni, en hann er 84ra ára að aldri. Vitnið og fyrra vitni eru systkini Kristjáns Rögnvaldssonar, fyrri ábúanda á Kvíabekk, en þau eru öll þrjú móðursystkini stefnanda í málinu. Vitnið kveðst hafa verið 8 ára er faðir þess fluttist að Kvíabekk og ólst vitnið þar upp til 1930. Vitnið kvað Hringversána ávallt hafa verið talda ráða merkjum milli jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots. Vitnið kvað Hringversána hafa runnið beint niður úr fjalli en runnið síðan út eða í norður undir bakkanum og aflíðandi í Fjarðará.

Í yfirlýsingu vitnisins Sigmars Magnússonar á dskj. nr. 14 segir: „Öll þau ár sem faðir minn bjó í Hringverskoti réð Hringversáin landamerkjum milli Kvíabekkjar og Hringverskots. Hringversáin rann út með svokölluðum „Háabakka" og rennur þaðan skáhallt í Fjarðará móti Kálfsárkoti eins og hún gerir nú." Þessi yfirlýsing er dags. 6. janúar 1985. Yfirlýsingin er staðfest í bæjarþingi Siglufjarðar 13. október 1986.

Þann 6. febrúar sl. kom fyrir dóm sem vitni Jónmundur Stefánsson umboðsmaður, Brekkugötu 9, Ólafsfirði, 64 ára að aldri.

Vitnið kveðst hafa keypt norðurhluta Kvíabekkjarhólma af Sigurði Andrési Kristinssyni með afsali dags. 20. janúar 1970, sbr. dskj. nr. 16.

Vitnið kvaðst ekki muna til þess að neitt hafi verið talað um að landamerkin væru þarna óglögg en vitað að spildan lá að landamerkjum jarðarinnar Hringverskots. Vitnið kveðst hafa frétt það eftir á að Jóhannes Jóhannesson, bóndi í Kálfsárkoti, hefði fengið afsal fyrir sömu spildu dagsett sama dag og sitt afsal.

Vitnið kveðst ekki muna hve langur tími leið frá útgáfu afsalsins og þar til því var þinglýst. Ekki hafi þó liðið hálft ár þar á milli.

Vitnið kveðst hafa gert sér ljóst eftir á að þarna lék vafi á um eignarrétt að hluta landspildunnar að hann væri í eigu annars aðila. Vitnið kvaðst ekki hafa talið sér spilduna til eignar á skattframtali.

Vitnið kvað sér ekki vera kunnugt um nein tengsl milli sín og stefnanda í aukasök.

Dómurinn hefur tvívegis farið á vettvang, í síðara skiptið gengið upp í gil það sem Hringversá rennur úr og nefnt er ýmist Hringversárgil, Árgil eða Hringversgil í máli þessu.

Málsástæður stefnanda í aukasök eru að hann reisir kröfur sínar á því að lýsing sú sem gefin er á merkjum jarðanna í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu sé ekki gildandi þar sem lögboðið samþykki landeiganda og eiganda ítaka og hlunninda vantar. Um þau merki sem stefnandi telur gildandi og krafið er staðfestingar á vitnar stefnandi til hefðar og óslitinna umráða og afnota, svo og vitnis fyrrverandi og núlifandi ábúenda þar að hlítandi.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til ákvæða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1905.

Málsástæður stefnda í aukasök eru þær að ekkert sé fram komið sem bendi til þess að landamerkin, eins og þau eru skráð 5. júní 1886 í landamerkjabækur, séu ekki rétt.

Mótmælt er málatilbúnaði stefnanda sem algjörlega tilhæfulausum. Stefnandi geti ekki bent á nein þau atriði sem leitt gætu til þess að skráðum landamerkjum verði hnekkt. Því er ennfremur mótmælt af hálfu stefnda að skilyrði hefðar séu fyrir hendi. Merki þessi séu orðin 100 ára gömul í landamerkjabókum og ekki sé vitað til þess að á þau hafi verið bornar brigður.

Stefndi taldi sig ætíð eiga land skv. skráðum landamerkjum enda seldi hann stefnanda í aðalsök hluta úr landi sínu árið 1970, en stefnandi í aukasök telur það vera innan sinna landamerkja án þess þó að hann geti á nokkurn hátt bent á skráðar heimildir fyrir því.

Á það er bent að 20. janúar 1970 afsali stefndi í aukasök stefnanda í aðalsök spildu úr landi sínu en svo undarlega vilji til að sama dag og það afsal er afhent til þinglýsingar komi afsal frá stefnanda í aukasök, þar sem hann afsalar landi til Jónmundar Stefánssonar, en í athugasemd þinglýsingardómara komi fram að land þetta sé innan landamerkja Hringverskots.

Niðurstaða: Af því sem rakið hefur verið hér að framan er það álit dómsins að ekkert sé fram komið í málinu um að Skapti Jónsson prestur hafi ekki haft heimild til að staðfesta landamerkjalýsingu fyrir Kvíabekk 5. júní 1886.

Ekki er upplýst í málinu hverjir voru ábúendur Kvíabekkjar á þeim tíma.

Skapti Jónsson prestur undirritar að Kvíabekk 5. júní 1886 landamerki fyrir prestsetrið Kvíabekk og landamerki kirkjujarðarinnar Hringverskots en samþykkur þar er Baldvin G. Þorvaldsson sbr. dskj. nr. 12 og 13.

Ljóst er að stefndi keypti Hringverskot skv. landamerkjalýsingu Skapta Jónssonar prests frá 5. júní 1886.

Samkvæmt vitnaframburðinum hefur Hringversáin ráðið merkjum og kemur hún úr gili því sem ýmist er nefnt Hringversárgil, Árgil eða Hringversgil. Þótt stefnandi telji gil sem er nokkru norðar bera síðast nefnda nafnið þá er það álit dómsins að endapunktar landamerkjalínunnar séu mynni gilsins uppi í fjalli eða þar sem því sleppir og bein lína með Hringversánni í Fjarðará enda segir í landamerkjalýsingunni frá 5. júní 1886 fyrir Hringverskot: „Hringversgil er liggur hér um bil beint milli fjalls og Fjarðarár." Í landamerkjalýsingunni fyrir Kvíabekk segir: „Að norðan ræður gil, sem kallað er Hringversgil, frá fjalli, og er því sleppir eru merkin réttsýnis í Fjarðará." Telur dómurinn með hliðsjón af vitnaframburðum, dskj. nr. 15 og matsgerð á dskj. nr. 7, að landamerkjalínan hafi endapunkt í mynni gilsins sem Hringversá rennur úr og sé bein lína með ánni í Fjarðará í samræmi við landamerkjalýsingar fyrir Hringverskot og Kvíabekk frá 5. júní 1886 enda sést ekki að þessum lýsingum hafi verið mótmælt nokkurn tíma og þegar stefndi keypti Hringverskot 1952 eru engin mótmæli sett fram sem hægt er að fá staðfest enda hefur slíkt ekki verið gert í máli þessu.

Af þessum sökum verður að fallast á sýknukröfu stefnda í aukasök og staðfesta að landamerkjalýsing jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots sé rétt eins og hún kemur fram í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu.

Stefndi í aðalsök gerði kröfu til málskostnaðar að skaðlausu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli þar niður, en í aukasök greiði stefnandi stefndum kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Rétt þykir að vita stefndan í aðalsök og stefnanda í aukasök fyrir móðgandi ummæli á dskj. nr. 8 um dómkvadda matsmenn og dómarann vegna skipunar þeirra.

Dóm þennan kváðu upp Barði Þórhallsson bæjarfógeti ásamt meðdómsmönnunum Óskari Þór Sigurbjörnssyni skólastjóra og Gunnari L. Jóhannssyni, skólastjóra og bónda.

Dómsorð:

Málskostnaður fellur niður í aðalsök.

Stefndi í aukasök, Nývarð Ólfjörð Jónsson, er sýknaður af kröfum stefnanda og staðfest að landamerkjalýsing jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots sé rétt eins og hún kemur fram í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu.

Í aukasök greiði stefnandi stefndum kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi í aðalsök og stefnandi í aukasök Sigurður Andrés Kristinsson er vitnar fyrir móðgandi ummæli á dskj. nr. 8 í málinu.

Fimmtudaginn 29. september 1988.

Nr. 313/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Stefáni Þorkatli Karlssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 24. þ.m., er barst Hæstarétti 27. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. september 1988.

Ár 1988, laugardaginn 24. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Stefáni Þorkatli Karlssyni, atvinnulausum með lögheimili að Leifsgötu 28, dvalarstað að Vesturbergi 78 hér í borg, fæddum 15. maí 1954 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæslu-

varðhaldi allt til föstudagsins 7. október nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir:

Kærði Stefán Þorkell hefur viðurkennt að hafa tekið út parket fyrir 294.566,- krónur hjá Agli Árnasyni og notað í bílaviðskiptum. Kærði hefur borið að Gísli Már Jónsson hafi skrifað upp á víxil fyrir sig vegna viðskiptanna hjá Agli að fjárhæð kr. 294.566,-. Bifreiðin hafi verið metin á kr. 400.000,-, en hann hafi aldrei fengið hana afhenta, þar sem hún hafi bilað. Kærði hefur borið að hann hafi ætlað að selja hana og nota 100.000,- kr. af söluverði hennar til greiðslu inn á skuld kærða við byggingavöruverslunina GOS hf., sem hann hafi stofnað til vegna úttektar á málningu og fleiru fyrir 150.000,- kr.

Kærði hefur viðurkennt að hafa tekið að sér málningarvinnu í félagi við Kristján Daðason, og hafi kærði annast vöruúttekt vegna samstarfs þeirra þar sem Kristján sé gjaldþrota. Samstarf þeirra hafi byrjað 1. júlí sl., en kærði losnaði úr afplánun 1. júní og vann ekkert þann mánuð. Kærði kveður þá hafa lokið við málningu á tveimur einbýlishúsum á Seltjarnarnesi og kærði fengið 60.000,- króna greiðslu í sinn hlut. Þeir hafi lokið við grunnmálningu á blokk við Engihjalla, Kópavogi, en kærði hafi veikst áður en verkinu lauk. Kærði hafi nú fyrir stuttu ætlað að gá að málningu sem geymd hafi verið í ruslakompu blokkarinnar, en hún þá verið horfin.

Áður kveðst kærði hafa málað þak og lagt parket á eigin vegum fyrir bróður Kristjáns og fengið greitt fyrir verkið 380.000,- krónur. Efni hafi hann tekið út í Húsasmiðjunni fyrir 350.000,- krónur og ekki innt greiðslu af hendi.

Kærði kveðst hafa legið í rúminu síðan í byrjun ágúst vegna brjóskloss og því ekki staðið við gerða samninga.

Kærði hefur viðurkennt að Gísli Már Jónsson hafi skrifað undir sjálfskuldarábyrgð fyrir kærða í Húsasmiðjunni. Kærði hefur hins vegar alfarið neitað því að þeir hafi staðið saman að úttektum í hinum ýmsu byggingarvöruverslunum.

Kærði hefur borið að hringt hafi verið í sig vegna auglýsingar sem birtist í Dagblaðinu Vísi 15. ágúst sl., þar sem auglýstir voru til sölu 200 lítrar af innanhúsmálningu. Auglýst var að upplýsingar væru gefnar í síma hjá kærða. Kærði kannast hins vegar ekki við að hafa tekið út innanhúsmálningu eða séð um sölu hennar.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn mála þessara er á frumstigi, svo sem komið hefur fram hér að framan. Veruleg hætta er á að kærði hafi áhrif á hugsanlega samseka

og spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi. Þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, enda ljóst að kærði er grunaður um umfangsmikil fjársvik. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. október nk. kl. 16:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Stefán Þorkell Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. október nk. kl. 16:00.

Fimmtudaginn 29. september 1988.

Nr. 270/1986. **Hrafnhildur Kjartansdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sigurði H. Guðmundssyni
(Guðmundur Markússon hrl.)

Fasteignakaup. Gjaldfelling. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut dómi í máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1986 og fjárnámsgerð með stefnu 19. desember 1986. Hún gerir eftirfarandi kröfur fyrir Hæstarétti:

1. Aðallega, að hún verði að svo stöddu sýknuð af öllum kröfum stefnda.
2. Til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar.
3. Að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld.
4. Að stefnda verði gert að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur og áfrýjuð fjárnáms-

gerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Stefndi breytir þó frá dómsorði héraðsdóms á þann veg að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags krefst hann dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Til vara gerir hann þá kröfu fyrir Hæstarétti, að áfrýjanda verði gert að greiða honum 371.472,01 krónur auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af 13.530.00 krónum frá 25. janúar 1986 til 1. mars s.á., með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10. s.m., en af 147.758,26 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði til 10. s.m., en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði af 267.072,26 krónum til 1. júní s.á., en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til 10. mars 1988, en frá þeim degi til greiðsludags af 371.472,01 krónum og í málskostnað í héraði 42.000,00 krónur og málskostnað fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess að áfrýjandi gefi út veðskuldabréf, tryggt með veði í hinni seldu eign nr. 12 við Esjubraut á Akranesi, að fjárhæð 74.571,25 krónur, er beri 20% ársvexti frá 10. mars 1988 til 10. mars 1989 með einni afborgun þann 10. mars 1989.

Loks segir í kröfugerð hans að aðal- og varakrafa dæmist „gegn afhendingu afsals fyrir hinni seldu eign, einbýlishúsinu nr. 12 við Esjubraut á Akranesi ásamt tilheyrandi erfðaleigulóðarréttindum og bílskúr á lóðinni".

Útivist varð af hálfu áfrýjanda í héraði. Útivist sína skýrir hann þannig að hann hafi falið ónafngreindum lögmanni á Akranesi að mæta fyrir sig við þingfestingu, en hann ekki sótt þing. Áfrýjandi þykir ekki hafa sýnt fram á að sú útivist hafi verið afsakanleg í skilningi 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ekki verður því hér tekið tillit til krafna hans og málsástæðna sem hann mátti koma að í héraði. Aðalkrafa stefnda er í samræmi við framlögð skjöl og skilríki og þykir því mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm um greiðslu áfrýjanda á 311.815,00 krónum. Hinn 13. maí 1986 var áfrýjanda ritað kröfubréf sem hafði að geyma greiðsluáskorun og gjaldfellingu. Verða dráttarvextir ekki dæmdir frá fyrri tíma. Vegna breytinga, er orðið hafa á vöxtum eftir fjárnámsgerð, sbr. og vaxtalög nr. 25/1987, var stefnda rétt að breyta vaxtakröfum sínum fyrir

Hæstarétti, svo sem hann hefur gert í aðalkröfu, enda þótt fjárnámið verði ekki staðfest fyrir hækkunum sem í því kunna að felast. Að þessum sjónarmiðum athuguðum og kröfugerð stefnda eru vextir dæmdir eins og í dómsorði greinir. Skilja verður stefnda svo að hann bjóði fram afsal fyrir eigninni að Esjubraut 12 á Akranesi.

Eftir þessum málalokum er rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 92.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hrafnhildur Kjartansdóttir, greiði stefnda, Sigurði H. Guðmundssyni, 311.815,00 krónur auk 20% ársvaxta af 298.285,00 krónum frá 10. mars 1985 til 13. maí 1986 og ásamt 45% ársvöxtum af 13.530,0 krónum frá 25. janúar 1986 til 1. mars s.á. og 33% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl s.á. og síðan með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 13. maí s.á. og 27% ársvöxtum af 311.815,00 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og ákvörðunum Seðlabanka Íslands um dráttarvexti, eins og þær eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Fjárnám það er gert var hinn 8. október 1986 í fasteign áfrýjanda að Esjubraut 12, Akranesi, er staðfest til tryggingar greiðslu tildæmdra fjárhæða, þó ekki hærri en 27% ársvöxtum eftir 13. maí 1986 til greiðsludags, allt gegn afhendingu afsals fyrir eigninni nr. 12 við Esjubraut á Akranesi.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 92.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 23. júlí 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. júní sl., var höfðað með stefnu útgefinni 25. júní sl. af Sigurði H. Guðmundssyni, Skarðsbraut 1, Akranesi, gegn Hrafnhildi Kjartansdóttur, Esjubraut 12, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær *aðallega* að stefndu verði gert að greiða

stefnanda kr. 371.472,00 auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot út mánuði af kr. 13.500,00 frá 25.01. 1986 til 01.03. 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10.03. 1986, en af 371.472,00 frá þeim degi til 01.04. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 371.472,00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist alls málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Þess er og krafist af hálfu stefnanda að í dómsorði verði tekið fram um áfallna vexti að þeir leggist við höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 25.01. 1987 og 10.03. 1987.

Til vara er sú dómkrafa stefnanda að stefndu verði gert að greiða kr. 147.758,25 auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 13.530,00 frá 25.01. 1986 til 01.03. 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10.03. 1986, en af kr. 147.758,25 frá þeim degi til 01.04. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 147.758,25 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti eins og í aðalkröfu greinir og að stefnda gefi út skuldabréf að viðlögðum dagsektum, kr. 500,00 á dag frá birtingardegi stefnu, tryggðu með veði í húseign stefndu, Esjubraut 12, Akranesi, að fjárhæð kr. 223.713,76, er beri 20% fasta ársvexti frá 10.03. 1986 með árlegum afborgunum á 3 árum frá 10.03. 1986 að telja, í fyrsta sinn 10.03. 1987. Loks er krafist málskostnðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi segir málavexti vera þá að með kaupsamningi dags. 06.02. 1985 seldi stefnandi stefndu húseign sína, Esjubraut 12, Akranesi, fyrir kr. 2.200.000,00. Nam útborgun í peningum kr. 1.900.000,00 en stefnda tók að sér að greiða veðskuldir að fjárhæð kr. 1.714,99. Samkvæmt kaupsamningi átti kaupandi (stefnda) að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, kr. 298.285,01, þann 25.01. 1986, enda færi þá fram lokagreiðsla útborgunar, kr. 200.000,00. Þá gæfi og seljandi, stefnandi málsins, út afsal fyrir eigninni. Skuldabréfið átti að vera með 4 greiðslum þann 10.03. 1986 (sic) og bera 20% fasta ársvexti, er reiknast skyldu frá afhendingardegi 10.03. 1985.

Á gjalddaga síðustu útborgunargreiðslu, 25.01. 1986, greiddi stefnda kr. 184.000,00 og hélt eftir kr. 16.000,00 vegna fasteignagjalda af húseigninni fyrir árið 1985. Stefnandi telur sig eiga að greiða fasteignagjald fyrir tímabilið 01.01. til 10.03. 1985 eða kr. 2.470,00 af heildargjaldinu, kr. 12.877,00. Stefnda eigi því ógreiddar af útborgunargreiðslu frá 25.01. 1985 kr. 13.530,00.

Stefnda kom eigi til að ganga frá útgáfu skuldabréfs og lokauppgjöri og um leið veita viðtöku afsali á afsalsdegi 25.01. 1986 hjá fasteignasalanum sem annaðist söluna og skjalagerð. En stefnandi og eiginkona hans

undirrituðu þó afsalið hjá fasteignasalanum án þess að fá skuldabréfið í hendur. Á fyrsta gjalddaga skuldabréfsins samkvæmt kaupsamningi þann 10.03. 1986 greiddi stefnda ekki afborganir eða vexti þrátt fyrir greiðsluáskoranir sínar (sic). Og með greiðsluáskorun/gjaldfellingu þann 13. maí 1986, sem var birt fyrir stefndu af stefnuvottum þann 17.05. 1986, var henni tilkynnt að eftirstöðvar kaupverðsins hefðu í heild verið gjaldfelldar vegna vanskila hennar og greiðsludráttar sem þá var orðinn verulegur. En þar sem þrátt fyrir þetta hafði eigi borist greiðsla var málssókn þessi óhjákvæmileg.

Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína þannig að hún sé höfuðstóll skuldabréfsins samkvæmt kaupsamningi auk umsaminna vaxta af því í eitt ár, svo og vangreiðsla á útborgunarfé frá 25.01. 1986.

Í varakröfu stefnanda felst krafa um greiðslu á vangreiddu útborgunarfé, um greiðslu á afborgun og vöxtum af skuldabréfinu um eins árs skeið svo og krafa um að gefa út skuldabréf fyrir eftirstövðunum eins og þær ættu að vera eftir að afborgun og vextir hefðu verið greiddir á umsömdum tíma. Þá er og krafa um greiðslu dagsekta, kr. 500,00 á dag, vegna dráttar á afhendingu skuldabréfsins skapað hafi stefnanda óhagræðis og tjón (sic).

Stefnandi reisir málssókn sína á því að stefndu beri að greiða sér þær fjárhæðir sem að framan greinir samkvæmt kaupsamningi aðila og skyldum hennar sem kaupanda í því efni. Vegna greiðsludráttar stefndu og vanskila hafi stefnanda verið heimilt að gjaldfella allar eftirstöðvar kaupverðs samkvæmt almennum reglum um skuldabréf og eftirstövðum kaupverðs samkvæmt kaupsamningi enda greiðsludráttur stefndu orðinn verulegur. Og í því efni vísar stefnandi til almennra reglna kröfu- og samningsdráttar (sic) laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922 með lögjöfnun eftir því sem við getur átt, samningalaga nr. 7 frá 1936, veðlaga nr. 95/1887 með lögjöfnun, 39. gr. lögr.laga nr. 95 með lögjöfnun og almennra reglna um gjaldfellingu skuldabréfa vegna eftirstöðva.

Af hálfu stefnda var eigi sótt þing við þingfestingu málsins og var honum þó löglega stefnt.

Ber því að dæma málið samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir kröfum stefnanda og málsútlistun svo og framkomnum gögnum málsins.

Stefnandi hefir lagt fram í dóminum auk stefnu og greinargerðar framangreindan kaupsamning aðila svo og greiðsluáskorun og gjaldfellingu. Þar sem kröfugerð stefnanda er í samræmi við framangreind skjöl verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina. Þó verður að synja kröfu stefnanda um að áfallnir vextir leggist við höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, þar sem það þykir eigi hafa nægilega stoð í lögum.

Niðurstaða málsins verður því sú að dæma ber stefndu til að greiða stefnanda 311.815,01 (kr. 13.530,00 + kr. 298.285,01) auk 20% ársvaxta af kr.

298.285,01 frá 10.03. 1985 til 10.03. 1986 og 3,75% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 13.530,00 frá 25.01. 1986 til 01.03. 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10.03. 1986, en af kr. 311.815,01 frá þeim degi til 01.04. 1986 en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 42.000,00.

Dómsorð:

Stefnda, Hrafnhildur Kjartansdóttir, greiði stefnanda, Sigurði H. Guðmundssyni; kr. 311.815,01 auk 20% ársvaxta af kr. 298.285,01 frá 10.03. 1985 til 10.03. 1986, 3,75% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 13.530,00 frá 25.01. 1986 til 01.03. 1986, með 2,75% dráttarvöxum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10.03. 1986, en af kr. 311.815,01 frá þeim degi til 01.04. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og í málskostnað kr. 42.000,00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Akraness 8. október 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 08.10. var fógetadómur Akraness settur að Esjubraut 12 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta Tryggva Bjarnasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið nr. 139/86 Sigurður H. Guðmundsson gegn Hrafnhildi Kjartansdóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 aðfararhæfan dóm, nr. 3 afsal svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Sveinsson og krefst fjárnáms fyrir kr. 311.815,01 með 20% ársv. af kr. 298.285,00 frá 10.03. 1985 til 10.03. 1986, 3,75% drv. pr. mán. af kr. 13.530,00 frá 25.01. 1986 til 01.03., með 2,75% drv. pr. mán. af sömu fjárhæð frá þ.d. til 10.03. 1986, en af kr. 311.815,01 frá þ.d. til 01.04. 1986, en með 2,25% drv. á mán. frá þ.d. til greiðsludags, kr. 714,00 endurrit og birting, kr. 42.000,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, kr. 1.270,00 f. beiðni.

Gerðarþoli býr hér en er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir að tilhl. fógeta Snæbjörn Árnason. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt kröfuna.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, fasteigninni Esjubraut 12, Akranesi.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 180/1988. **Bjarni Óskarsson**
gegn
Rolf Johansen og
Jóni Ragnarssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Óskarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 189/1988. **Carl J. Eiríksson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavik

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Carl J. Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 215/1988. **Lúðvík Th. Halldórsson**

gegn

Eyðublaðatækni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lúðvík Th. Halldórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 234/1988. **Jón Loftsson hf.**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Loftsson hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 237/1988. **Sigmar Stefán Pétursson**
gegn
Stef
Kjötmiðstöðinni hf.
Seglagerðinni Ægi hf.
Natan og Olsen hf.
Guðjóni Pálssyni
Heimilistækjum hf.
Landsbanka Íslands
Iðnaðarbanka Íslands hf.
Árvakri hf.
Ferðaskrifstofunni Útsýn hf.
Félagi starfsfólks í veitingahúsum
Hávöxtunarfélaginu hf. og
Félagi framreiðslumanna

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigmar Stefán Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 252/1988. **Guðný Þ. Böðvarsdóttir**
gegn
Rafni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðný Þ. Böðvarsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 219/1986. **Þórunn Guðmundsdóttir**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Nóa — Síríusi hf.
(Hallgrímur B. Geirsson hrl.)

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hún krefst þess að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinu áfrýjaða fjárnámi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fjárnámsgerðin 10. október 1985, sem mál þetta snýst um, fór fram að Grundartanga 25, Mosfellshreppi. Vottorð Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, þess efnis, að lögheimili áfrýjanda hafi frá 1. maí 1985 verið að Brekkutanga 17 sama hreppi þykir ekki hafa úrslitaáhrif hér. Heldur áfrýjandi því fram að þar hafi átt að byrja fjárnámið. Áfrýjandi var sjálf viðstödd hina áfrýjuðu fjárnámsgerð og verður við það að miða, að eftir að fógeti hafði gætt leiðbeiningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 41. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936, hafi hún undirritað fógetabókina og því ekki mótmælt að fjárnámið færi fram að Grundartanga 25. Ósannað er að fjárnámsgerðin sé haldin nokkrum þeim annmörkum er valda eigi ógildi hennar.

Áfrýjun málsins er að ófyrirsynju.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð skal vera óröskuð.

Áfrýjandi, Þórunn Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Nóa — Síríusi hf., 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kjósarsýslu 10. október 1985.

Ár 1985 fimmtudaginn 10.10. er fógetaréttur Kjósarsýslu settur að Grundartanga 25, Mosfellshr. og haldinn með undirrituðum vottum af Gunnari Aðalsteinssyni ftr.

Fyrir er tekið fógetamálið: 1374/1985 Nói — Síríus hf. gegn Þórunni Guðmundsdóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gunnar Jónsson lögfr. v/Gests Jónssonar hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 33.477,97 með 19% ársvöxtum af kr. 4.629,15 frá 3.5.84 til 2.7.84, en af kr. 6.964,99 frá þ.d. til 18.7.84, en af kr. 10.460,88 f.þ.d. til 25.7.84, en af kr. 10.605,40 f.þ.d. til 6.9.84, en af kr. 16.207,50 f.þ.d. til 19.9.84, en af kr. 16.032,66 f.þ.d. til 27.9.84, en af kr. 20.680,60 f.þ.d. til 30.10.84, en af kr. 20.373,39 f.þ.d. til 12.11.84, en af stefnufjárh. f.þ.d. til 1.1.85, en með 32% ársv. f.þ.d. til 1.2.85, en með 3,75% drv. á mán. f.þ.d. til 1.3.85, en með 4% drv. á mán f.þ.d. til 1.6.85, en með 3,5% drv. á mán. f.þ.d. til greiðsludags, kr. 1.045,00 í kostnað af endurriti og birtingu dóms, kr. 7.200,00 f/ritun, beiðni, í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er sjálfur viðstaddur.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign/eignarhluta gerðarþola, pylsuvagni, staðsettum við sundlaug Breiðholts, ásamt pottum og tækjum sem í honum eru. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð, og brýnir m.a. fyrir henni að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 235/1987. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Val Benjamín Bragasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Hylming. Réttarfarsannmarkar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1987 að því er ákærða einan varðar. Málinu er áfrýjað að kröfu ákærða, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til staðfestingar sakfellingu og þyngingar refsingu.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Ríkissaksóknari krefst aðeins sakfellingar ákærða vegna þess myndbandstækis, sem hann viðurkennir að hafa keypt af meðákærða í héraði, Y.

Innbrot það, sem er rót máls þessa, var framið aðfaranótt páskadags 7. apríl 1985. Ákærði segir, að Y hafi komið heim til sín með myndbandstækið á 2. í páskum eða páskadag (7. eða 8. apríl) og hafi kaupin gerst að kvöldi þess dags. Ekki er sannað í málinu, að ákærða hafi þá verið ljóst eða hlotið að vera ljóst, að tækið væri þjófstolið. Er blöðin komu út eftir páskahelgina með fréttir af innbrotinu í Gelli hf. vaknar grunur hjá ákærða, að tækið kunni að vera frá því runnið. Engu að síður kaupir hann eftir það annað myndbandstæki af mági sínum, sem hann þó vissi að sá hafði keypt af Y á sama tíma og hann sitt tæki. Í stað þess er hér var komið að kanna uppruna tækjanna, kemur hann þeim í geymslu, að hann segir, þar til hann við rannsókn málsins 18. apríl 1985 afhendir rannsóknarlögreglu tækin. Höfðu þá báðir, Y og mágur ákærða, skýrt rannsóknarlögreglu áður frá kaupum ákærða á tækjunum. Þegar framangreind atvik eru virt í heild sinni þykir nægilega sannað, að ákærði hafi ætlað í ávinningsskyni að halda tækinu. Telst hann hafa unnið til refsingar eftir 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Það er aðfinnsluvert að mágur ákærða og Y komu ekki fyrir dóm eftir skipun verjanda ákærða til yfirheyrslu um þátt hans í málinu. Eigi þykir þó nauðsynlegt að ómerkja dóminn og málsmeðferðina af þeim sökum, þar sem verjandi átti þess kost að fá þessa aðila yfirheyrða, ef hann taldi þörf á því.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun verjanda hans, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Valur Benjamín Bragason, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1987.

Ár 1987, föstudaginn 29. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 346-348/1987: Ákæruvaldið gegn X, Y og Val Benjamín Bragasyni, sem tekið var til dóms 20. þ.m.

Málið er höfðað með 2 ákæruskjölum ríkissaksóknara. Með ákæruskjali, dagsettu 10. febrúar 1986, er málið höfðað á hendur ákærðu X, Val Benjamín Bragasyni verkamanni, Yrsufelli 15, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 17. desember 1955, og Y fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík í apríl 1985:

„1. Ákærðu X og Y er gefinn að sök þjófnaður með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 7. apríl, brotist inn í húsnæði verslunarinnar Gellis h.f., Skipholti 4, og stolið 3 myndbandstækjum, 5 sambyggðum útvarps- og segulbandstækjum, 3 myndavélum, taltæki, leifturljósi, áteknu myndbandi og öðru óáteknu og fjarstýringu fyrir sjónvarpstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærða Val Benjamín er gefin að sök hylming með því að hafa, nokkrum dögum eftir ofangreint innbrot meðákærðu, keypt af meðákærða

Y tvö af ofangreindum myndbandstækjum þrátt fyrir vitneskju um hvernig meðákærði Y var að þeim kominn.

Telst þetta varða við 254. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Þá er málið höfðað á hendur ákærða Y einum með ákæruskjali, dagsettu 24. mars 1986.

— — —

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 10. febrúar 1986:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 7. apríl 1985 var brotist inn í húsnæði verslunarinnar Gellis hf., Skipholti 4 hér í borg, og stolið þaðan 3 myndbandstækjum, 5 sambyggðum útvarps- og segulbandstækjum, 3 myndavélum, taltæki, leifturljósi, áteknu myndbandi og öðru óáteknu svo og fjarstýringu fyrir sjónvarpstæki.

Samkvæmt ummerkjum á vettvangi hafði verið farið inn í húsið af skúrþaki, sem er áfast við bakhlið þess, og þaðan eftir loftnetskapli inn um glugga á annarri hæð. Hafði verið farið þaðan niður stiga og brotin upp hurð að versluninni.

Ákærðu X og Y hafa við rannsókn málsins og fyrir dómi báðir skýlaust játað að hafa verið þarna að verki.

— — —

2. Við rannsókn þjófnaðarbrotsins hér að framan játaði ákærði Y að hafa selt 2 framangreindra myndbandstækja skömmu eftir innbrotið. Kvaðst ákærði, eftir innbrotið í húsnæði Gellis hf., hafa haft samband við ákærða Val Benjamín Bragason og sagt honum, að hann hefði 2 tæki til sölu og hafi ákærði Valur Benjamín vitað að þau væru stolin. Hafi ákærði Valur Benjamín keypt annað tækið og mágur hans, Örn Magnússon, Asparfelli 4, Reykjavík, hafi keypt hitt. Kvað ákærði Y að ákærði Valur Benjamín hafi greitt sér fyrir tækið með 20 áfengisflöskum og 5.000 krónum í peningum, en Örn hafi greitt sér 20.000 krónur fyrir hitt tækið.

Ákærði Valur Benjamín Bragason kannaðist við rannsókn málsins við að hafa keypt eitt myndbandstæki af Y. Ákærði kvaðst hafa hitt Y fyrir páska árið 1985 og hafi meðákærði boðið sér myndbandstækið til kaups. Hafi þá borið þar að mág ákærða, Örn Magnússon, sem hafi verið ölvaður, og hafi hann farið að tala við meðákærða Y. Það hafi svo verið 2. í páskum, er ákærði kom heim úr vinnunni, að sambýliskona sín hafi sagt sér, að meðákærði Y hafi komið með myndbandstæki á heimili þeirra og fengið það geymt þar. Hann hafi svo komið að kvöldi sama dags heim til ákærða

og boðið tækið til kaups fyrir um 30.000 krónur, en ákærði hafi ekki haft áhuga á því. Hafi meðákærði Y þá haldið áfram að lækka verðið og það endað með því, að ákærði keypti það af honum fyrir 15.000 krónur. Ákærði kvaðst síðan hafa lesið um innbrotið í verslunina Gelli í blöðunum eftir páska og þá dottið í hug að tækinu hefði verið stolið. Ákærði kvaðst um sama leyti hafa hitt mág sinn Örn Magnússon og hann þá sagt sér að hann hefði keypt myndbandstæki af meðákærða Y og einnig lesið í blöðunum um ofangreint innbrot. Hafi Örn viljað skila tækinu og beðið ákærða um að sjá um það. Ákærði kvaðst þá hafa keypt tækið af Erni fyrir 10.000 krónur og komið báðum tækjunum í geymslu. Ákærði skilaði svo tækjunum til Rannsóknarlögreglu ríkisins við rannsókn málsins.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði hafa haldið, að myndbandstæki það, er Y bauð ákærða til sölu, hafi verið smyglað. Kvaðst ákærði hafa keypt annað myndbandstækið af Y, en framangreindur Örn Magnússon hafi keypt hitt. Ákærði kvaðst hafa lesið um innbrotið í verslunina Gelli í dagblöðum eftir páskana 1985 og þá grunað að ofangreind tæki gætu verið úr því innbroti, en kvaðst eftir það hafa keypt tækið af Erni Magnússyni og borgað honum 20.000 krónur fyrir það.

Örn Magnússon, Asparfelli 4, Reykjavík, kannaðist við að hafa keypt myndbandstæki af nefndum Y um páskana 1985 fyrir 20.000 krónur. Kvaðst hann svo hafa séð í blöðum eftir páskana að myndbandstækjum hafi verið stolið úr versluninni Gelli og það komið fram að þau voru af tegundinni ITT, en tækið sem hann hafi keypt hafi einmitt verið þeirrar gerðar. Kvað hann sig hafa farið að gruna að tækið væri stolið og haft samband við ákærða Val Benjamín og beðið hann að losa sig við tækið, þar sem hann þekkti manninn sem seldi tækið. Hafi ákærði Valur Benjamín komið til sín í framhaldi af þessu og tekið tækið og greitt sér 20.000 krónur fyrir það næsta dag.

Ákærði Valur Benjamín hefur gengist við því að hafa keypt mjög vandað myndbandstæki af framangreindum Y um páskana í aprílmánuði árið 1985 fyrir 20.000 krónur og hefur ákærði borið að hann hafi talið tækið vera smyglað, en meðákærði Y hefur borið að ákærði hafi vitað að það var stolið. Ákærði las síðan um innbrot það sem um er fjallað í fyrri lið ákæru þessarar í dagblöðum strax eftir páskana sama ár og grunaði þá að tækið væri stolið, en aðhafðist ekkert. Eftir þetta keypti ákærði myndbandstæki af mági sínum Erni Magnússyni, en ákærði vissi, að Y hafði selt honum það um svipað leyti og ákærði keypti sitt tæki. Keypti ákærði tækið af Erni að beiðni hins síðarnefnda sem vildi koma því til skila vegna gruns um að það væri úr innbrotinu í Gelli. Verður að telja sannað með eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi með því að kaupa framangreint myndbandstæki af meðákærða Y og halda því, þrátt

fyrir grun um að það væri fengið á ólöglegan hátt, stuðlað að því að halda við ólöglegum afleiðingum þjófnaðarbrotsins sem greinir í fyrri ákærulið ákæru þessarar og með því brotið gegn ákvæðum 254. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem ákæru þessari er háttað verður ákærði hins vegar aðeins sakfelldur fyrir hylmingu á einu myndbandstæki, þar sem hann keypti hitt tækið af fyrrnefndum Erni Magnússyni en eigi meðákærða Y.

Ákæra, dagsett 24. mars 1986.

— — —

Ákærði Valur Benjamín Bragason hefur sætt eftirtöldum refsidómum:

1978 27/1 4 mán. fangelsi skb. í 3 ár fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1979 10/7 6 mán. fangelsi skb. í 2 ár fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1979 16/7 6 mán. fangelsi skb. í 2 ár fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Þá var ákæru frestað á hendur ákærða skilorðsbundið 2 ár frá 23. júlí 1973 vegana brots gegn 244. gr. hegningarlaga. Hinn 10. júní 1982 sættist hann á sektargreiðslu fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga, og þann 28. janúar 1987 sættist hann á greiðslu sektar fyrir brot gegn 1. og 7. gr. áfengislaga.

— — —

Viðurlög.

— — —

Ákærði Valur Benjamín Bragason hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga. Þar sem ákærði hefur samkvæmt sakavottorði eigi orðið uppvís að hegningarlagabroti síðan hann hlaut dóminn frá 16. júlí 1979, þykir mega fresta fullnustu refsingar hans og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

— — —

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til að greiða skipuðum verjendum sínum málsvarnarlaun sem hér segir: Ákærði X greiði Sigurði Georgssyni hrl. 10.000 krónur, ákærði Valur Benjamín Bragason greiði Hilmari Ingimundarsyni hrl. sömu

fjárhæð og ákærði Y greiði Kristjáni Stefánssyni hdl. 15.000 krónur. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómarinn getur þess að hann tók við rekstri máls þessa 1. desember sl., en hefur engin afskipti haft af því fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Ákærðu X og Y sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Valur Benjamín Bragason sæti fangelsi 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar hans og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

— — —

Ákærði Valur Benjamín Bragason greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 10.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærði X greiði Sigurði Georgssyni hrl. 10.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., 15.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Þriðjudaginn 4. október 1988.

Nr. 319/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Bjarna Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. september sl., sem barst Hæstarétti 30. s.m. Hann krefst þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. september 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 27. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu að Bjarna Sigurðssyni, kt. 18.06.61-2129, atvinnu- og heimilislausum, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. október nk. kl. 17:00.

Málavextir:

Laust eftir kl. 01:30 sl. sunnudag var lögreglan í Reykjavík kvödd að húsinu nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi, en þar búa hjón sem komin eru fast að áttræðu.

Skýrði húsráðandi lögreglumönnunum frá því að hann hafi vaknað við hávaða og taldi hann að verið væri að brjótast inn í húsið. Hafi hann því gengið í átt að setustofu til þess að hringja í lögreglu, en er hann var rétt ókominn þangað hafi hann komið auga á þrjá grímuklædda menn og hafi einn þeirra slegið hann í höfuðið með staf eða priki. Við þetta hafi hann

sennilega misst meðvitund um hríð því skömmu síðar hafi hann rankað við sér í sófa inni í stofu. Hann hafi þá heyrt hróp frá eiginkonu sinni úr svefnherbergisálmu hússins.

Húsráðandi kvað mennina greinilega hafa verið að leita peninga því þeir hafi stöðugt spurt hvar þeir væru. Menn þessir hefðu verið mjög ógnandi í framkomu.

Eftir því sem næst verður komist höfðu innbrotsmennirnir á burt með sér u.þ.b. kr. 15.-20.000,00 í reiðufé, þrjá gullhringa með steinum í auk nokkurra áfengisflaskna.

Konan var flutt á slysadeild Borgarspítalans þar sem gert var að meiðslum hennar, en hún kvartaði um bakverk og kvaðst auk þess vera hjartasjúklingur. Maðurinn var með mar á hnakka og vísifingur hægri handar úr lagi genginn.

Kærði var handtekinn í gærdag eftir að RLR höfðu borist upplýsingar þess efnis að hann kynni að vera viðriðinn mál þetta. Við yfirheyrslur skýrði hann svo frá að hann hefði brotist inn í herbergi í húsi í Eskihlíð þar sem hann kveðst hafa haldið til að undanförnu. Við þessa yfirheyrslu greindi hann frá því að við innbrotið hafi verið með í för Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson, sem mun halda til í gamla Verslunarskólanum við Grundarstíg. Greindi kærði frá því að þeir hefðu verið að aka saman í bifreið fyrir sl. helgi.

Aðalsteinn var því boðaður til skýrslutöku hjá RLR í gær og greindi þar frá samneyti sínu við kærða um síðastliðna helgi. Í skýrslunni greinir Aðalsteinn meðal annars frá ferðum sínum og kærða sl. laugardag. Kemur þar meðal annars fram að síðdegis þennan dag hafi þeir farið ásamt Ásthildi Björku Guðlaugsdóttur og Gústafi Gústafssyni í bifreið Asthildar vestur á Seltjarnarnes að tilvísan kærða. Hafi hann viljað sýna þeim þar hús sem væri fullt af peningum og skartgripum og einnig væri þar peningaskápur. Frásögn þessa hefur Ásthildur staðfest í öllum aðalatriðum.

Gögn málsins sýna að hús það sem kærði benti á er húsið Sævargarðar 1 á Seltjarnarnesi.

Kærði hefur alfarið neitað að eiga nokkurn hlut að máli þessu. Meðal annars neitar hann með öllu að hafa farið með áðurnefndu fólki vestur á Seltjarnarnes. Hann hefur greint frá ferðum sínum síðastliðið laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudagsins, en ekki hefur enn reynst unnt að sannreyna sannleiksgildi þeirrar frásagnar.

Eins og gögn málsins bera með sér er rannsókn þessi enn á frumstigi. Þá þykir fram kominn rökstuddur grunur um að kærði eigi aðild að máli þessu. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða

til greina, þó þannig að kærði sæti eigi lengur gæsluvarðhaldi en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um geta varðað fangelsisrefsingu skv. 244. og 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Þriðjudaginn 4. október 1988.

Nr. 366/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Skúla Úraníussyni
(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 4. desember 1987 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Ákærði ók hópbifreiðinni V-327 aftur á bak norður Bárugötu (Bárustíg) í Vestmannaeyjum 22. janúar 1984, sem var sunnudagur en ekki fimmtudagur eins og misritast hefur í ákæru. Varð Kristín Þórðardóttir, sem gekk í sömu átt, fyrir bifreiðinni og beið bana. Snjókoma var og skafrenningur og skyggni mjög lélegt. Möguleikar ákærða til að sjá úr ökumannssæti aftur fyrir bifreiðina voru vegna

þessa litlir sem engir. Skömmu áður hafði ákærði hleypt farþegum út úr bifreiðinni, þar á meðal Kristínu heitinni. Vissi hann hvert ferð hennar var heitið og jafnframt hlaut honum að vera ljóst að örðugt gæti verið að ganga annars staðar en á akbrautinni vegna snjóruðnings beggja vegna hennar. Að eigin sögn ók ákærði bifreiðinni greitt aftur á bak. Með þessum akstri sínum sýndi ákærði mikla óvarkárni og hefur brotið gegn 4. mgr. 46. gr., 1. mgr. og b og f stafliðum 3. mgr. 49. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr. 17. gr., 1. mgr. og staflið b 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á það verður fallist með héraðsdómara að ofangreind ákvæði tæmi sök þannig að 1. mgr. 37. gr. laga nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1987, verði eigi beitt jafnframt. Þar sem mannsbani hlaust af hinum gálausa akstri ákærða verður honum einnig refsað fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Með vísan til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður ákærða ákveðin ökuleyfissvipting í 15 mánuði frá birtingu héraðsdóms 29. október 1987 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar eins og nánar greinir í dómsorði.

Dráttur á meðferð máls þessa í héraði hefur ekki verið réttlættur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Skúla Úraníussonar, skal vera órsakað.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 15 mánuði frá 29. október 1987 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. október 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. þ.m., er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 7. október 1985, á hendur Skúla Úraníussyni bifreiðastjóra, Hásteinsvegi 37, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa í Vestmannaeyjum laust eftir kl. 14:00 fimmtudaginn 22. janúar 1984, þá er hann ók starfsfólki Vinnslustöðvarinnar frá vinnu á fólksflutningabifreiðinni V-327 í fárviðri og snjókomu, ekið bifreiðinni af mikilli óvarkárni aftur á bak norður Bárugötu frá mótum Bárugötu og Vesturvegar, þar sem hann hafði stöðvað bifreiðina skömmu áður vegna snjóófærðar, þrátt fyrir að hann sæi ekki aftur fyrir bifreiðina sökum veðurs, með þeim afleiðingum að Kristrún (sic) Þórðardóttir, fædd 4. júní 1933, sem ákærði hafði hleypt út úr bifreiðinni stuttu áður og gekk norður götuna, varð undir hægra afturhjóli bifreiðarinnar. Hlaut hún mikla áverka á höfði, brjóstholi og kviðarholi, sem leiddu hana til dauða nær samstundis.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 46. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. stafliði b og f 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði hefur tekið til varna í málinu og af hálfu hans eru gerðar þær dómkröfur að ákærði verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, verði greiddur úr ríkissjóði.

I. Málavextir.

Sunnudaginn 22. janúar 1984 kl. 14:17 var lögreglunni í Vestmannaeyjum tilkynnt um umferðarslys á Bárugötu á móts við hús nr. 2. Samkvæmt upplýsingum þess sem tilkynnti og öðrum gögnum málsins hafði rútubifreiðinni V-327, í eigu Vinnslustöðvar Vestmannaeyja, verið ekið aftur á bak og yfir gangandi vegfaranda, Kristínu Þórðardóttur, Eystra-Norðurgarði, Vestmannaeyjum. Fljótlega eftir slysið komu læknar á staðinn og var hin slasaða úrskurðuð látin kl. 14:55 af Birni Gunnlaugssyni lækni.

Eins og kemur fram í vottorði Karls Haraldssonar læknis, dags. 22. janúar sl., mun konan hafa látist samstundis, en vottorðið er svohljóðandi:

„Vottorð.
Varðandi: Kristínu Þórðardóttur.

Heimili: Eystri Norðurgarður, Vestmannaeyjum.

Fædd: 04.06. '33.

Þann 22.01. 1984 kl. um 15:30, var ég kallaður á slysstað, ásamt Birni Gunnlaugssyni, lækni, en þá skömmu áður hafði Kristín orðið undir fólksflutningabil.

Við fyrstu skoðun var engin lífsmörk að finna og við nánari skoðun kom í ljós að konan hefur látist samstundis.

Þetta vottast samkvæmt beiðni bæjarfógeta."

Kristín heitin var 50 ára að aldri er hún lést, fædd 4. júní 1933. Rétt þykir nú að fjalla nokkuð um rannsókn máls þessa.

Sunnudaginn 22. janúar könnuðu lögreglumenn vettvang, gerðu uppdrátt af vettvangi, létu ljósmyndara taka myndir af vettvangi, tóku stutta skýrslu af ákærða og sjónarvotti. Var málið síðan í höndum rannsóknarlögreglu Vestmannaeyja og tók rannsóknarlögreglumaður framburðarskýrslu af ákærða 26. janúar 1984 og vitnunum Pétri Árnmarssyni og Viðari Elíassyni þann sama dag. Þá tók rannsóknarlögreglumaður framburðarskýrslu af vitninu Þór Ísfeld Vilhjálmssyni 8. mars 1984.

Með bréfi dagsettu 13. apríl 1984 sendir fulltrúi bæjarfógeta ríkissaksóknara málið til fyrirsagnar. Með bréfi ríkissaksóknara dags. 15. maí 1984 er málið endursent bæjarfógeta og lagt fyrir hann að halda rannsókn málsins áfram, eða eins og segir í bréfinu með eftirgreindum hætti:

„1. Kærði hefir hjá lögreglu lýst fyrirhuguðum akstursleiðum V-327, fyrst suður Bárugötu og vestur Vesturveg og síðan, er sú leið reyndist ófær, norður Bárugötu og út á Strandveg. Engin götuheiti eru merkt inn á uppdrátt lögreglu. Er nauðsynlegt að lagður verði fram í málinu uppdráttur af nærliggjandi götum með hliðsjón af framansögðu.

2. Vitnið Pétur Árnmarsson hefir borið að það hafi séð bifreiðina V-327 koma frá Strandvegi og fram hjá vitninu suður Bárugötu og skömmu síðar séð mann ganga norður Bárugötu. Nauðsynlegt þykir að vitni þetta verði yfirheyrt nánar um málsatvik og þá sérstaklega staðsetningar mannsins og bifreiðarinnar á götunni og verði uppdrættir lögreglu bornir undir vitnið. Það athugist að í yfirlitsskýrslu lögreglu er haft eftir vitninu að Kristín heitin hafi lent undir hægra afturhjóli bifreiðarinnar en það kemur ekki frekar fram í skjölum málsins.

3. Í skýrslu Skúla Úraníussonar hjá lögreglu kemur fram að Kristín hafi farið úr bifreiðinni V-327 á móts við Bárugötu 2, en í yfirlitsskýrslu lögreglu er haft eftir honum að Kristín hafi farið út við Kaupfélag Vestmannaeyja, Bárugötu 6. Leitast verður eftir því með yfirheyrslum að upplýsa nánar hvar Kristín hafi farið úr bifreiðinni og athugist í því sambandi að það kemur ekki fram hjá vitninu Pétri Ármannssyni, sem statt var norðan við kaupfélagshúsið, að það hafi séð bifreiðina stöðvast til að hleypa fólki út.

4. Gefin verði upp í metrum lengd hjólfara á uppdrætti lögreglu, sem virðist vera sú leið er V-327 var ekið aftur á bak.

Verði rannsókn hraðað eftir föngum og málið endursent að henni lokinni."

Rannsóknardómari og rannsóknarlögregla hlutast nú til um að fá inn í málið þau gögn sem ríkissaksóknari biður um og tekur rannsóknarlögreglumaður nú aftur framburðarskýrslur af ákærða, þ.e hinn 23. maí 1984, og af vitninu Pétri Árnmarssyni daginn eftir eða 24. maí 1984. Í skýrslu er rannsóknarlögreglan fær frá Ágústi Birgissyni lögreglumanni, er gerði vattvangsuppdrátt er fylgdi frumskýrslu, svarar lögreglumaðurinn 4. lið athugasemda ríkissaksóknara með þessum hætti:

„Skýringar varðandi meinta akstursstefnu merkta E á teikningu: Línurnar eru teiknaðar samkvæmt framburði ökumanns á skýrslu um umferðarslys. Línurnar teljast ekki hjólför vegna þess að snjó skóf jafnóðum í öll hjólför. Línurnar eru aðeins til að marka áætlaða vegalengd ekna aftur á bak. Samkvæmt uppdrættinum eru línurnar sem næst 22 metrar."

Það er síðan ekki fyrr en 15. ágúst 1985 sem rannsóknardómari sendir málið síðan á nýjan leik til ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Ríkissaksóknari gefur síðan út ákæru eins og fyrr segir hinn 7. október 1985. Undirritaður héraðsdómari tók ekki við máli þessu fyrr en í byrjun maí 1987 og hafði málið þá verið þingfest og dómtekið 2. apríl 1986. Var málið nú endurupptekið 15. maí 1987 og málið rannsakað fyrir dómi. Málið var síðan dómtekið að nýju hinn 22. september sl.

Eins og að framan greinir varð umrætt umferðarslys á Bárugötu. Rannsóknargögn bera með sér að umræddan dag var vond færð á götum bæjarins sökum snjóþyngsla og mun hafa gengið á með snjókomu og skafrenningi, en rofaði þó til á milli. Ákærði, sem hafði með höndum þann starfa að aka starfsfólki Vinnslustöðvar Vestmannaeyja í og úr vinnu og notaði til þess rútubifreiðina V-327, var í umrætt sinn að aka fólki heim úr vinnu eftir að aðgerð lauk í fiskverkunarhúsinu. Fáir munu hafa verið í bifreiðinni, enda höfðu fáir mætt í vinnu sökum illviðris og ófærðar. Af gögnum málsins er ljóst að ákærði ók suður Bárugötu og á móts við hús Kaupfélags Vestmannaeyja, sem er hús nr. 6 á Bárugötu, fór Kristín heitin úr bifreiðinni. Mikil ófærð var á gangstígum, en ljóst má telja að undir þeim kringumstæðum hefði gatan verið greiðfærust fyrir gangandi vegfarendur. Talið er að Kristín heitin hafi ætlað að hitta mann sinn er vann í Fiskiðju Vestmannaeyja á Strandvegi sem er norðan við Bárugötuna. Fullvíst er, enda upplýst í málinu, að eftir að Kristín heitin fór úr bifreiðinni gekk hún norður götuna (Bárugötu). Bifreiðin V-327, sem nú er ónýt, var, eins og að framan greinir, rúta af gerðinni Mercedes Benz árgerð 1979, 2,50 m á breidd og 10,40 metra á lengd. Eftir að Kristín heitin var farin úr bifreið-

inni ók ákærði bifreiðinni nokkra metra áfram suður Bárugötu og hugðist síðan aka vestur Vesturveg, en það reyndist ómögulegt sökum ófærðar. Þegar hér var komið sögu var bifreiðin á gatnamótum Bárugötu og Vesturvegar. Virðist ákærði nú taka þá ákvörðun að aka bifreiðinni aftur á bak sömu leið og hann hafði komið. Vitni segja að hann hafi nú viðstöðulaust ekið bifreiðinni norður Bárugötu allt þar til ákærði stöðvaði bifreiðina um fjörtíu metra frá horni Bárugötu og Vesturvegar, en Kristín heitin hafði þá orðið fyrir bifreiðinni. Er að var komið lá Kristín heitin undir bifreiðinni innanvert við hægra afturhjól og reyndist hún látin. Af ummerkjum var ljóst að hægra afturhjól hafði farið yfir konuna og mun hún hafa látist samstundis. Líkið var krufið á rannsóknarstofu Háskólans. Í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors er framkvæmdi krufninguna segir m.a.: „Líkið kemur í rannsóknarstofuna alklætt í dökkbláa úlpu fóðraða og er úlpan nokkuð blóðug innan, blá velúr peysu, ljósbrúnar flauelisbuxur og eru þær nokkuð rifnar að framan neðan við buxnastrenginn og er hér um þverrifur að ræða, bláar síðar velúrbuxur, tvenna velúrjakka, bláan bol með hvítum röndum, hvítar stuttar nærbuxur og fjólubláan brjóstahaldara. Úlpan er nokkuð blóðug innan eins og að ofan segir og er hér að mestu um storkið blóð að ræða. Ytri buxur eru nokkuð rifnar.

Krufningin:

Líkið er af 167 cm háum kvenmanni í ríflegum holdum. Líkið er alstirt og fölrauðbláleitir líkblettir dreifðir um aftanverðan líkamann. Ekkert sérstakt á augum að sjá. Nokkurt blóðlitað slím er í nösum. Ekert sérstakt á ytri eyrum að sjá. Gervitennur eru í báðum gómum, en að öðru leyti ekkert sérstakt á munninum að sjá. Utanvert vinstra megin á enni rétt ofan við utanverða augabrúnina er skálægur gapandi skurður með tættum börmum og gengur á parti alveg inn í bein.

Önnur áverkamerki en að ofan getur sjást ekki við ytri skoðun á líkinu."

Ályktun prófessorsins er á þessa leið:

„Við krufninguna komu í ljós stórar rifur í hjarta og gollurshús. Þá var aðalstofn lungnaslagæðar til vinstra lunga rifin um þvert og sömuleiðis aðalberkjustofn til sama lunga, en vinstra lunga sjálft lá laust í brjóstholinu. Stórar rifur voru á yfirborð hægra lunga. Veruleg blæðing var í brjósthol og gollurshús. Lifrin var meira og minna sundurtætt. Einnig var miltið nokkuð rifið og blóðslikja á kviðarholslíffærum. Flest rif voru brotin beggja vegna og gapandi brot í gegnum lífbein. Loks var brot þvert í gegnum höfuðkúpubotninn í miðheilagróf og blæðing milli heilahimna.

Ofangreindir áverkar munu nær samstundis hafa orðið konunni að bana."

Verða nú raktir framburðir ákærða og vitna.

Eins og áður segir gaf ákærði þrisvar sinnum skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og sömuleiðis hefur hann þrisvar sinnum gefið skýrslu fyrir dómi. Í fyrstu skýrslu, sem tekin er af ákærða Skúla hjá rannsóknarlögreglu 25. janúar 1984, kvaðst hann hafa ekið austur Strandveg og síðan suður Bárugötu, en stöðvað rútuna móts við Mexíkanann, Bárugötu 2, þar sem hann hafi hleypt út einum farþega. Kvaðst hann síðan hafa ekið áfram suður Bárugötu, um það bil tvo metra, þá hafi Kristín heitin farið út. Í skýrslu sem tekin er af ákærða hjá rannsóknarlögreglu fjórum mánuðum síðar eða 23. maí 1984 segir hann að ekki sé alveg rétt greint frá því hjá sér í fyrri skýrslu varðandi þessi atriði og tilgreindi nú umræddu staði sunnar á Bárugötu nær Vesturvegi. Skýrði ákærði það nánar þannig að snjóskafl hafi verið á Miðstræti frá horni húss nr. 2 á Bárugötu skáhallt yfir götuna og á bifreiðastæði norðan húss nr. 7 við sömu götu. Kvaðst hann hafa ekið yfir umræddan skafl og hafi þá fyrrgreindur farþegi farið úr rútunni, þ.e. við norðurhorn húss nr. 6 á Bárugötu. Þá hafi hann ekið áfram suður götuna, því sem næst tvo metra, og hleypt þá Kristínu heitinni út. Ákærði markaði staði þessa út á korti (dskj. XVIII) í yfirheyrslu hér fyrir dóminum 15. maí sl. og eru staðirnir þar tilgreindir sem X og XI. Svo vikið sé nú aftur að yfirheyrslu yfir ákærða hjá rannsóknarlögreglu 26. janúar 1984 þá kvaðst hann eftir þetta hafa gert misheppnaða tilraun til að aka vestur Vesturveg, en þá tekið þá ákvörðun að aka aftur á bak alla Bárugötuna út á Strandveg. Kvaðst hann nú hafa opnað hliðarglugga rútunnar ökumanns megin, þ.e. vinstra megin. Hann hafi reynt að nota útsýnisspegilinn en ekkert séð nema stanslausan snjóbyl en þó greint hjólfarið eftir rútuna. Þar sem ákærði kvaðst hafa útilokað að nokkuð gæti verið fyrir aftan rútuna í þessu veðri og færð annað en þá bill, kvaðst hann hafa ekið rútunni aftur á bak á talsverðri ferð þar sem ekki hafi þýtt annað vegna ófærðarinnar. Taldi ákærði sig hafa ekið þannig nokkra metra en þá heyrt vitnið Pétur öskra. Kvaðst ákærði hafa stoppað bifreiðina og stigið út og séð þá að Kristín heitin lá undir rútunni, framan við hægra afturhjól, hreyfingarlaus með andlitið niður í snjóinn. Í þessari skýrslu er haft eftir ákærða að engum sem í rútunni hafi verið hafi dottið í hug að fara út og segja sér til, og það hafi heldur ekki hvarflað að sér, enda ekki átt von á gangandi vegfaranda á akveginum í svo „brjáluðu" veðri. Í skýrslu sem tekin er af ákærða fyrir dómi 15. maí sl. lýsir ákærði atburðarásinni svo að er hann hafi verið kominn að gatnamótum Bárustígs og Vesturvegar hafi hann séð á Vesturveginum liggja hjólför í snjónum, en þar sem hann hafi verið á hægri ferð hafi hann talið nauðsynlegt að aka aftur á bak, að því er virðist til að fá svigrúm til að auka ferðina er ekið væri inn á Vesturveg. Í þessari skýrslu segir ákærði að hann hafi sett bifreiðina í aftur á bak gír og ekið henni aftur á bak nokkra metra, en síðan ekki komist áfram er hann gerði

tilraun til þess. Var ákærði nú staddur með bifreiðina á staðnum X3 (dskj. XVIII), sem er um 30 metrum frá upphafsstaðnum X2 (dskj. XVIII) sbr. dskj. XXVI.

Í þessari skýrslu segist ákærði nú hafa tekið ákvörðun um að aka bifreiðinni aftur á bak alveg út á Strandveg. Ákærði kvaðst hafa metið aðstæður svo að hættulaust væri að aka rútunni aftur á bak, enda sá hann ekkert er hindrað gæti slíkan akstur. Kvaðst hann ennfremur hafa gert sér grein fyrir að hann þyrfti að aka bifreiðinni á töluverðri ferð aftur á bak til að komast yfir snjóskafl sem legið hafi skáhalt yfir götuna á norðanverðum gatnamótum Bárustígs og Miðstrætis. Kvaðst ákærði því hafa ekið greitt aftur á bak og ekki stansað (staðurinn Y dskj. XVIII) fyrr en hann heyrði í vitninu Pétri, en sú vegalengd, sem ákærði ók þannig aftur á bak sé miðað við það hvar Kristín heitin lá undir rútunni er að var komið, er rúmlega 14 metrar.

Verður nú vikið að framburði vitnisins Péturs Árnmarssonar. Auk tilvísunar í frásögn hans, sem er að finna í frumskýrslu lögreglu, eru tvisvar sinnum teknar skýrslur af vitni þessu hjá rannsóknarlögreglu. Þá kom vitni þetta fyrir dóm til skýrslutöku hinn 9. september sl. Framburður vitnisins er sem hér segir, og verður þá að meginstefnu til stuðst við framburð vitnisins frá 26. janúar 1984, en framburður vitnisins fyrir dómi er þó engan veginn í ósamræmi við þann framburð. Vitnið sagði að í umrætt sinn hafi það verið statt á bifreiðastæði norðanvert við matvöruverslun Kaupfélags Vestmannaeyja, sem sé hús nr. 7 við Bárugötu. Kvaðst vitnið hafa verið að bjástra við bifreið sína sem hafi verið í festu þarna á stæðinu. Vitnið sá er rútubifreiðin ók suður Bárugötu og aðeins síðar sá það mann ganga norður götuna í átt að hinum gangandi vegfaranda. Vitnið kvaðst hafa reynt að kalla til ökumanns til að afstýra slysi, en það hafi ekki borið árangur og rútubifreiðin ekið yfir manninn sem reyndist vera Kristín heitin Þórðardóttir. Vitnið sagði að ákærði hefði stöðvað rútuna er vitnið sagði við hann að maður lægi undir bílnum og var vitnið þá komið mjög nálægt rútunni. Vitnið tilkynnti lögreglu síðan um slysið.

Vitnið Viðar Eliasson, sem var farþegi í bifreiðinni V-327, sagði að eftir að Kristín heitin hafi verið farin úr bifreiðinni hafi ákærði ekið áfram suður Bárugötu, en sökum ófærðar ekki tekist að aka vestur Vesturveginn. Vitnið kvað ákærða nú hafa ekið aftur á bak frá gatnamótum Bárugötu og Vesturvegar norður Bárugötuna þar sem ákærði hafi ætlað að aka út á Strandveginn. Ákærði hafi síðan ekki stöðvað bifreiðina fyrr en vitnið Pétur kallaði að maður hefði orðið undir bílnum. Kvaðst vitnið hafa farið út úr bifreiðinni ásamt ákærða og vitninu Þór og séð hvar Kristín lá undir rútunni. Lögreglan hafi síðan komið mjög fljótlega á staðinn og ennfremur læknir og þá hafi konan verið flutt á sjúkrahúsið. Vitni þetta taldi að Kristín heitin

hefði farið úr rútunni á móts við vefnaðarvöruverslun Kaupfélags Vestmannaeyja, hús nr. 6 við Bárugötu, og hafði þá rútan verið nær horni Vesturvegar en Miðstrætis. Vitnið taldi ennfremur mjög ólíklegt að ákærði hefði stöðvað rútuna við staðinn X3 og ekið síðan áfram aftur á bak og taldi að ákærði hefði ekið aftur á bak frá gatnamótum Vesturvegar og Bárugötu allt þar til hann hafi stöðvað rútuna er hann heyrði í vitninu.

Vitnið Þór Ísfeld Vilhjálmsson, sem eins og vitnið Pétur var farþegi í bifreiðinni V-327, taldi eins og vitnið Pétur að Kristín heitin hefði farið úr bifreiðinni rétt við gatnamót Bárugötu og Vesturvegar. Lýsing vitnisins á akstri ákærða eftir það var í fullu samræmi við framburð vitnisins Viðars og hér að framan er tilgreindur.

II.

Niðurstaða.

Í máli þessu er óumdeilt að ákærði ók bifreiðinni V-327 í umrætt sinn aftur á bak norður Bárugötu með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir og er lýsing í ákæru á veðri í samræmi við vottorð frá Veðurstofu Íslands, dskj. XV. Hins vegar kemur hér til skoðunar hvort ákærði hafi í umrætt sinn sýnt af sér mikla óvarkárni eins og haldið er fram af hálfu ákæruvaldsins eða hvort ákærði hafi í engu farið öðruvísi að við aksturinn en hver góður bifreiðastjóri hefði farið að við fyrirliggjandi aðstæður, en því er haldið fram af hálfu verjanda ákærða að svo hafi verið.

Þegar allar aðstæður eru virtar verður að telja að það hafi verið röng ákvörðun hjá ákærða að aka bifreiðinni aftur á bak norður Bárugötu í átt að Strandvegi eftir að hafa gert misheppnaða tilraun til að aka bifreiðinni vestur Vesturveg. Hið mjög svo takmarkaða sjónsvið aftur fyrir bifreiðina sem ákærði hafði við þessar aðstæður hlaut að valda því að aksturinn yrði áhættusamur fyrir hann og gat sett aðra vegfarendur á Bárugötu í stórhættu. Í þessu sambandi skal á það minnt að ákærði hefur viðurkennt að þótt hann hafi reynt að nota hliðarspegil, þá hafi hann ekkert séð nema stanslausan snjóbyl. Lýsir þetta betur en margt annað hversu gífurlega erfiðar og jafnvel ómögulegar aðstæður til aksturs hér var um að ræða þá stundina, sem aftur hlaut að kalla á ýtrustu varkárni, ekki síst ákærða, sem við þessar aðstæður ók aftur á bak stórri fólksflutningabifreið á töluverðri ferð. Segja má að ákærði hafi í umrætt sinn ekið út í óvissuna í eiginlegum skilningi. Sú málsástæða sem fram kemur hjá ákærða og verjanda hans að ákærði hafi ekki getað búist við gangandi vegfaranda á akstursleiðinni kemur hér augljóslega ekki til álita þegar af þeirri ástæðu að ákærða bar að gæta fyllsta öryggis og sýna ýtrustu varkárni, en í samræmi við það sem að framan greinir var hvorugu til að dreifa hjá ákærða, en akstur hans var til þess fallinn að bjóða hættunni heim. Þá

skiptir það heldur ekki máli þótt ákærði hafi á vissu stigi rannsóknarinnar talið að hann hafi ekið bifreiðinni aftur á bak í tveimur áföngum. Hins vegar er ljóst að vegalengd sú sem ákærði ekur aftur á bak með svo örlagarikum hætti eru rúmir 40 metrar.

Framangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali ríkissaksóknara réttilega talin varða við 4. mgr. 46. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. stafliði b og f 49. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968. Hins vegar verður að telja að ákvæði þessi tæmi sök að þessu leyti, þannig að 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga verður eigi beitt jafnframt.

Ljóst er skv. réttarkrufningu þeirri sem fram fór á líki Kristínar heitinnar og öðrum gögnum málsins að áverkar þeir, sem hún hlaut við það að bifreiðin V-327 ók yfir hana, leiddu hana til dauða samstundis eða nær samstundis.

Áverkum þeim sem hér um ræðir er réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara. Þótt ákærði virðist ekki hafa gert sér grein fyrir þeirri hættu sem af akstri hans við þessar aðstæður leiddi, þá verður að meta honum það til stórfellds gáleysis vegna óvarkárni og aðgæsluleysis, hversu hrapallega illa tókst til með aksturinn þannig að leiddi til dauða Kristínar Þórðardóttur sem fædd var 4. júní 1933, en nafn hennar er misritað Kristrún í ákæru. Ákærða verður þó augljóslega dæmt áfall þrátt fyrir þessa misritun í ákæru, sbr. 3. mgr. 118. gr. l. 74/1974.

Þar sem mannsbani hlaust af mikilli óvarkárni ákærða, verður ekki hjá því komist að refsa ákærða fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til þess lagaákvæðis er brot ákærða að þessu leyti réttilega heimfært í ákæruskjali ríkissaksóknara.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 23. maí 1956 og hefur ekki sætt refsingu samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins svo kunnugt sé.

Með vísan til framanritaðs telst brot ákærða varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 4. mgr. 46. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. stafliði b og f 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Þegar litið er til þess, að ákærði hefur eigi áður gerst sekur um refsilagabrot og með hliðsjón af málsatvikum, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Eins og krafist er í ákæru og með vísan til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, ber að svipta ákærða ökuleyfi og telst ökuleyfissviptingin hæfilega ákveðin í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Í samræmi við niðurstöðu málsins, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974,

ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 35.000,00, til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem tók við málinu 1. maí 1987, kvað upp dóm þennan.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómsorð:

Ákærði, Skúli Úraníusson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 35.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. október 1988.

Nr. 86/1987. **Matthías Einarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Berufjarðar
(Ólafur Axelsson hrl.)

Fjárnámsgerð felld úr gildi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. febrúar sama ár. Hann krefst þess

að hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð frá 8. október 1986 í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni Laufásvegi 17 Reykjavík verði hrundið og hún felld úr gildi. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit úr fógetabók Reykjavíkur af fjárnámsgerð í málinu nr. A-694/1986 er fram fór hinn 21. janúar 1986. Þá var gert fjárnám í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík fyrir kröfu stefnda að fjárhæð 400.000,00 krónur ásamt vöxtum og kostnaði samkvæmt dómsátt, gerðri 3. nóvember 1983, en greiðsluáskorun var birt áfrýjanda sjálfum 28. nóvember 1985.

Hinn 8. október 1986 var í fógetarétti Reykjavíkur aftur tekið fyrir málið nr. A-694/1986 og á ný gert fjárnám fyrir sömu kröfu stefnda í sömu eign áfrýjanda.

Áfrýjandi heldur því fram að síðara fjárnámið sé markleysa, enda andstætt réttarfarslögum að bera málið undir fógetarétt að nýju, samanber 195. gr. og 196. gr., sbr. 223. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sem beita beri í máli þessu. Sama málsefni verði aðeins borið undir fógetarétt að nýju á grundvelli 51. gr. laga um aðför nr. 19/1887. Ekki séu hér fyrir hendi lagaskilyrði um endurupptöku aðfarargerðarinnar, enda verði ákvæðum aðfararlaga um endurnýjun fjárnáms í lausafé ekki beitt um fjárnám í fasteign. Áfrýjandi heldur því fram að hann hafi ekki fyrr en 29. september 1988 fengið vitneskju um fjárnám það sem fram fór 21. janúar 1986. Þá telur áfrýjandi að fleiri annmarkar séu á fjárnámsgerðinni 8. október 1986 sem valdi því að fella beri hana úr gildi. Hann sé ásamt þremur öðrum eigandi að hluta fasteignarinnar nr. 17 við Laufásveg og sé andlag fjárnámsins því ekki nægilega skýrt, sbr. 1. mgr. 45. gr. aðfararlaga. Þá verði eigi séð að fógeti hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart þeim sem mætti af hálfu áfrýjanda við fjárnámið. Loks hafi lögmaður fjárnámsbeiðanda ekki undirritað bókun um fjárnámsgerðina í fógetabók.

Krafa stefnda er byggð á því að hin fyrri fjárnámsgerð, sem fram fór 21. janúar 1986, hafi ekki verið notuð. Hún hafi verið endurnýjuð 8. október 1986, henni þinglýst og beðið um uppboð á grundvelli hennar. Er því haldið fram að fjárnámsgerðir hafi ekki sömu áhrif

um úrlausn sakarefnis og dómar. Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga sé heimilt að endurnýja fjárnámsgerðir í lausafé og heimilt sé að beita þeirri reglu um fasteignir. Fjárnám það sem gert var 8. október 1986 gangi hvorki á rétt annarra kröfuhafa né gerðarþola. Þá er því mótmælt að annmarkar séu á fjárnámsgerðinni sem haggi gildi hennar. Nægilegt hafi verið að geta þess að fjárnám færi fram í eignarhluta áfrýjanda í umræddri fasteign. Ekki skipti máli að lögmaður fjárnámsbeiðanda hafi ekki undirritað bókun um gerðina. Þá sé frekari leiðbeining en skráð er í fógetabók óþörf.

Á grundvelli sáttar þeirrar sem aðilar höfðu gert með sér og að undangenginni greiðsluáskorun, sem birt var áfrýjanda sjálfum, bað stefndi um að gert yrði fjárnám í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 17 við Laufásveg hér í borg. Fór fjárnámið svo fram 21. janúar 1986. Ekki hefur verið sýnt fram á að lagagrundvöllur, sbr. 50. gr. — 52. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, hafi verið fyrir því að gera fjárnám fyrir kröfu stefnda að nýju hinn 8. október 1986 og hefur hann enga haldbæra skýringu gefið á því sem þá fór fram. Verður að líta svo á að síðari gerðin í fógetarétti hafi ekki gildi að lögum. Ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina.

Áfrýjandi hefur ekki greitt kröfu stefnda samkvæmt framangreindri sátt.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 8. október 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 8. október, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Laufásvegi 17 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-694/1986 Kaupfélag Berufjarðar gegn Matthiasi Einarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt fógetaréttar Rvíkur í málinu nr. 2990/1983 ásamt birtri greiðsluáskorun. *Nr. 1 og 2* fylgja með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Axelsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir

kr. 400.000,00 með 5% mánaðarv. frá 22.6. 1983 til greiðsludags, kr. 1.068,00 í bankakostnað, kr. 42.674,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.140,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola Laufásvegi 17. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 6. október 1988.

Nr. 114/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Gylfa Árnasyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. apríl 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig að refsing ákærða verði þyngd og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að refsing ákærða verði ákveðin með hæfilegri sekt, en til vara að héraðsdómur verði stað-

festur með þeirri breytingu, að fullnustu refsingar verði frestað í 3 ár, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk hæfilegra málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Brotum ákærða er rétt lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða.

Eins og frá greinir í héraðsdómi var ákærði hinn 23. nóvember 1983 dæmdur í sakadómi Akureyrar í 45 daga fangelsi fyrir fjársvik og hinn 28. febrúar 1986 í sama sakadómi dæmdur í 12.000,00 króna sekt fyrir hylmingu. Brot þau, sem ákærði er ákærður fyrir í máli því, sem hér er dæmt, eru framin 29. júní, 6. og 8. ágúst 1986 og 28. janúar 1987. Ber því að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Brot ákærða eru smávægileg. Hann hefur játað þau greiðlega og skilað því, er hann tók, án eftirgangsmuna. Hann hefur samkvæmt sakavottorði ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi síðan. Samkvæmt upplýsingum verjanda hans er hann nú í vinnu. Að þessu skoðuðu þykir eftir atvikum mega skilorðsbinda refsinguna þannig, að hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur.

Mál þetta var tekið til dóms 26. nóvember 1987 en dómur ekki kveðinn upp fyrr en 28. janúar 1988. Hefur þessi dráttur ekki verið réttlættur.

Dómsorð:

Ákærði, Gylfi Árnason, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 28. janúar 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 28. janúar er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er að Hafnarstræti 107 af Ólafi Ólafssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1594, 1848/1986 og 1349/1987: Ákæruvaldið gegn Gylfa Árnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. nóvember sl., hefir ríkissaksóknari höfðað með tveimur ákæruskjölum, útgefnum 22. desember 1986 og 27. maí 1987, á hendur Gylfa Árnasyni, Víðimýri 3, Akureyri, fæddum að Hallfríðarstöðum, Skriðuhreppi, Eyjafjarðarsýslu, 26. ágúst 1949.

Með ákæruskjali dags. 22. desember 1986 fyrir eftirgreind brot framin á árinu 1986:

„1.

Fyrir að stela vasaúri og útvarpstæki úr íbúð að Strandgötu 13 á Akureyri þriðjudaginn 29. júní.

2.

Stela jakka og bol af þvottasnúru við Stórholt 7 á Akureyri fimmtudaginn 7. ágúst.

3.

Stela straujárni á bænum Hálsi í Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu föstudagskvöldið 8. ágúst.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Með ákæruskjali dags. 27. maí 1987:

„fyrir þjófnað með því að hafa þann 28. janúar 1987, stolið úri í verslun Helga Sigurðssonar Skólavörðustíg 3, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

II.

Liður 1 í ákæru dags. 22. des. 1986.

Hinn 30. júní 1986, kl. 07.40, var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um innbrot í íbúð að Strandgötu 13 á Akureyri. Að sögn húsráðanda, Þorgerðar Þórisdóttur, var húsið ólæst sunnudaginn 29. júní s.á. á tímabilinu frá kl. 17.00 til 21.00, en á þeim tíma taldi hún að innbrotið hefði verið framið. Kærandi kvaðst m.a. sakna vasaúrs á keðju, ógangfæru, og útvarpsviðtækis af gerðinni Asahi.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 7. júlí 1986 viðurkenndi ákærði að hafa farið inn í íbúð að Strandgötu 13 í greint sinn, er þá var mannlaus, og tekið þar útvarpsviðtæki. Ákærði kannaðist eigi við að hafa tekið fleiri muni úr íbúðinni, en hinn 7. júlí s.á. afhenti hann rannsóknarlögreglu vasaúr, sem hann kvaðst þá einnig hafa tekið í íbúðinni.

Ákærði ítrekaði fyrrgreinda játningu við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 22. júní s.á.

Hér fyrir dómi hefur ákærði staðfest ofangreindar skýrslur.

Liður 2 í ákæru dags. 22. des. 1986.

Föstudaginn 8. ágúst 1986 tilkynnti Anna Rósantsdóttir, Stórholti 1, Akureyri, þjófnað á fatnaði af snúrum við heimili hennar. Kvað hún fatnaðinn, ljósan sumarjakka og hvítan bol, hafa horfið að kveldi miðvikudagsins 6. ágúst s.á.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 13. ágúst viðurkenndi ákærði, Gylfi Árnason, að hafa stolið framangreindum fatnaði við Stórholt 1 og var fatnaðinum komið til skila.

Hér fyrir dómi staðfesti ákærði þennan framburð. Það athugast að í ákæruskjali er atburður þessi talinn hafa gerst fimmtudaginn 7. ágúst 1986 í stað miðvikudagsins 6. ágúst s.á. eins og gögn málsins bera með sér.

Liður 3 í ákæru dags. 22. des. 1986.

Þriðjudaginn 12. ágúst 1986 kærði Benedikt bóndi Ingimarsson að Hálsi, Saurbæjarhreppi, Eyjafirði, stuld á straujárni. Kærandi kvað ákærða, Gylfa Árnason og eiginkonu hans, hafa komið í heimsókn á heimili hans föstudaginn 8. ágúst 1986. Eftir viðdvöl þeirra á heimilinu kvaðst kærandi hafa saknað straujárnsins.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 13. ágúst s.á. viðurkenndi ákærði, Gylfi Árnason, að hafa stolið ofangreindu straujárni er hann yfirgaf heimili kæranda föstudagskvöldið 8. ágúst 1986.

Framburð þennan hefur ákærði staðfest hér fyrir dómi. Svo sem gögn málsins bera með sér gerðist framangreindur atburður föstudaginn 8. ágúst, en ekki 7. ágúst eins og greint er frá í ákæruskjali.

Sakarefni í ákæru dags. 27. maí 1987.

Miðvikudaginn 28. janúar 1987 kl. 20.00 var ákærði, Gylfi Árnason,

handtekinn við Hlemm í Reykjavík vegna ölvunar og færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu 13, þar sem hann var vistaður. Við leit á ákærða við það tækifæri fannst karlmannsúr af gerðinni Citizen. Á bakhlið úrsins var verðmiði, kr. 10.900,00.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 29. janúar kl. 12.50 kvaðst ákærði daginn áður hafa farið í úraverslun við Laugaveg í þeim tilgangi að kaupa keðju á úr. Kvaðst hann þá sennilega hafa gripið úr það, er hann var með er hann var handtekinn. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður í greint sinn og gat hann eigi tilgreint verslun þá, er atburður þessi gerðist í.

Eftir ítrekaða eftirgrennslan rannsóknarlögreglu ásamt ákærða kannaðist afgreiðslumaður í verslun Helga Sigurðssonar að Skólavörðustíg 3 við margnefnt úr.

Ákærði kom fyrir dóm hinn 7. september 1987 og var honum þá birt ákæran. Viðurkenndi ákærði að hafa stolið úri í verslun við Skólavörðustíg í greint sinn.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, svo og öðrum gögnum málsins, sem eru í samræmi við það, þykja brot ákærða nægjanlega sönnuð eins og þeim sem lýst í ákæruskjölum. Þykja brot ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III.

Ákærði, Gylfi Árnason, fæddur 26. ágúst 1949 í Skriðuhreppi, hefur samkvæmt sakavottorði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1968 4/10 á Akureyri. Sátt: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 244., 248. sbr. 256. gr. hgl. Greiði skaðabætur samtals kr. 3.200.-.

1969 2/8 á Akureyri. Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot á 21. sbr. 44. gr. áfl. og 7. sbr. 78. gr. lsþ.

1971 31/12 á Akureyri. Sátt: 800 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. lsþ.

1974 28/8 á Akureyri. Sátt: 12.000 kr. sekt fyrir brot á 2. og 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 28/8 '74.

1977 20/5 á Akureyri. Sátt: 15.000 kr. sekt fyrir brot á 244. sbr. 256. gr. hgl.

1978 28/11 á Akureyri. Dómur: 10 mán. fangelsi, þar af 7 mán. skb. í 3 ár fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 220. gr., 244. gr., 252. gr. hgl. 2 sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl.

1983 23/11 á Akureyri. Dómur: 45 daga fangelsi f. brot g. 248. gr. hgl. nr. 19, 1940.

Í sakavottorði hefur fallið niður dómur sakadóms Akureyrar frá 28. febrúar 1986: 12.000 króna sekt fyrir brot gegn 254. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. dskj. nr. 10.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 244. gr. sbr. 255. gr. og 71. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Gylfi Árnason, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. október 1988.

Nr. 55/1986. **Ása Jónsdóttir og**
Tómas Karlsson
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Gylfa Pálssyni
og gagnsök
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1986. Samkvæmt 48. gr. laga nr. 75/1973 hefur málið eingöngu verið flutt um formhlið málsins. Í þessum þætti krefjast aðaláfrýjendur frávísunar málsins frá héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. febrúar 1986 og

krefst þess að krafa aðaláfrýjenda verði ekki tekin til greina. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur sóttu ekki þing í héraði og var gert að greiða fjárhæð stefnukröfunnar, sem gagnáfrýjandi telur tilorðna vegna leyndra galla á hinni seldu íbúð. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar við þak hússins telur hann hafa numið 493.444,70 krónum og hlutdeild íbúðarinnar í þeim kostnaði hafi verið 108.557,84 krónur. Í héraðsdómsstefnu er framkvæmdum svo lýst að „nauðsynlegt yrði að endurnýja þak hússins vegna leka". Er ekki í sóknarskjölum að finna frekari lýsingu á framkvæmdunum. Þá liggja eigi fyrir í málinu reikningar yfir kostnaðinn við þakið, en í þeirra stað þrjú yfirlit yfir kostnaðinn og skiptingu hans, öll óundirrituð. Kvittanir þær, sem frammi liggja og taldar eru vegna greiðslu á endurnýjun þaksins, bera ekki með sér fyrir hvað hefur verið greitt að einni undanskilinni. Þegar þetta er virt var málið svo vanreifað, eins og það lá fyrir héraðsdómara, og sönnunargögnum svo áfátt að eigi var unnt að leggja dóm á sakarefnið. Verður því eigi hjá því komist að vísa málinu frá héraðsdómi ex officio, sbr. 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk og er málinu vísað frá héraðsdómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 17. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 11. október 1985 af Gylfa Pálssyni, nnr. 2648-3506, Ægissíðu 68, Reykjavík, gegn Ásu Jónsdóttur, nnr. 0611-7368, og Tómasi Karlssyni, nnr. 8897-5197, báðum til heimilis að Eskiholti 5, Garðakaupstað, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 108.557,84 með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 40.000,00 frá 8. janúar 1985 til 1. febrúar sama ár, með 3,75% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 65.000,00 frá þeim degi til 13. apríl 1985, af kr. 84.000,00 frá þeim degi til 13. maí 1985, af kr. 108.557,84 frá þeim

degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól, er beri sömu vexti og að framan greini; loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að með kaupsamningi, dags. 9. september 1983, hafi stefnandi keypt af stefndu kjallaraíbúð að Ægissíðu 68, Reykjavík, fyrir kr. 1.050.000,00. Stefnandi kveðst hafa tekið við afnotum íbúðarinnar skv. kaupsamningi þann 20. ágúst 1983 og skyldi afsal gefið út þann 29. apríl 1984. Sumarið 1984 hafi það komið í ljós af hálfu annarra íbúðareigenda en stefnanda að nauðsynlegt yrði að endurnýja þak hússins vegna leka, sem verið hefði á síðustu árum. Um þetta hafi stefnanda ekki verið kunnugt þegar kaup hans hafi átt sér stað, en hins vegar hafi stefndu vitað um að þetta stæði fyrir dyrum, en ekki skýrt stefnanda frá því. Endurnýjun á þakinu hafi verið framkvæmd þá um sumarið og hafi kostnaður reynst nema alls kr. 493.444,70, en þar af hafi hlutur kjallarans verið 22% eða kr. 108.557,84. Reynt hafi verið að fá stefndu til að greiða viðgerð þessa, en án árangurs. Hafi þá stefnandi verið tilneyddur til að greiða viðgerðina, sem hann hafi innt af hendi með fjórum greiðslum þannig:

1. Hinn 8. jan. 1985	kr.	40.000,00
2. Hinn 1. mars 1985	kr.	25.000,00
3. Hinn 13. apríl 1985	kr.	19.000,00
4. Hinn 13. maí 1985	kr.	25.000,00
Samtals	kr.	109.000,00

Stefnandi kveður þessar greiðslur hafa verið aðeins hærri en kjallaraíbúðinni hafi borið að greiða skv. eignarhlutfalli, en stefnandi krefji hins vegar stefndu aðeins skv. eignarhlutfallinu eða um kr. 108.557,84. Hann kveður stefndu ekki hafa fengist til að greiða skuld þessa þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli.

Málsástæður: Stefnandi kveður kröfur sínar vera byggðar meðal annars á því að gallar þeir sem á húseigninni hafi reynst vera hafi verið leyndir við kaupin. Stefndu hafi vitað um gallana eða að minnsta kosti mátt vita um þá, þar sem þeir hafi verið um árabil og þar á meðal á eignartíma stefndu. Við venjulega skoðun hafi stefnandi ekki getað gert sér grein fyrir göllum þessum eða mátt ætla að þeir væru við kaupin. Hér hafi verið um að ræða nauðsynlega framkvæmd sem ráðgerð hafi verið um langan tíma og hafi ekki þolað lengur bið, þar sem í hönd hafi farið haust og vetrarveðrátta.

Lagarök: Stefnandi vísar til meginreglna þeirra sem fram koma í kaupa-

lögum, þegar seldum hlut er áfátt, og einnig er vísað til samningalaga í þessum efnum.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því að frá 8. janúar 1985 til 1. febrúar sama ár reiknast 32% ársvextir.

Málskostnaður ákveðst kr. 15.500,00.

Dóminn kvað upp Ragnhildur Benediktsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu Ása Jónsdóttir og Tómas Karlsson greiði stefnanda Gylfa Pálssyni kr. 108.557,84 með 32% ársvöxtum af kr. 40.000,00 frá 8. janúar 1985 til 1. febrúar sama ár, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 65.000,00 frá þeim degi til 13. apríl sama ár, af kr. 84.000,00 frá þeim degi til 13. maí 1985, af kr. 108.557,00 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. október 1988.

Nr. 261/1987. **J. Hinriksson hf.**
(Eiríkur Tómasson hrl.)
gegn
ríkissjóði og
Þróunarsamvinnustofnun Íslands
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Samningar. Lausafjárkaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. ágúst s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20 gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum 96.000,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 12. apríl 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð svo sem hér segir: 3,75% frá 1. febrúar 1985 til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara krefjast þeir þess, að málskostnaður fyrir báðum dómstigum verði felldur niður.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, þá deila aðilar um það, hvort fyrirsvarsmenn stefndu, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, hafi gert bindandi pöntun á flotvörpuhlerum á fundi með framkvæmdastjóra áfrýjanda 23. janúar 1984.

Áfrýjandi heldur því fram til stuðnings staðhæfingu sinni um að bindandi kaup hafi komist á milli aðila, að það sé venja bæði hjá sér og öðrum þeim aðilum, sem stunda hliðstæð viðskipti, að gera pantanir munnlega og að skriflegar pantanir séu aðeins gerðar í

undantekningartilvikum. Þá hafi hann og skrifað niður pöntunina á fyrrgreindum fundi. Umrædda flotvörpuhlera hafi þurft að sérsmíða vegna afbrigðilegrar stærðar þeirra, og styðji það einnig þá staðhæfingu, að bindandi kaup hafi komist á. Þá heldur áfrýjandi því fram, að fyrirsvarsmenn stefndu hafi verið búnir að panta flotvörpu hjá Hampiðjunni hf., áður en umræddur fundur átti sér stað.

Pöntun sú, sem áfrýjandi skráði niður á þar til gert eyðublað, er óstaðfest, þótt gert sé ráð fyrir samþykki kaupanda á eyðublaðinu. Það verður að teljast óvarlegt af áfrýjanda að láta fyrirsvarsmenn stefndu ekki staðfesta pöntunina, enda í þessu tilviki um sérsmíði að ræða, en að sögn áfrýjanda voru þeir viðstaddir, er hann skráði pöntunina. Á pöntunareyðublaðinu er ekkert upplýst um það hvenær afhenda skyldi hlerana eða um verð þeirra. Gegn eindregnum andmælum starfsmanna stefndu verður að telja ósannað, að þeir hafi gert bindandi pöntun á hinum umdeildu flotvörpuhlerum. Samkvæmt þessu, og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, utanríkisráðherra og Þróunarsamvinnustofnun Íslands, skulu vera sýkn af öllum kröfum áfrýjanda, J. Hinrikssonar hf., í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1986.

I

Mál þetta, sem dómtekið var 9. desember sl., er höfðað af vélaverkstæði J. Hinrikssonar hf., Súðarvogi 4, Reykjavík, nnr. 9175-4398, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og utanríkisráðherra, báðum vegna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, nnr. 9842-7547, svo og framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna stofnunarinnar.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 96.000,00 ásamt 19% ársvöxtum frá 12. apríl

til 6. desember 1984, en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, gegn afhendingu á einu pari af flotvörpuhlerum, 5 m² að stærð, sem stefnandi hefur smíðað fyrir stefnda Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi allra stefndu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II

Málsatvik kveður stefnandi vera þau að í janúarmánuði 1984 hafi þeir Jóhannes Guðmundsson og Halldór Lárusson komið á fund Jósafats Hinrikssonar, framkvæmdastjóra stefnanda, og rætt við hann um kaup á tveimur pörum af toghlerum og einu pari af flotvörpuhlerum fyrir R.S. Feng, sem hafi átt að gera út til fiskveiða frá Grænhöfðaeyjum á vegum stefndu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Muni Jóhannes hafa verið ráðinn verkefnisstjóri stofnunarinnar þar syðra en Halldór ráðinn skipstjóri á greint skip.

Hafi þeir Jóhannes og Halldór pantað hjá stefnanda bæði toghlera og flotvörpuhlera, enda hafi Jósafat skráð hjá sér pöntun eftir fyrirsögn þeirra. Hafi ennfremur verið um það rætt að Jósafat hefði samband við Guðmund Gunnarsson, sölustjóra hjá Hampiðjunni hf., en það fyrirtæki hafi tekið að sér að gera flotvörpu fyrir R.S. Feng. Hafi þetta verið nauðsynlegt til þess að fá uppgefna stærð á hlerunum. Stærð slíkra hlera sé mjög breytileg, og séu þeir flotvörpuhlerar sem stefnandi selji því sérsmíðaðir hverju sinni.

Þegar stærð flotvörpuhleranna lá fyrir hafi stefnandi smíðað þá í samræmi við fyrrgreinda pöntun. Þegar stefnandi ætlaði að afhenda hlerana hafi fyrirsvarsmenn Þróunarsamvinnustofnunar neitað að taka við þeim, og kváðust þeir aldrei hafa pantað þá og neituðu að greiða kaupverð þeirra.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þessi:

Því sé haldið fram að fyrirsvarsmenn stefndu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hafi berum orðum pantað umrædda toghlera í janúarmánuði 1984, nánar tiltekið hinn 23. janúar. Með hliðsjón af meginreglum um samningagerð o.fl. nr. 76/1936 og lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. einkum 1. mgr. 2. gr. þeirra laga, hafi komist á kaup á hlerunum milli aðilja máls þessa, og séu þeir báðir við kaupin bundnir lögum samkvæmt. Þar sem kaupandinn hafi enn ekki greitt kaupverð hins keypta, eigi stefnandi sem seljandi ekki annars úrkosti en að fá stefndu dæmda til að inna af hendi

kaupverðið ásamt lögleyfðum vöxtum gegn því að afhenda hið selda, sbr. 1. mgr. 28. gr. l. nr. 39/1922.

Sannist ekki við aðilja- og vitnaleiðslur í máli þessu að umræddir hlerar hafi verið pantaðir berum orðum, líti stefnandi engu síður svo á að kaup hafi gerst milli málsaðilja. Byggi hann það á framkomu fyrirsvarsmanna Þróunarsamvinnustofnunarinnar þegar kaupin voru rædd. Hafi þeim verið það ljóst eða a.m.k. mátt vera það ljóst, að stefnandi þyrfti að sérsmíða hlerana og myndi byrja á því verki þegar Jósafat Hinriksson hefði aflað upplýsinga um stærð þeirra. Jóhannes Guðmundsson hafi lýst því yfir að þeir myndu hafa samband við hann síðar. Hafi Jósafat þar með mátt ætla að pöntun hafi verið gerð. Þar sem síðan ekkert samband hafi verið haft fyrr en stefnandi ætlaði að afhenda hlerana fullgerða haldi stefnandi því fram með vísan til þess sem á undan var gengið að kaup hafi verið komin á svo skuldbindandi sé fyrir báða aðilja.

Það sé ekki venja, hvorki hjá stefnanda né öðrum þeim sem selji búnað í fiskiskip, að pantanir séu staðfestar með undirskrift eða á annan hátt. Þvert á móti sé allalgengt að búnaður sé pantaður munnlega, t.d. gegnum síma.

Fyrir liggi skrifleg pöntun sem Jósafat Hinriksson tók niður eftir fyrirsögn þeirra Jóhannesar Guðmundssonar og Halldórs Lárussonar. Pöntun þessi, sem dagsett sé 28. janúar 1984, beri glöggt með sér að pöntuð hafi verið 2 pör af toghlerum og 1 par af flotvörpuhlerum. Þróunarsamvinnustofnunin hafi viðurkennt að hafa pantað toghlerana, enda tekið við þeim og greitt andvirði þeirra að fullu.

Fyrirsvarsmenn Þróunarsamvinnustofnunarinnar hafi borið því við að ekki hafi verið afráðið, þegar þeir ræddu um kaup á umræddum flotvörpuhlerum, að R.S. Fengur yrði gerður út á flotvörpuveiðar. Þessum fyrirslætti af hálfu stofnunarinnar vísi stefnandi algjörlega á bug. Greint skip hafi frá upphafi verið útbúið til flotvörpuveiða, enda hafi flotvarpa verið pöntuð hjá Hampiðjunni hf. um svipað leyti og kaupin á hlerunum voru rædd við stefnanda. Síðar hafi svo verið keyptir flotvörpuhlerar, framleiddir í Frakklandi, án þess að haft væri samband við stefnanda og honum tilkynnt um það.

Stefnandi geri kröfu um andvirði flotvörpuhleranna sem hafi numið kr. 96.000,00 þegar hlerarnir skyldu afhentir. Hafi stefnandi boðist til að gefa Þróunarsamvinnustofnuninni 25% afslátt af kaupverðinu, en það tilboð hafi byggst á því að kaupverðið yrði greitt þegar í stað eða að minnsta kosti um það samið. Að öðru leyti vísist í 5. gr. l. nr. 39/1922 að því er varði upphæð kaupverðs.

Vaxtakrafa stefnanda sé reist á ákvörðunum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir og fleira, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961, sbr. og VII. kafla l. nr. 13/1970.

Í 1. gr. l. nr. 43/1981 um Þróunarsamvinnustofnun Íslands segi að starfa skuli opinber stofnun með þessu heiti. Heyri hún undir utanríkisráðuneytið og starfi í tengslum við það. Í 8. gr. laganna segi að kostnaður við stofnunina og framkvæmdir á hennar vegum í þróunarlöndum greiðist úr ríkissjóði. Samkvæmt þessum lagaákvæðum sé fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, utanríkisráðherra og stofnuninni sjálfri stefnt í máli þessu.

Málsástæður og lagarök stefndu eru þau að engin kaup hafi komist á, hvorki berum orðum né með öðrum hætti. Á dskj. nr. 5 sé að finna bréf framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Þórs Guðmundssonar. Þar komi fram að bæði Halldór Lárusson skipstjóri og Jóhannes Guðmundsson verkefnisstjóri neiti alfarið að hafa pantað umrædda hlera. Einungis hafi verið rædd hugsanleg kaup á botnvörpu- og flotvörpuhlerum, en á þessu stigi hafi alls engin pöntun verið gerð. Dskj. nr. 8 og 13 beri með sér hvað raunverulega gerðist á fundi þeirra með Jósafat Hinrikssyni þann 23. janúar 1984. Því fari víðs fjarri að stefnanda hafi tekist að færa sönnur á það að samið hafi verið um kaup á umræddum hlerum á nefndum fundi.

Á því hvað stefnandi kunni að hafa skrifað hjá sér á fundinum eða eftir hann, sbr. dskj. nr. 3, að því er best verði séð án vitneskju starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar og án þeirra samþykkis um efni þess, geti stefndu ekki borið ábyrgð. Slíkt feli ekki í sér sönnun af nokkru tagi.

Þeirri ályktun stefnanda í stefnu, að framkomu vitnanna tveggja á umræddum fundi megi túlka svo að bindandi samningur hafi komist á, sé mótmælt. Þvert á móti bendi það atriði, að ætlunin hafi verið að hafa samband við Jósafat síðar, til þess að málið hafi ekki verið útrætt þarna og því ekkert ákveðið. Þá bendi ekkert til þess að stefnandi hafi fengið sjálfdæmi um stærð hleranna eða aðra gerð.

Því sé eindregið mótmælt að þær venjur hafi skapast í viðskiptum að ekki þurfi að staðfesta pantanir með undirskrift eða á annan hátt. Þá sé á það bent að á eyðublaði því sem stefnandi noti til að færa á pantanir sé gert ráð fyrir samþykki kaupenda, en skjal þetta sé einhliða útbúið af stefnanda.

Þá sé því mótmælt að stefndi Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafi keypt flotvörpu um svipað leyti og áðurnefndur fundur var haldinn með Jósafat þann 23. janúar; hið rétta sé að flotvarpan hafi ekki verið pöntuð fyrr en 30. apríl 1984, sbr. dskj. nr. 14. Einnig þetta atriði mæli eindregið gegn fullyrðingum stefnanda um málavexti og kröfugerð.

Eftir fundinn í janúar hafi starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar ekkert heyrt frá stefnanda sem gefið hafi þeim tilefni til viðbragða af nokkru tagi. Slíkt hafi ekki gerst fyrr en löngu síðar, þ.e. þegar kröfur um greiðslu voru fram settar og hlerarnir lágu fyrir tilbúnir. Þessar kröfur stefnanda hafi komið stefndu gjörsamlega á óvart.

Vísað sé til meginreglna laga um samningsgerð, sbr. I. kafla l. nr. 7/1936 eftir því sem við geti átt.

III

Ágreiningur í máli þessu snýst um það hvort gerð hafi verið bindandi pöntun á flotvörpuhlerum af hálfu stefnda Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á fundi með framkvæmdastjóra stefnanda Jósafat Hinrikssyni þann 23. janúar 1983.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur Jósafat Hinriksson, Atli Jósafatsson stjórnarmaður stefnanda, Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Jóhannes Guðmundsson skipstjóri og Guðmundur Gunnarsson sölustjóri hjá Hampiðjunni.

Stefnandi hefur lagt fram sem dskj. nr. 3 pöntun, skráða á þar til gert eyðublað sem framkvæmdastjóri stefnanda kveðst hafa skráð eftir fyrirsögn starfsmanna stefnda Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á fundinum 23. janúar 1984. Pöntun þessi er óstaðfest, þrátt fyrir það að á eyðublaðinu sé gert ráð fyrir samþykki kaupanda. Þá upplýstist við yfirheyrslur fyrir dómi að starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar sáu pöntunina ekki í þessu formi og var hún ekki borin undir þá á fundinum.

Á dskj. nr. 3 er skráð pöntun á umdeildum flotvörpuhlerum og að auki á 2 pörum af Poly-Is toghlerum nr. 3 - 500 kg.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að síðargreindu hlerarnir hafi verið keyptir og greiddir stefndu, sem styðji það að umrædd pöntun hafi verið gerð á fundinum á þann hátt er á dskj. nr. 3 greinir.

Við yfirheyrslur fyrir dómi kom fram að stefndu fengu fyrst sent til reynslu eitt par af Poly-is toghlerum, eins og tilgreindir eru á dskj. nr. 3, en síðan var því pari skilað og keypt tvö pör af stærri hlerum. Ekki verður á það fallist að þetta atriði styðji framburð stefnanda um bindandi pöntun á hinum umdeildu flotvörpuhlerum.

Gegn andmælum stefndu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, hvorki með framlögðum gögnum né framburði aðilja og vitna fyrir dómi, að starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar hafi á fyrrnefndum fundi, beint eða óbeint með framkomu sinni, gert bindandi pöntun á flotvörpuhlerum þeim sem mál þetta snýst um. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 32.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Þróunarsamvinnustofnun Íslands, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, J. Hinriksson hf., í máli þessu.

Stefnandi, J. Hinriksson hf., greiði stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, kr. 32.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 320/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Agnesi Eyþórsdóttur
og Magnúsi Jónssyni

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 29. september sl. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali útgefnu 15. september sl.

Varnaraðilar hafa krafist þess að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur.

Á dómþingi 28. september sl. birti sakadómari sakborningum ákæru í máli þessu og skýrði þeim síðan frá því, að þau myndu ekki verða yfirheyrð um sakargiftir, heldur yrði málið strax tekið til dóms. Málið var síðan dómtekið og vísað sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976, annast lögreglan (Rannsóknarlögregla ríkisins)

frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að handhafa ákæruvalds sé fært að henni lokinni að ákveða, hvort opinbert mál skuli höfða, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Eins og í héraðsdómi greinir er í sakargögnum ekki að finna skráðar reglur og skilmála, sem almennt gilda í viðskiptum sem þeim, er mál þetta fjallar um. Þá verður ekki séð að ákærðu né aðrir hafi hjá rannsóknarlögreglu tjáð sig um skilmála þessa eða á hvern hátt ákærðu skuldbundu sig til að endurgreiða úttektir sínar og hvar átti að greiða. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að rannsóknarlögreglan hafi aflað skýrslna eigenda nafna þeirra, sem ákærða Magnúsi er gefið að sök að hafa falsað, eða aflað rithandarsýnishorna þeirra.

Meðal sakargagna eru yfirlit yfir viðskiptareikninga ákærðu hjá Kreditkortum hf. Ákærðu hafa fyrir rannsóknarlögrelgu kannast við yfirlitin og viðurkennt þau rétt og ákærði Magnús hefur einnig játað að hafa falsað nöfnin á framlögðum tryggingarvíxli. Þegar litið er til þessara játninga ákærðu fyrir rannsóknarlögreglu og með hliðsjón af 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976, þykja gögn málsins og skýrslutökur í sambandi við þau nægileg til útgáfu ákæru, enda þótt nokkuð megi finna að rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Með vísan til framanritaðs þykir bera að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar.

Það athugast að samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 skal veita ríkissaksóknara kost á að tjá sig um mál, áður en dómari tekur ákvörðun um fram komna frávísunarkröfu. Efnisrök standa til að dómari gefi ríkissaksóknara einnig kost á að tjá sig um mál, áður en ákvörðun er tekin um frávísun ex officio, ef hann telur málatilbúnaði svo áfátt að frávísun komi til álita.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar að nýju.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. september 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 28. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 503-504/1988: Ákæruvaldið gegn Agnesi Eyþórsdóttur og Magnúsi Jónssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 15. september sl. á hendur Agnesi Eyþórsdóttur, fæddri 9. ágúst 1968 í Reykjavík, og Magnúsi Jónssyni, fæddum 9. júlí 1966 í Reykjavík, bæði að Suðurhólum 18 í Reykjavík.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirtalin brot:

I. Skjalafals.

Ákærða Magnúsi Jónssyni er einum gefið að sök að hafa falsað nöfn Kristins Á. Kristinssonar sem útgefanda og framseljanda og Erlu K. Magnúsdóttur sem ábekings á eyðublað fyrir tryggingarvíxil v/Eurocard, sem er án dagsetningar og fjárhæðar, og sömu nöfn á yfirlýsingu, sem fylgir víxlinum, en þar er Kreditkortum hf. heimilað að breyta vanskilaskuld í víxilskuld og nota til þess nefnt víxileyðublað, og leggja þessi gögn síðan með umsókn sinni til Kreditkorta hf., Ármúla 28, Reykjavík, þann 2/11 1987 og afla þannig sér og meðákærðu greiðslukorta, þar sem innlend úttektarheimild var kr. 50.000,- og erlend $2.000,00 á mánuði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Umboðssvik.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa misnotað langt umfram leyfðar úttektarheimildir Eurocard greiðslukort sín, ákærði Magnús kort nr. 5414-8300-2056-2103, en ákærða Agnes kort nr. 5414-8300-2056-2202, sem er aukakort á reikningi aðalkorthafa Magnúsar en úttektir færast á reikning hans. Ákærði Magnús sótti um greiðslukortin 2. nóvember 1987 og fékk þau afhent 3 dögum síðar eða 5. nóvember og er innlend úttektarheimild kr. 50.000,- en erlend 2.000,- Bandaríkjadalir. Á tímabilinu 18. október 1987 til 17. febrúar 1988 tóku ákærðu út á greiðslukortin fyrir mun hærri fjárhæðir en um hafði verið samið eða í innlendum úttektum fyrir kr. 315.135,69 og í erlendum fyrir 2.808,80 Bandaríkjadali, þar af ákærða Agnes fyrir k. 196.709,75 í innlendum úttektum og í erlendum fyrir 859,75 Bandaríkjadali.

Úttektir ákærðu skiptust þannig eftir tímabilum:

	Innlend útt.	Erlend útt.
Tímabilið 18/10 1987 - 17/11 1987	kr. 30.381,95	$ 962,30
" 18/11 1987 - 17/12 1987	88.713,19	$1.846,50
" 18/12 1987 - 17/1 1988	128.032,55	
" 18/1 1988 - 17/2 1988	68.008,00	
Alls	kr. 315.135,69	$2.808,80

Ákærðu er þannig gefið að sök að hafa tekið út á nefnd greiðslukort sín á umræddum tímabilum alls kr. 265,135,69 umfram innlenda úttektarheimild og 808,80 Bandaríkjadali umfram erlenda úttektarheimild með þeim afleiðingum að fyrirtækið Kreditkort hf., Ármúla 28, Reykjavík, var bundið við að greiða þær fjárhæðir.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Ákærða Magnúsi Jónssyni er gefið að sök að hafa falsað nöfn þeirra tveggja aðila sem greindir eru í ákærunni til þess að verða sér úti um greiðslukort hjá Kreditkortum hf. fyrir sig og ákærðu Agnesi Eyþórsdóttur, en þessu er nánar lýst í ákæru málsins. Þá er ákærðu báðum gefið að sök að hafa framið umboðssvik með því að misnota langt umfram leyfðar úttektarheimildir Eurocard greiðslukort, sem þau fengu afhent í framhaldi af afhendingu ákærða á hinum fölsuðu skjölum hjá Kreditkortum hf.

Rannsókn máls þessa fyrir útgáfu ákæru er í ýmsu áfátt. Hvorugur þeirra aðila sem eiga þau nöfn sem ákærði Magnús á að hafa falsað hefur verið yfirheyrður né þeir látnir gefa rithandarasýnishorn við rannsókn málsins. Þá hafa úttektarnótur þær sem ákærðu eiga að hafa undirritað í viðskiptum sínum hvorki verið lagðar fram við rannsókn málsins né bornar undir ákærðu, heldur lögð til hliðar hjá rannsóknarlögreglu. Voru ákærðu eingöngu sýnd reikningsyfirlit yfir úttektir hjá Eurocard og að því er snertir síðastgreinda tímabilið er ákært fyrir úttekt að fjárhæð 68.008,00 krónur. Niðurstöðutala á reikningsyfirliti því sem liggur fyrir í málinu um þetta tímabil er hins vegar 29.781,21 og þar af úttekt 9.040,00 krónur.

Ekki liggja fyrir í málinu skilmálar og reglur Kreditkorta hf. um þau viðskipti sem málið fjallar um, en þau atriði munu vera prentuð á bakhlið umsóknar þeirrar er ákærði Magnús mun hafa undirritað þegar hann sótti um að fá kreditkortin. Umsóknin liggur fyrir í málinu í ljósriti og aðeins framhlið hennar. Verður ekki séð að rannsóknarlögreglan hafi gert reka að því að afla skilmálanna og reglnanna né hafi það verið borið undir ákærðu, hvort þau hafi kynnt sér sérstaklega þessi atriði.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107, 1976, annast lögreglan (Rannsóknarlögregla ríkisins) frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni hvort opinbert mál skuli höfðað og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Eins og rakið hefur verið er rannsókn málsins mjög ábótavant og ekki liggja fyrir í málinu úttektarseðlar ákærðu með undirskrift þeirra né heldur ljósrit þeirra, aðeins áðurgreind reikningsyfirlit yfir viðskiptin, sem þó nær ekki að því er snertir síðastgreinda tímabilið yfir jafnháa upphæð og ákært er fyrir. Þykja þessir seðlar vera slík undirstöðugögn í málinu að ekki hafi verið viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar án þess að leggja þá fram við rannsókn málsins og bera þá undir ákærðu. Þykir þetta og önnur þau atriði sem rakin voru um galla á rannsókn málsins eiga að leiða til þess að vísa beri ákærunni í máli þessu ex officio frá sakadómi Reykjavíkur. Byggir dómurinn þetta á 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 13. gr. og 19. gr. laga nr. 107, 1976.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ríkissjóð til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákæru í máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi Reykjavíkur. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 178/1987. **Pétur Gunnlaugsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Valgarð Briem hrl.
Landsbanka Íslands
Ólafi Ragnarssyni hrl.
Árvakri hf.
Flugleiðum hf.
Samvinnutryggingum g.t.
Híbýlum sf.
Jóni Guðmundssyni
Hallgrími Magnússyni
Póstgíróstofunni og
Húsasmiðjunni hf.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1987, en hann áfrýjaði nauðungaruppboði, sem fram fór 5. mars 1987. Var málið þingfest 2. október 1987 og fékk áfrýjandi þá frest til febrúarmánaðar 1988. Hefir hann síðan fengið frest fjórum sinnum, þ.e. til aprílmánðar, maímánaðar, júní- og októbermánaðar 1988. Er málið var tekið fyrir 3. október sl. bað áfrýjandi enn um að málinu yrði frestað til desembermánaðar. Því var andmælt af hálfu stefndu.

Mál þetta var áður mál nr. 119/1987 og var stefna í því gefin út 2. apríl 1987 til þingfestingar 4. maí 1987, en þá féll málssókn niður vegna útivistar.

Þar sem áfrýjandi hefur þegar margsinnis fengið fresti, sem hefðu átt að nægja honum til að búa mál sitt til flutnings í Hæstarétti, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefndu, að veita frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda

til að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík, eins og hún hefir krafist, málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson, greiði stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 5.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 179/1987. **Pétur Gunnlaugsson**

gegn

Steypustöðinni hf.
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Gísla Baldri Garðarssyni hrl.
Samvinnutryggingum g.t.
Hallgrími Magnússyni
Samvinnubankanum hf.
Alþýðubankanum hf.
Ólafi Bjarna Finnbogasyni
Ræstingamiðstöðinni hf.
Ólafi Thoroddsen hdl.
Híbýlum sf.
Völundi hf.
Flugleiðum hf.
tollstjóranum í Reykjavík
Landsbanka Íslands
Árvakri hf.
Ásgeiri Jónssyni hdl.
Lífeyrissjóði verslunarmanna
Birni Ól. Hallgrímssyni hdl.
Viðari Guðjohnsen
Stefáni Tyrfingssyni og
Sigurði Kristjánssyni

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1987, en hann áfrýjar nauðungaruppboði, sem fram fór 5. mars 1987. Var málið þingfest 2. október 1987 og fékk áfrýjandi þá frest til febrúarmánaðar 1988. Hefur hann síðan fengið frest þrisvar, þ.e. til aprílmánaðar, júnímánðar og októbermánaðar 1988. Er málið

var tekið fyrir 3. október sl. bað áfrýjandi enn um að málinu yrði frestað til desembermánaðar. Því var andmælt af hálfu stefndu.

Mál þetta var áður mál nr. 120/1987 og var stefna í því gefin út 2. apríl 1987 til þingfestingar 4. maí 1987, en þá féll málssókn niður vegna útivistar.

Þar sem áfrýjandi hefur margsinnis fengið fresti, sem hefðu átt að nægja honum til að búa mál sitt til flutnings í Hæstarétti, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefndu, að veita frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík og tollstjóranum í Reykjavík, eins og þeir hafa krafist, málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson, greiði stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík og tollstjóranum í Reykjavík, 5.000,00 krónur til hvors um sig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 180/1987. **Pétur Gunnlaugsson**
f.h. einkafirma síns Leigumúla
gegn
Sigurmar Albertssyni hrl.
Vinnustofunni Klöpp
Landsbanka Íslands
Árna Vilhjálmssyni hdl.
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Guðmundi Jónssyni hdl.
Flugleiðum hf.
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
Samvinnutryggingum g.t.
Gísla Baldri Garðarssyni hrl.
Ólafi Gunnlaugssyni
Híbýlum sf.
Verslunarbanka Íslands hf.
Sigurði I. Halldórssyni hdl.
Bókabúð Lárusar Blöndal
Árvakri hf.
Árna Einarssyni hdl. og
Almennum tryggingum hf.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1987 en hann áfrýjar nauðungaruppboði, sem fram fór 5. mars 1987. Var málið þingfest 2. október 1987 og fékk áfrýjandi þá frest til febrúarmánaðar 1988. Hefur hann síðan fengið frest þrisvar, þ.e. til aprílmánaðar, júnímánaðar og októbermánaðar 1988. Er málið var tekið fyrir 3. október sl. bað áfrýjandi enn um að málinu yrði frestað til desembermánaðar. Því var andmælt af hálfu stefndu.

Mál þetta var áður mál nr. 118/1987 og var stefna í því gefin

út 2. apríl 1987 til þingfestingar 4. maí 1987, en þá féll málssókn niður vegna útivistar.

Þar sem áfrýjandi hefir margsinnis fengið fresti, sem hefðu átt að nægja honum til að búa mál sitt til flutnings í Hæstarétti, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefndu, að veita frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, eins og þeir hafa krafist, málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson f.h. einkafirma síns Leigumúla, greiði stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 5.000,00 krónur til hvors um sig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 44/1988. **Ólafur Ragnarsson**
gegn
Gottskálki Jóni Bjarnasyni
vegna Krana sf.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1988 til þingfestingar 11. apríl s.á. Fékk hann þá frest til októbermánaðar 1988. Er málið var tekið fyrir 3. október sl. bað áfrýjandi um að því yrði frestað til desember nk., en stefndi andmælti því að frekari frestur yrði veittur og krafðist þess að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og áfrýjanda gert að greiða málskostnað.

Samkvæmt vottorði Hjördísar Hákonardóttur borgardómara, er dæmdi mál þetta í héraði, hafði áfrýjandi enn ekki pantað dómsgerðir 3. október 1988.

Telja verður, að áfrýjandi hafi þegar haft nægan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Að svo vöxnu þykir ekki fært að veita frekari frest í því gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ólafur Ragnarsson, greiði stefnda, Gottskálki Jóni Bjarnasyni vegna Krana sf., 5.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 62/1988. **Sjúkrastöðin Von hf. og**
Líknarfélagið Von
gegn
Fönn hf.
Daníel Ólafssyni
Hf. Eimskipafélagi Íslands
Alþýðubankanum hf.
Útvegsbanka Íslands hf.
Iðnaðarbanka Íslands hf.
Kaupfélagi Rangæinga
Póstgíróstofunni
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Guðrúnu Skarphéðinsdóttur
Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni
f.h. Berlingske Tidende A/S
Ríkarði Pálssyni
Brynjólfi Eyvindssyni héraðsdómslögmanni
Ingólfi Friðjónssyni héraðsdómslögmanni
Kristjáni Omari Kristjánssyni
Jóhannesi Jónssyni og
Grétari Haraldssyni

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1988 til þingfestingar 11. apríl 1988. Þeir fengu þá frest til októbermánaðar1988. Er málið var tekið fyrir 3. október óskuðu þeir eftir fresti til desember. Stefndu andmæltu því að frekari frestur yrði veittur. Stefndu Guðrún Skarphéðinsdóttir og Útvegsbanki Íslands hf. krefjast málskostnaðar.

Áfrýjendur hafa enga skýringu gefið á því af hverju frestur sá sem þeir hafa haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti hefur ekki nýst þeim. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að veita

frekari frest í málinu gegn andmælum stefndu. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu, Guðrúnu Skarphéðinsdóttur og Útvegsbanka Íslands hf., óskipt samtals 5.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Sjúkrastöðin Von hf. og Líknarfélagið Von, greiði stefndu, Guðrúnu Skarphéðinsdóttur og Útvegsbanka Íslands hf., óskipt samtals 5.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 104/1988. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Björgvinssyni

(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1988 og gerir þær dómkröfur, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og ökuleyfissviptingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Kemur þar fram, að fjarlægð frá spennistöð að brún Heiðarvegar við slysstað er 10 metrar en ekki 5 metrar eins og segir í héraðsdómi. Malarslóði liggur meðfram spennistöðinni með aflíðandi halla niður að Heiðarvegi. Þá hefur Birkir Fjalar Viðarsson komið fyrir sakadóm og gefið skýrslu, en hann er nú á ellefta ári. Hann segir þá hafa verið þrjá saman uppi við íþróttahús og að verða of seinir í tíma. Hafi þeir hlaupið eins hratt og þeir gátu í átt að dagheimilishúsinu meðfram spennistöðinni og stefnt yfir Heiðarveg og Víkingur heitinn Jónsson hlaupið á undan. Ekki kvaðst hann alveg hafa séð hvað gerðist og ekki séð hvernig Víkingur lenti á bifreiðinni, sem hann telur hafa verið ekið frekar hægt.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að leggja til grundvallar frásögn ákærða um málsatvik. Fyrir dómi kvaðst hann örstutta stund hafa litið til vinstri að fylgjast með hópi barna þar og ekki hafa orðið var við drenginn fyrr en hann skall á bifreið hans. Hann taldi sig hafa ekið hægt og varlega.

Hluti af starfi ákærða var að flytja skólabörn frá Hólmum til Reyðarfjarðar. Var hann því gagnkunnugur staðháttum og mátti gera ráð fyrir börnum báðum megin vegarins, þar sem grunnskóli

og íþróttahús voru á aðra hönd en dagheimili á hina. Með því að líta um stund til vinstri hliðar þykir ákærði ekki hafa fylgst nægilega með veginum fram undan og umferð frá hægri og þannig ekki hafa sýnt þá varkárni, er krafist var samkvæmt upphafsákvæði 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er þá giltu, en þar segir: „Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik." Sömuleiðis þykir hann hafa brotið gegn l-lið 3. mgr. 49. gr. sömu umferðarlaga, þar sem sérstök skylda var lögð á ökumann „að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni ... þar sem börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik". Braut hann jafnframt gegn 1. mgr. 49. gr. laganna, en ekki þykja efni til að heimfæra brot hans einnig undir a-lið 3. mgr. sömu lagagreinar.

Umferðarlög nr. 40/1968 féllu úr gildi við gildistöku umferðarlaga nr. 50/1987 hinn 1. mars 1988. Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal dæma um brot ákærða eftir nýrri lögunum. Af hálfu ákæruvalds er því haldið fram, að til 2. mgr. 37. gr. eldri laganna svari 2. mgr. 4. gr. nýrri laganna, er hefst á orðunum: „Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum ...". Í stað ákvæða 49. gr. eldri laganna er vísað til ákvæða 36. gr. nýrri laganna. Þar er í j-lið 2. mgr. lögð sérstök skylda á ökumann „að aka nægilega hægt miðað við aðstæður ... þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg". Sá munur er á hinum nýju ákvæðum og þeim eldri, að horfið hefur verið frá orðalaginu „þar sem vænta má" og „gera má ráð fyrir" að börn séu að leik. Ekki er lengur berum orðum nefnd „nánd við skóla, leikvelli ...". Í 1. mgr. 36. gr. nýrri laganna felast þau ákvæði 1. mgr. 49. gr. eldri laganna, er hér skipta máli, þar sem segir: „Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, ... svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. ...". Heimilt þykir að færa brot ákærða undir þessi ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987, enda verður hvorki af greinargerð með frumvarpi til hinna nýju umferðarlaga né af umræðum á Alþingi ráðið, að ætlunin hafi verið að slaka á varúðarkröfum að þessu leyti við setningu hinna nýju laga, þó að orðalag sé nú annað en áður.

Með framangreindu gáleysi sínu þykir ákærði einnig hafa brotið gegn 215. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 215. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 35.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Björgvinsson, greiði 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 15 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 23. nóvember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. október 1987, er höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 31. ágúst 1987.

Málið er höfðað „á hendur Kristjáni Björgvinssyni hafnarverði, Hjallavegi 7, Reyðarfirði, fæddum 4. marz 1927 á Eskifirði, fyrir að aka föstudaginn 10. október 1986 bifreiðinni U-3139 án nægjanlegrar aðgæslu norður Heiðarveg á Reyðarfirði við dagheimilið með þeim afleiðingum að fyrir bifreiðinni varð Víkingur Jónsson, fæddur 31. júní 1979, sem þá hljóp vestur yfir götuna. Hlaut Víkingur svo mikla áverka innvortis og á höfði að hann lést 15 dögum síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 2. mgr. 37. gr., 1. og 3. mgr., stafliði a og t 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins dagsettu 24. ágúst 1987 hefur ákærði ekki sætt kæru eða refsingu svo kunnugt sé.

Málsatvik eru þau að föstudaginn 10. október 1986 klukkan 09:15 barst lögreglunni tilkynning um að ekið hefði verið yfir ungan dreng á Reyðarfirði. Lögreglan fór þegar á vettvang. Í skýrslu lögreglu segir: „Þarna hafði bifreiðinni U-3139 verið ekið norður Heiðarveg og yfir sjö ára gamlan dreng, Víking Jónsson frá Hólmum í Reyðarfirði. Svo virðist sem drengurinn hafi komið hlaupandi eftir malarslóð í áttina að Heiðarvegi en hrasað á vegbrúninni og runnið undir bifreiðina með fæturna á undan. Engin hemlaför eftir bifreiðina voru sjáanleg.

Ökumaður U-3139 kveðst hafa ekið norður Heiðarveg á 30 km hraða. Hann kvað hóp barna hafa staðið við suðurenda dagheimilisins, en verið var að opna fyrir þeim skólabörnum sem sækja kennslu í þeim hluta hússins. Hann kvaðst aðeins hafa litið til vinstri um leið og hann renndi framhjá og verið að fylgjast með börnunum og kveður það aðeins hafa verið augnablik sem hann leit af veginum, en um leið og hann sneri höfðinu fram aftur hafi hann séð barn hverfa inn undir bifreiðina frá hægri framan við framhjólið. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við högg en kveðst hafa fundið að hann ók yfir barnið. Hann kvað nokkur börn hafa komið hlaupandi eftir malarslóða í áttina að Heiðarvegi og hafi Víkingur verið nokkuð á undan öðrum í þeim hópi. Telur ökumaður að Víkingur hafi ætlað að snöggstansa á götukantinum en þá dottið aftur fyrir sig á bakið og runnið inn undir bifreiðina. Telur ökumaður að hann hafi ekið með hægra fram- og afturhjól yfir brjóstið á Víking.

Rúnar Reynisson heilsugæslulæknir kom á staðinn og ákvað strax að hinn slasaði yrði fluttur með sjúkrabifreið til Egilsstaða og þaðan með sjúkraflugvél á Borgarspítalann í Reykjavík".

Guðni Pétursson lögregluvarðstjóri gerði afstöðuteikningu af vettvangi í hlutföllunum 1:200. Á þessari teikningu kemur fram að þannig hagar til að þar sem slysið varð á Heiðarveginum er dagheimilisbygging vestan megin en spennistöð austan megin. Frá vegbrún að spennustöðvarhorni eru 5 metrar samkvæmt teikningunni. Þegar Víkingur varð fyrir bifreiðinni var hann á hröðum hlaupum fram með spennistöðinni og í hvarfi við hana frá ökumanni séð nema þá 5 metra sem eru frá brún götunnar og að horni spennistöðvar en þegar hann kom að horni spennistöðvarinnar var hann á mikilli ferð. Verður þetta atvik athugað nánar þegar sök verður metin. Í málinu liggja frammi ljósmyndir af vettvangi og verða þær einnig teknar með í sakarmatinu.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglunni hinn 17. október 1986. Hann skýrði

þá svo frá: „Mætti segist hafa ekið þremur börnum frá Hólmum og að skólahúsinu á Reyðarfirði og sleppt þeim þar úr bifreiðinni laust fyrir kl. 08:00 þennan tiltekna morgun 10. október 1986, en það segir mætti að sé hluti af starfi sínu með hafnarvörslunni að aka skólabörnum frá Hólmum til Reyðarfjarðar.

Mætti segir að síðan hafi hann átt leið norður Heiðarveginn rétt um kl. 09:00 og þá ætlað heim til sín að Hjallavegi 7 til þess að sækja sér hlífðarföt þar sem hann hafi ætlað að fara að mála sveitarstjórnarskrifstofuna að utan.

Mætti tekur fram að hann hafi ekki verið í neinum sérstökum flýti og segist áætla að hann hafi ekið þarna norður Heiðarveginn á ca 30 km/klst. hraða, en tekur fram að hann hafi alls ekki litið á hraðamæli bifreiðarinnar, enda ekkert gefið tilefni til þess.

Mætti segir, að hann hafi oft nú eftir að slys þetta vildi til litið á hraðamæli þegar hann hafi ekið þessa sömu leið og á líkum hraða og í þetta umrædda skipti, og telur að það hafi mælst 30 til 35 kílómetra hraði miðað við klukkustund.

Mætti segir að aksturskilyrði hafi verið góð þegar slysið átti sér stað, vel bjart, en vegur svolítið blautur.

Mætti segir að þegar hann hafi verið þarna á ferðinni rétt um kl. 09:00 hafi börn verið að safnast saman við suðurenda dagheimilisins hjá girðingu sem þar er við húsendann, en í því húsi fer fram kennsla 7 ára barna og yngri.

Mætti segir að engin umferð hafi verið um Heiðarveginn, hvorki bíla né gangandi manna, og mætti segist ekki hafa veitt því athygli að neinn væri að koma frá skólanum eða sundlauginni sem eru þarna austan við Heiðarveginn nokkuð frá. Mætti segir að hann hafi litið á börnin, sem voru þarna við dagheimilisbygginguna, rétt sem snöggvast, en hins vegar vitað að þau voru að fara þar inn og því ekki væntanleg upp á Heiðarveginn, en þegar hann hafi aftur litið fram á veginn eftir að hafa gáð örstutt til vinstri heim að dagheimilinu hafi hann séð barn hverfa inn undir framenda bifreiðarinnar hægra megin. Mætti segist alls ekki hafa orðið var við að bíllinn ræki á drenginn, en hins vegar fundið að bæði fram- og afturhjól hægra megin á bílnum fóru yfir drenginn áður en honum tókst að stansa. Mætti segist ekki halda að hann hafi verið farinn að hemla þegar hjólin fóru yfir drenginn, því að þetta hafi borið svo brátt að, enda hafi hann ekki þorað að fullhemla, úr því sem komið var. Mætti segist síðan hafa stöðvað bílinn strax norðan við slysstaðinn, snarast út og séð að þá hafi nokkrir drengir, 4-5, verið að koma vestur með norðurhlið spennistöðvarinnar. Segir mætti að þeir hafi trúlega verið að koma ofan af íþróttavelli miðað við stefnu þeirra.

Mætti segir að þessir drengir hafi verið jafnaldrar Víkings og trúlega hafi þeir verið á sömu leið en Víkingur aðeins á undan.

Mætti segir áð þegar hann sá drengnum bregða fyrir framan við bílinn hafi hann alls ekki séð hvernig hann snéri né hver þetta var, þetta hafi aðeins verið eitthvað sem hann sá bregða fyrir við framenda bílsins hægra megin, örstutt.

Mætti segist þegar hafa farið að huga að drengnum og þekkt að þetta var Víkingur frá Hólmum og segir að hann hafi þá legið á bakinu og verið meðvitundarlaus, en andað. Mætti segir að sér hafi virst að ekki þyrfti neinna skyndiaðgerða við þar sem ekki hafi verið um miklar sjáanlegar blæðingar að ræða og öndun greinileg. Því hafi hann strax snúið sér að því að fá til lækni og sjúkraflutningatæki.

Mætti segist hafa kallað upp og beðið um að hringja í lækni og segir að Halldóra sem er kennari í dagheimilinu hafi strax hringt fyrir sig og læknir komið mjög fljótt og stuttu síðar sjúkraflutningabifreið.

Mætti segir að sér hafi virst öll ummerki benda til þess að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir drenginn miðjan, en engin ummerki hafi bent til þess að bíllinn hafi snert höfuð hans. Mætti segir að engir áverkar hafi verið á andliti drengsins, en fljótlega hafi komið í ljós að blæddi úr vitum hans.

Mætti segist vilja taka fram að hann hafi enga hreyfingu séð hægra megin við Heiðarveginn áður en slysið vildi til, en fyrst þegar hann var kominn út úr bifreiðinni séð drengina sem voru að koma niður með spennistöðinni.

Mætta er sýnd skýrsla lögreglunnar um slys þetta og uppdráttur sem gerður hefur verið af slysstað og segist í öllum aðalatriðum vera sammála um það sem þar kemur fram og eftir sér sé haft, nema hvað hann hafi ekki séð drengina austan við Heiðarveginn fyrr en eftir að slysið hafði orðið, eins og fram kemur fyrr í þessari skýrslu.

Varðandi uppdráttinn vill mætti benda á að malarslóðinn austan við Heiðarveginn sé ekki svona afmarkaður, heldur sé þarna malarsvæði og opið inn á Heiðarveginn þar sem kantsteinn sé brotinn eins og reyndar sjáist á uppdrættinum.

Þá tekur mætti fram að Guðni lögreglumaður hafi prófað hemla bifreiðarinnar með ástigi en ekki ekið henni og ekki fundið neitt athugavert, enda segir mætti að hemlarnir hafi verið í góðu lagi".

Ákærði kom fyrir sakadóm við þingfestingu málsins hinn 31. október 1987. Þar var bókað: „Ákærði segir að atvikum sé rétt lýst í ákæruskjalinu og hann gerir ekki athugasemd við það hvernig atvikum er þar lýst.

Ákærða eru nú kynnt skjöl málsins. Hann gerir ekki athugasemd við frumskýrslu lögreglu, afstöðuteikningu eða skýrslu sína hjá Jóni Ólafssyni lögreglumanni þann 17. október 1986. Ákærði gerir þá athugasemd við

skýrslu Disu Mjallar Ásgeirsdóttur að hann hafi engan séð koma á undan Víkingi. Þá gerir ákærði athugasemd við lýsingu hennar á hraða.

Ákærði gerir ekki athugasemd við áverkavottorð frá 21.6. 1987 eða frá 13. mars 1987.

Ákærði gerir ekki athugasemd við vottorð veðurstofu.

Ákærði skoðar ljósmyndir af vettvangi og gerir ekki athugasemdir við þær.

Ákærði gerir ekki athugasemd við skýrslu Halldóru Baldursdóttur.

Ákærði segir að í greint sinn hafi hann verið að horfa til vinstri og gert það í örstutta stund. Hann hafi verið að fylgjast með hópi barna þar. Hann segir að örstutta stund taki að hlaupa hratt frá horni spennistöðvarinnar og að þeim stað þar sem Víkingur varð fyrir bifreiðinni. Ákærði álítur að hann hefði getað stansað, hefði hann séð barnið koma fram undan horni spennistöðvarinnar. Ákærði segir að barnahópurinn vinstra megin götunnar hafi ekki verið það nálægt götunni að þeim stafaði hætta af umferðinni. Ákærði telur sig hafa ekið hægt og varlega í greint sinn enda stöðvunarvegalengd ekki nema 4-5 metrar án þess að hemla eða að draga hjól. Ákærði varð ekki var við drenginn fyrr en hann varð undir bíl hans.

Vitnið Dísa Mjöll Ásgeirsdóttir, fædd 29. maí 1971, til heimilis að Brekkugötu 10, Reyðarfirði, gaf skýrslu hjá lögreglunni hinn 11. nóvember 1986: „Mætta segist hafa verið í kennslustund í Grunnskólanum um kl. 09:00 þann 10.10. 1986, og verið að færa sig til í kennslustofunni þegar henni varð litið út um glugga sem snýr niður að Heiðarveginum og segist þá hafa veitt því athygli að nokkrir drengir hlupu vestur eftir norðan við spennistöðina og segir að sér hafi virst að einn væri fyrstur og þá rétt á eftir annar sem mætta segist hafa þekkt að var Víkingur frá Hólmum, en þar rétt á eftir komu síðan nokkrir drengir, ef til vill tveir eða þrír. Mætta segir að drengirnir hafi hlaupið hratt og líkast því að þeir hlypu í kapp.

Mætta segist ekki hafa veitt neinum bíl athygli fyrr en allt í einu þegar fyrsti drengurinn var kominn nær því yfir götuna að hún sér skyndilega að Víkingur skellur á hægra framhorni bifreiðar sem ekið var norður Heiðarveginn og segir að sér hafi virst sem Víkingur kastaðist frekar frá bílnum til baka miðað við þá stefnu sem hann hafði á hlaupunum.

Mætta segir að bifreiðin hafi stöðvast fljótlega, og strákarnir sem á eftir voru hafi hlaupið áfram yfir götuna og stansað þar á gangstéttinni, líkt og þeir færu þá fyrst að átta sig á hvað gerst hafði.

Mætta segir að sér finnist að það hljóti að hafa verið nokkur hraði á bílnum þar sem hann hafi allt í einu verið kominn þarna, án þess að hún hefði séð til ferða hans".

Vitnið Halldóra Baldursdóttir, fædd 22. desember 1952, Hæðargerði 6, Reyðarfirði, gaf skýrslu hjá lögreglunni: „Föstudaginn 10.10. 1986 um kl.

09:00 kveðst mætta hafa verið við leikskólann og hafa verið að hleypa börnunum inn. Kvaðst hún hafa séð til ferða nokkurra barna (ca 5 barna), hvar þau komu hlaupandi frá Barnaskólanum og að leikskólanum, en sum þeirra voru að fara í tíma hjá mættu. Mætta kveðst ekki hafa horft meira eftir þeim þar sem hún hafi verið með um 15 til 20 börn hjá sér. Síðan kveðst mætta hafa heyrt kallað: „Það var keyrt á Víking", eða eitthvað svoleiðis. Er mætta hafi litið upp á götuna kveðst hún hafa séð hvar Víkingur lá í götunni og vissi höfuð hans í austur og hafði bifreiðin U-3139 stansað ca 2 metra frá drengnum. Mætta, sem segist ekki hafa farið að slysstað, kvað ökumann bifreiðarinnar U-3139, Kristján Björgvinsson, hafa kallað til sín og beðið sig að hringja eftir lækni. Kveðst mætta hafa gert það og hafi þá komið fljótlega Rúnar Reynisson læknir og síðan sjúkrabifreið sem flutti drenginn af slysstað, en mætta kveðst einnig hafa hringt eftir sjúkrabifreiðinni. Aðspurð kveðst mætta hafa verið komin inn í skólann þegar lögreglan hafi komið á staðinn. Lögreglan hafði samband við skólastjóra og kennara grunnskólans á Reyðarfirði varðandi hugsanlega sjónarvotta að slysinu. Var þá bent á að átta ára drengur, Birkir Viðarsson, Mánagötu 18, Reyðarfirði, hefði verið sjónarvottur að slysinu og séð eitthvað af því hvernig það vildi til. Af þessu tilefni ræddi lögreglan óformlega við Birki. Hann skýrði svo frá að hann hefði verið næstur á eftir Víkingi þegar þeir drengirnir hlupu vestur eftir norðan við spennistöðina á leið í skólann í dagheimilinu. Hann sagði að Víkingur hefði lent á bílnum fremst, þ.e. á hægra framhorni hans, og síðan í götuna".

Hinn 21. júní 1987 ritaði Auðbergur Jónsson, heilsugæslulæknir á Eskifirði, svofellt áverkavottorð um Víking Jónsson, f. 31.01.79-4859, Hólmum, Reyðarfirði:

„Þann 10.10.86 var Rúnar Reynisson afleysingalæknir við Heilsugæslustöðina á Eskifirði kallaður út vegna slyss á Reyðarfirði. Hafði verið ekið á ofannefndan Víking. Hann sé meðvitundarlaus þegar að var komið en öndun og hjartsláttur í lagi, það var mar á hnakka og roðarönd þvert yfir brjóstkassann. Hrufl á fótleggjum en ekki var merki um áverka á kvið.

Drengurinn var fluttur með sjúkrabíl til Egilsstaða, hætt kominn á leiðinni vegna öndunarerfiðleika og uppkasta. Á Egilsstöðum var drengnum komið í betra ástand með aðstoð lækna þar og hann síðan fluttur í Borgarspítala, skilinn þar eftir í höndum heilaskurðlækna.

Í bréfi frá heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítala, kemur fram að CT-skann sýndi merki um heilabjúg og mikið hækkaðan þrýsting í höfuðkúpu. Drengurinn var hafður í öndunarvél á gjörgæslu þar til hann lést að morgni 25.10. 1986.

Réttarkrufning fór ekki fram að ósk aðstandenda.

Ofanskráð vottast hér með samkvæmt upplýsingum úr sjúkraskrá, að beiðni lögreglunnar á Eskifirði.
Eskifirði 21.06. 1987."

Hinn 13. mars 1987 ritaði Kristinn Guðmundsson, yfirlæknir Borgarspítalanum, annað áverkavottorð svohljóðandi: „Víkingur varð fyrir bíl um kl. 09 að morgni þann 10.10. 1986, á Reyðarfirði. Talið var að bíllinn hafi farið yfir drenginn. Hann missti meðvitund. Tilkallaður var læknir sem flutti sjúklinginn rakleitt á sjúkrahúsið á Egilsstöðum og fékk hann meðferð bæði á leiðinni og eins eftir að hann kom í Egilsstaði. Sjúklingurinn var fluttur í sjúkraflugi til Reykjavíkur og kom á Borgarspítala um kl. 12:30 þann dag.

Við komuna á slysadeild var hann djúpt meðvitundarlaus með blæðingu á vörum og bólgu aftan á hnakka. Svolítið hrufl á útlimum. Röntgenmyndir sýndu áverkamerki í lungum og tölvusneiðmynd af höfði benti til mikillar bólgu í höfðinu.

Sjúklingurinn var lagður inn á gjörgæsludeild eftir að gerð hafði verið borhola í höfuð og settur inn þrýstingsmælir. Fjórum dögum seinna var gerður barkaskurður og einnig lögð slanga inn í magann. Sjúklingnum hrakaði hægt og hann lést þann 25.10. 1986 kl. 08:40 að morgni. Réttarkrufning fór ekki fram að ósk aðstandenda".

Í málinu liggur frammi vottorð veðurstofu, dagsett 19. nóvember 1986, varðandi veður á Kollaleiru, Reyðarfirði, þann 10. október 1986. Veðrið þennan dag kl. 09:00 var logn, mesta veðurhæð milli athugana 3 vindstig og skýjað skyggni 55 kílómetrar og hiti 6,6° klukkan 15:00. Þennan dag var breytileg átt, mesta veðurhæð milli athugana 2 vindstig, skýjað skyggni 55 kílómetrar, hiti 11,4°.

Niðurstaða.

Í málinu byggir ákæruvaldið ákæru á því að ákærði hafi ekið norður Heiðarveg í greint sinn „án nægjanlegrar aðgæslu" ... með þeim afleiðingum sem lýst er í ákærunni. Telur ákæruvaldið að ákærði hafi unnið sér til sakar samkvæmt nokkrum ákvæðum umferðarlaga er hér verða nú rakin: 2. mgr. 37. gr. „Sérstaka varúð skal sýna í námunda við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik." Ekki verður talið að ákærði hafi með háttsemi sinni í málinu brotið þetta ákvæði. Þvert á móti sýndi hann sérstaka varúð gagnvart þeim barnahópi sem var við leikskólann vinstra megin við aksturssstefnu ákærða. 1. mgr. 49. gr.: „Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir." Ekki verður séð að ákærði hafi brotið þetta ákvæði.

3. mgr. 49. gr.: „Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni.

a) Í þéttbýli, þar sem börn eru á eða við veg, eða gera má ráð fyrir að börn séu að leik.“

Ekki verður séð að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið þetta ákvæði. Í 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 segir: „Ef mannsbani hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.“ Í málinu liggur ljóst fyrir að ákærði ók í greint sinn á mjög litilli ferð bifreiðinni U-3139 norður Heiðarveg á Reyðarfirði, og þegar hann var kominn á móts við spennistöð sem er þar við veginn kom Víkingur Jónsson á harðahlaupum fram undan horni spennistöðvarinnar og hafnaði hægra megin undir bifreið ákærða, þannig að bæði aftur- og framhjól bifreiðarinnar fóru yfir drenginn. Frá horni spennistöðvarinnar og að slysstað eru aðeins 5 metrar. Maður á hlaupum kemst þessa vegalengd á 1-3 sekúndum. Dómari fór á vettvang og kannaði aðstæður. Ljóst er að drengurinn hefur verið að hlaupa frá íþróttavelli, sem er rétt hjá skólanum, og að hann hefur átt að mæta í tíma í dagheimilishúsinu hinum megin götunnar. Þegar drengurinn var kominn á hlaupum að horni spennistöðvarinnar sér hann til félaga sinna, sem biðu við innganginn að leikskólanum. Hann hefur ekki veitt bifreið ákærða athygli. Þegar staðið er við horn spennistöðvarinnar sést vel yfir götuna að inngangi leikskólans þar sem börnin stóðu. Líklegt er að drengurinn hafi talið að hann væri að verða of seinn í tíma og þess vegna hafi hann hlaupið svo sem raun varð á. Frá sjónarhóli ákærða er ljóst að hann ók á hægri ferð norður Heiðarveginn, hann sá hóp barna við innganginn að leikskólanum og beindi athygli sinni eðlilega að þessum barnahópi og ók gætilega með tilliti til þessara barna. Ákærði sá hins vegar ekki til ferða drengsins norðan við spennistöðina enda var drengurinn þá í hvarfi. Ljóst er að það hefur tekið aðeins örskamma stund fyrir drenginn að fara frá spennistöðvarhúsinu og undir bifreiðina, svo stutta stund að enginn ökumaður sem á annað borð var þarna á ferð hefði getað stansað. Verður því talið ósannað með öllu að ákærði hafi ekki sýnt nægjanlega aðgæslu í greint sinn og verður hann því sýknaður af sök í máli þessu.

Rétt er að leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð.

Sigurður Eiríksson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Björgvinsson, á að vera sýkn saka í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 17. október 1988.

Nr. 53/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Einarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
og
Friðþjófi Bragasyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1987, en meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi.

Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu hans til refsiákvæða.

Fram er komið að 3. apríl 1987 undirgekkst ákærði Magnús Einarsson réttarsátt að fjárhæð 9.000,00 krónur í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974; sbr. lög nr. 60/1980 og 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 22. janúar 1988 var ákærði, Magnús, dæmdur í 15 daga fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Loks var ákærði, Magnús, með dómi sakadóms Reykjavíkur 14. júlí 1988 sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki gerð refsing.

Refsing ákærða, Magnúsar, í þessu máli er hegningarauki við þá refsingu, er honum var gerð með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. desember 1987 fyrir afbrot framin í ágúst og október 1984 og mars 1985.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta refsiákvörðun hans að öðru leyti en því, að sektarrefsing hvors hinna ákærðu ákveðst 65.000,00 krónur og komi 25 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Einarsson, sæti fangelsi í 2 ár og 4 mánuði og komi gæsluvarðhaldsvist hans, 13 dagar, til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði, Magnús, greiði 65.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Magnús, greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði, Friðþjófur Bragason, sæti fangelsi í 2 ár og komi 14 daga gæsluvarðhald hans til frádráttar fangelsisrefsingu.

Ákærði, Friðþjófur, greiði 65.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Friðþjófur, greiði skipuðum verjanda sínum, Haraldi Blöndal hæstaréttarlögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allan annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. ágúst 1987.

Málið er höfðað á hendur X, Magnúsi Einarssyni, Klapparstíg 11, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. desember 1948, Friðþjófi Bragasyni,

Smyrlahrauni 43, Hafnarfirði, fæddum þar í bæ 24. október 1954, Y og Z fyrir eftirfarandi meint brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

„I. Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur.

Ákærðu er gefið að sök að hafa í október 1985 staðið saman að innflutningi á samtals 505,3 g af amfetamíni í ágóðaskyni. Ákærðu lögðu allir á ráðin um framkvæmd brotanna, skiptingu væntanlegs söluágóða og ákváðu verkaskiptingu með þeim hætti, að ákærði X aflaði fjár vegna efniskaupanna, ákærði Friðþjófur aflaði efnisins erlendis og sendi það hingað til lands og ákærði Magnús átti að sjá um sölu efnisins hérlendis:

1. Í fyrri hluta október lagði ákærði X fram um kr. 100.000,00 til efnisöflunar og 8. október hélt ákærði Friðþjófur til Amsterdam, keypti þar um 300 g af amfetamíni, flutti efnið til Bremerhaven og faldi það um borð í bv. Breka VE-61, sem kom til Vestmannaeyja 3. nóvember 1985, og fann lögreglan þá 289,8 g efnisins um borð í skipinu.

2. Í seinni hluta október lagði ákærði X fram kr. 150.000,00 til öflunar amfetamíns og 19. október hélt ákærði Friðþjófur til Amsterdam, keypti þar óvisst magn af amfetamíni, flutti það til Bremerhaven og faldi það um borð í bv. Karlsefni RE-24, sem kom til Reykjavíkur 31. október, og voru ákærðu handteknir þann dag á Grandagarði, er þeir fluttu 215,5 g af amfetamíninu úr skipinu.

II. Ákærði Y og Z.

— — —

Ofangreind meint háttsemi allra ákærðu er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986, sbr. áður 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 505,3 g af amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

— — —

Málsatvik:

Ákæruliður I, 1.

Ákærði X var yfirheyrður hjá lögreglu 11. nóvember 1985 og lýsti þá þessari meintu háttsemi er hér er ákært út af.

Ákærði X kvaðst hafa átt í fjárhagsvandræðum á árinu 1985 vegna fyrirtækja er ákærði kvaðst hafa tekið þátt í að setja á fót, en verið svikinn í þeim viðskiptum. Ákærði X kvaðst síðan hafa sett sig í samband við meðákærða Magnús og hafi þeir rætt þann möguleika að bjarga fjármálavandræðum sínum með því að flytja fíkniefni til landsins. Ákærði X kvaðst síðan hafa sett sig í samband við meðákærða Friðþjóf og kvað ákærði X meðákærða Friðþjóf hafa tekið vel undir hugmyndina um að flytja fíkniefni til landsins.

Ákærði X bar um fjárútvegun sína til utanfarar þeirrar er um getur í ákærulið I, 1. Ákærði X kvaðst þannig hafa fengið kr. 75.000,00 lán hjá meðákærða Y og kr. 30.000,00 hjá öðrum nafngreindum aðila. Ákærði X kvað meðákærða Friðþjóf hafa haldið til Amsterdam þann 8. október 1985 og keypt þar 250 - 300 grömm af amfetamíni er flutt var til Þýskalands og falið um borð í togaranum Breka er staddur var í höfn í Bremerhaven.

Ákærði X var yfirheyrður hér fyrir dómi 30. júní sl. og bar þá efnislega á sama veg og rakið var og kvað þennan ákærulið vera réttan. Ákærði kvað hafa verið ákveðið að skipta væntanlegum söluágóða fíkniefnanna í fjóra jafna hluta milli ákærðu X, Magnúsar, Friðþjófs og Y.

Ákærði Magnús Einarsson hefur borið efnislega á sama veg og ákærði X, bæði undir frumrannsókn málsins svo og eftir útgáfu ákæru. Ákærði Magnús var yfirheyrður fyrir dómi 1. júlí sl. og kvað þá ákæruskjalið vera rétt og staðfesti sína fyrri framburði og bar á sama veg. Ákærði Friðþjófur bar og fyrir dómi 30. júní sl. á sama veg og hann hafði borið undir frumrannsókn málsins og viðurkenndi þannig að hafa tekið að sér fíkniefnakaup þau er um getur í þessum ákærulið. Ákærði Friðþjófur kvaðst hafa átt að fá kr. 150.000,00 sem greiðslu fyrir ferðina 8. október 1985.

Ákæruliður I, 2.

Ákærði X bar um þessa meintu háttsemi við lögregluyfirheyrslur 11. nóvember 1985. Ákærði X kvað hafa komið á daginn að togarinn Breki, er um getur í ákærulið I, 1, hélt rakleitt í slipp í Danmörku og fíkniefnin er falin voru um borð í skipinu þannig ekki væntanleg til landsins í bráð. Ákærði X kvað þá hafa verið ákveðið milli ákærðu X, Magnúsar og Friðþjófs að efna til farar þeirrar er í þessum ákærulið greinir.

Ákærði X lýsti fjáröflun sinni til fararinnar og lýsti m.a. tryggingu er meðákærða Z lagði fram til tryggingar greiðslu lánsins. Ákærði X kvað meðákærða Friðþjóf síðan hafa haldið flugleiðis til Amsterdam þann 19. október 1985 og þar keypt 350-380 grömm af amfetamíni, er síðan var flutt til Þýskalands og falið um borð í togaranum Karlsefni er lá við bryggju í Bremerhaven.

Ákærði X var yfirheyrður hér fyrir dómi 30. júní sl. og bar þá á sama veg og rakið var og kvað þennan ákærulið réttan.

Ákærði Magnús hefur borið efnislega á sama veg og meðákærði X, bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi 1. júlí sl.

Ákærði Friðþjófur hefur borið efnislega á sama veg og hinir tveir meðákærðu og kannast við að hafa framið háttsemi þá er hér er ákært út af. Ákærði Friðþjófur bar um þátt sinn í málinu síðast hér fyrir dómi 30. júní sl. og staðfesti þá fyrri framburði sína.

Ákæruliður II.

— — —

Niðurstöður:

Ákæruliður I.

Með framburðum ákærðu X, Magnúsar og Friðþjófs, sem vel eru studdir af öðrum gögnum máls þessa, telst sannað, að þessir ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá er hér er ákært út af, þó þannig að gert verður ráð fyrir því, að ákærði Friðþjófur hafi keypt 289,8 grömm af amfetamíni í Amsterdam, sbr. ákærulið I, 1, og 215,5 grömm af amfetamíni, sbr. ákærulið I, 2.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur stóðu þannig sameiginlega að innflutningi á 505,3 grömmum af amfetamíni í október 1985. Efnið var flutt inn í ágóðaskyni. Ákærðu lögðu allir á ráðin um framkvæmd brotanna, skiptingu væntanlegs ágóða af sölu efnisins og ákváðu verkaskiptingu með þeim hætti, að ákærði X aflaði fjár vegna efniskaupanna, ákærði Friðþjófur aflaði efnisins erlendis og sendi það hingað til lands og ákærði Magnús átti að annast sölu efnisins hérlendis.

Þessir þrír ákærðu stóðu þannig sameiginlega að tveim innkaupaferðum á fikniefnum:

1. Í fyrri hluta október 1985 lagði ákærði X fram um kr. 100.000,00 til efnisöflunar og 8. október hélt ákærði Friðþjófur til Amsterdam, keypti þar 289,8 g af amfetamíni, flutti efnið til Bremerhaven og faldi það um borð í bv. Breka VE-61, sem kom til Vestmannaeyja 3. nóvember 1985 og fann lögreglan þá 289,8 g af amfetamíni um borð í skipinu.

2. Í seinni hluta október lagði ákærði X fram kr. 150.000,00 til öflunar amfetamíns og 19. október hélt ákærði Friðþjófur til Amsterdam, keypti þar 215,5 g af amfetamíni, flutti það til Bremerhaven og faldi það um borð í bv. Karlsefni RE-24 sem kom til Reykjavíkur 31. október, og voru ákærðu handteknir þann dag á Grandagarði er þeir fluttu 215,5 g af amfetamíni úr skipinu.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II.

— — —

Brot ákærðu X, Magnúsar og Friðþjófs varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr.10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986, sbr. áður 2. gr., sbr. 10. gr. relugerðar nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

— — —

Brot ákærðu Y og Z varða því við sömu ákvæði og brot ákæru X, Magnúsar og Friðþjófs, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur sammæltust um framningu brota sinna og verður það virt þeim til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þessir þrír ákærðu sammæltust þannig um innflutning mikils magns fíkniefna til landsins. Samkvæmt efnagreiningum Rannsóknarstofu í lyfjafræði dags. 6. og 8. janúar 1986 var styrkleiki efnanna er flutt voru til landsins ekki mjög mikill, en efnismagnið hins vegar mjög mikið. Ásetningur þessara þriggja ákærðu stóð allan tímann til þess að flytja til landsins amfetamín og réð tilviljun styrk efnisins sem samkvæmt framangreindum efnagreiningum var amfetamín sem er efni með mikla hættueiginleika.

— — —

Ákærði Magnús á samkvæmt sakavottorði dags. 14. maí 1987 að baki samfelldan brotaferil síðustu tuttugu ár. Ákærði Magnús hefur 24 sinum hlotið refsidóma og í fjölmörg skipti sáttir.

Óskilorðsbundin refsivist samkvæmt framangreindum dómum er meiri en 7 ár, mest fangelsisrefsing.

Vegna ákvörðunar refsingar í máli þessu er rétt að nefna sérstaklega eftirfarandi dóma og sátt, sbr. sakavottorð dags. 14. maí 1987:

1986 3/5 í Reykjavík. Áv. og fíkn. Sátt: 6.500,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974, sbr. l. nr. 60, 1980, og 9. gr. l. nr. 75, 1982, sbr. l. nr. 13, 1985, 77. gr. hgl., sbr. 2. og 10. gr. rg. 16, 1986.

1986 18/12 í Reykjavík. Dómur: 6 mán. fangelsi f. brot g. 231. gr. og 244. gr. hgl.

1986 22/12 í Reykjavík. Dómur: 8 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 245. gr. hgl. Hegn.auki.

1987 6/5 í Reykjavík. Dómur: 30 daga fangelsi f. brot g. 25. gr. og 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Ákærði Friðþjófur hefur samkvæmt sakavottorði dags. 14. maí 1987 hlotið fimm refsidóma auk þess að hafa gengist við sex dómsáttum. Ákærði Friðþjófur hefur ekki sætt refsingu síðan í október 1980.

— — —

Ákærðu X og Friðþjófur eiga að baki nokkurn brotaferil.

Ákærði Magnús á að baki slíkan brotaferil svo sem rakið var að hann verður að teljast síbrotamaður.

Refsing ákærðu X, Magnúsar og Friðþjófs verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og að því er ákærða Magnús varðar verður einnig höfð hliðsjón af 78. gr. s.l. vegna refsinga er ákærði Magnús hlaut á árinu 1986 og 1987 og loks verður höfð hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga varðandi ákærða Magnús.

Með vísan til alls framanritaðs þykir refsing ákærða X hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár og komi 12 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda, Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000,00.

Með vísan til alls framanritaðs og brotaferils ákærða Magnúsar þykir refsing hans hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár og 4 mánuði og komi 13 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði Magnús greiði skipuðum verjanda, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun.

Refsing ákærða Friðþjófs þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár og komi 14 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði Friðþjófur greiði skipuðum verjanda, Jóni Ólafi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun og kr. 7.467,00 vegna réttargæslu Atla Gíslasonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur frömdu brot sín með viðskiptasjónarmið í huga og er hverjum þeirra um sig gert að greiða kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985.

Greiði ákærðu ekki sektarrefsingar sínar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja þá komi fangelsi í 5 daga í sektar stað.

Ákærðu Y og Z sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal í 2 ár frá upp kvaðningu dóms þessa fullnustu refsingarinnar varðandi þau bæði, hald þau almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4 gr. laga nr. 22, 1955, og refsingin síðan falla niður að þeim tíma liðnum Komi til afplánunar af hálfu ákærða Y komi 7 daga gæsluvarðhald t frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Svo sem kröfugerð skipaðs verjanda ákærða Y var háttað verða ekk dæmd málsvarnarlaun. Ákærði Y greiði kr. 11.914,00 vegna réttargæslu Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur sæti upptöku á 505,3 grömmum af amfetamíni, nú merkt efnaskrár nr. 1493 og 1499 í vörslum dómsins. Vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 vega upptökunnar.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur greiði in solidum kr. 22.089,00 vegna efnagreininga.

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur er að ofan greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi í 2 ár og komi gæsluvarðhaldsvist hans, 12 dagar, til frádráttar fangelsisrefsingu.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda, Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Magnús Einarsson sæti fangelsi í 2 ár og 4 mánuði og komi gæsluvarðhaldsvist hans, 13 dagar, til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði Magnús greiði skipuðum verjanda, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Friðþjófur Bragason sæti fangelsi í 2 ár og komi 14 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði Friðþjófur greiði skipuðum verjanda, Jóni Ólafi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun og kr. 7.467,00 vegna réttargæslu Atla Gíslasonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur greiði hver fyrir sig kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 5 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu Y og Z sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa og hún niður falla að þeim tíma liðnum varðandi bæði þessi ákærðu haldi þau hvort fyrir sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Komi til afplánunar af hálfu ákærða Y, komi 7 daga gæsluvarðhald til frádráttar dæmdri refsivist.

Ákærði Y greiði kr. 11.914,00 vegna réttargæslu Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur sæti upptöku á 505,3 grömmum af amfetamíni, en efnið er nú merkt efnaskrár nr. 1493 og 1499 í vörslum dómsins.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur greiði in solidum kr. 22.089,00 vegna efnagreininga. Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur hefur verið greiði ákærðu in solidum.

Mánudaginn 17. október 1988.

Nr. 338/1988. **Olíuverslun Íslands hf.**

gegn

Margréti Sverrisdóttur

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu dómsathöfn.

Sóknaraðili hefur samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 16. september sl., sem barst Hæstarétti 12. þ.m. Hin kærða áritun um frávísun málsins var gerð á bæjarþingi Reykjavíkur 5. september sl.

Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að taka málið til efnisúrlausnar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál með stefnu, útgefinni 9. júní 1988, birtri 13. s.m., til heimtu skuldar vegna vöruúttektar að fjárhæð 41.916,00 krónur. Málið var þingfest 30. s.m. Eftir að hafa verið endurupptekið að beiðni sóknaraðila var því vísað frá héraðsdómi með svofelldri áritun á stefnu:

„Af gögnum málsins er ljóst að stefnandi rekur fasta verslun í Hveragerði. Af 40 móttökukvittunum að dæma, merktum Olís, vörumarkaður Hveragerði, virðist sem að stefnda hafi stofnað ýmist sjálf eða aðilar á hennar vegum, til skuldar við stefnanda á fyrrnefndri starfsstofu hans í Hveragerði með vöruúttektum sínum á verslunarvörum. Skv. gögnum máls á stefnda Margrét Sverrisdóttir heimilisfesti að Hveramörk 10, Hveragerði. Mál til heimtu andvirðis verslunarskulda stefndu er hins vegar þingfest og rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Í sókn kveður stefnandi að fyrrnefndur vörumarkaður sé alfarið í eigu stefnanda og sé öllum rekstri hans stjórnað frá höfuðstöðvum félagsins í Reykjavík. Þegar aðilar taki út vörur í reikning hjá framangreindum vörumarkaði og greiði ekki í mánaðarlok séu reikningarnir sendir til höfuðstöðva félagsins til innheimtu. Á skrifstofum félagsins hér í borg séu skuldurum send regluleg yfirlit yfir skuldastöðu þeirra við félagið, sem og innheimtubréf. Sinni skuldarar ekki þessum áskorunum séu kröfurnar sendar í innheimtu til lögfræðings. Stefnandi kveður áratugalanga dómvenju fyrir því að kröfum af þessu tagi sé stefnt á starfstofuvarnarþingi höfuðstöðva félagsins.

Skv. athugasemdum í greinargerð við 1. mgr. 82. gr. l. nr. 85/1936 svarar varnarþingsregla greinarinnar til l. nr. 59/1905 að öðru leyti en því, að fleirum aðilum var gert kleift að notfæra sér hagræði varnarþingsreglunnar. Skv. l. 59/1905 var heimilt að sækja mál til greiðslu skuldar á hendur skuldunaut í þeirri þinghá, þar sem til skuldarinnar var stofnað (sbr. ummæli í Lyrd. X, 758). Með þetta í huga og þar sem hér er um að ræða undantekningarvarnarþing, verður að telja að skýra beri 1. mgr. 82. gr. l. nr. 85/1936 skv. orðanna hljóðan og telst því aðeins heimilt að höfða mál til heimtu verslunarskuldar skv. greininni í þeirri þinghá þar sem sú fasta

verslun er, þar sem stefndi stofnaði til skuldarinnar og stefnandi lét vörurnar í té. Verður því ekki talið að stefnanda, sem á fleiri fastar verslanir og hefur höfuðstöðvar fyrirtækisins í annarri þinghá, sé heimilt að höfða mál á varnarþingi höfuðstöðva sinna á grundvelli 1. mgr. 82. gr. l. nr. 85/1936 í því máli sem hér liggur fyrir, þar sem vörurnar voru ekki látnar þar í té. Þar sem stefnandi hefur ekki sýnt fram á að aðrar varnarþingsreglur leiði til þess að honum sé heimilt að höfða mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur verður að vísa máli þessu frá ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Máli þessu er vísað frá.

Málskostnaður dæmist ekki."

Málsástæður sóknaraðila hér fyrir dómi eru hinar sömu og raktar eru í áritininni.

Ekkert er fram komið í málinu um að stefndu sé skylt að svara til saka utan varnarþings síns samkvæmt 73. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Varnarþingsregla 1. mgr. 82. gr. sömu laga er undantekningarregla, sem í þessu tilviki telst ekki heimilt að skýra rýmra en orð hennar segja svo sem greinir í áritun héraðsdómara. Ber því að staðfesta hana.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 18. október 1988.

Nr. 5/1987. **Ásgeir Valdimarsson**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Teiti Jónassyni
(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Lausafjárkaup. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. nóvember 1986, en málið féll niður á dómþingi 7. janúar 1987. Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1987. Eru dómkröfur hans þær að héraðsdómi verði breytt á þá lund að allar dómkröfur áfrýjanda í héraði verði teknar til greina, þ.e. að stefndi greiði honum 169.320,90 krónur með 19% ársvöxtum af 25.133,00 krónum frá 1. apríl 1984 til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1985, en af 169.320,90 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 3. kafla laga nr. 25/1987, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal bréf samgönguráðuneytis Hollands til lögmanns áfrýjanda, dagsett 7. apríl 1988, sem með fylgdi skráningarvottorð bifreiðar þeirrar, er mál þetta snýst um. Kemur fram af skjölum þessum, að bifreiðin

er af Roman-gerð, framleidd í Rúmeníu 1975. Eina skráning hennar í Hollandi átti sér stað 30. janúar 1976.

Í máli þessu heldur áfrýjandi því fram, að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að bifreiðin væri af gerðinni Roman, þegar hann keypti hana.

Áfrýjandi hefur lagt fram í máli þessu endurrit dóms í bæjarþingsmálinu nr. 223/1983: Dánarbú Páls Sigurðssonar gegn Ásgeiri Valdimarssyni og Teiti Jónassyni til réttargæslu. Hefur áfrýjandi lagt dóm þennan til grundvallar tjóni sínu, sem hann telur stefnda bera ábyrgð á. Stefndi mótmælir alfarið, að hann beri fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Í ofangreindum dómi segir meðal annars:

„Svo sem fram kemur á áliti dómkvaddra matsmanna í dskj. nr. 22, svo og farmbréfi á dskj. nr. 31 þykir sannað að bifreið sú er stefnandi fékk afhenta er af ROMAN gerð en ekki MAN. Ennfremur að stefndi hefði mátt vita að svo var sbr. það sem segir í farmbréfinu í dskj. 31 en þar er bifreiðinni lýst sem: „used truck Roman chassis 10773".

— — —

Með því að stefndi mátti vita að bifreið sú er hann seldi Páli Sigurðssyni var ekki af þeirri tegund sem um var samið ber hann bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því er af því leiddi."

Áfrýjandi áfrýjaði ekki dómi þessum.

Þegar framanritað er virt og málavextir að öðru leyti þykir áfrýjandi ekki hafa fært fram nægar sönnur fyrir því að stefndi beri fébótaábyrgð á því tjóni, sem áfrýjandi telur sig hafa orðið fyrir og rakið er til viðskipta áfrýjanda og Páls Sigurðssonar. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Teitur Jónasson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Ásgeirs Valdimarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meirihluta dómara af ástæðum þeim er hér greinir:

Stefndi var umboðsmaður áfrýjanda við umrædd bifreiðarkaup og hafði umboð til að kaupa bifreið samkvæmt þeirri lýsingu, er hann hafði gefið áfrýjanda símleiðis frá Hollandi. Stefndi kveður skráningarvottorð bifreiðarinnar ekki hafa legið fyrir er kaupin voru ákveðin og gerði hann ekki ráðstafanir til að sannreyna upplýsingar um gerð bifreiðarinnar. Fram hefur komið hjá honum, að hann hafi ætíð talið það nauðsynlegt, er hann keypti bifreiðir fyrir sjálfan sig í Þýskalandi, að skráningarvottorð lægi fyrir. Er þetta í samræmi við álit Guðfinns Halldórssonar bílasala, sem stundar slík viðskipti, sbr. yfirlýsingu hans, er liggur fyrir í málinu. Stefndi hafði reynslu af viðskiptum sem þessum og á grundvelli þess tók hann að sér að aðstoða áfrýjanda. Hlaut áfrýjandi að mega treysta því að stefndi sýndi fulla aðgát við kaupin, enda áskildi hann sér ríflega þóknun fyrir þjónustu sína. Með því að láta undir höfuð leggjast að ganga tryggilega úr skugga um, hvort fyrirliggjandi upplýsingar um bifreiðina væru réttar sýndi hann af sér vanrækslu við að gæta hagsmuna áfrýjanda og verður því talinn bótaskyldur í máli þessu gagnvart honum.

Áfrýjandi hefir lagt dóm í bæjarþingsmálinu nr. 223/1983: Dánarbú Páls Sigurðssonar gegn Ásgeiri Valdimarssyni og Teiti Jónassyni til réttargæslu, til grundvallar tjóni sínu.

Dómkrafa áfrýjanda, kr. 169.320,90, er sundurliðuð þannig:

1. Bótakrafa dánarbús Páls Sigurðssonar samkvæmt dómi bæjarþings Selfoss í málinu nr. 223/1983 (höfuðstóll kr. 35.000.00, vextir 8. mars 1978 — 15. nóvember 1985 kr. 81.957,90, málskostnaður kr. 25.000,00 og birting dóms kr. 350,00)	kr. 142.307,90
2. Reikningur lögmanns áfrýjanda vegna ofangreinds bæjarþingsmáls	kr. 25.133,00
3. Kostnaður vegna ljósritunar dómskjala	kr. 1.880,00

Dómsforsendur, er lúta að grandsemi áfrýjandans, Ásgeirs Valdimarssonar, í bæjarþingsmálinu nr. 223/1983 milli hans og

dánarbús Páls Sigurðssonar verða ekki lagðar til grundvallar um grandsemi hans gagnvart stefnda, Teiti, í máli, sem áfrýjandi höfðar síðar á hendur honum, enda var ekki um það álitaefni fjallað í fyrra málinu. Þá er og á það að líta, svo sem fyrr greinir, að þegar áfrýjandi fær farmskírteinið í hendur, hafði stefndi, Teitur, þegar bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart áfrýjanda með hirðuleysi sínu við kaupin, enda þótt umfang tjónsins kæmi eigi í ljós fyrr en síðar.

Áfrýjandi tilkynnti stefnda málarekstur dánarbús Páls Sigurðssonar og skoraði á hann að ganga inn í málið í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 85/1936. Það hirti stefndi, Teitur, eigi um. Að svo vöxnu máli tel ég rétt að taka kröfu áfrýjanda til greina að öllu leyti og dæma stefnda, Teit Jónasson, til að greiða áfrýjanda, Ásgeiri Valdimarssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 10. júlí 1986.

Mál þetta sem dómtekið var 25. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi er höfðað af Ásgeiri Valdimarssyni, Birkivöllum 21, Selfossi, nnr. 0679-5072, gegn Teiti Jónassyni, Holtagerði 5, Kópavogi, nnr. 8861-5075.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum kr. 169.320,90 með 19% ársvöxtum af kr. 25.133,00 frá 1. apríl 1984 til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1985, en af kr. 169.320,90 frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl sama ár, en með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. taxta LMFÍ og málskostnaðarreikningi sem lagður hefur verið fram í málinu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Ennfremur krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Málavextir.

Svo sem fram hefur komið af hálfu málsaðila fór stefnandi í máli þessu með stefnda til Þýskalands og fleiri landa í janúar 1977. Stefnandi kveðst skömmu áður hafa leitað til stefnda þar sem hann hafði hug á að kaupa erlendis og flytja inn notaða vörubifreið, en honum hafi verið bent á að stefndi sæi um slíka innflutninga. Stefndi hafi tjáð honum að hann væri

einmitt að fara til Þýskalands og bauð hann stefnanda að slást í för með sér sem stefnandi gerði eins og áður segir.

Stefnandi kveðst hafa haft í hyggju að kaupa ákveðna gerð af Mercedes Benz vörubifreið og hafi stefnda verið kunnugt um það svo og hve háa fjárhæð stefnandi hafi verið reiðubúinn að greiða fyrir slíka bifreið ef til kæmi. Ekki fundu þeir neina bifreið er hentaði stefnanda og fór hann því heim til Íslands. Áður hafi stefnandi tjáð stefnda að ef stefndi fyndi þessa ákveðnu gerð af Mercedes Benz bifreið þá vildi stefnandi fá slíka bifreið.

Skömmu eftir að stefnandi kom heim til Íslands hafði stefndi símasamband við hann og skýrði honum frá því að hann hefði fundið bifreið af tegundinni Man og hefði hún þann burðarþunga er stefnandi var að leita eftir. Stefnandi segir að stefndi hafi tjáð sér að honum litist vel á bifreiðina og ef stefnandi vildi kaupa hana þyrfti hann að svara því strax og ef svo væri skyldi hann flytja bankaábyrgð sem hann hafði áður opnað á ákveðinn banka í Þýskalandi en í því landi var ráðgert í upphafi að kaupin færu fram. Stefndi hafi ekki gefið stefnanda önnur fyrirmæli varðandi þessa ákveðnu bankaábyrgð. Stefndi heldur því hins vegar fram að hann hafi tekið það skýrt fram við stefnanda að hann skyldi taka fram í bankaábyrgðinni bifreiðartegundina og árgerð svo og verksmiðjunúmer.

Stefnandi ákvað að kaupa bifreiðina og samkvæmt beiðni stefnanda sá banki um greiðslu kaupverðsins.

Stefndi hefur lýst malavöxtum svo að áður en stefnandi hafi farið aftur heim til Íslands hafi hann farið fram á það við sig að stefndi liti eftir bifreiðum sem væru með þeim sérstaka búnaði sem stefnandi vildi fá, þ.e. loftbremsum og veltihúsi, og innan ákveðins kaupverðs. Hann kveðst hafa frétt af bifreið af Man-gerð til sölu í Hollandi. Stefndi fór á bílasölu þar sem bifreiðin var og skoðaði bifreiðina og reynsluók henni. Hún hafi verið með þeim sérstaka útbúnaði sem stefnandi gerði kröfur um og mun ódýrari en aðrar sambærilegar bifreiðar. Bifreiðasalinn hafi gefið upplýsingar um bifreiðina en skoðanavottorð sem stefndi segist hafa óskað eftir að fá hjá bifreiðasalanum lá ekki frammi þar sem bifreiðin var nýkomin á sölu. Bifreiðin hafi verið merkt Man.

Þegar bifreiðin kom til landsins aðstoðaði stefndi stefnanda við að útfylla aðflutningsskýrslur. Einnig hafi þeir lagt fram vottorð frá Man-umboðinu á Íslandi sem stefndi kveðst hafa aðstoðað stefnanda við að afla en umsamið hafi verið að stefndi aðstoðaði stefnanda við að fá bifreiðina tollafgreidda.

Stefnandi greiddi stefnda fyrir aðstoðina við bifreiðakaupin og innflutning á bifreiðinni samtals g.kr. 478.000,00. Bifreiðin var síðan skráð hjá bifreiðaeftirlitinu sem Man-vörubifreið og átti stefnandi hana þar til hann seldi hana Páli heitnum Sigurðssyni þann 8. mars 1978.

Þann 6. mars 1979 leitaði Páll heitinn til lögreglunnar og óskaði eftir rannsókn á því hvers vegna bifreiðin væri skráð sem tegundin Man þar sem hún væri í raun af tegundinni Roman. Skoðaði bifreiðaeftirlitsmaður Bifreiðaeftirlits ríkisins á Selfossi bifreiðina og er umsögn hans svohljóðandi:

„Miðvikudaginn 14. marz 1979 skoðaði ég undirritaður bifreiðina X-1480, að beiðni rannsóknarlögreglunnar á Selfossi. Skoðunin beindist að því að kanna hvort bifreiðin væri hugsanlega af annarri tegund og gerð, en skráningarskírteini hennar og spjaldskrá bifreiðaeftirlitsins gæfu til kynna. Framan á vatnskassahlíf bifreiðarinnar eru stórir stafir M.A.N. sem eiga að tákna tegundarheiti hennar. Annarsstaðar á bifreiðinni fann ég ekki að þetta merki væri skráð og reyndar ekkert annað heiti heldur. Neðst í dyrafalsi hægra megin var álplata hnoðuð í falsið. Á þessari plötu voru nokkrir tölustafir höggnir í plötuna. Virtist þetta geta verið verksmiðjunúmer bifreiðarinnar. Stafirnir voru: 206 0084 10773. Öftustu stafirnir fimm eru þeir sömu og verksmiðjunúmer bílsins í skráningarskírteini. Einnig voru á plötunni miklu minni stafir, sem einnig voru höggnir í hana. Voru það tölurnar 13000 og 8500. Á plötunni var svo tákn, sem var talan 1 og hringur utan um hana. Á grind bílsins hægra megin undir stýrishúsi var talan 10773 höggin í grindina. Á gasolíusíuhylkjum var greinilega letrað „Made in Rumenia" og sú áletrun var einnig á loftventli, sem staðsettur var fyrir aftan stýrishús á grind bílsins. Að öðru leyti fann ég engin merki sem upplýst gætu um uppruna bílsins.

Selfossi 19. marz 1979.
Bifreiðaeftirlit ríkisins.
Erling Gunnlaugsson (sign.)
bifreiðaeftirlitsmaður"

Með stefnu þingfestri á bæjarþingi Selfoss 28. september 1983 stefndi dánarbú Páls Sigurðssonar, Kröggólfsstöðum, Ölfusi, Ásgeiri Valdimarssyni, stefnanda máls þessa, til greiðslu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar. Af hálfu stefnda var sótt þing í málinu og var stefnda í máli þessu Teiti Jónassyni stefnt til réttargæslu með stefnu birtri 28. október 1983. Með dómi uppkveðnum 24. júní 1985 var Ásgeir Valdimarsson dæmdur til þess að greiða dánarbúi Páls Sigurðssonar kr. 35.000,00 ásamt vöxtum frá 8. mars 1978 til greiðsludags og kr. 25.000,00 í málskostnað og hefur sú greiðsla verið innt af hendi.

Í máli þessu hefur verið lagður fram kvittaður reikningur Páls Arnórs Pálssonar hrl. vegna ofangreinds bæjarþingsmáls að fjárhæð kr. 142.307,90.

Dómkröfur stefnanda eru þannig sundurliðaðar:

Bótakrafa db. Páls Sigurðssonar skv. dómi bæjarþings Selfoss í málinu nr. 223/1983	kr.	142.307,90
Reikningur lögmanns stefnanda vegna bæjarþingsmálsins nr. 223/1983	kr.	25.133,00
Kostnaður vegna ljósritunar dómskjala	kr.	1.880,00
Alls	kr.	169.320,90

sem er stefnufjárhæðin.

Málsástæður stefnanda eru þær að stefndi hafi með saknæmum og ólöglegum hætti bakað sér fjártjón vegna þess að bifreið sú sem hann keypti í umboði stefnanda fyrir þóknun í Hollandi 1977 hafi verið af annarri tegund en ráðgert var og að stefndi beri ábyrgð á slíku sem umboðsmaður.

Stefndi hafi ekki gengið sérstaklega úr skugga um það hverrar tegundar bifreiðin væri áður en hann gekk frá kaupunum fyrir stefnanda. Skoðunarvottorð fyrir bifreiðina hafi ekki verið fyrir hendi þar sem væri að finna ýmsar mikilvægar upplýsingar varðandi bifreiðina, þ. á m. gerð og ýmis önnur atriði. Stefnandi hafi treyst því að stefndi gætti að þessu leyti hagsmuna hans með því að afla nægjanlega traustra upplýsinga um bifreiðina. Í því efni hafi stefndi brugðist og bæri honum því að bæta tjón það sem af þessu leiddi.

Þá heldur stefnandi því fram að stefndi beri hlutlæga ábyrgð á því að vara sú sem hann keypti í umboði stefnanda væri sú vara sem hann ætlaði að kaupa.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi borið að kaupa MAN-bifreið og að stefndi, sem tók að sér umboðsmennskuna gegn háu gjaldi, beri ábyrgð gagnvart sér skv. almennum reglum skaðabótaréttar, hvort sem litið yrði svo á að um væri að ræða mistök og gáleysi af hálfu stefnda eða ekki, þ.e.a.s. að stefndi beri hlutlæga ábyrgð á því að hin innflutta vara sé af þeirri tegund og gerð sem ætlað er.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til almennra bótareglna innan samninga svo og til 25. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann hafi verið í þeirri góðu trú að bifreiðin væri af tegundinni Man. Hann hafi gert allar þær ráðstafanir sem eðlilegar voru og til mátti ætlast við þær aðstæður sem voru við kaupin til þess að tryggja hagsmuni stefnanda. Hann mótmælir því að hann hafi sýnt af sér gáleysi svo og því að hann hafi með saknæmum og ólögmætum hætti bakað sér fjártjón vegna bifreiðarkaupa stefnanda. Stefnandi hafi ekki sannað neinar sakir á stefnda í þessu efni.

Þá hefur stefndi mótmælt því að hann beri hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda. Stefndi hafi ekki verið umboðsmaður stefnanda við bifreiðarkaupin

heldur hafi hann aðeins aðstoðað hann við þau. Hann hafi fundið þá bifreið sem hentaði stefnanda og hafi bifreiðin að öllu leyti samræmst óskum stefnanda. Gjaldtakan fyrir aðstoðina leiði ekki til þess að stefndi beri hlutlæga ábyrgð gagnvart stefnanda eins og haldið sé fram af honum. Stefndi hefur fallið frá þeirri málsvörn að þóknun fyrir aðstoð að fjárhæð g.kr. 478.000,00 hafi ekki verið greidd.

Við munnlegan flutning málsins taldi stefndi að ósannað væri að stefnandi hafi orðið fyrir því tjóni sem hann taldi að hann hefði orðið fyrir vegna bifreiðarkaupanna. Af hálfu stefnanda var þessari málsástæðu stefnda mótmælt sem of seint fram kominni.

Niðurstöður.

Svo sem fram hefur komið í máli þessu og hér að framan er rakið gaf stefnandi stefnda ákveðin fyrirmæli varðandi kaup þau er hann hugðist gera erlendis á notaðri vöruflutningabifreið. Því er ekki haldið fram af hálfu stefnanda að stefndi hafi brotið gegn þessum sérstöku fyrirmælum er stefnandi gaf honum. Stefndi gaf stefnanda upplýsingar um bifreiðina áður en stefnandi ákvað að kaupa hana og hefur ekkert annað fram komið í málinu en þær upplýsingar hafi verið í samræmi við þær upplýsingar sem stefnda voru veittar hjá þeim sem annaðist sölu bifreiðarinnar og ennfremur að upplýsingarnar hafi verið í samræmi við það sem stefndi sá sjálfur við skoðun.

Varðandi hlutlæga ábyrgð stefnda má fallast á þau rök stefnanda að á stefnda hvíli ríkari ábyrgð en ella að gæta hagsmuna stefnanda við kaupin þar sem stefnandi greiddi honum sérstaka þóknun fyrir aðstoðina. En þegar litið er til þess hvernig í ljós kom að bifreiðin var ekki þeirrar tegundar sem aðilar málsins töldu hana upphaflega vera og með vísan til þess sem fram kemur í vottorði bifreiðaeftirlitsmanns á dskj. nr. 13 og í matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna á dskj. nr. 26 um merkingu á bifreiðinni sjálfri þykir stefnandi ekki hafa sannað að stefndi hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart stefnanda á þann hátt að hann beri bótaábyrgð á því tjóni er stefnandi kann að hafa orðið fyrir.

Þar sem svo er verður að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Teitur Jónasson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ásgeirs Valdimarssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 40.000,00.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 337/1988. **Einara Sigurbjörg Einarsdóttir**
gegn
Arnari Moubarak

Kærumál. Skiptamál. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2 . tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 26. júlí sl., sem barst réttinum þann 11. október sl. Kærður er úrskurður skiptaréttar Seltjarnarness frá 15. júlí sl.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurðinum verði hrundið og úrskurðað verði að félagsbú hjónanna Einöru Sigurbjargar Einarsdóttur og Arnars Moubaraks verði tekið til opinberra skipta að nýju. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Kröfur varnaraðila eru þær að kröfum sóknaraðila verði alfarið hafnað og hinn kærði úrskurður staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Samkomulag aðila um eignaskipti frá 25. júlí 1986 var ófullkomið á ýmsa lund. T.d. var þar ekkert getið um hvernig fara ætti um skuldir við skilnaðinn. Því var rétt að vísa deilum aðila til skiptaréttarins til framkvæmda á samkomulagi þeirra. Þar sem gögn málsins bera það hins vegar með sér, eins og í hinum kærða úrskurði greinir, að þau hafa í raun framkvæmt samkomulagið með ákveðnum hætti, verður að telja skiptum á milli þeirra lokið og að þau verði ekki að nýju tekin upp fyrir skiptaréttinum. Hér er ekki til úrlausnar hvort fá má samkomulagi aðila hrundið í almennu einkamáli.

Niðurstaðan er því sú að skiptum á búi aðila telst nú lokið og verður það ekki tekið til opinberra skipta fyrir skiptarétti að óbreyttum forsendum.

Rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Skiptum á búi sóknaraðila, Einöru Sigurbjargar Einarsdóttur, og varnaraðila, Arnars Moubaraks, telst lokið og verður ekki tekið til opinberra skipta að nýju fyrir skiptarétti að óbreyttum forsendum.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Seltjarnarneskaupstaðar 15. júlí 1988.

I.

Árið 1988, föstudaginn 15. júlí, er kveðinn upp í skiptarétti Seltjarnarneskaupstaðar úrskurður þessi vegna tilmæla beggja aðila félagsbú þeirra Einöru Sigurbjargar Einarsdóttur, nnr. 1843-0843, nú til heimilis að Nesbala 64, Seltjarnarnesi, og Arnars Moubaraks, nnr. 0442-5078, nú til heimilis að Laugavegi 69 í Reykjavík en áður að Nesbala 64, Seltjarnarnesi, um að rétturinn taki til úrskurðar, hvort telja beri skiptum í búi þeirra lokið eða hvort það megi taka til skiptameðferðar að nýju.

Sóknaraðili, konan, krefst þess, að félagsbúið verði tekið til opinberra skipta að nýju. Varnaraðili, maðurinn, krefst úrskurðar til staðfestingar því, að skiptum hafi verið lokið hinn 26. nóvember 1986.

Báðir aðilar krefjast málskostnaðar sér að skaðlausu.

II.

Málavextir eru sem hér segir:

Við meðferð hjónaskilnaðarmáls framangreindra hjóna hjá embættinu á tímabilinu 23. júní - 19. september árið 1986 var verulegur ágreiningur þeirra í milli, m.a. um fjárskipti. Fór svo skv. bókun í hjónaskilnaðarbók hinn 19. sept. að ákveðið var að vísa búskiptum til skiptaréttar en málið að öðru leyti sent dómsmálaráðuneytinu til afgreiðslu. Samkvæmt bókuninni var af hálfu konunnar óskað eftir því, að við skiptin yrði lögð til grundvallar svokölluð „samþykkt", sem aðilar höfðu undirritað hinn 25. júlí 1986 (Sjá síðar.). Af mannsins hálfu var því hinsvegar haldið fram, að samkomulag lægi ekki fyrir um skipti félagsbúsins.

Hinn 24. september 1986 var málið þingfest í skiptarétti Seltjarnarness. Þá var ekki mætt af hálfu konunnar og málinu frestað ótiltekið.

Næst var þingað 25. október og þá mætt af hálfu beggja. Var þá lagt fram bréf frá lögmanni mannsins um kröfur hans, dags. 29. sept. 1986. Þar sagði m.a.: „...leyfi ég mér að lýsa því yfir f.h. umbj. míns að hann

samþykkir lyktir málsins varðandi eignaskipti aðila hér á landi frá 25. júlí 1986 ... með eftirfarandi athugasemdum og skilyrðum ...". Í athugasemdunum komu fram nokkrir fyrirvarar um yfirlýsingar aðila og undirritanir skjala svo og varðandi skiptingu opinberra gjalda og greiðslu skuldar við erlendan kröfuhafa.

Í bókun næsta þinghalds, hinn 13. nóvember 1986, kemur fram, að af mannsins hálfu hafi þá verið gerð sú krafa að skiptum yrði „lokið á grundvelli samnings aðila um eignaskipti frá 25. júlí 1986", eins og þar stendur svo og skv. efni fyrrgreinds bréfs lögmannsins til skiptaréttar.

Enginn mætti af hálfu konunnar í þinghaldi þessu og var málinu frestað til 26. nóvember en lögmanni hennar sent endurrit úr þinghaldinu ásamt fundarboði.

Í þinghaldi 26. nóv. varð samkomulag með lögmönnum aðila um að „hefja málið", eins og komist er að orði í bókun. Þá var og bókað að lögmaður konunnar legði fram bréf, þar sem fram kæmi að hann teldi samkomulag hafa náðst um eignaskipti 25. júlí 1986. Í bréfi þessu sagði m.a., að málið ætti því ekki undir skiptarétt og var þar krafist frávísunar.

Hinn 13. apríl 1987 barst embættinu bréf frá lögmanni konunnar, þeim hinum sama, stílað á tiltekinn þáverandi fulltrúa skiptaráðanda, þar sem sagði m.a.: „Það tilkynnist yður, hr. valdsmaður, að ekkert samkomulag hefur náðst um eignaskipti í ofangreindu hjónaskilnaðarmáli. Fyrirliggjandi drög að samkomulagi eru einasta rammasamningur sem ekki hefur náðst samkomulag um útfærslu á. Búið óskast tekið til opinberra skipta."

Þessu var svarað á þá lund 22. apríl 1987, að „skiptum ... var lokið í skiptarétti Seltjarnarness með hafningu 26. nóv. 1986".

Hinn 21. desember barst embættinu bréf frá lögmanni konunnar, öðrum en verið hafði, þar sem þess var farið á leit að opinber skipti færu fram að nýju og óskað uppskriftar hið allra fyrsta.

Hinn 13. janúar barst einnig bréf frá lögmanni mannsins, hinum sama og verið hafði, þar sem hann fór þess einnig á leit að málið yrði tekið fyrir í skiptarétti að nýju til að fá staðfest að skiptum væri lokið. Vísaði hann til samkomulagsins sem lá til grundvallar hafningunni 26. nóvember og staðhæfði að báðir aðilar hefðu í reynd farið eftir því síðan.

Lögmaðurinn vísaði til bréfs, dags. 28. júlí 1987, sem honum hafði borist frá dómsmálaráðuneytinu, þar sem fram kom að ekki væri unnt að ganga frá skilnaðarmálinu. Í bréfi lögmannsins sagði m.a.: „Af hálfu ráðuneytisins var fundið að því að málið skyldi hafið í skiptarétti ... Samkvæmt ábendingu ráðuneytisins þyrfti víst að liggja fyrir yfirlýsing um lok skipta eða úrskurður um lok skipta til að fá málinu lokið í ráðuneyti."

Eftir ýtarleg samtöl við báða lögmennina og deildarstjóra sifjamála í dómsmálaráðuneytinu var málið tekið fyrir í skiptarétti hinn 28. janúar

1988 með vísan til 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Leitað var sátta svo sem þar er mælt fyrir um og var lögmönnum veittur ótiltekinn frestur til samningaumleitana á grundvelli samþykktarinnar frá 25. júlí 1986.

Lögmennirnir komu aftur á fund skiptaráðanda hinn 20. apríl 1988. Höfðu sáttaviðræður þá reynst árangurslausar og ítrekuðu aðilar nú kröfur sínar. Frestir voru veittir til framlagningar greinargerða og gagnaöflunar og fór munnlegur málflutningur síðan fram 6. júlí sl.

III.

Það er mat réttarins að ekki hafi verið unnt að færast undan því að taka mál þetta fyrir í skiptarétti að nýju, eins og það var vaxið, þrátt fyrir hafningu þess úr réttinum 26. nóvember 1986, enda hafi það verið heimilt á grundvelli 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Með hliðsjón af hlutverki skiptaréttar og þeim lagaákvæðum sem starf hans byggist á sýnist ekki úr vegi að líta á samkomulag ofangreindra aðila um að „hefja" málið úr réttinum sem hliðstæðu þess, er erfingjar að dánarbúi, sem óskað hafa opinberra skipta vegna ágreinings sín í milli (sbr. 4. og 8. gr. skl. nr. 3/1878), sættast og fara fram á að fá búið framselt aftur til einkaskipta. Enda þótt orðið sé við slíkum tilmælum er skiptum bús ekki talið að fullu lokið fyrr en erfingjar hafa undirritað skiptagerð og önnur gögn og skiptaráðandi samþykkt og staðfest skiptalok með undirskrift sinni og embættisstimpli.

Skipti á félagsbúum hjóna vegna skilnaðar eru að vísu frábrugðin skiptum dánarbúa um margt en þó hljóta þau að þurfa að fá formlegar lyktir með einhverjum hætti. Þess ber að gæta að til að fá gengið frá skilnaði hjá dómsmálaráðuneytinu dugir að fyrir liggi yfirlýsing skiptaráðanda um að bú hjónanna hafi verið tekið til opinberra skipta. Má ætla að það eitt út af fyrir sig leggi skiptaráðanda á herðar þá skyldu að sjá til þess að skiptum félagsbúsins ljúki að fullu og binda sjálfur endahnútinn á skiptin með undirskrift sinni og staðfestingarstimplun eða bókaðri yfirlýsingu um skiptalok.

Þá ber að hafa í huga að í því tilviki sem hér er til umfjöllunar var ekki um að ræða sérstakt „skiptaréttarmál" og því hæpið að líta hafninguna 26. nóv. 1986 sömu augum og hafningu máls í héraði, hvað sem samkomulagi aðila leið. Og þó svo að það væri gert verður að hafa í huga að aðilar geta stefnt máli fyrir héraðsdómstól á ný þótt það hafi verið hafið. Mætti ætla, að réttarstaða manna væri ekki lakari að því leyti gagnvart skiptarétti, a.m.k. hljóti þeir að geta fengið óyggjandi úr því skorið hver niðurstaða máls þeirra hafi verið fyrir skiptaréttinum þegar vafi þar um virðist valda erfiðleikum á borð við þá að fá ekki gengið frá hjónaskilnaði svo sem er í þessu tilviki.

IV.

Það sem fyrir réttinum liggur er að skera úr um það hvort taka skuli félagsbú framangreindra hjóna til opinberra skipta að nýju eða hvort telja verði, að skiptum búsins hafi verið lokið hinn 26. nóv. 1986, þar sem þá hafi legið fyrir bindandi eignaskiptasamningur þeirra í milli og því beri að vísa málinu frá skiptarétti.

Hin umdeilda „samþykkt" frá 25. júlí 1986 er svohljóðandi:

„1986, 25. júlí, var haldinn fundur á lögmannsstofu Jóns Oddssonar hrl. Garðastræti 2, Reykjavík.

Fyrir var tekið að ræða hjónaskilnaðarmálið frú Einara Sigurbjörg Einarsdóttir og hr. Adnan Moubarak. Með aðilum voru mættir lögmenn þeirra Kristján Stefánsson hdl. og Jón Oddsson hrl. Með aðilum varð eftirfarandi samþykkt gerð í sambandi við skilnaðarkjör.

Fasteignin Laugavegur 69 skal verða eign mannsins. Aðrar eignir búsins hér á landi skulu verða eign konunnar. Samkomulag varð með aðilum um að konan taki ein við rekstri fyrirtækja búsins 1. ágúst nk. Konan skal hafa afnot af starfsstöð fyrirtækjanna að Laugavegi 69 til 1. febrúar 1989 án sérstakrar leigu. Afhending fasteigna fer fram að öðru leyti milli aðila miðað við 1. okt., þ.e. íbúða að Laugavegi og Nesbala. Reikningslegt uppgjör á stöðu búsins miðast við 1. ágúst 1986. Konan hefur forleigurétt að húsnæði að Laugavegi 69 að því er varðar húsnæði það er ofangreind fyrirtæki hafa starfsaðstöðu í. Konunni er heimilt að framleigja umrætt húsnæði. Maðurinn skuldbindur sig til þess að fara ekki út í samkeppni við rekstur verslunar konunnar, 1001 nótt, næstu þrjú og hálft ár. Ef konan hyggst selja verslunina 1001 nótt hefur maðurinn forkaupsrétt.

Með ofangreindu telja aðilar sig hafa náð jöfnuði í eiganskiptum.

Varðandi ákvörðun um forsjá sonar aðila Brynjars og annað í því sambandi eru aðilar sammála um að leita til Helgu Hannesdóttur barnageðlæknis til umsagnar.

Vottar:
Kristján Stefánsson
Jón Oddsson

A. Moubarak (sign.)
Sigurbjörg Einarsdóttir (sign.)."

Málsástæður sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Aldrei hafi farið fram uppskrift á eignum búsins né fyrir legið mat á eignum eða skuldum þess. Því sé útilokað að sjá hvort um réttláta skiptingu á eignum búsins hafi verið að ræða samkvæmt hinni umdeildu samþykkt frá 25. júlí 1986. Uppgjör búsins hafi aldrei farið fram, svo sem ætlað var; ekkert liggi fyrir um mat á verðmæti hvors eignarhluta né hvernig greitt hafi verið af skuldum búsins.

2. Fyrir liggi í málinu yfirlýsingar beggja aðila um að samþykktin hafi einungis verið rammasamkomulag og eftir hafi verið að koma á lögformlegum eignaskiptasamningi.

3. Enda þótt sóknaraðili, konan, hafi fylgt samþykktinni í aðalatriðum með því að taka við starfrækslu fyrirtækja búsins, þrátt fyrir að endanlegur samningur væri ekki á kominn, hafi það verið henni nauðugur einn kostur til þess að firra fyrirtækin tjóni. Hún hafi falið þáverandi lögmanni sínum að ganga frá búskiptum fyrir sína hönd og beðið eftir frágangi þeirra.

4. Skráningu eigna hafi ekki verið breytt í samræmi við hina umdeildu samþykkt nema að því er varði þinglýsingu á eigninni að Laugavegi 69, sem fram hafi farið án vitundar hennar og vilja.

5. Dómsmálaráðuneytið hafi litið svo á að enginn gildur samningur um eignaskipti væri fyrir hendi og á því hafi byggst að ráðuneytið hafi synjað um veitingu lögskilnaðarleyfis.

6. Málið hafi verið „hafið" úr skiptarétti á þeirri forsendu að ráðgert hafi verið að ná eignaskiptasamkomulagi utan réttar. Það hafi ekki tekist og aldrei hafi komið fram yfirlýsing fyrir skiptarétti þess efnis að skiptum væri lokið. Í framhaldi af því hafi þáverandi lögmaður konunnar ritað skiptarétti bréf, dags. 8. apríl 1987, og farið þess á leit, að búið yrði að nýju tekið til opinberra skipta. Þá kröfu hafi núverandi lögmaður hennar ítrekað í lok ársins 1987.

Málsástæður varnaraðila eru eftirfarandi:

1. Skiptum aðila hafi verið lokið á grundvelli samþykktarinnar frá 25. júlí 1986, eftir að gengið hafi verið að tilboði konunnar, enda hafi aðilar lýst því þar yfir að þeir hafi náð jöfnuði í eignaskiptum. Umrædd skipti hafi farið fram í reynd og aðilar síðan haft aðskilinn fjárhag. Þá sé samþykktin undirrituð af aðilum og vottuð af lögmönnum þeirra.

Varnaraðili tilgreinir tiltekið mat á eignum sem hann segir byggt á umsögnum fasteignasala og endurskoðanda fyrirtækja hjónanna. Við mat þeirra á öllum þáttum samþykktarinnar frá 25. júlí 1986 hafi verið talið að jöfnuði væri nokkurn veginn náð. Gert hafi verið ráð fyrir því að hvor aðili greiddi áhvílandi skuldir á þeim fasteignum sem í hans hlut kæmu og konan tæki við rekstri fyrirtækjanna 1. ágúst 1986 miðað við stöðu þeirra þá sem endurskoðandi hafi athugað. Engar athugasemdir hafi komið frá konunni varðandi stöðu fyrirtækjanna, hvorki þegar hún tók við rekstrinum né síðar. Varnaraðili telur að formlegs mats hafi ekki verið þörf þar sem fyrir hafi legið yfirlýsing um jöfnuð í eignaskiptum.

2. Varnaraðili hafi sjálfur á sínum tíma óskað eftir sundurliðun samþykktarinnar og því viljað að málinu yrði vísað til skiptaréttar þegar ekki náðist samkomulag þar um. Lögmaður konunnar hafi hinsvegar krafist

frávísunar frá skiptarétti á þeirri forsendu að samkomulag lægi fyrir um eignaskiptingu og hafi varnaraðili þá að lokum fallið frá því að reyna að ná frekara samkomulagi um sundurliðun og fallist á það sjónarmið gagnaðilans að frekari útfærsla væri óþörf, enda tæki samþykktin á öllum efnisþáttum málsins. Í lokin hafi yfirlýsingar beggja aðila fyrir skiptarétti verið á þá lund að skiptum væri lokið og á þeirri forsendu hafi málið verið hafið úr skiptarétti.

3. Sóknaraðila, konunni, hafi verið afhentar þær eignir sem í hennar hlut skyldu koma samkvæmt samþykktinni, þ. á m. fasteignin að Nesbala 64 sem hún hafi sjálf framleigt um hríð. Jafnframt hafi hún rekið fyrir eigin reikning fyrirtækin sem um er getið í samþykktinni. Maðurinn hafi hinsvegar tekið við rekstri fasteignarinnar að Laugavegi 69 sem hann hafi fengið þinglýst á sitt nafn með vísan til umræddrar samþykktar. Þá hafi hann verið reiðubúinn til þess hvenær sem var að undirrita nauðsynleg skjöl til þinglýsingar og skráningar á eignum er komu í hlut gagnaðilans.

4. Grundvöllur til skipta sé ekki lengur fyrir hendi enda séu útrunnir allir tímafrestir til að rifta umræddri samþykkt og réttargjörðum er hana varði. Þá sé eignastaða aðila orðin önnur en hún var þegar málið var hafið úr skiptarétti.

Sóknaraðili vísar almennt til „reglna á sviði laga um fjármál hjóna, stofnun og slit hjúskapar, reglna á sviði fjármunaréttar, einkum samningsréttar svo og skiptalaga". Ennfremur til „viðtekinnar venju varðandi búskipti við hjónaskilnað ... frávíkjanlegra heimilda laga um frjálsan samningsrétt aðila og í hvaða hlutföllum er skipt. Þá er og vísað til ákvæða er þrengja mjög tíma til að taka upp skipti og einnig að því er varðar heimild til riftunar."

Hann telur að aðrar reglur og frjálslegri hljóti að gilda um opinber skipti á félagsbúum hjóna en dánarbúum, þar sem opinberir hagsmunir komi til við hin síðarnefndu en ekki hin fyrrnefndu. Þá hafi hjón og heimild til að nota annan skiptagrundvöll en helmingaskipti við uppgjör vegna skilnaðar.

V.

Álit réttarins:

Hér verður fyrst tekið til athugunar hvort telja beri að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila hinn 25. júlí 1986 og síðan hvort telja beri að skiptum hafi verið lokið á grundvelli hans, þegar málið var hafið úr skiptarétti 26. nóvember 1986 eða hvort taka skuli búið til skipta að nýju.

Samkvæmt staðfestu ljósriti af skattframtali umræddra hjóna árið 1986 eru eignir félagsbúsins þá fasteignin að Nesbala 64, Seltjarnarnesi, og tvö

fyrirtæki samkvæmt meðfylgjandi rekstrar- og efnahagsreikningum: Melkorka sf. og Verslunin 1001 nótt, bæði skráð að Laugavegi 69, Reykjavík. Af öðrum gögnum, sem fram hafa verið lögð í réttinum, kemur fram, að hjónin hafa keypt fasteignina Laugaveg 69 í Reykjavík.

Ekki liggja fyrir gögn um aðrar eignir, hvorki hérlendis né erlendis, þótt það hafi verið að því að þau ættu einhverjar eignir á Spáni, sbr. rskj. nr. 38, en í rökstuðningi lögmanns mannsins er getið um bifreið, án nánari tilgreiningar, sem komið hafi í hlut konunnar en hún selt.

Í samþykkt aðila frá 25. júlí 1986 eru greindar sömu eignir hérlendis að undanskildu fyrirtækinu Melkorku og umræddri bifreið. Þar er skýrt kveðið á um, að fasteignin að Laugavegi 69 skuli vera eign mannsins, en aðrar eignir hér á landi skuli verða eign konunnar. Ekki eru tilgreindar eignir erlendis.

Tekið er fram, að reikningslegt uppgjör skuli miðað við 1. ágúst 1986 en afhending fasteigna við 1. okt. 1986.

Ekki er í samþykktinni minnst á milligreiðslur í peningum vegna hugsanlegs mismunar á verðmæti eigna og í lokin sérstaklega tekið fram að aðilar telji sig hafa náð jöfnuði í eignaskiptum, án þess þó að verðmætamat á einstökum eignum sé tiltekið.

Ekkert er minnst á skiptingu skulda.

Hin umdeilda samþykkt er undirrituð af báðum aðilum og lögmönnum þeirra. Henni er af hálfu lögmanns konunnar haldið til streitu sem fjárskiptasamkomulagi frá upphafi til enda málsmeðferðar fyrir skiptarétti og allt til 8. apríl 1987, að hann óskar opinberra skipta á ný á þeirri forsendu, að samþykktin hafi einungis verið „rammasamningur", sem ekki hafi tekist samkomulag um útfærslu á. Heldur lögmaður konunnar þar í fyrsta sinn fram því sama sjónarmiði sem lögmaður mannsins hélt fram allt til 26. nóvember, þegar báðir aðilar lýstu loks yfir því, að samkomulag væri fyrir hendi, án nokkurra fyrirvara af hálfu mannsins.

Verður ekki annað ráðið af afstöðu lögmanns konunnar en að það hafi verið vilji umbjóðanda hans allan þann tíma, sem málið var fyrir skiptarétti, að eignum yrði skipt með þeim hætti, sem samþykktin kvað á um og sú virðist hafa verið meginástæða þess, að ekki var af hálfu réttarins látin fara fram uppskrift búsins og virðing áður en aðilar urðu á eitt sáttir um að taka málið úr höndum skiptaráðanda.

Þá er þess að gæta, að í greinargerð um eignabreytingar á skattframtali konunnar árið 1987, sbr. rskj. 35, segir: „skildi við Arnar Moubarak nnr. 0452-5078. Í minn hlut kom verslunin 1001 nótt og eignarhluti í Melkorku sf. Fasteignin Laugavegur 69 kom í hlut Arnar með áhvílandi skuldum."

Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið er það mat réttarins, að eðlilegt sé að telja, að hinn 26. nóvember 1986 hafi verið á komið milli

aðila bindandi samkomulag, sem leggja verði til grundvallar skiptum búsins.

Annað mál er, hvort með einhverjum rökum mætti telja samþykktina óskuldbindandi annaðhvort á grundvelli 54. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, eða annarra lagaákvæða, en skv. orðan 54. gr. l. 60/1972 heyrir úrlausn slíks máls ekki undir skiptarétt. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 er aðilum dómstólaleiðin enn opin.

Þá kemur til álita, hvort skiptum hafi verið að fullu lokið, þegar málið var tekið úr höndum skiptaréttar.

Hvergi eru í lögum sérstök skilyrði um form fjárskiptasamninga hjóna við skilnað né um það hversu ýtarlega skuli gengið frá smáatriðum. Ekki er skiptaráðanda heldur kunnugt um, að til séu nokkurs konar stöðluð samningsform þar að lútandi.

Þar sem í hinni umdeildu samþykkt eru tilteknar dagsetningar reikningsskila og afhendinga eigna, sýnist hæpið að líta svo á, að skortur á nákvæmri útfærslu einstakra efnisþátta hennar geti ónýtt þann grundvöll eignaskipta, sem þar er samið um.

Það mun að vísu vera venja við gerð skilnaðarsamninga hjóna að ganga frá skiptingu skulda en svo er ekki í umræddri samþykkt. Að því leyti má segja, að aðilar hafi ekki komið sér fyllilega saman um fjárskipti sín, sbr. orðalag 54. gr. l. 60/1972.

Þess ber hinsvegar að gæta, að skv. 25. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna bera hjón, hvort um sig, ábyrgð á eigin skuldbindingum, hvort sem til þeirra er stofnað á undan hjónabandinu eða meðan það stendur. Það er því ekki á valdi skiptaréttarins að „skipta" skuldum milli hjóna. Í hinni umdeildu samþykkt eru, sem fyrr segir, tilteknar dagsetningar reikningsskila. Komi aðilar sér ekki saman um uppgjör skulda samkvæmt þeim, stendur þeim til boða dómstólaleiðin til úrlausnar á slíkum ágreiningsefnum.

Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja að skiptum hafi verið lokið í félagsbúi þessu hinn 26. nóvember 1986, þegar aðilar tóku málið úr höndum skiptaréttar.

Málskostnaður úrskurðast kr. 17.369,00.

Margrét Heinreksdóttir, fulltrúi bæjarfógetans á Seltjarnarnesi, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Samþykkt um eignaskipti í félagsbúi hjónanna Einöru Sigurbjargar Einarsdóttur og Arnars Moubaraks, undirrituð af aðilum og vottuð af lögmönnum þeirra hinn 25. júlí 1986 og lögð til grundvallar „hafn-

ingu" við skiptarétt Seltjarnarness hinn 26. nóvember 1986, telst bindandi grundvöllur fyrir skiptingu eigna búsins og er litið svo á, að skiptum þess hafi verið lokið.

Sóknaraðili, Einara Sigurbjörg Einarsdóttir, greiði varnaraðila, Arnari Moubarak, kr. 17.309,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 339/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Gústav Reinholt Gústavssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu úrskurðarins hinn 12. október sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti 14. s.m. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi og kærumálskostnður.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. september 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 28. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

RLR hefur gert þá kröfu að Gústav Reinholt Gústavssyni, Yrsufelli 9, Reykjavík, fæddum 7. janúar 1962, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. október nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn á ráni sem framið var að Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi aðfaranótt 21. þessa mánaðar. Í húsinu búa öldruð hjón, sem komin eru fast að áttræðu. Hefur maðurinn skýrt frá því að umrædda nótt hafi hann vaknað við hávaða og hann því talið að verið væri að brjótast inn í húsið. Hann hafi því gengið í átt til setustofu í þeim tilgangi að hringja á lögreglu, en er hann var rétt ókominn þangað, hafi hann séð þrjá grímuklædda menn, og hafi það engum togum skipt að einn þeirra hafi slegið hann í höfuðið með göngustaf. Taldi hann sig hafa misst meðvitund því skömmu síðar hafi hann rankað við sér liggjandi í stofusófanum. Hann hafi þá heyrt hróp í konu sinni og hinir grímuklæddu menn dregið hana inn í stofuna til hans. Þá hafi þeir verið búnir að stela skartgripum eiginkonu hans, sem voru í svefnherbergi hennar.

Eftir því sem næst verður komist höfðu menn þessir á brott með sér úr húsinu u.þ.b. 15 - 20.000,00 kr. í reiðufé, þrjá gullhringa ísetta steinum og nokkrar áfengisflöskur, svo sem hvítvíns-, kampavíns- og whiskyflöskur. Skáru þeir í sundur símalínur í húsinu áður en þeir héldu á brott með fenginn.

Við frumrannsókn málsins bárust RLR upplýsingar um að Bjarni Sigurðsson, fæddur 18.06. 1961, kynni að vera viðriðinn málið, og var hann handtekinn skömmu eftir hádegi í gær. Í skýrslu sem hann gaf þá greindi hann frá ferðum sínum og skýrði m.a. frá því að Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson hafi verið með honum í för er hann braust inn í herbergi að Eskihlíð 16.

Í framhaldi af þessu var framangreindur Aðalsteinn boðaður til skýrslutöku hjá RLR í gær. Í þessari skýrslu greinir hann frá ferðum sínum með Bjarna, þar sem m.a. kemur fram að síðdegis laugardaginn 24. þ.m. hafi þeir Bjarni farið ásamt Ásthildi Björku Guðlaugsdóttur og kærða Gústav Reinholt Gústavssyni vestur á Seltjarnarnes að tilvísun Bjarna sem hafi viljað sýna þeim hús þar sem væri að finna mikið af peningum, skartgripum auk peningaskáps. Skýrsla, sem tekin var af Ásthildi, staðfestir þessa frásögn Aðalsteins, en gögn málsins sýna að hús það sem þeir skoðuðu í þessu skyni er húsið nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi.

Kærði hefur við yfirheyrslur staðfastlega neitað að eiga nokkra aðild að

máli þessu. Hann hefur gert grein fyrir ferðum sínum síðastliðið laugardagskvöld og sunnudagsnótt, en framburður hans er í veigamiklum atriðum í verulegu ósamræmi við það sem aðrir hafa borið.

Um kl. 23:00 í gærkvöldi var framkvæmd húsleit í bílskúr hússins nr. 3 við Blönduhlíð hér í borg, en þar hefur kærði innhlaup. Við húsleitina fundust meðal annars nokkrar áfengisflöskur sem sýnast vera af sömu tegund og hinir grímuklæddu menn höfðu á brott með sér frá Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi.

Eins og rannsóknargögn málsins bera með sér er rannsókn þess enn á frumstigi. Þykir sýnt að kærði sé undir rökstuddum grun um að eiga aðild að málinu. Með vísan til framanritaðs og skirskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina. Skal kærði skv. því sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Gústav Reinholt Gústavsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 340/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Hallgrími Pétri Gústavssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu úrskurðarins hinn 12. október sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti 14. s.m. Hann krefst

þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi eða styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. október 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 12. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að gæsluvarðhald, sem Hallgrími Pétri Gústavssyni, til lögheimilis að Yrsufelli 9, Reykjavík, fæddum 03.10. 1959 í Reykjavík, var gert að sæta samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 28. september sl., verði framlengt frá lokum fyrri gæsluvarðhaldsvistar kl.17:00 í dag allt til miðvikudagsins 14. desember nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot kærða gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir:

RLR vinnur nú að rannsókn ráns sem framið var að Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi, aðfaranótt 25. september sl. Í húsi þessu búa öldruð hjón, komin fast á áttræðu, sem átt hafa við vanheilsu að stríða undanfarin ár.

Við yfirheyrslur hjá RLR hinn 3. október sl. viðurkenndi kærði aðild sína að framangreindu broti. Hann játaði, að hann hefði í félagi með bróður sínum, Gústavi R. Gústavssyni, og Magnúsi Gunnari Baldvinssyni ákveðið að brjótast inn í framangreint hús að nætúrlagi í þeim tilgangi að afla sér peninga og annarra verðmæta. Kærði og félagar hans voru grímuklæddir við þennan verknað og ljóst er að einhver þeirra hefur barið húsráðandann, Sverri Sigurðsson, í höfuðið með staf, þannig að hann missti meðvitund um stund. Honum var síðan þröngvað til að láta af hendi fjármuni og opna peningaskáp í íbúðinni.

Eiginkona hans virðist einnig hafa verið beitt harðindum af kærða og

félögum hans, en samkvæmt læknisvottorði hlaut hún brot á mjaðmagrind meðan á innbrotinu stóð.

Brot það sem kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað þungri fangelsisrefsingu samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 255. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til rannsóknargagna málsins að öðru leyti er ljóst að hér er um mjög alvarlegt brot að ræða og aðferðin við framningu þess er öll hin hrottalegasta.

Þykir því rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhaldsvist til greina með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67 gr. laga um meðferð opinberra mála og ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. desember nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hallgrímur Pétur Gústavsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. desember nk. kl. 17:00.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 128/1987. **Benedikt Óskarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Birni Emilssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Fjárnámsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1987. Hann gerir þá dómkröfu að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinu áfrýjaða fjárnámi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi var í bæjarþingi Reykjavíkur þann 31. október 1986 með stefnu áritaðri um aðfararhæfi skyldaður til að greiða stefnda 100.000,00 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 2. júlí 1986 til greiðsludags og 15.400,00 krónur í málskostnað. Áfrýjandi greiddi ekki skuldina og þann 6. febrúar 1987 er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að heimili áfrýjanda Espilundi 10 þar í bæ af Rúnari S. Gíslasyni, fulltrúa bæjarfógeta. Fyrir er þá tekið fógetamál stefnda gegn áfrýjanda.

Samkvæmt gerðarbók fógetaréttarins lagði fógeti fram gerðarbeiðni og stefnu áritaða um aðfararhæfi. Síðan er bókað: „Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gísli Baldur Garðarsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 100.000.- með 2.25% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 02.07.'86 til greiðsludags, kr. 1.310.- fyrir gerðarbeiðni, kr. 15.400.- í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð allt á ábyrgð gerðarbeiðanda."

Gerðarþoli var ekki heima og samkvæmt upplýsingum lögmanns gerðarbeiðanda var enginn heima að Espilundi 10 og fór gerðin fram fyrir utan húsið. Að tilhlutan fógeta var mætt af hálfu gerðarþola. Samkvæmt gerðarbókinni lauk gerðinni með eftirgreindum hætti: „Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola, bifr. R-13517 teg. Mazda Rx7 árg. 1981 skráð eign gerðarbeiðanda, Björns Emilssonar. Fallið er frá virðingu." Bókunin er síðan undirrituð af fógeta, þeim sem mætti að hans tilhlutan fyrir gerðarþola og tveimur vottum. Bókunin er hins vegar ekki undirrituð af hálfu gerðarbeiðanda.

Áfrýjandi byggir í greinargerð hér fyrir dómi kröfu sína um ógildingu fjárnámsgerðarinnar á því í fyrsta lagi að stefndur hafi gert fjárnám í sinni eigin eign fyrir dómkröfum á hendur áfrýjanda og í öðru lagi á því að fjárnám sé gert fyrir „2,25% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði" enda þótt aðfararheimildin tiltaki 2,25% dráttarvexti á mánuði. Þá leggur hann fram endurrit fjárnámsgerðarinnar, sem í ýmsum atriðum er öðruvísi en það endurrit sem fylgdi dómsgerðum og á að vera af þeirri sömu fjárnámsgerð.

Í munnlegum málflutningi fyrir réttinum tíndi lögmaður áfrýjanda til ýmsar nýjar málsástæður, sem lögmaður stefnda mótmælti

sem of seint fram komnum. Með hliðsjón af 44. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður ekki tekið tillit til þessara nýju málsástæðna framar því sem rétturinn skal gæta að eigin frumkvæði. Ljóst er að fara ber eftir bókun fógetaréttarins við úrlausn máls þessa, enda ekki deilt um að svo fór gerðin fram. Hefði lögmaður gerðarþola átt að snúa sér til fógetaréttarins og afla sér réttrar bókunar strax og hann hafði fengið í hendur misvísandi endurrit af bókun gerðarinnar í stað þess að áfrýja gerðinni af þeim sökum. Aðilar deila ekki um að gerðarþoli hafði keypt bifreiðina R-13517 af gerðarbeiðanda og var eigandi hennar þegar gerðin fór fram. Gerðarbeiðandi gat því bent á hana til fjárnáms hjá gerðarþola, hvernig sem skráningu hennar var annars háttað. Þar sem enginn hittist fyrir á heimili gerðarþola mátti gerðin fara fram við húsið, sbr. síðari hluta 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1887 um aðför. Ekki er um það deilt að lögmaður gerðarbeiðanda hafi verið viðstaddur gerðina og fjárnámskröfur hans séu réttilega bókaðar. Þótt framlögð fjárnámsbeiðni hans sé nokkuð óljós þykir það ekki koma hér að sök þar sem bókunin er skýr. Að ofanskráðu athuguðu þykir mega staðfesta áfrýjaða fjárnámsgjörð í samræmi við framlagða fjárnámsheimild á þann hátt sem í dómsorði greinir.

Átelja ber frágang framlagðra endurrita af bókun áfrýjaðrar fjárnámsgerðar.

Áfrýjandi skal greiða stefnda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest fyrir eftirfarandi fjárhæðum: 100.000,00 krónum með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 2. júlí 1986 til greiðsludags, 1.310,00 krónum fyrir gerðarbeiðni, 15.400,00 krónum í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð.

Áfrýjandi, Benedikt Óskarsson, greiði stefnda, Birni Emilssyni, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Garðakaupstaðar 6. febrúar 1987.

Ár 1987, föstudaginn 6.2. er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að Espilundi 10 og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr. Fyrir er tekið fógetamálið: Björn Emilsson gegn Benedikt Óskarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 áskorunarstefnu áritaða um aðfararhæfi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gísli Baldur Garðarsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 200.000,00 með 2,25% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði, af kr. 100.000,00 frá 02.05.'86 til 02.06.'86, en af kr. 200.000,00 frá þ.d. til greiðsludags, kr. 1.310,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 26.400,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðmundur Sigurjónsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola, bifr. R-13517, teg. Mazda R x 7, árg. 1981, skráð eign gerðarbeiðanda, Björns Emilssonar. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 129/1987. **Benedikt Óskarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Birni Emilssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1987. Hann gerir þá dómkröfu að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinu áfrýjaða fjárnámi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi var í bæjarþingi Reykjavíkur þann 31. október 1986 með stefnu áritaðri um aðfararhæfi skyldaður til að greiða stefnda 200.000,00 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 2. maí 1986, af 100.000,00 krónum til 2. júní 1986, af 200.000,00 krónum frá þeim degi til 26. júní 1986, en af 100.000,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags, 26.400,00 krónur í málskostnað, 396,00 krónur í bankakostnað, allt að frádregnum 100.000,00 krónum sem áfrýjandi greiddi þann 26. júní 1986. Í gögnum málsins kemur fram að áfrýjandi hefur auk þessa greitt 40.000,00 krónur þann 14. október 1986, 10.000,00 krónur 30. október 1986 og 30.000,00 krónur 21. nóvember 1986. Frekari greiðslur munu stefnda ekki hafa borist frá áfrýjanda og þann 6. febrúar 1987 er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að heimili áfrýjanda Espilundi 10 þar í bæ af Rúnari S. Gíslasyni, fulltrúa bæjarfógeta. Fyrir er þá tekið fógetamál stefnda gegn áfrýjanda.

Samkvæmt gerðarbók fógetaréttarins lagði fógeti fram gerðarbeiðni og stefnu áritaða um aðfararhæfi. Síðan er bókað: „Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gísli Baldur Garðarsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 200.000 með 2,25% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 100.000 frá 02.05.'86 en af kr. 200.000 fþd til greiðsludags, kr. 1.310.- fyrir gerðarbeiðni, kr. 26.400.- í máls-

kostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, allt að frádregnum kr. 180.000.-"

Gerðarþoli var ekki heima og samkvæmt upplýsingum lögmanns gerðarbeiðanda var enginn heima að Espilundi 10 og fór gerðin fram fyrir utan húsið. Að tilhlutan fógeta var mætt af hálfu gerðarþola. Samkvæmt gerðarbókinni lauk gerðinni með eftirgreindum hætti: „Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola bifr. R-13517 teg. Mazda Rx7 árg. 1981 skráð eign gerðarbeiðanda, Björns Emilssonar. Fallið er frá virðingu." Bókunin er síðan undirrituð af fógeta, þeim sem mætti að hans tilhlutan fyrir gerðarþola og tveimur vottum. Bókunin er hins vegar ekki undirrituð af hálfu gerðarbeiðanda.

Áfrýjandi byggir í greinargerð hér fyrir dómi kröfu sína um ógildingu fjárnámsgerðarinnar á því í fyrsta lagi að stefndur hafi gert fjárnám í sinni eigin eign fyrir dómkröfum á hendur áfrýjanda og í öðru lagi á því að fjárnám sé gert fyrir „2,25% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði" enda þótt aðfararheimildin tiltaki 2,25% dráttarvexti á mánuði. Þá leggur hann fram endurrit fjárnámsgerðarinnar, sem í ýmsum atriðum er öðruvísi en það endurrit sem fylgdi dómsgerðum og á að vera af þeirri sömu fjárnámsgerð.

Í munnlegum málflutningi fyrir réttinum tíndi lögmaður áfrýjanda til ýmsar nýjar málsástæður, sem lögmaður stefnda mótmælti sem of seint fram komnum. Með hliðsjón af 44. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður ekki tekið tillit til þessara nýju málsástæðna framar því sem rétturinn skal gæta að eigin frumkvæði. Ljóst er að fara ber eftir bókun fógetaréttarins við úrlausn máls þessa, enda ekki deilt um að svo fór gerðin fram. Hefði lögmaður gerðarþola átt að snúa sér til fógetaréttarins og afla sér réttrar bókunar strax og hann hafði fengið í hendur misvísandi endurrit af bókun gerðarinnar í stað þess að áfrýja gerðinni af þeim sökum. Aðilar deila ekki um að gerðarþoli hafði keypt bifreiðina R-13517 af gerðarbeiðanda og var eigandi hennar þegar gerðin fór fram. Gerðarbeiðandi gat því bent á hana til fjárnáms hjá gerðarþola, hvernig sem skráningu hennar var annars háttað. Þar sem enginn hittist fyrir á heimili gerðarþola mátti gerðin fara fram við húsið, sbr. síðari hluta 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1887 um aðför. Ekki er um það deilt að lögmaður gerðarbeiðanda hafi verið viðstaddur

gerðina og fjárnámskröfur hans séu réttilega bókaðar. Þótt framlögð fjárnámsbeiðni gæti verið skýrari þykir það ekki koma hér að sök þar sem bókunin er skýr. Að ofanskráðu athuguðu þykir mega staðfesta áfrýjaða fjárnámsgjörð í samræmi við framlagða fjárnámsheimild og að teknu tilliti til innborgana á þann hátt sem í dómsorði greinir.

Átelja ber frágang framlagðra endurrita af bókun áfrýjaðrar fjárnámsgerðar.

Áfrýjandi skal greiða stefnda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest fyrir eftirfarandi fjárhæðum: 200.000,00 krónum með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 2. maí 1986 af 100.000,00 krónum til 2. júní 1986, en með sömu vöxtum frá þeim tíma af 200.000,00 krónum til greiðsludags, þó að frádregnum 180.000,00 krónum með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 100.000,00 krónum frá 26. júní 1986 til 14. október s.á., af 140.000,00 krónum frá þeim degi til 30. s.m., af 150.000,00 krónum frá þeim degi til 21. nóvember s.á. og af 153.600,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags og ásamt málskostnaði 26.400,00 krónum. Þá skal fjárnámsgerðin vera til tryggingar 1.310,00 krónum fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Áfrýjandi, Benedikt Óskarsson, greiði stefnda, Birni Emilssyni, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Garðakaupstaðar 6. febrúar 1987.

Ár 1987, föstudaginn 6.2. er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að Espilundi 10 og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr. Fyrir er tekið fógetamálið: Björn Emilsson gegn Benedikt Óskarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 áskorunarstefnu áritaða um aðfararhæfi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gísli Baldur Garðarsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 100.000,00 með 2,25% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 02.07.1986 til greiðsludags, kr. 1.310,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 15.400,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðmundur Sigurjónsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola, bifr. R-13517, teg. Mazda Rx7, árg. 1981, skráð eign gerðarbeiðanda, Björns Emilssonar. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 20. október 1988.

Nr. 149/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Valtý Ómari Guðjónssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 8. maí 1988 að því er ákærða einan varðar, en meðákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi. Af hálfu ákæruvalds er dóminum einnig áfrýjað og krafist staðfestingar á sakfellingu og þyngingar refsingar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Samkvæmt sakavottorði ákærða 14. október 1988 var hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi í sakadómi Reykjavíkur 27. júní sl. fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Valtýr Ómar Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1988.

Ár 1988, föstudaginn 22. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 251-252/1988: Ákæruvaldið gegn X og Valtý Ómari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 8. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 18. janúar sl., á hendur ákærðu, „X og Valtý Ómari Guðjónssyni, fæddum í Reykjavík 20. nóvember 1938, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt 5. nóvember 1987 brotist inn í grænmetisgeymslu gegnt Borgarspítala skammt sunnan gamla Skemmuvegar í Kópavogi og stolið þar um 125 kílóum af kartöflum og einhverju magni af hvítkáli.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 5. nóvember sl. sneri Sigurjón Sigurðsson, Miðleiti 7, Reykjavík, sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði innbrot og þjófnað á kartöflum og hvítkáli úr grænmetisgeymslu skammt sunnan gamla Sléttuvegar, gegnt Borgarspítala. Kvaðst Sigurjón vera með grænmeti til geymslu á staðnum og hefði hann orðið var við að farið hefði verið inn í geymsluna í fyrrinótt og aftur sl. nótt og þá sýnilega hafst við í geymsluskúr sem væri á staðnum. Kvað Sigurjón hafa verið stolið um sex 25 kg pokum af hvítkáli og fjórum til sex 25 kg pokum af kartöflum og hefði hvort tveggja verið í strigapokum. Kvaðst hann hafa farið í geymsluna um morguninn og hefði þá verið slatti í brennivínsflösku í geymsluskúrnum, en er rannsóknarlögreglumenn fóru á vettvang síðdegis sama dag hafði flaskan verið tekin.

Kl. 20.20 að kvöldi sama dag og ofangreind kæra var borin fram voru ákærðu handteknir á sendibílastöð við Vitatorg hér í borg. Voru ákærðu þar í sendibifreið, en í henni voru einnig 5 hálffullir strigapokar af kartöflum og 5 litlir plastpokar.

Ákærði Valtýr Ómar hefur við rannsókn og meðferð málsins afdráttarlaust játað að hafa farið með meðákærða X inn í nefndan geymsluskúr greint sinn. Í upphafi hafi tilgangurinn verið sá að skýla sér fyrir rigningu, en er inn í geymsluna hafi verið komið hafi vaknað sú hugmynd að stela kartöflunum og hvítkálinu, sem þar var geymt, og reyna að selja það. Hafi X, sem hafi sagt afa sinn eiga geymsluna, hringt á greiðabíl sem hafi komið að geymslunni og hafi þeir sett kartöflurnar og hvítkálið í hann. Um hafi verið að ræða fimm til sex 25 kg poka af kartöflum og þrjá poka af hvítkáli. Þeir hafi síðan ekið að verslunum og tekist að selja allt hvítkálið á tveimur stöðum. Hafi X séð um söluna, þar sem ákærði hafi verið svo ölvaður. Þá hafi þeir einnig boðið kartöflurnar til sölu í húsum, en ekki tekist að selja þær, þar sem þær voru sagðar frostskemmdar og mikið framboð væri á þeim.

Ákærði X hefur við rannsókn og meðferð málsins kannast við að hafa farið með Valtý Ómari inn í umrædda grænmetisgeymslu greint sinn, en borið að Valtýr Ómar hafi beðið sig um að koma með sér þangað og hafi

hann (Valtýr Ómar) sagt að maðurinn sem ætti geymsluna væri látinn og hann (Valtýr Ómar) hefði leyfi til að taka grænmetið og selja það, en það væri frosið og lægi undir skemmdum. Hafi þeir „kíkt á grænmetið" og í framhaldi af því hafi Valtýr Ómar hringt á greiðabíl og ákærðu síðan tekið grænmetið og sett það í hann. Um hafi verið að ræða bæði kartöflur og hvítkál, sennilega 8 poka af kartöflum og einn stóran strigapoka með hvítkáli í. Ekki kvaðst ákærði þó vera viss um magnið. Þeir hafi svo farið í veitingahús, þar sem Valtýr Ómar hafi þekkt veitingamanninn, sem hafi keypt hvítkálið. Hafi Valtýr Ómar séð algjörlega um þá hlið málsins. Þeir hafi einnig reynt að selja kartöflurnar í verslunum í borginni, en ekki tekist það, þar eð þær hefðu verið búnar að frjósa og þar af leiðandi verið ónýtar.

Ákærðu voru samprófaðir bæði við rannsókn og meðferð málsins, en það bar eigi árangur.

Ákærði Valtýr Ómar hefur skýlaust játað að hafa farið inn í umræddа grænmetisgeymslu ásamt meðákærða X, þar sem þeir hafi stolið kartöflum þeim og hvítkáli, sem greinir í ákæru, í þeim tilgangi að selja hvort tveggja.

Ákærði X hefur játað að hafa farið inn í umræddа grænmetisgeymslu með Valtý Ómari og einnig að hafa tekið kartöflurnar og hvítkálið og að þeir hafi selt hvítkálið, en haldið því fram að Valtýr Ómar hafi beðið sig um þetta og sagt að látinn maður ætti hvort tveggja og að hann (Valtýr Ómar) hefði leyfi til að taka þetta. Framburður ákærða, sem margsinnis hefur verið dæmdur fyrir þjófnaðarbrot, um að hann hafi greint sinn skort auðgunarásetning, þykir gegn framburði Valtýs Ómars eigi marktækur.

Samkvæmt framansögðu þykir vera sannað með framburði ákærða Valtýs Ómars, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru, að öðru leyti en því, að eigi þykir hafa verið sýnt fram á, að þeir hafi brotist inn í grænmetisgeymsluna. Varðar atferli ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í ákæru segir, að nefnd grænmetisgeymsla sé „gegnt Borgarspítala sunnan gamla Skemmuvegar í Kópavogi", en hið rétta er, að hún er gegnt Borgarspítala sunnan gamla Sléttuvegar þar í bæ. Þykir þessi ónákvæmni í ákæru þó eigi leiða til frávísunar hennar, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt sakavottorðum hafa ákærðu sætt eftirtöldum refsidómum:

Ákærði Valtýr Ómar:

— — —

[Í sakavottorði eru tilgreindir 19 refsidómar frá árabilinu 1958-1984, þar af 13 vegna auðgunarbrota.]

Þá var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi hinn 29. desember sl. fyrir þjófnaðarbrot, ölvunarakstur og réttindaleysi við akstur.

Ákærði X:

— — —

Þá hafa ákærðu báðir margoft gengist undir sektargreiðslu með dómsátt vegna ýmissa afbrota.

Refsing beggja ákærðu verður ákveðin með hliðsjón af 71., 72., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða Valtýs Ómars hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en refsing ákærða X þykir hæfileg fangelsi 2 mánuði.

Eftir þessum úrslitum ber samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 að dæma ákærðu óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði Valtýr Ómar Guðjónsson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Föstudaginn 21. október 1988.

Nr. 48/1987. **Jóhann Þorvaldsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabótamál. Sjómenn. Siglingalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 9. janúar s.á. Dómkröfur eru þessar:

„Að stefndi greiði áfrýjanda kr. 1.000.000 með 34% ársvöxtum frá 17. febrúar 1982 til 31. október 1982, með 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, með 35% frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% til 11. október 1987 til 31. október 1987, 20% frá 1. nóvember 1987 til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar til 29. febrúar 1988, 19% frá 1. mars 1988 til 10. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá 11. júní til 20. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá 21. júní til 31. júlí 1988, með 26% ársvöxtum frá 1. ágúst 1988 til 20. ágúst 1988, með 22% ársvöxtum frá 21. ágúst 1988 til 31. ágúst 1988 og 12% ársvöxtum frá 1. september 1988 til uppkvaðningar dóms Hæstaréttar, en eftir það með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni.

Þess er krafist, að vextir sem falli á kröfuna eftir 1. febrúar 1985 bætist við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986 og vextir reiknist síðan af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti."

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms en til vara að dómkröfur áfrýjanda verði lækkaðar verulega. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal skýrsla skipverjans Páls Friðjónssonar fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins 30. september 1986, skýrsla Bjarna J. Bogasonar rannsóknarlögreglumanns um afdrif landgangs þess sem fjallað er um í málinu og gögn um landgang sem keyptur var í hans stað. Í síðast greindri skýrslu kemur fram að fyrri landgangurinn hafi eyðilagst á árinu 1986 og verið hent fyrri hluta árs 1987.

Af hálfu áfrýjanda var því lýst yfir fyrir Hæstarétti að hann hafi fengið greiddar bætur sem honum bar samkvæmt vátryggingu er stefndi keypti í samræmi við bráðabirgðaákvæði við siglingalög nr. 66/1963, sbr. lög nr. 25/1977, sem í gildi voru er slysið varð.

Slysið virðist í upphafi ekki hafa verið það alvarlegt að stefnda hafi borið að láta sjópróf fara fram, en er síðar kom í ljós hversu alvarlegar afleiðingar urðu af meiðslunum átti áfrýjandi kost á því að hlutast til um sjópróf þar sem stefndi hafði ekki frumkvæði að því.

Óumdeilt er að áfrýjandi var við störf sem stýrimaður er slysið varð. Bar honum sem yfirmanni að kunna skil á réttum handtökum við að koma landganginum fyrir og gæta nauðsynlegrar varúðar. Telja verður sannað að áfrýjandi hafi verið undir áhrifum áfengis er umræddur atburður gerðist.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður ekki talið fram komið að áfrýjandi hafi hlotið meiðsli sín með þeim hætti að fébótaábyrgð á tjóni hans verði lögð á stefnda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri kostnað sinn af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóhanns Þorvaldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Guðmundar Skaftasonar.

Við erum sammála niðurstöðu meirihlutans og forsendum að öðru leyti en þeim röksemdum, er lúta að sjóprófi vegna slyss áfrýjanda, sem við viljum orða svo:

Slysið virðist í upphafi ekki hafa verið það alvarlegt, að stefnda hafi borið að láta sjópróf fara fram, en er síðar kom í ljós, hversu alvarlegar afleiðingar urðu af meiðslunum, var það áfrýjanda að eiga frumkvæði að því að sjópróf væri haldið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. maí sl., hefur Jóhann Þorvaldsson stýrimaður, nnr. 5002-8895, Bólstaðarhlíð 22, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 29. febrúar 1984 á hendur Eimskipafélagi Íslands hf., Pósthússtræti 2, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.000.000,00 með 37% ársvöxtum frá 17. febrúar 1982 til 31. október s.á., með 45% ársvöxtum frá 1. nóvember s.á. til 20. september 1983, með 37% ársvöxtum frá 21. september s.á. til 20. október s.á., með 32% ársvöxtum frá 21. nóvember s.á. til 20. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá 21. desember s.á. til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá 21. janúar s.á. til birtingardags stefnu og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ skv. reikningi á dskj. nr. 23 með dómvöxtum frá stefnubirtingardegi af útlögðum málskostnaði kr. 4.655,00, en af kr. 13.877,00 frá 20. mars 1986 til greiðsludags.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði algjörlega sýknaður, en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að hann hafi ráðist í skipsrúm hjá stefnda á m/s Grundarfoss í ferð 3.-17. febrúar 1982. Hafi hann verið ráðinn háseti í upphafi ferðar og hafi átt að taka við starfi annars stýrimanns þegar skipstjórinn færi frá borði í leyfi, og hafi stefnandi verið skráður annar stýrimaður frá 12. febrúar 1982, en skipið hafi þá siglt frá Antwerpen til Grundartangahafnar. Ekki hafi verið ráðinn háseti í stað stefnanda og hafi því einungis verið einn háseti um borð í skipinu, en þeir hafi verið tveir í utanferðinni.

Stefnandi hafi verið við vinnu meðan verið var að binda m/s Grundarfoss. Þar sem háseta vantaði hafi hann hjálpað til við að bera landganginn sem sé óvenjulega þungur. Þar sem stefnandi tók undir landganginn hafi reynst vera skörp egg og hafi stefnandi skorist illa á vísifingri hægri handar. Hafi farið sundur taug (nervus volaris ulnaris), svo að stefnandi geti hvorki rétt úr fingrinum né kreppt hann að fullu. Þá sé kraftur fingursins talinn skertur, svo og grip milli þumalfingurs og vísifingurs lélegra en áður.

Sjópróf hafi ekki farið fram vegna slyssins.

Stefán Bogason læknir hafi metið örorku stefnanda þannig:

„Frá slysdegi í 5 mánuði örorka	100%
eftir það í 2 mánuði	50%
varanleg örorka	10%

Þórir Bergsson cand. act. hafi reiknað út örorkutjón stefnanda.

Samkvæmt útreikningum hans á dskj. nr. 21, dags. 17. mars 1981, sé verðmæti vinnutekjutaps stefnanda á slysdegi miðað við einfalda vexti og 6% afvöxtum eftir 1. apríl 1986, en miðað við almenna sparisjóðsvexti Landsbanka Íslands á hverjum tíma tímabilið milli þess dags og slysdags kr. 573.647,00.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

Örorkubætur	kr.	750.000,00
Miskabætur		250.000,00
	Kr.	1.000.000,00

Stefnufjárhæð sé m.a. miðuð við þá verðbólgu sem verið hafi í landinu fram að áramótum 1983/1984, og þyki rétt að hafa hana í hærra lagi, þannig að ekki þurfi að framhaldsstefna og tapa rétti þótt málinu yrði áfrýjað.

Sættir hafi verið reyndar árangurslaust.

Rök stefnanda séu þau að fingurmein hans megi rekja alfarið til atvika er stefndi beri ábyrgð á, annars vegar með því að m/s Grundarfoss hafi ekki verið nægilega mannaður í umræddri ferð, svo að stefnandi hafi orðið að ganga til hásetaverka þótt hann væri stýrimaður, og hins vegar til van-

búnaðar á nefndum landgangi sem hafi verið hættulegur þeim er unnið hafi við að færa hann. Jafnframt sé vísað til almennra reglna skaðabótaréttarins. Því sé haldið fram að þar sem stefndi hafi látið hjá líða að halda sjópróf vegna slyss þessa beri stefndi sönnunarbyrði fyrir því að tjón stefnanda hafi orðið af ástæðum sem stefndi beri ekki ábyrgð á.

Stefndi styður kröfur sínar eftirfarandi rökum: Hvað varði sönnunarbyrðina sé sérstaklega á það bent að talið hafi verið að allra dómi að um minni háttar óhapp hefði verið að ræða, og sé það staðfest af stefnanda sjálfum á dskj. nr. 5, þar sem læknirinn bóki eftir stefnanda eftirfarandi: „Þetta virtist í fyrstu ekki mikill áverki og hann fór á Sjúkrahúsið á Akranesi þar sem skurðurinn var saumaður saman þann sama dag, eða 17.02. 1982."

Jafnframt liggi það fyrir í málinu að stefnandi hafi farið nokkrum dögum síðar á M/s Selnes og starfað þar sem stýrimaður til 25. mars. Það væri að elta óstöðugan ef halda skyldi sjópróf í hvert sinn sem starfsmaður fengi skeinu á hönd, og stefnda verði þannig ekki gefið að sök að hafa ekki óskað eftir sjóprófi þegar í stað. Megi jafnframt benda á það að stefnandi sjálfur láti líða hálft annað ár áður en hann tilkynnir stefnda um áverka sinn og afleiðingar slyssins.

Varðandi það atriði að skipið hafi ekki verið nægilega mannað í umræddri ferð og að stefnandi hafi orðið að ganga til hásetaverka, þótt stýrimaður væri, sé líka úr lausu lofti gripið. Á skipinu hafi verið þrír undirmenn, þ.e. bátsmaður, háseti og viðvaningur. Í samningum sé þess getið að á skipum af þessari stærð skuli vera tveir fullgildir hásetar og tveir viðvaningar. Það sé fullkomlega heimilt að hafa færri menn, enda skiptist þá kaup þess sem vantar á milli þeirra sem starfandi séu. Vísist um það atriði til samninganna. Í greinargerð sinni byggir stefndi m.a. á því að stefnandi hafi verið á frívakt er slysið varð, en í munnlegum málflutningi var ekki byggt á því atriði. Stefnandi hafi óbeðinn tekið undir landganginn með Páli Friðjónssyni bátsmanni, sem hafi unnið ásamt tveimur öðrum mönnum við að koma landganginum fyrir, og hafi hann jafnframt verið vitni að slysinu. Bátsmaðurinn Páll telji að verk þetta sé auðunnið af þremur mönnum, þ.e. að flytja landganginn til, og jafnframt ættu tveir að geta gert það. Þannig verði ekki talið að um saknæmisverknað starfsmanna stefnda sé að ræða þegar stefnandi óbeðinn hafi hlaupið til að aðstoða við að færa landganginn. Því sé haldið fram að stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis, og algjörlega sé ósannað að hann hafi yfirleitt skaddast á landganginum sjálfum því hann muni hafa hrasað og borið fyrir sig höndina. Kunni hann að hafa meiðst við það.

Hvergi hafi komið fram að um vanbúnað hafi verið að ræða á landganginum; það sé fyrst lögfræðingur stefnanda sem fundið hafi þennan galla nokkrum árum eftir að slysið varð.

Hvað fjárhæðir snertir þá sé þeim mótmælt lið fyrir lið tölulega séð. Þórir Bergsson hafi á dskj. nr. 6 reiknað út örorkutjón stefnanda, en eftir því hafi ekki verið farið á nokkurn hátt í kröfugerð. Fara beri eftir útreikningsaðferð I á dskj. nr. 21, þar sem notaðir séu samsettir vextir. Þá beri að taka tillit til þess að stefnandi var í vinnu hluta af þeim tíma, sem hann sé talinn 100% öryrki skv. örorkumati, og hafi hann aðeins verið frá vinnu í 109 daga.

Sérstaklega sé á það bent að stefnandi hafi hækkað dómkröfur sínar vegna örorkubóta upp í kr. 750.000,00 án nokkurs sérstaks rökstuðnings. Þá skuli á það bent að frá niðurstöðu tryggingafræðingsins beri að draga allt að 35% vegna eingreiðslu og skattfríðinda. Þá beri að draga frá hugsanlegum bótakröfum greiðslur sem stefnanda kunni að hafa borist frá Tryggingastofnun ríkisins og stefnda.

III.

Kröfur sínar byggir stefnandi, eins og áður greinir, annars vegar á því að skipið hafi ekki verið nægilega mannað þegar slysið varð, þannig að hann hafi orðið að ganga til hásetaverka, og hins vegar að vanbúnaður hafi verið á landgangi.

Upplýst er að á þeim tíma sem slysið varð voru á skipinu þrír undirmenn, bátsmaður, háseti og viðvaningur, sbr. dskj. nr. 4. Í samningi milli Eimskipafélags Íslands og fl. annars vegar og Sjómannafélags Reykjavíkur hins vegar, gr. 2.12.a. segir að á skipum 100-500 brl. skuli vera minnst 2 fullgildir hásetar og 2 viðvaningar. Sé ákvæði þetta skoðað í samhengi við gr. 1.11.b. er ljóst að ákvæðið er frávíkjanlegt. Fjöldi undirmanna á skipinu, þegar slysið varð, telst því ekki brot á samningi.

Ber þá að líta til þess hvort skortur á undirmönnum hafi leitt til þess að stefnandi hafi orðið að ganga til hásetaverka í umrætt sinn.

Stefnandi hefur gefið skýrslu fyrir dómi, og samkvæmt framburði hans voru a.m.k. tveir undirmenn við það að bera til landganginn þegar slysið varð. Kvaðst stefnandi hafa tekið óbeðinn undir landganginn með þeim þar sem honum hafi sýnst þeir vera að kikna undan honum. Hann kvaðst hafa skorist beint inn í höndina á hvassri egg á landganginum. Aðspurður kvaðst hann hvorki hafa hrasað né runnið til og sérstaklega aðspurður kvað hann enga hálku hafa verið á bryggjunni og hafi verið ágætis veður og þurrt að hann minnti.

Vitnið Haraldur Árnason sjómaður gaf skýrslu fyrir dómi, en vegna mistaka við hljóðritun eyðilagðist skýrslan, og hefur ekki, þrátt fyrir tilraunir, tekist að hafa uppi á vitninu á ný.

Vitnið Páll Friðjónsson háseti gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann hafa verið bátsmaður á skipinu í umrætt skipti. Kvaðst hann hafa unnið við

að færa til landganginn ásamt tveimur undirmönnum, Haraldi og Arnljóti. Kvað hann stefnanda hafa tekið óbeðinn undir landganginn, og kvað hann aðspurður stefnanda hafa verið undir greinilegum áfengisáhrifum.

Kvað vitnið Arnljót hafa verið að koma að þegar slysið varð, og taldi vitnið ekki að þörf hefði verið á aðstoð stefnanda þar sem Arnljótur hefði getað tekið undir landganginn með þeim Haraldi. Kvað vitnið tvo menn vera vana að færa til landganginn. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um hvernig slysið vildi til, en aðspurt taldi vitnið engan vanbúnað hafa verið á landganginum.

Lögð hefur verið fram skrifleg skýrsla Arnljóts Arnarsonar háseta í umræddri ferð, og hafa lögmenn aðilja tekið skýrsluna gilda sem staðfesta. Ekki þorði vitnið að fullyrða hvernig stefnandi slasaðist, en taldi að það hefði verið á pílárum á hliðum landgangsins. Kvað vitnið stefnanda hafa verið undir áberandi áfengisáhrifum.

Með hliðsjón af framangreindum framburði vitna svo og stefnanda sjálfs verður ekki talið að skortur á undirmönnum á skipinu hafi valdið því að stefnandi þyrfti að ganga til verka með undirmönnum þegar slysið varð, heldur er upplýst að þrír undirmenn voru til staðar og var þó jafnan talið nóg að tveir menn flyttu til landganginn.

Ósannað er að umræddur landgangur hafi verið vanbúinn á þann hátt sem stefnandi heldur fram, og hefur vitnið Páll borið fyrir dómi, eins og að framan greinir, að það hafi ekki talið landganginn vanbúinn. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að sönnunarbyrðin um þetta atriði hvíli á stefnda þar sem hann hafi látið hjá líða að halda sjópróf vegna slyssins.

Þegar slysið varð giltu um sjóferðapróf ákvæði 39. gr. l. nr. 66/1963. Þar segir í 1. mgr.: „Nú gerist einhver atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo að nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla að tjón á þeim leiði af og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðaskýrslu. Svo er og er maður slasast eða ferst voveiflega eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum."

Ákvæði þetta verður ekki túlkað svo rúmt að það hafi borið að halda sjópróf ef um óveruleg meiðsli á mönnum var að ræða sem fyrirsjáanlega hefðu ekki varanlegt heilsutjón í för með sér. Af hálfu stefnda er því haldið fram að meiðsli stefnanda hafi virst svo lítil í fyrstu, að ekki hafi verið talin þörf á sjóprófi vegna þeirra.

Í leiðabók skipsins hefur verið skráð svohljóðandi um slysið (sbr. dskj. nr. 3): „Um kl. 23 þegar Jóhann Þorvaldsson 2. stýrim. var að aðstoða háseta við að koma upp landgangi skarst hann illa á vísifingri hægri handar. Jóhann var strax sendur til læknis og voru saumuð 6-7 spor. Samkvæmt læknisvottorði er hann óvinnufær 7-12 daga. Vitni að atburðinum voru Páll

Friðjónsson bátsm., Arnljótur Arnarson viðv. og Haraldur Árnason viðv."

Læknisvottorð það sem vísað er til í leiðabók liggur ekki fyrir í málinu, en á dskj. nr. 24 er læknisvottorð, dags. 5. maí 1986, frá sjúkrahúsi Akraness, undirritað af Guðjóni Guðmundssyni yfirlækni, svohljóðandi:

„Nafn sjúkl.: Jóhann Þorvaldsson, f. 07.08.53.
Bólstaðarhlíð 32, Reykjavík.
Nafnnr. 5002-8895.
Slysdagur: 17.02.82.

Rétt eftir miðnætti þann 18.2. 1982 kom Jóhann á Slysastofu Sjúkrahúss Akraness. Hann hafði þá um hálftíma áður verið að vinna um borð í ms. Grundarfossi, en hann var þar 2. stýrimaður og var verið að leggja að landi í Grundartanga. Hann var að setja landgang í land er hann skarst á hæ. vísifingri lófamegin.

Við skoðun hér kom í ljós að sárið lá lófamegin á hægra vísifingri yfir liðnum milli I. og II. kjúku. Var ekki alveg í miðlínu, heldur meira yfir að baugfingri. Sárið var nokkuð djúpt, en náði ekki inn að beini og hreyfingar í fingrinum, bæði að rétta og beygja, virtust vera í lagi skv. því sem skrifað er í slysastofu-sjúkraskrána. Einnig virtist snerti- og sársaukaskyn vera eðlilegt í fingrinum framan við sárið, þannig að reiknað var með að taugin væri þarna heil. Sárið var saumað saman og gengið frá því eftir að búið var að hreinsa það upp. Einnig var hann settur á Penicillin til öryggis. Átti að fara í saumatöku í Reykjavik og reiknað með að hann yrði frá vinnu í 7-12 daga. Ekki finnst neitt ritað um þennan sjúkling hjá okkur eftir að hann fékk gert að sárum sínum."

Fallast má á það með stefnda að framangreindar upplýsingar um meiðsli stefnanda hafi ekki gefið tilefni til að halda sjópróf vegna slyssins.

Með hliðsjón af gögnum málsins og framburði aðila og vitna má telja upplýst að þegar slysið varð var stefnandi áberandi ölvaður. Hann greip inn í verk undirmanna án þess að aðstæður krefðu. Samkvæmt leiðabók skipsins var rigning og hvassviðri þennan dag og því hugsanlega hált á bryggjunni, og stangast það á við framburð stefnanda fyrir dómi um veðurfar. Þegar framangreint er haft í huga, svo og horft til þess að stefnandi lætur liða u.þ.b. hálft annað ár þar til hann tilkynnir stefnda um hversu alvarleg meiðsli hans reyndust vera, þá þykir stefnandi verða að bera hallann af því að sönnun skortir um málsatvik.

Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-

dómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hrafnkeli Guðjónssyni stýrimanni.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóhanns Þorvaldssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Jóhann Þorvaldsson, greiði stefnda, Eimskipafélagi Íslands hf., kr. 50.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1988.

Nr. 6/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Valgeiri Vésteini Jósafatssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Nauðgun. Skaðabætur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 9. september 1987, og jafnframt af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar, en dómkröfur af hálfu ákæruvalds eru þessar: „I. Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar en refsing þyngd. II. Að ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu bóta og vaxta til X verði staðfest, en þó þannig, að hæstu löglegu vextir af höfuðstól reiknist frá 15. apríl 1987 í stað 27.3. s.á. til greiðslu-

dags. III. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þ.m. talin hæfileg saksóknarlaun er renni í ríkissjóð."

Verjandi hefur gert þessar dómkröfur: „Aðallega að ákærði verði sýknaður og allur kostnaður sakarinnar felldur á ríkissjóð. Til vara er þess krafist, að ákærði verði dæmdur í þá vægustu refsingu sem lög frekast leyfa, gæsluvarðhaldstími hans með fullri dagatölu komi til frádráttar dæmdri refsivist og bótakrafan stórlega lækkuð."

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms lagði ríkissaksóknari mál þetta fyrir Læknaráð og leitaði svara við eftirgreindum spurningum:

„1. Fellst Læknaráð á niðurstöður dr. med. Helga Kristbjarnarsonar í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða?

2. Telur Læknaráð, að fullnægjandi læknisrannsókn hafi farið fram á stúlkunum X og Y, sbr. þau vottorð sem að því lúta?

3. Hvert er álit Læknaráðs á fyrrgreindu vottorði Arnars Haukssonar, læknis, frá 13. apríl 1986 um skoðun á ákærða? Er ráðið sammála niðurstöðu hans um þargreindan sjúkdóm? Eru efni til frekari umsagnar um þá smithættu, sem af þessum sjúkdómi kann að stafa?"

Ályktun Læknaráðs er staðfest 8. júlí 1988 og er svohljóðandi:

„Ad. 1. Já, Læknaráð fellst á niðurstöður dr. med. Helga Kristbjarnarsonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Ad. 2. Læknisrannsókn á X er fullnægjandi að öðru leyti en því að ekkert segir um andlegt ástand hennar við skoðunina. Af vottorði um Y verður ekki ráðið hversu nýlega samfarir hafi átt sér stað.

Ad. 3. Já, Læknaráð er sammála sjúkdómsgreiningu Arnars Haukssonar, læknis, varðandi ákærða og telur ekki ástæðu til að gefa frekari umsögn um smithættu."

II.

Ákærði er fæddur 16. nóvember 1956 en ekki 16. nóvember 1965 eins og misritast hefur í ákæruskjali 24. september 1986 og í hinum áfrýjaða dómi. Í ofangreindu ákæruskjali er réttilega frá því greint, að umræddur atburður hafi átt sér stað á 2. hæð hússins ... Í hér-

aðsdómi er vettvangur hins vegar ranglega tilgreindur á 3. hæð hússins.

Læknir sá, sem skoðaði X, komst að þeirri niðurstöðu að hún bæri merki um „nýafstaðnar samfarir og það ekki með eðlilegum aðdraganda". Læknaráð gerir ekki athugasemd við þessa ályktun. Þessi niðurstaða læknisins styrkir framburð stúlkunnar. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann varðandi sakfellingu ákærða samkvæmt ákæru 24. september 1986.

III.

Eftir að Y hafði dvalið um stund í stofu íbúðar ákærða fluttu þau sig þaðan að hennar ósk inn í svefnherbergi hans. Engin merki voru um átök á vettvangi og ekki voru sjáanlegir áverkar á kæranda. Varhugavert þykir að telja alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi þröngvað kæranda til holdlegs samræðis með þeim hætti, sem lýst er í 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvalds samkvæmt ákæruskjali 17. mars 1987.

IV.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi og skal gæsluvarðhaldsvist ákærða samtals 14 dagar koma til frádráttar refsivist.

V.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta úrlausn hans um bótakröfu X, þó þannig, að vextir ákvarðast eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir að ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjanda í Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast 40.000,00 krónur, og saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast 80.000,00 krónur, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Valgeir Vésteinn Jósafatsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða í 14 daga kemur refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði X kr. 200.000,00 með 9% ársvöxtum frá 12. apríl 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 3. apríl 1987, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags greiðist dráttarvextir samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 80.000,00 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns 40.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns 40.000,00 krónur, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Keflavíkur 15. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní sl., hefur ríkissaksóknari höfðað með tveimur ákæruskjölum á hendur Valgeiri Vésteini Jósafatssyni, til heimilis að Suðurgötu 27, Keflavík, f. 16. nóvember 1965.

1. Með ákæruskjali dags. 24.9. 1986 er ákærða gefið að sök „að hafa laugardagsnóttina 12. apríl 1986 neytt stúlkuna X, fædda 1964, tvívegis til samfara í herbergi íbúðar á 2. hæð til hægri í húsinu ... í Reykjavík, þangað sem ákærði lokkaði stúlkuna undir því yfirskyni að þar væri samkvæmi, en þegar eftir að í herbergið var komið og ljóst var að þar var ekki samkvæmi hindrað stúlkuna í því að fara á brott og síðan með líkamlegu ofbeldi og ógnvænlegu háttarlagi neytt stúlkuna tvívegis til að hafa við hann samfarir."

Telst slíkt atferli varða við 1. mgr. 194. gr. laga 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

2. Með ákæruskjali dags. 17.3. 1987 er ákærða gefið að sök „að hafa að morgni 21. desember 1986 á heimili sínu þröngvað stúlkunni Y, fæddri ... 1964, til holdlegs samræðis með því að meina henni brottför úr íbúðinni

og beita hana ofbeldi og hóta henni frekari ófarnaði léti hún ekki að vilja hans. Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til greiðslu skaðabóta verði þeirra krafist."

I.

Laugardaginn 12. apríl 1986 kl. 09:00 kom stúlkan X, f. ... 1964, á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði nauðgun sem átt hefði sér stað þá um nóttina. Eftir að X hafði gefið skýrslu um atvikið fór hún í fylgd lögreglumanna og benti á húsið þar sem meintur atburður átti sér stað, en því næst var kærandi færð til læknisskoðunar. Kl. um 11:00 var ákærði handtekinn þar sem hann lá sofandi í rúminu í íbúð í húsi þessu. Við handtöku reyndi ákærði að koma undan dökkum mola sem lá við rúmið og varð að setja hann í handjárn vegna þeirrar mótspyrnu. Eftir að ákærða hafði verið tekið blóð- og þvagsýni var hann færður í fangelsi við Síðumúla.

Í lögregluskýrslu skýrir kærandi svo frá að hún hafi verið að skemmta sér á dansleik sem haldinn var á Hótel Borg kvöldinu áður. Eftir dansleikinn eða u.þ.b. kl. 3:30 hafi ákærði komið til hennar þar sem hún hafi staðið fyrir utan pylsusölu skammt frá Hótel Borg og boðið sér í partý. Ekki kannaðist hún við ákærða en þáði þó boðið og fóru þau í leigubifreið að blokk í ... Fóru þau upp í íbúð á 3. hæð hússins og þaðan inn í herbergi sem ákærði kvað bróður sinn hafa á leigu en fram kom hjá ákærða að gamall maður byggi einnig í íbúðinni. Þegar inn í herbergið kom var kæranda það ljóst að þau væru þarna ein og kvaðst hún þá hafa spurt ákærða hvar „partíið" væri. Hún hafi ekkert svar fengið við því en ákærði hafi haft orð á því að „fá sér í pípu". Hann hafi því næst tæmt vasa sína og hafi þá dottið hassmoli á borðið. Virtist kæranda nú sem ákærði væri „upp dópaður" en áður hafi hún ekki séð á honum nein áhrif. Ákærði tók nú að reyna við kæranda með því að káfa á mjöðmum hennar og eins að toga hana niður í rúm þar sem hann lá. Hún kveðst hafa sagt honum að hún hefði ekki áhuga á honum og beðið hann um að hringja á bíl. Hann hafi sagt að síminn væri frammi og haldið áfram að reyna við hana og voru þau nú bæði komin í rúmið. Hafi hann reynt að taka pilsið upp en hún hafi meinað honum það. Hafi hann gefið það í skyn að hann ætlaði að hafa við hana samfarir eða úr því að hann væri kominn í bæinn þá „ætlaði hann að fá sér að ríða". Þegar hér var komið sögu hafi hún verið orðin svo hrædd að hún hafi hætt að veita mótspyrnu. Færði ákærði hana úr fötunum og skipaði henni að leggjast á magann í rúminu. Kærandi kveðst hafa hjálpað til að afklæðast blússunni af ótta við að hún rifnaði. Ákærði

hafi því næst lagst ofan á hana og haft við hana fullkomnar samfarir sem hafi staðið yfir í u.þ.b. 5 mín. og hafi honum orðið sáðfall. Kærandi kveðst allan tímann hafa beðið ákærða um að hætta þessu og passa sig á því að gera sig ekki ófríska. Þá hafi hún reynt að ýta honum af sér en það hafi ekki tekist. Eftir að ákærði hafi lokið sér af hafi hún reynt að standa upp og klæða sig. Þegar hún var nær fullklædd hafi ákærði af engu tilefni rokið upp og kastað henni í rúmið aftur. Kvaðst kærandi hafa barist um og kallað upp að hann skyldi láta sig vera. Ákærði hafi þá tekið hana hálstaki með handleggnum og hafi henni þá fundist hún vera að kafna. Kærandi segist hafa hágrátið og beðið ákærða um að meiða sig ekki, og skyldi hún gera það sem hann bæði hana um. Eftir að hafa afklætt kæranda öðru sinni hafi hann byrjað að sleikja hana alla og þó aðallega kynfæri hennar. Hún kveðst hafa verið orðin mjög aum, en öðru sinni hafi hann nú haft við hana fullkomnar samfarir sem staðið hafi yfir í u.þ.b. 3. mín. Eftir þetta hafi hún reynt að fara en hann varnað henni þess. Hún kveðst ekki hafa reynt að verja sig af hræðslu við frekari misþyrmingar, heldur ákveðið að bíða þar til hann sofnaði. Hún kveðst hafa sofnað um stund en rankað við sér og læðst út þar sem ákærði var nú sofnaður. Klukkan hafi þá verið á milli 07:00 - 08:00. Kærandi kveðst hafa ákveðið að kæra ekki atburðinn og þess vegna haldið beint heim. Þegar heim kom var móðir hennar vakandi og sá að kærandi var öll útgrátin og illa girt. Skýrði því kærandi henni frá því hvað gerst hefði. Faðir hennar hafi einnig komið að í þessu og hringt í lögregluna til þess að spyrjast fyrir hvernig ætti að snúa sér í svona málum og að því loknu hafi hún tekið ákvörðun um að kæra atburðinn. Kærandi kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis en þó ekki mikið.

Framburður ákærða um atburðinn er nokkuð á annan veg. Hann kveðst hafa fengið sér að reykja hass um kl. 20:00 umræddan dag í Keflavík en síðan drukkið áfengi Dubonnet og því næst gin, en þá fór hann til Reykjavíkur og drakk 2 - 3 glös á bar í Reykjavík. Kvaðst hann hafa verið ölvaður en muna glögglega alla atburðarás. Hann kvaðst þó ekki muna nákvæmlega hvort hann hafi hitt X úti eða inni á Hótel Borg. Hann hafi hins vegar boðið henni í „partý" og hafði hún þegar þegið það. Hann hafi byrjað að láta vel að henni þegar heim kom og hafði hún þá viljað þýðast hann eftir að þau höfðu í sameiningu dregið gluggatjöld fyrir glugga íbúðarinnar. Hann neitaði því aðspurður að hafa gefið X það í skyn að fleira fólk yrði á staðnum. Hann kvaðst hins vegar hafa talið að stúlkan „vildi vera með sér" þar sem hún hefði þekkst boð hans. Hann hafi síðan ætlað að hátta hana en hún viljað gera það sjálf. Hafi hún klætt sig úr öllu nema brjóstahaldaranum. Þau hafi „kelað" í u.þ.b. klukkustund og hafi hann m.a. sleikt hana lengi, og hafi hún fengið fullnægingu. Þá hafi hann hjálpað henni úr brjóstahaldaranum og þau haft fullkomnar samfarir. Fyrir dómi

skýrði hann frá að hann hafi ekki orðið var við að stúlkan fyndi til sársauka og hún hafi ekki kveinkað sér. Hún hafi hins vegar beðið hann að passa sig því hún væri ekki á pillunni. Hann hafi hins vegar ekki gert það og hafi honum orðið sáðfall inn í hana. Ákærði kveður stúlkuna hafa orðið ósátta vegna hræðslu um að nú væri hún orðin ófrísk. X hafi síðan farið fram úr rúminu og klætt sig og beðið hann að hringja á leigubíl. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað að hún færi og hafi því tekið utan um hana og ýtt henni upp í rúmið og lagst síðan við hlið hennar. Þegar hann hafi reynt að fá hana til að fækka fötum hafi hún ekki viljað það og verið orðin hálf-móðursjúk og aðallega vegna hræðslu við að vera orðin ófrísk.

Fullyrti ákærði bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi aðeins einu sinni haft samfarir við stúlkuna og hafi það gerst með fullum vilja hennar. Hún hafi spurt um símann eftir samfarirnar en ekki fyrir þær. Hann hafi ekki reynt að hafa samfarir við hana aftur. Hinsvegar hafi hann reynt að þagga niður í henni því hún hafi verið orðin alveg móðursjúk. Hann hafi kippt henni upp í rúm og reynt að róa hana. Þegar hann hafi síðan reynt að hátta hana hafi hún stífnað öll upp af hræðslu og hafi hann þá misst allan áhuga og sagt henni að „drulla sér út".

Ákærði var spurður fyrir dómi hvort eitthvað hafi verið í framkomu hans, háttalagi eða orðum sem hefði getað valdið kæranda einhverjum ótta. Svaraði hann því til að það gæti ef til vill hafa verið þegar hann kippti henni upp í rúmið og hafi sagst ætla að eiga hana og að hún gæti verið hjá honum til morguns. Þá kom fram hjá honum að hann ætti það til að vera orðljótur.

Í íbúðinni voru í umrætt sinn auk kæranda og ákærða eigandi hennar A og leigjandi B.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af þeim kom fram að þeir hafi ekki orðið varir við neitt óeðlilegt umrædda nótt. A bar að hann hefði tvívegis vaknað umrædda nótt við umgang án þess að verða var við nokkuð óeðlilegt. A er nú látinn. Hann kom ekki fyrir dóm.

B kvaðst ekki hafa verið sofnaður er hann heyrði umgang og viðræður einhverjar en ekki hafi hann greint orðaskil. Í lögregluskýrslu segir að hann hafi ekki heyrt annað en að þessar samræður væru í góðu. Þeir sem þarna voru á ferðinni fóru inn í herbergi við hliðina á hans herbergi. Fyrir dómi sagði B að hann hefði heyrt hvöss orðaskipti í herberginu en að öðru leyti bar hann að hann hefði sofnað fljótt og mikið þyrfti til að hann vaknaði. Framburður hans fyrir dómi var ekki ábyggilegur.

C ... kom fyrir dóminn. Vitnið er móðir kæranda. Hún bar að umræddan morgun hafi X komið heim í mikilli geðshræringu, grátandi og pils hennar rifið og hafði hún verið alveg niðurbrotin. Faðir hennar hafi komið að þegar X var að segja móður sinni frá atvikinu og hafði hann

viljað hringja á lögregluna en X varla þorað það vegna þess að hún væri hrædd við hefnd af hálfu ákærða. Bar vitnið að eftir atburðinn hafi X verið mjög breytt, hún tali lítið, sé hljóð og annars hugar.

Lögreglumaðurinn Bertram Möller kom fyrir dóminn sem vitni. Í framburði hans kom fram að X hafi verið mjög miður sín við skýrslugjöf. Hún hafi komið í fylgd móður sinnar. Hafi X sjálf gefið skýrslu um atburðinn en móðir hennar ekkert haft sig þar í frammi.

Við rannsókn á vettvangi komu ekki í ljós merki um átök, en umræddur hassmoli var á borðinu í íbúðinni. Við rannsókn á blóðsýni því er tekið var úr ákærða reyndist magn alkóhóls vera 0,47‰.

Við athugun á fötum X kom í ljós að pils var rifið að aftan, saumspretta. Eins og áður hefur verið rakið var X þegar færð til læknis sem skoðaði hana. Í niðurstöðu vottorðs læknisins, Arnars Haukssonar, segir orðrétt: „Skoðun sýnir engan ytri áverka á líkama. Hinsvegar mikinn roða og þrota umhverfis ytri kynfæri og endaþarmsop. Einnig nýjar sprungur og sár við ytri burðarbarm vinstra megin svo og í ytra leggangaopi. Við smásjárskoðun og sýni frá leggöngum finnst mikill fjöldi vel lifandi sæðisfruma. Ofannefndar niðurstöður eru í samræmi við nýafstaðnar samfarir og það ekki með eðlilegum aðdraganda."

Við læknisskoðun ákærða kom í ljós að hann var haldinn sjúkdómi þeim er nefnist Herpes. Sjúkdómur þessi er talinn ólæknandi en hægt er að halda honum niðri. Hann er smitandi þegar útbrot er til staðar. Ákærði kveðst ekki hafa gert neinar varúðarráðstafanir í umrætt skipti vegna þess að hann hafi ekki verið kominn með útbrotin en venjulega noti hann verjur við samfarir til að fyrirbyggja smit. Kvaðst hann reiðubúinn að greiða stúlkunni bætur, komi í ljós að hún hafi smitast af kynsjúkdómi. Hinsvegar hafnar hann algerlega bótakröfu vegna nauðgunar þar sem samfarirnar hafi verið með vilja beggja.

X hefur verið undir læknishendi og hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að hún hafi smitast af kynsjúkdóminum. Ekki er þó hægt að fullyrða að hún sé úr allri smithættu samkvæmt nýjasta læknisvottorði sem liggur frammi í málinu.

Álit dómsins.

Kærandinn X kom fram með kæru sína í eðlilegu framhaldi af yfirstaðinni meintri nauðgun. Hún var samkvæmt framburði vitna sýnilega miður sín og pils hennar rifið. Kærandi hefur staðfastlega haldið sig við upprunalega framburð sinn sem teljast verður trúverðugur. Þegar það er virt að hún var ein með ákærða á alókunnugum stað verður að telja ósannað að hún hafi haft tækifæri, vegna uppburðarleysis og hræðslu, til að gera öðrum í íbúðinni viðvart enda var hún að sögn svo hrædd við ofsa ákærða

og skap að hún hafi aðeins hugsað um að halda lífi. Á það sérstaklega við um meinta síðari nauðgunina sem var mun harkalegri. Kærandi hefur unnið eið að framburði sínum.

Ákærði hefur að mestu haldið sig við framburð sinn. Þó verður frásögn hans brotakennd þegar kemur að hinni síðari meintu nauðgun. Þá er framburður hans ekki sannfærandi þegar hann reynir að skýra á eðlilegan hátt hræðsluviðbrögð stúlkunnar.

Að þessu virtu ber að sakfella ákærða fyrir atferli það sem honum er gefið að sök í ákæruskjali, og telst ákærði þannig hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Við mat á refsingu verður það að teljast gáleysi af ákærða að viðhafa engar varúðarráðstafanir vegna smithættu sem fyrir hendi var þrátt fyrir þekkingu sína á eiginleikum umrædds kynsjúkdóms.

II.

Sunnudaginn 21.12. 1986 kl. 10:09 var hringt til lögreglunnar í Keflavík frá ... þar í bæ og tilkynnt um nauðgun. Þegar lögreglumenn komu á staðinn skömmu síðar sat kærandi Y í eldhúsi í íbúð sinni nokkuð ölvuð og sýnilega illa á sig komin andlega. Kvaðst hún hafa orðið fyrir nauðgun af völdum ákærða og hafi nauðgunin átt sér stað í risíbúð hússins þá skömmu áður. Hún var flutt á sjúkrahúsið í Keflavík til frekari rannsóknar og síðan til skýrslutöku. Aðrir lögreglumenn fóru þegar að ... og handtóku ákærða. Samkvæmt lögregluskýrslu var hann mjög æstur og í annarlegu ástandi við handtöku og sýndi mótþróa.

Kærandinn Y fæddist 7.6. 1964. Samkvæmt frásögn hennar hafði hún verið á dansleik í Keflavík kvöldið áður ásamt sambýlismanni og starfsfélögum. Hafi sambýlismaður hennar farið heim á undan henni eða áður en dansleiknum lauk. Hún hafi hins vegar farið í heimahús með samstarfsfólki sínu eftir dansleikinn. Þegar hún kom heim undir morguninn eða kl. 08:00 eins og hún taldi í fyrstu hafi hún ekki verið með lykla að íbúð sinni, sem er á miðhæð íbúðarhússins að ... Hún hafi reynt að berja á dyr en án árangurs þar sem sambýlismaður hennar vaknaði ekki. Hins vegar kom ákærði sem býr einn í risíbúð hússins og bauðst til að hringja í sambýlismanninn. Þetta hafi hann gert en án árangurs. Kvaðst hún hafa heyrt hringinguna innan úr íbúð sinni. Þegar sambýlismaðurinn vaknaði ekki bauð ákærði henni upp á kaffi, og þáði hún það. Hún fór síðan upp með ákærða og settist inn í einskonar stofu og sátu þau þar um stund. Y kvaðst hafa verið ölvuð er hún kom heim, en muna vel allt sem gerðist. Ákærði hafði boðið henni vín og hafi hún smakkað á því en haft orð á því að vínið væri vont og hún þá fengið kaffi. Ákærði hafi hins vegar drukkið vín og síðar er ä leið heimsóknina nær óblandað vín. Þau hafi rabbað saman og

hafi ákærði sýnt henni fulla kurteisi framan af. Hafi hann sýnt á sér nýja hlið miðað við fyrri kynni hennar af honum. Fram hefur komið í málinu að sambúðin í húsinu að ... hafi verið stirð og hafi oft komið til lögreglu-afskipta vegna sambúðarörðugleika þessara íbúa. Y bar að hún hefði viljað flytja sig í næsta herbergi, þar sem sér hafi fallið illa sú stofa sem hún var í og hafi þau fært sig inn í svefnherbergi ákærða. Þegar þangað kom hafi hún sest á háan stól við hlið rúmsins.

Framburður ákærða staðfestir þessa frásögn í megindráttum. Hann segir þó að Y hafi stungið upp á því að þau flyttu sig inn í svefnherbergið og haft orð á því að svefnherbergi hennar og sambýlismanns hennar væri beint fyrir neðan stofuna og það væri svo hljóðbært á milli. Hún hafi talað stanslaust og aðallega um sambúðarörðugleika hennar og sambýlismanns hennar og hafi komið fram hjá henni, að sambýlismaður hennar hafi ekki sinnt henni kynferðislega í þrjá mánuði. Aðspurður um komutíma Y kveður ákærði klukkuna hafa verið um 04:00 þá er hún bankaði. Fyrir dómi taldi hann klukkuna hafa verið um 03:30 því hann hafði vaknað um 03:00 og verið rétt að sofna aftur þegar hann heyrði bankið.

Y sagði síðar í skýrslu hjá lögreglu eftir að hafa aflað sér upplýsinga um að hún hafi yfirgefið samkvæmið að ... kl. 05:00 - 05:30, að hún hafi komið að heimili sínu kl. um 06:00 um morguninn.

Y segir svo frá varðandi það sem síðar gerðist að ákærði hafi setið í lægri stól fyrir framan hana inni í svefnherberginu. Hann hafi fiktað við tölur á kjól hennar þar sem hún sat en hún bannaði honum það og hafi hann þá hætt því. Ákærði hafi síðan látið hana færa sig úr stólnum yfir í rúmið og stillt henni upp, eins og hann ætlaði að mála hana. Hún kveðst hafa fært sig aftur yfir í stólinn, því dýnan hafi verið köld. Þá hafi hann látið hana leggjast aftur á rúmið með bakið að veggnum. Þegar hún hafi reynt að komast í burtu hafi hann dregið hana betur upp á dýnuna og sagt að hún færi ekkert fyrr en hann væri búinn að leika sér að henni. Hún hafi verið orðin hrædd og beðið hann um að leyfa sér að fara, en hann neitað því. Því næst hafi hann hneppt frá blússunni og reynt að losa brjóstahaldarann en ekki tekist. Hún hafi ætlað að streitast á móti en ákærði tekið um báðar hendur hennar og sett þær upp fyrir höfuð. Þá hafi hann tekið pilsið upp og fært hana úr nærbuxum og sokkabuxum. Hún kvaðst hafa hrópað nafn E, sambýlismanns síns, en ákærði sagt sér að það þýddi ekkert því herbergið væri hljóðeinangrað. Hann hafi síðan hótað henni öllu illu, m.a. kyrkingu og að skera hana í búta. Þá hafi hann einnig lagt hendur að hálsi hennar. Einnig hafi hann flengt hana nokkur högg á rassinn. Hann hafi síðan farið í annað herbergi og hafi hún þá reynt að komast niður en hann séð það og hindrað það og látið hana leggjast á bakið í rúmið og sagt að hún þyrfti ekki að hafa áhyggjur vegna þess að hann notaði

alltaf smokk. Hún hafi hins vegar ekki séð lim hans og ekki veitt því athygli hvort hann hafði sett á sig smokk. Ákærði hafi síðan lagst ofan á hana og haft við hana fullkomnar samfarir, sem hafi staðið stutt yfir eða í u.þ.b. 1 mín. Af hljóðum hans hafi hún skynjað að hann fengi fullnægingu. Eftir samfarirnar hafi hann farið fram á klósett, en bannað henni að fara og sagst ætla að leika sér meira. Hún hafi þá verið svo miður sín, að hún hafi ekki þorað að gera neitt. Hann hafi síðan látið hana leggjast á magann og farið með fingurna inn í endaþarm hennar sem hafi verið mjög sársaukafullt. Hafi hún kvartað um sársauka, en hann sagt að hann gæti þá fækkað einum fingri. Hafi henni fundist þetta standa yfir nokkra hríð. Hafi hann haft orð á því, að nú gæti hún fundið hvernig honum hafi liðið, þegar Y hafi sigað á hann lögreglunni og byggingafulltrúa, eins og hann orðaði það. Þegar Y losnaði kveðst hún hafa þrifið kápuna og nærföt og hraðað sér niður og lamið og barið á hurðina og hafi E sambýlismaður sinn opnað skömmu síðar. Klukkan hafi þá verið um 10:00. Kvaðst hún hafa sagt E hvað gerst hafði uppi á risinu, og hafi hann hringt á lögregluna.

Framburður ákærða um þetta atriði er nokkuð á annan veg. Hann kveðst hafa sest á móti Y í svefnherberginu og hneppt þremur tölum frá á pilsinu og fiktað við læri hennar í u.þ.b. hálfa klukkustund á meðan þau töluðu saman. Hún hafi spurt hann hvort hann vildi mála af sér mynd, en hann hafi svarað því til að hann vildi frekar gera það með henni. Hún hafi þá sagt að hún hafi aldrei gert það í vatnsrúmi. Ákærði kveðst hafa sagt henni að hátta, hann myndi „redda smokk". Þetta hafi hún síðan gert og farið í rúmið. Þau hafi kelað smástund, en síðan hafi þau haft samfarir í u.þ.b. 3 - 5 mín. og hafi honum orðið sáðfall. Þá hafi hann farið fram og hent smokknum í salernisskálina. Hann neitar því að hafa nauðgað henni og ekki hafi stúlkan sýnt nein hræðslumerki. Hann hafi ekki beitt hana ofbeldi eða hótað henni. Hann segist ekki hafa snert við Y eftir að hann henti smokknum og ekki bannað henni að yfirgefa íbúðina. Hún hafi byrjað að klæða sig, en hann hafi ekki fylgst vel með, en kvað hana þó hafa klætt sig í kjólinn. Þá sagðist hann hafa skipað henni að koma sér í burtu. Hafi hann heyrt hana lemja á dyrnar niðri, einhvern opna og síðan mikinn hávaða í E og Y. Fyrir dómi kvaðst hann hafa heyrt rifrildi og öskur í þeim báðum. Síðan hafi löng stund liðið þar til hann hafi verið handtekinn, u.þ.b. 4 - 5 klst. Hafi hann sofnað í millitíðinni. Taldi hann aðspurður að Y hafi dvalið í 2 - 2½ klst. hjá sér.

Lögregluþjónninn Skúli Björnsson sem kom á vettvang sagði að Y hefði setið í eldhúsinu þegar hann bar að og hafi sýnilega verið nokkuð ölvuð og illa á sig komin andlega. Fyrir dómi sagði sami lögregluþjónn að hún hefði grátið mikið og verið í miklu uppnámi. Lögregluþjónninn Jens Hilmarsson sem einnig kom á vettvang bar fyrir dómi að sambýlismaður

hennar hefði tekið á móti þeim og verið rólegur og yfirvegaður en Y hafi verið í eins konar móðursýkiskasti og hafi átt erfitt með að tjá sig.

Aðspurðir sögðu lögregluþjónar þeir sem handtóku ákærða að þeim hafi heyrst tónlist berast frá rishæðinni og að ákærði hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis eða lyfja við handtökuna. Ekki hafi verið gott að sjá hvort hann hafi verið að vakna en hann hafi verið í gallabuxum og bol. Hann hafi streist á móti handtöku en ekki spurt um ástæðu hennar.

E, sambýlismaður Y, kvaðst ekki hafa rumskað fyrr en Y hafi lamið á dyrnar en það hafi verið um kl. 10:00. Þegar hann opnaði hafi Y komið inn skólaus, berfætt, í pilsi og blússu en með frakkann undir hendinni og haldið á nærbuxunum og sokkabuxunum. Hún hafi verið mjög æst, jafnvel verið með vott af taugalosti og öskrað. Hún hafi farið beint fram í eldhús þar sem hún hafi hímt þar til lögreglan kom. Hafi hún ásakað E um að þetta væri allt honum að kenna. Þó hafi ekki komið til rifrildis á milli þeirra. E kvaðst hafa reynt að hugga hana en án árangurs. Hafi hann spurt hana hvort hann ætti að hringja á lögregluna og hún svarað að hún vissi það ekki, hann réði því. Þegar hann hringdi hafi kl. verið um 10:00. Fyrir dómi sagði hann að komið hefði fyrir áður að þau hafi ekki orðið samferða heim að loknum skemmtunum, en hann hafi aldrei gert athugasemdir við það enda treysti hann henni fullkomlega. Hann sagði að af þeim 5 ára kynnum við Y sé hann þess fullviss að eitthvað hafi komið fyrir hana umrædda nótt. Hann sagði að eftir atburðinn hafi Y verið mjög þögul þangað til hún hafi allt í einu tekið þá ákvörðun að flytja í burtu, en það hafi gerst 15. febrúar sl.

Þá var leitt fyrir dóminn vitnið F, sem vottaði að Y hafi verið gestkomandi hjá henni að ... umrædda nótt, hún hafi yfirgefið samkvæmið kl. 05:20. Vitnið D, sem var Y samferða heim frá ..., hefur borið fyrir dómi þennan tíma.

Í framhaldi af yfirheyrslum fóru lögreglumenn á vettvang í leit að hugsanlegum ummerkjum um notkun smokks við samfarir. Í salernisskál í íbúð ákærða fannst smokkurinn og virtist óskemmdur. Þá fannst eyrnalokkur Y í rúmi ákærða og skór hennar við stólinn þar sem hún hafði setið.

Eins og áður greinir var Y færð til læknisskoðunar. Í niðurstöðu læknisvottorðs segir að Y sé mjög miður sín og gráti lengst af á meðan skoðun fer fram. Ekki sé að sjá nein einkenni um ytri áverka, þá ekki heldur á rasskinnum eða í kringum fæðingarop eða endaþarminn en aftur á móti kveinkar hún sér við snertingu nálægt endaþarmsopi. Við skoðun á sýnum í smásjá fundust sæðisfrumur sem lítil hreyfing var á. Hefur Y gefið þá skýringu á þessum sæðisfrumum að þær stafi frá samförum hennar og sambýlismanns hennar nóttina fyrir nauðgunina.

Við rannsókn á blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndist magn alkóhóls vera 1.74‰.

Álit dómsins.

Engin merki voru um átök á vettvangi og ekki sjáanlegir áverkar á kæranda Y. Þá varð enginn var við atburðinn í húsinu. Hafa verður hins vegar í huga að aðilar höfðu gert árangurslausa tilraun til að vekja sambýlismann Y sem svaf á neðri hæð hússins. Má því leiða að því líkur að Y hafi ekki hætt á að sýna kröftuga mótspyrnu gegn ofsa og hótunum ákærða svo sem fram hefur komið í málinu. Kærandinn hefur staðfastlega haldið sig við framburð sinn sem teljast verður trúverðugur. Hún hefur unnið heit að framburði sínum.

Ákærði hefur staðfastlega borið að samfarir þeirra hafi verið með vilja stúlkunnar. Í framburði ákærða gætir þó víða ósamræmis. Hann hefur fullyrt að Y hafi komið til sín á tímabilinu 03:30 - 04:00 og dvalið hjá sér í 2 - 2½ klst. Síðan hafi liðið 4 - 5 klst. frá því að hann heyrði sambýlismann Y hleypa henni inn í íbúðina og þar til lögreglan kom og hann hafi sofnað á þessu tímabili. Framburður þessi fær ekki staðist gegn framburði Y sem studdur er framburði vitnanna E, F og D svo og lögreglumanna. Þá gætir annars ósamræmis í framburði ákærða í tilraunum hans til að gera framburð Y tortryggilegan.

Að öllu þessu virtu svo og með hliðsjón af lýsingu á ástandi stúlkunnar skv. læknisvottorði, skýrslu lögreglumanna og framburði vitnisins E verður að telja, að ákærði hafi gerst brotlegur svo sem í ákæruskjali greinir og telst hann þar með hafa brotið gegn 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940.

Y hefur ekki lagt fram bótakröfu á hendur ákærða í máli þessu.

Niðurstaða.

Við rannsókn á báðum greindum nauðgunarkærum var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald og jafnframt gert að gangast undir geðrannsókn.

Í niðurstöðu geðrannsóknar dr. med. Helga Kristbjarnarsonar geðlæknis kemur fram að ákærði er með merki um verulega persónuleikatruflun og töluverðar ofsóknarhugmyndir sem valdið hafa síendurteknum árekstrum hans við umhverfi sitt og samferðafólk eins og segir í rannsóknninni. Síðan segir í áliti geðlæknisins: „Hann hefur til að bera ofbeldishneigð sem er þó einkum áberandi við drykkju og framkoma hans við annað fólk er á stundum lítilsvirðandi og áreitandi og má e.t.v. finna orsakir þessa persónuleikaþáttar í barnæsku og uppeldi Valgeirs.

Niðurstaða mín er sú að um sé að ræða paranoid persónuleikatruflun, andsamfélagslega persónuleikatruflun, áfengisnotkun, kannabismisnotkun, auk þess breytilegt neurotískt þunglyndi. Ákærði er yfir meðalgreind og

ekki haldinn neinum öðrum alvarlegum geðsjúkdómum og telst því sakhæfur. Vegna ofsóknarhugmynda sinna og tilhneiginga til fráhvarfs er líklegt að refsing, sérstaklega innilokun, myndi vera mjög neikvæð fyrir geðheilsu hans og væntanlega koma að litlum fyrirbyggjandi notum. Ætla má að áfengismeðferð gæti komið honum að verulegu gagni svo og regluleg viðtöl við geðlækni eða sálfræðing."

Skv. sakavottorði útgefnu 22.6. 1987 hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir sjö mál: afgreidd með dómsátt, þar af fjögur út af brotum gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf.]

Refsingu ákærða ber að ákvarða með vísan til 77. gr. alm. hgl. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 13.4. til 18.4. 1986 og frá 22.12. til 31.12. 1986, samtals 14 dagar, skal koma til frádráttar refsivist, sbr. 77. gr. alm. hgl.

Sett hefur verið fram bótakrafa fyrir hönd X um að ákærða væri gert að greiða henni kr. 200.000,00 í skaða- og miskabætur auk 9% ársvaxta frá 12.4. 1986 til 2.5. 1986 en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Krafa þessi verður að teljast eðlileg eins og mál þetta er vaxið og ber að taka hana til greina að því breyttu að krafan skal bera 9% ársvexti frá 12.4. 1986 til 2.5. 1986, 15.5% ársvexti frá þeim degi til 11.10. s.á., 15.75% ársvexti frá þeim degi til 1.11. s.á., 16% ársvexti frá þeim degi til 11.11. s.á., 16.25% ársvexti frá þ.d. til 11.12. s.á., 17.75% ársvexti frá þ.d. til 1.1. 1987, 18.25% ársvexti frá þeim degi 27.3. s.á., en hæstu löglegu útlánsvexti frá þ.d. til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 40.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000,00.

Valtýr Sigurðsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kærði, Valgeir Vésteinn Jósafatsson sæti fangelsi í 2 ár. Gæsluvarðhald ákærða í 14 daga kemur refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði X kr. 200.000,00 auk 9% ársvaxta frá 12.4. 1986 til 2.5. 1986 en 15.5% ársvaxta frá þ.d. til 11.10. s.á., 15.75% ársvaxta frá þ.d. til 1.11. s.á., 16% ársvaxta frá þ.d. til 11.11. s.á., 16.25% ársvaxta frá þ.d. til 11.12. s.á., 17.75% ársvaxta frá þ.d. til 1.1. 1987, 18.25% ársvaxta frá þ.d. til 27.3 s.á., en með hæstu lögleyfðu útlánsvöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 40.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. október 1988.

Nr. 116/1987. **Gylfi Snædahl Guðmundsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Birni Guðmundssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Húsaleiga. Skaðabætur. Matsgerð. Kröfugerð. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1987. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda í héraði, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu kröfu. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að dráttarvextir verði frá 14. apríl 1987 ákveðnir samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi sátu sérfróðir meðdómendur. Dómurinn fór á vettvang. Hefur hann tekið sjálfstæða afstöðu til matsgerðar Indriða

Nielssonar. Hefur niðurstöðu héraðsdómsins um þann þátt málsins ekki verið hnekkt.

Svo sem að ofan greinir krefst stefndi hér fyrir dómi dráttarvaxta eftir 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þar sem bæði er, að hann getur ekki um þessa breytingu á vaxtakröfu í greinargerð sinni samkvæmt 44. gr. laga nr. 75/1973 dagsettri 11. apríl 1988 og áfrýjandi hefur mótmælt hækkun kröfunnar, verður hún ekki tekin til greina.

Með tilvísun til framangreindra athugasemda og forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gylfi Snædahl Guðmundsson, greiði stefnda, Birni Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti 175.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1987.

I.o.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 9. febrúar sl., hefur Björn Guðmundsson forstjóri, nnr. 1331-4772, Laugavegi 29, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 3. október 1985 og framhaldsstefnu birtri 23. nóvember 1985 gegn Gylfa Snædahl Guðmundssyni veitingamanni, nnr. 2642-5964, Reynilundi 6, Garðabæ.

Endanleg dómkrafa stefnanda er sú að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.215.544,00 ásamt 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 112.172,00 frá 1. ágúst til 1. september s.á., 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 224.344,00 frá þeim degi til 16. október 1985 og með 2,75% dráttarvöxtum af kr. 1.215.544,00 og frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1986 og með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara verulegrar lækkunar og jafnframt þess að stefnanda verði dæmt skylt að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómarinn reyndi sættir með málsaðiljum, en ekki bar sú viðleitni árangur.

2.o.

Forsaga máls þessa er sú að með leigusafnningi dagsettum 22. október 1982 seldi stefnandi Hreiðari Svavarssyni framkvæmdastjóra, Ásgarði 6, Reykjavík, á leigu 1. hæð (jarðhæð) hússins nr. 46 við Hverfisgötu í Reykjavík. Var þar um að ræða bæði nýbyggingu, er stendur við Hverfisgötu, og sambyggða eldri byggingu baka til, en samanlagt flatarmál hins leigða var skv. leigusamningnum 587 m². Eftir því sem fram kemur í leigusamningnum (1. gr.), hugðist leigutakinn Hreiðar reka verslanir, grill- og billiardsal í húsnæðinu.

Í 2. gr. leigusamningsins sagði að leigusali skili húsnæðinu tilbúnu undir tréverk og málningu, en nánari lýsingu á ástandi hins leigða var síðan að finna í 2. gr. samningsins. Í 3. gr. samningsins sagði að leigutaki framkvæmdi á sinn kostnað allar innréttingar í hið leigða húsnæði samkvæmt því sem atvinnureksturinn þarfnaðist, svo og viðhald innréttinga. Þá var og í 3. gr. fjallað um ýmsar heimildir til handa leigutaka vegna fyrirhugaðra nota hans af leiguhúsnæðinu. Samkvæmt 7. mgr. 2. gr. leigusamningsins var framleiga hins leigða leigutaka heimil. Þá sagði loks í 9. gr. samningsins að innréttingar þær sem leigutaki léti setja í hið leigða húsnæði og teldust hluti húsnæðisins sem naglfastar yrðu eign leigusala við lok leigutímans eða þegar leigutaki rýmdi húsnæðið.

Hreiðar Svavarsson hafði samkvæmt leigusamningnum látið teiknistofuna Arko gera teikningar að innréttingum í leiguhúsnæðinu vegna þeirra nota er hann hugðist þar hafa. Hóf Hreiðar stuttu eftir gerð leigusamningsins rekstur billiardstofu í hluta leiguhúsnæðisins undir nafninu „Billa-Grill", en með kaupsamningi dags. 28. febrúar 1983 seldi Hreiðar þessi stefnda Gylfa fyrirtækið „Billa-Grill". Nánar tiltekið var hið selda leigusamningurinn við Björn Guðmundsson frá 22. október 1982 og allar þær innréttingar sem voru í húsnæðinu og öll tæki sem voru á staðnum til veitingareksturs.

Í kaupsamningi þeim frá 28. febrúar 1983 sem áður greinir sagði að kaupandi (þ.e. stefndi) hefði kynnt sér efni húsaleigusamningsins við Björn Guðmundsson (stefnanda). Framsal leiguréttarins samkv. samningi stefnanda og Hreiðars Svavarssonar var ekki borið undir leigusala, en óumdeilt er með málsaðiljum að leigusali lét aðilaskiptin samkvæmt samningnum átölulaus og féllst á þau í raun.

Samkomulag á millum stefnanda og stefnda vegna framkvæmda samkvæmt leigusamningnum mun jafnan hafa verið stirt. Deildu þeir um flest og m.a. leigufjárhæðina. Þá taldi stefndi ýmsu ábótavant af hálfu stefnanda varðandi frágang á hinu leigða húsnæði og stefnandi taldi stefnda hafa sótt um breytta nýtingu leiguhúsnæðisins til yfirvalda án samráðs við sig. Samkvæmt því sem segir í framhaldsstefnu gekk á með bréfaskiptum og deilum frá miðju ári 1984 og fram á vor 1985. Þessum deilum lauk hins vegar með samkomulagi milli málsaðilja sem dagsett er 21. júní 1985. Eru í samkomulagi þessu útkljáð ýmis deiluefni aðilja og leigutíminn styttur. Þá segir og í 6. gr. samkomulagsins, að með samningnum séu leystar allar deilur er upp hafi komið milli aðilja vegna framkvæmda samkvæmt greindum húsaleigusamningi og eigi hvorugur kröfur á hinn vegna þeirra deilna. Í 5. gr. samningsins var það tekið fram að til viðbótar ákvæðum umræddS samkomulags gilti að öðru leyti húsaleigusamningur stefnanda við Hreiðar Svavarsson.

Eftir því sem fram kemur í stefnu greiddi stefndi húsaleigu fyrir júnímánuð 1985 um leið og gengið var frá áðurgreindu samkomulagi. Húsaleiga fyrir ágúst og september þ.á. mun hins vegar ekki hafa verið greidd og með bréfi dagsettu 21. ágúst 1985 rifti stefnandi leigusamningnum. Mun stefndi hafa skilað húsnæðinu í september 1985. Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu húsaleigu fyrir mánuðina ágúst og september 1985 og til greiðslu skaðabóta vegna skemmda er stefnandi telur að stefndi hafi unnið á leiguhúsnæðinu og innréttingum þess er hann skilaði því.

3.o.

Af hálfu stefnanda er á því byggt í frumsök að er stefndi rýmdi leiguhúsnæðið í september 1985 vegna undanfarandi riftunar stefnanda hafi stefndi skuldað húsaleigu fyrir mánuðina ágúst og september. Samkvæmt leigusamningnum hafi hið leigða verið 587 m² og skyldi miðast við grunnvísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir atvinnuhúsnæði eins og hún var 1. október 1982, þ.e. 4318 stig. Sjötíu krónur skyldu greiðast fyrir hvern fermetra á mánuði eða kr. 41.090,00 fyrir húsnæðið allt. Uppreiknuð húsaleiga miðað við vísitölu sé nú kr. 112.172,00 á mánuði fyrir húsnæðið allt og sé því vangoldin leiga fyrir báða mánuðina kr. 224.344,00. Sú krafa beri dráttarvexti samkvæmt skýlausum ákvæðum laga um húsaleigusamninga nr. 44/1979.

Stefnandi heldur því fram að andmæli stefnda gegn greiðslu húsaleigunnar eigi ekki við rök að styðjast. Áður en samkomulagið frá 21. júní 1985 var gert hafi stefndi haldið því fram við stefnanda að hann greiddi of háa húsaleigu, þar sem húsnæðið væri ekki eins stórt og tilgreint væri í leigusamningnum. Þessu hafi stefnandi ávallt andmælt. Stefndi hafi átt þess kost að koma fram með athugasemdir um þetta atriði þegar samkomulagið

var gert 21. júní 1985. Það hafi hann hins vegar ekki gert, en þess í stað lýst því yfir í samkomulaginu að með samningnum væri leystur allur ágreiningur sem upp hefði komið á milli stefnanda og stefnda vegna framkvæmda samkvæmt leigusamningnum. Þar með hafi stefndi fallið frá því að halda uppi andmælum gegn húsaleigunni á þessum grundvelli.

Þá er því og andmælt af hálfu stefnanda að hann hafi átt nokkurn þátt í því að koma í veg fyrir að stefndi fengi vínveitingaleyfi vegna starfsemi sinnar í leiguhúsnæðinu. Samkomulagið frá 21. júní 1985 afsanni þetta, því þar hafi stefnandi lýst því skýrlega yfir að hann samþykkti að leiguhúsnæðið yrði nýtt undir rekstur vínveitingastaðar. Það sé því með öllu ósannað að stefnandi hafi brugðið fæti fyrir stefnda í þessum efnum. Því sé út í hött að halda því fram að forsendur fyrir samkomulaginu frá 21. júní hafi brostið og það leiði til þess að stefndi verði sýknaður af húsaleigukröfunni.

Kröfur stefnanda í framhaldssök eru á því reistar að samkv. 9. gr. leigusamningsins frá 22. október 1982 hafi naglfastar innréttingar sem leigutaki lét setja í húsnæðið átt að verða eign leigusala við lok leigutímans eða þegar leigutaki rýmdi húsnæðið. Þessu samningsatriði hafi ekki verið breytt þegar viðbótarsamningurinn var gerður 21. júní 1985. Stefndi hafi ekki einungis numið í burtu þær innréttingar sem samkvæmt þessu áttu að verða eign leigusala við lok leigutímans, heldur hafi hann og unnið stórkostlegar skemmdir á húsnæðinu þegar hann reif innréttingarnar í burtu.

Í samræmi við ákvæði húsaleigusamningalaga hafi stefnandi fengið úttektarmann leiguhúsnæðis í Reykjavík, Indriða Níelsson húsasmíðameistara, til þess að meta tjón stefnanda af þessum sökum. Í matsgjörð Indriða segi:

„Reykjavík 16. október 1985.

MATSGJÖRÐ.

Að beiðni Björns Guðmundssonar framkvæmdastjóra eiganda hússins Hverfisgötu 46 Reykjavík boðaði ég undirritaður skipaður úttektarmaður leiguhúsnæðis í Reykjavík eftirtalda aðila til skoðunar á jarðhæð hússins Hverfisgötu 46 Reykjavík, skoðun var boðuð kl. 13.30 21.9. 1985 mættir voru eigandi húsnæðisins Björn Guðmundsson og Páll Arnór Pálsson lögmaður Björns, leigjandi húsnæðisins Gylfi Snædahl Guðmundsson veitingam. og Halldór Blöndal lögmaður Gylfa.

Húsnæðið var skoðað og gáfu aðilar lýsingu á því en voru ekki á eitt sáttir.

Fyrri samning um húsnæðið gerði Björn við Hreiðar Svavarsson framkvæmdastjóra með þeirri kvöð að allt sem gert er í húsnæðinu naglfast verði eign húseiganda er leigjandi rými húsnæðið en Gylfi gekk inn í þann

samning Hreiðars. Á þetta við um neðri sal og búðarherbergi, en efri sal skal Gylfi skila í sama ástandi er hann tók við honum að neyðarútgangi undanskildum er Björn hafði samþykkt sérstaklega. Miklar vanefndir eru á þessum samningum, búið er að rífa allar hurðir 10 að tölu í afgreiðslu og eldhúsi, rífa veggi við afgreiðsluborð ásamt afgreiðsluborði, 4 stálvaska, 2 salerni, 3 handlaugar. Loftræsting hefur einnig verið rifin niður og loft hafa verið skemmd. Í lofti á neðri sal hafa verið rifnir 7 kassar, 13 eru eftir, allir kantar sem voru neðan á kössunum úr lökkuðum viði hafa verið teknir. Barborð með tilheyrandi hillum, speglum og skápum hefur verið tekið, lampar og öll lýsing hefur verið rifin niður. 3 rafmagnstöfluskápar hafa verið rúnir sínum búnaði. Þar sem barborð var hafa verið teknir 2 miðstöðvarofnar, einnig hafa verið teknir 2 ofnar úr búðarherbergi á sama gólfi og 2 handlaugar.

Mikil spjöll hafa verið unnin á millipalli, 2 hurðir brotnar, 4 hurðir teknar úr körmum og þeir skemmdir, hreinlætistæki hafa verið fjarlægð með öllum búnaði, 4 salernisskálar, 6 handlaugar 3 þvagskálar 5 speglar 8 ljósastæði. Gólfteppi er á öllum salnum. Samkvæmt samningi milli aðila skal skila efri sal eins og hann var við upphaf leigu. Rífa skal öll skilrúm nema skilrúm utan um miðstöðvarklefa, hann skal standa og vera læst hurð fyrir honum. Einnig skal fjarlægja þiljur og lista af veggjum og allir miðstöðvarofnar í salnum nr. 17-33 settir upp samkvæmt teikningu Rafns Jenssonar.

Kostnaðarmat á neðri sal.

Efni og vinna við 3 rafmagnstöflur	kr.	66.000,00
10 hurðir	kr.	105.000,00
viðgerð á loftum og veggjum	kr.	14.300,00
loftrás	kr.	16.500,00
afgreiðsluborð	kr.	45.220,00
4 stálvaskar	kr.	25.600,00
2 salerni	kr.	19.794,00
2 handlaugar	kr.	13.400,00
1 sturtubotn	kr.	10.500,00
smíði á 7 kössum í lofti	kr.	22.000,00
kantar neðan á kassa í lofti	kr.	64.400,00
ljós í salerni og vinnuherbergi	kr.	20.700,00
barborð	kr.	165.500,00
2 stálvaskar í barborð	kr.	12.000,00
hreinsun og flutningur á rusli	kr.	18.000,00
samtals	kr.	618.914,00

Kostnaðarmat á efri sal.

Vinna við að rífa skilrúm og þiljur og lista og hreinsa salinn	kr.	25.000,00
hurð fyrir miðstöðvarklefa	kr.	7.000,00
Vinna og efni við miðstöð sjá teikningu Rafns Jenssonar dags. í des. 1982		
Efri salur ofnar nr. 17-33		
Neðri salur ofnar nr. 2-3		
Búðarherbergi ofnar nr. 10-11	kr.	135.578,94
samtals	kr.	167.578,49

Kostnaðarmat á salernum á millihæð.

6 hurðir	kr.	42.000,00
4 salerni	kr.	39.508,00
4 handlaugar	kr.	26.800,00
2 handlaugar	kr.	14.800,00
4 speglar	kr.	3.200,00
1 spegill	kr.	4.200,00
snagar og rúlluhaldarar	kr.	1.800,00
3 þvagskálar	kr.	27.000,00
8 lampar	kr.	6.400,00
viðgerð á borði og þiljum	kr.	8.000,00
hreinsun	kr.	7.000,00
samtals	kr.	180.708,00

Samanlagt mat er því kr. 967.200,49

Indriði Níelsson"

Samkvæmt matsgjörðinni sé ljóst að stefndi hafi engan veginn skilað húsnæðinu í því ástandi sem leigusamningurinn sagði til um. Í matinu komi fram hvern kostnað það muni hafa í för með sér fyrir stefnanda að lagfæra húsnæðið og koma því í samningshæft ástand. Kostnaður vegna neðri salarins sé að mati matsmannsins kr. 618.914,00; vegna efri salarins kr. 167.578,49 og vegna salerna á millihæð kr. 180.708,00 eða samtals kr. 967.200,49. Matskostnaður hafi numið kr. 24.000,00. Ljóst sé samkvæmt 28. gr. laga um húsaleigusamninga nr. 44/1979 að stefnda beri að greiða stefnanda bætur jafnháar kostnaði við lagfæringar.

Ljóst sé að stefnda hafi verið óheimilt að nema á brott naglfastar innréttingar leiguhúsnæðisins, hverju nafni sem nefndust og hvort sem þær snertu veitingareksturinn sérstaklega eða ekki. Í leigusamningnum hafi skýrlega

verið tekið fram að allar innréttingar yrðu eign leigusala og engin undantekning gerð frá því. Ef stefndi hafi viljað undanþiggja ákvæðnar innréttingar í þessu ákvæði samningsins hafi honum verið í lófa lagið að gera slíkt, t.d. þegar viðbótarleigusamningurinn var gerður 21. júní 1985. Það hafi hann hins vegar ekki gert. Því hafi allt það sem stefndi setti upp sem naglfastar innréttingar orðið eign stefnanda. Eigi þetta við um allar innréttingar, t.d. barborðið, rafmagnstöflur, ljósabúnað, hreinlætistæki, vaska o.s.frv. Sönnunarbyrðin um að ákveðnar innréttingar falli ekki undir ákvæði 9. gr. leigusamningsins hvíli á stefnda og honum hafi ekki tekist sú sönnun.

Andmæli stefnda við matsgjörð Indriða Níelssonar sé ekki á rökum reist. Samkv. 35. gr. húsaleigusamningalaganna hafi stefndi átt þess kost að æskja yfirmats dómkvaddra matsmanna ef hann vildi ekki una mati úttektarmannsins. Stefndi hafi ekki nýtt sér þann rétt og þar af leiði að leggja beri matsgjörðina til grundvallar. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnanda að framkvæmd matsins hafi í engu verið áfátt. Matsmaðurinn hafi eins og lög geri ráð fyrir gefið báðum aðiljum kost á að vera viðstaddir matið og hafi aðiljarnir verið viðstaddir ásamt lögmönnum sínum. Báðir hafi því átt kost á að koma að athugasemdum. Þá sé efni matsgjörðarinnar og niðurstöðum í engu áfátt.

4.o.

Stefndi reisir sýknukröfu sína aðallega á því að stefndi sé ekki réttur aðili að þessu máli. Því beri að sýkna hann með vísan til ákvæða 45. gr. laga nr. 85/1936. Fyrirtækið Gagn og gaman hf. hafi verið aðili að leigusamningnum en ekki stefndi persónulega. Stefndi hafi keypt leigusamninginn af Hreiðari Svavarssyni og síðan framselt hann Gagni og gamni hf. Um þetta hafi stefnanda verið fullkunnugt. Nægi í því sambandi að vitna til ýmissa skjala málsins þessu til stuðnings. Öll bréfaskipti milli leigusala og leigutaka hafi verið á milli Björns Guðmundssonar og Gagns og gamans hf. Kvittanir fyrir greiðslu húsaleigu hafi stefnandi stílað á Hreiðar Svavarsson og Gagn og gaman hf., en ekki stefnda. Stefnandi hafi samkvæmt þessu ávallt litið á Gagn og gaman hf. sem viðsemjanda sinn og því beri honum að beina kröfum sínum að því fyrirtæki ef hann telji sig eiga einhverjar kröfur vegna vanefnda á leigusamningnum.

Ef ekki verði fallist á kröfur stefnda um sýknu vegna aðildarskorts sé byggt á því sem sýknuástæðu í frumsök að fyrir tilverknað stefnanda hafi stefnda verið synjað um vínveitingaleyfi. Þar með hafi brostið allur grundvöllur undir veitingarekstri stefnda í hinu leigða húsnæði. Þar með hafi jafnframt brostið allar forsendur fyrir samkomulagi því er stefndi gerði við stefnanda 21. júní 1985. Það stríði gegn almennum heiðarleika í viðskiptum

að krefja stefnda fyrir vangoldna húsaleigu fyrir umrætt tímabil, þar sem í ljós sé komið að stefnandi hafi með aðgerðum sínum komið í veg fyrir að stefndi fengi vínveitingaleyfi. Þá sé og ljóst að samningurinn 21. júní 1985 hafi verið gerður við mjög óeðlilegar kringumstæður. Stefndi hafi staðið höllum fæti fjárhagslega eftir að hafa lagt í umtalsverðan kostnað við að koma leiguhúsnæðinu í viðunandi ástand. Að fá synjun um vínveitingaleyfi í kjölfarið hafi verið rothögg á starfsemi stefnda. Þá hafi stefnandi frá upphafi valdið stefnda ýmiss konar erfiðleikum og truflunum í veitingarekstrinum. Að öllu því virtu beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í frumsök, þ.e. fyrir vangoldna húsaleigu.

Stefndi krefst einnig sýknu af kröfum stefnanda í framhaldssök. Er því í fyrsta lagi alfarið mótmælt að leigutaki hafi skilað húsnæðinu á nokkurn þann hátt að brjóti í bága við leigusamning aðilja. Allar innréttingar sem stefndi hafi tekið með sér hafi honum verið heimilt að fjarlægja. Þá mótmælir stefndi og matsgjörð Indriða Níelssonar í heild, þar sem hún sé haldin ýmsum veigamiklum annmörkum. Af matsgjörðinni sé ljóst að matsmaðurinn leggi til grundvallar niðurstöðu sinni ýmsar fullyrðingar stefnanda um réttarstöðu aðilja samkvæmt samningnum í stað þess að leggja hlutlaust mat á kostnaðarþætti eins og honum hafi borið að gera. Sé matsgerðinni því mótmælt sem rangri og að engu hafandi af þessum ástæðum.

Niðurstöðum í matsgerð Indriða Níelssonar að því er varðar einstaka liði sé mótmælt. Rangt sé að þrjár rafmagnstöflur hafi verið fjarlægðar í neðri sal. Hins vegar hafi leigutaki fjarlægt raflagnir sem sérstaklega snertu veitingarekstur hans, enda hafi þær ekki orðið hluti innréttinga. Rangt sé að stefndi hafi tekið burtu 10 hurðir og hafi ekki verið sýnt fram á hvar í húsnæðinu þær voru. Loftrás sú, sem upp hafi verið sett hafi verið til bráðabirgða, enda hafi leyfi byggingaryfirvalda ekki fengist fyrir henni. Loftræstingin hafi því ekki tilheyrt naglfastri innréttingu. Afgreiðsluborð og barborð og hlutir tengdir þeim hafi ekki verið naglföst í venjulegum skilningi og því ekki orðið hluti innréttingar. Barborðið sé sérstaks eðlis og ætlað til það sérhæfðra nota að fráleitt sé að telja það hluta naglfastrar innréttingar. Salerni og önnur hreinlætistæki hafi leigutaki sett upp og greitt. Því hafi stefnda verið heimilt að fjarlægja þau. Þá hafi ljós í salerni og vinnuherbergi ekki orðið hluti fastrar innréttingar. Kassar í loftum hafi verið hengdir upp í loftin en ekki naglfastir og því hafi stefnda verið heimilt að fjarlægja þá.

Rangt sé að kantar neðan á kössunum hafi verið úr lökkuðum við. Þarna hafi verið um kantlímdar trétexplötur að ræða. Þá er því andmælt að kostnaður við hreinsun og flutning á rusli hafi getað numið kr. 18.000,00.

Að því er varðar kostnaðarmat í efri sal er því mótmælt að vinna og efni við að koma ofnum fyrir sé eins og úttekt segi, enda séu allir ofnarnir

til. Þá hafi leigutaki sjálfur kostað til efnis í rör milli ofna en ekki fengið það greitt af stefnanda. Því eigi stefnandi ekki kröfu á hendur stefnda vegna röranna.

Stefndi vísar kröfum stefnanda vegna ástands á salernum á millihæð á bug, þar sem það ástand sé að rekja til stefnanda sjálfs en ekki stefnda. Stefnandi hafi ekki lagt til í salerni þetta þau hreinlætistæki sem honum var skylt samkv. 2. gr. leigusamningsins og hafi stefndi orðið að kosta þær framkvæmdir sjálfur. Honum hafi því verið heimilt að taka burtu þau hreinlætistæki sem hann setti upp.

5.o. Forsendur og niðurstaða.

Með kaupsamningi dagsettum 28. febrúar 1983 keypti stefndi fyrirtækið „Billa-Grill" af Hreiðari Svavarssyni, en það fyrirtæki rak Hreiðar í leiguhúsnæði því sem um ræðir í máli þessu. Með í kaupunum á fyrirtækinu fylgdi leigusamningur Hreiðars við stefnanda. Segir í a-lið 1. gr. kaupsamningsins frá 28. febrúar 1983, að kaupandinn taki á sig réttindi og skyldur samkvæmt „... samningnum við Björn og Helgu Nínu ...", en óumdeilt er að þar mun vera um að ræða leigusamning Hreiðars Svavarssonar og stefnanda. Svo sem áður greinir gerðu þeir stefnandi og stefndi Gylfi persónulega og í eigin nafni viðbótarleigusamning dagsettan 21. júní 1985, þar sem gerðar voru nokkrar breytingar á leigusamningnum frá 22. október 1982. Samkvæmt því sem hér var rakið verður eigi talið að fyrirtækið Gagn og gaman hf. hafi, svo sem stefndi heldur fram, yfirtekið réttindi og skyldur leigutaka gagnvart Birni Guðmundssyni vegna leigusamningsins frá 22. október 1982, heldur stefndi persónulega. Varnir stefnda byggðar á sýknu vegna aðildarskorts eiga því ekki við rök að styðjast.

Með viðbótarleigusamningnum frá 21. júní 1985 gerðu málsaðiljar nokkrar breytingar á upphaflegum leigusamningi svo sem áður er lýst. Í 6. gr. hins nýja samnings sagði að með honum væru leystar allar deilur er upp hefðu komið milli aðilja vegna framkvæmda leigusamningsins og ætti hvorugur kröfur á hendur hinum vegna þeirra deilna. Fyrir gerð þessa viðbótarsamnings hafði stefndi haft uppi þau andmæli gegn fjárhæð húsaleigunnar að leiguhúsnæðið væri ekki eins stórt og sagði í leigusamningum. Með hliðsjón af efni og orðalagi áðurgreindrar 6. gr. í viðbótarsamningnum og að því gættu að stefndi greiddi jafnhliða gerð hans athugasemdalaust húsaleigu fyrir júlímánuð 1985 þykir hann ekki nú geta haft uppi andmæli gegn fjárhæð húsaleigunnar á þessum grundvelli.

Stefndi greiddi ekki húsaleigu fyrir ágústmánuð 1985 og varð það tilefni þess að stefnandi rifti leigumálanum. Fram er komið að stefndi rýmdi leiguhúsnæðið ekki fyrr en í september 1985. Útreikningi fjárhæðar leigukröfunnar sem slíkum hefur ekki verið andmælt. Samkvæmt þessu og þar sem

stefndi hefur eigi vefengt heimild stefnanda til riftunar leigumálans vegna greiðsluvanskila stefnda ber að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu húsaleigu fyrir ágúst og september 1985 með vöxtum eins og í dómsorði greinir, enda hafa sönnur eigi verið að því leiddar að aðrar mótbárur stefnda gegn greiðslu húsaleigunnar eigi við rök að styðjast.

Samkvæmt 9. gr. leigumálans frá 22. október 1982 skyldu innréttingar þær er leigutaki léti setja í hið leigða húsnæði verða eign leigusala við lok leigutímans eða þegar leigutaki rýmdi leiguhúsnæðið. Engin breyting var gerð á þessu samningsatriði með viðbótarsamningnum frá 21. júní 1985. Varnir stefnda gegn kröfum stefnanda í framhaldssök lúta eigi að því að framangreint ákvæði 9. gr. leigusamningsins sé andstætt ákvæðum 2. sbr. 30. gr. laga nr. 44/1979.

Áður er rakin matsgerð Indriða Níelssonar úttektarmanns leiguhúsnæðis í Reykjavík og lýsing hans á ástandi leiguhúsnæðisins við lok leigumálans. Eru í matsgerðinni taldar upp þær innréttingar sem stefnandi byggir á að hafi orðið hluti leiguhúsnæðisins sem naglfastar. Þar kemur og fram mat úttektarmannsins á verðmæti innréttinganna.

Andmæli stefnda gegn kröfugerð stefnanda í framhaldssök eru m.a. á því byggðar að innréttingar þær sem um ræðir hafi ekki orðið naglfastar og þar af leiðandi hafi stefnda verið heimilt að nema þær á brott við lok leigumálans. Þá er einnig á því byggt að þar sem stefndi hafi kostað til innréttinganna hafi honum verið heimilt að nema þær á brott.

Á það þykir mega fallast með stefnanda að innréttingar þær sem upp eru taldar í matsgerð Indriða Níelssonar hafi svo sem gerð þeirra og frágangi var háttað orðið hluti leiguhúsnæðisins sem naglfastar innréttingar. Samkvæmt því var stefnda með vísan til 9. gr. leigumálans óheimilt að nema þær brott er leigusali rifti leigumálanum vegna greiðsluvanskila stefnda. Þykir stefnandi því eiga rétt til bóta úr hendi stefnda vegna brottnáms innréttinganna og vegna þeirra spjalla er hann vann á leiguhúsnæðinu við skil þess.

Í matsgerð Indriða Níelssonar er að finna lýsingu á spjöllum þeim er unnin voru á leiguhúsnæðinu í umrætt sinn. Þá hafa verið lagðar fram ljósmyndir teknar af úttektarmanninum og dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér þar ummerki eftir því sem kostur var.

Stefndi óskaði ekki yfirmats dómkvaddra matsmanna svo sem honum var kostur samkvæmt ákvæðum 35. gr. laga nr. 44/1979 ef hann vildi ekki una niðurstöðu í mati úttektarmannsins. Eigi verður séð að framkvæmd matsins eða efni matsgerðarinnar sé haldið þeim annmörkum að hana megi ekki leggja til grundvallar við ákvörðun bóta til handa stefnanda. Að mati hinna sérfróðu meðdómsmanna þykir mat úttektarmannsins á kostnaði við að koma ofnunum fyrir þó ofmetið um kr. 83.579,00. Þá þykir verðmæti

á köntum neðan á kössum í lofti hæfilega metið kr. 30.000,00. Kröfur stefnanda, sem byggðar eru á matsgerðinni, lækka því um kr. 113.579,00. Samkvæmt því og með hliðsjón af matsgerð Indriða Nielssonar, sem ekki hefur verið hnekkt að öðru leyti, ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 877.621,00 í bætur vegna þeirra innréttinga er stefndi nam á brott úr leiguhúsnæðinu og vegna þeirra skemmda sem í matsgerðinni er lýst.

Samkvæmt niðurstöðu málsins í heild ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 1.101.965,00 ásamt dráttarvöxtum eins og þeir eru tilteknir í dómsorði, enda hefur dráttarvaxtakröfu stefnanda ekki verið andmælt.

Þá ber og að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 170.000,00.

Þorgeir Örlygsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum, þeim Birni Björnssyni húsasmíðameistara og Halli Kristvinssyni innanhúsarkitekt.

Dómsorð:

Stefndi, Gylfi Snædahl Guðmundsson, greiði stefnanda, Birni Guðmundssyni, kr. 1.101.965,00 ásamt 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 112.172,00 frá 1. ágúst 1985 til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 224.344,00 frá 1. september 1985 til 16. október 1985 og með 2,75% dráttarvöxtum af kr. 1.101.965,00 frá 16. október 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986 og með 2,25% dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. apríl 1986 til greiðsludags og kr. 170.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. október 1988.

Nr. 159/1985. **Steingrímur Steingrímsson**
Haraldur Steingrímsson og
Gilbert Sigurðsson
vegna þrotabús Pólarhúss hf.
samkvæmt 114. gr. laga nr. 6/1978
(Þórólfur Kr. Beck hrl.)
gegn
Ragnari Tómassyni
Þorsteini Steingrímssyni og
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Pólarhús hf. skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1985. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 20. maí 1986. Á skiptafundi í þrotabúinu 20. október s.á. var ákveðið að búið héldi rekstri málsins ekki áfram. Steingrímur Steingrímsson, Haraldur Steingrímsson og Gilbert Sigurðsson, sem allir höfðu lýst kröfum í búið, óskuðu að málinu yrði haldið áfram og gengu inn í málið samkvæmt heimild 114. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Dómkröfur þeirra eru þessar: „Aðalkrafa: Að kaupsamningur milli Pólarhúss h.f. og stefndu um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg í Reykjavík dagsettur 15. nóvember 1982 verði dæmdur ógildur svo og afsal seljanda til stefndu fyrir sömu eign dagsett sama dag. Ennfremur að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur seljanda að innréttingum í kjallara, sem settar hafa verið upp á vegum stefndu eftir að mál þetta var höfðað.

Fyrsta varakrafa: Að staðfest verði með dómi riftun Pólarhúss h.f. sem fram fór 17. maí 1984 á kaupsamningi um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg dagsettum 15. nóvember 1982.

Jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu er borin fram sú dómkrafa að stefndu verði óskipt (solidariskt) gert skylt að aflétta af húseigninni nr. 11 við Vatnsstíg skuld að fjárhæð kr. 1.000.000,- við Sparisjóð Reykjavíkur samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu 1. desember 1982 af Innréttingaval h.f., Sundaborg 14, Reykjavík, áhvílandi á 10. veðrétti í fasteigninni og ennfremur skuld við Sparisjóð Reykjavíkur kr. 550.000,- samkvæmt skuldabréfi útgefnu 17. nóvember 1982 af Ragnari Tómassyni og Þorsteini Steingrímssyni áhvílandi á 9. veðrétti í fasteigninni svo og öðrum skuldum er stefndu kunna að hafa veðsett fasteignina nr. 11 við Vatnsstíg fyrir að viðlögðum 4.000,- kr. dagsektum fyrir hvern sólarhring sem líður frá lögbirtingu dóms og þar til veðskuldum hefir verið aflétt af fasteigninni við Vatnsstíg.

Ennfremur er sú dómkrafa borin fram jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu, að dæmdur verði ógildur viðaukasamningur málsaðila, vegna húseignarinnar nr. 11 við Vatnsstíg, dagsettur 15. nóvember 1982 og staðfest með dómi riftun Pólarhúss h.f., á samningi þessum.

Önnur varakrafa: Að stefndu verði óskipt (solidariskt) dæmdir til að greiða áfrýjendum kr. 3.218.863,- með 36% ársvöxtum af kr. 698.863,- frá 15. nóvember 1983 til 20. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1984, en 19% ársvöxtum af kr. 3.218.863,- frá 1. mars 1984 til 1. febrúar 1985, en síðan er krafist 3,75% dráttarvaxta á mánuði af kr. 3.218.863,- frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.218.863,- frá 1. mars 1985 til 1. júní 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1985 til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 6. maí 1987, en með 30% ársdráttarvöxtum frá 6. maí 1987 til 1. júní 1987, en með 33,6% ársdráttarvöxtum frá 1. júní 1987 til 1. júlí 1987, en með 36% ársdráttarvöxtum frá 1. júlí 1987 til 1. ágúst 1987, en með 40,8% ársdráttarvöxtum frá 1. ágúst 1987 til 1. september

1987, en með 42% ársdráttarvöxtum frá 1. september 1987 til 1. október 1987, en með 43,2% ársdráttarvöxtum frá 1. október 1987 til 1. nóvember 1987, en með 45,6% ársdráttarvöxtum frá 1. nóvember 1987 til 1. desember 1987, en með 49,2% ársdráttarvöxtum frá 1. desember 1987 til 1. janúar 1988, en með 51,6% ársdráttarvöxtum frá 1. janúar 1988 til 1. mars 1988, en með 45,6% ársdráttarvöxtum frá 1. mars 1988 til 1. maí 1988, en með 44,4% ársdráttarvöxtum frá 1. maí 1988 til 1. júlí 1988, en með 52,8% ársdráttarvöxtum frá 1. júlí 1988 til 1. ágúst 1988, en með 56,4% ársdráttarvöxtum frá 1. ágúst 1988 til 1. september 1988, en með 49,2% ársdráttarvöxtum, þ.e. hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á hverjum tíma, frá 1. september 1988 til greiðsludags.

Jafnframt er þess krafist að kveðið verði á um það í dómsorði að tildæmdir áfallnir vextir fyrir tímabilið fyrir 1. febrúar 1985 skuli þann dag bætast við höfuðstól og dráttarvextir reiknast af höfuðstól þannig upphækkuðum, og síðan þannig af höfuðstól að viðbættum áfallandi dráttarvöxtum á tólf mánaða fresti, talið frá 1. febrúar 1985.

Þrautavarakrafa: Að stefndu verði (solidariskt) dæmdir til að greiða áfrýjendum kr. 3.227.519,- eða lægri fjárhæð að mati dómsins með 36% ársvöxtum af kr. 1.435.019,- frá 15. nóvember 1983 til 20. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1984, en 19% ársvöxtum af kr. 3.227.519,- frá 1. mars 1984 til 1. febrúar 1985, en síðan er krafist 3,75% dráttarvaxta á mánuði af kr. 3.227.519,- frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.227.519,- frá 1. mars 1985 til 1. júní 1985, en frá þeim tíma með sömu dráttarvöxtum og af annarri varakröfu, sem áður eru raktir, fyrir tímabilið til greiðsludags.

Jafnframt er þess krafist að kveðið verði á um það í dómsorði að tildæmdir áfallnir vextir fyrir tímabilið fyrir 1. febrúar 1985 skuli þann dag bætast við höfuðstól og dráttarvextir reiknast af höfuðstól þannig upphækkuðum, og síðan þannig af höfuðstól að viðbættum áfallandi dráttarvöxtum á tólf mánaða fresti, talið frá 1. febrúar 1985.

Ef dómurinn leiðréttir kaupverð eignarinnar á staðgreiðslugrund-

velli, er krafist vaxta með sama hætti og greinir í héraðsdómi af slíkri leiðréttingu frá 15. febrúar 1983 til 1. febrúar 1985, en frá 1. febrúar 1985 er krafist 3,75% dráttarvaxta á mánuði til 1. mars 1985 og síðan eru gerðar sömu dráttarvaxtakröfur og af annarri varakröfu, sem fyrr eru raktar.

Krafist er frávísunar frá Hæstarétti á aðalkröfu stefndu samkvæmt greinargerð þeirra til Hæstaréttar Íslands, svo og á skuldajafnaðarkröfur þeirra."

Áfrýjendur krefjast málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu Ragnars og Þorsteins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnvart stefnda Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði sýknaðir af málskostnaði sem dæmdur var í héraði en málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndu Ragnar Tómasson og Þorsteinn Steingrímsson krefjast þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara krefjast þeir sýknu af öllum kröfum áfrýjenda. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda.

Stefndi Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi var málatilbúnaði áfrýjenda mjög ábótavant í héraði, dómkröfur þeirra tóku miklum breytingum, uppbygging þeirra var ruglingskennd og málsástæður ekki hnitmiðaðar. Fallast má á, að þetta hafi orsakað framlagningu ónauðsynlegra skjala og allt of umfangsmiklar yfirheyrslur. Er þessi málatilbúnaður áfrýjenda, sem réttilega er átalinn í héraðsdómi, brýnt brot á grundvallarreglum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Framsetning dómkrafna og málflutningur áfrýjenda fyrir Hæstarétti hefur ekki leitt til þess að unnt sé að leggja efnisdóm á málið. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma Steingrím Steingrímsson, Harald Steingrímsson og Gilbert Sigurðsson vegna þrotabús Pólarhúss hf. óskipt til greiðslu málskostnaðar eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Steingrímur Steingrímsson, Haraldur Steingrímsson og Gilbert Sigurðsson vegna þrotabús Pólarhúss hf., greiði stefndu Ragnari Tómassyni og Þorsteini Steingrímssyni óskipt samtals 75.000,00 krónur í málskostnað og stefnda Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis samtals 15.000,00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. mars 1985, hefur Pólarhús hf., nnr. 7123-2972, Súðarvogi 7, Reykjavík, höfðað með stefnu birtri 15. júní 1983 og framhaldsstefnu birtri 5. desember 1984 á hendur Ragnari Tómassyni hdl., nnr 7185-5902, Dofra v/Vesturlandsveg, og Þorsteini Steingrímssyni, löggiltum fasteignasala, nnr. 9758-1327, Víðimel 27, Reykjavík. Jafnframt var það með stefnu, birtri 16. júní 1983, höfðað gegn Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, nnr. 8328-6328, Skólavörðustíg 11, Reykjavík. Þeirri málsókn var þó breytt í réttargæslu í þinghaldi 6. janúar 1984.

Endanlegar dómkröfur stefnanda gagnvart Ragnari og Þorsteini koma fram á dómskj. nr. 82 og 83 og eru þessar:

Aðalkrafa:

Að kaupsamningur milli málsaðila um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg í Reykjavík, dagsettur 15. nóvember 1982, verði dæmdur ógildur svo og afsal stefnanda til stefndu fyrir sömu eign, dagsett sama dag. Ennfremur að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur framhaldsstefnanda að innréttingum í kjallara sem settar hafa verið upp á vegum stefndu eftir að mál þetta var höfðað.

Fyrsta varakrafa:

Að staðfest verði með dómi riftun Pólarhúss hf. á kaupsamningi málsaðila um húseignina nr. 11 við Vantsstíg dagsettum 15. nóvember 1982.

Jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu er borin fram sú dómkrafa að stefndu verði óskipt (solidariskt) gert skylt að aflétta af húseigninni nr. 11 við Vatnsstíg skuld að fjárhæð kr. 1.000.000,00 við Sparisjóð Reykjavíkur samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu 1. desember 1982 af Innréttingarvali, Sundaborg 14, Reykjavík, áhvílandi á 10. veðrétti í fasteigninni og enn-

fremur skuld við Sparisjóð Reykjavíkur að fjárhæð kr. 550.000,00 samkvæmt skuldabréfi útgefnu 17. nóvember 1982 af Ragnari Tómassyni og Þorsteini Steingrímssyni áhvílandi á 9. veðrétti í fasteigninni svo og öðrum skuldum er stefndu kunna að hafa veðsett eða munu veðsetja fasteignina nr. 11 við Vatnsstíg fyrir að viðlögðum 4.000,00 kr. dagsektum fyrir hvern sólarhring sem líður frá lögbirtingu dóms og þar til ofangreindum veðskuldum hefur verið aflétt af fasteigninni nr. 11 við Vatnsstíg.

Ennfremur er sú dómkrafa borin fram jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu, að dæmdur verði ógildur samningur málsaðila vegna húseignarinnar nr. 11 við Vatnsstíg, dagsettur 15. nóvember 1982, og staðfest með dómi riftun stefnanda á samningi þessum.

Önnur varakrafa:

Stefndu verði óskipt (solidariskt) dæmdir til að greiða stefnanda kr. 4.615.319,00 með 42% ársvöxtum frá 15. nóvember 1982 til 15. júní 1983 en dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, 47% frá þeim tíma til 20. september 1983, en 39% vöxtum frá þeim tíma til 20. október 1983, en 36% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. september 1984, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Þrautavarakrafa:

Stefndu verði (solidariskt) dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.883.419,00 eða lægri fjárhæð að mati dómsins með 42% ársvöxtum frá 15. nóvember 1982 til 15. júní 1983 en dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, 47% frá þeim tíma til 20. september 1983, en 39% vöxtum frá þeim tíma til 20. október 1983, en 36% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. september 1984, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Þess er og krafist að staðfestur verði með dómi réttur stefnanda til að draga að afhenda stefndu hæð húseignarinnar nr. 11 við Vatnsstíg uns fullnaðargreiðsla kaupverðs hefur farið fram og niðurstaða liggur fyrir í dómsmáli þessu.

Þess er krafist í öllum tilvikum að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður allur úr hendi hans, þ.m.t. málflutningslaun skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu réttargæslustefnda er gerð krafa um málskostnað. Sáttaumleitanir hafa engan árangur borið.

— — —

Niðurstaða málsins verður því sú að stefndu skuli greiða stefnanda samtals kr. 447.000,00. Vanskilavextir reiknast eins og í dómsorði greinir af kr. 47.000,00 vegna standsetningar íbúðanna frá afhendingu þeirra til Reykjavíkurborgar 15. febrúar 1983 til 15. júní 1983, en dómvextir skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags með hliðsjón af kröfugerð stefnanda.

20% ársvextir reiknast af kr. 400.000,00 í samræmi við kaupsamning frá 1. febrúar 1983 til fyrsta gjalddaga, 1. febrúar 1984, en dómvextir skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags með hliðsjón af kröfugerð stefnanda.

Rétt þykir skv. niðurstöðu málsins og með tilliti til kröfugerðar stefnanda að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Rétt þykir með tilvísun til 1. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 að stefnandi greiði réttargæslustefnda kr. 10.000,00 í málskostnað.

Málatilbúnaði stefnanda hefur frá upphafi verið mjög ábótavant, dómkröfur hafa þurft mikilla lagfæringa við, uppbygging þeirra hefur verið ruglingskennd og málsástæður verið óhnitmiðaðar. Þetta hefur orsakað framlagningu ónauðsynlegra skjala og allt of umfangsmiklar yfirheyrslur. Ekki verður hjá því komist að átelja þennan málflutning.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Helga V. Jónssyni, lögfræðingi og endurskoðanda.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Tómasson og Þorsteinn Steingrímsson, greiði in solidum stefnanda, Pólarhúsi hf., kr. 47.000,00 með 42% ársvöxtum frá 15. febrúar 1983 til 15. júní 1983, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði stefndu, Ragnar og Þorsteinn, in solidum stefnanda, Pólarhúsi hf., kr. 400.000,00 með 20% ársvöxtum frá 1. febrúar 1983 til 1. febrúar 1984, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Hvor aðili greiði sinn kostnað af málinu.

Stefnandi, Pólarhús hf., greiði réttargæslustefnda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, kr. 10.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 25. október 1988.

Nr. 165/1987. **Verkalýðsfélagið Jökull**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur
og gagnsök
(Pétur Guðmundarson hrl.)

Lögtaksmál. Innheimtuþóknun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1987 og gagnáfrýjandi með stefnu 29. maí 1987.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 7.796,00 krónur auk 17% ársvaxta frá 9. mars 1984 til stefnubirtingardags þann 16. apríl 1984, en auk 19% ársvaxta frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvaxta frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% ársvaxta frá þeim degi til 27. s.m., 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvaxta frá þeim degi til 12. s.m., 28% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 37% ársvaxta frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% ársvaxta frá þeim degi til 21. júlí s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 14,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 15,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 15,4% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 15,7% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 16,1% ársvaxta frá þeim degi til 11. desember s.á., 16,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 17,9% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 18,8% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 19,4% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 19,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 19,9% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 20,8% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 21,8% ársvaxta frá þeim degi til 6. maí s.á., 30% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á.,

33,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvaxta frá þeim degi til 1. júlí 1988, 52,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. október 1988, en 33,6% ársvaxta frá þeim degi til dómsuppsögudags, en frá þeim degi til greiðsludags þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti féll gagnáfrýjandi frá gagnkröfum og er samkomulag með aðilum um að gagnsökin sé niður fallin.

Kröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði algjörlega sýknaður, þ.e. að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum greiddur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðilar deila ekki um greiðsluskyldu stefnda á gjöldum í sjúkrasjóð og orlofssjóð áfrýjanda vegna ársins 1981 né heldur lengur um greiðslu vaxta af þeirri fjárhæð eða um kostnað við lögtaksbeiðni og hefur stefndi greitt þær fjárhæðir.

Hér er hins vegar deilt um hvort áfrýjandi getur heimt af stefnda innheimtuþóknun 7.796,00 krónur, sem áfrýjandi greiddi lögmanni sínum fyrir innheimtuaðgerðir hans gagnvart stefnda, auk vaxta.

Áfrýjandi heldur því fram að eftir að hafa sjálfur ítrekað reynt innheimtu hjá stefnda og fengið nokkrar innborganir á skuldina hafi honum þrotið þolinmæði 8. nóvember 1983 og falið lögmannsstofu Arnmundar Backmann hrl. að innheimta eftirstöðvarnar. Verki lögmannsstofunnar að innheimtunni er lýst í héraðsdómi.

Áfrýjandi byggir á því að það sé almenn regla, að sá sem eigi lögmæta kröfu á annan aðila eigi að vera skaðlaus af því að knýja fram fullnustu hennar. Allur kostnaður við innheimtuna, þ. á m. innheimtulaun lögmanns, eigi því að falla á skuldara kröfunnar.

Hann heldur því fram, að þetta sé fordæmisregla sem komi fram í dómum Hæstaréttar.

Þá heldur hann því fram, að hvergi í lögum sé að þessu leyti gerður greinarmunur á almennum kröfum og kröfum sem þeirri er hér um ræðir, sem lögtaksréttur fylgir. Ekki megi heldur halda því fram að innheimtuhagræði það, sem fylgir lögtaksrétti, nýtist kröfueiganda á þann hátt að innheimtunni sé lokið um leið og lögtaksbeiðni komi til viðkomandi fógeta og lögtak sé gert. Eftir sé þá að knýja fram greiðslu, semja um greiðsluskilmála, sé því að skipta, og annast innheimtuna að öðru leyti, enda hvorki hlutverk fógeta né uppboðsréttar að annast það. Loks vísar áfrýjandi til langrar venju varðandi töku innheimtukostnaðar af lögtakskröfum.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að greiðslur í sjúkra- og orlofssjóði njóti lögtaksréttar. Með því að veita kröfum lögtaksrétt sé beinlínis ætlast til þess að kröfuhafi snúi sér beint til fógeta með beiðni um lögtak. Fógeti framkvæmi síðan lögtakið og þurfi ekki frekari atbeina kröfuhafa þar um. Kröfuhafa sé auðvitað frjálst að fela lögmanni innheimtuna en kostnað af því verði hann sjálfur að bera, enda sé honum skylt að haga innheimtunni svo að hann baki skuldaranum sem minnstan kostnað.

Krafa áfrýjanda var óumdeild og löngu fallin í gjalddaga. Innheimta hans sjálfs hafði ekki tekist, þannig að enn voru eftir af kröfunni þó nokkrar eftirstöðvar. Fordæmisreglur leiða til þess að undir venjulegum kringumstæðum ætti áfrýjandi lögvarinn rétt til innheimtulauna. Það er því athugunarefni hér hvort það réttarfarshagræði, sem felst í lögtaksrétti, sbr. 11. tl. 1. mgr. 1. gr. l. nr. 29/1885, sem fylgdi kröfu áfrýjanda, breyti einhverju um rétt hans.

Hvorki í lögum nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar né í öðrum lögum er sett sérstök regla um þóknun lögmanna fyrir innheimtu krafna, sem njóta umrædds réttarfarshagræðis. Óumdeilt er að samkvæmt venju beri skuldari innheimtulaun við fjárnám samkvæmt lögunum. Sú regla kemur að vísu fram í lögum nr. 29/1885 að við lögtak þurfi ekki að mæta af hálfu gerðarbeiðanda og getur því verið nægilegt fyrir eiganda kröfu, sem lögtaksréttur fylgir, að senda gerðarbeiðni til fógeta til þess að lögtak fari fram. Þetta verður þó ekki talið skera úr um, hvort innheimtulaun skuli greiða af slíkri kröfu. Til þess ber að líta að í

upphafi voru að finna í lögum nr. 29/1885 mun færri lögtaksheimildir en nú finnast þar og í sérlögum. Mestur hluti þeirra krafna var innheimtur af innheimtumönnum ríkisins, sem þá voru einnig handhafar fógetavalds.

Í greinargerð með frumvarpi að lögunum var talið að ekki yrði alltaf lagt á gerðarbeiðanda að mæta við lögtakið, til þess væru mörg gjaldanna, sem lögtaksréttur fylgdi, of dreifð og smá, en þó var talið að hann yrði oftast viðstaddur. Taka verður nú tillit til þess að lögtaksheimildir eru orðnar miklu fleiri og misjafnari og fjarri fer að fógeti geti tekið að sér hlutverk innheimtumanns kröfunnar nema þar sem það er sérstaklega boðið, enda framkvæmd lögtaksins aðeins einn margra þátta innheimtunnar.

Af því, sem hér hefur verið talið, verður ekki séð, að laga- eða eðlisrök eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu, að skuldari greiði ekki innheimtulaun af lögtakskræfri kröfu, samkvæmt 11. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1885, og gera þannig mun á þessari kröfu og öðrum kröfum.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur má eftir taxta lögmanna miða innheimtuþóknun við fjárhæð. Skilja verður þó ákvæðið svo að endurgjaldið eigi að vera hæfilegt endurgjald fyrir starfið. Getur því til þess komið að meta verði hvort innheimtutaxti lögmanna sé hæfilegur miðað við það starf sem innt er af hendi í hvert sinn. Í máli þessu reynir ekki á slíkt, því að enginn ágreiningur er með aðilum um að fjárhæð innheimtulauna sé réttilega ákvörðuð og vextir réttilega af henni reiknaðir.

Rétt þykir þannig að taka kröfu áfrýjanda um höfuðstól og vexti til greina.

Hvor aðila skal bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., greiði áfrýjanda, Verkalýðsfélaginu Jökli, 7.796,00 krónur auk 17% ársvaxta frá 9. mars 1984 til stefnubirtingardags þann 16. apríl 1984, en auk 19% ársvaxta frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvaxta frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% ársvaxta frá þeim degi til

27. s.m., 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. október s.á, 26% ársvaxta frá þeim degi til 12. s.m., 28% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 37% ársvaxta frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% ársvaxta frá þeim degi til 21. júlí s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 14,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 15,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 15,4% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 15,7% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 16,1% ársvaxta frá þeim degi til 11. desember s.á., 16,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 17,9% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 18,8% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 19,4% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 19,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 19,9% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 20,8% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 21,8% ársvaxta frá þeim degi til 6. maí s.á., 30% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% ársvaxta frá þeim degi til til 1. júlí s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvaxta frá þeim degi til 1.júlí 1988, 52,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. október 1988, en 33,6% ársvaxta frá þeim degi til dómsuppsögudags, en frá þeim degi til greiðsludags þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Svo sem fram kemur í gögnum málsins og héraðsdómi voru afskipti lögmanns áfrýjanda af innheimtu lögtakskröfunnar þau, að hann ritaði stefnda innheimtubréf hinn 8. nóvember 1983 og sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetanum í Ólafsvík lögtaksbeiðni hinn 5. desember s.á. Til lögtaks kom ekki þar sem skuldari greiddi áður lögtakskröfuna að undanskilinni hinni umdeildu innheimtuþóknun. Er þá með talið gjald fyrir ritun lögtaksbeiðninnar 1.080,00 krónur. Hinn 9. mars 1984 endursendi sýslumaður lögmanninum lögtaksbeiðnina ásamt uppgjöri á kröfunni. Hafði lögmaðurinn því ekki afskipti af innheimtunni svo sem með því að semja við skuldara um greiðslu hennar, taka við greiðslum eða mæta í lögtaksmáli. Kröfubréf lögmannsins breytti ekki rétti lögtaksþola til að greiða kröfuna til fógeta sbr. 7. gr. lögtakslaga nr. 29/1885. Framangreind ritun innheimtubréfsins og lögtaksbeiðninnar án frekari afskipta af málinu þykir, eins og hér stendur á, ekki þvílíkt starf, að það veiti áfrýjanda rétt til að krefja stefnda innheimtuþóknunar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands sbr. 1. gr. hennar og 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Með tilvísun til framanritaðs tel ég að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdóms.

Dómur bæjarþings Ólafsvíkur 19. mars 1987.

Mál nr. 4/1984.

Stefnandi er Verkalýðsfélagið Jökull, 5423-7332, Ólafsvík.

Stefndi er Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., 1295-7526, Ólafsvík.

Málið er höfðað með stefnu útgefinni 5. apríl 1984 og birtri 16. sama mánaðar. Stefna í gagnsök er gefin út 22. nóvember 1984 og birt sama dag. Aðalsök er þingfest 27. apríl 1984 og gagnsökin 23. nóvember s.á. og sameinuð aðalsök. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 3. nóvember 1986, en endurupptekið til málflutnings að nýju 6. mars 1987 og dómtekið sama dag. Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Dómkröfur aðalstefnanda og gagnstefnda eru þær í aðalsök að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.796,- með 17% ársvöxtum frá 9.3. 1984 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmanna. Í *gagnsök* krefst gagnstefndi sýknu af kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar samkvæmt gjaldkskrá lögmanna.

Dómkröfur aðalstefnda og gagnstefnanda eru þær í aðalsök, að hann verði sýknaður af dómkröfum aðalstefnanda. *Til vara* krefst hann þess að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda í aðalsök að svo miklu leyti sem til þarf, og sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um eftirstöðvar gagnkröfunnar. *Dómkröfur hans í gagnsök* eru þær að gagnstefndi verði dæmdur til þess að endurgreiða gagnstefnanda kr. 37.524,- með 19% ársvöxtum frá 9. mars 1984 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmanna. Þá krefst hann þess að gagnsakarmálið verði sameinað aðalmálinu.

Aðalsök.

Um er að ræða kröfu sem stofnast við það að stefnandi fól lögmanni að innheimta hjá Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur hf., Fiskimjölsverksmiðjunni hf. og Birni og Einari sf., öllum í Ólafsvík, eftirstöðvar gjalda í sjúkrasjóð og orlofssjóð aðalstefnanda vegna ársins 1981, sem Skattstofa Vesturlands reiknaði út fyrir árið 1982. Lögmaðurinn krafði aðalstefnanda, Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., um alla skuldina með bréfi, dags. 8. nóvember 1983. Með beiðni til sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 5. desember 1983, bað lögmaðurinn um lögtak hjá aðalstefnda fyrir kröfum umbj. síns, kr. 67.497,60 að höfuðstól auk vaxta kr. 6.749,70, kostnaðar kr. 1.080,- og innheimtuþóknunar kr. 7.796,60.

Í byrjun marsmánaðar 1984, er framkvæma skyldi lögtak fyrir kröfunni, greiddi aðalstefndi í máli þessu, Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., höfuðstól kröfunnar ásamt vöxtum og kostnaði, en án innheimtuþóknunar. Lögmaðurinn fékk innheimtuþóknunina greidda hjá aðalstefnanda sem síðan höfðaði mál þetta til heimtu þeirrar fjárhæðar er hann greiddi lögmanni sínum í innheimtuþóknun.

Aðalstefnandi byggir kröfu sína á lögum um málflytjendur nr. 61/1942, 2. gr. sbr. 1. mgr. 7. gr. lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands sem mælir fyrir um þóknun lögmanna fyrir störf sín. Þá byggir aðalstefnandi jafnframt á þeirri meginreglu 177. gr. l. 85/1936 að þeim sem tapi máli í öllu verulegu beri að greiða gagnaðila sínum kostnað málsins, og þeirri reglu að kröfuhafi eigi ekki að þurfa að bera kostnaðinn af því að verða að senda kröfu í innheimtu, vegna þess að skuldari stendur ekki í skilum. Einnig byggir aðalstefnandi á því að hér sé um einfalda skuldakröfu að

ræða sem aðalstefnda var fullkunnugt um að honum bar að greiða strax og krafa kom fram um greiðslu. Aðlstefndi dró hinsvegar fullnaðaruppgjör á kröfunni, svo aðalstefnanda var nauðsyn á að senda hana til innheimtu hjá lögmanni.

Aðalstefndi byggir kröfu sína um sýknu á því að greiðslur í sjúkra- og orlofssjóði njóti lögtaksréttar samkvæmt 11. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885, og að aðalstefnandi eigi því ekki rétt til innheimtulauna vegna þeirra.

Gagnsök.

Gagnstefnandi byggir kröfur sínar í gagnsök á því að í útreikningi sínum á greiðslum til sjúkra- og orlofssjóðs hafi aðalstefnandi ofreiknað vexti svo nemi fjárhæð gagnkröfunnar. Jafnframt verði hann að hlíta því að allar innborganir á kröfuna gangi beint til lækkunar á höfuðstól þar sem ekki var gerður fyrirvari um að þær skyldu fyrst ganga til greiðslu áfallinna vaxta.

Gagnstefndi byggir kröfu um sýknu í gagnsök á því að hann hafi reiknað vexti af greiðslum í sjúkra- og orlofssjóði frá 1. ágúst 1982, en honum hafi verið heimilt að krefjast vaxta frá 1. janúar 1982, og hann hafi því gefið eftir töluverðan hluta þeirra vaxta sem honum var heimilt að krefjast. Þá bendir hann á að það samræmist ekki almennum rökum um skaðleysi kröfuhafa að innborganir séu dregnar frá höfuðstól, og stefndi hafi heldur ekki áskilið sér þann rétt sérstaklega.

Ályktun.

Kröfur sem lögtaksrétt hafa eru aðfararhæfar beint. Lögtaksréttur er veittur vissum kröfum, m.a. til þess að auðvelda innheimtu þeirra og jafnframt til þess að halda kostnaði við innheimtuna í lágmarki. Lögtaksréttur er því settur báðum aðilum til hagsbóta. Með því að veita kröfum lögtaksrétt er beinlínis ætlast til þess að kröfuhafi snúi sér beint til fógeta með beiðni um lögtak. Fógeti framkvæmir síðan lögtakið og þarf ekki frekari atbeina kröfuhafa til. Vilji kröfuhafi hinsvegar hafa annan hátt á, t.d. fela lögmanni innheimtuna, er honum það að sjálfsögðu frjálst, en ekki verður talið að kostnað við það sé heimilt að leggja á skuldara, heldur verði kröfuhafi að bera þann kostnað sjálfur, þar sem honum var í lófa lagið að biðja beint um lögtak sem þá hefði engan aukakostnað haft í för með sér. Niðurstaðan verður því sú að sýkna ber aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda.

Aðalstefnandi krefst greiðslu kostnaðar (innheimtulauna) vegna innheimtu á lögtakskröfu, en gagnstefnandi krefst endurgreiðslu á ofgreiddum gjöldum í sjúkra- og orlofssjóð. Það verður að telja að kröfur þessar séu ekki af sömu rót runnar og því á 49. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 70. gr.

sömu laga, ekki við í máli þessu og ber því að vísa gagnkröfu aðalstefnda frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður, bæði í aðalsök og gagnsök.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., skal vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnanda, Verkalýðsfélagsins Jökuls, í máli þessu.

Gagnkröfu aðalstefnda er vísað frá dóminum.

Málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Miðvikudaginn 26. október 1988.

Nr. 188/1987. **Ingibjörg Haraldsdóttir**
(dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Önnu Þorgrímsdóttur
og gagnsök
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skaðabótamál. Vanheimild. Fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thorodden, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1987. Hún krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1987 og gerir þessar kröfur:

1. Að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða í skaðabætur 175.000,00 krónur með 15,5% ársvöxtum frá 27. júní 1986 til 19.

september 1986, með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða í matskostnað 49.207,00 krónur með 15,5% ársvöxtum frá 30. júní 1986 til 19. september 1986, með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að viðurkennd verði með dómi heimild gagnáfrýjanda til að leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti áfallna vexti og mynda þannig nýjan höfuðstól er beri sömu vexti og að framan greinir, í fyrsta skipti 30. júní 1987 fyrir tímabilið 30. júní 1986 til 30. júní 1987.

4. Að aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Jafnframt er gerð sú krafa að tildæmdur málskostnaður beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp fór fram vitnamál í þessu máli fyrir bæjarþingi Reykjavíkur dagana 25. mars og 22. apríl 1988. Dómsgerðir vitnamálsins hafa verið lagðar fyrir Hæstarétt.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom fram að ágreiningslaust er með aðiljum, að skiptayfirlýsing um Laufásveg 10, Reykjavík, sbr. 3. gr. og 4. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976, hafði ekki verið gerð, er gagnáfrýjandi festi kaup á eignarhluta sínum í téðri fasteign.

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar, dags. 25. maí 1988, gerði lögmaður gagnáfrýjanda kröfu um hæstu innlánsvexti af stefnufjárhæðinni og matskostnaði frá 14. apríl 1987 til greiðsludags. Það var fyrst við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti, hinn 24. október 1988, að gagnáfrýjandi setti fram kröfu um hæstu lögleyfðu dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Dráttarvaxtakrafan verður því ekki tekin til greina.

Þá krafðist lögmaður gagnáfrýjanda við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti hæstu lögleyfðra dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaganna af tildæmdum málskostnaði frá 15. degi eftir dómsuppsögu, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988 um breytingu á lögum um

meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum. Með ákvæði þessu var fyrst veitt lagaheimild hér á landi til að krefjast vaxta af málskostnaði. Samkvæmt 28. gr. þessara laga öðluðust þau gildi 1. júlí 1988 og skulu gilda um öll mál, sem þingfest eru eftir þann tíma. Mál, sem þingfest eru fyrir þann tíma, skulu fara eftir eldri lögunum. Mál þetta var þingfest í héraði 25. september 1986. Þetta er því bersýnilega röng kröfugerð. Ber að átelja lögmann gagnáfrýjanda, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmann, fyrir að setja fram slíka kröfu.

Með þessum athugasemdum en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann enda breytir það, sem fram kom í vitnamálinu, ekki þeirri niðurstöðu. Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 55.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ingibjörg Haraldsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Önnu Þorgrímsdóttur, 55.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Önnu Þorgrímsdóttur, nnr. 0388-9122, Laufásvegi 10, Reykjavík, gegn Ingibjörgu Haraldsdóttur, nnr. 4612-1473, Sunnuflöt 35, Garðabæ, með stefnu birtri 19. september 1986.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 175.000,00 með 15,5% ársvöxtum frá 27. júní 1986 til stefnubirtingardags, en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

2. Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda í matskostnað kr. 49.207,00 með 15,5% ársvöxtum frá 30. júní 1986 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að viðurkennd verði með dómi heimild stefnanda til að leggja við höfuðstól áfallna vexti frá 30. júní 1986 til 30. júní 1987.

4. Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu að með afsali dags. 13. apríl 1982 hafi stefnandi keypt af stefndu íbúð að Laufásvegi 10, 1. hæð til hægri, hér í borg. Íbúðinni skyldi ennfremur fylgja sérgeymsla í kjallara, 1. til vinstri. Þessa sérgeymslu hafi stefnandi tekið til afnota sem sína eign við afhendingu íbúðarinnar, en stefnandi hafi orðið að afhenda breska sendiráðinu sérgeymsluna, þar sem í ljós hafi komið að stefnda hafði með afsali dags. 12. maí 1980 selt sendiráðinu þessa sömu sérgeymslu.

Með beiðni dags. 5. mars 1986 hafi verið óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta til verðs verðrýrnun íbúðar stefnanda vegna vöntunar á hinni tilgreindu sérgeymslu í kjallara.

Matsmenn hafi verið dómkvaddir 17. mars 1986. Þeir hafi skilað matsgjörð dags. 27. júní 1986, þar sem þeir meti verðrýrnun íbúðar stefnanda af þessum sökum kr. 175.000,00.

Með bréfi dags. 18. júlí 1986 hafi stefnda verið krafin um greiðslu bóta og kostnaðar á grundvelli matsgjörðarinnar, en þeim kröfum hafi stefnda í engu sinnt og málshöfðun þessi því óumflýjanleg.

Kröfugerð sína að því er skaðabætur varðar byggir stefnandi á matsgjörðinni kr. 175.000,00, en matskostnaður sundurliðist þannig:

1.	Reikningur matsmanna dags. 30. júní 1986	kr.	36.000,00
2.	Matsbeiðni	"	8.637,00
3.	Greitt fyrir dómkvaðningu	"	940,00
4.	Mót við dómkvaðningu og matsgjörð	"	3.630,00
		Samtals kr.	49.207,00

Kröfur sínar byggir stefnandi á meginreglu kaupa- og samningalaga um efndir loforða og samninga. Stefnanda hafi verið seld sérgeymsla sem stefnda hafi áður verið búin að selja öðrum. Þetta hafi stefndu átt vera ljóst, enda sé í báðum tilvikum talað um sérgeymslu í kjallara, 1. til vinstri. Sé í þessu efni m.a. vísað til þeirrar meginreglu, sem fram komi í 42. gr. l. nr. 39/1922, þegar seldum hlut sé áfátt eða hann hafi ekki þá kosti sem áskildir séu. Eigi kaupandi þá rétt til afsláttar af kaupverði eða skaðabóta.

Af hálfu stefndu er m.a. tekið fram varðandi málavexti að með í kaupum stefnanda á íbúðinni á 1. hæð til hægri að Laufásvegi 10 hafi fylgt geymsla í kjallaranum sem stefnanda hafi verið sýnd við skoðun og að fylgja ætti

íbúðinni. Geymsla þessi sé samkvæmt teikningu til hægri við stigaganginn en til vinstri ef gengið sé hinum megin frá. Sú geymsla sem stefnda hafi selt stefnanda hafi engum öðrum verið seld, enda hafi stefnda ekki talið leika nokkurn vafa á því þegar viðskiptin áttu sér stað hvað hafi verið keypt og hvað selt. Geymslu þessa, sem fylgja hafi átt íbúð stefnanda, hafi eigandi kjallara nýtt sér löngu seinna þegar í ljós hafi komið að stefnandi myndi ekki nota þá geymslu, heldur geymslu breska sendiráðsins. Ekki hafi stefnda vitað hvað hafi valdið því að stefnandi hafi tekið geymslu breska sendiráðsins til notkunar en það hafi hins vegar legið fyrir við kaupsamningsgerðina að geymsla sú sem fylgja hafi átt íbúð stefnanda hafi verið full af verkfærum og málningarílátum vegna viðgerða og málunar kjallarans og stigagangsins. Hafi iðnaðarmennirnir haft þar aðstöðu til að geyma áhöld sín.

Af hálfu stefndu er á því byggt í máli þessu að stefnandi hafi keypt aðra geymslu en þá sem til grundvallar matsbeiðninni sé lögð og að sú geymsla sé enn til staðar í húsinu að Laufásvegi 10, Reykjavík. Að vísu hafi annar aðili í húsinu tekið þá geymslu til notkunar fyrir sig án heimildar. Hafi það verið ljóst frá því að samningurinn var gerður að við þá geymslu hafi verið átt en ekki geymslu þá er breska sendiráðið hafi keypt. Um misritun hafi því verið að ræða við afsalsgerðina að tiltaka geymsluna til vinstri nema þá að litið hafi verið á aðstæður frá öðru sjónarhorni. Fullyrt sé að stefnandi hafi vitað að hún hafi ekki verið að kaupa geymslu breska sendiráðsins heldur geymsluna sem verkfærin og málningaráhöldin hafi verið geymd í, þ.e.a.s. geymsluna til hægri við stigaganginn. Eigi hafi það hvarflað að stefndu að selja sömu geymsluna tvisvar, enda hvorki haft ástæðu til né hag af slíku. Stefnda telji því að hér sé aðeins um hártogun að ræða af hálfu stefnanda, byggða á óljósu orðalagi samnings.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu aðilarnir Anna Þorgrímsdóttir og Ingibjörg Haraldsdóttir, svo og vitnin Þorgrímur Jónsson faðir stefnanda, Jóhann Briem eiginmaður stefndu, ennfremur vitnin Ámundi Þorsteinsson og Víðir Pálsson.

III.

Óumdeilt er að sérgeymsla í kjallara átti að fylgja íbúðinni að Laufásvegi 10 sem stefnandi keypti af stefndu með kaupsamningi dags. 11. júlí 1980. Hins vegar er um það ágreiningur með aðilum hvaða geymsla það var í kjallara sem sýnd var fyrir kaupin og fylgja átti íbúðinni.

Fyrir liggur að stefnandi fékk til afnota fyrir sig í kjallara fyrstu geymslu til vinstri handar þegar komið er niður kjallarastiga innanhúss og hafði afnot hennar allt þar til breska sendiráðið (The secretary of State for the Environment of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ire-

land) gerði kröfu til þeirrar geymslu á grundvelli þinglýstrar eignarheimildar sinnar, afsals dags. 12. maí 1980, sem er meðal framlagðra skjala í máli þessu. Um ástæðu þess að stefnandi fékk þá geymslu til afnota í upphafi ber aðilum og ekki saman um svo sem fram kemur í skýrslutökum fyrir dómi.

Samkvæmt greindu afsali til breska sendiráðsins var þeim aðila afsalað 3ja herb. íbúð á 3. hæð til hægri í húsinu nr. 10 við Laufásveg ásamt geymslu í kjallara, þ.e. fyrstu geymslu til vinstri inn af stigagangi. Í kaupsamningi milli aðila máls þessa er ekki tekið fram hvar í kjallara geymslan, sem fylgja átti íbúðinni, er, en í báðum þeim afsölum sem gefin hafa verið út af stefndu til stefnanda vegna eignasölu þessarar er geymsla þessi tilgreind sem 1. t.v.

Miðað við aðstæður í kjallara að Laufásvegi 10, sem marka má af framlögðum uppdrætti og sem dómari hefur kynnt sér á staðnum, þá þykir ljóst vera að með tilgreiningu á stað geymslu í kjallara samkvæmt greindum afsölum, bæði til breska sendiráðsins og stefnanda, þá sé átt við eina og sömu geymsluna. Liggur og ekki annað fyrir en stefnandi hafi haft afnot þeirrar geymslu er afsalsgerð til stefnanda fór fram.

Stefnda þykir ekki hafa sýnt fram á með málatilbúnaði sínum að umsamið hafi verið að önnur geymsla en sú er að framan greinir og tilgreind er í afsali hafi átt að fylgja með í kaupunum til stefnanda. Ber því að líta svo á að í raun hafi verið um að ræða tvísölu sömu geymslunnar og þykir stefnandi eiga rétt til bóta úr hendi stefndu af þeim sökum, svo sem atvikum er háttað í máli þessu.

Bótakröfu sína í málinu byggir stefnandi á því að íbúð stefnanda að Laufásvegi 10 hafi rýrnað í verði vegna vöntunar á þeirri sérgeymslu í kjallara sem henni átti að fylgja. Til stuðnings þeirri kröfugerð sinni hefur stefnandi lagt fram matsgjörð dómkvaddra manna. Svo sem þar kemur fram hafa matsmenn skoðað og lagt til grundvallar mati sínu fyrrnefnda sérgeymslu í kjallara (1. til v.). Í niðurstöðu matsins segir m.a. að það að íbúðin hafi ekki yfir að ráða umræddri geymslu í kjallara hússins hljóti að draga verulega úr verðmæti hennar og torvelda sölu. Töldu matsmenn verðrýrnun íbúðarinnar af þessum sökum nema kr. 175.000,00, sem er sú bótafjárhæð sem stefnandi gerir kröfu til.

Þar sem mati þessu hefur ekki verið hnekkt og fyrst andmælt tölulega af hálfu stefndu við munnlegan flutning málsins, þykir eftir atvikum mega leggja fjárhæð þess óbreytta til grundvallar niðurstöðu málsins og dæma stefndu til að greiða stefnanda kr. 175.000,00 í bætur. Vextir af tildæmdri fjárhæð skulu vera þeir sömu og hæstu innlánsvextir banka og sparisjóða voru af almennum sparisjóðsbókum frá 27. júní 1986 til stefnubirtingardags, 19. september 1986, en dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá

þeim degi til 14. apríl 1987, er vaxtalög nr. 25/1987 tóku gildi, en frá þeim degi, í samræmi við vaxtakröfugerð stefnanda, hæstu innlánsvextir innlánsstofnana til greiðsludags, svo sem greinir í dómsorði. Áfallnir vextir skulu leggjast við höfuðstól eftir 12 mánuði frá 30. júní 1986 að telja svo sem krafist er.

Kröfu stefnanda um matskostnað ber að telja með málskostnaði samkvæmt ákvæðum 175. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 82.000,00, þar með talin þóknun til matsmanna að fjárhæð kr. 36.000,00 samkvæmt reikningi.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Ingibjörg Haraldsdóttir, greiði stefnanda, Önnu Þorgrímsdóttur, kr. 175.000,00 með 11% ársvöxtum frá 27. júní 1986 til 19. september 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 82.000,00 í málskostnað.

Áfallnir vextir leggjast við höfuðstól eftir 12 mánuði frá 30. júní 1986 að telja.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1988.

Nr. 282/1987. **Straumnes hf., Patreksfirði**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Straumnesi hf., Reykjavík
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Firma hlutafélags. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október 1987. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir aukadómþingi Vestur-Barðastrandarsýslu með stefnu birtri 20. október 1986. Með samkomulagi aðila var málið hafið þar 24. febrúar 1987 og höfðað að nýju fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 25. febrúar 1987.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að dagsektir taka að falla á að liðnum 15 dögum frá birtingu dóms þessa.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 75.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að dagsektir taka að falla á að liðnum 15 dögum frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjandi, Straumnes hf., Patreksfirði, greiði stefnda, Straumnesi hf., Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, 75.000,00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að afloknum munnlegum málflutningi þann 16. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Straumnesi hf., Reykjavík, nnr. 8527-7650, með stefnu birtri 25. febrúar 1987 á hendur Straumnesi hf., Patreksfirði, nnr. 9343-5699.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að hinu stefnda félagi sé óheimilt að nota nafnið „Straumnes h.f." sem firmaheiti fyrir félagið og að félaginu verði gert skylt að láta afmá nafnið úr hlutafélagaskrá að viðlögðum dagsektum kr. 1.000,00 á dag. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi hans.

Sættir voru reyndar með aðilum en án árangurs.

II.

Stefnandi byggir mál sitt á því að þann 31. október 1976 hafi verið stofnað í Reykjavík félagið Straumnes hf. og hafi stofnun þess verið tilkynnt hlutafélagaskrá þann 19. nóvember sama ár. Tilgangur félagsins skv. þeirri tilkynningu hafi verið verslunarrekstur, lánastarfsemi og rekstur þar að lútandi og hafi félagið upp frá því rekið verslun í Reykjavík. Í Lögbirtingablaðinu 23. maí 1986 hafi hins vegar mátt lesa tilkynningu um skráningu félagsins Straumnes hf., Patreksfirði, og sé tilgangur þess félags alhliða fiskvinnsla og útgerð og annar skyldur atvinnurekstur.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann eigi einkarétt á nafninu Straumnes hf. Skv. 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð skuli aðgreina skrásett firmu hvert frá öðru. Enn fremur bendir stefnandi á 30. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þar sem segi að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn sem sá hafi ekki rétt til. Þá segi þar einnig að bannað sé að nota auðkenni sem leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Sá sem fyrr skráir firma eigi einkarétt á notkun þess og því eigi stefnandi tvímælalaust skv. lögum þessum einkarétt á nafninu Straumnes hf.

Stefnandi vísar einnig til 6. mgr. 148. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

III.

Af hálfu stefnda er eindregið mótmælt þeirri lagatúlkun stefnanda, að hann eigi skv. framangreindum lagaheimildum tvímælalausan einkarétt á nafninu Straumnes hf.

Stefndi kveður túlkun hlutafélagaskrár í Reykjavík á framangreindum

lagaákvæðum vera og hafa verið þá að heimila ekki skráningar fyrirtækja með sama nafni innan sama sveitarfélags og ef um hliðstæðan eða sama atvinnurekstur sé að ræða. Lagaákvæðin séu því túlkuð af hlutafélagaskrá beint skv. orðanna hljóðan. Skráning fyrirtækis stefnda hafi enda verið gerð án nokkurra athugasemda. Þau fyrirtæki sem hér eigi í hlut séu hvort á sínu landshorninu og reki eins óskylda starfsemi og hugsast geti, annað reki verslun en hitt útgerð og fiskveiðar.

Skv. munnlegum upplýsingum hlutafélagaskrár muni vera talsverð brögð að því að hlutafélög beri sama nafn hér á landi. Sennilega muni vera skráð 3 hlutafélög með nafninu Straumnes hf. Meginsjónarmið löggjafans virðist fyrst og fremst vera það sem fram komi í 30. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, að sérhverjum sé bannað að nota auðkenni sem hann eigi tilkall til á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Hér gæti verið um að ræða bæði vörumerki og nafn á fyrirtæki ef það er til þess fallið að villst verði á því og öðru fyrirtæki.

Í þessu tilfelli geti því sjónarmiði varla verið til að dreifa. Engin líkindi séu til þess, að villst verði á útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækinu Straumnesi hf., Patreksfirði, og verslunarfirmanu Straumnesi hf., Reykjavík.

Stefndi bendir á að ef fallist yrði á kröfu stefnanda í þessu máli myndi það kippa stoðum undan núverandi fyrirkomulagi og knýja fram nafnbreytingar á fjölda fyrirtækja úti um land allt.

IV.

Forsendur og niðurstaða:

Stefnandi tilkynnti firmanafn sitt, Straumnes hf., til hlutafélagaskrár hinn 19. nóvember 1976 og hafði notað það um verslunarrekstur sinn óslitið frá þeim tíma þegar hið stefnda hlutafélag, Straumnes hf. á Patreksfirði, var stofnað og stofnun þess tilkynnt hlutafélagaskrá þann 15. febrúar 1986.

Starfsemi firma stefnda er að vísu á öðru starfssviði og í öðrum landshluta en starfsemi stefnanda. Allt að einu verður að telja að stefnandi, sem tók orðið Straumnes upp sem firmaheiti á hlutafélagi sínu á undan stefnda, hafi við skráninguna öðlast einkarétt til notkunar þess firmaheitis í atvinnurekstri sínum skv. 10. gr. laga nr. 42/1903 sbr. og 30. gr. laga nr. 56/1978.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það með stefnanda að skrásetning firmanafns stefnda sé brot á einkarétti stefnanda til notkunar firmanafnsins Straumnes hf. og ber stefnda því að kröfu stefnanda að láta afmá firmanafnið Straumnes hf. úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlögum 1.000,00 króna dagsektum til stefnanda sbr. 3. tl. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Straumnesi hf. á Patreksfirði, er óheimilt að nota firmanafnið „Straumnes h.f." Stefnda er skylt að láta afmá það heiti úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum sem renni til stefnanda, Straumness hf. í Reykjavík.

Stefndi, Straumnes hf. á Patreksfirði, greiði stefnanda, Straumnesi hf. í Reykjavík, kr. 40.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1988.

Nr. 243/1987. **Hvoll h/f, Eyrarbakka**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Hvoli h/f, Reykjavík
(Hákon Árnason hrl.)

Firma hlutafélags. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, Hvoll h/f, Eyrarbakka, Árnessýslu, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. ágúst 1987. Gerir

hann þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda. Dæmd verði dauð og ómerk eftirgreind málsgrein í héraðsdómsstefnu: „Má sem dæmi nefna, að Landsbanki Íslands, Almennar tryggingar h.f. o.fl. hafa beint til stefnanda innheimtukröfum vegna fjárskuldbindinga stefnda.“ Þá verði stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Hvoll h/f, Reykjavík, krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti benti áfrýjandi á, að mál þetta hefði ekki verið höfðað fyrr en tæpum tveimur árum eftir að auglýsing um stofnun Hvols h/f á Eyrarbakka birtist í Lögbirtingablaði, en það var hinn 13. mars 1985 í 46. tölublaði 78. árgangs. Stefna í máli þessu var gefin út 22. janúar 1987 og birt 5. febrúar 1987. Taldi áfrýjandi þetta fara í bága við 6. mgr. 148. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, þar sem svo er kveðið á, að sá, sem telur rétti sínum hallað með skráningu hlutafélags, geti borið það mál undir domstóla, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því, að tilkynning birtist í Lögbirtingablaði.

Af hálfu stefnda hefur þessari málsástæðu áfrýjanda verið mótmælt sem of seint fram kominni. Einnig er því mótmælt að ofangreint ákvæði hlutafélagalaganna nái til málshöfðunar vegna nafns.

Áfrýjandi bar þessa málsástæðu ekki fyrir sig í héraði. Kemur hún því ekki til álita í Hæstarétti.

Ekki verður á það fallist að áfrýjandi geti í máli þessu byggt rétt á því að húseign stjórnarformanns hans á Eyrarbakka beri nafnið Hvoll. Hefur ekkert komið fram í málinu um að þeirri nafngift hafi verið þinglýst sérstaklega skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 35/1953 um bæjarnöfn, sbr. áður 6. gr. laga nr. 31/1913 og 5. gr. laga nr. 51/1937.

Með þessari athugasemd en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann. Er áfrýjanda skylt að láta afmá nafnið Hvoll úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum, er renni til stefnda, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Hvoli h/f, Eyrarbakka, Árnessýslu, skal óheimilt að nota nafnið Hvoll í firma sínu og ber honum að láta afmá nafnið úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum, sem renni til stefnda, Hvols h/f, Reykjavík.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 15. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 29. júní sl., er höfðað með stefnu birtri 5. febrúar sl.

Stefnandi er Hvoll hf., nnr. 4451-9291, Borgartúni 33, Reykjavík.

Stefndi er Hvoll hf., nnr. 4451-9275, Eyrarbakka, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmt skylt að hætta notkun firmanafnsins Hvols og að stefnda, Hvoli hf., verði dæmt skylt að láta afmá firmanafnið Hvoll úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms í málinu að viðlögðum dagsektum, kr. 5.000,00 fyrir hvern dag. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefnda verði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda og að eftirgreind málsgrein í stefnu á dskj. nr. 1 verði dæmd dauð og ómerk: „Má sem dæmi nefna, að Landsbanki Íslands, Almennar Tryggingar h.f. o.fl. hafa beint til stefnanda innheimtukröfum vegna fjárskuldbindinga stefnda."

Þá verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að fullu að skaðlausu eftir mati réttarins.

Þ. 5. október 1984 var hlutafélagið Hvoll hf. í Reykjavík skráð í hlutafélagaskrá. Dagsetning samþykkta þess er 1. október 1984 og skv. 3. gr. samþykkta þess er tilgangur félagsins alhliða byggingastarfsemi; innflutningur og sala byggingarefna, kaup, rekstur og sala fasteigna; lánastarfsemi.

Hóf félagið þegar starfsemi og stundar byggingar fjölbýlishúsa og sölu íbúða.

Þ. 3. janúar 1985 var stofnað á Eyrarbakka hlutafélag undir nafninu Hvoll hf. og var stofnunin tilkynnt til hlutafélagaskrár. Skv. samþykktum félagsins er tilgangur þess útgerð fiskiskipa og annar skyldur atvinnurekstur, inn- og útflutningur, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Með bréfi dagsettu 22.03. 1986 ritaði lögmaður stefnanda stjórnarformanni Hvols hf. Eyrarbakka bréf þar sem hann fór þess á leit að hann beitti sér fyrir breytingu á nafni félagsins. Erindi þetta var síðan ítrekað með bréfi dagsettu 19.06. 1986 og segir í því bréfi að ítrekað hafi komið til vandræða vegna skráningar félagsins.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi kveðst ætla að notkun stefnda á firmanafninu Hvoll verði haldið áfram, þannig að málshöfðun sé honum óhjákvæmileg.

Stefnandi heldur því fram að með skráningu á Hvoli hf. Eyrarbakka hafi einkarétti hans á nafninu Hvoli hf. verið raskað og auk þess hafi það valdið honum vandræðum.

Vitnar stefnandi til ákvæða 2. mgr. 10. gr. l. 42/1902 um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, 30. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 og 1. tl. 3. ml. í gr. 10 a.l. í Parísarsamþykktinni, sem er fylgiskjal með lögum nr. 102/1961.

Stefndi byggir aðallega á eftirfarandi málsástæðum:

a) Stjórnarformaður stefnda, Þórður Þórðarson, er eigandi húss á Eyrarbakka sem ber heitið Hvoll og hefur gert það a.m.k. frá því að Magnús Torfason, þá sýslumaður Árnessýslu, keypti það 1. nóvember 1923. Sé Þórður þannig eigandi nafnsins Hvols, sbr. nú lög um bæjarnöfn o.fl. nr. 35/1953 og sú heimild hans þinglýst.

Hafi hann því fulla heimild til að nefna hlutafélagið Hvol á Eyararbakka eftir fasteigninni. Öðru máli gegni um stefnanda. Hafi þeir við stofnun félagsins engan spurt leyfis þar um sem rétt eigi á nafninu. Hafi þeir þar með gerst brotlegir gegn upphafsákvæði 10. gr. laga nr. 42/1903.

b) Þá telur stefndi að gagnálykta beri frá ákvæði 10. gr. 2. mgr. laga nr. 42/1903, þannig að heimilt sé að firmu beri sama nafn ef þau eru ekki í sama hreppi eða kaupstað.

c) Kröfu um ómerkingu ummæla í stefnu styður stefndi með því að orðalag þetta sé meiðandi aðdróttun í garð sinn sem veki þá hugmynd að stefndi standi ekki í skilum gagnvart viðskiptaaðilum sínum og vísar hann til 241. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Forsendur og niðurstaða:

Eins og að framan segir telur stefndi að með því að hann sé eigandi fasteignarinnar Hvols á Eyrarbaka sé honum heimilt að nota það á fyrirtæki

sitt og enda þótt stefnandi hafi verið fyrri til að skrásetja firma með þessu nafni hafi stefndi en ekki stefnandi átt rétt til nafnsins og sé þessum eignarétti stefnda til nafnsins veitt vernd með ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903 en þar segir í fyrsta málslið: „Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis ...“

Á þessa málsástæðu verður ekki fallist þar sem nafnið Hvoll hefur ekki þá sérstöðu að það skerði lögmæta hagsmuni stefnda að stefnandi tók sama orð sem heiti á firma sínu og með því að hann varð fyrri til að skrá firma sitt og tilkynning um það hafði birst í Lögbirtingablaði áður en stefndi tilkynnti um firma sitt til hlutafélagaskrár þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina.

Ennfremur girðir ákvæði 2. málsliðar 30. gr. laga nr. 56/1978 fyrir það að stefnda hafi verið heimil notkun nafnsins Hvoll á firma sitt.

Ekki verður á það fallist með talsmanni stefnda að tilvitnuð ummæli í stefnu séu þess efnis að þau séu meiðandi fyrir forsvarsmenn stefnda. Það er í ljós leitt í málinu að innheimtutilkynning barst til stefnanda fyrir mistök bankastarfsmanna að því er ætla verður og því tilefni til þess að hreyfa því í málatilbúnaði stefnanda og ekki verður litið svo á að af orðalagi þessu felist að stefndi standi ekki í skilum gagnvart viðskiptaaðilum sínum.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú að dæma ber stefnda Hvol hf. til að hætta notkun firmanafnsins Hvols og skv. 6. gr. laga nr. 42/1903 ber að dæma stefnda til að láta afmá firmanafnið úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 1.000,00 á dag og renni til stefnanda sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 40.000,00 í málskostnað.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Hvoli hf., Eyrarbakka, skal óheimilt að nota nafnið Hvoll sem firma sitt og ber honum að láta afmá nafnið úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum, sem renni til stefnanda.

Stefndi greiði stefnanda kr. 40.000,00 í málskostnað.

Fimmtudaginn 27. október 1988.

Nr. 21/1988. **Hekla h/f**
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)
gegn
Björgunni h/f og
gagnsök
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

Firma. Vörumerki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi, Hekla h/f, skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. janúar 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. janúar 1988. Gerir hann þær dómkröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að sýknukrafa hans fyrir héraðsdómi verði að fullu tekin til greina. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Bjallan h/f, hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. mars 1988 og gerir hann þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að staðfesta hann, þó þannig að aðaláfrýjanda ber að láta afmá úr vörumerkjaskrá vörumerkið „Bílasalan Bjallan“ innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að aðaláfrýjanda, Heklu h/f, ber að láta afmá úr vörumerkjaskrá vörumerkið „Bílasalan Bjallan“ innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Bjöllunni h/f, 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. apríl sl., er höfðað af Bjöllunni hf., nnr. 1167-0297, Reykjavík, með stefnu þingfestri 31. október 1985 á hendur Heklu hf., nnr. 3874-7681, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmt óheimilt að nota orðið Bjallan sem firmaheiti og gert skylt með sama dómi að hlíta því að skráning á vörumerkinu Bílasalan Bjallan frá 6. maí 1985 verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi hans.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 26. nóvember 1977 hafi Bjallan hf. verið stofnuð og skráð 9. janúar 1978 og tilkynning birt 10. mars s.á. Tilgangur félagsins hafi verið skráður: „Bókaútgáfa á vönduðu lesefni fyrir börn og unglinga." Hlutafélagið hafi yfirtekið starfsemi Bjöllunnar sf., sem starfrækt hafði verið árum saman af flestum sömu eigendum. Varnarþing beggja sé í Reykjavík. Frá árinu 1985 hafi oftlega heyrst í útvarpi og sést annars staðar auglýsingar frá Bílasölunni Bjöllunni, Brautarholti 33, Reykjavík, um notaða bíla. Á bls. 259 í símaskrá 1985 undir nafni Heklu hf. sé auglýstur sími þannig: Bílasalan Bjallan, notaðir bílar, sími 621240.

Málsástæður stefnanda er þær að notkun stefnda á heitinu Bjallan í heitinu Bílasalan Bjallan valdi ruglingi og trufli rekstur Bjöllunnar hf., enda sífellt ónæði af hringingum fyrirspyrjenda um notaða bíla í síma stefnanda í Bröttugötu 3a, Reykjavík, sími 15634.

Stefnandi telur að skráning firmans Bjallan sf. og Bjallan hf. helgi notkun heitisins Bjallan sem vörumerki sbr. 3. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, og hafi skráning vörumerkisins „Bílasalan Bjallan" verið óheimil skv. 14. gr. sömu laga, sbr. einkum liði 2, 4 og 6.

Þá telur stefnandi að skv. 10. gr. laga nr. 42/1903 og 26. og 30. gr. laga nr. 56/1978 sé seljanda óheimilt að nota heitið Bjallan sem firmaheiti.

Stefndi kveður málsatvik vera þau að hann hafi í byrjun febrúar 1985

hafið rekstur bílasölu með notaðar bifreiðar að Brautarholti 33, Reykjavík. Hafi stefndi frá byrjun notað auðkennið „Bílasalan Bjallan" fyrir umrædda starfsemi, þ.e. á afsölum og kvittunum, í auglýsingum bæði í fjölmiðlum og á starfsstöð bílasölunnar og á annan venjulegan hátt til að auðkenna starfsemina, sbr. t.d. dskj. nr. 14 og 15.

Stefndi hafi tilkynnt vörumerkið „Bílasalan Bjallan" til skráningar í vörumerkjaskrá þann 21. janúar 1985 fyrir eftirtaldar vörur í 12. flokki vöruskrárinnar: ökutæki, tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi og auglýsingastarfsemi og viðskipti í 35. flokki, sbr. dskj. nr. 11. Hafi tilkynningin verið auglýst í 2. tbl. vörumerkja- og einkaleyfatíðinda frá 27.02. 1985, sbr. dskj. nr. 11 og 13.

Engin andmæli hafi borist við auglýsingunni, og hafi merkið verið skráð í vörumerkjaskrá þann 6. maí 1985 nr. 298/1985.

Eins og alkunnugt sé hafi stefndi um langt árabil flutt til landsins bifreiðar af tegundinni Volkswagen, er almennt gengu hér á landi undir nafninu „Bjallan", eða frá 1953 - 1980.

Almenningur í Þýskalandi, þaðan sem bifreiðarnar eru ættaðar, hafi snemma farið að nefna þessa gerð bifreiða „Der Käfer", sem útleggist á íslensku „Bjallan", vegna sérkennilegrar lögunar bifreiðarinnar, og á ensku hafi hún fljótlega fengið viðurnefnið „the Beatle". Hafi bifreiðategundin verið a.m.k. eins þekkt undir þessum heitum og hinu upphaflega tegundarheiti.

Stefndi hafi flutt til landsins á framangreindu tímabili u.þ.b. 14000 „Bjöllur", og hafi hann enn umboð fyrir þessa tegund bifreiða sem nú sé framleitt í Brasilíu, Mexico og víðar, þótt framleiðslu sé hætt í Þýskalandi.

Vörumerkið nr. 298/2985 hafi verið valið vegna þeirra tengsla er orðið „Bjallan" hafi við atvinnurekstur stefnda.

Þess sé rétt að geta að á árunum 1968 - 1980 hafi umboðsmenn stefnda á Keflavíkurflugvelli notað auðkennið „Bjallan" við sölu bifreiða af umræddri gerð á Keflavíkurflugvelli.

Fyrstu andmæli stefnanda við notkun stefnda á auðkenninu „Bjallan" hafi verið í bréfi dags. 17.07. 1985, dskj. nr. 8.

Málsástæður stefnda og lagarök séu eftirfarandi:

1. Auðkennið „Bjallan" hafi um áratuga skeið verið notað hér á landi sem auðkenni fyrir tiltekna bifreiðategund er stefndi hefur flutt til landsins og selt í mjög ríkum mæli um land allt. Mikill fjöldi þessara bifreiða sé enn í notkun hér á landi, og stefndi hafi enn umboð fyrir bifreiðategundina.

Þá hafi auðkennið verið notað sérstaklega fyrir starfsemi umboðsmanna stefnda á Keflavíkurflugvelli um árabil. Af þessu leiði að stefndi hafi öðlast lögvarinn rétt til að nota auðkennið „Bjallan" í atvinnurekstri sínum, þ.

á m. við sölu notaðra bifreiða. Síðari skráning og notkun stefnanda á firmanafninu „Bjallan h.f." breyti engu um þennan rétt stefnda.

2. Því sé eindregið mótmælt að um ruglingshættu í skilningi merkjaréttar sé að ræða milli firmanafnsins Bjallan hf. annars vegar og vörumerkisins „Bílasalan Bjallan" hins vegar.

„Bílasalan Bjallan" veki hugmynd um bílasölu og merkið sé aðeins notað í þeim rekstri. Bjallan hf. starfi hins vegar á mjög óskyldu starfssviði, þ.e. við bókaútgáfu. Ekki verði séð að nein raunhæf hætta sé á að neytendur ruglist á bókum frá Bjöllunni hf. og notuðum bifreiðum, og sé væntanlega óhætt að treysta athygli góðs og gegns neytanda í þeim efnum, en þar við bætist að merkin séu hvorki hljóðlík né sjónlík, enda verði vörumerkið „Bílasalan Bjallan" að skoðast í heild sinni, þótt aðalhluti merkisins sé orðið „Bílasalan".

Þótt ekki verði fallist á framangreind rök stefnda í tl. 1 verði hinu varla mótmælt að auðkennið „Bílasalan Bjallan" valdi augljósum hugartengslum milli stefnda og bílasölunnar, þannig að ruglingshættu sé ekki fyrir að fara gagnvart Bjöllunni hf.

Í kröfugerð stefnanda sé þess krafist að stefnda verði dæmt óheimilt að nota orðið „Bjallan" sem firmaheiti. Eigi stefnandi þá væntanlega við firmanafn skv. 8. gr. laga nr. 42/1903.

Auðkennið „Bílasalan Bjallan" hafi aðeins í mjög fáum tilvikum verið notað sem firma og þá vegna misskilnings. Þeirri notkun auðkennisins hafi nú verið hætt, og sé auðkennið nú eingöngu notað sem vörumerki í skilningi 1. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

Hins vegar sé stefndi þeirrar skoðunar að honum væri að undangenginni skráningu heimilt gagnvart stefnanda að nota firmað „Bílasalan Bjallan" sem nafn á fyrirtæki er hefði með höndum sölu notaðra bifreiða og við undirskriftir vegna atvinnunnar.

Stefndi vísar einkum til 1. gr., 2. gr., 4. gr. og 7. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 8. gr. laga nr. 42/1903 um firmu o.fl. auk sjónarmiða og kenninga á sviði merkja- og samkeppnisréttar.

III.

Eins og fram hefur komið í máli þessu lét stefnandi skrá firmanafnið „Bjallan h.f." í janúar 1978, en vörumerki stefnda „Bílasalan Bjallan" var skráð í vörumerkjaskrá í maí 1985.

Fyrir liggur að stefndi hefur notað heitið einnig sem firmaheiti þótt það hafi ekki verið skráð í firmaskrá.

Enda þótt vörumerki stefnda feli í sér hvers konar atvinnurekstur sé átt við, þá þykir engu að síður hætta á ruglingi þar sem firmanafnið „Bjallan" vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur. Verður því að telja

að stefnandi hafi með skráningu heitisins í frimaskrá öðlast gagnvart stefnda lögverndaðan rétt sbr. 10. gr. laga nr. 42/1903, sbr. og 30. gr. laga nr. 56/1978. Þá þykir skráning stefnda á vörumerkinu „Bílasalan Bjallan" brjóta í bága við þann rétt, sbr. 3. gr. og 2. og 4. tl. 14. gr. laga nr. 47/1968.

Atvinnustarfsemi sú sem stefndi hefur rekið undir nafninu „Bílasalan Bjallan" er fólgin í sölu notaðra bifreiða. Er upplýst í málinu að þar er ekki sérstaklega lögð áhersla á sölu notaðra Volkswagenbifreiða, sem oft hafa verið nefndar „bjallan" í daglegu tali, en innflutningi þeirrar bifreiðategundar var hætt á árinu 1980. Verður ekki fallist á það með stefnda að tengsl hans við þá bifreiðategund veiti honum lögvarinn rétt gagnvart stefnanda til heitisins „Bjallan". Þá þykir notkun umboðsmanna stefnda á Keflavíkurflugvelli á því heiti í atvinnurekstri þeirra fram til ársins 1980 ekki veita stefnda þann rétt.

Þá er ekki fallist á það að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum gagnvart stefnda vegna tómlætis.

Framangreind atriði leiða til þess að taka ber kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Notkun stefnda Heklu hf. á orðinu „Bjallan" sem firmaheiti er óheimil. Ennfremur ber stefnda að láta afmá úr vörumerkjaskrá vörumerkið „Bílasalan Bjallan" innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Þá greiði stefndi Hekla hf. stefnanda Bjöllunni hf. kr. 50.000,00 í málskostnað innan sama tíma að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. október 1988.

Nr. 336/1988. **Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson**
gegn
Magnúsi Sigurðssyni

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Gerðardómur. Lögsaga. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1988 frávísunardómi aukadómþings Árnessýslu frá 15. júní sl. Kæran barst Hæstarétti 7. þ.m. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi vísaði héraðsdómari frá dómi þeirri kröfu sóknaraðila, „að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda hafi verið rétt og skylt og með öllu frjálst og vítalaust að láta greindum yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum í té umbeðnar upplýsingar, ...“ Röksemdir héraðsdómara fyrir frávísuninni voru þær, að þessi kröfuliður varðaði niðurstöðu í máli, sem gerðardómur Læknafélags Íslands hefði þegar úrskurðað um og ætti réttilega undir þann dóm samkvæmt Codex Ethicus læknafélagsins, en þar sé tekið fram, að úrskurðum gerðardóms verði ekki áfrýjað, auk þess sem dómkrafan sé ekki greind svo glöggt sem verða má, sbr. 88. gr. laga nr. 83/1936.

Sóknaraðili heldur því fram, að með því að veita upplýsingar þær, sem hér um ræðir, hafi hann verið að gegna embættisskyldu við yfirboðara og hærra setta embættismenn í samræmi við lög og embættiseið sinn. Hann telur, að Codex Ethicus Læknafélags Íslands eigi hér ekki við og því nái hvorki lögsaga siðanefndar né gerðardóms Læknafélags Íslands til þessa atriðis, heldur eigi hann rétt á því, að almennir dómstólar leggi dóm á þetta atriði.

Það er grundvallarsjónarmið um skýringu á gerðardómssamningum, að þá beri að skýra þröngt.

Almennir dómstólar dæma ekki um brot á siðareglum lækna. Skilja verður kröfugerð sóknaraðila svo, að hann vilji fá viðurkennt með dómi hvort honum hafi að lögum verið rétt og skylt að láta yfirmönnum sínum og hærra settum embættismönnum í té umdeildar upplýsingar. Gerðardómurinn sker ekki úr um þetta efni. Fallast má á, að sóknaraðili eigi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því leyst af dómstólum, enda verður að telja, að krafan sé nægjanlega skýr til að unnt sé að leggja dóm á hana.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 15. júní 1988.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms varðandi frávísunarkröfu stefnda þann 16. maí sl., er höfðað með stefnu birtri 6. október 1987.

Stefnandi er Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson, Stuðlaseli 27, Reykjavík (nnr. 3082-4105).

Stefndi er Magnús Sigurðsson, Seylum, Ölfushreppi, Árnessýslu (nnr. 6281-9014).

Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. „Að felldur verði úr gildi dómur gerðardóms skv. Codex Ethicus Læknafélags Íslands, uppkveðinn 29. apríl 1987, í málinu: Guðmundur B. Jóhannsson gegn Magnúsi Sigurðssyni. Dómsorð hljóðar svo: „Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.““

2. Þess er krafist „í framhaldi af framangreindri kröfu um ógildingu á dómi nefnds gerðardóms, að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda hafi verið rétt og skylt og með öllu frjálst og vítalaust að láta greindum yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum í té umbeðnar upplýsingar, sbr. nánar hér á eftir.“

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar, að kröfur stefnanda í málinu verði eigi teknar til greina og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Í þinghaldi þann 16. maí sl., eftir að leitað hafði verið árangurslaust um sættir og áður en aðalflutningur skyldi hefjast, gerði stefndi þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi. Þessu mótmælti stefnandi, og var síðan ágreiningurinn um frávísunarkröfuna sóttur og varinn munnlega af aðilum.

Málavextir eru þeir, að með bréfi til forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytis og landlæknis, dagsettu 18. apríl 1984, sendu Guðmundur B. Jóhannsson, stefnandi máls þessa, og Sigurður Ingi Sigurðsson, heilsugæslulæknar á Selfossi, þessum aðilum „yfirlit til samanburðar á upphæðum reikninga lækna við Heilsugæslustöðina á Selfossi miðað við fjölda tímapantana á stofu", og náði yfirlitið yfir allt árið 1983 og janúar- og febrúarmánuði 1984.

Einn lækna heilsugæslustöðvarinnar, Magnús Sigurðsson, stefndi í máli þessu, taldi bréfi þessu stefnt gegn sér og að með því hefðu læknarnir gerst brotlegir við 1. gr. III. kafla siðareglna lækna og kærði þá fyrir siðanefnd læknafélagsins. Siðanefndin kvað upp þann úrskurð 5. mars 1985, að nefndir læknar hefðu með ritun nefnds bréfs brotið gegn 1. gr. III. kafla Codex Ethicus Læknafélags Íslands og veitti þeim af því tilefni áminningu.

Þessari niðurstöðu siðanefndar vildi stefnandi máls þessa ekki una og áfrýjaði úrskurði siðanefndar til gerðardóms skv. Codex Ethicus Læknafélags Íslands með bréfi, dagsettu 1. apríl 1985, og krafðist þess, að honum yrði hnekkt. Gerðardómurinn kvað síðan upp dóm í málinu þann 29. apríl 1987 þar sem úrskurður siðanefndar var staðfestur að því er varðaði Guðmund B. Jóhannsson, stefnanda máls þessa.

Undir rekstri málsins bar stefnandi fram kröfu um ruðning á einum hinna „föstu dómenda" samkvæmt heimild í reglum um dóminn, en þeirri kröfu var hafnað sem of seint fram kominni.

Við meðferð málsins voru allir frestir, sem settir eru í reglum um dóminn, rofnir.

Stefnandi vildi eigi una dómi gerðardómsins og höfðaði því mál þetta hér fyrir dómi.

Málsástæður og lagarök.

STEFNANDI:

Í stefnu segir stefnandi svo um málsástæður og lagarök:

„Krafa stefnanda um ómerkingu á téðum dómi gerðardómsins er studd

þeim rökum að skipun dómsins og starfshættir hans í þessu máli hafi ekki verið í samræmi við gildandi reglur, og einkum bent á eftirfarandi:

1. Í reglunum er svo fyrir mælt, að annar þeirra dómara, sem Læknafélag Íslands kýs í dóminn, skuli vera héraðslæknir. Svo er þó eigi, og er dómurinn því eigi rétt skipaður.

2. Í reglunum er málsaðiljum veittur réttur til að ryðja einum hinna „föstu dómara" úr gerðardómnum, hvorum um sig. Hér að framan er greint frá því, að stefnandi bar fram kröfu um ruðning nafngreinds dómara, án þess að þeirri kröfu væri sinnt, og er sú málsmeðferð brot á settum reglum.

3. Í téðum reglum er svo fyrir mælt, að gerðardómur skv. C. E. skuli dæma í hverju máli, sem hann fær til meðferðar, svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en innan misseris frá því að málsaðiljar kusu dómara, nema aðiljar hafi komið sér saman um lengri frest. Þar sem eigi var samið um lengdan frest, eru því einnig um þetta brotnar reglur, sem í gildi eru í Codex Ethicus. — Af framangreindu er einsýnt, að eigi hafa verið virtar gildandi reglur um skipan gerðardómsins og starfshætti hans, og er af þeim ástæðum krafist ógildingar dóms gerðardómsins.

Því er eindregið haldið fram, að krafan um viðurkenningu á broti og viðurlögum vegna þeirrar skýrslu um upplýsingar, sem stefnandi veitti yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum, sé þess eðlis, að siðanefnd og gerðardómur hefðu átt að vísa máli út af þeirri kröfu frá, þar sem það fellur eigi innan ramma þeirra siðareglna, sem greindar eru í Codex Ethicus L.Í., en þau ákvæði ber að sjálfsögðu að skýra þröngt. Skýrslugjöf sú, sem mál þetta snýst um, getur með engu móti talist til neinna þeirra „ráðstafana", sem um ræðir í 1. gr. III. kafla Codex Ethicus L.Í., og því eigi geta skaðað einstaka lækna né læknastéttina almennt. Skýrslugjöfin getur heldur ekki talist bera vott um skort á drengskap eða háttvísi í garð stefnda né annarra lækna eða stéttarinnar, enda var slíkt eigi tilgangur stefnanda. Skýrslugjöfin var þvert á móti gerð af skyldu við yfirboðara og hærra setta embættismenn og auk þess gerð í góðri trú og með vitund stefnda Magnúsar á sínum tíma. Það er því fjarstæða, að um sé að ræða siðleysi eða neitt í þá átt, sem geti talist brot og áminngarvert. Af þessu leiðir, að stefnandi hafði rétt og skyldu til þess að veita þær upplýsingar, sem um ræðir, og geta stéttarfélagsreglur á borð við Codex Ethicus Læknafélags Íslands eigi heft né verið ætlað að hefta þá skyldu og þann rétt, sem styðst við almennar og viðurkenndar reglur um mannréttindi í samræmi við stjórnarskrá Íslands og grundvallarreglur laga. Hvorki læknastéttarsamtök né önnur slík geta með samþykktum sínum og/eða túlkunum nefnda eða gerðardóma skert slík réttindi.

Á þeim röksemdum, sem hér að framan eru greindar, er reist sú krafa

að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda hafi verið rétt og skylt, frjálst og vitalaust með öllu að láta greindum yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum í té þær upplýsingar, sem um er rætt í máli þessu.

Lagarök:

Vísað er til læknalaga nr. 80/1969 og almennra meginreglna um réttindi og skyldur lækna. Einnig er vísað til laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, einkum 1. mgr. 29. gr."

STEFNDI:

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því, í fyrsta lagi, að gerðardómurinn hafi verið rétt skipaður. Hinir „föstu dómendur" hafi verið tilnefndir af læknadeild Háskóla Íslands og kjörnir á aðalfundi Læknafélags Íslands samkvæmt Codex Ethicus lækna.

Í öðru lagi hafi krafa um ruðning eins dómenda komið of seint fram. Um þetta atriði segir svo í greinargerð stefnda:

„Með bréfi til málsaðila, dags. 19. febrúar er þeim tilkynnt hverjir séu hinir „föstu dómendur." Jafnframt sem þeir eru beðnir að tilnefna hvor um sig lækni í dóminn af sinni hálfu. Stefnandi tilnefnir af sinni hálfu dómara í dóminn með bréfi, dags. 16. mars 1986 og hefur þá eigi uppi neina kröfu um ruðningu eins hinna föstu dómara, sem honum var þá heimilt, né gerir nokkrar athugasemdir um skipan gerðardómsins. Þrem dögum síðar sendir hann inn greinargerð sína til gerðardómsins svo skipaðs. Hafði hann því sætt sig við að leggja mál sitt undir gerðardóminn svo skipaðan. Gat stefnandi því eigi síðar undir rekstri málsins krafist ruðningar, eins og réttilega er tekið fram í synjunarúrskurði gerðardómsins á kröfu stefnanda á, að Sigursteini Guðmundssyni verði rutt úr dómnum, sem hann hafði upp hinn 6. júní 1986."

Síðan segir stefndi, að af þessu sé augljóst, að gerðardómurinn hafi verið rétt skipaður og engir þeir gallar séu á málsmeðferð hans, er ógildi geti varðað.

Stefndi bendir á, að samkvæmt ákvæðum Codex Ethicus L.Í. verði úrskurði gerðardómsins eigi áfrýjað. Hinir almennu dómstólar geti því eigi fjallað um efni málsins, einungis skorið úr um, hvort gerðardómurinn hafi starfað löglega. Samkvæmt því sé síðari krafa stefnanda eigi dómtæk og beri að vísa henni frá dómi.

Forsendur og niðurstaða.

Svo sem fyrr segir gerði stefndi þá kröfu, þegar aðalflutningur skyldi hefjast þann 16. maí sl., að málinu yrði vísað frá dómi. Þessari kröfu mótmælti stefnandi og fluttu aðilar síðan mál sitt um frávísunarkröfuna eftir

að aðilaskýrsla hafði verið tekin af stefnanda og vitnaskýrsla af Sigurði Inga Sigurðssyni.

Að því er varðar frávísunarkröfu stefnda skal tekið fram, að það er almennt viðurkennd regla, að almennir dómstólar eigi ekki úrskurðarvald um efnislega niðurstöðu gerðardóma, heldur eigi þeir eingöngu úrskurðarvald um, hvort gerðardómar séu rétt skipaðir og hvort þeir hafi fylgt réttum réttarfarsreglum o.þ.h.

Fyrri kröfuliður stefnunnar er byggður á því, að skipan dómsins og starfshættir hans í málinu hafi ekki verið í samræmi við gildandi reglur, og er í stefnu bent á ýmis atriði í þessu sambandi. Stefnukrafan er eigi haldin neinum þeim ágöllum, er valda því, að hún sé eigi dómtæk, né heldur rökstuðningur hennar.

Síðari kröfuliður stefnunnar varðar niðurstöðu á málsefni því, er gerðardómur læknafélagsins hefur þegar úrskurðað um og á réttilega undir þann dóm skv. Codex Ethicus læknafélagsins, en þar er tekið fram, að úrskurðum hans verði ekki áfrýjað. Dómkrafan er ennfremur eigi greind svo glöggt sem verða má, sbr. 88. gr. laga nr. 65/1936.

Samkvæmt þessu ber að hrinda frávísunarkröfu stefnda að því er varðar fyrri kröfulið stefnunnar, en að því er varðar seinni kröfulið stefnunnar ber að taka hana til greina.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms um fyrri kröfulið stefnunnar.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

2. kröfulið stefnu í máli þessu er vísað frá dóminum.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms um 1. kröfulið.

Mánudaginn 31. október 1988.

Nr. 293/1987. **Jón Ingi Guðjónsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Kristínu Jónasdóttur
(Arnmundur Backman hrl.)

Fjárnám fellt úr gildi. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1987.

Dómkröfur hans eru að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefndu, áfrýjuð fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefndu gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og henni tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar er um að ræða uppsagnarbréf áfrýjanda til vitnisins Valgerðar H. Eyjólfsdóttur, dags. 31. maí 1984, og kvittanir Valgerðar fyrir launum á þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Stefnda telur að henni hafi verið vísað úr starfi vegna deilna um launakjör í lok mars 1984. Vitninu Valgerði H. Eyjólfsdóttur hafi verið sagt upp af sömu ástæðum. Stefnda krefst því launa á þriggja mánaða uppsagarfresti.

Áfrýjandi hefur algjörlega mótmælt því, að stefndu hafi verið vísað úr starfi, heldur hafi hún hætt störfum af heimilisástæðum hennar sjálfrar. Stefnda hefur ekki komið fyrir dóm og staðfest aðilaskýrslu gefna utan réttar. Fram er komið, að hún hættir störfum á öðrum tíma en vitnið Valgerður H. Eyjólfsdóttir og að áfrýjandi sagði Valgerði upp skriflega og með fyrirvara. Gegn andmælum áfrýjanda verður eigi talið sannað, að stefndu hafi verið vísað úr starfi og verður því áfrýjandi þegar af þeim ástæðum sýknaður af öllum kröfum stefndu. Af því leiðir að áfrýjað fjárnám er úr gildi fellt.

Samkvæmt málavöxtum er rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Ingi Guðjónsson, skal sýkn af öllum kröfum stefndu, Kristínar Jónasdóttur, í máli þessu.

Fjárnámsgerð frá 24. september 1987 í Helgafellsbraut 31, Vestmannaeyjum, er úr gildi felld.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 9. júní 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f.m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. mars 1985, en birtri 6. mars s.á. af Kristínu Jónasdóttur, nnr. 5759-4179, Blikastöðum, Mosfellssveit, á hendur Jóni Inga Guðjónssyni verslunarmanni, nnr. 5134-4618, Helgafellsbraut 31, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 56.699,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987 og með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaður verði látinn niður falla.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

Málsaðiljar eru ósammála um málavexti en þeim þykir mega lýsa þannig:

Í marsmánuði 1983 hóf stefnandi afgreiðslustörf í söluturni stefnda „Blaðaturninum" sem stefnandi rekur sem einkafyrirtæki hér í bæ. Ekki gerði stefndi skriflegan ráðningarsamning við stefnanda, en virðist í upphafi hafa samið við þennan starfsmann sinn um vinnutilhögun og launakjör. Eftir því sem fram kemur hjá stefnanda mun stefnandi hafa unnið frá 20. mars 1983 til 20. september s.á., en tók þá launalaust leyfi í 10 daga frá 20. september til 30. september s.á. Hóf stefnandi síðan vinnu aftur 1. október 1983 og vann til 1. desember 1983. Þá tók stefnandi aftur

launalaust leyfi frá 1. desember 1983 til 20. janúar 1984, en hóf síðan aftur vinnu 20. janúar 1984 og vann til 31. mars s.á. Samanlagt gerir tími þessi rúma 12 mánuði og á því tímabili er stefnandi í launalausu leyfi í 61 dag.

Ekki eru aðilar sammála um með hvaða hætti ráðningarslit urðu, hvorki hvað þar lá að baki né hvernig að þeim var staðið. Stefnandi heldur því fram að í lok marsmánaðar 1984 hafi stefndi komið og beðið hana að hætta er hún hefði lokið við sína vakt. Við vaktarlok hafi stefndi aftur komið til stefnanda og kvaðst stefnandi þá hafa beðið um uppsagnarbréf en stefndi sagt að stefnandi ætti ekki rétt á því. Upp úr þessu hætti stefnandi að vinna hjá stefnda. Stefnandi telur að rekja megi ástæðuna fyrir ráðningarslitum til þess að hún og samstarfsstúlka hennar, Valgerður Eyjólfsdóttir, hafi leitað til Verslunarmannafélags Vestmannaeyja til að fá leiðréttingu á launakjörum til samræmis við kjarasamninga. Þær hafi talið að stefndi hafi sniðgengið kjarasamninga við launagreiðslur til þeirra þeim í óhag. Um það hafi verið að ræða að fá einn aukafrídag í mánuði til jöfnunar á lengd vakta, greiðslu á helgidagakaupi fyrir unna helgidaga og kaup fyrir unna matar- og kaffitíma. Sama dag og þær hafi sett þessar kröfur fram hafi stefndi sagt sér upp störfum. Stefndi hafi hins vegar ekki minnst á það að hann væri óánægður með veru barna hennar á og við starfsstað fyrr en eftir að hann hafi verið búinn að segja henni upp starfi.

Stefndi heldur því hins vegar fram að stefnanda hafi alls ekki verið sagt upp starfi heldur hafi hún ekki gefið kost á vinnuframlagi sínu þegar hann hafi gert henni ljóst að það gæti ekki gengið að hún tæki börn sín með sér í vinnuna.

Verða nú raktir í stuttu máli framburðir þeirra sem komu fyrir dóminn við aðalflutning.

Stefndi Jón Ingi Guðjónsson kvað stefnanda og samstarfsstúlku hennar, Valgerði Eyjólfsdóttur, hafa verið ráðnar til starfa í Blaðaturninum við Bárustíg í Vestmannaeyjum eftir þeim skilmálum sem um hafi samist og eftir þeim reglum sem þar hafi gilt. Hins vegar kvað hann sér náttúrlega skylt að hlíta kjarasamningi sem aðilar vinnumarkaðarins semdu um á því sviði sem næði til starfsemi hans.

Vitnið Valgerður Helga Eyjólfsdóttir, sem starfaði samtímis stefnanda í Blaðaturninum á vöktum á móti henni, staðfesti að stefnandi hefði ásamt vitninu farið fram á það við stefnda að fá leiðréttingu á launakjörum í samræmi við það sem þær vissu að aðrir fengju og nefndi vitnið sérstaklega greiðslu vegna helgidaga. Vitnið sagði að þær hefðu fyrst talað við formann Verslunarfélags Vestmannaeyja og hefði hann sagt að krafa þeirra væri réttmæt. Taldi vitnið að þetta hafi verið ástæðan fyrir því að stefnanda var sagt upp störfum, en stefnandi hefði hringt í sig og sagt að búið væri

að segja sér upp. Vitnið sagði að þær hefðu enga leiðréttingu fengið á launakjörum, en sér hafi líka verið sagt upp starfi í kjölfar þess að vitnið fór af stað með það sama. Sér hafi að vísu verið sagt upp með uppsagnarfresti, en á þeim forsendum að það væri verið að draga saman í fyrirtækinu og það ætti að fækka fólki og þau ætluðu að vinna sjálf. Vitnið vissi ekki til að nein vandræði hefðu orðið með vinnu stefnanda vegna barna hennar, enda skildist vitninu að samkomulag hefði verið milli stefnanda og stefnda um að þau mættu koma þarna við.

Steinunn Guðmundsdóttir, sambýliskona stefnda, lýsti ráðningu stefnanda og kvað þau stefnda hafa séð um þann þátt í sameiningu.

Vitnið Rebekka Katrín Hagalínsdóttir, sem starfaði í Blaðaturninum á þeim tíma sem hér um ræðir, kvað börn stefnanda oft hafa verið inni í búðinni hjá stefnanda, en kvaðst ekki vita hvort amast hafi verið við því af hálfu stefnda.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum að um sé að ræða skaðabætur sem jafngildi launum í uppsagnarfresti, sem sé í þessu tilfelli þrír mánuðir. Að öðru leyti miði stefnandi skaðabótakröfu sína við síðustu mánaðarlaun sín. Þótt deilt sé um málsatvik, þá haldi stefnandi því fram og telji sannað að um fyrirvaralausa, ólögmæta uppsögn hafi verið að ræða. Gildandi kjarasamningur kveði á um rétt stefnanda til uppsagnarfrests, enda styðjist samningurinn við stefnumarkandi ákvæði í 1. gr. laga nr. 55/1980, en þar segi að laun og önnur starfskjör sem aðildasamtök vinnumarkaðarins semji um skuli vera lágmarkskjör og samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skuli vera ógildir. Börn stefnanda séu óviðkomandi þessu máli, enda hafi þau ekki verið til ama eða yfir þeim kvartað á meðan stefnandi var í vinnu hjá stefnda. Eftir að stefnandi hafi hins vegar verið hætt í vinnu hjá stefnda hafi börnin orðið ágreiningsefni. Sérstaklega beri að árétta að eftir að stefnandi, Kristín, hafi hafið störf aftur 20. janúar 1984 hafi hún haldið þeim réttindum er hún hafi verið búin að vinna sér inn er hún fór í leyfið 1. desember 1983 í samræmi við grundvallarregluna um að áunnin réttindi haldist. Stefndi hafi ennfremur í samræmi við 1. gr. laga nr. 19/1979 átt að segja stefnanda upp störfum skriflega. Það hafi hann hins vegar ekki gert og bæri nú fyrir sig að um enga uppsögn hafi verið að ræða. Það geti hins vegar engan veginn staðist, enda bersýnilega í andstöðu við 10. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla. Þá sé ennfremur þess að geta að stefnandi haldi hinu gagnstæða fram í aðilaskýrslu. Stefnandi telji þar að ástæðan fyrir því að stefndi hafi sagt sér fyrirvaralaust upp starfi hafi verið sú að hún og vitnið Valgerður hafi með aðstoð síns stéttarfélags reynt að fá leiðréttingu launa sinna með þeim árangri, að þeim hafi verið sagt

upp starfi. Framburður vitnisins Valgerðar fyrir dóminum styðji þessa fullyrðingu stefnanda.

Af hálfu stefnda er á því byggt að stefndi hafi aldrei sagt stefnanda upp starfi. Stefnandi hafi sjálf hætt þegar hún hafi gert sér grein fyrir að það yrði ekki liðið að hún hefði börn sín hjá sér í vinnunni. Stefnandi og stefndi hafi komist að samkomulagi um að hún hætti störfum. Krafa stefnanda í máli þessu um uppsagnarfrest fái þannig ekki staðist. Stefnandi geti ekki byggt á 2. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1979, þar sem það ákvæði gildi ekki um uppsagnarfrest, þar sem um hann geti atvinnurekandi og launþegi samið eins og hér hafi verið gert. Ákvæði í 12.1.1. í tilvitnuðum kjarasamningi eigi af sömu ástæðum heldur ekki við.

Stefndi byggi varakröfu sína annars vegar á því að stefnandi, Kristín, hafi ekki verið fastráðin, að minnsta kosti ekki fyrr en eftir 20. janúar 1984, og þá sé uppsagnarfrestur í hennar tilviki aðeins ein vika. Þá beri einnig á það að líta að stefnandi hafi byrjað aftur að vinna í maí. Tjón Kristínar geti því aldrei verið meira en einn mánuður og beri að miða fjárhæð skaðabóta til hennar við það.

Niðurstaða:

Líta verður svo á að aðiljar hafi í lögskiptum sínum, eftir því sem við gat átt hverju sinni, verið háð ákvæðum kjarasamnings verslunarmanna og vinnuveitenda frá 30. júní 1982. Óumdeilt virðist í málinu að á samningstímanum gerðu aðiljar ekki með sér skriflegan ráðningarsamning. Ennfremur er ágreiningslaust með aðiljum að stefnandi hóf störf hjá stefnda í mars 1983 og að vinnu stefnanda hjá stefnda lauk í lok mars 1984. Í aðiljaskýrslu tilgreinir stefnandi starfstíma sinn og þykir mega miða við þá tilgreiningu sem þar kemur fram, enda henni ekki andmælt af hálfu stefnda.

Fallast má á það með stefnanda að við slit á ráðningarsamningi hafi stefnandi átt rétt á uppsagnarfresti, enda hefur stefnda ekki tekist að sýna fram á að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til slíks uppsagnarfrests með vítaverðri vanrækslu í starfi eða að stefnandi hafi glatað rétti til slíks uppsagnarfrests með öðrum hætti. Viðvera barna stefnanda á vinnustað og þær deilur sem síðar af henni spruttu milli stefnanda og stefnda breyta í engu ofangreindri niðurstöðu. Allan vafa í þessu sambandi verður ennfremur að skýra stefnda í óhag, þar sem hann hafði full tök á því á samningstímanum að ganga svo tryggilega frá ráðningu stefnanda og síðar ráðningarslitum að ekki spryttu síðar deilur þar af. Af þessu leiðir að það sjónarmið stefnda að hann hafi aldrei sagt stefnanda upp störfum kemur ekki hér til álita, né verður það tekið til greina. Þess skal getið að stefnandi heldur því fram að stefndi hafi sagt sér upp störfum og fær það sjónarmið stefnanda stuðning í framburði vitnisins Valgerðar Eyjólfsdóttur.

Kemur þá til álita hversu langan uppsagnarfrest stefnandi hafði áunnið sér er til ráðningarslita kom og hve háar skaðabætur stefnda ber að greiða stefnanda vegna ólögmætra ráðningarslita.

Í samræmi við það sem að framan greinir um starfstíma stefnanda hjá stefnda á samningstímabilinu og með vísan til greinar 12.1.1. í tilvitnuðum kjarasamningi frá 30. júní 1982, verður að líta svo á að stefnandi hafi við ráðningarslit átt rétt á þriggja mánaða uppsaganarfresti. Orlof það er stefnandi tók á samningstímabilinu, að því er virðist með fullri heimild stefnda, verður ekki metið stefnanda til frádráttar í þessu sambandi, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979.

Gegn andmælum stefnanda þykir ekki fært að taka til greina framsetta skuldajafnaðarkröfu að fjárhæð kr. 2.362,00, en af hálfu stefnanda er því haldið fram að reikningar þeir sem krafan byggist á séu stefnanda óviðkomandi. Þessir reikningar eru að öðru leyti mjög ruglingslegir og skortir kröfuna þannig nauðsynlegan skýrleik til þess að hægt sé að taka hana til greina. Þar sem stefndi hefur ekki gagnstefnt fyrir kröfu þessari verður sjálfstæðs dóms eigi krafist um hana, sbr. 49. gr. laga 85/1936. Tölulegum útreikningi stefnanda í stefnukröfu hefur stefndi ekki mótmælt og þykir mega við þann útreikning miða í niðurstöðu.

Vextir reiknast eins og krafist er að öðru leyti en því, sem hér greinir: Þótt með auglýsingum Seðlabanka Íslands frá 18. janúar 1985 og 21. febrúar s.á. hafi vanskilavextir verið gerðir valkvæðir, mánaðarvextir eða ársvextir, þá er ljóst, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 21. febrúar 1985, að einungis er heimilt að beita einum og sama kostinum á sömu skuld frá því hún féll í gjalddaga (varð gjaldkræf) til greiðsludags. Samkvæmt því verður að telja, að vanskilavextir af skuld þessari eigi að vera ársvextir út allt vanskilatímbilið.

Niðurstaða málsins verður því sú að stefnda, Jóni Inga Guðjónssyni, nnr. 5134-4618, ber að greiða stefnanda, Kristínu Jónasdóttur, nnr. 5759-4179, kr. 56.699,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól árlega eins og krafist er í stefnu, í fyrsta sinn 1. júlí 1985, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 23/1986 og 252/1984, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands frá 18. janúar 1985 og síðar.

Í samræmi við úrslit máls þessa, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 85/1936,

skal stefndi greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ingi Guðjónsson, nnr. 5134-4618, greiði stefnanda, Kristínu Jónasdóttur, nnr. 5759-4179, kr. 56.699,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja skal áfallna vexti (vanskilavexti) við höfuðstól skuldarinnar við vaxtareikning á 12 mánaða fresti, talið frá 1. júlí 1985.

Stefndi greiði stefnanda kr. 35.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Vestmannaeyja 24. september 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 24.09., er fógetaréttur Vestmannaeyja háður í skrifstofu réttarins Heimagötu 35 af Jóhanni Péturssyni f.h. bæjarfógeta að viðstöddum undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið fógetamálið nr. 226/1987. Fjárnám að ósk hrl. Arnmundar Backman. Gerðarbeiðandi Kristín Jónasdóttir.

Gerðarþoli Jón Ingi Guðjónsson.

Fógeti leggur fram og þingmerkir: nr. 1 gerðarbeiðni dags. 20.08. 1987, nr. 2 dóm uppkveðinn hinn 09.06.'87 á bæjarþingi Vestmannaeyja.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Halldór Birgisson lögfræðingur og krefst fjárnáms í eignum gerðarþola svo nægi til tryggingar fjárnámskröfunum: kr. 56.699,00 með 19% ársvöxtum frá 01.07. 1984 til 01.01. 1985, með 32% ársvöxtum frá þ.d. til 01.02. 1985, með 45% ársvöxtum frá þ.d. til 01.03. 1985, með 48% ársvöxtum frá þ.d. til 01.06. 1985, með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 01.09. 1985, með 45% ársvöxtum frá þ.d. til 01.03. 1985, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 01.03. 1987, en með 30% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, kr. 35.000,00 í málskostnað, kr. 1.245,00 í endurrit, birtingu og kr. 1.610,00 ritun gerðarbeiðni auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétturinn var nú fluttur að: Helgafellsbraut 31, heimili gerðarþola, en enga er þar að finna.

Fyrir gerðarþola er mættur Ragnar Ólafsson, starfsmaður bæjarfógeta, og samþykkir að gerðin fari fram og verði lokið hér á staðnum, en kveðst hins vegar ekki geta greitt fjárnámskörfurnar.

Fógeti skoraði þá á mætta að benda á eignir til fjárnáms og bryndi fyrir mættum, að það gæti varðað refsingu að skýra rangt frá fyrir réttinum. Fógeti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar. Var þá bent á og upp skrifað:

Helgafellsbraut 31, þinglýst eign gerðarþola.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði fjárnám í framangreindu til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda, að geymdum betra rétti þriðja manns, og bryndi fyrir mættum að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, að í bága bryti við gerð þessa og rétt gerðarbeiðanda, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Mánudaginn 31. október 1988.

Nr. 60/1988. **Ingibjörg Pálsdóttir**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Fasteignaþjónustunni
(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Fasteignasala. Kröfugerð. 45. gr. laga nr. 25/1973.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1988. Hún krefst aðallega frávísunar frá héraðsdómi, en til vara sýknu af kröfum stefndu. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi styður kröfu sína um frávísun málsins þeim rökum, að fyrir héraðsdómi hafi hún legið til úrlausnar, en um hana hafi láðst að dæma. Lögmaður áfrýjanda kveðst í greinargerð sinni til héraðsdóms hafa krafist frávísunar með því að stefnukrafan hafi verið svo vanreifuð að næsta ómögulegt hafi verið að taka til varna um efni hennar. Þannig hafi krafan ekki fengist sundurliðuð, en hún sé fyrir verðmat á húseignum, þar sem meira sé metið en um var beðið. Hafi krafan því ekki verið dómtæk. Þá bendir hann á, að við munnlegan flutning málsins hafi verið bókað í þingbók að hann „gerði sömu kröfur og í greinargerð".

Lögmaður stefndu andmælir því að frávísunarkrafan hafi verið til úrlausnar fyrir héraðsdómi og nú sé hún of seint fram komin og séu ekki skilyrði til að koma henni að sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Auk þess hafi hún ekki efnislega við rök að styðjast.

Svo sem að framan greinir hafði áfrýjandi uppi kröfu um frávísun málsins í greinargerð sinni til héraðsdóms, sem lögð var fram 30. september 1986. Í þinghaldi 20. mars 1987 var bókað við fyrirtöku málsins: „Lögmaður stefnda féll frá kröfu um frávísun málsins." Er málið var flutt munnlega hið fyrra sinn, 6. maí 1987, krafðist hann samkvæmt bókun í þingbók sýknu, en kröfu um frávísun er ekki getið. Bókunar á kröfum aðaláfrýjanda við síðari munnlegan málflutning var áður getið. Lögmönnum málsaðila kemur ekki saman um hvort eða hvernig frávísunarkrafan var reifuð við aðalflutning málsins. Þrátt fyrir framangreint orðalag á bókun héraðsdómara á kröfum áfrýjanda þykir með tilvísun til yfirlýsingar áfrýjanda um að falla frá frávísunarkröfunni og bókunar í þinghaldi 6. maí 1987 ekki sannað, að hún hafi á síðari stigum málsins legið svo skýrt fyrir, að héraðsdómara bæri að leysa úr henni. Er kröfunni því hafnað nú með vísun til 45. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi fékk stefndu fasteignina til sölumeðferðar. Af gögnum málsins er ekki ljóst hvaða venja ríkti á fasteignamarkaðinum um töku greiðslu fyrir verðmat fasteigna á þeim tíma, er hér skiptir máli. Af hálfu fyrirsvarsmanna stefndu er viðurkennt að í auglýsingum hafi hann notað slagorðið „Verðmetum íbúðir endurgjaldslaust". Þá hefir hann látið hafa eftir sér í afmælisviðtali í dagblaði,

að fyrirtækið hafi verið brautryðjandi í því „að bjóða viðskiptavinum mat á eignum án skuldbindingar og eigendunum að kostnaðarlausu". Við þessar aðstæður var nauðsynlegt að fyrirsvarsmaður stefndu gerði áfrýjanda grein fyrir því, þegar hann tók að sér verðmatið, að hann hygðist taka greiðslu fyrir það. Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefnda ekki leitt í ljós, að svo hafi verið. Þykir af þeim sökum bera að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingibjörg Pálsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefndu, Fasteignaþjónustunnar, í máli þessu.

Stefnda greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti 40.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. desember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 22. ágúst 1986 af Fasteignaþjónustunni, nafnn. 2303-9796, Austurstræti 17, Reykjavík, gegn Ingibjörgu Pálsdóttur, nafnnr. 4632-9503, Skildinganesi 33, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 20.000,00 með 3,75% dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, þá með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð til 1. júní 1985, þá með 3,5% dráttarvöxtum til 1. september 1985, þá með 3,75% dráttarvöxtum til 1. mars 1986, þá með 2,75% dráttarvöxtum til 1. apríl 1986 og þá með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar en án árangurs.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu að umstefnd skuld sé samkvæmt reikningi nr. 45, dags. í janúar 1985, að fjárhæð kr. 20.000,00 vegna verð-

mats fasteignarinnar Grensásvegar 12, Reykjavík, þann 7. desember 1984.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum að stefnda hafi snúið sér til stefnanda og óskað verðmats á fasteigninni að Grensásvegi 12, Reykjavík. Stefnandi hafi framkvæmt umbeðna vinnu og jafnframt hafi stefndu verið gert ljóst að hún yrði að greiða fyrir umbeðna þjónustu. Stefndu hafi legið á að fá matið framkvæmt, og hafi stefnandi skilað stefndu ítarlegu verðmati í desember 1984 sem hún viðurkenni að hafa fengið í hendur. Stefnandi hafi síðan sent stefndu reikning fyrir vinnu sinni í janúar 1985, enda hafi honum eingöngu verið falið að meta fasteignina til verðs en ekki hafi honum verið falin eignin til sölumeðferðar. Eftir að stefnda fékk reikninginn í hendur hafi hún falið stefnanda eignina í einkasölu en skömmu síðar tekið fasteignina úr sölu. Hefði stefnandi frétt um það leyti að eignin hefði verið seld.

Stefnandi hafi unnið verðmat sem mikil vinna liggi að baki, og beri honum greiðsla fyrir vinnu sína. Reikningi stefnanda sé mjög í hóf stillt og sé krafa hans í samræmi við 12. gr. viðmiðunargjaldskrár Félags fasteignasala, er gildi tók 1. september sl. og byggð sé á venjum, er skapast hafi í fasteignaviðskiptum á undanförnum árum.

Af hálfu stefndu hefur málavöxtum verið lýst þannig að stefnda hafi haft hug á því ásamt börnum sínum að selja nokkurn hluta fasteignarinnar nr. 12 við Grensásveg. Hafi hún leitað til nokkurra fasteignasala og óskað álits þeirra á sölumöguleikum. Hafi þá, eins og venja sé, verið rætt við þá og kannaðar hugmyndir um verð, útborgun, greiðslu eftirstöðva, veðtryggingar og annað það er fasteignasalar leiðbeini seljendum með vegna fyrirhugaðrar sölu. Hafi stefnandi verið meðal þeirra aðila er stefnda hafi leitað til og falið sölu eignarhlutans.

Stefndu hafi verið tjáð að stefnandi hafi auglýst eignarhlutann en ekki hafi tekist að útvega kaupanda. Aldrei hafi komið til tals að stefnandi áskildi sér þóknun eða að stefndu bæri að greiða kostnað af þessum sölutilraunum stefnanda eða greiða þóknun fyrir álit á því hvað væri hæfilegt verð fyrir þann hluta eignarinnar er til sölu var boðinn.

Stefnda byggir dómkröfur sínar á því að áratuga reynsla sé fyrir því að slík þjónusta fasteignasala sé hluti starfs þeirra og nauðsynlegur undanfari sölutilrauna. Takist fasteignasala að útvega kaupanda taki hann þóknun sína af söluandvirðinu, en ella enga ef honum tekst ekki að finna kaupanda og sölutilraunir hans bera ekki árangur. Í ljósi þessarar áratuga venju verði að telja að hefði stefnandi ætlað að bregða út af þessari föstu venju hafi honum borið að vekja sérstaklega athygli stefndu á því. Engin önnur af fasteignasölum þeim sem stefnda hafi leitað til með sölu hafi haft uppi kröfur vegna þessarar þjónustu.

Því er mótmælt af hálfu stefndu að hún hafi beðið um mat á bakhúsi undir lið c í verðmati. Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt af hálfu stefndu,

bæði að því er tekur til hundraðshluta og tímalengdar. Þá er stefnufjárhæð mótmælt sem allt of hárri.

III.

Upplýst er, að í desember 1984 fól stefnda stefnanda að meta til verðs fasteign að Grensásvegi 12, Reykjavík. Óskaði stefnda eftir skriflegu verðmati, þar sem verð fasteignarinnar yrði metið samkvæmt hefðbundnum greiðslukjörum í fasteignaviðskiptum og að jafnframt yrði reiknað út staðgreiðsluverðmæti fasteignarinnar. Stefnandi framkvæmdi umbeðið verðmat, og er það dagsett 7. desember 1984.

Telja verður að verðmat það er stefnandi framkvæmdi hafi verið ítarlegra en almennt gerist í sambandi við sölu fasteigna, enda upplýst að stefnanda var á þessum tíma einungis falið að framkvæma verðmatið en var ekki jafnframt falin eignin til sölumeðferðar. Líta verður svo á að stefnanda beri greiðsla fyrir þá vinnu er hann lét stefndu í té, enda ósannað að stefnandi hafi tekið þessa vinnu að sér stefnanda að kostnaðarlausu, og ekkert hefur komið fram í málinu er benti til þess að matið hafi ekki komið stefndu að notum eins og til var ætlast.

Upplýst er að í byrjun árs 1985 var stefnanda og Eignamiðluninni báðum falin fasteignin að Grensásvegi 12 til sölumeðferðar og að eignin var seld fyrir milligöngu Eignamiðlunarinnar. Sú staðreynd að stefnandi tekur umrædda fasteign í sölumeðferð þykir ekki fela í sér að þar með hafi stefnandi fallið frá kröfu sinni um að fá greiðslu fyrir verðmatið, og hefur stefnda ekki sýnt fram á það með öðrum hætti að stefnandi hafi fallið frá þeirri kröfu sinni.

Gegn andmælum stefndu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að stefnda hafi beðið um mat á bakhúsi sem tilgreint er undir lið c í verðmati. Þar sem verðmat stefnanda byggist á því að um þrjú hús sé að ræða og reikningur hans fyrir verkið er ósundurliðaður, þykir stefndu einungis verða gert að greiða ⅓ hluta umkrafins reiknings eða kr. 13.333,00.

Vaxtakrafa stefnanda er tekin til greina eins og nánar greinir í dómsorði, enda hefur ekki verið sýnt fram á að vaxtakrafa stefnanda eigi sér ekki stoð.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 29.000,00, þar með talinn söluskattur.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefnda, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnanda, Fasteignaþjónustunni, kr. 13.333,00 með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða

brot úr mánuði frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6. maí 1987, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 29.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1988.

Nr. 315/1988. **Lækjarveitingar hf.**

gegn

Sérsmíði hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lækjarveitingar hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1988.

Nr. 321/1988. **Páll Finnbogason**
gegn
Samvinnubanka Íslands vegna
Samvinnubanka Íslands á Selfossi

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Finnbogason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1988.

Nr. 43/1988. **Sveinn Gunnar Óskarsson**
(Örn Clausen hrl.)
gegn
þb. Töggs hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gjaldþrotalög. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar sl. og gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum 214.596,00 krónur auk eftirfarandi vanskilavaxta: 3,6% á mánuði frá 1. október 1987 til 1. nóvember s.á., 3,8% á mánuði frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,1% á mánuði frá þeim degi til 1. janúar 1988, 4,3% á mánuði frá þeim degi til 1. mars s.á., 3,8% á mánuði frá þeim degi til 1. maí s.á., 3,7% á mánuði frá þeim degi til 1. júlí s.á., 4,4% á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 4,7% á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., 4,1% á mánuði frá þeim degi til 1. október s.á., 2,8% á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en 27,6% á ári frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Til vara gerir hann þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 101.791,00 krónu auk vaxta frá 1. október 1987 til greiðsludags svo sem þeir eru sundurliðaðir í aðalkröfu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Til vara er þess krafist að áfrýjanda verði dæmd 101.791,00 króna, án vaxta, og málskostnaður látinn niður falla.

Töggur hf. sagði áfrýjanda upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara frá 1. febrúar 1987 að telja. Daginn eftir var félaginu heimiluð greiðslustöðvun í þrjá mánuði. Sú heimild var tvívegis endurnýjuð en rann endanlega út þann 15. júní 1987. Þann 16. s.m. var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni félags-

stjórnar. Áfrýjandi heldur því fram, að er uppsagnarfrestur hans rann út þann 1. maí 1987 hafi hann verið endurráðinn ótímabundið af þeim aðilum, sem önnuðust rekstur félagsins. Sama hafi gilt um fleiri starfsmenn. Starfsfólkinu hafi verið sagt, að í ráði væri að selja fyrirtækið og fólkið myndi halda störfum sínum.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að eftir 1. maí 1987 hafi verið mikil óvissa um framhald starfsemi félagsins. Forráðamenn þess hefðu þó verið bjartsýnir um að selja mætti það öðrum aðilum og forða því þannig frá gjaldþroti. Starfsfólk hafi því verið beðið að starfa eitthvað áfram og flestir gert það.

Hvorki áfrýjandi, fyrirsvarsmenn félagsins né heldur nokkur annarra fyrrum starfsmanna þess komu fyrir héraðsdóm og tjáðu sig um, hver starfskjör giltu hjá félaginu eftir 1. maí 1987 eða hvað sagt var um framhald fyrirtækisins. Þar sem málið er vanreifað um þessi atriði þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir héraðsdómara að endurupptaka málið með tilvísun til 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. laga nr. 6/1978, og gefa aðilum kost á að bæta úr göllum á málatilbúnaði.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og úrskurðar að nýju.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykavíkur 9. desember 1987.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 1. desember 1987. Meðferð þess var endurupptekin og málið að nýju tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðilja, Sveins Gunnars Óskarssonar, nafnnr. 8757-4644, Jakaseli 34, Reykjavík, eru þær að við skipti á þrotabúi Töggs hf., Reykjavík, verði krafa hans að fjárhæð samtals kr. 214.596,00 tekin til greina sem forgangskrafa. Auk þess krefst hann mánaðarlegra vanskilavaxta frá 1. október 1987 og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, þrotabú Töggs hf., krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðilja verði algerlega hafnað og honum gert að greiða varnaraðilja máls-

kostnað að mati réttarins. Til vara krefst varnaraðili þess að krafa sóknaraðilja verði aðeins tekin til greina sem forgangskrafa að fjárhæð kr. 101.791,00 en kröfum hans hafnað að öðru leyti og að málskostnaður verði í því tilviki látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Með bréfi sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík hinn 30. janúar 1987 fór stjórn Töggs hf., Reykjavík, nafnnr. 8959-1902, þess á leit að félaginu yrði heimiluð greiðslustöðvun í þrjá mánuði. Var fallist á þá beiðni með úrskurði réttarins uppkveðnum 2. febrúar 1987. Sú heimild var síðan framlengd tvívegis og rann út 15. júní 1987. Hinn 16. sama mánaðar var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði réttarins samkvæmt beiðni félagsstjórnarinnar.

Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 8. september 1987.

Í upphafi skiptameðferðar búsins var Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu, og á fyrsta skiptafundi þess, sem haldinn var hinn 12. október 1987, var hann kosinn skiptastjóri þess.

Af hálfu sóknaraðilja máls þessa var tvívegis lýst kröfum í búið. Í skrá yfir lýstar kröfur í búið, sem tekin var til meðferðar á skiptafundinum 12. október 1987, lýsti bústjóri þeirri afstöðu til krafna sóknaraðilja að hann hafnaði viðurkenningu tiltekinna kröfuliða hans en samþykkti aðra. Þessari afstöðu var af hálfu sóknaraðilja mótmælt á skiptafundinum, og voru þau andmæli ítrekuð á skiptafundi hinn 26. október 1987 og þá ákveðinn rekstur máls þessa.

Ágreiningur málsaðilja snýst um kröfu sóknaraðilja til launa á uppsagnarfresti fyrir tímabilið 15. júní til 15. september 1987 og orlofsfjár af þeim launum. Tölulega er sú krafa sundurliðuð þannig:

Laun 15/6 - 15/9 1987	kr.	214.971,00
÷ Greitt af þrotabúinu upp í kröfuna	"	18.479,00
	kr.	196.492,00
÷ Vangreitt orlof	"	18.104,00
Kröfufjárhæð samtals	kr.	214.596,00

III.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar í málinu á því að sér beri bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti. Samkvæmt því eigi hann rétt til launa á tíma-

bilinu frá því honum var gert að hætta störfum hjá félaginu hinn 15. júní 1987 í þrjá mánuði eða til 15. september 1987.

Sóknaraðili heldur því fram að sér hafi verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara hjá félaginu frá 1. febrúar 1987 að telja, en hann síðan verið endurráðinn ótímabundið af þeim aðiljum sem önnuðust rekstur félagsins á þeim tíma er félagið hafði heimild til greiðslustöðvunar. Hafi á þeim tíma þótt fyrirsjáanlegt að félagið mundi halda áfram starfsemi sinni þrátt fyrir rekstrarörðugleika. Við endurráðninguna hafi stofnast nýr uppsagnarfrestur gagnvart sóknaraðilja, 3 mánuðir.

Sóknaraðili heldur því og fram að á uppsagnarfrestinum eigi hann rétt til hliðstæðra launa að öllu leyti eins og hann hefði haft ef hann hefði unnið það tímabil hjá félaginu. Eigi hann því bæði rétt til fastra launa á tímabilinu og til söluþóknunar sem hann hafi haft og verið stór hluti tekna hans hjá félaginu.

Sóknaraðili hefur undir rekstri málsins gert þá grein fyrir kröfufjárhæðum að föst mánaðarlaun hans á umræddu tímabili hafi verið kr. 36.957,00. Síðan hafi hann reiknað sér sölulaun fyrir þessa þrjá mánuði og haft þar til viðmiðunar sölulaun sín síðasta mánuðinn sem hann starfaði hjá félaginu, sem voru kr. 34.700,00. Sé sú kröfugerð mjög hófleg þegar litið sé til þess að hann hafi að meðaltali síðustu 19 mánuði starfstíma síns hjá félaginu haft kr. 43.774,84 í sölulaun á mánuði. Svo sem ráða megi af þessum fjárhæðum hafi sölulaun verið mjög stór hluti launa sóknaraðilja. Hefði hann ekki undir neinum kringumstæðum ráðið sig til starfa hjá félaginu ef hann hefði aðeins átt að hafa kr. 36.957,00 á mánuði.

Aðalkrafa varnaraðilja er á því reist að sóknaraðilja hafi verið sagt upp störfum hjá Töggi hf. með þriggja mánaða fyrirvara frá 1. febrúar 1987 og hann því átt að hætta störfum hinn 30. apríl 1987. Um mánaðamótin apríl/maí hafi verið mikil óvissa um framhald starfsemi félagsins. Forráðamenn félagsins hafi þó verið bjartsýnir um að hægt yrði að selja fyrirtækið öðrum aðiljum og forða því þannig frá gjaldþroti. Starfsfólk hafi því verið beðið um að starfa eitthvað áfram, sem flestir hafi gert. Eftir 1. maí hafi menn nánast verið ráðnir frá viku til viku eða frá mánuði til mánaðar. Enginn starfsmanna hafi verið endurráðinn, en flestir haldið áfram á þessum grundvelli í þeirri von að úr mundi rætast um reksturinn og að þá yrði hægt að endurráða þá.

Varnaraðili tekur fram að þegar tekin hafi verið afstaða til launakrafna í búið hafi sú ákvörðun verið tekin að samþykktar voru kröfur starfsmanna félagsins um laun til loka júnímánaðar. Hafi sóknaraðili þá sérstöðu meðal fyrrverandi starfsmanna félagsins að hann einn geri kröfu til launa á endurnýjuðum uppsagnarfresti en aðrir hafi fallist á fyrrgreinda ákvörðun búsins.

Varakrafa varnaraðilja er á því reist að sóknaraðili eigi ekki rétt á að reikna inn í launakröfu sína áætlaða söluþóknun á uppsagnarfrestinum. Fallist rétturinn á að sóknaraðili eigi rétt til launa fram yfir 30. júní 1987 beri aðeins að taka til greina hin föstu laun frá 1. júlí til 15. september 1987, kr. 92.395,00 auk orlofsfjár, kr. 9.396,00, eða samtals kr. 101.791,00. Sóknaraðili geti ekki á óunnum uppsagnarfresti átt rétt til sölulauna eins og þeirra sem hann hafi haft í starfi sínu hjá Töggi hf. Slík sölulaun séu einhvers konar bónusgreiðslur tengdar árangri hans við sölu. Á þeim tíma sem hér um ræðir hafi sóknaraðili ekki selt neitt fyrir Tögg hf. og eigi því ekki rétt til slíkrar þóknunar úr þrotabúi félagsins. Telur varnaraðili ekki skipta neinu máli í þessu sambandi hvort umrædd sölulaun hafi verið stór eða lítill hluti launa sóknaraðilja á þeim tíma er hann starfaði hjá Töggi hf.

IV.

Enginn tölulegur ágreiningur er með aðiljum í máli þessu.

Óumdeilt er að sóknaraðilja og öðrum starfsmönnum Töggs hf. var sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. febrúar 1987 að telja. Ekki er heldur um það deilt að flestir starfsmanna félagsins unnu áfram í þágu þess um tíma eftir að uppsagnarfresturinn rann út. Hins vegar er ágreiningur um það með málsaðiljum með hvaða hætti var staðið að ráðningu sóknaraðilja til starfa á því timabili sem í hönd fór við lok uppsagnarfrestsins og fram til þess er félagið hætti starfsemi.

Sóknaraðili hefur ekki haldið því fram að hann hafi verið ráðinn á öðrum forsendum eða á öðrum kjörum hvað þetta atriði snertir heldur en aðrir starfsmenn félagsins. Hann hefur heldur ekki mótmælt þeirri staðhæfingu varnaraðilja undir rekstri málsins að allir aðrir starfsmenn félagsins á þessum tíma hafi talið sig vera á tímabundnum vinnusamningi við félagið á hinu umdeilda tímabili. Í ljósi þessa og þar sem ekkert er upplýst í málinu annað en að framan greinir um ráðningu sóknaraðilja til starfa hjá Töggi hf. eftir 1. maí 1987 þykir sóknaraðili ekki hafa leitt að því haldbær rök að hinn 16. júní 1987 hafi vinnusamningi hans við Tögg hf. verið þannig háttað að hann hafi vegna fyrirvaralausra slita samningsins átt rétt til launa hjá félaginu eða þrotabúi þess næstu þrjá mánuði. Samkvæmt því verður að hafna öllum kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu, Sveins Gunnars Óskarssonar, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1988.

Nr. 351/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Ragnari Erni Eirikssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu úrskurðarins, hinn 30. október sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti 1. nóvember sl. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Ísafjarðarsýslu 30. október 1988.

Ár 1988, sunnudaginn 30. október er á dómþingi sakadóms Ísafjarðarsýslu, sem háð er í lögreglustöðinni á Ísafirði af Katrínu Hilmarsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglan á Ísafirði hefur krafist þess að Ragnari Erni Eirikssyni, Grýtubakka 30, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til sunnudagsins 6. nóvember nk. kl. 21:00.

Að kvöldi föstudagsins 28. október eða aðfaranótt laugardagsins 29. október sl. var brotist inn í lyfjaverslun sem er í heilsugæslustöðinni á Þingeyri og stolið þaðan lyfjum, sprautum og sprautunálum.

Aðalsteinn B. Aðalsteinsson, til heimilis að Brekkugötu 20 á Þingeyri, hefur játað fyrir lögreglu að hafa brotist inn í lyfjaverslunina og stolið þaðan lyfjum, sprautum og sprautunálum, og hefur hann borið að kærði,

Ragnar Örn, hafi verið með honum við innbrotið og að hann hafi líka tekið þaðan lyf o.fl. Kveður kærði Aðalsteinn að þeir hafi síðan farið í „partý" að Brekkugötu 40 og hafi þeir báðir neytt hluta af lyfjunum þar, þ.e. þeir hafi sprautað sig í æð þar inni á salerninu.

Kærði Ragnar Örn hefur borið, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að hann hafi verið í „partýi" í húsi á Þingeyri umrædda nótt og hafi hann farið þangað með kærða Aðalsteini.

Kærði Ragnar Örn hefur hins vegar þvertekið fyrir að hafa brotist inn í lyfjaverslunina og kveðst engra lyfja hafa neytt og engin lyf hafa séð hjá kærða Aðalsteini og kveður hann að kærði Aðalsteinn hafi ekki minnst á nein lyf.

Húsráðandi að Brekkugötu 40 á Þingeyri, Valdís Bára Kristjánsdóttir, og önnur stúlka sem var gestkomandi í húsinu umrædda nótt hafa báðar borið fyrir lögreglu að kærðu hafi komið þar um nóttina. Hafa þær báðar borið að kærðu, Aðalsteinn og Ragnar Örn, hafi farið a.m.k. tvisvar saman inn á salernið og dvalist þar drykklanga stund. Valdís Bára hefur borið að eftir að kærðu voru farnir úr húsinu hafi hún séð blóðslettur í baðherberginu, m.a. á vaski, baðkeri og á gólfi.

Kærði Ragnar Örn hefur borið, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi, að hann hafi verið með kærða Aðalsteini að kvöldi 28. október sl. er þeir sátu að drykkju að Brekkugötu 20, svo og um nóttina, þar til Aðalsteinn yfirgaf samkvæmið að Brekkugötu 40 og kærði Ragnar Örn nokkru síðar. Kveðst kærði Ragnar Örn ekki minnast þess að þeir hafi orðið viðskila um kvöldið eða nóttina, fyrr en Aðalsteinn fór heim að sofa, þótt hann útiloki ekki að svo kunni að hafa verið. Ber hann fyrir sig að hann hafi verið mjög drukkinn.

Niðurstaða:

Með hliðsjón af framburði kærða Aðalsteins Aðalsteinssonar, sem hefur játað fyrir lögreglu að hafa brotist inn í lyfjaverslunina, tekið þaðan lyf ásamt sprautum og sprautunálum umrædda nótt og ber að kærði Ragnar Örn hafi verið með honum við innbrotið, að kærði Ragnar Örn hafi einnig tekið þaðan lyf o.fl. og að þeir hafi báðir farið inn á salernið að Brekkugötu 40 og neytt hluta af lyfjunum þar, og með hliðsjón af framburði vitna sem bera að kærðu hafi farið saman inn á salernið að Brekkugötu, svo og því að kærði Ragnar Örn hefur borið að hann og Aðalsteinn hafi verið saman allt kvöldið og alla nóttina og minnist þess ekki að þeir hafi orðið viðskila, og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu lögrelgunnar á Ísafirði til greina að fullu, enda kærði undir rökstuddum grun um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, sem varðað

getur hann fangelsisrefsingu. Eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi þessu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti gæsluvarðhaldi til sunnudagsins 6. nóvember nk. kl. 21:00.

Mánudaginn 7. nóvember 1988.

Nr. 22/1987. **Akraneskaupstaður**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Birni Jónssyni og
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Björn Jónsson
gegn
Akraneskaupstað,
menntamálaráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ráðningarsamningur. Uppsögn. Skaðabætur. Grunnskólalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi, Akraneskaupstaður, skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. janúar 1987. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að krafa gagnáfrýjanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi, Björn Jónsson, áfrýjaði málinu með stefnu 6. janúar 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. desember 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdir óskipt til að greiða honum 104.690,00 krónur með 35% ársvöxtum af 11.048,00 krónum frá 1. október 1983 til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1983, með 32% ársvöxtum af 22.538,00 krónum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum af 34. 027,00 krónum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum af 45.517,00 krónum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 31. janúar 1984, með 15% ársvöxtum af 57.007,00 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 1984, með 15% ársvöxtum af kr. 68.496,00 krónum frá þeim degi til 31. mars 1984, með 15% ársvöxtum af 80.561,00 krónu frá þeim degi til 30. apríl 1984, með 15% ársvöxtum af 92.626,00 krónum frá þeim degi til 31. maí 1984, með 15% ársvöxtum af 104.690,00 krónum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 14. maí 1986, með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1986, með 15,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1986, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1986, með 16,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. desember 1986, með 17,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1987, með 18,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl 1987, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988,

með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% frá þeim degi og áfram með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, eins og þeir eru hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er gerð krafa um það að vextir séu höfuðstólsfærðir samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 14. apríl 1988. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi og stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdir óskipt til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði í því tilviki látinn niður falla.

Í 4. mgr. 34. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla segir svo: „Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarfólk í mötuneyti." Er frumvarp til laga um grunnskóla var lagt fyrir Alþingi var hliðstætt ákvæði í 2. mgr. 34. gr. frumvarpsins svohljóðandi: „Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stundakennara, forfallakennara, skólaráðskonu við grunnskóla með færri nemendum samtímis en 30, svo og annað starfsfólk mötuneytis." Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. um þessa grein: „Samkvæmt 2. mgr. ber skólastjóra að ráða með samþykki skólanefndar það starfsfólk, sem þar er talið, og greiðir ríkissjóður laun þess. Sveitarstjórn ræður húsvörð, ... Sveitarstjórn ræður einnig lausráðið starfsfólk, annað en það, sem um er getið í 2. mgr. ..." Við meðferð frumvarpsins á Alþingi voru gerðar á því breytingar, einkum um starf skólaráðskonu og því gefið starfsheitið skólabryti og sérstaklega tekið fram, að þeir séu ríkisstarfsmenn. Af umræðum og þingskjölum verður ekki ráðið, hvers vegna þessar breytingar leiddu til þess orðalags 4. mgr. 34. gr. sem Alþingi samþykkti eða hvers vegna 30 nemenda mark var sett um heimild skólastjóra til

að ráða stundakennara. Í lögin voru engin bein fyrirmæli sett um það hver ráða skuli stundakennara í grunnskólum þar sem nemendur eru 30 eða fleiri. Í þremur erindisbréfum útgefnum af menntamálaráðherra, nr. 185/1976 fyrir skólanefndir grunnskóla, 24. gr., nr. 197/1976 fyrir skólastjóra grunnskóla, 10. gr. og nr. 198/1976 fyrir kennara í grunnskóla, 3. gr., segir hins vegar að skólastjóri ráði stunda- og forfallakennara grunnskóla með samþykki skólanefndar. Í erindisbréfunum er í þessu efni ekki gerður neinn greinarmunur á skólum með færri nemendur en 30 og skólum með 30 nemendum eða fleiri. Erinidisbréf þessi fá ekki breytt settum lögum.

Skólastjóri Grunnskóla Akraness réð gagnáfrýjanda til stundakennslu haustið 1975 og er ekkert komið fram um það, að skólanefndin hafi haft afskipti af ráðningunni.

Telja verður eins og hér stendur á, að skólastjórinn hafi ráðið gagnáfrýjanda í umboði og á ábyrgð menntamálráðuneytisins, sem telst því ráðningaraðili í skilningi 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaganna, enda berum orðum tekið fram í skýringum við frumvarp til laga um grunnskóla, að laun stundakennara greiðist úr ríkissjóði.

Formaður skólanefndarinnar hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að skólanefndinni hafi ekkert erindi borist um það, að gagnáfrýjandi fengi ekki stundakennslu skólaárið 1983/1984 og hafi ekkert samráð verið haft við nefndina um þetta.

Upplýst er að allt frá árinu 1978 fékk gagnáfrýjandi kennaralaun sín greidd beint frá fjármálaráðuneytinu án nokkurrar milligöngu aðaláfrýjanda, og voru launin tilgreind á launaseðlum, sem hann fékk mánaðarlega frá fjármálaráðuneytinu.

Eigi er sannað, að gagnáfrýjanda hafi borist lögmæt uppsögn samkvæmt 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga fyrir 1. júní 1983. Þegar þetta er virt og málavextir að öðru leyti þykir bera að fella fébótaábyrgð á hinni ólögmætu uppsögn á ríkissjóð, en gagnáfrýjandi hefur ekki sannað, að aðaláfrýjandi beri einnig ábyrgð á henni. Verður sýknukrafa aðaláfrýjanda því tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málsksotnaður gagnvart honum falli niður.

Af þeim ástæðum, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um bótafjárhæð. Verða stefndu því dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda 104.690,00 krónur með vöxtum

eins og í dómsorði greinir svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 90.000,00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Akraneskaupstaður, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Björns Jónssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður að því er varðar aðaláfrýjanda.

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda 104.690,00 krónur með 35% ársvöxtum af 11.048,00 krónum frá 1. október 1983 til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1983, með 32% ársvöxtum af 22.538,00 krónum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum af 34.027,00 krónum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum af 45.417,00 krónum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 31. janúar 1984, með 15% ársvöxtum af 57.007,00 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 1984, með 15% ársvöxtum af 68.496,00 krónum frá þeim degi til 31. mars 1984, með 15% ársvöxtum af 80.561,00 krónu frá þeim degi til 30. apríl 1984, með 15% ársvöxtum af 92.626,00 krónum frá þeim degi til 31. maí 1984, með 15% ársvöxtum af 104.690,00 krónum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 21. maí 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Gagnáfrýjanda

er heimilt að leggja vexti, sem á falla eftir 14. apríl 1987, við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndu greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 90.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1986.

l.o.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 17. október sl., hefur séra Björn Jónsson sóknarprestur, nafnnr. 1339-5632, Höfðabraut 7, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 14. og 21. maí 1986 á hendur Þorsteini Pálssyni fjármálaráðherra, nafnnr. 9753-5388, Brúnalandi 3, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs, Sverri Hermannssyni menntamálaráðherra, nafnnr. 8785-2156, Einimel 9, Reykjavík, f.h. menntamálráðuneytisins og Ingimundi Sigurpálssyni, nafnnr. 4698-4005, bæjarstjóra, Akranesi, f.h. Akraneskaupstaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 104.590,00 með 35% ársvöxtum af kr. 11.048,00 frá 01.10. '83 - 20.10. '83 og 32% ársvöxtum frá þeim degi til 31.10. '83 og 32% ársvöxtum af kr. 22.538,00 frá þeim degi til 20.11. '83 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. '83 og 27% ársvöxtum af kr. 34.027,00 frá þeim degi til 20.12. '83 og 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31.12. '83 og 21,5% ársvöxtum af kr. 45.517,00 frá þeim degi til 20.01. '84 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til 31.01. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 57.007,00 frá þeim degi til 28.02. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 68.496,00 frá þeim degi til 31.03. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 80.561,00 frá þeim degi til 30.04. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 92.626,00 frá þeim degi til 31.05. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 104.690,00 frá þeim degi til 11.08. '84 of 17% ársvöxtum frá þeim degi til 01.01. '85 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.05. '85 og 22% ársvöxtum frá þeim degi til 01.03. '86 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til 01.04. '86 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til stefnudags og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefndu fjármála- og menntamálaráðherra er þess krafist að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins. Til vara er þess krafist að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn falla niður.

Af hálfu stefnda Akraneskaupstaðar er þess krafist að kaupstaðurinn verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða Akraneskaupstað málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist, ef ekki verður fallist á sýknu, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilfelli látinn falla niður.

2.o.

Atvik máls þessa eru í stuttu máli þau að haustið 1975 hóf stefnandi stundakennslu við Grunnskóla Akraness, sem nú heitir Brekkubæjarskóli. Kenndi stefnandi síðan stundakennslu við skólann samfellt í átta vetur. Haustið 1983 mætti stefnandi við skólasetningu Brekkubæjarskóla og kom þá í ljós að honum var ekki ætluð nein stundakennsla þann vetur.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi fyrst fengið um það tilkynningu við skólasetninguna haustið 1983 að honum væri ekki ætluð kennsla við skólann skólaárið 1983 - 1984. Stefnandi taldi að sér hefði ekki verið sagt upp störfum vegna stundakennslunnar með lögmætum hætti og leitaði hann fyrst til fjármálaráðuneytisins um bætur vegna ólögmætrar uppsagnar. Fjármálaráðuneytið neitaði greiðsluskyldu og vísaði á bæjarsjóð Akraneskaupstaðar. Krafði stefnandi síðan bæjarsjóð, en bæjarsjóður neitaði einnig greiðsluskyldu og vísaði á menntamálráðuneytið. Stefnandi sneri sér þá með kröfu sína til menntamálaráðuneytisins, en það ráðuneyti mun ekki hafa svarað málaleitan stefnanda.

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu bóta vegna ólögmætrar uppsagnar af því tilefni sem að framan er rakið.

Af hálfu stefndu var því lýst yfir við fyrirtekt málsins í þinghaldi þann 10. september að ekki væri gerður tölulegur ágreiningur við stefnanda um útreikning stefnukröfunnar, ef greiðsluskylda stefndu væri talin vera fyrir hendi.

3.o.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því að honum hafi ekki verið sagt upp störfum með lögmætum hætti og eigi hann því rétt til bóta vegna ólögmætrar uppsagnar. Stefnandi styður sjónarmið sitt við 6. mgr. 34. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Í þeirri grein segi að æski starfsmaður, sem heyri undir ákvæði 34. gr., eigi endurráðningar, beri honum að tilkynna það þeim aðila er réð hann til starfans, eigi síðar en 1. júní ár hvert. Æski ráðnignaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum eða á ráðningu í starf, skuli hann á sama hátt tilkynna það þeim er starfinu hefur gengt fyrir sama tíma, ella teljist sá sem fyrir sé í starfinu endurráðinn næsta skólaár.

Stefnandi bendir á að sú skylda ráðningaraðila sem um ræðir í 6. mgr.

34. gr. grunnkólalaganna sé víðar áréttuð. Þannig komi það t.d. fram í 13. gr. erindisbréfs nr. 197 frá 24. maí 1976 fyrir skólastjóra grunnskóla, að skólastjórum beri í samráði við skólanefnd að láta stunda- og forfallakennara vita fyrir skólalok hvort óskað sé eftir endurráðningu viðkomandi aðila næsta skólaár. Sömu sögu sé að segja af 26. gr. erindisbréfs nr. 185 frá 30. apríl 1976 fyrir skólanefndir grunnskóla. Þar segi að fyrir lok kennslutímans ár hvert skuli skólanefnd kynna sér hvort settur skólastjóri, settur kennari eða lausráðinn starfsmaður við skólann hafi hug á að vera áfram í stöðu sinni. Þá segi í 2. mgr. 27. gr. að stundakennarar séu aðeins ráðnir fyrir kennslutímann frá ári til árs en ráðning endurnýist hafi hvorugur aðili tilkynnt annað fyrir 1. júní.

Stefnandi mótmælir því að honum hafi borist formleg tilkynning fyrir 1. júní 1983 um að ráðningarsamningur hans yrði ekki framlengdur fyrir næsta skólaár. Þó svo að orð hefðu hugsanlega verið látin um það falla á kennarafundi vorið 1983, sem þó er mótmælt, að óljóst væri um stundakennslu næsta skólaár vegna aukinnar ásóknar fastra kennara í meiri stundakennslu, verði slíkum almennum ummælum ekki jafnað til tilkynningar um uppsögn í skilningi 6. mgr. 34. gr. Slíkri tilkynningu verði að beina persónulega að þeim kennara er í hlut eigi, en það hafi ekki verið gert í þessu tilviki. Sá er tilkynningarskyldan hvíli á verði að sanna það að rétt tilkynning hafi verið send tímanlega. Sönnun um það hafi stefndu ekki lánast.

Stefnandi bar það fyrir dómi að ráðnignarmálefni sín hefðu ekki beinlínis verið rædd við skólayfirvöld vorið 1983. Þó hafi hann rætt við skólastjóra og yfirkennara eins og sjálfgefið væri að hann myndi kenna áfram næsta skólaár og ekkert hefði komið fram í samtölum sínum við þessa menn að breytinga væri að vænta að hausti. Þá bar stefnandi það og fyrir dómi að ráðningarmálefni sín hefðu heldur ekki verið rædd við skólanefnd, hvorki vorið né haustið 1983.

Þar sem ekki hafi verið löglega staðið að uppsögn stefnanda úr starfi beri honum réttur til skaðabóta vegna missis þeirra tekna er hann varð af vegna hinnar ólögmætu uppsagnar. Ráðningarsamningur sinn hafi sjálfkrafa framlengst um eitt ár samkvæmt ákvæðum 5. gr. 34. gr. og eigi stefnandi því rétt til skaðabóta sem nemi þeirri fjárhæð er hann hefði haft í kennslulaun umrætt skólaár og sé kröfugerð hans við það miðuð.

Stefnandi heldur því fram kröfugerð sinni til stuðnings að hann hafi öll átta árin kennt svipaðan tímafjölda og sé í kröfugerðinni miðað við sama tímafjölda og stefnandi kenndi næsta skólaár á undan. Hann kveðst engar tekjur hafa haft af öðrum aukastörfum skólaárið 1983 - 1984 og geti því ekki verið um að ræða frádrátt bóta af þeirri ástæðu.

Stefnandi segir að stefndu hafi vísað hver á annan um greiðsluskyldu

og því hafi sér verið nauðsynlegt að stefna þeim öllum til þess að fá úr því skorið hver beri greiðsluábyrgð vegna hinnar ólögmætu uppsagnar.

4.o.

Stefndu fjármála- og menntamálaráðherra reisa sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi að þeir eigi ekki aðild að þessu máli og beri því að sýkna þá samkv. ákvæðum 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Bjarnastaðarskóli á Akranesi sé grunnskóli sem starfi skv. grunnskólalögunum nr. 63/1974 og greiðist kostnaður við rekstur hans af ríkissjóði og viðkomandi sveitarfélagi eins og kveðið sé á um í þeim lögum. Skólastjóri stjórni starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar eftir því sem nánar sé kveðið á um í lögunum. Eins og fram komi í málinu sé stefnandi þessa máls ekki ráðinn til stundakennslu af ríkinu, heldur af skólastjóra í umboði og á ábyrgð skólanefndar Bjarnastaðarskóla, sbr. 34. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Skólanefnd sé kosin af og starfi á ábyrgð viðkomandi sveitarstjórnar. Stefnanda beri því að beina kröfu sinni að þeim aðila sem skv. lögunum sé ábyrgur fyrir ráðningu hans. Sveitarsjóður Akraneskaupstaðar eigi engar skaðabótakröfur á hendur ríkinu vegna mistaka sem skólastjóra kunni að verða á vegna starfa sinna sem unnin séu lögum skv. í umboði skólanefndar á ábyrgð sveitarsjóðs.

Stefndu benda á að það komi víða fram í lögum og stjórnvaldsreglum að stundakennarar séu starfsmenn sveitarfélaga en ekki ríkisstarfsmenn. IV. kafli grunnskólalaga nr. 63/1974 hafi að geyma efnisreglur um það hjá hverjum starfsmenn grunnskóla séu ráðnir til starfa, en í XIV. kafla sé aftur rætt um endurgreiðslu ríkisins vegna launakostnaðar.

Samkvæmt 20. gr. grunnskólalaga stjórni skólastjóri starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar eftir því sem nánar eigi við hverju sinni. Það fari því eftir verkefnum hverju sinni, undir hvers stjórn og á hvers ábyrgð skólastjóri starfi. Skv. 4. mgr. 34. gr. ráði skólastjóri stunda- og forfallakennara með samþykki skólanefndar, en um skólanefndirnar sé fjallað í 17. - 19. gr. laganna. Skólanefnd sé kosin af sveitarstjórn, sem beri fjárhagslega ábyrgð á störfum hennar.

Auk framangreindra lagaákvæða vitna stefndu til erindisbréfs fyrir skólanefndir grunnskóla nr. 185/1976. Í 24. gr. komi fram að skólastjóri ráði stunda- og forfallakennara með samþykki skólanefndar. Þetta sé ennfremur áréttað í 5. mgr. 10. gr. erindisbréfs fyrir skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976, en þar segi, að stunda- og forfallakennarar séu ráðnir af skólastjóra með samþykki skólanefndar. Það komi hins vegar skýrt fram bæði í IV. kafla grunnskólalaganna og áðurgreindum erindisbréfum fyrir

skólastjóra og skólanefndir, að menntamálaráðuneytið annist ráðningar skólastjóra, yfirkennara og kennara, þó svo að skólanefndir hafi ákveðið umsagnarhlutverk í því sambandi.

Einnig benda stefndu á í þessu sambandi að það komi fram í 34. gr. grunnskólalaganna að af þeim starfsmönnum við skóla sem nefndir séu í 34. gr. séu skólabrytar einir ríkisstarfsmenn. Það sé einnig áréttað í 25. gr. erindisbréfs fyrir skólanefndir grunnskóla nr. 185/1976. Aðrir starfsmenn sem nefndir séu í 34. gr. séu því starfsmenn sveitarfélaga og þar á meðal stunda- og forfallakennarar.

Loks benda stefndu á að skv. lokamálsgrein 10. gr. erindisbréfs fyrir skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976 skuli skólastjóri árlega vekja athygli skólanefndar á ráðnignarákvæðum starfsfólks grunnskóla skv. síðustu málsgrein 34. gr. grunnskólalaganna, en stundakennarar falli undir ákvæði þeirrar greinar. Skv. 13. gr. sama erindisbréfs beri skólastjóra í samráði við skólanefnd að láta stunda- og forfallakennara vita fyrir skólalok hvort óskað sé eftir endurráðningu hans fyrir næsta skólaár.

Framangreind laga- og reglugerðarákvæði eru að mati stefndu sönnun þess að stunda- og forfallakennarar séu starfsmenn sveitarfélaga en ekki ríkisstarfsmenn. Ríkið hafi ekkert með ráðningu þeirra að gera, heldur séu þeir ráðnir af skólastjóra í umboði skólanefndar. Það breyti engu hér um, þó svo að stefnandi hafi fengið laun sín vegna stundakennslunnar greidd úr ríkissjóði. Þar sé fyrst og fremst um fyrirkomulagsatriði að ræða í samræmi við ákvæði grunnskólalaganna um skyldu ríkisins til endurgreiðslu hluta skólakostnaðar.

Þá benda stefndu á að þó svo að ríkinu sé skylt skv. lögum að greiða hluta af launum stundakennara og greiði þeim laun þeirra nú beint hverju sinni geti það ekki fellt bótaskyldu á ríkið ef svo yrði litið á að uppsögn stefnanda hefði verið ólögmæt og hann ætti rétt til bóta. Ábyrgð vegna slíkra mistaka hljóti ávallt að lenda á ráðningaraðilanum sem sé sveitarfélagið í þessu tilviki en ekki ríkið. Þar sem skólastjóri starfi að því er samskipti við stundakennara varðar í umboði skólanefndar hljóti bótaábyrgð vegna mistaka skólastjóra í því sambandi að lenda á viðkomandi sveitarfélagi sem ráðningaraðila en ekki ríkissjóði.

Loks telja stefndu að engu máli skipti í þessu sambandi þó svo að ríkið semji við stéttarfélög um kaup og kjör stundakennara. Þar sé í raun eingöngu verið að semja um það hverjar fjárhæðir ríkið endurgreiði sveitarfélögunum en geri ríkið ekki að ráðningaraðilja gagnvart stundakennurum og baki ríkinu heldur ekki bótaskyldu vegna mistaka ráðningaraðilja.

Ef ekki verði fallist á sýknukröfu stefndu vegna aðildarskorts byggja þeir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi vorið 1983 í skilningi 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga og 2. mgr. i.f. 27. gr. erindisbréfs fyrir skólanefndir

grunnskóla fengið fullnægjandi tilkynningu um að hann yrði ekki endurráðinn til stundakennslustarfa næsta skólaár. Þetta sé staðfest í bréfi Gríms Bjarndal fyrrum skólastjóra Brekkubæjarskóla á dskj. nr. 5, en þar segi að stefnanda hafi verið gerð grein fyrir því að litlar líkur væru á stundakennslu fyrir hann að hausti.

Tilkynning skv. 34. gr. grunnskólalaganna og 27. gr. áðurnefnds erindisbréfs sé ekki formbundin. Það nægi til þess að slíta ráðningarsamningi að kennara sé gerð grein fyrir því að litlar líkur séu til þess að hann fái kennslu að hausti. Í þessu sambandi verði að hafa í huga aðstæður í dreifbýli. Ráðningarmál kennara séu þar erfiðari en í þéttbýli og því liggi það yfirleitt ekki fyrir fyrr en að hausti hvort þörf verður stundakennslu og þá hversu mikillar. Því sé ljóst að ummæli skólastjóra við stefnanda vorið 1983 hafi nægt til þess að koma í veg fyrir að ráðningarsamningur hans framlengdist.

Ef ekki verður fallist á kröfu stefndu um sýknu, telja þeir að lækka beri bætur til stefnanda frá því sem krafist sé í stefnu. Ekki sé í sjálfu sér gerður tölulegur ágreiningur um það hvernig stefnukrafan sem slík sé reiknuð út. Hins vegar sé því mótmælt að stefnandi geti átt rétt til launa fyrir allt skólaárið. Hann eigi aldrei rétt til bóta sem nemi hærri fjárhæð en launum á hæfilegum uppsagnarfresti og hæfilegur uppsagnarfrestur í þessu sambandi sé einn mánuður. Þá er því einnig mótmælt af stefndu að rétt sé að miða við sama tímafjölda og stefnandi kenndi skólaárið 1982 - 1983. Tímafjöldi í stundakennslu sé breytilegur frá einu ári til annars og því engan veginn sjálfgefið að stefnandi hefði skólaárið 1983 - 1984 haft sama tímafjölda og árið áður.

5.o.

Sýknukrafa Akraneskaupstaðar er aðallega reist á því að ekki sé rétt að beina kröfu um bætur að honum. Vörnin sé því aðallega byggð á aðildarskorti hans að deilu stefnanda og meðstefndu og leiði slíkt til sýknu sbr. 45. gr. 2. mgr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði. Málefni það sem um er fjallað í máli þessu sé krafa starfsmanns um bætur frá vinnuveitanda vegna ólögmætrar brottvikningar úr starfi.

Akraneskaupstaður hafi hvorki fyrr né síðar gert nokkurn samning um ráðningu stefnanda og því hefur aldrei stofnast neitt samningssamband þeirra í millum sem valdið getur bótaskyldu kaupstaðarins. Stefnandi sjálfur haldi því ekki fram að hann hafi verið starfsmaður Akraneskaupstaðar. Máli þessu verði því ekki beint gegn kaupstaðnum og verði í raun að teljast þarflaust að stefna honum. Vangaveltur um það „að sérstakt athugunarefni" sé hvort ríkissjóður eigi endurkröfu á kaupstaðinn og staðhæfing starfsmanns stefnda fjármálaráðherra séu fjarri því að vera grundvöllur málshöfðunar á hendur kaupstaðnum.

Stefndi Akraneskaupstaður bendir á, að skólanefndir fari ekki með forræði fjár, hvorki á Akranesi né annars staðar. Hið rétta sé að skólastjórar séu ábyrgir fyrir fjármálum skóla, annars vegar f.h. ríkisins, þegar fjallað er um kennararáðningar og ráðningar annars starfsfólks, en hins vegar í umboði sveitarfélags þegar um er að ræða almennan rekstrarkostnað, t.d. efni til kennslu og rekstur fasteigna. Rétt sé að skólanefnd sé kosin af sveitarstjórn, en slíkt sé aðeins í samræmi við grunnskólalög og starfssvið nefndarinnar einnig afmarkað þar. Kosning nefndarinnar feli ekki í sér neitt umboð frá hendi sveitarstjórnar til að skuldbinda sveitarfélagið fjárhagslega.

Stefnandi hafi óvéfengjanlega verið starfsmaður ríkisins. Í fyrsta lagi sé slíkt tekið fram í greinargerð á dskj. nr. 2 og einnig megi sjá það á dskj. nr. 3 að ríkissjóður greiddi honum laun fyrir kennslustörf í Brekkubæjarskóla. Í öðru lagi var stefnandi alfarið ráðinn af skólastjóra Brekkubæjarskóla og til þess að vinna fyrir hann og undir hans verkstjórn. Þannig hafi kaupstaðurinn ekkert haft með stefnanda að gera og hafði ekkert yfir honum að segja. Í þriðja lagi er á það bent að í 34. gr. laga nr. 63 frá 1974 um grunnskóla sé tekið fram að skólastjórar ráði stundakennara svo sem stefnanda, en í 30. gr. sömu laga sé tekið fram að menntamálaráðuneytið ráði skólastjóra og óþarft sé að taka það fram að þeir séu ráðnir sem ríkisstarfsmenn. Eðli málsins samkvæmt ætti því að vera fullljóst að stefnandi var sem stundakennari ríkisstarfsmaður og því verður húsbóndaábyrgð ríkisins ekki flutt yfir á sveitarfélagið. Í fjórða lagi er á það bent að í 76. gr. laga um grunnskóla sé beinlínis tekið fram að ríkið greiði allan launakostnað vegna almennrar kennslu og í 8. mgr. sömu greinar er hið sama tekið fram um stundakennslu.

Skólanefndir beri ekki fjármálalega ábyrgð á störfum sínum. Af grunnskólalögum megi m.a. sjá að skólanefndir séu til umsagnar og samráðs þegar stundakennari er ráðinn við skóla sbr. 13. gr. erindisbréfs fyrir skólastjóra nr. 197 frá 1976 og sbr. 4. mgr. grunnskólalaga nr. 63 frá 1974. Skólastjóri ræður stundakennara og segir upp eftir atvikum.

Það er alkunnugt og jafnframt ljóst af lögum og reglugerðum að kennarar, yfirkennarar og skólastjórar eru starfsmenn ríkisins og taka laun sín og önnur kjör þaðan. Ætti því að vera ljóst hvert málshöfðun þessari á að beina, telji stefnandi að ríkið hafi gengið á rétt hans.

Þeirri kröfu sinni til stuðnings að ríkið sé ráðningaraðili stundakennara en ekki sveitarfélagið bendir stefndi Akraneskaupstaður á að ríkið ýmist semji við stéttarfélög stundakennara um laun þeim til handa eða ákvarði þau einhliða. Það sé því ljóst að ríkið sem samningsaðili hljóti að vera ráðningaraðili því að ella ættu sveitarfélögin að semja um launin en ekki ríkið.

Fari svo ólíklega að sveitarfélagið verði talið tengt ráðningu og uppsögn stefnanda sé gerð sú varakrafa að bætur til handa stefnanda verði stórlega lækkaðar. Fráleitt sé að stefnandi geti átt rétt til bóta sem nemi launum fyrir heilt skólaár. Eðlilegast sé að miða við laun á þriggja mánaða uppsagnarfresti og verði því að líta svo á að uppsögn hafi tekið gildi 1. september 1983.

6.o. *Forsendur og niðurstaða.*

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. grunnskólalaga nr. 63/1974 er ríki og sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, svokallaðan grunnskóla. Stefnandi var stundakennari við Brekkubæjarskóla á Akranesi, áður Grunnskóla Akraness, og hafði hann kennt þar stundakennslu samfellt frá 1975 til 1983 eða í átta vetur. Í máli þessu sækir hann stefndu til greiðslu bóta vegna meintrar ólögmætrar uppsagnar úr starfi stundakennara. Stefndu vísa hver á annan um greiðsluskyldu. Ekki er um það ágreiningur með stefnanda og stefnda Akraneskaupstað að uppsögn stefnanda hafi verið ólögmæt. Því er hins vegar andmælt af hálfu stefndu fjármála- og menntamálaráðherra.

Af ákvæðum grunnskólalaga nr. 63/1974 má ráða, að starfsmenn grunnskóla eru ýmist ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga sbr. nánar ákvæði IV. kafla laganna. Samkvæmt ákvæðum 30. - 32. gr. laganna skipar menntamálaráðuneytið skólastjóra, yfirkennara og kennara við grunnskóla svo og skólabryta sbr. ákvæði 34. gr. Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 34. gr. ræður skólastjóri með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara og aðstoðarfólk í mötuneyti, en samkvæmt 5. mgr. 34. gr. ræður sveitarstjórn húsvörð.

Í XIV. kafla laganna ræðir um greiðslu skólakostnaðar og skiptingu hans milli ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. greiðast föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar beint úr ríkissjóði. Samkvæmt 2. mgr. 83. gr. endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu, aksturs nemenda og annarra starfa mánaðarlega eftir á.

Í 1. mgr. 76. gr. grunnskólalaga er almennt ákvæði um skyldu ríkisins til þess að greiða eða endurgreiða sveitarfélögum launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum er leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi í hverju skólahverfi sem ákveðið hefur verið. Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. skal skólastjóri árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Mánaðarlegar endurgreiðslur ríkissjóðs skulu samkv. 2. mgr. 83. gr. miðast við árlega rekstraráætlun samkvæmt 82. gr. Framangreind ákvæði grunnskólalaganna um

beinar greiðslur og endurgreiðslur ríkissjóðs eru áréttuð í 3. og 5. gr. reglugerðar um rekstrarkostnað grunnskóla, en sú reglugerð er sett með stoð í lögum nr. 63/1974.

Samkvæmt 20. gr. grunnskólalaga stjórnar skólastjóri starfi grunnskóla í samráði við kennara undir yfirstjórn menntamálráðuneytisins, fræðsluráðs og skólanefndar „eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim", eins og segir orðrétt í 1. mgr. 20. gr. Framangreind ákvæði 4. mgr. 34. gr. grunnskólalaganna um ráðningarmálefni stundakennara eru áréttuð í 5. mgr. 10. gr. erindisbréfs nr. 197/1976 fyrir skólastjóra grunnskóla og ákvæðum 1. mgr. 24. gr. erindisbréfs nr. 185/1976 fyrir skólanefndir grunnskóla.

Skilja ber ákvæði 1. mgr. 20. gr. grunnskólalaga svo að það fari eftir eðli verkefnis hverju sinni undir hvers stjórn og á hvers ábyrgð skólastjórar starfa. Þegar virt eru þau laga- og reglugerðarákvæði um ráðningarmálefni stundakennara sem áður er getið og það haft í huga, sem fram er komið í máli þessu, að ríkið hefur engin afskipti af ráðningum stundakennara, er það álit réttarins að stundakennarar séu samkvæmt grunnskólalögum starfsmenn sveitarfélaga en ekki starfsmenn ríkisins. Þykir ekki skipta máli í þessu sambandi þó svo að ríkið ýmist ákvarði einhliða eða semji við stéttarfélög um launakjör stundakennara. Samkvæmt því sem hér var rakið ber að sýkna stefndu fjármálaráðherra og menntamálaráðherra af kröfum stefnanda í máli þessu, enda þykir það ekki geta fellt bótaskyldu á ríkissjóð í þessu sambandi þó svo að skólastjórar séu skipaðir eða settir af menntamálaráðuneytinu, þar sem skólastjórar að þessu leyti starfa í umboði skólanefnda sem kjörnar eru af sveitarstjórnum. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður gagnvart stefndu fjármála- og menntamálaráðherra falli niður.

Stefndi Akraneskaupstaður ber samkvæmt framansögðu ábyrgð gagnvart stefnanda á hinni ólögmætu uppsögn, en ekki er það vefengt af kaupstaðarins hálfu, að uppsögn stefnanda fullnægði ekki skilyrðum 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga.

Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur milli stefnanda og kaupstaðarins og lög nr. 63/1984 lögmæla ekki ákveðinn uppsagnarfrest til handa stundakennurum. Segir það eitt í 6. mgr. 34. gr. að tilkynna skuli uppsögn fyrir 1. júní ár hvert.

Samkvæmt fortakslausu ákvæði 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga enduréðst stefnandi til stundakennslu við Brekkubæjarskóla á Akranesi skólaárið 1983 - 1984, þar sem honum barst ekki tilkynning um uppsögn fyrir 1. júní 1983. Stefnandi mátti því gera ráð fyrir því að hann myndi gegna stundakennarastarfinu umrætt skólaár. Bótakröfu sína miðar hann við þau laun er hann hefði haft allt skólaárið ef hann hefði gegnt starfinu. Þykir

með vísan til 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga mega á það sjónarmið hans fallast. Er í bótakröfunni lagt til grundvallar að stefnandi hefði kennt sama kennslustundafjölda og hann gerði næsta skólaár á undan. Þykir sú viðmiðun réttmæt eins og hér stendur á.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda, byggð á þeim forsendum er að framan greinir, hefur ekki sætt tölulegum andmælum. Því er ómótmælt að stefnandi, sem er sóknarprestur á Akranesi, hafði ekki aðrar tekjur skólaárið 1983 - 1984 en föst embættislaun sín. Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda á hendur stefnda Akraneskaupstað til greina að fullu og dæma jafnframt kaupstaðinn til þess að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 33.000,00.

Þorgeir Örlygsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu fjármálaráðerra f.h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytisins skuli sýknir af kröfum stefnanda Björns Jónssonar í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Stefndi Akraneskaupstaður greiði stefnanda Birni Jónssyni kr. 104.690,00 með 35% ársvöxtum af kr. 11.048,00 frá 01.10. 1983 til 20.10. 1983 og 32% ársvöxtum frá þeim degi til 31.10. 1983 og 32% ársvöxtum af kr. 22.538,00 frá þeim degi til 20.11. 1983 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. 1983 og 27% ársvöxtum af kr. 34.027,00 frá þeim degi til 20.12. 1983 og 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31.12. 1983 og 21,5% ársvöxtum af kr. 45.517,00 frá þeim degi til 20.01. 1984 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til 31.01. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 57.007,00 frá þeim degi til 28.02. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 68.496,00 frá þeim degi til 31.03. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 80.561,00 frá þeim degi til 30.04. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 92.626,00 frá þeim degi til 31.05. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 104.690,00 frá þeim degi til 11.08. 1984 og 17% ársvöxtum frá þeim degi til 01.01. 1985 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.05. 1985 og 22% ársvöxtum frá þeim degi til 01.03. 1986 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til 01.04. 1986 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til 14. maí 1986, en með dómvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 33.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að.telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. nóvember 1988.

Nr. 58/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóni Árnasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Rán. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1988 að því er ákærða varðar samkvæmt ósk hans og jafnframt af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar. Meðákærði í héraði vildi una héraðsdómi. Dómkröfur ákæruvaldsins eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar ákærða, en refsing hans þyngd, ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað verði staðfest og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af ákæru fyrir brot á 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara, að hann verði dæmdur fyrir brot gegn 245. gr. sömu laga og refsing lækkuð, að skaðabótakrafa verði einungis tekin til greina fyrir 14.000,00 krónum og að málsvarnarlaun verði dæmd.

Þegar lögreglumenn komu á vettvang skömmu eftir árásina, lá Gísli R. Stefánsson á gangstéttinni í krampakasti. Eigi er upplýst hvenær Gísli féll í götuna. Er því ósannað að ákærði og meðákærði í héraði hafi skilið hann eftir liggjandi á gangstéttinni. Það verður engu að síður ráðið af framburði ákærða og meðákærða í héraði fyrir dómi, að átök hafi átt sér stað og að í þeim hafi ákærði tekið veski Gísla með ofbeldi. Með þetta í huga og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans að ákærði hafi brotið gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa hliðsjón af 2. mgr. 70. gr., 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Rétt þykir að staðfesta ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Árnason, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. desember 1987.

Ár 1987, föstudaginn 11. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 707-708/1987: Ákæruvaldið gegn Jóni Árnasyni og X, sem tekið var til dóms þann 25. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 30. apríl sl. á hendur ákærðu, „Jóni Árnasyni, Austurbrún 6, Reykjavík, fæddum 30. júní 1941 í Reykjavík, og X fyrir rán, með því að hafa miðvikudaginn 15. október 1986 á tímabilinu kl. 19.30 til 20.00 á gatnamótum Bergþórugötu og Vitastígs í Reykjavík í félagi ráðist á Gísla Rögnvald Stefánsson, Bergþórugötu 2, með þeim hætti að ákærði X hélt honum en ákærði Jón sparkaði í hann og tók seðlaveski úr jakkavasa hans. Skildu ákærðu Gísla eftir liggjandi á gangstéttinni. Í veskinu reyndust vera kr. 25.000 og skiptu ákærðu fengnum þannig að ákærði Jón fékk kr. 15.000 í sinn hlut en ákærði X kr. 10.000. Seðlaveskinu fleygðu ákærðu í öskutunnu í húsagarði við Barónsstíg.

Atferli ákærðu telst varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 15. október 1986 kl. 19:54 barst lögreglunni tilkynning um mann liggjandi á gangstétt við gatnamót Bergþórugötu og Vitastígs og var talið líklegt að hann hefði orðið fyrir líkamsárás. Er lögreglumenn

komu á vettvang fundu þeir Gísla Stefánsson, fæddan 29. maí 1932, liggjandi á gangstétt norðaustan gatnamótanna og var hann með meðvitund. Kvaðst hann vera krampasjúklingur og hafa orðið fyrir árás tveggja manna er hefðu ræst af honum seðlaveski. Fékk kærandi krampakast þarna og var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans til athugunar. Þar kvartaði hann undan eymslum í hægri mjöðm og hægri hendi og kvað hann árásarmennina hafa sparkað þar í sig.

Kærandi gaf skýrslu hjá RLR þann 22. október 1986 og kom fyrir dóm þann 23. nóvember sl. Kvaðst kærandi hafa verið á gangi eftir Bergþórugötu og verið lítilsháttar undir áfengisáhrifum. Á gatnamótunum við Vitastíg hafi tveir menn veist að honum og hafi annar mannanna haldið honum meðan hinn reyndi að taka veskið af kæranda, sem reyndi að bægja manninum frá með vinstri hendi. Hafi maðurinn þá farið að sparka í hægri síðu og hægri hönd kæranda. Kvaðst kærandi ekki muna meira, þar sem hann hafi fallið í yfirlið. Taldi kærandi að í veskinu hafi verið persónuskilríki, ýmsar nótur og kr. 14.000 í peningum.

Kærandi skoðaði myndasafn RLR og tók út mynd af ákærða Jóni Árnasyni, sem hann kvað vera líkan manni þeim er sparkaði í hann.

Læknisvottorð Grétars O. Róbertssonar læknis, dags. 25. mars sl., varðandi kæranda er svohljóðandi:

— — —

„Samantekt:

Hér er um að ræða mann sem hefur oft leitað á slysadeild. Fékk upphaflega áverka á hægri öxl í mars 1986, sem háði honum lengi og var í meðferð og rannsókn á slysadeild vegna þess. Datt síðan á hægri hönd þ. 07.09.86 og hlaut brot í IV. og V. geislung hægri handar.

Sjúklingur var síðan fluttur á slysadeild með sjúkrabíl þ. 15.10.86. Hafði verið að drekka um daginn og eftir að ráðist var á hann fékk hann krampa í hægri hendi. Einnig mar á hægri olnboga.

Rtg.myndatökur þann dag, bæði af olnboga og gömlu brotunum á geislungunum, sýndu engin merki um ferska áverka. Sjúklingur lá yfir nóttina til eftirlits á gæsludeild Bsp., hjá lyflæknum, en útskrifaðist síðan til síns heima daginn eftir.

Hann leitaði á endurkomudeild slysadeildar þ. 24.10., eða 9 dögum síðar, og var þá ekkert athugavert að finna við höndina, en vegna óþæginda í hægri öxl, sem e.t.v. höfðu farið eitthvað vaxandi, var pöntuð skuggaefnismyndataka af hægri öxlinni sem sýndi ekkert óeðlilegt.

Sjúklingur útskrifaðist síðan af slysadeild og er ekki að sjá að hann hafi leitað hingað síðar vegna þessa."

Ákærði Jón Árnason var yfirheyrður hjá RLR þann 23. október 1986.

Er þar bókað eftir ákærða að hann viðurkenni það afdráttarlaust að hann hafi ráðist á mann og rænt hann seðlaveski hans. Kvaðst ákærði ásamt meðákærða X hafa verið á gangi á Bergþórugötu er þeir sáu mann sem ákærða virtist talsvert undir áfengisáhrifum. Kvaðst ákærði hafa beðið hann um sjúss, en maðurinn hafi þá bandað ákærða frá með hendinni þannig að hann hrökk undan. Kvaðst ákærði þá hafa reiðst, ráðist að manninum og þrifið upp seðlaveski hans úr innanávasa á jakka hans. Hafi þeir síðan hlaupið brott og tekið 25.000 krónur úr veskinu en hent því í öskutunnu. Hafi ákærði fengið 15.000 krónur í sinn hlut en meðákærði 10.000 krónur. Ákærði mundi ekki eftir að hafa sparkað í manninn. Þá mundi ákærði ekki eftir því að meðákærði X hafi lagt hendur á hann eða átt þátt í að halda honum.

Ákærði X var yfirheyrður hjá RLR þann 24. október 1986. Er bókað eftir ákærða að hann viðurkenni það afdráttarlaust að hafa ásamt meðákærða ráðist að manni á gatnamótum Bergþórugötu og Vitastígs, rænt hann seðlaveski hans og skilið hann eftir. Kvað ákærði meðákærða hafa stungið upp á því að ræna manninn er þeir sáu hann. Kvaðst ákærði hafa samþykkt þetta og hafi meðákærði komið framan að manninum, sem hratt honum frá sér. Kvaðst ákærði þá hafa haldið í manninn og meðákærði hafi tekið seðlaveski hans úr innanávasa á jakka hans. Hafi meðákærði Jón sparkað í manninn, en ekki mundi ákærði hversu oft. Hafi þeir síðan hlaupið í burtu án þess að kanna ástand mannsins. Kvaðst ákærði hafa fengið 10.000 krónur í sinn hlut, en meðákærði hafi fengið afganginn.

Fyrir dómi skýrði Jón svo frá að hann hafi gengið að kæranda og beðið hann um „sjúss". Hafi kærandi þá hrint ákærða niður tröppur og á grindverk og kvaðst ákærði þá hafa stokkið að kæranda og ætlað að spyrja hann hvað þetta ætti að þýða, en þá hafi kærandi bandað frá sér og kvaðst ákærði hafa þrifið í hann. Kvað ákærði veskið þá hafa dottið upp úr vasa kæranda. Kvaðst ákærði hafa þrifið veskið og hlaupið burt. Ákærði neitaði að hafa lagt hendur á manninn.

Fyrir dómi skýrði ákærði X svo frá, að meðákærði Jón hafi verið að rífast við kæranda og hafi þeir tekist á, en þeir hafi aldrei lagt hendur á kæranda. Kvaðst ákærði hafa staðið álengdar er þetta átti sér stað.

Lögreglumenn þeir sem afskipti höfðu af máli þessu hafa komið fyrir dóm. Enginn þeirra mundi eftir því að hafa séð áverka á kæranda.

Niðurstöður.

Ákærðu hafa við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa tekið seðlaveski af kæranda og tekið 25.000 krónur úr því, sem þeir skiptu á milli sín.

Ákærðu hafa fyrir dómi horfið að nokkru frá fyrri framburði sínum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og kannast þeir nú ekki við að hafa beitt

kæranda ofbeldi. Hins vegar verður að telja, þegar litið er til játninga þeirra hjá rannsóknarlögreglu og með framburði vitnisins Gísla Rögnvalds, sannað að ákærðu hafi náð veski kæranda með því að beita hann ofbeldi. Varðar verknaður þeirra við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Jóns hefur hann á árunum 1960-1985 hlotið 21 fangelsisdóm í samtals 10 ár og 4 mánuði fyrir þjófnað, skjalafals og fjársvik. Auk þess hefur ákærði 8 sinnum gengist undir sektargreiðslu fyrir brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

— — —

Refsing ákærða Jóns þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi í 8 mánuði.

Kærandi, Gísli Rögnvaldur Stefánsson, hefur lagt fram skaðabótakröfu, samtals að fjárhæð kr. 69.250, er hann sundurliðar þannig:

peningar	kr. 25.000
seðlaveski	kr. 4.000
gleraugnaumgjarðir	kr. 3.600
sjúkrabifreið	kr. 750
skyrta	kr. 1.900
frakki	kr. 9.000
vinnutap í rúma viku, útseld vinna pr/klst. kr. 350	kr. 15.000
miskabætur	kr. 10.000
	samtals kr. 69.250

Eigi er í ljós leitt að fatnaður kæranda hafi skemmst og þá hefur verið upplýst að kærandi var á þessum tíma óvinnufær af öðrum orsökum.

Öðrum liðum kröfunnar þykir í hóf stillt og verða þeir teknir til greina. Verða ákærðu því dæmdir til þess að greiða kæranda in solidum kr. 43.350 í skaðabætur.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun er renni í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Hilmars Ingimundarsonar hrl. og Haralds Blöndal hrl., 30.000 krónur til hvors um sig.

Björn Helgason saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Árnason og X, sæti hvor um sig fangelsi í 8 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum Gísla Rögnvaldi Stefánssyni kr. 43.350 í skaðabætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 30.000 krónur er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Hilmars Ingimundarsonar hrl. og Haralds Blöndal hrl., 30.000 krónur til hvors um sig.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1988.

Nr. 236/1987. **Guðmundur Sigurjónsson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Ábyrgð hf.
(Logi Guðbrandsson hrl.)

Vátrygging. Túlkun á vátryggingarskilmálum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1987. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðallega: Að stefndi greiði 1.099.877,00 krónur ásamt 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði af 490.000,00 krónum frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af 646.195,00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af 815.195,00 krónum frá þeim degi til 1. október 1985, 3,75% dráttar-

vöxtum á mánuði af 995.713,00 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 1.085.527,00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 3. júlí 1986, en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 1.099.887,00 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara: Að stefndi greiði 906.218,00 krónur ásamt 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði af 490.000,00 krónum frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af 646.195,00 krónum frá þeim degi til 2. maí 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af 698.195,00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af 756.965,00 krónum frá þeim degi til 1. október 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 846.954,00 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 891.858,00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 3. júlí 1986 en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 906.218,00 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Að því er vexti varðar krefst áfrýjandi þess til vara í báðum tilvikum, að þeir verði:

Frá 1. janúar 1985 til 1. maí 1985 30% á ári.
Frá 1. maí 1985 til 11. maí 1985 28% á ári.
Frá 11. maí 1985 til 1. ágúst 1985 27% á ári.
Frá 1. ágúst 1985 til 1. mars 1986 29% á ári.
Frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986 18,5% á ári.
Frá 1. apríl 1986 til 11. nóvember 1986 14,25% á ári.
Frá 11. nóvember 1986 til 21. janúar 1987 14,75% á ári.

Frá 21. janúar 1987 til 21. febrúar 1987 15,5% á ári.
Frá 21. febrúar 1987 til 1. mars 1987 17% ár ári.
Frá 1. mars 1987 til 1. maí 1987 18% á ári.
Frá 1. maí 1987 til greiðsludags krefst áfrýjandi vaxta samkvæmt 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar er greint frá framburði áfrýjanda þess efnis, að hann hafi meiðst við líkamsæfingar í rimlum fimmtudaginn 15. nóvember 1984 í æfingaherbergi Sundlaugar Kópavogs. Hafi hann hangið á höndunum á efsta rimli og látið líkama sinn falla niður. Við þetta hafi hann fengið sáran verk í vinstri öxl og holhönd. Telur áfrýjandi, að við þetta hafi tognað á æðum á þessu líkamssvæði og það orsakað blóðsega og stíflu í bláæð út í vinstri handlegg og valdið honum örorku.

Jafnvel þótt lögð sé til grundvallar frásögn áfrýjanda um það, á hvern hátt hann meiddist, er ekki unnt að fallast á það að hér hafi verið um slys að ræða, hvorki í skilningi almennra skilmála stefnda um slysatryggingar frá árinu 1974 né altryggingar hans fyrir heimili og fjölskyldu frá 1. apríl 1983. Í báðum þessum skilmálum er hugtakið slys skilgreint efnislega á sama hátt, þannig: „Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur hinum (vá)tryggða líkamsmeiðslum, án þess að hann hafi sjálfur átt þar hlut að af ásettu ráði."

Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. júlí sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Guðmundi Sigurjónssyni, nnr. 3104-4006, Norðurtúni 20,

Bessastaðahreppi, gegn Ábyrgð hf., nnr. 0004-4318, Lágmúla 5, Reykjavík, með stefnu þingfestri 30. september 1986.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

A. Aðalkrafa: Að stefndi greiði kr. 1.099.887,00 ásamt 2,75% drv. fyrir hvern mán. og brot úr mán. af kr. 490.000,00 frá 01.01. '85 til 01.02. '85, 3,75% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.03. '85, 4% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.04. '85, 4% drv. á mán. af kr. 646.195,00 frá þ.d. til 01.06. '85, 3,5% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.07. '85, 3,5% drv. á mán. af kr. 815.195,00 frá þ.d. til 01.10. '85, 3,75% drv. á mán. af kr. 995.713,00 frá þ.d. til 15.11. '85, 3,75% drv. á mán. af kr. 1.085.527,00 frá þ.d. til 01.03. '86, 2,75% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.04. '86, 2,25% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 03.07. '86 en 2,25% drv. á mán. af kr. 1.099.887,00 frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

B. Varakrafa: Að stefndi greiði kr. 876.282,00 ásamt 2,75% drv. fyrir hvern mán. og brot úr mán. af kr. 490.000,00 frá 01.01. '85 til 01.02. '85, 3,75% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.03. '85, 4% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.04. '85, 4% drv. á mán. af kr. 646.195,00 frá þ.d. til 02.05. '85, 4% drv. á mán. af kr. 698.195,00 frá þ.d. til 01.06. '85, 3,5% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.07. '85, 3,5% drv. á mán. af kr. 756.965,00 frá þ.d. til 01.10. '85, 3,75% drv. á mán. af kr. 846.954,00 frá þ.d. til 15.11. '85, 3,75% drv. á mán. af kr. 861.922,00 frá þ.d. til 01.03. '86, 2,75% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.04. '86, 2,25% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 03.07. '86 en 2,25% drv. á mán. af kr. 876.282,00 frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist að vextir verði í báðum tilvikum reiknaðir sem hér segir:

Frá 01.01. '85 til 01.05. '85 30% á ári.
Frá 01.05. '85 til 11.05. '85 28% á ári.
Frá 11.05. '85 til 01.08. '85 27% á ári.
Frá 01.08. '85 til 01.03. '86 29% á ári.
Frá 01.03. '86 til 01.04. '86 18,5% á ári.
Frá 01.04. '86 til 11.11. '86 14,25% á ári.
Frá 11.11. '86 til 21.01. '87 14,75% á ári.
Frá 21.01. '87 til 21.02. '87 15,5% á ári.
Frá 21.02. '87 til 01.03. '87 17% á ári.
Frá 01.03. '87 til 01.05. '87 18% á ári.
Frá 01.05. '87 til greiðsludags 19,5% á ári.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum

stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 19. maí sl. Það var endurupptekið hinn 7. júlí sl., endurflutt og dómtekið að nýju þann dag.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í september 1984 hafi hann leitað til Egils Gestssonar tryggingamiðlara og beðið hann um að leita tilboða í allar tryggingar fyrir sig og fyrir fyrirtækið Varma bílasprautun hf. sem hann hafi veitt forstöðu. Eftir samanburð á tilboðum hafi verið ákveðið að tryggingarnar yrðu keyptar hjá Ábyrgð hf. Þar á meðal hafi verið slysatrygging fyrir stefnanda sjálfan er tekið hafi gildi 1. október 1984 og altrygging fyrir heimili og fjölskyldu stefnanda er tekið hafi gildi frá 22. október 1984. Þann 14. nóvember 1984 hafi stefnandi sent skriflega staðfestingu á því að tryggingarnar væru í gildi og að iðgjaldainnheimtur yrðu sendar síðar. Um þessar mundir hafi stefnandi orðið fyrir óhappi sem hann lýsi svo:

„Fimmtudaginn 15.11. 1984 gerði ég líkamsæfingar í æfingaherbergi Sundlaugar Kópavogs og hékk þar m.a. í rimlum. Við það fékk ég mjög sáran verk í vinstri öxl og holhönd en verkurinn leið hjá samdægurs. Laugardaginn 17.11. fór ég í sund og er ég stakk mér fékk ég skyndilega sams konar verk en þó öllu verri. Þegar líða tók á daginn fann ég að kom einhver þroti í vinstri handlegg en hélt þó að þetta væri einhvers konar vöðvabólga eða tognun. Daginn eftir var ég staddur í kvikmyndahúsi og þá fann ég að þroti í handlegg og verkir fóru að versna að mun og þá fór ég á slysadeild Borgarspítalans (18.11. 1984).

Eftir skoðun á Borgarspítalanum var læknir þar ekki viss hverju þetta sætti en taldi þó líklegt að einhvers konar sýking væri undir húðinni. Hann skrifaði lyfseðil fyrir penisillíni og mér var sagt að fara heim og liggja þar í 3 daga og jafna mig. Þegar mér batnaði ekki að þessum tíma liðnum fór ég til Gunnsteins Gunnarssonar heimilislæknis og hann gat greint truflun á blóðrás í holhönd og öxl. Ég var sendur daginn eftir á Landakotsspítala til Sigurgeirs Kjartanssonar læknis og voru þá framkvæmdar þær aðgerðir sem hann lýsir í vottorði sínu."

Í vottorði Sigurgeirs Kjartanssonar læknis frá 12.03. '85 segir m.a. svo: „Guðmundur var innlagður á Landakotsspítala þ. 22.11. '84 vegna blóðsega og stíflu í vi. holhönd, með dreifðan þrota í öllum handleggnum, og var blóðsegagreining staðfest með æðamynd þegar við innlögn. Varð fyrst var við þrota og verk í handlegg eftir að hafa haldið sér uppi í rimlum

í leikfimi, en einkenni versnuðu að mun daginn eftir er hann var í sundi, að þrautir í handleggnum versnuðu að miklum mun."

Hafi stefnandi talið að hann hefði orðið fyrir slysi enda hafi allt bent til þess að æðar í holhönd hefðu orðið fyrir hnjaski í leikfiminni og þá hefði fyrrnefnd stífla myndast. Hafi hann leitað eftir bótum úr slysatryggingu hjá Ábyrgð hf. og eftir óákveðin svör nokkurn tíma hafi hann orðið að leita til lögmanns. Er óskað hafi verið skriflegs svars frá Ábyrgð hf. hafi félagið neitað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki væri um slys að ræða, heldur sjúkdóm hjá stefnanda. Hafi starfsmenn Ábyrgðar hf. byggt þessa niðurstöðu á viðtölum við Sigurgeir Kjartansson lækni.

Stefnandi hafi leitað til John E. Benedikz læknis vegna þess að hann hafi ekki náð sér eftir fyrrnefndan atburð, hafi verið með verki í hálsi sem leitt hafi í vinstri öxl, framhandlegg og út í höndina. Hafi John rannsakað stefnanda nákvæmlega og fylgst með honum um tíma. Þann 22. maí 1986 hafi læknirinn skrifað vottorð vegna stefnanda og álit hans á orsökum veikindanna hafi verið þessi:

„Guðmundur hefur greinilega fengið áverka á axillary venu og á plexus brachialis. Ég tel það líklegast að hann hafi snúist illa við ofannefnda leikfimisæfingu, fengið hyperextentions trauma í axillu með venutrombosis í axillary venu og torsion á plexus brachialis.

Auk þessa tel ég líklegt að aðrir muscular skeletal vefir hafi orðið fyrir torsions áverka.

Það er erfitt að gefa ákveðnar horfur en tel að með endurhæfingu til að auka vinnuþol mun Guðmundi fara batnandi næstu 2 árin, en mun ekki þola fullt álag á vinstri handlegg það sem eftir er."

Á grundvelli þessara upplýsinga hafi verið leitað til Ólafs Jónssonar læknis um örorkumat og lokaorð í álitsgerð hans frá 25.06. '86 séu þessi:

„Hér er um að ræða 34 ára gamlan bílamálara sem varð fyrir óhappi fyrir 20 mánuðum þannig að æð, taugastofn og vöðvar í vinstri upphandlegg og axlarsvæði sködduðust alvarlega þannig að blóðtappi myndaðist í bláæð og varð að fjarlægja hann með skurðaðgerð. Guðmundur hefur síðan verið í æfingum og smátt og smátt náð auknum styrk í handlegginn og lítur nú út sem að afleiðingar slyssins séu horfnar að miklu leyti þótt hann muni framvegis hafa baga af vinstri handlegg.

Þar sem ekki eru fyrirhugaðar aðgerðir eða frekari meðferð vegna umrædds óhapps er tímabært að meta örorku þá er af slysinu hlaust og telst sú örorka hæfilega metin:

100% í sex mánuði,
síðan 50% næstu sex mánuði,
síðan 25% í fjóra mánuði,
síðan 8% varanleg."

Lögmaður stefnanda hafi síðan reynt að fá greiddar bætur úr slysatryggingu og altryggingu stefnanda hjá stefnda, Ábyrgð hf., en bótaskyldu hafi verið hafnað.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar greiðist bætur vegna slyss í formi dagpeninga vegna tímabundins starfsorkumissis og í formi örorkubóta, sem ákveðist í sama hlutfalli af vátryggingarfjárhæð og örorka sé metin. Dagpeningar hafi verið ákveðnir í upphafi kr. 10.000,00 á viku en skyldu hækka ársfjórðungslega í hlutfalli við hækkun framfærsluvísitölu. Hámarksbætur vegna örorku hafi samkvæmt skilmálum verið kr. 5.000.000,00 og þar sem stefnandi hafi hlotið 8% varanlega örorku vegna slyssins eigi hann rétt til örorkubóta að fjárhæð kr. 400.000,00. Stefnandi geri kröfu um fulla dagpeninga í eitt ár í samræmi við álit heimilislæknis og séu þeir reiknaðir þannig í samræmi við breytingar á framfærsluvísitölu og bréf stefnda. Bætur úr altryggingu eigi að vera 8% af hámarksbótum vegna örorku kr. 250.000,00. Heildarkröfugerð aðalkröfu sundurliðar stefnandi svo:

— — —

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt til bóta samkvæmt vátryggingarsamningnum við stefnda vegna óhapps síns. Óhappið eigi tvímælalaust að flokkast undir slys, enda segi í slysatryggingarskilmálum, grein 1A, að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi hinum tryggða líkamsmeiðslum án þess að hann hafi átt sjálfur hlut að af ásettu ráði. Af vottorðum megi ljóslega ráða að hann hafi hlotið áverka á æð við líkamsæfingar og stefndi hafi eigi sýnt fram á annað.

Varðandi lagarök vitnar stefnandi til 11. - 17. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 að því er varðar upphaf ábyrgðar tryggingarfélags og iðgjaldagreiðslur. Þá vísaði stefnandi og til 4. kapitula sömu laga.

Af hálfu stefnda er tekið fram að stefnandi hafi keypt slysatryggingu og altryggingu hjá stefnda samkvæmt beiðni dags. 22. október 1984. Vátryggingarsamningur hafi komist á með bréfi stefnda dags. 14. nóvember 1984.

Við munnlegan málflutning var af stefnda hálfu fallið frá þeirri málsástæðu, að trygging hjá stefnanda væri ekki í gildi vegna greiðsludráttar iðgjalda.

Stefndi byggir á því að í báðum þeim tryggingum sem hér um ræði sé slys sem leiði til þess að bætur séu greiddar, skilgreint svo: „Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi hinum (vá)tryggða líkamsmeiðslum án þess að hann hafi sjálfur átt þar hlut að af ásettu ráði." Það eina sem til sé um hvernig stefnandi hafi orðið fyrir því „slysi" sem hann vilji byggja kröfu sína á, sé skýrsla hans sjálfs. Samkvæmt því upp-

fylli atburður þessi ekki skilyrði tryggingarskilmálanna. Atburðurinn sé ekki skyndilegur því stefnandi viti ekki hvenær hann verði í raun. Sjúkdómur hans komi að sögn í ljós hinn 15. nóvember 1984, en versni svo á næstu dögum, þar til aðgerð sé gerð hinn 22. nóvember 1984. Atburður þessi sé ekki utanaðkomandi, þar sem ekkert virðist hafa valdið honum annað en einhver ótilgreindur sjúkdómur stefnanda. Einkennin komi fyrst fram þegar hann sé við þessar íþróttaiðkanir, en það segi ekki að orsakasamband sé þar á milli. Stefnandi geti ekki um að hann hafi orðið fyrir utanaðkomandi skaðvaldi eða að hann hafi við íþróttaiðkun sína gert neitt það sem ætti að leiða til meiðsla. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að stefnandi hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í þessu sambandi.

Stefnandi hafi lagt fram vottorð þriggja lækna auk örorkumatsins. Á dskj. nr. 19 sé vottorð dr. med. Bryjólfs Mogensen á Slysadeild Borgarspítala. Í því vottorði segi, að stefnandi hafi komið á Slysadeild 18. nóvember 1984 vegna bólgu og verkja í vi. hendi. Síðan segi orðrétt: „Guðmundur tók eftir því daginn fyrir komu hversu bólgnari vi. handleggur var og stirðari en sá hægri. Sagðist hafa vaxandi verkjaseyðing utanvert á handlegg og hendi og fór seyðingurinn óðum vaxandi. Ekki nein saga um áverka. Skoðun leiddi í ljós roða á vi. handlegg og hendi og verulega stinnari viðkomu. Vi. framhandleggur er verulega gildnari eða um 1½ cm og mjög aumur viðkomu. Sjúkl. var álitinn hafa húðbólgu (cellulitis) og meðhöndlaður með Penicillini."

Af hálfu stefnda er vísað í læknisvottorð Sigurgeirs Kjartanssonar, dags. 12. mars 1985, sem fyrr getur, og einnig í fyrrnefnt vottorð John Benedikz læknis, dags. 22. maí 1986. Varðandi síðargreint vottorð er tekið fram af hálfu stefnda að læknirinn gefi sér orsök, er hann láti uppi það álit: „... að hann (stefnandi) hafi snúist illa við ofangreinda leikfimisæfingu ..." en þess sé hvergi getið, t.d. í skýrslu stefnanda, að hann hafi snúist illa við þessa leikfimisæfingu. Auk þess telji hann þetta líklegt, en hafi í raun ekki séð nein klinisk einkenni þessa.

Því er haldið fram af hálfu stefnda að stefnandi hafi ekki orðið fyrir slysi og því hafi vátryggingaratburður ekki orðið og beri því að sýkna af kröfum stefnanda í máli þessu.

— — —

III.

Svo sem fram er komið krefst stefnandi slysabóta úr hendi stefnda samkvæmt samningsbundnum tryggingum vegna þeirra líkamsmeiðsla, sem hann kveðst hafa orðið fyrir, er hann hafi gert líkamsæfingar í rimlum í æfingaherbergi Sundlaugar Kópavogs hinn 15. nóvember 1984.

Samkvæmt vottorði Brynjólfs Mogensen dr. med., dags. 5. desember

1985, kom stefnandi á Slysadeild Borgarspítalans 18. nóvember 1984 vegna bólgu og verkja í vi. hendi. Í vottorði þessu segir m.a. svo:

„Guðmundur tók eftir því daginn fyrir komu hversu bólgnari vi. handleggur var og stirðari en sá hæ. Sagðist hafa vaxandi verkjaseyðing utanvert á handlegg og hendi og fór seyðingurinn óðum vaxandi. Ekki nein saga um áverka.

Skoðun leiddi í ljós roða á vi. handlegg og hendi og verulega stinnari við komu. Vi. framhandleggur er verulega gildnari eða um 1½ cm og mjög aumur viðkomu. Sjúkl. var álitinn hafa húðbólgu (cellulitis) og meðhöndlaður með Penicillini."

Í vottorði Gunnsteins Gunnarssonar, heimilislæknis stefnanda, dags. 11. mars 1987, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, er lýst komu stefnanda á stofu til læknisins hinn 21. nóvember 1984. Í vottorði þessu segir m.a. svo um stefnanda:

„Við skoðun þann 21/11 var hann með eymsli undir holhöndinni og virtist mér þau eymsli stafa frá bólgu í bláæð. Ekki hafði hann eymsli annarsstaðar né kvartanir frá öðrum líkamshlutum. Ég hafði samdægurs samb. við Sigurgeir Kjartansson æðaskurðlækni og sá hann Guðmund samdægurs á stofu sinni.

Guðmundur hafði verið vel frískur og ekki kennt sér neins meins þegar þetta skeði.

Við eftirgrennslan kom í ljós að hann hafði nokkru áður verið í einhverskonar leikfimisæfingum, að teygja á sér, og m.a. hangið í rimlum. Hafði hann þá fundið stríkka á vefnum undir holhöndinni, en skeytti því engu þá."

Í vottorði þessu kemur fram það álit læknisins að eina skynsamlega skýringin á æðabólgu stefnanda sé að hann hafi fengið tognun í vefi holhandarinnar eins og áður sé lýst.

Samkvæmt vottorði Sigurgeirs Kjartanssonar læknis var stefnandi lagður inn á Landakotsspítala hinn 22. nóvember 1984 vegna blóðsega og stíflu í vi. holhönd og með dreifðan þrota í öllum handleggnum og tekinn þar til aðgerðar þegar eftir greiningu, svo sem nánar er lýst í framlögðu vottorði. Nefndur læknir, sem er sérfræðingur í æðaskurðlækningum, greindi frá því fyrir dómi hverjar væru helstu orsakir fyrir blóðsega sem þessum, sem hann taldi aðallega geta verið með þrennum hætti, sem hann gerði svofellda grein fyrir: .... „Það eru þrengsli, meðfædd að meira eða minna leyti, þrengsli undir viðbeininu þar sem meginblæðin gengur út úr brjóstholinu og út í handlegg og þessa þrengsla kann að gæta seinna á æfinni, jafnvel þó þau séu meira eða minna meðfædd eða komi smá saman. Í öðru lagi gæti verið um að ræða áverka eða slys og í þriðja lagi, sem er langalgengast, það er ekki nokkur skapaður hlutur, það er engin ástæða fyrir

því.“ Ekki gat læknirinn borið um það til hvaða orsakaþáttar mætti rekja blóðsegann hjá stefnanda, en í sjúkraskrá stefnanda, sem nefndur læknir skráði og lögð hefur verið fram í málinu, segir svo m.a. í niðurlagi: „Ég reyni ekki að leiða getum að hvað kann að liggja á bak við þessa thrombosu, hvort um er að ræða local skemmd í endotheli, ellegar truflun á storkunar mekanisma.“

Í vottorði John E. G. Benedikz, sérfræðings í taugasjúkdómum, dags. 22. maí 1986, sem stefnandi hefur leitað til vegna áframhaldandi einkenna og verkja í vinstri handlegg og út frá honum, kemur fram það álit læknisins að stefnandi hafi greinilega fengið áverka á axillary venu og á plexus brachialis, og taldi læknirinn það líklegast að stefnandi hafi snúist illa við ofannefnda leikfimisæfingu.

Fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá atvikum að hann hafi stundað töluvert mikið sund í sundlaug Kópavogs og tiltekið sinn hafi hann verið staddur í æfingaherbergi sundlaugarinnar fyrir leikfimi og viljað tileinka sér æfingar sem hann hafi séð menn gera þar í leikfimisrimlum. Kvaðst hann hafa klifrað upp í þessa rimla, haldið í efsta rimilinn með hendurnar fyrir ofan sig og látið skrokkinn húrra niður. Við þetta hafi hann fengið gífurlegan sársauka í vinstri höndina, öxlina og dottið niður á gólf og í framhaldi af því hafi verið slæmur verkur, sem samt hafi farið minnkandi og kveðst stefnandi svona í byrjun hafa litið svo á að hann hefði sennilega eitthvað tognað.

Svo sem um getur í vottorðum læknanna Gunnsteins Gunnarssonar og John E. G. Benedikz og framburðum þeirra fyrir dómi gæti tognun eða snúningur við greinda líkamsæfingu hafa orsakað umræddan blóðsega, svo sem stefnandi byggir á, en aðrir orsakaþættir geta og komið til álita í því efni, svo sem læknisfræðileg gögn málsins bera með sér.

Af hálfu stefnda er m.a. á því byggt að atburður sá sem stefnandi hefur lýst og reisir málatilbúnað sinn á uppfylli ekki skilyrði tryggingarskilmálanna um bótaskylt slys. Í tryggingarskilmálum þessum er hugtakið slys skilgreint þannig: „Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur hinum (vá)tryggða líkamsmeiðslum, án þess að hann hafi sjálfur átt þar hlut að af ásettu ráði.“

Miðað við þá lýsingu sem stefnandi hefur sjálfur gefið á fyrrgreindri líkamsæfingu sinni verður ekki talið að meiðsli þau sem hann kann að hafa orðið fyrir af þeim sökum eigi rót sína að rekja til utanaðkomandi atburðar svo sem tilskilið er samkvæmt tryggingarskilmálum. Er því ekki um að ræða slys í skilningi greindra skilmála. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ábyrgð hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Sigurjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1988.

Nr. 5/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
X
(Arnmundur Backman hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Frestun refsingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, til vara að refsing verði felld niður eða frestað verði ákvörðun um refsingu, og til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa, og að sú refsing verði skilorðsbundin. Þá krefst ákærði málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs.

Fyrir Hæstarétti lýsti saksóknari því yfir, að hann féllist á frávísun héraðsdómara á skaðabótakröfu Ármanns Reynis Tómassonar, og er sú krafa því ekki til meðferðar hér fyrir dómi.

Fallast ber á með héraðsdómara, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás, sem refsiverð er eftir 218. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Eins og lýst er í héraðsdómi var ákærði, sem var 16 ára gamall, ásamt þremur ungmennum að baða sig í heita læknum í Nauthólsvík, er Ármann Reynir Tómasson, 44 ára að aldri, kom þar að. Af framburði Ármanns Reynis og annarra vitna verður að telja sannað, að hann hafi með klúryrðum og áreitni átt upptök að átökum þeim, sem urðu milli hans og ákærða og ekki sinnt beiðni þeirra um að vikja á brott. Þegar tekið er tillit til ungs aldurs ákærða og samkvæmt lokaákvæði 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, og með heimild í a-lið 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og falli hún niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð sömu greinar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, X, skal fresta og hún falla niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 3. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 691/1987: Ákæruvaldið gegn X, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. október 1987, á hendur X, Reykjavík, fæddum 12. apríl 1970 í Reykjavík, „fyrir líkamsárás með því að hafa um miðnætti 17. febrúar 1987 í Nauthólsvík í Reykjavík slegið Ármann Reyni Tómasson, fæddan 18. febrúar 1943,

hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut brot á neðan-augntóttarrönd og kinnboga vinstra megin, en til átaka hafði komið með ákærða og Ármanni Reyni í greint skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist."

Málavextir.

Vitnið Ármann Reynir Tómasson hefur skýrt frá því að hann hafi brugðið sér í heita lækinn í Nauthólsvík þriðjudagskvöldið 17. febrúar 1987. Þar hafi hann fengið áfengi að drekka og orðið hreifur. Þegar hann hafði lokið við að baða sig hitti hann tvo pilta og tvær stúlkur sem voru í læknum. Kveðst hann hafa tekið þau tali. Hann hafi látið falla við þau klúryrði í einhverjum hálfkæringi. Hafi þá annar pilturinn orðið reiður, komið upp úr læknum og veist að vitninu með höggum í andlitið og hafi hann auk þess hrint vitninu út í lækinn. Hinn pilturinn hafi einnig komið upp úr og veitt félaga sínum lið og hafi þeir fellt vitnið til jarðar, og hafi annar þeirra sparkað þar í andlit vitnisins. Veit vitnið ekki hvor þeirra gerði það. Kveðst vitnið hafa getað staðið á fætur og verið að ganga á brott þegar fyrri pilturinn veittist að honum aftur og sló vitnið aftur einhver högg.

Ákærði hefur greint frá því að maður hafi komið að þeim fjórum, X, A, B og C, þar sem þau lágu nakin í læknum. Hafi hann farið að eiga við föt þeirra og klæmast við þau, og þegar hann sinnti ekki tilmælum ákærða um að fara í burtu kvaðst ákærði, sem var undir áhrifum áfengis, hafa farið upp úr og farið að stjaka við manninum sem þá tók á móti. Úr þessu hafi orðið áflog með þeim. Hafi þeir slegið hvor til annars og hafi maðurinn slegið ákærða á munninn svo að kvarnaðist úr tönn, en ákærði kveðst hafa komið höggum á andlit mannsins. Maðurinn hafi fallið til jarðar einu sinni eða tvisvar en hafi staðið upp aftur og þeir haldið áfram áflogunum. Félagi ákærða, C, hafi veitt sér lið með því að fella manninn einu sinni til jarðar, en hann hafi hvorki slegið manninn né sparkað í hann og ekki veitt honum neina áverka. Ákærði kvaðst ekki heldur hafa sparkað í manninn.

Eftir 10-15 mínútur hafi þeir maðurinn hætt átökunum og piltar sem komu þarna að hafi kallað til lögreglu að beiðni ákærða.

Vitnið C hefur skýrt frá því að maðurinn hafi farið að klæmast við þau í læknum, tekið föt þeirra og fært þau til á bakkanum. Ákærði hafi þá farið upp úr og stjakað við manninum. Hafi þá komið til handalögmála með þeim ákærða og manni þessum, og hafi þeir slegið hvor annan í andlitið. Báðir hafi þeir fallið til jarðar nokkrum sinnum en staðið upp

aftur og haldið áfram en hætt að lokum. Vitnið kveðst hafa haft þau ein afskipti af átökunum að draga manninn eða hrinda honum ofan af ákærða í eitt sinn sem maðurinn hafði X undir. X hafi aldrei sparkað í manninn heldur aðeins notað hendurnar.

Vitnið A hefur borið að maður sem þóttist vera vörður við lækinn hafi komið að þeim fjórum nöktum í læknum og klæmst við þau. Þau hafi beðið manninn að fara en hann hafi ekki viljað það. Ákærða hafi mislíkað þetta og hafi hann farið upp úr læknum og rætt við manninn. Skyndilega hafi þeir farið að slást en vitnið kveðst þá hafa hætt að fylgjast með þeim.

Vitnið Hans Guðmundsson Wiium kveðst hafa komið þar að sem tveir menn voru að slást við lækinn. Skildist vitninu að eldri maðurinn hefði verið með kynferðislega áreitni við unga stúlku. Sá yngri þeirra bað hinn eldri um að fara í burtu en hinn eldri hrinti hinum nokkrum sinnum. Sá yngri sló á móti tvö högg, ekki föst, í andlit þess eldra. Vitnið kveðst hafa fengið mennina til þess að hætta áflogunum og brá sér frá, en þegar vitnið kom aftur voru mennirnir komnir í hár saman að nýju.

Vitnið kveður eldri manninn hafa verið undir áhrifum áfengis en kveðst ekki hafa séð vín á hinum.

Vitnið B skýrði frá því, að maður hafi komið að þeim fjórum, sem í læknum voru, og farið að klæmast við þau. Þeim hafi mislíkað þetta og beðið hann um að hafa sig á brott. Ákærði hafi farið upp úr læknum þegar maðurinn sinnti þessu ekki og áréttaði þetta við manninn. Hann hafi stjakað við aðkomumanninum til áherslu og hafi maðurinn þá hrasað ofan í lækinn. A hafi orðið mikið um þetta og kveðst vitnið þá hafa snúið sér að henni og því ekki séð framhaldið nema út undan sér. Hafi það ekki virst vera mikil átök. Þegar þau hafi farið upp úr læknum nokkru seinna hafi þeir ákærði og maðurinn staðið þar skammt frá á tali og virtist fara vel á með þeim.

Vitnið D hefur borið að hann hafi séð ákærða og annan mann í handalögmálum á lækjarbakkanum og hafi þeir slegið hvor til annars með krepptum hnefum og reynt að hitta í andlit hvor annars. Hafi ákærði haft betur og maðurinn fallið. Þeir hafi rokið saman aftur og telur vitnið að áflogin hafi varað í 15-20 mínútur.

Lögreglumenn, sem höfðu verið kvaddir að læknum vegna áfloganna skömmu eftir miðnætti, fluttu Ármann Reyni á Slysadeild Borgarspítalans. Í vottorði Sigurveigar Pétursdóttur læknis segir eftirfarandi um áverkana á honum:

„Skoðun leiðir í ljós að hann er með hematom yfir báðum kinnbeinsbogum (arcus zigomaticus) og er ójafna í þessu vinstra megin. Hann er því með glóðarauga á hægra auga og mikla bólgu yfir nefi, einnig er blæðing í slímhimnu auga vinstra megin. Sjón góð og augnhreyfingar eðlilegar.

Rtg.mynd af andlitsbeinum: „Það er brot í margo infraorbitalis vi. megin án teljandi dislocation. Einnig er grunur um brot í laterala vegginn á situs maxillaris vi. megin og sturulysis í sutura frontozomatica vi. megin. Það er brot aftantil í acrus zygomaticus vi. megin með corticalis breiddar innkýlingu á aftari brotendanum. Það er vökvi í sins maxillaris vi. megin" (Jón Guðmundsson rtg.læknir).

Haft var samband við háls-, nef- og eyrnalækna vegna þess að sjúklingur hafði kinnbeinsbrot eins og segir í rtg.lýsingu og var sjúkling stefnt á Háls-, nef- og eyrnadeild að morgni. Páll B. Stefánsson leit á sjúkling og gerði ekki ráð fyrir að rétta þyrfti brot en ráðlagði endurkomu á H.N.E. tveim til þrem dögum eftir 18. Hefur meðferð síðan verið alfarið í höndum Páls á H.N.E.-deild Bsp.

Áverki sem þessi er nokkuð klassískur fyrir högg á kinnbein. Hann sést gjarnan eftir slagsmál."

Niðurstaða.

Ármann Reynir Tómasson telur að annaðhvort ákærði eða C hafi sparkað í andlit sér. Þessi frásögn hans nýtur ekki stuðnings af öðru sem fram er komið í málinu og ber að hafna henni.

Sannað er með framburði ákærða og vitna að þeir ákærði og Ármann Reynir Tómasson áttu í áflogum undir miðnætti þriðjudagskvöldið 17. febrúar 1987 við heita lækinn í Nauthólsvík. Telja verður að þeir hafi báðir átt upptök að þeim áflogum. Í þeim veitti ákærði Ármanni Reyni þá áverka sem í ákæru og læknisvottorðinu greinir með því að slá hann í andlitið. Hefur hann því brotið gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu Ármanns Reynis Tómassonar hefur Hilmar Björgvinsson héraðsdómslögmaður gert svofellda bótakröfu:

„1. Bætur fyrir líkamstjón kr. 210.000,00.
2. Almennir sparisjóðsvextir Landsbanka Íslands frá 17. febrúar 1987 til greiðsludags.
3. Innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ."

Krafa þessi er óljós og ekki studd gögnum. Ber því að vísa henni frá dómi.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Rétt þykir þó að fresta fullnustu hennar og hún falli niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti varðhaldi í 30 daga. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1988.

Nr. 201/1987. **Hildur Halldóra Karlsdóttir**
(Ingvar Björnsson hdl.)
gegn
Ernu Kristínu Siggeirsdóttur
(Garðar Garðarsson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Útivist stefndu í héraði. Áfrýjunarfrestur. Kröfu um, að fjárnámsgerð verði felld úr gildi, vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1987 og gerir þessar dómkröfur: „1. *Aðallega,* að kröfur hans í héraði verði teknar til greina. 2. *Til vara,* að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði. 3. *Til þrautavara,* að kröfufjárhæðir stefnda í héraði verði lækkaðar verulega. 4. Að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. 5. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins."

Þá hefur áfrýjandi með stefnu 29. september 1987 skotið til Hæstaréttar fjárnámsgerð sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 22. maí 1987 til fullnustu á kröfum stefndu.

Stefnda krefst þess að vara- og þrautavarakröfu áfrýjanda verði vísað frá Hæstarétti, en krefst að öðru leyti staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og staðfestingar fjárnámsgerðarinnar 22. maí 1987.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi féll þingsókn niður í héraði af hálfu áfrýjanda er fram átti að fara munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu hennar.

Stefnda mótmælir því að nýjar kröfur og málsástæður áfrýjanda fái komist að fyrir Hæstarétti. Vísar hún um það til 45. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973. Verður dómur lagður á málið eins og það lá fyrir héraðsdómara.

Áfrýjunarfrestur var liðinn er áfrýjandi fékk útgefna stefnu til áfrýjunar fjárnámsgerðarinnar sem fram fór 22. maí 1987 og var ekki aflað áfrýjunarleyfis, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 53. gr. laga nr. 19/1887 um aðför. Ber því að vísa frá Hæstarétti kröfu áfrýjanda er að fjárnámsgerðinni lýtur.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um framkomna frávísunarkröfu.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir því að mál þetta er risið af því að stefnda telur leynda galla hafa verið á vél bifreiðar þeirrar, sem hún keypti af áfrýjanda samkvæmt afsali 7. mars 1986.

Lögmaður stefndu ritaði áfrýjanda bréf 25. mars 1986 og krafðist greiðslu á kostnaði við viðgerð á vél bifreiðarinnar, samtals 49.860,00 krónur, ásamt innheimtulaunum að fjárhæð 7.533,70 krónur. Í svarbréfi lögmanns áfrýjanda 8. apríl 1986 var því mótmælt að áfrýjandi bæri ábyrgð á meintum galla en boðið var til samkomulags, án viðurkenningar á bótaskyldu, að veita 5.000,00 króna „afslátt og/eða bætur" af söluverði bifreiðarinnar ef það gæti orðið til að leysa ágreininginn.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi fékk stefnda dómkvadda matsmenn til að skoða vél bifreiðarinnar, segja til um ætlaða galla á henni, hvort gallar þeir sem fram kynnu að koma væru verulegir, hvort þeir teldust leyndir, hvernig úr þeim yrði bætt og meta kostnað við það. Þá voru matsmenn einnig beðnir um að meta verðmæti

bifreiðarinnar í því ástandi sem hún var svo og hæfilegar bætur fyrir afnotamissi.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Finnboga Eyjólfssonar og Bents Jörgensen bifvélavirkjameistara, frá 10. júní 1986, segir svo:

„1) Þjöppun vélarinnar reyndist við mælingu vera í hámarki á öllum strokkum að undanskildum strokk nr. 1, sem þó er vel innan viðunandi marka. Höfuðlegur og sambandsstangalegur eru með óeðlilega miklar slitskemmdir miðað við vegmæli bifreiðarinnar, sem sýnir 55923 km og hefur það orsakað þann torkennilega hávaða í vélinni, sem áður er getið.

Skemmdir þessar eru komnar á það stig, að hætta er á úrbræðslu leganna, séu þær notaðar áfram.

Engar skemmmdir hafa hinsvegar enn orðið á sveifarási, og við mælingu reyndist hann vel nothæfur án viðgerðar.

Að öðru leyti telja matsmenn vélina vera í eðlilegu ásigkomulagi með tilliti til aldurs og notkunar bílsins.

2) Kostnaður við að lagfæra áðurnefnda ágalla telja matsmenn að sé sem hér segir:

Efni:	legusett	kr.	1.905,00
	pakkningar	kr.	465,00
	olía o.fl.	kr.	850,00
	Efni alls	kr.	3.221,00
	Vinna: 16 klst. á kr. 540,- pr. klst.	kr.	8.540,00
	Trygging í tvo daga kr. 120,- pr. dag	kr.	240,00
	Viðgerðarkostnaður alls	kr.	12.001,00

3) Matsmenn telja að verðmæti bifreiðarinnar á frjálsum markaði og miðað við staðgreiðslu sé kr. 30.000,00 og að söluverð hennar þann 7. mars sl., einnig miðað við staðgreiðslu, hafi verið eðlilegt, sé gert ráð fyrir að slitskemmdir á vélinni hafi ekki verið komnar á það stig, sem lýst er í lið 1) hér að framan.

4) Matsmenn hafa engin gögn í höndum, sem sýna hvert fjárhagslegt tjón eiganda bifreiðarinnar er vegna afnotamissis og álykta því ekki um það atriði, en vísa hinsvegar á vinnureglur tryggingafélaganna um bætur vegna afnotamissis af bifreiðum.

5) Úrbætur á fyrrnefndum ágalla eru fólgnar í því að setja nýjar höfuðlegur og sambandsstangalegur í vélina.

6) Matsmenn telja nefndan ágalla ekki mjög stórvægilegan, en á hinn bóginn hefði hann tvímælalaust mjög fljótlega leitt til stórskemmda á vélinni hefði hún verið notuð áfram í óbreyttu ástandi. Eins og vélin kom matsmönnum fyrir augu og eyru áður en hún var tekin í sundur, hefði maður, sem ekki er sérstaklega vanur meðferð véla, ekki þurft að gera sér grein fyrir ástandi hennar við reynsluakstur og/eða skoðun."

Lögmaður stefndu ritaði lögmanni áfrýjanda bréf 18. júní 1986. Vísaði hann til matsgerðarinnar og krafðist þess að áfrýjandi greiddi viðgerðarkostnað þann sem metinn var, 12.001,00 krónu, auk kostnaðar við dómkvaðningu og mat, svo og innheimtulaun, alls 33.502,60 krónur.

Í svarbréfi lögmanns áfrýjanda 20. júní 1986 bauð hann greiðslu á 5.000,00 krónum á sömu forsendum og fram komu í bréfi hans frá 8. apríl 1986. Höfðaði stefnda svo mál þetta.

Svo sem að framan er rakið hafði áfrýjandi hafnað greiðsluskyldu sinni þótt hún byði fram greiðslu umfram skyldu. Er því varhugavert að líta svo á, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að áfrýjandi hafi fallist á kröfur stefndu. Þykir verða að leggja dóm á málið með tilliti til þess að áfrýjandi hefur frá upphafi mótmælt greiðsluskyldu sinni.

Með matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna telst sannað að bifreið sú sem áfrýjandi seldi stefndu hafi verið haldin leyndum galla er kaupin gerðust. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skyldu áfrýjanda til að greiða kostnað við viðgerð á vél bifreiðarinnar, 12.001,00 krónu. Fram kemur í matsgerð matsmannanna að viðgerðin taki tvo daga. Verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefndu 1.400,00 krónur í bætur fyrir afnotamissi þann tíma.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefndu 13.401,00 krónu með vöxtum eins og í dómsorði segir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000,00 krónur, þar með talinn matskostnaður.

Dómsorð:

Kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi fjárnámsgerð sú er fram fór 22. maí 1987 er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hildur Halldóra Karlsdóttir, greiði stefndu, Ernu Kristínu Siggeirsdóttur, 13.401,00 krónu með 9% ársvöxtum frá 1. október 1986 til 22. s.m., 15,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 16,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1987, 18,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar s.á., 20% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 23% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með dráttarvöxtum eftir 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 15. gr. sömu laga, til greiðsludags, þó eigi hærri en 27% ársvexti.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. þ.m., hefur Erna Kristín Siggeirsdóttir, Sólheimum 23, Reykjavík (nnr. 2233-1612), höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 22. október 1986 gegn Hildi Halldóru Karlsdóttur, Drafnarstíg 2, Reykjavík (nnr. 4104-0238), til greiðslu skaðabóta vegna galla í bílakaupum að fjárhæð kr. 56.874,00 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þann 7. mars 1986 keypti stefnandi af stefndu fólksbifreiðina R-69923, Autobinanci, árgerð 1980. Eftir kaupin telur stefnandi hafa komið í ljós að bifreiðin var haldin leyndum galla sem ekki hafi verið hægt að gera sér grein fyrir við skoðun.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 10. júní 1986 voru óeðlilegar slitskemmdir í höfuðlegum og sambandsstangalegum aflvélar bifreiðarinnar og telja matsmennirnir kostnað við að lagfæra gallana hæfilega metinn kr. 12.001,00.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1.	Bætur skv. mati	kr.	12.001,00
2.	Matskostnaður	"	23.873,00
3.	Afnotamissir	"	21.000,00
	Samtals	kr.	56.874,00

Af stefndu hálfu hefur verið sótt þing og krafist frávísunar vegna skorts á tilgreiningu lagaraka í stefnu. Engar efnisvarnir hafa komið fram. Eftir að leitað hafði verið sátta var málinu frestað til flutnings um frávísunarkröfu til 17. þ.m., en þá var ekki sótt þing af hálfu stefndu. Verður þá, skv. 118. gr. laga nr. 85/1936, að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess sem komið hefur fram af hálfu varnaraðila.

Ekki þykja rök til að vísa máli þessu frá dómi sjálfkrafa þótt sóknargögn séu ekki með öllu óaðfinnanleg. Ef varnaraðili hugðist taka til efnisvarna bar honum, skv. grunnreglu 4. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, að hafa þær uppi þegar í greinargerð sinni, og þar sem engin andmæli hafa komið fram af hennar hendi þykir bera að taka kröfur stefnanda til greina.

Það athugast að samkvæmt venju hefði mátt reikna matskostnað með málskostnaði, en þar sem þetta atriði er athugasemdalaust af hálfu stefndu verður fallist á kröfur stefnanda varðandi þetta atriði sem önnur.

Vaxtakrafa er í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands um dráttarvexti í skuldaskiptum innan og utan innlánsstofnana, og þar sem engar athugasemdir hafa verið gerðar við vaxtafót af hálfu stefndu verður ekki tekið sérstaklega á því hvort ákvarðanir Seðlabankans nái til skipta aðila.

Að þessu athuguðu, og þar sem fullt samræmi þykir vera milli kröfugerðar stefnanda og sakargagna að öðru leyti, þykir bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda Hildur Halldóra Karlsdóttir greiði stefnanda Ernu Kristínu Siggeirsdóttur kr. 56.874,00 með 2,25% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. október 1986 til greiðsludags og kr. 25.000,00 í málskostnað.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 22. maí 1987.

Ár 1987, föstudaginn 22. maí er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Drafnarstíg 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A-3816/1987: Erna Kristín Siggeirsdóttir gegn Hildi Halldóru Karlsdóttur 4104-0238.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Rvíkur nr. 22074/1986. Nr. 1 fylgir í ljósriti. Nr. 2 fylgir í frumriti svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Logi Egilss. v/Ævars Guðmundssonar hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 56.874,00 með 2,25% mánaðarv. frá 1.10. 1986 til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 635,00, kr. 25.000,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.360,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér en er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir Þorsteinn Hjálmarsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eign/eignarhluta gerðarþola í 1. hæð í austurenda í húseigninni nr. 2 við Drafnarstíg. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1988.

Nr. 244/1988. **Sigurbjörn Eiríksson**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Ólafi Jónssyni
og gagnsök
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Samningar. Gildi löggerninga. Málamyndagerningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara að hann

verði sýknaður af öllum kröfum gagnaáfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s.m. Hann gerir þær dómkröfur að ómerkingar- og frávísunarkröfu aðaláfrýjanda verði hafnað. Aðrar kröfur hans eru þessar: „Aðallega, að hinn áfrýjaði héraðsdómur verði staðfestur með þeim viðauka, að aðaláfrýjanda sé skylt að aflýsa hinum ógiltu gerningum, þ.e. kaupsamningi og afsali um jörðina Oddhól í Rangárvallasýslu, dags. í ágúst 1975. Til vara er þess krafist, að framangreindir gerningar, kaupsamningur og afsal um Oddhól, verði ógiltir sem eignaryfirfærslugerningar og aðaláfrýjanda gert skylt að aflýsa gerningum þessum gegn greiðslu frá gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda á kr. 90.000,00 ásamt vöxtum af almennum sparisjóðsbókum frá 1. júlí 1981 til greiðsludags."

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar hvernig sem málið fer, þar með talin hæfileg málflutningslaun eins og málið væri eigi gjafsókn- ar- og gjafvarnarmál. Með leyfi dómsmálaráðherra 3. desember 1987 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti.

I.

Krafa áfrýjanda um að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi er byggð á því að málsefnið sé þegar til lykta leitt með dómi Hæstaréttar 5. febrúar 1985. Það mál hafi verið milli sömu aðila, um sama efni og byggt á sömu lagarökum og nú. Hafi þá verið dæmt um gildi umræddra gerninga sem eignaryfirfærslugerninga og verði það sakarefni ekki borið undir dómstóla á ný.

Gagnáfrýjandi mótmælir því að dómur Hæstaréttar 5. febrúar 1985 í máli aðilanna sé bindandi úrslit um sakarefni það sem hér er til úrlausnar.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir dómsmáli aðilanna sem lauk með dómi Hæstaréttar 5. febrúar 1985. Með þeim dómi var því hafnað að kaupsamningurinn og afsalið um jörðina Oddhól væru með öllu ógildir gerningar eða að þeim yrði rift. Í máli því sem hér er til úrlausnar byggir gagnáfrýjandi á því að gerningunum hafi í raun verið ætlað að stofna til tryggingarréttinda til handa

aðaláfrýjanda í jörðinni þar til uppgjöri væri lokið. Hafi gerningunum ekki verið ætlað að yfirfæra eignarréttinn að jörðinni þó svo að þeir hafi verið færðir í búning eignaryfirfærslugerninga.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið verður ekki talið að í máli þessu sé um að ræða sama sakarefnið og dæmt var í máli aðilanna með dómi Hæstaréttar 5. febrúar 1985. Er því hafnað kröfu aðaláfrýjanda um að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

II.

Með vísan til ákvæðis 32. gr. laga nr. 7/1936, nú 33. gr. þeirra laga, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1986, verður að telja að aðaláfrýjandi geti ekki borið umrædda gerninga fyrir sig sem eignaryfirfærslugerninga. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann að undanskildu ákvæði hans um málskostnað.

Við endurupptöku og endurflutning málsins í héraði hinn 3. júlí 1987 varð að ráði í símtali milli lögmanns áfrýjanda og formanns dómsins, að fulltrúi við embætti hins síðarnefnda mætti í þinghaldi nefndan dag af hálfu lögmannsins. Átelja ber þessa málsmeðferð.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafvarnar- og gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda, Ólafs Jónssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 175.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en varðar málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnar- og gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda, Ólafs Jónssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 175.000,00 krónur.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 3. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu birtri 27.09. 1986.

Stefnandi er Ólafur Jónsson, nnr. 6770-1119, bóndi Oddhóli, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.

Stefndi er Sigurbjörn Eiríksson, nnr. 7799-3606, veitingamaður, Hraunbæ 60, Reykjavík.

Dómkrafa stefnanda er nú aðallega „að viðurkennt verði með dómi að svonefndur kaupsamningur um jörðina Oddhól, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, milli stefnanda og stefnda og svonefnt afsal fyrir jörðinni, hvort tveggja dagsett í ágúst 1975, verði ógilt með dómi sem eignayfirfærslugerningar, stefnda gert skylt að aflýsa gerningum þessum og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ" eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

„Til vara krefst stefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að svonefndur kaupsamningur og svonefnt afsal um jörðina Oddhól frá því í ágúst 1975 verði ógilt með dómi sem eignayfirfærslugerningar, og stefnda gert skylt að aflýsa gerningi þessum gegn greiðslu frá stefnanda á kr. 90.000,00 til stefnda ásamt vöxtum af almennum sparisjóðsbókum frá 1. júlí 1981 til greiðsludags, en þeir eru 34% frá 1.4. 1981 til 1.1. 1982, 42% frá þeim degi til 21.9. 1983, en með 35% vöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, en með 27% vöxtum frá þ.d. til 20.12. 1983, en með 21,5% vöxtum frá þ.d. til 10.8. 1984, en með 17% vöxtum frá þ.d. til 20.12. 1984, en með 24% vöxtum frá þ.d. til 1.6. 1985, en með 22% vöxtum frá þ.d. til 20.2. 1986, en með 15,4% vöxtum frá þ.d. til 20.3. 1986, en með 9,7% vöxtum frá þ.d. til 20.4. 1986, en með 8,5% vöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Þá er og krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda" eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi en til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Löggerningar þeir sem krafist er ógildingar á í máli þessu eru dagsettir í ágústmánuði 1975.

Gerningar þessir eru kaupsamningur um jörðina Oddhól í Rangárvallahreppi, en stefnandi er þinglýstur eigandi jarðarinnar, og afsal frá stefnanda til stefnda fyrir jörðinni.

Stefnandi véfengir skuldbindingargildi gerninga þessara sem eignayfirfærslugerninga en viðurkennir gildi þeirra sem tryggingargerninga í þágu stefnda vegna lána sem stefndi hafði veitt stefnanda.

Um aðdraganda þess að gerningar þessir voru gerðir og samningsgerðina sjálfa þykir mega vísa til dóms Hæstaréttar frá 5. febrúar 1985 í málinu

nr. 167/1982, sem rekið var á milli sömu málsaðilja út af sömu löggerningum, en þar segir:

„Samkvæmt kaupsamningi málsaðilja, dags. í ágúst 1975, þeim er dómkröfur aðaláfrýjanda (þ.e. Ólafs Jónssonar) taka til, taldist hann selja gagnáfrýjanda (þ.e. Sigurbirni Eiríkssyni) jörðina Oddhól ásamt húsum og öðrum mannvirkjum fyrir 9.000.000,- g.kr. Er gagnáfrýjandi í 2. gr. kaupsamningsins sagður eiga að gera aðaláfrýjanda skil á kaupverði þessu með því að:

1. Yfirtaka skuldir, sem hvíldu á jörðinni, eins og þær væru taldar í veðbókarvottorði dags. 30. júní 1975	kr.	5.991.607,-
2. Kvitta allar lausaskuldir aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda vegna fjár, sem gagnáfrýjandi hefði lagt út fyrir hann og teldist nema ásamt vöxtum	kr.	3.008.393,-
Alls	kr.	9.000.000,-

Enginn ágreiningur er um það að á þeim tíma er umræddur samningur var gerður var aðaláfrýjandi skuldugur gagnáfrýjanda um mikið fé vegna ýmissa fjárframlaga gagnáfrýjanda í hans þágu, þar á meðal greiðslu skulda er á aðaláfrýjanda hvíldu. Hvorugur aðilja virðist þó hafa haft yfirsýn yfir skuldir aðaláfrýjanda við gagnáfryjanda á þessum tíma og engin könnun fór fram á þeirri skuldastöðu þegar kaupsamningurinn var gerður. Var fjárhæðin 3.008.393,- krónur, sbr. 2. tl. hér að framan, einungis reikningslegur mismunur á hinu tilgreinda kaupverði, 9.000.000,- krónum, og samtölu veðskulda, er hvíldu á jörðinni samkvæmt áðurgreindu veðbókarvottorði, 5.991.607,- krónum. Nefnd fjárhæð veitti þó að sínu leyti enga vissu um fjárhæð þeirra veðskulda, sem í hlut gagnáfrýjanda kæmi að greiða, þar sem þar voru taldar með allar óaflýstar veðskuldir án tillits til þess hvort eða að hve miklu leyti þær kynnu þegar að hafa verið greiddar og þá af hverjum. Þess er þó að geta, að í umræddri 2. gr. kaupsamningsins sagði að af þessum áhvílandi skuldum hefði gagnáfrýjandi „þegar leyst til sín meginhlutann auk áfallinna vaxta og kostnaðar". Einnig er þess getandi að samkvæmt viðurkenningu gagnáfrýjanda í málflutningi voru margnefndar veðskuldir oftaldar í kaupsamningum um 822.000,- g.kr. vegna misreiknings. Þetta telur hann þó hafa haft þá þýðingu eina að ella hefðu hinar kvittuðu lausaskuldir verið taldar að sama marki hærri.

Í 3. gr. kaupsamningsins var kveðið á um það, að með honum hefðu aðiljar „gert upp viðskipti sín frá undanförnum árum að fullu og hvorugur (sic) fjárkröfur á hendur hinum, enda standi réttur annarra ekki í vegi fyrir því að samningur þessi komist til framkvæmda". Var um það atriði sérstaklega vísað til kaupréttar Rangárvallahrepps. Loks var það tekið fram

í samningnum, að aðaláfrýjandi áskildi sér rétt til að „búa á jörðinni eða hluta hennar ævilangt, þrátt fyrir sölu þessa, og með þann bústofn, sem hann hefur á jörðinni á hverjum tíma fyrir sig og fjölskyldu sína, allt eftir nánara samkomulagi“ við gagnáfrýjanda.

Undir kaupsamninginn rituðu aðaláfrýjandi og eiginkona hans nöfn sín en gagnáfrýjandi ekki. Einnig undirrituðu þau afsal til gagnáfrýjanda fyrir jörðinni. Tók hann hin undirrituðu skjöl, sem samin höfðu verið af lögmanni hans, síðan til sín án þess að aðaláfrýjandi fengi af þeim eintak. Stóð við svo búið uns aðaláfrýjandi hófst handa um að hnekkja samningsgerð þessari, að því er virðist í árslok 1978, og bjó aðaláfrýjandi áfram á jörðinni svo sem verið hafði.“

Á árinu 1981 höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda þar sem hann gerði þá kröfu að kaupsamningurinn og afsalið yrðu ógilt og til vara að gerningum þessum yrði rift.

Með dómi aukadómþings Rangárvallasýslu 27. júlí 1982 var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Með dómi Hæstaréttar þann 5. febrúar 1985, sem hér að framan er vitnað í, var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Var niðurstaða þriggja dómara af fimm að staðfesta bæri dóm aukadómþingsins.

Í atkvæði tveggja af þeim þrem dómurum sem mynduðu meirihlutann um niðurstöðu málsins segir m.a: „Þegar allt það er virt, sem að framan er rakið, þykja sterkar líkur leiddar að því sem aðaláfrýjandi heldur fram, að hinn svonefndi kaupsamningur aðilja og afsal aðaláfrýjanda hafi ekki verið ætluð til að yfirfæra eignarrétt aðaláfrýjanda að jörðinni til gagnáfrýjanda án þess að frekara þyrfti til að koma.

Málflutning aðaláfrýjanda verður á hinn bóginn að skilja sem viðurkenningu hans á því að enda þótt margnefndur kaupsamningur og afsal hafi verið gerð til málamynda sem eiginlegir afsalsgerningar, hafi það þó verið tilætlun aðilja að gagnáfrýjandi öðlist með þeim tryggingarréttindi í jörðinni fyrir kröfum sínum á hendur aðaláfrýjanda vegna fjárframlaga í hans þágu, eftir því sem kaupsamningurinn greinir en að undangengnum nánari skuldaskilum.

Ósannað er að framangreindir löggerningar hafi orðið til með þeim atvikum að þeir verði taldir hafa verið óskuldbindandi fyrir aðaláfrýjanda frá öndverðu samkvæmt ákvæðum 30. gr. og 32. gr. laga nr. 7/1936 eða 7. gr. laga nr. 58/1960 sem tryggja tryggingargerninga í raun en færðir í búning eignarafsalsgerninga eins og aðaláfrýjandi sjálfur viðurkennir að þeir hafi verið svo sem áður er sagt. Hann hefur eigi heldur fært fullnægjandi rök að því að hann megi rifta löggerningum þessum vegna vanefnda gagnáfrýjanda.....“

Varð niðurstaða dómendanna að svo sem stefnandi hefði lagt málið fyrir dómstóla þætti ekki unnt að taka kröfur hans til greina.

Einn dómarinn skilaði sératkvæði og lýsti sig samþykkan dómsorði meirihlutans með þeim forsendum að ekki hefði verið sýnt fram á að kaupverðið hefði verið undir markaðsverði í ágúst 1975, hvað þá bersýnilega ósanngjarnt. Bæri og að hafa í huga að í kaupsamningi og afsali áskildi stefnandi sér ábúðarrétt á jörðinni ævilangt með þann bústofn sem hann þyrfti á að halda fyrir sig og fjölskyldu sína. Þá hefði gagnáfrýjandi gefið yfirlýsingu þar sem hann skuldbindi sig til að greiða 822.000,- g.kr. með verðbótum vegna þess að eftirstöðvar áhvílandi lána hefðu verið ofreiknaðar af misskilningi. Enda þótt stefndi hefði ekki þinglýst heimildarbréfum sínum og eigi talið jörðina fram til skatts fyrstu árin eftir kaupin, taldi þessi dómandi að með því væri ekki komin fram fullnægjandi sönnun þess að um hefði verið að ræða málamyndagerninga.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins taldi dómarinn að staðfesta bæri hann.

Í áliti minnihlutans segir m.a. svo: „Líkur eru fyrir því að rétt sé sú skýrsla aðaláfrýjanda að hér hafi verið um málamyndagerninga að ræða sem ekki hafi átt að hafa gildi eftir orðum sínum. Skýringar hans á því hvers vegna skjölin voru undirrituð eru þó ófullnægjandi, og verður ekki talið fram komið að þau hafi ekkert gildi átt að hafa. Af kröfugerð hans og öðru sem af hans hálfu er fram komið verður þó ekki ljóslega ráðið neitt um þetta atriði.

Þegar það er virt sem fram er komið um aðdraganda þess að hin umdeildu skjöl voru undirrituð en aðaláfrýjandi undirritaði þau án þess að fyrir lægi hve mikið hann skuldaði gagnáfrýjanda, verður að telja að gagnáfrýjandi geti vegna 32. gr. laga nr. 75/1936 um samningsgerð, umboð og ógildi löggerninga ekki borið þau fyrir sig gagnvart aðaláfrýjanda."

Samkvæmt þessu var niðurstaða minnihlutans að taka bæri til greina kröfu aðaláfrýjanda um ógildingu hinna umdeildu gerninga.

Stefnandi heldur því fram að gerð samningsins og afsalsins hafi stafað af því að hann var skuldugur við stefnda og hafi gerningum þessum verið ætlað að stofna til tryggingarréttinda til handa stefnda í jörðinni fyrir skuldum stefnanda þar til uppgjöri væri lokið. Hins vegar hafi hann aldrei fengið neitt yfirlit frá stefnda yfir skuldastöðuna og hafi hann þess vegna hafist handa um málshöfðunina árið 1981 auk þess sem stefndi hafi farið að haga sér gagnvart stefnanda eins og hann hefði öðlast beinan eignarrétt yfir jörðinni.

Að gengnum dómi Hæstaréttar 5. febrúar 1985 hafi stefnandi ítrekað beðið um yfirlit yfir skuldastöðu sína gagnvart stefnda en stefndi ítrekað neitað að afhenda slíkt yfirlit. Hafi stefndi einn yfirlit yfir skuldaskipti aðilja en neiti jafnan að afhenda slíkt yfirlit. Vegna þessarar neitunar sé stefnanda nauðugur kostur að höfða mál þetta enda líti hann svo á að

margnefndir löggerningar hafi verið óskuldbindandi fyrir hann frá öndverðu sem eignayfirfærslugerningar skv. ákvæðum 30. gr. og 32. gr. laga nr. 7/1936 og skv. ákvæðum 31. gr. sömu laga (áður 7. gr. laga nr. 38/1960). Telur stefnandi að staðfesting þessa hafi í raun fengist með dómsatkvæði meirihluta Hæstaréttar í áðurgreindum dómi frá 5. febrúar 1985. Verði ekki á það fallist að framangreind lagaákvæði leiði til ógildingar gerninganna byggir stefnandi á því að þeir séu óskuldbindandi fyrir hann sem eignayfirfærslugerningar skv. ákvæðum 36. gr. laga nr. 7/1936, eins og hún nú er, sbr. lög nr. 11/1986, enda eigi sú lagagrein við um löggerninga þessa þar sem skuldaskiptum aðilja sé enn ekki lokið og það sé bæði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju fyrir stefnda að bera gerninga þessa fyrir sig.

Ennfremur heldur stefnandi því fram að röksemdafærsla Hæstaréttar í dóminum frá 5. mars 1985 sé bindandi í máli þessu eftir reglum um bindandi réttaráhrif dóma.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vísa beri máli þessu frá dómi. Telur hann, að af ákvæðum 1. mgr. 195. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 og 2. mgr. 196. gr. sömu laga leiði að vísa beri máli þessu frá dómi með því að Hæstiréttur hafi með dómi sínum frá 5. febrúar 1985 ráðið ágreiningi aðila til lykta.

Þá er því mótmælt að hér sé um málamyndagerninga að ræða til tryggingar skuldum stefnanda, gerningarnir séu eignayfirfærslugerningar og ekkert annað.

Aðilar hafi báðir komið til lögmanns stefnda og hafi hann gert kaupsamning og afsal að beiðni þeirra. Þeir hafi verið að ganga frá uppgjöri á skuldum stefnanda við stefnda.

Stefndi hefur mótmælt því að hafa átt atbeina að því að samningurinn og afsalið var gert og kveður hann skjölin fyrst hafa komið fyrir augu sín er þau hjón rituðu á þau einhverntíma í ágúst 1975.

Ennfremur mótmælir stefndi því að ákvæði 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936 geti átt við.

Með úrskurði aukadómþingsins uppkveðnum 9. febrúar 1987 var hrundið kröfu stefnda um frávísun málsins. Við munnlegan flutning tóku samdómsmenn sæti í dómi samkvæmt heimild í 2. gr. 37. gr. A laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981.

Engar nýjar upplýsingar hafa komið fram um úrskurðarefnið og þykja þá, skv. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, ekki efni til að dómurinn taki það nú upp til endurskoðunar. Verður því við það miðað að dómur Hæstaréttar frá 5. febrúar 1985 standi ekki í vegi fyrir því að mál þetta verði dæmt að efni til svo sem kröfugerð er nú háttað.

Samkvæmt reglum íslensks réttar um bindandi réttaráhrif dóma verður

niðurstaða dóms lögð til grundvallar í öðrum málum milli sömu aðila þar sem hún skiptir máli.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram að í forsendum dómenda Hæstaréttar felist afstaða sem bindi aðila í þessu máli.

Til að ákvarða hvað telst vera bindandi niðurstaða dóms verður einatt að líta á forsendur hans. Hins vegar er ekki meiri hluti um forsendur Hæstaréttar í dóminum frá 5. febrúar 1985.

Samkvæmt reglum íslensks réttar um bindandi réttaráhrif dóma annarsvegar og um atkvæðagreiðslur í fjölskipuðum dómi hinsvegar er röksemdafærsla í forsendum dómenda Hæstaréttar ekki bindandi um niðurstöðu máls þessa, sbr. 195. gr., 117. gr. i.f. og 192. gr. l. nr. 85/1936.

Hvorki við gerð hinna umdeildu gerninga né síðar lét stefndi stefnanda í té samrit þeirra eða önnur skilríki fyrir þeim réttindum sem stefnanda eru þar áskilin, eftirgjöf skulda eða yfirtökur veðskulda, og ekki ritaði hann undir kaupsamninginn eða afsalið fyrr en löngu síðar.

Stefndi gerði ekkert til að halda kaupi sínu til laga fyrr en stefnandi hófst handa um að bera brigður á lögmæti gerninganna, og eigi taldi hann jörðina fram til eignar á skattframtali sínu. Stefnandi hélt áfram búskap á jörðinni eins og ekkert hefði í skorist, og þegar stefnandi höfðaði mál til ógildingar á áhvílandi veðskuldabréfum, tók stefndi til varna svo sem skuldir þessar væru ekki upp gefnar.

Þegar allt þetta er virt svo og hin óvenjulegu ákvæði samningsins um ákvörðun kaupverðs, fjárhæðir yfirtekinna veðskulda og kvittaðra lausaskulda, þykir verða að leggja til grundvallar í máli þessu að samningi aðila hafi ekki verið ætlað að hafa gildi milli þeirra sem kaupsamningur og afsalinu hafi ekki verið ætlað að veita stefnda óskilyrtan eignarrétt að jörðinni, heldur hafi ætlun aðila með gerningum þessum verið að veita stefnda tryggingu fyrir áður ótryggðum kröfum hans á hendur stefnanda. Þykir þá samkvæmt þeirri reglu sem fram kemur í 33. gr. laga nr. 7/1936, nú 34. gr. þeirra laga, sbr. 4. gr. l. 11/1986, bera að fallast á aðalkröfu stefnanda um ógildingu.

Í munnlegum málflutningi í dag skýrði umboðsmaður stefnanda aflýsingarkröfu sína svo að átt sé við að aflýsa beri gerningum þessum sem eignayfirfærslugerningum.

Með dóm í máli þessu í höndum getur stefnandi tryggt rétt sinn með þinglýsingu, og þar sem gildi hinna umdeildu gerninga sem tryggingargerninga hefur ekki verið hnekkt, þykir ekki verða fallist á kröfu stefnanda um aflýsingu.

Í samræmi við meginniðurstöðu dóms þessa þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 135.000,00 og greiðist í ríkissjóð. Allan gjafsóknarkostnað, þar með talin

þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 120.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kváðu upp Friðjón Guðröðarson sýslumaður, Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari og Allan Vagn Magnússon héraðsdómari.

Dómsorð:

Kaupsamningur og afsal um jörðina Oddhól í Rangárvallahreppi dags. í ágúst 1975 eru ógild sem eignarréttaryfirfærslugerningar.

Hrundið er kröfu stefnanda Ólafs Jónssonar um aflýsingu gerninga þessara.

Stefndi Sigurbjörn Eiríksson greiði málskostnað stefnanda kr. 135.000,- í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar, kr. 120.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 18. nóvember 1988.

Nr. 305/1988. **Guðlaug Erla Skagfjörð**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Þorsteini Stefánssyni
(Örn Clausen hrl.)

Hjón. Búskipti við skilnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. október 1987. Dómkröfur hennar eru aðallega þær, að félagsbúi málsaðilja verði skipt á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, en til vara, að frá helmingaskiptum verði vikið áfrýjanda í óhag að mati Hæstaréttar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn. Þau eru leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, útgefið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. júní 1988 til málsaðilja, svo og vottorð frá Hagstofu Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, er sýna að áfrýjandi hefir gifst sex sinnum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 75.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaug Erla Skagfjörð, greiði stefnda, Þorsteini Stefánssyni, 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. október 1987.

I

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 30. september 1987. Sóknaraðili málsins, Þorsteinn Stefánsson, nnr. 9757-8885, Ósi, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, gerir þær kröfur aðallega að skiptum á búi hans og varnaraðila verði hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60/1972, þannig að hvor aðila um sig haldi þeim eignum annars vegar er viðkomandi átti við stofnun hjúskapar og gerðar voru að séreign, svo og öðrum eignum er viðkomandi færði í félagsbúið við stofnun hjúskaparins eða komu síðar í þeirra stað.

Í hlut mannsins komi því:

1. Íbúðarhúsið að Ósi II í Skilmannahreppi með öllum þeim réttindum sem því fylgir.
2. Innistæða á bankabók nr. 61050 í Landsbanka Íslands, Akranesi, að fjárhæð kr. 1.919.004,00.
3. Innistæða á bankabók nr. 60088 í Landsbanka Íslands, Akranesi, að fjárhæð kr. 1.477,00.
4. Innistæða á bankabók nr. 1980 í Landsbanka Íslands, Akranesi, að fjárhæð kr. 49.099,75.
5. Bifreiðin M-1061 af gerðinni Opel Ascona árg. 1984.
6. Kartöfluflokkunarvél að matsverði kr. 165.760,00.
7. Eftirtaldir lausamunir: 7.1. Ísskápur. 7.2. Þvottavél. 7.3. Fjögurra vetra hryssa.

Í hlut konunnar komi:

1. Fjögurra herbergja íbúð að Unufelli 33, Reykjavík, 3. h. t.v. ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum, að fasteignamatsverði kr. 2.380.000,00.
2. Bækur merktar konunni og hljómplötusafn.
3. Sjónvarp og myndband af gerðinni ITT 22" og Panasonic.
4. Persónulegir stofumunir, gjafir og málverk.
5. Sex vetra hryssa.
6. Skuldir áhvílandi á Unufelli 33, 3. h. t.v. við 6.1. Byggingasjóð verkamanna, nú að fjárhæð með vanskilum kr. 1.315.993,70 (lán nr. 160767). 6.2. Byggingasjóð ríkisins, nú að fjárhæð með vanskilum og verðbótum kr. 53.135,00 (lán nr. 21009).

Loks er þess krafist að konan rými íbúðarhús mannsins að Ósi II í Skilmannahreppi tafarlaust og afhendi sóknaraðila lykla að bifreiðinni M-1061 án tafar. Þennan lið kröfugerðarinnar felldi sóknaraðili niður við munnlegan málflutning. Til vara, og ef ekki verður fallist á skipti á grundvelli 57. gr. l. nr. 60/1972, er þess krafist að öðrum eignum en sér-

eignum verði skipt þannig að Þorsteinn fái aukinn búshluta í sinn hlut.

Til þrautavara, og ef til helmingaskipta kemur á öðrum eignum en séreignum aðila, er þess krafist að sóknaraðila verði úthlutað af búshluta varnaraðila kr. 252.260,00 með 12,5% ársvöxtum frá 28.10. 1986 til 11.11. 1986 en með 15% ársvöxtum frá þ.d. til 11.01. 1987 en með 18,27% ársvöxtum frá þ.d. til 01.02. 1987 en með 20,4% ársvöxtum frá þ.d. til 01.06. 1987 en með 23,2% ársvöxtum frá þ.d. til 01.07. 1987 en með 25,4% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Með séreignum á sóknaraðili við séreignir varnaraðila skv. kaupmála og skuldir þeim tengdar og séreign sóknaraðila skv. kaupmála og þær eignir sem í stað hennar hafa komið, ein bankabók nr. 61050 og kartöfluflokkunarvél. Hvernig sem málið fer er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili málsins, Guðlaug Erla Skagfjörð, nnr. 2971-3553, Ósi, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, gerir þær kröfur aðallega að félagsbúi hjónanna verði skipt á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, en til vara að frá helmingaskiptum verði vikið varnaraðila lítillega í óhag að mati réttarins. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins úr hendi sóknaraðila.

II

Málavextir eru þeir helstir, að svo miklu leyti sem ráðið verður af gögnum málsins og skýrslum málsaðila, að um er að ræða 72 ára gamlan mann og 50 ára konu. Maðurinn, sem áður hafði verið í hjúskap, varð ekkill 1982 og á 6 uppkomin börn. Konan á 6 börn, þar af 3 uppkomin, en hin á aldrinum 8 og 15 ára (tvíburar). Konan neitaði að tjá sig um það aðspurð, hversu oft hún hefði áður verið gift.

Aðilar málsins kynntust á árinu 1985, þegar varnaraðili réðst til sóknaraðila sem ráðskona eftir auglýsingu sóknaraðila í apríl það ár. Í ágúst sama ár giftust þau, m.a. til þess, að því er virðist, að varnaraðili gæti fengið börn sín á nýjan leik en yfir þeim hafði hún glatað forræði. Þegar til hjúskaparins var stofnað átti sóknaraðili umtalsverðar skuldlausar eignir: íbúðarhús í byggingu að Höfðagrund 7, Akranesi, íbúðarhús að Ósi II í Skilmannahreppi, 2 bifreiðar, innistæður á bankabókum o.fl. lausafé.

Varnaraðili átti fjögurra herbergja íbúð að Unufelli 33 í Reykjavík með áhvílandi skuldum, innanstokksmuni o.fl. lausafé. Fyrir hjúskap gerðu aðilar með sér kaupmála, þar sem allar eignir konunnar voru gerðar að séreign hennar og íbúðarhús sem maðurinn átti í byggingu að Höfðagrund 7 var gert að séreign hans. Í kaupmálanum eru ákvæði sem segja að arður

og það sem kemur í stað séreignar hvors um sig verði séreign þess sem séreignina á og að allur arfur, hverju nafni sem nefnist, skuli vera séreign þess þeirra sem erfði í hvert sinn og að öðru leyti fari um fjármál þeirra að lögum.

Meðan á hjúskapnum stóð seldi sóknaraðili íbúðarhúsið að Höfðagrund 7 á Akranesi. Andvirði hússins lagði hann inn á bankabók (kjörbók) í Landsbankanum á Akranesi, sem hann stofnaði sérstaklega í þessu skyni. Innistæðu á þessari bók telur sóknaraðili vera sína séreign svo og kartöfluflokkunarvél sem hann keypti og greiddi af innistæðu bókarinnar.

Á meðan á hjúskap stóð greiddi sóknaraðili fyrir allt sem til reksturs heimilisins þurfti og kostnað af eignum búsins og innti einnig af hendi greiðslu af skuldum varnaraðila vegna séreignar hennar.

Þar sem tekjur búsins voru afar litlar var að mestu gengið á bankainnistæðu sóknaraðila vegna umræddra útgjalda. Tekjur málsaðila voru einkum ellilífeyrir og eftirlaun sóknaraðila og tekjur af landbúnaði, einkum kartöflusölu og sölu á bústofni.

Í byrjun ársins 1987 munu málsaðilar í alvöru hafa farið að ræða um skilnað. Í júlímánuði það ár flutti sóknaraðili úr húsinu og hefur ekki dvalið þar síðan, enda var skipt um hurðarskrár svo að hann hafði ekki lengur frjálsan aðgang að því. Hinn 15. júlí sl. mætti sóknaraðili á skrifstofu embættisins og óskaði eftir skilnaði að borði og sæng. Ekki varð samkomulag um eignaskiptingu og var krafa sóknaraðila um töku félagsbús málsaðilanna til opinberra skipta tekin fyrir hér í réttinum þann 17. ágúst 1987. Við búsmeðferðina varð ágreiningur með málsaðilum um kröfur sóknaraðila og er málarekstur þessi til úrlausnar þeim ágreiningi.

III

Aðalkröfu sína um að búi málsaðila verði skipt á grundvelli 57. gr. sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972 styður sóknaraðili eftirfarandi rökum: Hjúskapur þeirra hafi staðið í mjög stuttan tíma eða tæp tvö ár. Ári eftir stofnun hjúskapar hafi verið farið að ræða skilnað þótt sóknaraðili bæri ekki fram kröfu um hjúskaparslit fyrr en í júlímánuði sl. Hafi hann þá hrökklast af heimilinu fyrir ofríki konunnar og ráðgjafa hennar, Magnúsar Guðnasonar. Ágreiningslaust sé hvaða eignir voru gerðar að séreign aðila með kaupmála, en aðrar eignir sem ekki voru gerðar að séreign með kaupmála stafi frá sóknaraðila. Sé um veruleg verðmæti að ræða sem varnaraðili hafi á engan hátt átt þátt í að skapa. Væri bersýnilega ósanngjarnt ef varnaraðili tæki helming allra eigna sóknaraðila við slit svo skammvinns hjúskapar og hefði þannig verulegan fjárhagslegan ávinning af ráðahagnum. Miðað við meðferð varnaraðila á fjármunum búsins og kröfu hennar nú verði ekki komist hjá þeirri hugsun að til hjúskaparins hafi beinlínis verið stofnað í fjárhags-

legu ábataskyni af hennar hálfu, enda hafi sóknaraðili verið sæmilega efnum búinn í upphafi hjúskapar.

Fjárhagsleg samstaða málsaðila á hjúskapartíma hafi verið mjög óveruleg og nánast engin. Tekjum og gjöldum vegna séreigna hafi verið haldið algerlega aðgreindum. Þá hafi sóknaraðili haft gott og aðgengilegt yfirlit yfir þær eignir er hann átti við stofnun hjúskaparins og meðferð þeirra á hjúskapartímanum. Á eignir hans hafi verið gengið á hjúskapartíma til framfærslu heimilisfólks og aukaútgjalda varnaraðila. Þá hafi allar tekjur sóknaraðila vegna landbúnaðarstarfa runnið til heimilis og annarra útgjalda varnaraðila án þess að nýjar eignir, fastar eða lausar, mynduðust, ef undan væri talinn hestur er keyptur var fyrir varnaraðila og án þess að varnaraðili aflaði sjálf sérstakra tekna.

Ljóst sé að aðalregla íslensks réttar um fjármál hjóna, er til skilnaðar eða slita á fjárfélagi kemur, sé í 2. mgr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20, 1923, sbr. ákvæði VII. kafla, einkum 49. gr. sömu laga. Í 57. gr. laga nr. 60, 1972 sé heimild til þess að víkja frá aðalreglu laga nr. 20, 1923 um helmingaskipti ef krafist er og helmingaskipti eru bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hefur staðið skamma stund og hefur ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu. Með vísan til alls þessa verði að telja fullsannað að öll skilyrði 57. gr. laga nr. 60, 1972 séu fyrir hendi í þessu máli. Þar sem sóknaraðili geri kröfu til skipta á grundvelli 57. gr. beri því að taka þá kröfu hans til greina.

Varakröfu sína um aukinn búshluta byggir sóknaraðili á því að allar þær eignir sem til skipta koma stafi frá sér og hafi verið persónulegar eignir hans áður en til hjúskapar var stofnað. Þá byggir hann varakröfuna á því að varnaraðili hafi á sambúðartíma rýrt upphaflegar eigur sóknaraðila með óhóflegri eyðslu og ráðstöfun fjár án þess að hann fengi skýringar á því í hvað peningarnir fóru. Þá hafi varnaraðili gengið í bankabækur sóknaraðila sem sínar eigin. Hafi af hennar hálfu ekki verið gerður greinarmunur á séreign og öðrum eignum. Vísist í þeim efnum til 19. gr., 48. gr. og 52. gr. laga nr. 20, 1923. Skuldi varnaraðili sóknaraðila sannanlega vegna þessa kr. 252.260,00 er hún hafi tekið út af séreignabók hans nr. 61050 í Landsbanka Íslands, Akranesi. Loks hafi sóknaraðili greitt fyrir varnaraðila ýmsar skuldir og reikninga vegna séreignar hennar að fjárhæð kr. 162.094,85.

Þrautavarakröfu sína byggir sóknaraðili á því að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila það fé sem hún tók út af bankabók hans nr. 61050 í Landsbanka Íslands, Akranesi, og sé hans séreign. Námu þessar úttektir hennar kr. 252.260,00. Hluta af þessu fé hafi sóknaraðili litið á sem lán til varnaraðila, en annað fé hafi hún tekið út án heimildar.

Eðlilegast sé því að sóknaraðila verði úthlutað nefndri upphæð með hæstu innlánsvöxtum af búshluta varnaraðila. Leiði sanngirnissjónarmið til

þeirrar niðurstöðu. Vextir miðist við síðasta úttektardag varnaraðila, 28.10. 1986. Reiknað sé með hæstu innlánsvöxtum sparifjár Samvinnubanka Íslands hf.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila um fjárskipti að hætti 57. gr. laga nr. 60, 1972, þar eð hún hafi ekki við nægileg rök að styðjast. Fyrir valdsmanni hinn 15. júlí sl. hafi sóknaraðili krafist skilnaðar að borði og sæng og jafnframt boðið helmingaskipti á félagsbúi málsaðila. Hinn 28. júlí hafi lögmaður varnaraðila mætt með skriflegu umboði og samþykkt helmingaskipti á eignum félagsbúsins. Vísað er til almennra reglna kröfu- og samningsréttar um loforð og samþykki. Verði ekki betur séð en samkomulag hafi orðið um skipti búsins til helminga. Loforð sóknaraðila hafi ekki verið bundið skilyrðum, ekki tímabundið og ekki höfðu forsendur breyst þar til það var samþykkt. Sé því kominn á bindandi samningur um helmingaskipti búsins.

Í annan stað og til vara heldur varnaraðili því fram að lagagrundvöll skorti til að 57. gr. verði beitt. Ekki sé annað sannað en venjuleg fjárhagsleg samstaða hafi myndast. Bæði hafi þau litlar tekjur skv. skattframtali. Varnaraðili vinni ekki utan heimilis en sinni húsmóðurstörfum. Bæði vinni þau að kartöflurækt og hafi af því tekjur sem renni til heimilishalds. Sóknaraðili leiti eftir skilnaði en varnaraðili ekki, hún hafi lýst sig andvíga skilnaði. Sóknaraðili hafi farið burt af heimilinu en ekki langt þar eð hann búi hjá dóttur sinni í næsta húsi. Dómar sem gengið hafi í Hæstarétti bendi ekki til að beita megi undantekningarákvæði 57. gr. í þessu máli. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að helmingaskipti séu bersýnilega ósanngjörn í máli þessu.

Um varakröfuna segir varnaraðili að fremur væri byggt á sanngirnissjónarmiðum en laga þar eð ekki sé um það deilt að sóknaraðili flutti eignirnar í búið.

IV

Svo sem kröfugerð og málflutningi í máli þessu er háttað verður það að teljast aðalúrlausnarefni þess, hvort skilyrðum 57. gr. laga nr. 60, 1972 sé fullnægt, þannig að við skipti á félagsbúi málsaðila verði vikið frá meginreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20, 1923 með þeim hætti, sem sóknaraðili krefst. Skilyrði lagaákvæðisins eru þau að eigur búsins stafi að mestu leyti frá öðru hjóna er flutt hefur þær í búið með þeim hætti sem 27. gr. laganna kveður á um og einnig að helmingaskipti teljist bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hafi staðið skamma stund og hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu. Séu þessi skilyrði fyrir hendi er heimilt að kröfu þess hjóna sem flutti eignirnar í búið að kveða svo á að skipta skuli búinu samkvæmt meginreglu 27. gr. laganna að nokkru eða öllu leyti.

Liggur þá fyrir að meta það, hvort nefndum lagaskilyrðum, 57. gr. laga nr. 60, 1972, sé fullnægt í máli þessu. Óumdeilt er í málinu að eigur búsins stafi frá sóknaraðila, enda voru eigur varnaraðila gerðar að séreign hennar fyrir stofnun hjúskaparins. Þykir því fyrra meginskilyrði ákvæðisins, er mælir fyrir um það, eins og fyrr segir, að eigur búsins stafi að mestu leyti frá öðru hjónanna, sem flutt hefur þær í búið með þeim hætti er segir í 27. gr. laganna, vera fullnægt, enda er krafan sett fram af því hjóna sem fullnægir þessu skilyrði eins og lögin kveða á um. Þegar hitt meginskilyrðið er metið, þ.e. hvort helmingaskiptareglan teljist bersýnilega ósanngjörn, ber samkvæmt 57. gr. laga nr. 60, 1972 að gaumgæfa, hvort hjúskapur hafi verið skammvinnur og hvort hann hafi leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu.

Málsaðilar gengu í hjúskap síðari hluta ágústmánaðar 1985. Krafa sóknaraðila um skilnað að borði og sæng var sett fram hjá yfirvaldi 15. júlí 1987, en þá var sóknaraðili fluttur af sameiginlegu heimili þeirra málsaðilanna. Samkvæmt þessu verður að telja að hjúskapur málsaðila hafi verið skammvinnur í skilningi umrædds lagaákvæðis, enda er sú túlkun í fullu samræmi við ráðagerð í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 60, 1972 og einnig fyrri dómsúrlausnir á þessu sviði.

Þegar það er virt að allar eigur búsins stöfuðu frá sóknaraðila, sem kom með þær í búið við stofnun hjúskaparins, og einnig að tekjur búsins voru litlar samkv. skattframtölum eða einkum ellilífeyrir og eftirlaun sóknaraðila, svo og nokkrar tekjur af landbúnaðarstörfum sem sóknaraðili lagði niður á hjúskapartímanum, svo og það að fjárhag málsaðila virðist hafa verið haldið aðgreindum, þannig að leigutekjur varnaraðila af íbúð hennar í Reykjavík runnu til sonar hennar erlendis og tekjur sóknaraðila sem áður getur og vegna eignaskipta voru lagðar inn á bankabækur á hans nafni og útgjöld til heimilisins m.a. greidd af þeim innistæðum, þykir mega fallast á það með sóknaraðila að ekki hafi myndast veruleg fjárhagsleg samstaða með málsaðilum.

Að öllu þessu virtu þykir mega fallast á það með sóknaraðila að helmingaskipti á félagsbúi málsaðila teljist bersýnilega ósanngjörn, enda hafi öllum skilyrðum 57. gr. laga nr. 60, 1972 verið fullnægt.

Ekki þykja efni til að fallast á það með varnaraðila að sóknaraðili hafi gert varnaraðila tilboð um helmingaskipti á búinu þegar hann mætti fyrir valdsmanni 15. júlí sl. og krafðist skilnaðar að borði og sæng. Ekki er vitað hvort orðalag bókunar er sóknaraðila eða valdsmanns, en af því verður einungis ráðið að sóknaraðili vilji að skipti fari fram á félagsbúinu lögum samkvæmt og þá til helminga, stæðu lög ekki til annars. Aðalinntak bókunarinnar er með öðrum orðum sú krafa sóknaraðila um að skipti fari fram á félagsbúinu, enda höfðu málsaðilar ekkert samkomulag gert um skiptin.

Rétt er og að hafa hugfast, þegar umrædd bókun er virt, að sóknaraðili er ólöglærður og verður ekki séð að honum hafi verið bent á úrræði 57. gr. laga nr. 60, 1972 þegar hann mætti fyrir valdsmanni. Samkvæmt þessu verður ekki talið að samningur um helmingaskipti á búinu hafi komist á með málsaðilum eins og varnaraðili heldur fram, þótt hann hafi samþykkt fyrrnefnda bókun fyrir valdsmanni eins og um tilboð væri að ræða.

Eigi er að fullu ljóst af gögnum málsins og málflutningi aðila hverjar eru eignir félagsbúsins, en úrlausnarefni máls þessa snýr einungis að þeim. Sóknaraðili hefur haldið því fram að innistæða á bankabók nr. 61050 í Landsbanka Íslands, Akranesi, og kartöfluflokkunarvél væru séreignir sóknaraðila, enda komu þær í stað séreignar hans samkvæmt kaupmálanum sem gerður var fyrir stofnun hjúskapar. Varnaraðili hefur ekki alfarið mótmælt þessu og hefur lögmaður hennar lýst þeirri skoðun sinni við munnlegan flutning málsins að sóknaraðili hafi leitt sterkar líkur að því að þessu sé þannig farið. Telur réttúrinn að við það verði að miða, enda hefur flutningur úrskurðarmáls þessa að mjög litlu leyti beinst að þessu tiltekna atriði. Samkvæmt þessu eru óumdeildar eignir félagsbúsins þessar:

Íbúðarhús að Ósi II, Skilmannahreppi, með öllum þeim réttindum sem því fylgir. Innistæða í bankabók nr. 60088 í Landsbanka Íslands, Akranesi. Innistæða í bankabók nr. 1980 í Landsbanka Íslands, Akranesi. Bifreiðin M-1061 og lausamunir, ísskápur, þvottavél, litasjónvarp, frystikista og 4 vetra hryssa.

Svo sem áður er rakið hefur sóknaraðili gert þá kröfu að skiptum á búi hans og varnaraðila verði hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60, 1972 og að í hlut málsaðila hvors um sig komi tilteknar eignir eins og áður hefur verið rakið. Rétturinn telur, eins og einnig er rakið hér að framan, að þau skilyrði sem lögin setja slíkri búskiptaaðferð séu fyrir hendi að því er tekur til félagsbúsins, sbr. umfjöllun hér að framan.

Niðurstaða máls þessa verður því sú að kröfur sóknaraðila eru teknar til greina að því er eignir félagsbúsins varðar og áður er rakið. Þá ber að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00.

Rúnar Guðjónsson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Skiptum á félagsbúi aðila máls þessa skal hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60, 1972, þannig að sóknaraðili fær eignir félagsbúsins í sinn hlut.

Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað kr. 30.000,00 innan 14 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. nóvember 1988.

Nr. 364/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

X

Kærumál. Hafnað kröfu um ógildingu áminningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 8. s.m. Hann krefst þess að hin kærða áminning verði felld úr gildi.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Suður-Múlasýslu hefur varnaraðila á dómþingi 11. nóvember sl. verið kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Varnaraðili lýsti því yfir að hann hygðist ekki leggja fram greinargerð.

Samkvæmt gögnum málsins fór kærði ásamt Y í heimildarleysi inn í hús Síldarbræðslu ríksins á Reyðarfirði 1. apríl sl. í þeim tilgangi að aka léttu bifhjóli sem þar var geymt. Þeir félagar óku síðan hjólinu til skiptis þar innanhúss. Voru þeir kærðir til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu. Að rannsókn lokinni voru gögn málsins send embætti ríkissaksóknara. Með bréfi 15. ágúst sl. samþykkti ríkissaksóknari, að máli kærða og félaga hans yrði lokið með dómsáttum, enda féllust þeir á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar. Voru brot þeirra talin varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 55. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í sakadómi Suður-Múlasýslu var máli kærða lokið með áminningu 1. september sl. og atferli hans fært undir 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga. Í ljós kom að hann hafði ökuréttindi svo brot hans var ekki talið varða við 3. mgr. 55. gr. umferðarlaga. Að þesssu loknu voru málsgögnin send sakadómi Reykjavíkur, því Y var talinn búsettur í Reykjavík. Sakadómur Reykjavíkur sendi málsgögnin til ríkissaksóknara 31. október sl. og óskaði umsagnar um hvernig máli Y skyldi lokið.

Af hálfu embættis ríkissaksóknara þykja málalok þáttar kærða X vera fjarstæð.

X er fæddur ... 1972. Hann var því 15 ára þegar þetta gerðist. Hann hefur samkvæmt sakavottorði ekki hlotið refsingu fyrr svo vitað sé. Ósannað er að skemmdir, sem orð eru á gerandi, hafi hlotist af akstri hans og félaga hans. Að þessu athuguðu þykir, eins og hér stendur á, ekki efni til að ógilda veitta áminningu.

Dómsorð:

Kröfu ríkissaksóknara um ógildingu framangreindrar áminningar er hafnað.

Endurrit úr sakadómsbók Suður-Múlasýslu 1. september 1986.

Ár 1988, fimmtudaginn 1. sept. var dómþing sakadóms Suður-Múlasýslu /Eskifjarðar háð í skrifstofu dómsins af Birnu Björnsdóttur fulltrúa.

Fyrir var tekið: Mál 183/88. Kæra fyrir hegningarlagabrot og umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1, bréf ríkissaksóknara ds. 15.08. '88, nr. 2 skjalaskrá lögr. með 6 merktum skjölum, nr. 3 sakavottorð, nr. 4 ljósrit ökuskírteinis.

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: X.

Stétt eða atvinna: verkamaður.

Heimili: ... Reyðarfirði.

Kennitala: ... Nafnnúmer: ...

Fæðingarstaður: Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar (kæranna) sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Dómarinn veitir kærða nú áminningu.

Hann samþykkir að greiða kr. ... í sekt til .... til að komast hjá málssókn út af brotinu, sem varðar við ... vegna brots á 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Sektin greiðist fyrir ... en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi/fangelsi í ... daga.

Málskostnaður kr. 300,00 greiðist fyrir 1. október nk.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Málinu er lokið þannig.

Mánudaginn 21. nóvember 1988.

Nr. 372/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Sólrúnu Elídóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru er hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins hinn 15. nóvember sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti sama dag.

Skilja verður kæru varnaraðila þannig, að hann krefjist þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 15. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur gert þá kröfu að Sólrúnu Elídóttur, sem í dag hefur verið dæmd í sakadómi Reykjavíkur til 3½ árs fangelsisvistar fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram til uppsögu fullnaðardóms í málinu, þó eigi lengur en til 1. maí 1989. Krafan er reist á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Málavextir:

Dómfellda hefur í dag með dómi sakadóms Reykjavíkur verið dæmd í 3½ árs fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ríkissaksóknari hefur með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974

gert þá kröfu að dómfellda sæti áfram gæsluvarðhaldi, ef málinu verði áfrýjað.

Með skírskotun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 þykir rétt að taka framangreinda kröfu ákæruvaldsins til greina og er dómfelldu gert að sæta gæsluvarðahaldi til uppkvaðningar fullnaðardóms í málinu, þó eigi lengur en til 1. maí 1989.

Úrskurðarorð:

Dómfellda, Sólrún Elídóttir, sæti gæsluvarðhaldi til uppsögu fullnaðardóms í máli þessu, þó eigi lengur en til 1. maí 1989.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1988.

Nr. 367/1988. **Ásgeir Sigurðsson**
gegn
skiptaráðandanum í Reykjavík

Kærumál. Skipti. Réttarneitun. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með kæru 17. október sl. skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur frá 3. s.m. um að synja kröfu hans um skipti eða endurupptöku skiptameðferðar á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar. Kæruna byggir hann á því að ákvörðunin sé réttarneitun. Hann gerir þá kröfu að ákvörðuninni verði hrundið og lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka dánarbúið til skiptameðferðar.

Ragnar Hall, skiptaráðandi, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar skv. 27. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Engar kröfur eru gerðar af hálfu skiptaráðanda.

Samkvæmt athugasemdum skiptaráðanda eru málavextir þessir. Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 18. febrúar 1969 var bú Sigurðar B. Sigurðssonar tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni hans. Sigurður lést hinn 17. október 1970 og var gjaldþrotaskiptum á búi hans þá ekki lokið. Höfðu þá verið lögð drög að því að skiptunum yrði lokið með nauðasamningi. Dánarbú Sigurðar var afgreitt eignalaust, enda höfðu eignir hans verið dregnar undir skipti þrotabúsins. Gerði skiptaráðandi grein fyrir þessari afgreiðslu á skiptafundi hinn 13. nóvember 1970, en á þeim fundi var frumvarp að nauðasamningi borið undir atkvæði kröfuhafa. Á skiptafundinum var mættur Guðlaugur Þorláksson, bókaður sem umboðsmaður erfingja Sigurðar, en hann mun hafa haft með höndum undirbúning að gerð nauðasamningsins. Því var lýst yfir á fundinum að erfingjar hins látna „gangi inn í nauðasamninganna sem aðilar í stað hins látna". Nauðasamningsfrumvarpið var samþykkt á þessum skiptafundi og lauk þar með skiptameðferð búsins.

Lögerfingjar Sigurðar B. Sigurðssonar voru eftirlifandi maki, Karitas Sigurðsson, og tveir synir þeirra hjóna, Ásgeir Sigurðsson og Níels P. Sigurðsson. Sigurður hafði ekki svo kunnugt sé ráðstafað neinum eignum með erfðaskrá.

Karitas Sigurðsson lést hinn 18. janúar 1978. Hinn 5. maí s.á. kom Níels P. Sigurðsson fyrir skiptarétt Reykjavíkur og gaf upplýsingar um eignastöðu búsins. Hann kvað „foreldra sína" hafa átt eftir nauðasamninga þá, sem að framan eru greindir, hlutabréf í heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf. að nafnverði 43.000,00 krónur. Síðar hafi það orðið að ráði að honum hafi verið afsalað hlutabréfum þessum af tilteknum ástæðum.

Hinn 14. apríl 1982 var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur beiðni um opinber skipti á dánarbúi Karitasar Sigurðsson. Voru þá skrifuð upp sem eignir dánarbúsins hlutabréf í ýmsum félögum. Umboðsmaður Ásgeirs Sigurðssonar í því þinghaldi lýsti þá þeirri skoðun umbjóðanda síns, að framangreind bréf í heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf. væru eign dánarbúsins. Þessu var mótmælt af hálfu umboðsmanns Níelsar P. Sigurðssonar. Í þessu þinghaldi var lögð fram yfirlýsing dags. 5. maí 1977 svohljóðandi:

„Ég undirrituð, frú Karitas Sigurðsson, Hávallagötu 22 í Reykja-

vík, staðfesti hér með, að sonur minn, Níels P. Sigurðsson, sendiherra, Þýskalandi, er umráðamaður og eigandi allrar hlutafjáreignar minnar í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar h.f., Reykjavík, að nafnverði kr. 43.000,00 —fjörtíu og þrjúþúsund krónur—.

Er yfirlýsing þessi staðfesting munnlegs samkomulags okkar frá 1972 þess efnis, enda þótt það hafi ekki tekið formlega gildi fyrr en 1.1. 1972."

Yfirlýsing þessi er undirrituð af Karitas Sigurðsson og Níels P. Sigurðssyni, en fyrir neðan er ritað: „Samþykki framangreint: Ásgeir Sigurðsson (sign.)"

Undir skipti á dánarbúi Karitasar Sigurðsson voru dregnar eignir, sem ýmist voru skráðar á hennar nafn eða hins látna eiginmanns hennar, Sigurðar B. Sigurðssonar.

Hinn 21. október 1982 var skiptafundur haldinn í dánarbúi Karitasar Sigurðsson og lagði skiptaráðandi þá fram frumvarp að úthlutunargerð úr búinu. Samþykktu báðir erfingjar búsins frumvarpið þegar á þeim fundi og var það lagt til grundvallar skiptagerð dánarbúsins.

Hinn 19. mars 1986 var skiptameðferð dánarbúsins enn tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur. Var þá m.a. bókað að fáum dögum eftir skiptafund 21. október 1982 hafi lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar haft samband við skiptaráðanda þann, sem farið hafði með skiptin, og lýst því yfir að Ásgeir hafi samþykkt frumvarpið vegna misskilnings og að hann sætti sig ekki við úthlutunina. Jafnframt hafi núverandi lögmaður hans alloft síðan óskað eftir því að skiptin yrðu tekin fyrir að nýju. Síðan lýsti skiptaráðandi þeirri skoðun sinni að hann hefði enga heimild til að endurmeta þær dómsathafnir, sem þegar hefðu farið fram vegna skiptanna, heldur hafi aðilum verið nauðugur sá kostur að áfrýja skiptagerðinni vilji þeir ekki una henni. Með því að áfrýjunarfrestur sé liðinn, án þess að skiptagerðinni hafi verið áfrýjað, fari útlagning eigna búsins fram á grundvelli skiptagerðarinnar.

Lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar krafðist þess í þinghaldi þessu að skiptin yrðu endurupptekin, þar sem Ásgeir hafi litið svo á að úthlutunin hafi einungis átt að ná til hlutabréfa, sem engin deila hafi staðið um, en honum hafi skilist að hann ætti eftir sem áður möguleika á að draga umdeild hlutabréf undir skipti dánarbús móður sinnar.

Skiptaráðandi vísaði til þess sem áður hafði verið bókað um skiptameðferð á búinu og synjaði endurupptöku ex officio. Kvaðst lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar taka sér frest til að ákveða hvort synjun þessi yrði kærð til Hæstaréttar. Engin kæra barst þó frá honum.

Með bréfi dags. 26. júní 1986 krafðist lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar þess að dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar yrði tekið til opinberra skipta. Vísaði lögmaðurinn þar til áðurgreindrar synjunar í þinghaldi 19. mars 1986. Þessu synjaði skiptaráðandi með bréfi 9. júlí 1986. Ekki var krafist úrskurðar um þessa synjun og ekki var henni skotið til Hæstaréttar.

Lögmaður Ásgeirs skrifar skiptaráðanda enn bréf 9. mars 1987 og spyrst fyrir um skipti á þrotabúi Sigurðar B. Sigurðssonar. Því erindi svarar skiptaráðandi með bréfi dags. 21. október 1987.

Lögmaður Ásgeirs ritar skiptaráðanda bréf 7. mars 1988 og krefst enn skipta á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar eða að þau verði endurupptekin. Er beiðni þessi rökstudd með því að Ásgeir hafi ekki vitað fyrr en með bréfi skiptaráðanda 21. október 1987 hvaða afgreiðslu dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar fékk á sínum tíma. Hafi sú afgreiðsla ekki verið lögleg. Segir m.a. í bréfinu: „... skipta hefði þurft eignum dánarbúsins, sem m.a. voru hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf., en þau voru að handveði hjá Landsbanka Íslands fyrir skuldum Sigurðar B. Sigurðssonar. Með nauðasamningunum hefðu hlutabréfin átt að afhendast aftur eiganda." Þetta erindi var áréttað með bréfi lögmannsins 17. ágúst 1988 og þess jafnframt getið að hann hafi nú fengið upplýsingar um að á tiltekinni lögmannaskrifstofu hér í borg sé að finna ýmis gögn varðandi málefni Sigurðar B. Sigurðssonar. Þess er krafist í bréfinu að skiptaráðandi kalli eftir þessum gögnum.

Þessu erindi synjar skiptaráðandi með bréfi 3. október 1988. Það er þessi synjun sem nú er kærð til Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur ekki krafist formlegs úrskurðar um kröfur sínar. Öðrum sem hugsanlega eiga hagsmuna að gæta um endurupptöku á skiptum bús Sigurðar B. Sigurðssonar hefur ekki verið veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Ekki liggur fyrir að skiptaráðandi myndi synja kröfu um úrskurð. Meðan ekki hefur

verið synjað um slíkan úrskurð eða hann liggur ekki fyrir ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1988.

Nr. 333/1987. **Bæjarstjórinn á Akureyri**
f.h. Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Ágústi Halblaub
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Lífeyrisréttur. Túlkun kjarasamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s.m., samkvæmt heimild í 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði gert að greiða sér 4.385,59 krónur með dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði svo sem hér segir: 2,75% frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi

til 1. mars 1987, með árlegum dráttarvöxtum frá þeim degi svo sem hér segir: 30% til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 17. nóvember s.á. og lóks með árlegum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi 30.000,00 króna í málskostnað í héraði auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi lækkað stefnukröfu sína úr 6.051,59 krónum í 4.385,59 krónur vegna reikningsskekkju við upphaflega kröfugerð.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Stefndi var stöðvarstjóri hjá Laxárvirkjun frá 1. mars 1939 (en ekki 1. janúar 1942, eins og í héraðsdómi segir) þar til 1. júní 1959 og greiddi iðgjöld í Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar. Hinn 1. ágúst 1980 fór stefndi að fá eftirlaunagreiðslur úr sjóðnum. Ekki er ágreiningur um það, að stefnda beri 40,5% af þeim launum, sem stöðvarstjóri Laxárvirkjunar hefur, en aðila greinir á um það hver viðmiðunarlaunin skuli vera. Í máli þessu er einungis gerð krafa vegna einnar mánaðargreiðslu, þ.e. desember 1984, til þess að fá skorið úr ágreiningi þeirra.

Í 13. gr. 2. mgr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar frá 1. janúar 1967, sem í gildi var, er stefndi hóf töku ellilífeyris, segir: „Upphæð eftirlauna er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast." Samhljóða ákvæði er í grein 3.3 í samkomulagi um réttindamál félagsmanna Starfsmannafélags Akureyrar frá 28. ágúst 1980. Eftirlaun þau, sem stefndi hefur fengið greidd, eru miðuð við mánaðarkaup (dagvinnutaxta) eftir 10 ára starf auk 25% álags. Í bréfi Knúts Ottersted, svæðisstjóra Landsvirkjunar á Akureyri, frá 3. nóvember 1980, segir svo: „Stjórn Laxárvirkjunar samþykkti þann 2. desem-

ber 1968 að frá og með 1. janúar 1968 skyldu laun stöðvarstjóra við Laxárvirkjun vera 25% hærri en laun venjulegra vaktmanna virkjunarinnar." Var sú skipan óbreytt í desember 1984. Samkvæmt þessu og með vísan til 13. gr. 2. mgr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar frá 1. janúar 1967 ber að miða greiðslu eftirlauna stefnda fyrir desember 1984 við þau laun, er stöðvarstjóri Laxárvirkjunar hafði þann mánuð. Ber því, að leiðréttri stefnukröfu, að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að vextir ákvarðast eins og í dómsorði segir.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilegur 75.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f.h. Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, greiði stefnda, Ágústi Halblaub, 4.385,59 krónur með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til stefnubirtingardags 30. janúar 1986, 33,3% frá þeim degi til 1. mars s.á., 18,5% frá þeim degi til 11. s.m., 20% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15,5% frá þeim degi til 11. október s.á., 15,75% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 16,25% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 18,25% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., 20% frá þeim degi til 11. mars s.á., 22% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 23% frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað í héraði og 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. maí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. fyrra mánaðar að undangengnum málflutningi þann sama dag, hefur Björn Jósef Arnviðarson hdl. höfðað með stefnu útgefinni á Akureyri þ. 29. janúar 1986 fyrir hönd Ágústs Halblaub,

nnr. 0129-3869, Digranesvegi 95, Kópavogi, á hendur Helga M. Bergs bæjarstjóra, formanni stjórnar Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, fyrir hönd eftirlaunasjóðsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6.051,59 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 01.01. 1985 til 01.02. s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.03. s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.06. s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.03. 1986 og með 2,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 01.03. 1987 og síðan með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi á mánuði til greiðsludags.

Svo er og krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Málsatvik eru þau að stefnandi var stöðvarstjóri við Laxárvirkjun frá 01. janúar 1942 til 01.06. 1959 og var á þeim tíma félagi í Eftirlaunasjóði Akureyrarbæjar og greiddi í hann iðgjöld. Frá 01. ágúst 1980 fór stefnandi að fá eftirlaunagreiðslur úr lífeyrissjóðnum. Telur hann að sér beri hærri greiðsla úr lífeyrissjóðnum en hann fær nú greitt, en við starfalok hafði stefnandi áunnið sér rétt til þess að fá 40,5% af þeim tekjum er stjórn sjóðsins byggir lífeyrisgreiðslur sínar á. Telur stefnandi að sá reiknigrunnur sem tekjuhlutfall hans er reiknað af sé of lágur og færir fram þá málsástæðu, er hér síðar verður reifuð, að upphæð eftirlaunanna sé hundraðshluti af þeim launum er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðsfélaginn gegndi síðast og í þessu tilviki hafi sambærileg laun stöðvarstjóra við Laxárvirkjun í desember 1984 verið kr. 46.717,50 og af þeirri fjárhæð 40,5 hundraðshlutar sem gerir kr. 18.920,59. En stefnandi hafi hins vegar fengið greidd eftirlaun þennan mánuð kr. 12.869,00 og nemi því munurinn á greiddum launum og þeim eftirlaunum sem stefnandi telur sig eiga vangreidd kr. 6.051,59, sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Fyrir liggur í málinu á dskj. nr. 15 bréf Karls Jörundssonar, starfsmannastjóra Akureyrarbæjar, frá 21. janúar 1987, þar sem hann staðfestir að stefnandi hafi þegið eftirlaun hjá stefnda skv. kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands við Landsvirkjun. Sé launataxti stefnanda miðaður við mánaðarkaup eftir 10 ára starf plús 25% álag.

Einnig liggur fyrir í málinu á dskj. nr. 13 bréf dags. 22. janúar 1987 frá launadeild Landsvirkjunar til Knúts Ottersted, svæðisstjóra Landsvirkjunar á Akureyri, þar sem staðfest er að föst laun Héðins Stefánssonar, stöðvarstjóra Laxárvirkjunar, hafi verið í desember 1984 sem hér segir: „Dagvinna kr. 28.221,00, „vaktaálag" kr. 8.513,00, 25% umsamið álag kr.

9.184,00 eða samtals kr. 45.918,00 og að hinn 1. janúar 1985 hafi laun Héðins þessa hækkað vegna starfsaldurs um 1,44%.

Á dskj. nr. 4 liggur frammi bréf Knúts Ottersted, dags. 03. nóvember 1980, til stefnanda, þar sem hann upplýsir að stjórn Laxárvirkjunar hafi samþykkt þann 02. desember 1968 að frá og með 01. janúar 1968 skyldu laun stöðvarstjóra við Laxárvirkjun vera 25% hærri en laun venjulegra vaktmanna virkjunarinnar.

Á dskj. nr. 7, sem er launaskrá Vélstjórafélags Íslands sem gildir frá 06. nóvember 1984 fyrir vélstjóra í orkuverum Landsvirkjunar, er kaup stöðvarstjóra Laxárvirkjunar eins og mánaðarkaup vaktavinnumanna skv. þeim taxta eða 36.735,00. Reyndar skeikar um 1 kr. Héðni í óhag miðað við dskj. nr. 3, en skv. sömu launaskrá er kaup eftir 10 ára starf fyrir dagvinnu á mánuði kr. 28.712,00, fyrir vaktavinnu kr. 37.374,00. Miðað við þessa launaskrá og þær málsástæður sem stefnandi byggir mál sitt á ættu því að leggjast 25% ofan á þetta síðastgreinda mánaðarkaup, eða kr. 9.343,50, og heildarmánaðarkaup stöðvarstjóra eftir 10 ára starf við Laxárvirkjun því að vera kr. 46.717,50 og af því 40,5% kr. 18.920,59 og mismunurinn á greiddu desemberkaupi stefnanda 1984 því kr. 6.051,59.

Svo sem áður er vikið að, byggir stefnandi málsástæður sínar á reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar er gildir frá 01. janúar 1967 og vitnar m.a. í 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, þar sem segir að upphæð eftirlauna sé hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Sé þetta ítrekað í 14. gr. 2. mgr. reglugerðarinnar, þar sem segir að áunnin lífeyrisréttindi skuli reiknast af launum þeim í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau séu á hverjum tíma, enda sé um sambærilegt starf að ræða, sbr. ákv. 2. mgr. 13. gr.

Á þetta sjónarmið stefnanda hefur stefndi ekki viljað fallast og bendir m.a. máli sínu til stuðnings á samkomulag um réttindamál félagsmanna Starfsmannafélags Akureyrarbæjar frá 28. ágúst 1980 sem hafi verið liður í aðalkjarasamningum milli Akureyrarbæjar og Starfsmannafélags Akureyrar. Í samkomulagi þessu sé að finna ákvæði um viðbótarlífeyri til vaktavinnufólks og bendir stefndi einkum á gr. 3.6.2 og 3.6.3 í þessu samkomulagi. Frá og með þessum tíma hafi verið farið að taka af vaktavinnulaunum í lífeyrissjóðinn 4% af launum sjóðfélaga gegn 6% mótframlagi launagreiðanda. Undir þetta ákvæði hafi stefnandi aldrei getað fallið þar sem hann hafi ekki frekar en aðrir eftirlaunaþegar, sem líkt á stóð og um hann, greitt í sjóðinn af launum vegna vaktavinnu. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. reglugerðar sjóðsins um að eftirlaun séu hundraðshluti af þeim launum er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast eigi því ekki við varðandi þessa sérstöku viðbótarlífeyrisgreiðslu, er stefnandi krefur í máli þessu. Stefnandi hafi notið hinna föstu eftirlauna, sem að fjárhæð til hafi

miðast við réttindi tíma hans í sjóðnum miðað við launaflokk stöðvarstjóra við Laxárvirkjun sem fari nú eftir samningi sem Landsvirkjun er aðili að, og um þessi eftirlaun gildi hin tilvitnuðu ákvæði. Og er þessi skilningur sem fram kemur í málflutningi stefnda áður reifaður í bréfi, dags. 14. janúar 1985, frá stefnda til stefnanda á dskj. nr. 8, en þar segir að á fundi Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar hinn 11. janúar 1985 hafi verið tekið til umfjöllunar erindi stefnanda, þar sem stefnandi leitaði eftir breytingu á lífeyrisgreiðslu þannig að lífeyrir hans verði miðaður við vaktavinnutaxta vélstjóra í orkuverum Landsvirkjunar í stað dagvinnutaxta, eins og gert hafi verið. Stjórn eftirlaunasjóðs segist í bréfinu „ekki geta fallist á breyttan viðmiðunartaxta fyrir framangreindan lífeyrisþega, þar sem hann greiddi aldrei iðgjöld af vaktaálagi, enda hafði hann lokið iðgjaldagreiðslum sínum til sjóðsins áður en upp var tekin regla um iðgjöld af vaktaálagi".

Álit dómsins.

Svo sem hér að framan er rakið, þá er það upplýst í málinu að stefnandi hefur fengið greitt úr Eftirlaunasjóði Akureyrarbæjar eftirlaun miðað við mánaðarkaup eftir 10 ára starf plús 25% álag. Skv. gögnum málsins hafði stefnandi látið af störfum er álagsgreiðsla þessi var ákveðin af stjórn Laxárvirkjunar þann 02. desember 1968. Sbr. dskj. nr. 4 og skv. dskj. nr. 13 ber það með sér að föst laun stöðvarstjóra Laxárvirkjunar í desember 1984 hafa miðast við vaktavinnukaup og 25% álag lagst ofan á það mánaðarkaup. Ekki verður fallist á þá röksemd stefnda að synja beri stefnanda um að greiða honum eftirlaun miðað við mánaðarkaup vaktavinnumanna þar sem fyrir liggur yfirlýsing stefnda um að hafa greitt honum eftirlaun af því 25% álagi sem til kom eftir starfslok stefnanda og stefnandi því ekki greitt iðgjald af þeirri fjárhæð. Verður því að líta til launa þeirra er stöðvarstjóra Laxárvirkjunar voru greidd í desember 1984 og fellst dómarinn á þann skilning stefnanda að eins og fram kemur í 13. gr. 2. mgr. sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðsins, að upphæð eftirlaunanna skuli vera hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast, og skv. þessu eru því kröfur stefnanda teknar til greina að fullu.

Skv. þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn að mati dómsins kr. 30.000,00.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar, greiði stefnanda, Ágústi Halblaub, kr. 6.051,59 með 2,75% drv. á mánuði eða broti úr mánuði frá 01.01. 1985 til 01.02. s.á., með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 12.03. s.á., með 4% drv. á mánuði frá þ.d. til .06. s.á., með 3,5%

drv. á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 01.03. 1986, með 2,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 01.04. s.á. og með 2,25% drv. á mánuði frá þ.d. til 01.03. 1987 og síðan 2,5% drv. á mánuði frá þ.d. til greiðsludags og kr. 30.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1988.

Nr. 33/1987. **Bragi Björnsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Þorsteini Hreggviðssyni
Sverri Kristinssyni og
Unnsteini Beck
f.h. Eignamiðlunarinnar og
persónulega
(Skúli J. Pálmason hrl.)

Fasteigakaup. Fasteignasala. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1987. Hann krefst aðallega að óskiptu skaðabóta úr hendi stefndu 504.400,00 króna með ársvöxtum þannig: 47% frá 10. mars 1983 af 77.600,00 krónum til 10. júní s.á., af 155.200,00 krónum frá þeim degi til 21. september s.á., 39% frá þeim degi til 25. s.m., af 232.800,00 krónum frá þeim degi til 20. október s.á., 36% frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 20. desember s.á., 25% frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% frá þeim degi til

5. febrúar s.á., af 310.400,00 krónum frá þeim degi til 10. apríl s.á., af 388.000,00 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., af 417.100,00 krónum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% frá þeim degi til 27. s.m., 25% frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% frá þeim degi til 11. október s.á., 26% frá þeim degi til 25. s.m., 27,5% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% frá þeim degi til 21. s.m., 37% frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% frá þeim degi til 1. júlí s.á., af 504.000,00 krónum frá þeim degi til 21. s.m., 36% frá þeim degi til 1. desember s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars 1986, 19% frá þeim degi til 11. s.m., 20% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15,5% frá þeim degi til 11. október s.á., 15,75% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 16% frá þeim degi til 11. s.m, 16,25% frá þeim degi til 11. desember s.á., 17,75% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 18,25% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 19,75% frá þeim degi til 11. s.m., 20% frá þeim degi til 21. sm., 20,5% frá þeim degi til 11. mars s.á., 22% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 23% frá þeim degi til 11. s.m., 24,5% frá þeim degi til 1. maí s.á., 25,5% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 27% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á. og 33,6% frá þeim degi til greiðsludags samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1987. Til vara krefst áfrýjandi afsláttar af kaupverði íbúðarinnar eftir mati dómsins ásamt vöxtum, sem greindir eru í aðalkröfu. Þá krefst hann í báðum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir, að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi voru á þeim tíma er kaup risíbúðarinnar gerðust útreikningsreglur um stærð slíkra eigna í fermetrum nokkuð á reiki. Þótt fermetrastærð íbúðarhúsnæðis hafi mikil áhrif á verðlagningu þess eru einnig önnur atriði sem hafa

verulega þýðingu í því efni svo sem fyrirkomulag og staðsetning. Áfrýjanda, sem sjálfur hefur fengist við fasteignasölu, mátti vera þetta ljóst. Með tilvísun til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda, Þorsteini Hreggviðssyni, 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. En vegna þess hvernig málið er vaxið þykir rétt að málskostnaður falli niður milli áfrýjanda og annarra stefndu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bragi Björnsson, greiði stefnda, Þorsteini Hreggviðssyni, 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Málskostnaður milli áfrýjanda og stefndu, Sverris Kristinssonar og Unnsteins Beck persónulega og f.h. Eignamiðlunarinnar, falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Braga Björnssyni, nnr. 1397-2648, Sigtúni 35, Reykjavík, á hendur Þorteini Hreggviðssyni, nnr. 9743-4719, áður að Sigtúni 35, Reykavík, en nú búsettum í Noregi, og á hendur Sverri Kristinssyni, nnr. 8788-8673, Hávallagötu 27, Reykjavík, og Unnsteini Beck hrl., nnr. 8992-2356, Smáragötu 11, Reykjavík, skráðum einkaeigendum fasteignasölunnar Eignamiðlunarinnar, f.h. Eignamiðlunarinnar og persónulega óskipt með stefnu birtri 30.9. 1985, en einnig birtri í Lögbirtingablaði nr. 128 hinn 4. október 1985.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 504.400,00, og til vara að veittur verði afsláttur af kaupverði íbúðar að Sigtúni 35 að fjárhæð kr. 504.400,00. Þá er krafist vaxta bæði af aðalkröfu og varakröfu sem hér greinir: 47% ársvaxta af kr. 77.600,00 frá 10.3. 1983 til 10.6. s.á., af kr. 155.200,00 frá þeim degi til 21.9. 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 25.9. 1983, af kr. 232.800,00 frá þeim degi til 20.10. 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11. 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.12. 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20.1. 1984, með 19%

ársvöxtum frá þeim degi til 5.2. 1984, af kr. 310.400,00 frá þeim degi til 10.4. 1984, af kr. 388.000,00 frá þeim degi til 1.7. 1984, af kr. 417.100,00 frá þeim degi til 14.8. 1984, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27.8. 1984, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18.9. 1984, með 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11.10. 1984, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25.10. 1984, með 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. 1985, og af kr. 504.400,00 frá þeim degi til 21.8. 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11.3. 1986, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til þess er dómvextir breytast og síðan með dómvöxtum til greiðsludags. Ennfremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. taxta LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er krafist verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður ef á varakröfuna reynir.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru að fjárhæð kr. 341.900,00 auk vaxta og málskostnaðar, en með bókun í þinghaldi 16. júní 1986 og með framlagningu viðbótarkröfugerðar í þinghaldi 25. júní 1986 hækkaði stefnandi höfuðstól stefnufjárhæðar í kr. 504.400,00, auk þess sem vaxtakröfugerð var breytt til samræmis við það.

Af hálfu stefndu var samþykkt að stefnandi kæmi að í málinu hækkun kröfugerðar án framhaldsstefnu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau að skv. kaupsamningi dags. 10. mars 1983 keypti stefnandi af stefnda, Þorsteini Hreggviðssyni, 4 - 5 herbergja risíbúð í húsinu nr. 35 við Sigtún í Reykjavík. Kaupin áttu sér stað fyrir milligöngu stefndu, fasteignasölunnar Eignamiðlunarinnar. Kaup þessi tókust að undangenginni skoðun stefnanda á íbúðinni og skv. framsettu tilboði hans um verð og greiðslukjör.

Afsal til handa stefnanda fyrir íbúð þessari var útgefið hinn 10. apríl 1984.

Í kaupgerningum þessum er ekkert getið um flatarmál íbúðarinnar, en skv. tilvísun þeirri er stefnandi fékk á fasteignasölunni er hann skoðaði íbúðina fyrir kaupin, var stærð hennar skráð vera 117 fm.

Snemma árs 1985 kom stefnandi á framfæri umkvörtunum sínum við

stefndu Eignamiðlunina vegna þess að íbúðin væri 86,2 m² en ekki 117 m². Studdist stefnandi þá við flatarmálsútreikning skv. skráningu Fasteignamats ríkisins. Taldi stefnandi sig hlunnfarinn við kaupin og krafðist afsláttar af kaupverði. Umkvörtunum sínum og bótakröfum kom stefnandi einnig á framfæri við seljanda, en án þess að undirtektir fengjust.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta til greiðslu óskiptra skaðabóta úr hendi allra stefndu, þar sem íbúðin hafi skv. framansögðu reynst vera minni en hún var sögð vera. Undir rekstri málsins hækkaði stefnandi kröfur sínar frá stefnu úr kr. 341.900,00 í kr. 504.400,00 á grundvelli breytts stærðarútreiknings Fasteignamats ríkisins á flatarmáli íbúðarinnar úr 86,2 m² í 71,6 m². Er það endanleg kröfugerð stefnanda í máli þessu.

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar í málinu á því að risíbúðin að Sigtúni 35, Reykjavík, sem hann keypti af stefnda Þorsteini Hreggviðssyni 10. mars 1983, hafi verið sögð 117 m² að stærð. Eiginkona stefnda Þorsteins hafi fullyrt að íbúðin væri 117 m², og það hafi verið staðfest með skriflegu vottorði stefndu Eignamiðlunarinnar. Síðar hafi komið í ljós að íbúðin var aðeins 86,2 m² að stærð. Hafi hér munað hvorki meira né minna en 30,8 m² og hlutfallslega muni þetta á seldri stærð og raunverulegri 26,3%.

Stefnandi telur að hér hafi verið höfð svik í frammi. Stefnda Þorsteini hafi verið vel kunnugt um það að íbúðin hafi aðeins verið 86,2 m² en ekki 117 m², eins og stefndi Þorsteinn fullyrði og vottorð fasteignasölunnar segi til um. Stærð íbúðarinnar komi fram á ýmsum gögnum, svo sem hjá skráningardeild fasteigna Reykjavíkurborgar. Stefnandi málsins, Bragi Björnsson, hafi ekki vitað betur en að íbúðin væri 117 m², og hann hafi tekið vottorð fasteignasalans, svo og fullyrðingar seljanda, góðar og gildar, en annað hafi síðar komið í ljós. Þegar stefnandi hafi fengið íbúðina afhenta þann 15. maí 1983 hafi hann þurft að láta lagfæra hana mikið og síðan látið endurmeta hana, og þá hafi hið rétta komið í ljós, þ.e. að þarna munaði 30,8 m² á því sem honum hafði verið selt og því sem íbúðin raunverulega var eða rúmlega fjórðung stærðar íbúðarinnar.

Kröfu sína á hendur stefndu, fasteignasölunni Eignamiðluninni og eigendum hennar, um óskipta bótaábyrgð með stefnda Þorsteini Hreggviðssyni rökstyður stefnandi með eftirfarandi hætti.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu skuli fasteignasali gera yfirlit og veita upplýsingar aðilum yfir tekjur og gjöld fasteignarinnar, veðskuldir er á henni hvíli o.s.frv. Skuli yfirlit þetta vera sem nákvæmast, þannig að það ásamt skoðun á eigninni sé tryggur grundvöllur fyrir mati á verðmætum eignarinnar. Þessa skoðun, nákvæma skoðun, verði að ætla sem svo að þegar fasteignasali gefi skriflega upp stærð íbúðarinnar, eins

og hér hafi verið gert, þá megi treysta því að það sé rétt. Þetta hafi reynst verulega rangt, og verði að telja að fasteignasalan, skv. almennum bótaábyrgðarreglum og skv. þessum sérstöku lögum um fasteignasölu, beri fulla og ótakmarkaða ábyrgð með seljanda í máli þessu. Jafnframt sé vísað til laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og þá sérstaklega 27. gr., þar sem segi að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi og villandi upplýsingar í auglýsingum og/eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki séu brenndar. Þetta ákvæði eigi skv. 1. mgr. nefndrar 27. gr. við um fasteignasölu, og sé það sérstaklega tekið fram. Jafnframt vísar stefnandi til 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Eigi fari á milli mála að fasteignasalan sé ábyrg með stefnda Þorsteini Hreggviðssyni í máli þessu. Lögin um fasteignasölu og óheiðarlega viðskiptahætti frá 1978 taki af öll tvímæli um þetta. Mjög auðvelt hafi verið fyrir fasteignasöluna að útvega sér nákvæmar upplýsingar um stærð íbúðarinnar hjá Reykjavíkurborg eða Fasteignamati ríkisins, en það virðist ekki hafa verið gert í máli þessu heldur einvörðungu gefið út vottorð um að íbúðin væri 117 m², staðfest af sölumanni fasteignasölunnar, Þorleifi Guðmundssyni. Ekki sé nokkur vafi á því að lögskráðir eigendur fasteignasölunnar, þeir Sverrir Kristinsson og Unnsteinn Beck, beri fulla og óskipta ábyrgð með stefnda Þorsteini Hreggviðssyni í máli þessu og sé gerð krafa á hendur framangreindum Sverri og Unnsteini persónulega óskipt. Ef hinn almenni borgari gæti ekki treyst vottorðum fasteignasala sem séu með sérstaka löggildingu og tvenn lög boða að þeir skuli láta nákvæmar upplýsingar af hendi við kaupendur fasteigna, þá sé öllu réttaröryggi varðandi fasteignaviðskipti í voða stefnt. Fasteignasalarnir hljóti að vera ábyrgir fyrir þeim upplýsingum sem þeir láti af hendi og staðfesti og þeim sé lögum samkvæmt boðið að hafa fyrir kaupendur.

Stefnandi hafi margreynt að fá leiðréttingu mála sinna en engar undirtektir fengið frá stefndu.

Í máli þessu er aðallega gerð sú krafa að greiddar verði skaðabætur sem nemi mismun á hinu selda og því sem íbúðin var sögð vera að stærð, upphaflega 26,3%, en miðað við endanlega kröfugerð stefnanda 38,8%. Til vara er gerð krafa um afslátt af kaupverðinu sem nemi mismuninum, þ.e. 38,8% miðað við endanlega kröfugerð. Töluleg kröfugerð stefnanda í málinu miðast við greint hlutfall af kaupverði í samræmi við greiðslur stefnanda skv. kaupsamningi, svo sem rakið er í stefnu.

Stefnandi gerir þá kröfu í máli þessu að allir stefndu verði dæmdir óskipt til greiðslu bóta eða afsláttar. Telur stefnandi að um vísvitandi svik hafi verið að ræða af hálfu stefnda Þorsteins og að stefnda, fasteignasalan Eignamiðlunin, hafi ekki gætt þess að afla þeirra upplýsinga um stærð

íbúðarinnar sem fasteignasölum beri að afla skv. lögum nr. 47/1938 um fasteignasölu, og þá sérstaklega 4. gr. nefndra laga, og ennfremur skv. lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og sérstaklega bendir stefnandi á 27. gr. þessara laga. Stefnda, fasteignasalan Eignamiðlunin, beri óskipta ábyrgð með stefnda Þorsteini þar sem fasteignasalan hafi eigi gætt ákvæða nefndra laga.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi á almennar reglur í samnings- og kröfurétti. Svo vísar hann til fyrrnefndra laga nr. 47/1938 um fasteignasölu, nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefndi Þorsteinn Hreggviðsson byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi selt stefnanda húsnæði sem svari fyllilega til þeirrar stærðar sem stefnandi kveður að upp hafi verið gefið.

Samkvæmt útreikningi Gunngeirs Péturssonar sé stærð hins selda 104,5 m². Þá sé ótalið geymsluloft yfir allri íbúðinni sem fram komi á teikningu. Það muni vera venja þegar húsnæði sé selt að gefa upp brúttóstærð þess. Slíkt sé eðlilegt, enda sé ekki aðeins verið að selja íbúð heldur allt sem henni fylgir og fylgja ber. Þetta sé því ljósara þegar haft sé í huga að skilyrði þess að húsnæði fáist samþykkt sem íbúð sé að því fylgi geymsla og afnot þvottahúss og að sjálfsögðu hlutdeild í sameign. Allt þetta sé selt með hverri íbúð og óheimilt að skilja það frá henni.

Reglur Fasteignamats ríkisins um útreikning stærða íbúða miði aftur á móti við nettóstærð. Þegar um sé að ræða íbúð í risi fylgi Fasteignamatið þeirri reglu að miða grunnflöt íbúðar við lofthæð 1,80 frá gólfi og upp fyrir þak. Erfitt sé að sjá hver hugsun liggi að baki þessarar reglu. Sé hins vegar um að ræða ákvörðun stærðar einbýlishúsa, sé allt tekið sem rúmast innan veggja þess, þvottahús, geymslur, gangar o.fl.

Ekki geti talist rökrétt að beita annarri reglu við ákvörðun stærðar einbýlisshúss en íbúðar í sambýli. Arkitektar miði flestir við nýtanlegt húsrými, þannig að ljóst sé að ákveðin regla gildi ekki í þessu efni.

Stefnandi telji sig hafa keypt íbúð sem ranglega hafi verið tilgreind 117 m² en sé í raun 86,2 m² eða 71,6 m² skv. síðustu mælingu. Ekkert komi fram í gögnum málsins sem réttlæti þessa höfuðmálsástæðu stefnanda. Í dskj. nr. 8 sé að vísu skráð 117 m². Ástæða þess sé sú að er stefnanda var afhentur þessi miði hafi hann beðið Þorleif Guðmundsson, starfsmann Eignamiðlunarinnar, sérstaklega og lagt að honum að skrá þessa tölu á miðann og setja nafn sitt við. Hafi Þorleifur enga ástæðu séð til að neita þessari bón og orðið við þeim tilmælum stefnanda. Stefnandi hafði þá áður fengið afnot teikninga hússins. Hvort skilja eigi þessa áritun á dskj. nr. 8 sem upplýsingar um nettóstærð íbúðarinnar sé annað mál. Því sé alfarið neitað af hálfu stefnda.

Stefndi Þorsteinn bendir einnig á að stefnandi hafi fengið afhenta teikningu að húsinu nr. 35 við Sigtún í Reykjavík. Teikningin sýni að heildargrunnflötur hússins sé 125,44 m². Stefnandi hafi því mátt segja sér sjálfur að risíbúðin væri mun minni en svarar grunnfleti hússins. Teikningin sýni einnig allar stærðir nýtanlegs rýmis innan hinnar seldu íbúðar. Hefði því verið ákaflega einfalt fyrir stefnanda að slá á og reikna flatarmál íbúðarinnar.

Stefnandi hafi skoðað íbúðina rækilega áður en kaupin voru ráðin og gerði síðan tilboð í eignina. Hlaut tilboð hans að miðast við niðurstöður þeirrar skoðunar en ekki ímyndaða fermetrarstærð hennar. Við þetta sé því að bæta að svo vel hafi stefnanda líkað íbúðin að hann hafi boðið í hana hærra verð en uppsett var.

Loks skuli á það bent að stefnandi hafi fyrst gert athugasemdir um stærð íbúðarinnar við stefnda röskum tveimur árum eftir að hann flutti í hana. Hafði hann þá tvívegis fengið tilkynningar um greiðslu fasteignagjalda, þar sem stærð Fasteignamats ríkisins sé tilgreint. Verði þetta að teljast fáheyrt aðgerðarleysi. Stefnandi sé lögfræðingur og ætti því að vera ljósara en öðrum þýðing þess að tilkynna án ástæðulausrar tafar um galla sem bera á fyrir sig. Þetta eitt ætti að nægja til sýknunar stefnda, en þegar annað það sem að framan sé rakið komi þessu til viðbótar sé enginn vafi á því að stefndi Þorsteinn verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Stefnda Eignamiðlunin byggir dómkröfur sínar á því að engin skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi hvað hana varðar. Telur stefnda Eignamiðlunin að með því að bjóða viðkomandi eign til sölu sé hún einungis að reyna að koma á viðskiptum milli seljanda og væntanlegs kaupanda. Stefnda Eignamiðlunin sé þannig einungis í hlutverki milligöngumanns. Starf hans sé miðlunarstarf, og sem miðlari sé hann hvorki umboðsmaður né umsýslumaður seljanda í lagaskilningi og beri því ekki ábyrgð á efnislegum upplýsingum um eignina sem honum séu gefnar af seljanda. Upplýsingar þær um eignina, þar á meðal um stærð hennar, sem stefndu Eignamiðluninni hafi verið gefnar við skoðun eignarinnar hafi verið þess eðlis að stefnda Eignamiðlunin hafi ekki haft sérstaka ástæðu til að rengja þær. Seljandi hafi afhent stefndu Eignamiðluninni teikningar af húsinu, sbr. dskj. nr. 13, þar sem grunnflötur hússins sé sagður vera 126,44 m². Jafnframt hafi skipulag íbúðarinnar og herbergjafjöldi gefið ástæðu til að ætla að uppgefin stærð væri nærri lagi. Stefnda Eignamiðlunin telji sér ekki hafa verið skylt að afla nánari upplýsinga um stærð íbúðarinnar, enda sé slíkt ekki venja í fasteignaviðskiptum. Hins vegar telur stefnda Eignamiðlunin að ábyrgð hennar skv. 4. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu nái aðeins til skjalagerðarinnar vegna íbúðarkaupanna og að upplýsingar þær sem hún gefi lysthafendum um eignina séu í samræmi við upplýsingar seljanda. Yfirliti

skv. 4. gr. laga 47/1938 sé aðeins ætlað að geyma þætti er hafi veruleg áhrif á verðlagningu eignarinnar, en skoðunarskylda kaupanda sé eftir sem áður veigamesta atriðið.

Þá telur stefnda Eignamiðlunin að stefnandi hafi aldrei gert henni fyllilega ljóst hvaða eiginleika sú eign þyrfti að uppfylla sem stefnandi væri að leita að. Eigi heldur hafi stefnandi sérstaklega spurst fyrir um það hjá stefndu Eignamiðluninni hvort uppgefnir fermetrar íbúðarinnar væru svokallaðir brúttó- eða nettófermetrar, eins og honum hefði borið að gera hefði fermetrafjöldinn ráðið kaupunum, eins og hann haldi fram. Þá telur stefnda Eignamiðlunin það einstakt tómlæti af hálfu stefnanda að bera fyrir sig í marsmánuði 1985 að stærð íbúðarinnar sé ekki sú sem hann ætlaði í fyrstu, þrátt fyrir að honum hafi mátt vera fyllilega ljóst hver skráður fermetrafjöldi eignarinnar hjá Fasteignamati ríkisins var eigi síðar en í janúar 1984, sbr. dskj. nr. 17. Stefnandi hafi keypt íbúðina skv. skoðun og hafi skipulag og herbergjafjöldi þar ráðið mestu um.

Stefnda Eignamiðlunin mótmælir því að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru fjárhagslegu tjóni. Hafi stefnandi hvorki sýnt fram á með matsgjörð né öðrum sannanlegum hætti að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Með vísan til þess geti stefnda Eignamiðlunin ekki borið neina skaðabótaábyrgð. Varakröfu stefnanda um afslátt vísar stefnda Eignamiðlunin á bug, þar sem það sé einungis á valdi seljanda en ekki stefndu Eignamiðlunarinnar að veita stefnanda afslátt af kaupverðinu.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu stefnandi, Bragi Björnsson, svo og vitnin Ingimundur Einarsson, Freyr Jóhannesson og Þorleifur Guðmundsson. Stefndi Þorsteinn Hreggviðsson, sem búsettur er erlendis, hefur ekki komið fyrir dóm í máli þessu.

IV.

Svo sem fram er komið byggir stefnandi dómkröfur sínar á því að risíbúðin að Sigtúni 35, Reykjavík, sem hann keypti af stefnda Þorsteini Hreggviðssyni, hafi verið 117 fermetrar að stærð. Hefur stefnandi skýrt frá því fyrir dómi að sú stærð íbúðarinnar hafi ráðið kaupunum af hans hálfu. Styðst stefnandi að þessu leyti við upplýsingar sem hann fékk á fasteignasölunni og ummæli konu seljanda þann dag er hann skoðaði íbúðina. Ekki liggur fyrir að til tals hafi komið með aðilum fyrir kaupin við hvaða reikningsforsendur greind flatarmálsstærð var miðuð.

Fyrir liggja í málinu ýmis gögn er sýna margar og mismunandi aðferðir við útreikninga flatarmáls greindrar íbúðar, allt eftir því við hvaða forsendur er miðað. Þannig sýna framlagðir útreikningar Freys Jóhannessonar tæknifræðings á dskj. nr. 18, að flatarmál getur verið allt frá 93 m² til 150,9 m² eftir því hvort viðmiðun er nettó eða brúttó og hvort hlutdeild

í sameign er reiknuð með eða ekki. Í málinu liggja og fyrir útreikningar Gunngeirs Péturssonar, sem telur flatarmál greindrar risíbúðar vera 104,5 m² og er þá miðað við hlutdeild íbúðarinnar í sameign og stigahúsi, en geymsluloft íbúðar er ekki talið með.

Í fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins eru skráðar flatarmálsstærðir eigna sem miðast við reiknireglur þeirrar stofnunar, svo sem fram kemur í bréfi FMR til stefnanda dags. 16. desember 1985. Samkvæmt þeim reglum er flatarmál séreignar miðað við brúttóflatarmál en flatarmál í sameign er ekki reiknað með. Þegar um er að ræða íbúðir í risi er sá gólffletur sem hefur salarhæð 1.80 m og hærri reiknaður með að fullu en hinum sleppt. Salarhæð er reiknuð frá efri brún gólfplötu í íbúðinni upp á útbrún þaks.

Að því er reikningsgrundvöll varðar byggir stefnandi á framangreindum reiknireglum Fasteignamats ríkisins.

Í framlögðu vottorði Félags fasteignasala segir að engar fastar reglur gildi um tilgreiningu á stærðum íbúða við fasteignakaup. Ennfremur segir í vottorði þessu að almennt megi segja „að við sölu fasteigna sé verið að tala um svokallaða brúttóstærð, án þess að nákvæm skilgreining sé fyrir hendi í hverju hún felst nákvæmlega".

Svo virðist sem nokkuð sé á reiki hvernig stærð íbúða hefur verið reiknuð í fasteignaviðskiptum hér á landi. Engin ein útreikningsaðferð eða regla er einhlít í þeim efnum. Þó virðist venja standa til þess að almennt sé miðað við utanmál útveggja og oft eru sérgeymslur og sameign að meira eða minna leyti talin með þegar flatarmál eignar er tilgreint. Þegar um risíbúðir er að ræða, svo sem í þessu ágreiningstilfelli, þá getur verið um meiri óvissu að ræða að þessu leyti en í íbúðum þar sem gólffletur er nýtanlegur að fullu. Ekkert bendir til þess að reiknireglur Fasteignamats ríkisins sem stefnandi byggir á séu lagðar til grundvallar í fasteignaviðskiptum. Reiknireglur Fasteignamatsins eru fyrst og fremst grundvöllur til að tryggja samræmi í ákvörðun skattstofna.

Tilgreind flatarmálsstærð greindrar íbúðar, 117 m², virðist ekki vera fjarri lagi reikningslega ef miðað er við framlögð reikningsgögn þeirra Freys Jóhannessonar tæknifræðings og Gunngeirs Péturssonar, svo og venjur í fasteignaviðskiptum.

Líta ber til þess að stefnandi skoðaði íbúðina og sætti sig við ástand hennar í hvívetna fyrir kaupin og festi kaup á henni fyrir uppsett verð. Verður og ekki annað séð en íbúðin hafi verið fullnægjandi fyrir hann að því er stærð, herbergjaskipan og annað fyrirkomulag varðaði. Þá ber að líta til þess að stefnandi hafði undir höndum teikningu hússins að Sigtúni 35 frá afhendingu íbúðarinnar hinn 13. maí 1983 og bjó í henni og gerði þó ekki athugasemdir um stærð hennar fyrr en árið 1985 er liðið var nærri eitt ár frá útgáfu afsals.

Þá má einnig líta til þess að kaupin gengu að því er virðist með óvenjulega miklum hraða og hafi stefnandi ráðið því. Einnig liggur fyrir að stefnandi er löglærður og hefur auk þess stundað fasteignaviðskipti.

Sé litið til alls þessa, svo og þess að stefnandi, sem taldi stærð íbúðarinnar í fermetrum hafa ráðið kaupunum af sinni hálfu, lét undir höfuð leggjast að afla sér gleggri upplýsinga þar um og hafa hana samningsbundna, þá þykir ekki unnt að fallst á þær málsástæður hans að upplýsingar þær sem hann fékk um stærð íbúðarinnar hafi verið sviksamlegar þótt skilgreiningu stærðar hafi verið ábótavant. Ber því að sýkna stefnda Þorstein Hreggviðsson bæði af aðal- og varakröfu stefnanda í málinu. Af þeirri niðurstöðu leiðir og að sýkna ber einnig aðra stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Í umboði, sem fyrir lá við afsalsgerð, kemur fram hvert var heimilisfang stefnda Þorsteins í Noregi. Birting stefnu í Lögbirtingablaði með þeim hætti sem gert var í máli þessu var því andstæð 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og ber að átelja það.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Árni Stefánsson, hrl. og fasteignasali, og Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Þorsteinn Hreggviðsson, Sverrir Kristinsson og Unnsteinn Beck f.h. fasteignasölunnar Eignamiðlunarinnar og persónulega óskipt, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Braga Björnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1988.

Nr. 344/1988. **Leifur Haraldsson**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Rafiðnaðarsambandi Íslands
(Jón Þorsteinsson hrl.)

Kjarasamningar. Sjúkrasjóðsgjald. Orlofssjóðsgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember s.á., en héraðsdómur var upp kveðinn 8. apríl s.á.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og honum dæmd sýkna af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Jafnframt krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti og að hann beri vexti 15 dögum eftir dómsuppsögu samkvæmt lögum nr. 25/1987, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er öllum atvinnurekendum skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Áfrýjandi er atvinnurekandi, sem hefur í þjónustu sinni rafiðnaðarmenn og nema í rafiðnaði. Stefnda er samband stéttarfélaga rafiðnaðarins og nær það til landsins alls. Sambandið hefur innan sinna vébanda sjúkrasjóð og orlofsheimilasjóð samkvæmt áðurnefndri 6. gr., en aðildarfélög þess ekki. Óumdeilt er að bæði útlærðir rafiðnaðarmenn og nemar eiga rétt til úthlutunar úr þessum sjóðum.

Hér fyrir dómi er ómótmælt, að áfrýjandi er félagi í Félagi rafverktaka á Austurlandi, sem er eitt aðildarfélaga Landssambands

rafverktaka. Jafnframt er hann aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Samkvæmt því á hann aðild að kjarasamningum vinnuveitenda við stefnda. Óumdeilt er að á þeim tíma er hér um ræðir voru ákvæði í þessum kjarasamningum um að vinnuveitendur greiddu 1% af útborguðu kaupi í styrktarsjóð stefnda og 0,25% af útborguðu kaupi í orlofssjóð sambandsins. Hér er um að ræða beinar greiðslur til stefnda. Ákvæði þessi giltu bæði fyrir útlærða rafiðnaðarmenn og nema.

Af því sem að ofan er rakið þykir leiða, að áfrýjandi sé skyldur til greiðslu í greinda sjóði af þeim starfsmönnum sínum sem starfa á sviði stefnda. Samkvæmt orðalagi og tilgangi 6. gr. laga nr. 55/1980, en tilganginum er lýst í greinargerð með lögum nr. 9/1974, sem lög nr. 55/1980 leystu af hólmi, skiptir ekki máli hvort starfsmenn áfrýjanda eru félagsbundnir eða ekki, enda verður við það að miða, samkvæmt málflutningi stefnda og reglum sjóðanna, að við greiðslu áfrýjanda öðlist starfsmenn hans full og óskoruð réttindi til úthlutunar úr sjóðum þessum.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu í héraði. Sama gildir um kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu í héraði.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. mars sl., höfðaði Rafiðnaðarsamband Íslands vegna styrktar- og orlofsheimilasjóða sambandsins gegn Leifi Haraldssyni, nnr. 6062-0512, rafverktaka, Botnahlíð 16, Seyðisfirði, með þingfestingu málsins 17. apríl 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði stefnanda skuld að fjárhæð kr. 63.560,00 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 12.167,00 frá 1. janúar 1983 til 31. október s.á., 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1984, með sömu vöxtum frá þeim degi af kr. 33.416,00 til 21. janúar 1984,

með 2,5% drátarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 2,5% dráttarvöxtum af kr. 63.560,00 frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

I.

Stefndi er rafverktaki og rekur rafmagnsverkstæði á Seyðisfirði. Stefndi mun vera félagi í Félagi rafverktaka á Austurlandi sem er eitt af aðildarfélögum Landsambands íslenskra rafverktaka sem aftur á aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands. Að vísu kemur fram í greinargerð stefnda að hann telur sig ekki lengur eiga aðild að Landssbandi íslenskra rafverktaka því að hann hafi eigi greitt árgjöld til sambandsins fyrir árin 1984 og 1985 og jafngildi það úrsögn úr sambandinu. Hins vegar er því ekki mótmælt að stefndi eigi aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Stefnandi, Rafiðnaðarsamband Íslands, er heildarsamtök íslenskra rafiðnaðarmanna samkvæmt því sem segir í 2. gr. laga sambandsins sem samþykkt voru 27. - 28. maí 1983.

Í 3. gr. laganna, þar sem kveðið er á um tilgang Rafiðnaðarsambandsins, kemur fram að aðild að því eiga einstök stéttarfélög í rafiðnaði en ekki er þess getið að einstakir iðnaðarmenn í þeirri iðngrein eigi aðild að sambandinu.

Í 8. tl. 3. gr. laganna segir eftirfarandi:

„Að stofna orlofsheimilasjóð með iðgjöldum þeim sem vinnuveitendur greiða á hverjum tíma, samkvæmt samningum sambandsins eða einstakra aðildarfélaga. Hlutverk sjóðsins skal vera að koma upp orlofsheimilum á þeim stöðum er henta þykir."

Í 10. tl. 3. gr. laganna segir:

„Að tryggja félagsmönnum gagnkvæm réttindi í veikinda- og slysatilfellum, m.a. með aðild að sameiginlegum sjúkrasjóði."

Í 3. gr. reglugerðar fyrir Orlofsheimilasjóð rafiðnaðarmanna segir:

„Árlegar tekjur sjóðsins eru iðgjald vinnuveitanda samkvæmt kjarasamningum, 0,25% af útborguðu kaupi rafiðnaðarmanna."

Í 4. gr. reglugerðar fyrir Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna segir m.a. að tekjur sjóðsins séu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt samningum, a.m.k.

1% af útborguðum vinnulaunum sjóðfélaga. (Reglugerð þessi var samþykkt 16. - 17. maí 1985.)

Samkvæmt samningi milli Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga rafvirkja, Félags íslenskra skriftvélavirkja og Sveinafélags rafeindavirkja annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands, Landssambands íslenskra rafverktaka vegna aðildarfélaga, Meistarafélags rafeindavirkja og Vinnuveitenda skriftvélavirkja hins vegar, 9. gr. 1., skulu vinnuveitendur greiða 1% af útborguðu kaupi og renna þær greiðslur í Styrktarsjóð RSI, en RSI mun vera skammstöfun fyrir Rafiðnaðarsamband Íslands.

Samkvæmt 9. gr. 2. sama samnings eiga vinnuveitendur að greiða 0,25% af útborguðu kaupi rafvirkja í orlofssjóð RSI og sömu hlutfallstölu af útborguðu kaupi í orlofssjóð LIR, sem mun vera skammstöfun fyrir Landssamband íslenskra rafverktaka. Í þessari grein samningsins er tekið fram að Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna annist innheimtu.

Stefnandi kveður báða aðila málsins vera aðila þessa kjarasamnings sem tók gildi 21. febrúar 1984 svo og annarra kjarasamninga á milli sömu aðila sem í gildi hafi verið á þeim tíma sem um ræðir í málinu og hafi haft að geyma samhljóða ákvæði, og er þessu ómótmælt af hálfu stefnda.

Samkvæmt samkomulagi á milli Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar um kaup og kjör iðnnema frá 26. október 1980 njóta iðnnemar fullrar aildar að sjúkrasjóðum og orlofssjóðum viðkomandi sveinafélaga og um greiðslur til sjóðanna fer eftir samkomulagi viðkomandi sveina- og meistarafélaga um þessi gjöld.

Stefnandi heldur því fram ómótmælt af hálfu stefnda að síðari samningar sömu aðila hafi að geyma sams konar ákvæði og að framan er rakið.

Stefnandi krefur stefnda um greiðslu framangreindra gjalda fyrir árin 1982 - 1984, samtals kr. 63.560,00.

Stefnandi sundurliðar kröfuna með þessum hætti:

A.	Orlofsheimilasjóðsgjöld:	
	Árið 1982	kr. 2.433,00
	" 1983	kr. 4.250,00
	" 1984	kr. 6.029,00
		kr. 12.712,00
B.	Styrktarsjóðsgjöld:	
	Árið 1982	kr. 9.730,00
	" 1983	kr. 16.999,00
	" 1984	kr. 24.115,00
		kr. 50.848,00

Kröfugerð stefnanda byggist á upplýsingum stefnda um launagreiðslur hans til starfsmanna á þessum árum og er ekki ágreiningur á milli aðila um fjárhæðir eða aðferðir við útreikning. Um er að ræða 6 starfsmenn að sögn stefnanda með sveinsréttindi og/eða meistararéttindi. Reyndar er það svo samkvæmt upplýsingum stefnda hinn 28. febrúar sl. að einn þessara manna er enn í námi. Kaup greitt þessum 6 starfsmönnum nam kr. 3.902.885,00 á árunum 1982 - 1984. Ennfremur er um að ræða 5 starfsmenn í námi samkvæmt sundurliðun stefnanda. Kaup greitt þessum hópi starfsmanna á árunum 1982 - 1984 nam kr. 1.181.994,00. Heildarlaunagreiðslur stefnda á þessum þremur árum sem stefnandi leggur til grundvallar kröfu sinni nema því kr. 5.084.879,00. 1,25% af þeirri fjárhæð er stefnufjárhæðin kr. 63.560,00.

Í 5. gr. reglugerðar um Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna eru ákvæði um það hverjir eiga réttindi í sjóðnum. Þau eru svohljóðandi:

„Rétt til bóta eða styrks úr sjóðnum hafa þeir einir, sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum.

a) Hafa verið fullgildir sjóðfélagar og greitt tilskilin gjöld til sjóðsins eða þeirra sjóða, sem mynda stofnfé hans, sbr. 2. gr., í að minnsta kosti 6 mánuði áður en styrkveiting fer fram.

b) Vinna hjá atvinnurekendum sem eiga að greiða 1% gjaldið til sjóðsins.

c) Vinna hjá öðrum atvinnurekendum og greiða til sjóðsins auk iðgjalds samkvæmt b-lið 4. gr. 1% af árslaunum sínum.

d) Vinna tímabundið í öðrum starfsgreinum og greiða til sjóðsins hlutfallslegt gjald miðað við c-lið þessarar greinar."

Í 2. gr. reglugerðar fyrir Orlofsheimilasjóð rafiðnaðarmanna er kveðið á um það að tilgangur sjóðsins sé að koma upp orlofsbúðum fyrir félagsmenn aðildarfélaga stefnanda og í 5. gr. er kveðið á um notkun þeirra. 5. gr. reglugerðarinnar er svohljóðandi:

„Orlofshús þau sem sjóðurinn eignast skulu vera til afnota fyrir þá félagsmenn í aðildarfélögum rafiðnaðarsambandsins sem iðgjald á að greiðast af til sjóðsins.

Skal miðstjórn úthluta hverju aðildarfélagi árlega orlofsdögum í réttu hlutfalli við innborguð iðgjöld af félagsmönnum hvers aðildarfélags næsta árið á undan.

Stjórnir aðildarfélaganna skipta orlofsdögum á milli félagsmanna sinna.

Aðildarfélagi sem ekki hefur í samningum sínum við vinnuveitendur ákvæði um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, er heimilt að vera aðili að sjóðnum, enda greiði félagið iðgjald til sjóðsins sem nemur meðaltali innborgaðra iðgjalda á hvern félagsmann. Njóta þá félagsmenn þess fullra réttinda í sjóðnum samkvæmt reglugerð þessari."

II.

Stefnandi kveðst fyrst og fremst byggja kröfu sína á þeirri skyldu allra atvinnurekenda, sem kveðið sé á um í 6. gr laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, að þeir greiði í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau sem aildarsamtök vinnumarkaðarins semji um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum er kjarasamningar greini.

Þessi lagagrein sé samhljóða 3. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl., en þessi lög hafi lög nr. 55/1980 leyst af hólmi. Fram komi í athugasemdum við frumvarpið til laga nr. 9/1974 að tilgangur lagasetningarinnar hafi m.a. verið sá að gefnu tilefni í dómum Hæstaréttar að koma í veg fyrir að atvinnurekendur gætu komið sér hjá því að greiða þessi iðgjöld með því að standa utan samtaka vinnuveitenda og að því tilskildu að starfsfólk þeirra standi af einhverjum ástæðum utan launþegasamtaka.

Samkvæmt þessu skipti ekki máli þótt atvinnurekandi standi utan samtaka vinnuveitenda eða starfsmaður utan samtaka launþega, gjöldin eigi engu að síður að greiða.

Stefndi sé reyndar félagi í Félagi rafverktaka á Austurlandi, þar sem hann hafi ekki sagt sig úr því félagi samkvæmt lögum þess eða verið vikið úr því. Það félag eigi aðild að Landssambandi íslenskra rafverktaka sem eigi aftur aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samkvæmt samningi milli Rafiðnaðarsambands Íslands venga aðildarfélaga rafvirkja, Félags íslenskra skriftvélavirkja og Sveinafélags rafeindavirkja annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands, Landssambands íslenskra rafverktaka vegna aðildarfélaga, Meistarafélags rafeindavirkja og Vinnuveitenda skriftvélavirkja hins vegar, 9. gr. 1., skuli vinnuveitendur greiða 1% af útborguðu kaupi í styrktarstjóð stefnanda.

Samkvæmt 9. gr. 2. sama samnings eigi vinnuveitendur að greiða 0,25% af útborguðu kaupi rafvirkja í orlofssjóð stefnanda.

Hér sé um að ræða þær reglur sem vísað sé til í 6. gr. laga nr. 55/1980.

Enda þótt 6. gr. laga nr. 55/1980 yrði ekki talin ná til deiluefnisins í þessu máli myndi stefndi engu að síður vera greiðsluskyldur samkvæmt framangreindum ákvæðum kjarasamninga.

Þótt starfsmenn stefnda hafi ekki átt aðild að stéttarfélagi skipti það ekki máli eins og fyrr greini að enda þótt svo hagi til öðlist þeir réttindi í framangreindum sjóðum sé greitt af launum þeirra í sjóðina.

Þegar talað sé um viðkomandi stéttarfélag í lögum eða samningum sé komin hefð á að það þýði hið sama og samband stéttarfélaga þegar stéttarfélag sé ekki fyrir hendi.

Samkvæmt samkomulagi milli Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar um kaup og kjör iðnnema frá

26. október 1980 og síðari samningum milli sömu aðila njóti iðnnemar fullrar aðildar að sjúkrasjóðum og orlofssjóðum viðkomandi sveinafélaga og um greiðslur til sjóðanna fari eftir samkomulagi viðkomandi sveina- og meistarafélaga um þessi gjöld.

Af hálfu stefnda er því lýst yfir að ekki sé ágreiningur milli aðila í máli þessu um annað en skyldu stefnda til að greiða umstefnda fjárhæð. Stefndi byggi kröfu sína um sýknu á því að starfsmenn hans hafi ekki verið í neinu aðildarfélagi innan vébanda stefnanda og reyndar ekki í neinu stéttarfélagi. Stefnda beri því ekki skylda til þess að greiða þau gjöld sem krafist er en í 6. gr. laga nr. 55/1980 og einnig í 3. gr. laga nr. 9/1974 sé talað um að greiða eigi í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga. Þegar þau séu ekki til sé heldur ekki um greiðsluskyldu að ræða. Stefnandi sé ekki stéttarfélag eða félag sem skylt sé að vera í. Starfsmenn stefnda hafi engan hag af því að þessi gjöld séu greidd því að þeir njóti ekki réttinda í sjóðunum, en ekki sé skýrt kveðið á um réttindi þeirra sem ekki séu í aðildarfélögum stefnanda í reglugerðum sjóðanna tveggja.

Því sé ekki mótmælt að stefndi sé aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Starfsmenn stefnda eigi hins vegar ekki aðild að þeim kjarasamningum sem stefndi eigi aðild að og stefndi hafi greitt þeim kaup sem sé hærra en samningar kveði á um. Starfsmenn stefnda gætu stofnað stéttarfélag og öðlast þannig aðild að kjarasamningum, en meðan svo sé ekki geti greiðsluskylda stefnda ekki byggst á þeim.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er að stefndi á aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands. Hann er atvinnurekandi í skilningi laga nr. 55/1980 og samkvæmt 6. gr. þeirra laga er honum skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga.

Ætla verður að með viðkomandi stéttarfélagi sé í skilningi nefndrar lagagreinar átt við það stéttarfélag sem starfsmenn atvinnurekandans eiga aðild að.

Samkvæmt sömu lagagrein fer um gjöld til þessara sjóða eftir kjarasamningum aðildarsamtaka vinnumarkaðarins.

Í því tilviki sem hér um ræðir fer um gjöld þessi eftir gr. 9.1. og gr. 9.2. í kjarasamningi stefnanda og Vinnveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1984 og samskonar ákvæðum í öðrum þeim kjarasamningum sem gerðir voru á milli þessara aðila á þeim tíma sem um ræðir í máli þessu, en óumdeilt er að þau er þar að finna.

Ennfremur myndi um gjöld þessi fara eftir samkomulagi Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands að því er iðnnema varðar, en það er einnig óumdeilt að samskonar ákvæði og er í samkomulagi þess-

ara aðila frá 26. október 1980 var í gildi á þeim tíma sem um ræðir í málinu.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum kjarasamnings er greiðsluskylda vinnuveitenda ekki sérstaklega bundin því að starfsmenn hans séu í stéttarfélagi.

Greiðsluskyldu stefnda verður að telja ótvíræða samkvæmt þeim ákvæðum laga og kjarasamninga sem að framan eru rakin svo langt sem þau ná.

Um þetta er í sjálfu sér ekki deilt í málinu heldur hitt hvort greiðsluskyldan sé bundin því að starfsmenn atvinnurekandans eigi aðild að stéttarfélagi, en óumdeilt er að svo var ekki um starfsmenn stefnda.

Þá heldur stefndi því og fram að hann sé ekki skyldur til að greiða þar sem starfsmenn hans njóti ekki réttinda í þeim sjóðum sem stefnandi krefur um gjöld fyrir.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/980 eru laun og önnur kjör sem aðildarfélög vinnumarkaðarins semja um lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem samningurinn tekur til. Samkvæmt þessari grein skiptir ekki máli hvort launamenn eru í stéttarfélagi eða ekki. Þeir eiga að njóta samningsbundinna kjara í öllum tilvikum, þar á meðal að atvinnurekandi greiði þeirra vegna í sjúkrasjóði og orlofssjóði sé svo um samið.

Þótt um viðkomandi stéttarfélög sé talað í 6. gr. laga nr. 55/1980 verður hún ekki skilin svo samkvæmt forsögu hennar að greiðsluskylda atvinnurekanda falli niður sé starfsmaður hans ekki í stéttarfélagi, a.m.k. ekki ef fyrir hendi er sjúkrasjóður og orlofssjóður sem starfsmaðurinn nýtur eða getur notið réttinda í.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna er hlutverk hans að greiða bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatilfellum. Í 5. og 6. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um það hverjir njóti bóta eða styrks úr sjóðnum og hverjir ekki. Af þessum greinum verður ekki betur séð en að starfsmenn stefnda geti notið þar fullra réttinda ef greitt er í sjóðinn þeirra vegna og að öðrum ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem ná jafnt til allra sjóðfélaga án tillits til þess hvort þeir eru í stéttarfélagi eða ekki.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing formanns og gjaldkera stefnanda um að starfsmenn stefnda njóti fullra réttinda í báðum sjóðunum sé í þá greitt þeirra vegna. Þessi yfirlýsing hefur að vísu ekki verið staðfest fyrir dóminum, en ekki verið mótmælt af hálfu stefnda sem rangri eða óstaðfestri heldur einungis á þann hátt að um of rúma túlkun á reglugerð sjóðanna sé að ræða.

Samkvæmt framansögðu verður að telja ótvíræða skyldu stefnda til að greiða umkrafin gjöld í styrktarsjóðinn.

Í reglugerð fyrir orlofssjóð stefnanda er ekki skýrt ákvæði um réttindi

rafiðnaðarmanna í sjóðnum, þeirra sem ekki eru í aðildarfélögum stefnanda. Hins vegar verður ekki séð að framangreindar yfirlýsingar formanns og gjaldkera stefnanda fái ekki staðist þrátt fyrir það. Þegar litið er til þeirrar lagaskyldu stefnda sem að framan er lýst, ákvæða kjarasamninga og þess hvernig reglugerð orlofssjóðsins hefur verið skýrð þykir stefndi ekki geta borið fyrir sig að skylda hans til að greiða í orlofssjóðinn sé ekki fyrir hendi vegna þess að óljóst sé hvort starfsmenn hans njóti réttinda í sjóðnum.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða dómsins sú að stefnda beri skylda til að greiða stefnanda umkrafin gjöld og verða því kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 28.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Leifur Haraldsson, greiði stefnanda, Rafiðnaðarsambandi Íslands, vegna styrktarsjóðs og orlofssjóðs kr. 63.560,00 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 12.167,00 frá 1. janúar 1983 til 31. október s.á., 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1984, með sömu vöxtum frá þeim degi af kr. 33.416,00 til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 2,5% dráttarvöxtum af kr. 63.560,00 frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 28.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 29. nóvember 1988.

Nr. 380/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Steini Ármanni Stefánssyni

Kærumál. Úrskurður héraðsdómara um að víkja sæti felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. þ.m. samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. mgr. 174. gr. sömu laga. Hann krefst þess „að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að málið verði tekið til dómsmeðferðar í sakadómi Reykjavíkur og uppkveðinn í því efnisdómur samkvæmt ákæru útgefinni 11. f.m." á hendur ákærða.

Frá Ármanni Kristinssyni hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

Ástæður þær sem héraðsdómari greinir í úrskurði sínum þykja ekki valda því að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavexti í máli ákærða. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1988.

Ár 1988, föstudaginn 11. nóvember, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms, sem háð var af Ármanni Kristinssyni sakadómara að Borgartúni 7 í Reykjavík.

Með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 11. október 1988, er Steinn Ármann Stefánsson sjómaður, Spóahólum 14, Reykjavík, fæddur 7. október 1966 í Hafnarfirði, ákærður fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Anna Guðmunds, móðir ákærðs, hefur unnið með dómara þessa máls í sakadómi síðastliðin 10 ár, og hefur samstarf þeirra verið þannig, að á betra varð ekki kosið. Dómarinn hefur beinan hag af því að samvinnan haldist óbreytt, en Anna er forstöðumaður skráningar og skjalageymslu sakadóms.

Í skýrslu sinni um geðhagi ákærðs Steins segir Högni Óskarsson geðlæknir meðal annars um samband þeirra ákærðs og Önnu móður hans: „Því virðist hún, ef eitthvað, hafa ofverndað hann í gegnum tíðina. Talar hún um náið samband þeirra, og kemur það þannig stundum fyrir sjónir sem allt of náið, þannig að Önnu gengur oft illa að greina sínar tilfinningar og hugsanir frá Steins".

Dómari telur hættu á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Með vísan til 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála víkur hann því sæti í málinu.

Úrskurðarorð:

Dómari víkur sæti í máli þessu.

Föstudaginn 2. desember 1988.

Nr.334/1988. **Hlynur Antonsson**

gegn

Kreditkortum hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hlynur Antonsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 6. desember 1988.

Nr. 384/1987. **Karl Jónsson**

gegn

Sjónvarpsmiðstöðinni hf.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með kæru 26. október 1988, sem barst Hæstarétti 24. nóvember s.á., kært þinglýsingu á veðskuldabréfi sem fram fór við Borgarfógetaembættið í Reykjavík 18. október 1988. Kæruheimild telur kærandi vera í 1. mgr. 3. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess að færslu veðskjals nr. B 12028/87 í fasteignabók verði hrundið og lagt fyrir þinglýsingardómara að vísa skjali þessu frá þinglýsingu. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að þinglýsing veðskuldabréfsins standi samkvæmt ákvörðun þinglýsingardómara og honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Þinglýsingardómari hefur samkvæmt 3. gr. laga nr. 39/1978 sent Hæstarétti skýringar sínar. Segir þar m.a.:

„Hinn 14. október 1987 var f.h. Sjónvarpsmiðstöðvarinnar h.f. lagt inn til þinglýsingar hér við embættið umrætt visitölutryggt veðskuldabréf að fjárhæð kr. 250.000 útg. 9. sept. 1987 af „Byggingar og ráðgjöf h.f." til Sjónvarpsmiðstöðvarinnar h.f., en til tryggingar var samkvæmt texta bréfs veðsett með 2. veðrétti Rangársel 8, eignarhluti merktur 0201. Við athugun kom í ljós að útgefandi bréfsins, Byggingar og ráðgjöf h.f., var skráður eigandi hins veðsetta eignarhluta í fasteignabók embættisins, en hinn 10. ágúst 1987 hafði verið þinglýst kaupsamningi við Karl Jónsson, nnr. 5498-6335, sbr. meðfylgjandi ljósrit af Litra A 18767/87. Ekki varð hins vegar séð að Karl hefði samþykkt veðsetninguna og var þá þinglýsingu frestað uns úr yrði bætt. Allmiklar viðræður hafa farið fram milli embættisins, kaupsamningshafa og þinglýsingarbeiðanda og kom fram að ýmsar greinir voru með seljanda og kaupanda. Leitað

var sátta varðandi þinglýsinguna af hálfu embættisins. En kaupsamningshafi neitaði ekki aðeins að samþykkja veðsetninguna, heldur krafðist þess að veðskuldabréfinu yrði vísað frá þinglýsingu, sbr. meðfylgjandi ljósrit af bréfi hans dags. 15/8 1988 og Björns Jónssonar hdl. fyrir hans hönd dags. 26/9 1988. Af hálfu þinglýsingarbeiðanda krafðist hins vegar Gústaf Þór Tryggvason hdl. þess að þinglýsing færi fram, sbr. meðfylgjandi ljósrit af bréfi hans dags. 13. okt. 1988, þar sem hann bendir á 25. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, en þar segir að þinglýsta eignarheimild hafi sá, er þinglýsingabók nefni eiganda á hverjum tíma.

Undirritaður þinglýsingardómari taldi ekki rétt að hann tæki afstöðu í ágreiningsmálum kaupsamningshafa og útgefanda veðskuldabréfsins (seljanda) og hann taldi að í frávísun mundi það felast að hann væri með nokkrum hætti að taka slíka afstöðu og áleit réttara að leyfa þinglýsingu með athugasemd um stöðu mála. Var veðskuldabréfinu því endanlega þinglýst með svofelldri athugasemd:

„Hinn 10/8 1987 var þinglýst kaupsamningi um íbúðina við Karl Jónsson dags. 10/4 87, Litra A 18767/87. Karl hefur ekki áritað samþykki sitt á veðbréfið og af hans hálfu hefir verið farið fram á að því verði vísað frá þinglýsingu, en því er þinglýst með hliðsjón af 25. gr. laga nr. 39/1978.““

Samkvæmt áritun á kaupsamning sóknaraðila var hann færður í þinglýsingabók 29. september 1987, sbr. 9. gr. þinglýsingalaga, og samkvæmt upphafi 15. gr. sömu laga hefur sú þinglýsing áhrif frá móttökudegi 10. ágúst s.á. Með kaupsamningnum varð sóknaraðili eigandi eignarhlutans að Rangárseli 8, Reykjavík, og hafði því þinglýsta eignarheimild að honum þegar veðskuldabréf varnaraðila var móttekið til þinglýsingar 14. október s.á. Af þessu leiðir að veðskuldabréfið varð eigi fært í þinglýsingabók, sbr. 1. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga, enda skortir varnaraðila skriflegt samþykki sóknaraðila fyrir veðsetningunni.

Ber því að afmá þinglýsingu veðskuldabréfsins sem fram fór 18. október 1988 og vísa því frá þinglýsingu.

Samkvæmt 5. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga skal þinglýsingardómari greiða úr því svo fljótt sem föng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því að skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært

í þinglýsingabók. Úrlausn þinglýsingardómara er í ósamræmi við ákvæði þetta og verður ekki hjá því komist að ætlja það.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Afmá skal úr þinglýsingabók Reykjavíkur af eigninni Rangársel 8, Reykjavík, eignarhluta Karls Jónssonar, þinglýsingu á veðskuldabréfi nr. B 12028/87 og vísa frá þinglýsingu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. desember 1988.

Nr. 68/1987. **Arnar Sigurðsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Birgi Sigurðssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Ábyrgð. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s.m. Áður hafði málinu verið áfrýjað með stefnu 18. september 1986, en útivistardómur gekk 3. nóvember það ár, og var ekki áfrýjað á ný innan þess 4 vikna frests, sem um getur í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjanda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 32.112,00 með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 30. september s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1986, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1986, með 15,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1986, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1986, með 16,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. desember 1986, með 17,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1987, með 18,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl 1987, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1988, en með 45,6% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. janúar 1989 og áfram með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 eins og þeir eru hverju sinni frá þeim degi til greiðsludags. Krefst stefndi þess að vextir séu höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Þá gerir stefndi þá kröfu að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt viðmiðunargjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi auk söluskatts af þóknunarlið.

I.

Fallist verður á það, sem í héraðsdómi segir, að áfrýjandi hafi ekki leitt í ljós neitt það, sem leysi hann undan ábyrgð eftir yfirlýsingu þeirri, sem hann gaf 10. desember 1984. Þá eru ekki efni til að lækka kröfu stefnda á grundvelli varakröfu áfrýjanda, og vísast einnig um það atriði til hins áfrýjaða dóms.

II.

Um vexti er þessa að geta:

Ágreiningur er ekki um vaxtakröfu til 30. september 1985.

Í héraði krafðist stefndi, sem þar var stefnandi, dómvaxta frá 30. september 1985 til 14. apríl 1987 án þess að nefna vaxtafót, enda var honum það heimilt eftir 1. gr. 3. mgr. laga nr. 56/1979 um dómvexti. Vaxtafótur var ekki heldur tilgreindur í dómnum, þar sem kveðið var á um dómvexti án frekari skýringa. Nú hefur stefndi krafist tiltekinna vaxta þann tíma, sem honum voru dæmdir dómvextir í héraði. Er vaxtafóturinn frá birtingardegi héraðsstefnu, 30. september 1984, til gildistökudags vaxtalaga nr. 25/1987, 14. apríl það ár, hæstu innlánsvextir, sem tilgreindir voru í auglýsingum Seðlabanka Íslands. Miðar stefndi við vexti af spari-reikningum með 18 mánaða uppsögn til 11. mars 1986, en eftir það við reikninga með 12 mánaða uppsögn eða 18 mánaða eftir því hvorir vaxtanna voru hærri á hverjum tíma. Í áðurnefndum lögum nr. 56/1979 1. gr. 1. mgr. segir, að dómvextir skuli vera „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns." Þó að ljóst sé, að kvöð á bankainnistæðum um uppsagnarfrest er ekki að öllu leyti sambærileg við það, sem gildir um fjárkröfur í dómsmálum, er vafalaus venja um það, að dómvextir eru miðaðir við eigi lægri vexti en af innistæðum sem segja þarf upp með 12 mánaða fyrirvara. Verður þá spurningin sú ein, hvort heimilt sé að krefjast vaxta eins og um

væri að ræða 18 mánaða uppsagnarfrest. Í þremur dómum Hæstaréttar, sem kveðnir voru upp 22. maí 1987, er þessari spurningu svarað játandi. Þrátt fyrir andmæli áfrýjanda ber því að taka vaxtakröfu stefnda fyrir áðurgreint tímabil til greina, enda krefst hann ekki vaxta, sem hærri eru en hæstu innlánsvextir. Þá verður einnig að taka vaxtavaxtakröfu stefnda til greina, enda var hún fólgin í kröfu um dómvexti fyrir héraðsdómi, sbr. hæstaréttardóm 11. mars 1987.

Krafa stefnda um vexti eftir 14. apríl 1987 er heimil eftir vaxtalögum nr. 25/1987, 3. kafla. Ber að taka hana til greina.

Þeir vextir, sem dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda, eru tilteknir í dómsorði.

III.

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 32.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig, að áfrýjandi greiði stefnda dráttarvexti frá 14. apríl 1987 til greiðsludags og því skuld sína með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., sömu vexti af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 30. september s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1986, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1986, með 15,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1986, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1986, með 16,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. desember 1986, með 17,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1987, með 18,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 11.

apríl 1987, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1988 og með 45,6% ársvöxtum af áðurgreindum 32.112,00 krónum auk höfuðstólsfærðra vaxta samkvæmt framansögðu frá 14. apríl 1987, frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 eins og þeir eru hverju sinni til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti 32.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. júní sl., hefur Birgir Sigurðsson, nnr. 1130-2548, Hléskógum 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 30. september 1985 á hendur Arnari Sigurðssyni, nnr. 0453-2548, Heiðargerði 104, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum kr. 32.112,00 með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., en af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., en með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til stefnubirtingardags 30. september 1985,

en síðan með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati bæjarþingsins.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 10. desember 1984 hafi hann keypt bifreiðina R-37634, af gerðinni Chevrolet Chevy Van árg. 1977, af stefnda. Kaupverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 245.000,00. Stefnandi hafi greitt stefnda kaupverðið að fullu á umsömdum gjalddögum sem tilgreindir hafi verið í kaupsamningi. Á afsali sé tekið fram að stefndi ábyrgist að bifreiðin sé veðlaus og að „vél og kassi sé í lagi". Stefndi hafi jafnframt ábyrgst að framrúða væri í lagi. Stefnandi hafi lítið ekið bifreiðinni næstu daga eftir kaupin, enda hafi hann unnið við að innrétta hana. Í byrjun janúar hafi girinn bilað, og hafi stefnandi látið draga bifreiðina á bifreiðaverkstæði Bílvangs sf., Höfðabakka 9, Reykjavík, þar sem gert hafi verið við hana. Kostnaðurinn við flutning bifreiðarinnar þangað hafi numið kr. 550,00, en viðgerðarkostnaðurinn hafi verið kr. 31.562,00. Stefnufjárhæðin sé samanlögð fjárhæð flutningskostnaðar og viðgerðarkostnaðar. Stefnandi hafi ítrekað krafið stefnda um greiðslu á þessum kostnaði án árangurs. Reikningur vegna flutnings bifreiðarinnar sé dagsettur 6.1. 1985, en muni eiga að vera 6.2. 1985.

Málsástæður stefnanda séu þessar: Yfirlýsing stefnda á afsalinu hafi verið ábyrgðaryfirlýsing. Stefndi hafi tekið ábyrgð á girkassanum og vélinni. Girkassinn hafi bilað skömmu eftir kaupin, og beri því stefnda að bæta tjón stefnanda.

Vísað sé til 42. gr. l. nr. 39/1922 um lausafjárkaup og meginreglna samninga- og kröfuréttarins.

Stefndi styður kröfur sínar þeim rökum að ástæður bilunarinnar hafi verið slæmt aksturslag hins nýja eiganda, en enginn galli hafi verið á sjálfskiptingunni eða óeðlilegt slit.

Ósannað sé að bifreiðin hafi verið haldin þeim göllum að stefndi beri bótaábyrgð vegna þeirra gagnvart stefnanda.

Verði ekki fallist á sýknu sé því haldið fram að aðeins eigi að bæta stefnanda hluta viðgerðarkostnaðar vegna verðmætisaukans sem í viðgerðinni felist.

III.

Aðilar hafa báðir gefið skýrslu fyrir dómi, svo og Valdimar Sigurðsson sem kveðst hafa verið óskráður meðeigandi stefnda að bifreiðinni. Þá hafa

gefið skýrslu fyrir dómi vitnin Salberg Jóhannsson bílamálari, Samúel Richter bifvélavirki og Kristinn Jóhannsson bifvélavirki.

Stefndi Arnar skýrði svo frá m.a. að hann hefði talið sjálfsagt og eðlilegt að skrifa undir ábyrgðaryfirlýsinguna þar sem stefnandi hefði ekki átt þess kost að kynna sér ástand vélar og gírkassa sjálfur, þar sem bifreiðin hefði verið óökufær. Ekki kvaðst stefndi hafa gengið sérstaklega úr skugga um að vél og gírkassi væru í því ástandi sem yfirlýsingin gaf til kynna, en hann hefði hins vegar talið svo vera, þar sem óhugsandi hefði verið að þetta hefði skemmst við áreksturinn og þessir hlutir hefðu verið í lagi fyrir tjónið.

Valdimar Jónsson skýrði svo frá m.a. að þeir hefðu verið búnir að láta athuga vél og gírkassa áður en þeir gáfu yfirlýsinguna á afsalinu, og hefði verið sjálfsagt að skrifa undir hana. Kvað hann ábyrgðaryfirlýsinguna hafa átt að falla úr gildi um leið og bifreiðin yrði gangfær.

Salberg Jóhannsson skýrði svo frá m.a. að hann hefði starfað á bifreiðaverkstæði í Kópavogi, en þangað hefði bifreiðin verið dregin skömmu eftir áreksturinn. Kvaðst hann minnast þess að leiðslur að vökvastýri í bifreiðinni hefðu verið mjög flattar saman, og taldi hann að leiðslur frá dælu niður í stýri hefðu lekið. Kvað hann stærðarpoll hafa verið undir bifreiðinni, sem hann taldi hafa verið sjálfskiptingarvökva sem lekið hefði af henni. Kvaðst hann ekki vita hvort stefnda hefði verið kunnugt um lekann, en öll olía hafi verið löngu búin af sjálfskiptingunni þegar stefnandi kom inn í málið, en olían hefði átt að vera áfram á gólfinu á þeim tíma, svo framarlega sem gólfið hafi ekki verið þrifið. Hann kvað stefnanda hafa tekið pönnuna undan sjálfskiptingunni meðan hann var að gera við tannjól í henni. Hann kvaðst ekki vita hvort sett hefði verið olía á sjálfskiptinguna, áður en bifreiðin fór af verkstæðinu.

Vitnið Samúel Richter kvaðst vera bifvélavirki á verkstæði því, þar sem gert var við sjálfskiptinguna, eftir að hún bilaði. Kvað hann stefnanda sjálfan hafa losað hana úr bifreiðinni og sent hana á verkstæðið, en bifreiðin hafi verið dregin þangað síðar. Hafi allir eða flestallir diskar í henni verið nánast jafnbrenndir en aðrir hlutar tiltölulega lítið slitnir sem bendi til þess að sjálfskiptingin hafi verið keyrð olíulítil, a.m.k. hafi hann talið það líklegustu orsök bilunarinnar. Sama álit kom fram hjá vitninu Kristni Jóhannssyni sem vann að viðgerð á sjálfskiptingunni. Töldu þeir ekki unnt að segja til um hvort það hefði gerst skömmu áður eða löngu áður en hún bilaði.

IV.

Ábyrgðaryfirlýsing stefnda nær til þeirra bilana á vél og gírkassa sem rekja má til ástands sem var fyrir hendi við söluna, en yfirlýsingin er rituð án fyrirvara eða takmarkana, og er ósannað að samið hafi verið um nokkuð slíkt munnlega.

Samkvæmt framburði stefnda sjálfs þykir upplýst að ábyrgðaryfirlýsing hans var gefin án þess að hann gengi sérstaklega úr skugga um ástand vélar og gírkassa fyrir söluna.

Fyrir liggur í máli þessu að sjálfskiptingin bilaði skömmu eftir að bifreiðin varð ökufær, en áður hafði stefnandi orðið var við að hún starfaði ekki eðlilega að hans mati og lét því stilla hana án árangurs.

Við munnlegan málflutning vék lögmaður stefnda að því að upplýst mætti telja, samkvæmt framburði stefnanda fyrir dómi, að vél og gírkassi hefðu verið í lagi þegar bifreiðin fór af stillingarverkstæðinu, en stefnandi hefði borið að faglærðir menn á þessu verkstæði hefðu gefið honum þá yfirlýsingu að vél og gírkassi væru í lagi. Ábyrgð stefnda væri þar með fallin niður.

Af hálfu stefnanda var þessum skilningi á framburði hans mótmælt, og þegar virtur er framburður hans um þetta atriði fyrir dómi má fallast á andmæli hans.

Eigandi verkstæðisins, Bragi Stefánsson, hefur ekki gefið skýrslu fyrir dómi, og var það talið þýðingarlaust þar sem hann taldi sig ekki muna eftir umræddu atviki.

Það telst því ósannað að vél og gírkassi hafi verið í lagi á þessum tíma.

Upplýst má telja, sbr. framburð vitnisins Salbergs Jóhannssonar svo og stefnanda sjálfs, að lekið hafi af sjálfskiptingunni áður en bifreiðin var seld stefnanda. Stefndi heldur því fram að útilokað sé að sjálfskiptingin hafi orðið fyrir áfalli við áreksturinn og bilað af þeim sökum, og má því ætla að lekið hafi af henni í óvissan tíma fyrir áreksturinn. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að líklegust skýring á biluninni, samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja í málinu, sé sú að sjálfskiptingin hafi verið keyrð olíulítil, og er það í samræmi við ályktun vitnanna Samúels Richters og Kristins Jóhannssonar.

Telja verður, eins og máli þessu er háttað, að stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að bilunin verði ekki rakin til atvika sem hann ber ábyrgð á með yfirlýsingu sinni.

Með því að ekki hefur verið sýnt fram á að akstursmáti stefnanda eða önnur meðferð hans á bifreiðinni hafi verið á þá lund að bilunina megi rekja til þess, svo og með hliðsjón af því sem að framan er rakið, ber að taka bótakröfu stefnanda til greina.

Stefndi gerir til vara kröfu um lækkun vegna verðmætaaukningar eftir viðgerðina. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu stefnda að verðmæti bifreiðarinnar hafi aukist við viðgerðina umfram það sem stefnandi mátti gera ráð fyrir að hann væri að kaupa. Krafa stefnanda verður því tekin til greina að fullu.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega og dæmast vextir því eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 22.200,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Jan Jansen bifvélavirkjameistara og Bent Jörgensen bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Arnar Sigurðsson, Heiðargerði 104, Reykjavík, greiði stefnanda, Birgi Sigurðssyni, Hléskógum 24, Reykjavík, kr. 32.112,00 með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., en af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., en með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til 30. september s.á., en síðan með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 22.200,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1988.

Nr. 307/1988. **Ákæruvaldið**

Nr. 379/1988. (Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigþóri Heiðari Hrafnssyni og

Steindóri Ingimar Steindórssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Sameining mála. Ákæru vísað frá héraðsdómi að hluta. Þjófnaður. Nytjastuldur. Brot gegn 157. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 15. júní 1988 áfrýjað til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1987 í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákæruvalds gegn ákærðu báðum með ákæru 3. september 1987, en ákærðu vildu una dómi. Þá hefur hann með stefnu 17. nóvember 1988 áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 31. október 1988 í máli á hendur ákærða Sigþóri Heiðari, er höfðað hafði verið með ákæru 24. október 1988, en ákærði Sigþór Heiðar hafði óskað áfrýjunar.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að báðir ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru, dagsettri 3. september 1987, og dæmdir til refsingar, sem verði þyngd frá því sem kveðið er á um í hinum áfrýjaða dómi, en staðfest ákvæði um ökuleyfissviptingu ákærðu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Þá er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms samkvæmt ákæru á ákærða Sigþór Heiðar, dagsettri 24. október 1988, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd. Loks er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, hvor í sinni sök.

Af hálfu ákærðu er krafist sýknu af refsi- og bótakröfum auk málsvarnarlauna.

I.

Dómur 1. desember 1987.

Eins og lýst er í héraðsdómi, þá eru ákærðu m.a. ákærðir fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Mál út af brotum gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Enginn tjónþola hefur gert refsikröfu í málinu. Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., vátryggjandi bifreiðanna, sem ákærðu skemmdu, hefur hins vegar gert refsikröfu í málinu. Ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ekki sé unnt að líta á tryggingafélagið sem þann aðila, sem misgert er við í merkingu 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga. Í málflutningi fyrir Hæstarétti taldi ríkissaksóknari, að réttilega hefði átt að ákæra fyrir brot gegn 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og að unnt væri að beita þeirri grein í stað 1. mgr. 257. gr., með stoð í 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Eigi verður talið, eins og ákæru er háttað, að grundvelli máls-

ins verði nú breytt á þann veg. Ber því að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákæruna skorti lagastoð hvað varðar meint brot ákærðu gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og vísa henni frá dómi, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómari vísaði framkomnum skaðabótakröfum frá dómi, og eru þær því eigi til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974. Mishermt er í hinum áfrýjaða dómi, að „Sambandið" geri bótakröfu í málinu. Mun þar átt við Samvinnutryggingar g.t.

Í 4. lið ákæru er ákærðu gefið að sök að hafa stolið skráningarmerki af bifreið og festa það í heimildarleysi á Opel-bifreið þá, sem þeir höfðu tekið. Er þetta talið varða við 244. gr. og 157. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu hafa báðir viðurkennt fyrir dómi, að þeir hafi fest skráningarmerki á Opel-bifreiðina, sem var númerslaus, í þeim tilgangi að geta ekið um óáreittir. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þetta atriði.

Þá ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms og færslu til refsiákvæða um aðra þá verknaði, sem ákærðu eru gefnir að sök. Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga ber nú að dæma mál ákærðu eftir ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987. Brot ákærðu varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. þeirra laga. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis, sbr. nú 1. sbr. 3. mgr. 102. gr. og 2. mgr. 101. gr. laga nr. 50/1987.

II.

Dómur 31. október 1988.

Broti ákærða Sigþórs Heiðars er rétt lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta en vextir verða dæmdir eins og í dómsorði segir.

III.

Refsing Sigþórs Heiðars Hrafnssonar ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga svo og 78. gr. sömu laga, að því er varðar brot hans, sem talin eru í ákæru 24. október 1988. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt sakavottorði 25. nóvember 1988, sem lagt var fyrir Hæstarétt, var Steindór Ingimar Steindórsson dæmdur í 45 daga fangelsi 1. febrúar 1988 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningar-

laga, og þann 15. febrúar 1988 í 45 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann sakfelldur hinn 11. apríl 1988 fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, en ekki gerð sérstök refsing. Allir þessir dómar, sem kveðnir voru upp í sakadómi Reykjavíkur, voru dæmdir sem hegningarauki. Rétt þykir að staðfesta refsiákvörðun héraðsdóms, að því er hann varðar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um að svipta beri ákærðu ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigþór Heiðar Hrafnsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði, Steindór Ingimar Steindórsson, sæti fangelsi í 75 daga.

Ákvæði héraðsdóms um, að ákærðu skuli ævilangt vera sviptir ökuréttindum og ákvæði héraðsdómanna um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er vísað frá dómi.

Ákærði Sigþór Heiðar Hrafnsson greiði Þórunni Eyjólfsdóttur, Austurbrún 2, Reykjavík, 52.000,00 krónur og Ólafi Jenssyni, Austurbrún 2, Reykjavík, 330.000,00 krónur. Af bótakröfum þessum greiði ákærði ársvexti sem hér segir: 21,5% frá 9. nóvember 1987 til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 20% frá þeim degi til 1. júní s.á., 22% frá þeim degi til 11. s.m., 24% frá þeim degi til 21. s.m., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 25% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á. og 4% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Sigþór Heiðar Hrafnsson greiði 2/3 hluta alls áfrýjunarkostnaðar og ákærði Steindór Ingimar Steindórsson 1/3 hluta alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 1. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, er háð var í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 684-685/1987: Ákæruvaldið gegn Sigþóri Heiðari Hrafnssyni og Steindóri Ingimar Steindórssyni, er tekið var til dóms þann 23. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara útgefnu 3. september sl. á hendur Sigþóri Heiðari Hrafnssyni, Njálsgötu 34, Reykjavík, fæddum 27. ágúst 1966 á Selfossi, og Steindóri Ingimar Steindórssyni, Kögurseli 12, Reykjavík, fæddum 8. apríl 1967 þar í borg, „fyrir að hafa í félagi eða einir sér framið eftirgreind brot aðfaranótt sunnudagsins 8. febrúar 1987:

1) Gegn ákærðu báðum fyrir að hafa í félagi reynt að taka í heimildarleysi fjórtán nýjar og óskráðar bifreiðar og eina dráttarvél sem stóðu á baklóð Sambands íslenskra samvinnufélaga, Ármúla 3, Reykjavík, og í því skyni brotið rúður í 13 bifreiðum af gerðinni Chevrolet Monza, í hægri afturhurð á fjórum, í hægri framhurð á sex, í vinstri afturhurð á einni og í vinstri framhurð á tveimur og í hægri hliðarhurð á bifreið af gerðinni Opel Ascona og í vinstri hurð dráttarvélar af gerðinni Massey Ferguson.

2) Gegn ákærðu báðum fyrir að taka í heimildarleysi óskráða bifreið af gerðinni Opel Kadett í sama porti.

3) Gegn ákærða Steindóri Ingimar fyrir að aka henni þar undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt á hlið á girðingu kringum baklóðina, sem við það eyðilagðist, og síðan um götur Reykjavíkur.

4) Gegn ákærðu báðum fyrir að stela skráningarmerkjunum R-26351 af bifreið í Drápuhlíð og festa þau í heimildarleysi á bifreiðina.

5) Gegn ákærða Steindóri Ingimar fyrir að aka bifreiðinni þaðan, enn undir áhrifum áfengis, til Hafnarfjarðar og þar í gegnum hlið að porti skipafélagsins Oks hf. við Melabraut, en við það brotnaði annar hliðstólpinn, og síðan til Grindavíkur og til baka að fjallinu Þorbirni.

6) Gegn ákærða Sigþóri Heiðari fyrir að aka bifreiðinni þaðan undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda áleiðis til Reykjavíkur þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Grindavíkurvegi.

Brot ákærðu samkvæmt lið 1 telst varða við 1. mgr. 257. gr. og 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, samkvæmt lið 2 við 1. mgr. 259. gr. sömu laga og samkvæmt lið 4 við 244. gr. og 157. gr. sömu laga. Brot ákærða Steindórs Ingimars samkvæmt lið 3 og 5 telst varða við 1. mgr. 257. gr. nefndra hegningarlaga og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og brot Sigþórs Heiðars samkvæmt lið 6 við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar auk skaðabóta."

Ákærði Steindór Ingimar heldur uppi vörnum í málinu og krefst verjandi hans að hann verði dæmdur í vægustu refsingu og að bótakröfur verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun hans, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sigþórs Heiðars varð hann uppvís að þjófnaði 1983 en ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár. Þá hefur hann þrisvar sæst á sektargreiðslur vegna ölvunaraksturs og fleiri umferðarlagabrota, síðast 7. apríl 1986, er hann var sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 12 mánuði frá 3. september 1986.

Sakferill ákærða Steindórs Ingimars er sem hér segir:

1983: Uppvís að þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1984: 30 daga varðhald skilorðsbundið í 2 ár fyrir nytjastuld.

1987: 32.000 króna sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi.

1987: 45 daga varðhald skilorðsbundið í 2 ár fyrir líkamsárás. Dómur kveðinn upp 2. febrúar.

Þá hefur hann þrisvar sæst á sektargreiðslur vegna umferðarlagabrota.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 8. febrúar sl. fóru ákærðu inn á baklóð Ármúla 3 í Reykjavík, en þar eru geymdar nýinnfluttar bifreiðar. Þeir hugðust verða sér úti um bifreið og í því skyni brutu þeir rúður í samtals 14 bifreiðum og reyndu síðan að gangsetja þær en það tókst ekki. Á sama hátt brutu þeir rúðu í einni dráttarvél. Að síðustu tókst þeim að gangsetja bifreið af gerðinni Opel Kadett. Inn í hana komust þeir með því að brjóta í henni rúðu. Ákærði Steindór Ingimar ók síðan bifreiðinni á hlið sem er á girðingunni í kringum baklóðina, og skemmdist það við áreksturinn. Frá Ármúla 3 ók hann svo upp í Hlíðar en þar stálu ákærðu skráningarmerkjunum R-26351 af bifreið í Drápuhlíð. Festu þeir merkin á Opel-bifreiðina, en hún

var óskráð, í þeim tilgangi að geta ekið um óáreittir. Frá Reykjavík héldu nú ákærðu á bifreiðinni til Hafnarfjarðar og var ákærði Steindór Ingimar ökumaður. Þar ók hann gegnum hlið að porti skipafélagsins Oks hf. við Melabraut og brotnaði við það annar hliðstólpinn. Frá Hafnarfirði ók ákærði til Grindavíkur og þaðan til baka að fjallinu Þorbirni þar sem ákærði Sigþór Heiðar tók við akstrinum og ók þar til lögreglan stöðvaði aksturinn á mótum Grindavíkurvegar og Reykjanesbrautar.

Þegar ákærðu óku bifreiðinni voru þeir báðir undir áhrifum áfengis og auk þess ökuréttindalausir.

Þeim voru tekin blóðsýni til alkóhólrannsóknar og sýndi niðurstaða rannsóknarinnar að í ákærða Sigþóri Heiðari var 1,33‰ og í ákærða Steindóri Ingimar 1,51‰.

Ákærðu hafa bæði hjá lögreglu og síðar fyrir dómi viðurkennt framangreint athæfi. Ákærði Steindór Ingimar bar þó fyrir dómi að hann gæti ekki svarað því hvað fyrir þeim hefði vakað með því að brjóta rúðurnar í bifreiðunum. Í lögregluskýrslu, sem hann staðfesti rétta, kvað hann þá hafa farið inn á baklóðina til að stela bifreið.

Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærðu vegna skemmda á bifreiðunum samtals að fjárhæð kr. 50.782,00 og auk þess krafist að þeim verði refsað. Samvinnutryggingar hafa krafist bóta að fjárhæð kr. 273.384,00 vegna skemmda á hliðinu inn á baklóðina við Ármúla 3. Aðrar kröfur eru ekki í málinu.

Fyrir dómi mótmælti ákærði Steindór Ingimar bótakröfunum. Ákærði Sigþór Heiðar samþykkti kröfu Sjóvá en hafnaði kröfu Samvinnutrygginga.

Niðurstöður.

Í máli þessu eru ákærðu m.a. ákærðir fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skal mál því aðeins höfða út af brotum gegn 1. mgr., að sá krefjist þess, sem misgert er við. Samkvæmt gögnum málsins eru tjónþolar Bílvangur sf., skipafélagið Ok hf. og Samband íslenskra samvinnufélaga. Ok hf. gerir engar kröfur í málinu. Sambandið gerir bótakröfu en enga refsikröfu. Bílvangur sf. gerir engar kröfur en Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., sem tryggði bifreiðarnar er ákærðu skemmdu, hefur krafist skaðabóta og einnig gert refsikröfu.

Í þessu máli er ekki hægt að líta á tryggingafélagið sem þann aðila er misgert var við í skilningi 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga. Af þessu leiðir að ákæruna skortir lagastoð hvað varðar meint brot ákærðu gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og ber því að vísa henni frá dómi að þessu leyti.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber einnig að vísa framkomnum skaðabótakröfum frá dómi enda er tjónið á Opel Kadett-bifreið-

inni ekki nægilega sérgreint til að hægt sé að dæma um þann hluta kröfunnar sbr. 2. lið ákærunnar.

Að öðru leyti er sannað með játningum ákærðu, sem studdar eru öðrum gögnum málsins, að þeir hafi gerst sekir um aðra þá verknaði sem þeim eru gefnir að sök í ákæruskjalinu og eru þar réttilega færðir til refsiákvæða.

Refsingar ákærðu ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Sigþórs Heiðars er hæfilega metin fangelsi í 45 daga. Ákærði Steindór Ingimar hefur með brotum þessum rofið skilorðið, sem hann var dæmdur í 2. febrúar sl. Ber nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka þann dóm upp og dæma með þessu máli. Refsing hans er því hæfilega ákveðin fangelsi í 75 daga.

Svipta ber ákærðu ökuleyfi ævilangt og samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974 ber að ákveða að áfrýjun fresti ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Steindór Ingimar greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Williams Thomas Möller hdl., kr. 10.000,00 auk söluskatts, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Sigþór Heiðar Hrafnsson sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði Steindór Ingimar Steindórsson sæti fangelsi í 75 daga.

Ákærðu eru báðir sviptir ökuréttindum ævilangt.

Ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga er vísað frá dómi.

Skaðabótakröfum Samvinnutrygginga g.t. og Sjóvátryggingarfélags Íslands hf. er vísað frá dómi.

Ákærði Steindór Ingimar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Williams Thomas Möller hdl., kr. 10.000,00 auk söluskatts, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. október 1988.

Ár 1988, mánudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 579/1988: Ákæruvaldið gegn Sigþóri Heiðari Hrafnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 24. október sl. gegn ákærða, Sigþóri Heiðari Hrafnssyni verkamanni, Krummahólum 2, Reykjavík, fædd-

um á Selfossi þann 27. ágúst 1966, „fyrir þjófnað með því að hafa mánudaginn 9. nóvember 1987 stolið 2 sparisjóðsbókum úr íbúðum í fjölbýlishúsinu nr. 2 við Austurbrún í Reykjavík — almennri sparisjóðsbók Þórunnar Eyjólfsdóttur nr. 13622 hjá Landsbanka Íslands með innistæðu kr. 139.285,62 úr íbúð nr. 8.3 og kjörbók Ólafs Jenssonar nr. 60694 hjá Landsbanka Íslands með innistæðu kr. 422.173,45 úr íbúð nr. 5.7.

Ákærði tók sama dag kr. 52.000 út af fyrrnefndu bókinni og út af þeirri síðari kr. 330.000, sem hann hafði til eigin nota.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Mánudaginn 9. nóvember sl. fór ákærði í heimildarleysi inn í tvær íbúðir, nr. 5 á 7. hæð og nr. 3 á 8. hæð, og stal úr hvorri þeirra bankabókum með innistæðu samtals að fjárhæð kr. 725.173,45. Hann hafði séð bækurnar um viku áður og ákvað þá að slá eign sinni á þær síðar og fara í framhaldi af því til útlanda.

Ákærði vann um þessar mundir við að mála svalir íbúða fjölbýlishússins og fékk lykla að íbúðunum vegna starfs síns.

Í íbúðinni á 7. hæð tók hann úr skrifborðsskúffu sparisjóðsbók Ólafs Jenssonar nr. 60694 hjá Landsbanka Íslands. Innistæða í henni var kr. 422.173,45. Í íbúðinni á 8. hæð tók hann úr skrifborðsskúffu í svefnherbergi sparisjóðsbók Þórunnar Eyjólfsdóttur nr. 13622 hjá Landsbanka Íslands, en innistæða í henni var kr. 139.285,62.

Samdægurs fór ákærði með sparisjóðsbók Ólafs Jenssonar í aðalbanka Landsbankans og tók þar út úr henni kr. 330.000,00 og sparisjóðsbók Þórunnar Eyjólfsdóttur í útibú Landsbankans að Laugavegi 77 og tók út úr henni kr. 52.000,00. Ritaði hann nafn sitt undir báða úttektarseðlana jafnframt því sem hann útfyllti aðrar nauðsynlegar upplýsingar á seðlana.

Daginn eftir fór ákærði til Amsterdam, þaðan til Portúgals og loks þaðan til Toronto í Kanada, en kom til landsins á ný í byrjun maímánaðar sl. Hann eyddi fénu í fargjöld og gjaldeyri.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir og réttilega er heimfærð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Þórunn Eyjólfsdóttir og Ólafur Jensson hafa bæði lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða, Þórunn að fjárhæð kr. 52.000,00 og Ólafur að fjárhæð kr. 330.000,00. Bæði hafa krafist dómvaxta af höfuðstólnum frá 9. nóvember 1987 til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt greiðslu krafnanna og verður hann dæmdur til

að greiða ofangreindum aðilum höfuðstól krafnanna auk almennra vaxta frá 9. nóvember 1987 til greiðsludags.

Sakaferill ákærða:

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann gengist 4 sinnum undir dómsátt á árunum 1982-1987, þrívegis fyrir ölvun við akstur o.fl. umf.l.brot og einu sinni (12. október 1987) fyrir eignaspjöll. Árið 1983 var ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár á hendur honum fyrir þjófnað. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1984 2/1 30 daga varðhald skb. í 2 ár auk sektar fyrir nytjastuld og réttindaleysi við akstur.

1987 1/12 45 daga fangelsi fyrir eignaspjöll, þjófnað, nytjastuld og tilraun til nytjastuldar, ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1988 30/5 Sakfelldur fyrir skjalafals. Ekki dæmd refsing. Hegningarauki (sic).

Brot ákærða sem fjallað er um í dómi þessum eru framin áður en dómarnir frá 1. desember og 30. maí sl. voru upp kveðnir. Ber því nú að ákveða ákærða hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga, sem með hliðsjón af 77. gr. sömu laga og sakaferli ákærða þykir hæfilega ákveðinn 6 mánaða fangelsi.

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigþór Heiðar Hrafnsson, sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði Þórunni Eyjólfsdóttur, Austurbrún 2, Reykjavík, kr. 52.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 9. nóvember 1987 til greiðsludags og Ólafi Jenssyni, Austurbrún 2, Reykjavík, kr. 330.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 9. nóvember 1987 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 12. desember 1988.

Nr. 257/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Bifhjól. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar ákæru, dagsetta 5. nóvember 1987, á sakfellingu ákærða, sviptingu réttar til þess að öðlast ökuleyfi og á greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærða verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 2. apríl 1986 á óafplánuðum eftirstöðvum refsinga, samtals 227 dögum, þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs".

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt og sýnir það, að eftir að hinn áfrýjaði dómur gekk, hefur ákærði verið dæmdur í sakadómi Reykjavíkur svo sem hér segir: hinn 22. apríl 1988 í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 5. maí 1988 í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, 15. september 1988 sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, en ekki gerð refsing, 22. september 1988 í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og hinn 11. nóvember sl. í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Öll voru brot þessi dæmd sem hegningarauki.

Í ákæruskjali 5. nóvember 1987 er ákærði m.a. ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Eigi verður

séð, að ákæra geymi verknaðarlýsingu, er svari til þess ákvæðis. Að öðru leyti er fallist á sakarmat héraðsdóms og heimfærslu til refsiákvæða, sbr. nú 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 50/1987. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin eins og í héraðsdómi segir 10 mánaða fangelsi.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt, er hann framdi brot sitt. Ber því samkvæmt 2. mgr. 101. gr. laga nr. 50/1987 að árétta, að ævilöng ökuleyfissvipting hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1988.

Ár 1988, mánudaginn 14. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem haldið er í Borgartúni 7 af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 169/1988: Ákæruvaldið gegn Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, sem dómtekið var 2. sama mánaðar.

Málið er höfðað fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur ákærða, Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, Jórufelli 4, Reykjavík, fæddum 30. janúar 1958 í Reykjavík.

Með ákæruskjali dagsettu 5. nóvember 1987 er höfðað mál á hendur ákærða „Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, Jórufelli 4, Reykjavík, fæddum 30. janúar 1958 þar í borg, fyrir að aka sunnudaginn 16. ágúst 1987 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifhjólinu R-73949 suður Barónsstíg í Reykjavík, þar til hann missti stjórn á því við hús númer 61.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. sbr. 8. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Þá er höfðað mál á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 10. desember 1987, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 5. ágúst 1987 stolið í félagi við Guðríði Björgu Gunnarsdóttur, Ásgarði 47, Reykjavík, myndbandstæki í íbúð að Búðargerði 3, Reykjavík, þar sem ákærði var gestkomandi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða, vitna og öðru því sem fram er komið í málinu.

Ákæra dagsett 5. nóvember 1987.

Sunnudaginn 16. ágúst 1987 kl. 19:30 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um að ökumaður bifhjólsins R-73949 hefði misst stjórn á því á Barónsstíg í Reykjavík og fallið á götuna.

Er lögreglan kom á vettvang og hafði tal af ökumanni, sem var ákærði, lagði frá honum sterkan áfengisþef.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans kl. 20:23. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,39‰.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifhjólinu R-73949 suður Barónsstíg í Reykjavík undir áhrifum áfengis eins og greinir frá í ákæru. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákæra dagsett 10. desember 1987.

Aðfaranótt miðvikudagsins 6. ágúst 1987 var ákærði ásamt fleira fólki við drykkju að Búðargerði 3, Reykjavík. Kom til handalögmáls milli húsráðanda og ákærða, en þeir voru sem og aðrir þar á staðnum undir áhrifum áfengis. Skömmu eftir að áflogunum lauk fór ákærði ásamt Sigurði Hólm Sigurðssyni og Guðríði Björgu Gunnarsdóttur í leigubifreið sem ók þeim að Laugavegi 51 b, Reykjavík. Meðferðis höfðu þau myndbandstæki það sem ákærði er ákærður fyrir að hafa stolið í félagi við áðurnefnda Guðríði Björgu Gunnarsdóttur.

Við yfirheyrslur fyrir dómi og hjá lögreglu hefur ákærði staðfastlega neitað að hafa tekið tækið. Hann kveðst ekki hafa viljað skipta sér af því

þótt aðrir tækju einhverja muni úr húsinu, þar sem hann væri á skilorði vegna reynslulausnar á eftirstöðvum refsinga.

Vitnið Valur Tómasson, Búðargerði 3, Reykjavík, kveðst hafa boðið ákærða ásamt fleira fólki til drykkju heim til sín. Í yfirheyrslum fyrir dómi minnir vitnið að maður sem svipar til ákærða í útliti hafi stolið tækinu.

Vitnið Sigurður Hólm Sigurðsson, Goðheimum 18, Reykjavík, hefur skýrt svo frá við yfirheyrslu hjá lögreglu að Kristinn hafi tekið myndbandstækið og borið það út úr Búðargerði 3 og í leigubifreiðina. Við yfirheyrslu fyrir dómi ber vitnið hins vegar að ákærði hefði ekki tekið tækið, heldur Guðríður Björg Gunnarsdóttir. Nefnd Guðríður hefur alfarið neitað þessu í yfirheyrslu fyrir dómi og segir Kristin hafa tekið tækið. Guðríður viðurkenndi hins vegar stuldinn í yfirheyrslum hjá lögreglu.

Vitnið Magnús Einarsson kveðst við yfirheyrslur hafa verið viðstaddur er atburðir þessir gerðust, en vegna áhrifa vímuefna ekki vita hver stal tækinu.

Vitnið Grétar Magnússon kveðst ekki hafa séð hver hafi stolið tækinu, þar sem það svaf ölvunarsvefni meðan mestu lætin voru og vaknaði ekki fyrr en lögregla kom að Búðargerði 3.

Vitnið Guðmundur Guðnason leigubifreiðastjóri, til heimilis að Bergþórugötu 14 a, Reykjavík, skýrir svo frá að það hafi verið kvatt að Búðargerði 3 umrætt sinn. Þar kveðst vitnið hafa tekið þrjá farþega, tvo drengi og eina stúlku og hafi vitnið ekið þeim að Laugavegi 51 b, Reykjavík. Vitnið minnir að það hafi verið stúlkan sem bar tækið í leigubifreiðina og hafi það verið í hennar umsjá meðan á akstri stóð. Vitnið vill þó ekki fullyrða um atvik málsins.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali dags. 5. nóvember 1987 og þykir rétt færð til refsiákvæða sbr. nú lög nr. 50, 1987.

Hvað varðar ákæru dags. 10. desember 1987 verður að telja ósannað gegn neitun ákærða og vegna ósamræmis í framburðum vitna, sem flest voru undir áhrifum áfengis, að ákærði hafi aðfaranótt miðvikudagsins 5. ágúst 1987 stolið myndbandstæki í íbúð að Búðargerði 3, Reykjavík, þar sem ákærði var gestkomandi. Ber því að sýkna hann af ákæru dags. 10. desember 1987.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða dags. 9. nóvember 1987 hefur ákærði alls 12 sinnum gengist undir sátt eða hlotið dóm fyrir brot gegn 27. gr.

umferðarlaga nr. 40, 1968, þar af 9 sinnum á síðustu 5 árum. Þá hefur ákærði alls 8 sinnum brotið gegn ákvæðum 25. gr. sömu laga.

Ákærði, sem skv. sakavottorði hefur alls 27 sinnum gengist undir sáttir eða hlotið dóm fyrir refsiverð brot, var 2. apríl 1986 veitt reynslulausn í 2 ár af eftirstöðvum refsinga, 227 daga fangelsi.

Refsing.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar skv. 80. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. 100. gr. laga nr. 50, 1987, sbr. 2. gr. laga nr. 19, 1940.

Með brotum sínum, sem mál þetta er risið af, rauf ákærði skilyrði reynslulausnarinnar frá 2. apríl 1986. Ber því að ákveða refsingu með hliðsjón af hinni óloknu refsivist skv. 42. gr. laga nr. 19, 1940. Í dóminum hefur verið lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem sýnir að ákærði hefur ekki afplánað eftirstöðvar þeirra refsinga sem honum var veitt reynslulausn á.

Með hliðsjón af þessu og sakaferli ákærða telst refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Svipta ber ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja skv. 81. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. nú 101. gr. laga nr. 50, 1987, sbr. 2. gr. laga nr. 19, 1940.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða skv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði er sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá dómsuppsögu að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 12. desember 1988.

Nr. 298/1988. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Lúðvík Eiríkssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Tékkasvik. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1988 samkvæmt ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar. Dómkröfur ákæruvaldsins við munnlegan flutning málsins voru þær að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu, refsiákvörðun og greiðslu sakarkostnaðar. Þá verði ákærði dæmdur til þess að greiða Víkurbæ, Hafnargötu 23, Keflavík, 2.500,00 krónur í skaðabætur með hæstu almennum innlánsvöxtum frá 25. ágúst 1984 til 15. apríl 1987, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt verði ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Við flutning málsins hefur verjandi ákærða krafist vægustu refsingar sem lög leyfa, að refsing verði skilorðsbundin og dæmd verði málsvarnarlaun.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómsins. Varðar atferli ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rekstur máls þessa hefur verið með miklum töfum, en samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 81. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981, og með hliðsjón af 5. mgr. 82. gr. sömu laga er sök ákærða þó ekki fyrnd.

Refsing ákærða þykir hæfilega metin 2 mánaða fangelsi.

Þar sem mjög langt er síðan brot ákærða var framið og hann hefur ekki áður hlotið dóm, sem hafði í för með sér frelsissviptingu, þykir mega fresta fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Af hálfu Víkurbæjar, Hafnargötu 23, Keflavík, var þann 25. janúar 1985 kært til sakadóms Keflavíkur vegna innistæðulauss tékka að fjárhæð 2.500,00 krónur. Af gögnum málsins verður ekki séð, að skaðabótarkafa þess vegna hafi ótvírætt verið borin undir ákærða og hann þannig haft tækifæri til að tjá sig um hana. Verður hún því ekki tekin hér til greina.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Eiríksson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Krafa Víkurbæjar, Hafnargötu 23, Keflavík, er ekki tekin hér til greina.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 9. mars 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 9. mars, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Ásgeiri Eirikssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1523/86: Ákæruvaldið gegn Lúðvík Eirikssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 3. febrúar sl. og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru dags. 28. ágúst 1986 á hendur „Lúðvík Eirikssyni framkvæmdastjóra, Klapparstíg 8, Keflavík, fæddum á Djúpavogi 14. september 1962, fyrir tékkasvik með því að hafa, í ágúst og september 1984, notað í viðskiptum í Keflavík eftirgreinda 3 tékka, samtals kr. 89.500,00, sem hann gaf út á tékkareikning sinn nr.

10902 hjá Samvinnubankanum á Selfossi án þess að eiga innstæðu á reikningnum en tékkana gaf hann út til handhafa:

1) Tékki nr. 3369166, kr. 2.500,- dagsettur 25.08. 1984. Seldur í versluninni Víkurbæ.

2) Tékki nr. 3369172, kr. 57.000,-, dagsettur 04.09. 1984. Seldur í Sparisjóði Keflavíkur.

3) Tékki nr. 3369171, kr. 30.000,-, dagsettur 28.08. 1984. Seldur í Sparisjóði Keflavíkur.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

II.

Málavextir eru þeir að ákærði gaf út 3 tékka á ávísanareikning sinn nr. 10902 við Samvinnubankann á Selfossi. Tékkar þessir voru að upphæð kr. 2.500,00, dags. 25. ágúst 1984, seldur í versluninni Víkurbæ, Keflavík, tékki að upphæð kr. 57.000,00, dags. 4. september 1984, seldur í Sparisjóði Keflavíkur, tékki kr. 30.000,00, dags. 28. ágúst 1984, seldur í Sparisjóði Keflavíkur. Ákærði hefur viðurkennt fyrir rannsóknarlögreglu og í sakadómi Kópavogs að vera útgefandi áðurnefndra tékka og játaði hann að innistæða hafi ekki verið fyrir hendi á umræddum reikningi er tékkaútgáfan fór fram. Ákærði kveðst hafa haft fleiri tékkareikninga á þessum tíma og lagt innistæðulausar ávísanir af einum reikningi á annan til að komast hjá lokun hvers reiknings. Á þessum tíma hafi hann verið í greiðsluþroti, því hafi farið sem fór.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í ákæru, og varðar hún við 248. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Í máli þessu hefur komið fram bótakrafa frá Sparisjóðnum í Keflavík vegna framangreindra tékka, samtals kr. 89.500,00, auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð frá innlausnardegi tékkanna til greiðsludags. Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt kröfu þessa, en kveðst ekki sjá fram á að geta greitt kröfuna.

III.

Samkvæmt sakavottorði dags. 11. desember sl. hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

„1982 15/2 í Árnessýslu: Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., 49. og 50. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. og 244. gr. Sviptur ökuleyfi 6 mán. frá 15.02. 1982.

1982 8/2 í Árnessýslu: Sátt: 1.500,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1982 24/9 í Árnessýslu: Dómur: 7.500,00 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 07.09. 1982.

1983 24/8 í Reykjavík: Áv. og fikn. Sátt: 5.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974, sbr. l. 60, 1980 og 9. gr. l. 75, 1982, sbr. 2. og 10. gr. rg. 390, 1974, sbr. 77. gr. hgl.

1983 24/8 í Árnessýslu: Sátt: 8.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1984 16/8 í Reykjavík: Áv. og fikn. Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. 65, 1974, sbr. l. 60, 1980, sbr. 9. gr. l. 75, 1982 og 2. sbr. 10. gr. rg. 390, 1974.

1985 10/9 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1987. 25/5 í Reykjavík: Sátt: 8.000,00 kr. sekt f. brot g. 113. gr. hgl."

IV.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Sparisjóðnum í Keflavík kr. 89.500,00 auk hæstu löglevfðra dráttarvaxta á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 2.500,00 frá 25. ágúst 1984, af kr. 57.000,00 frá 4. september 1984, af kr. 30.000,00 frá 28. ágúst 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Ákæra í máli þessu er útgefin 28. ágúst 1986, en hún barst ekki sakadómi Keflavíkur fyrr en 15. desember 1987.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Eiríksson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Sparisjóðnum í Keflavík kr. 89.500,00 auk hæstu löglevfðra dráttarvaxta á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 2.500,00 frá 25. ágúst 1984, af kr. 57.000,00 frá 4. september 1984, af kr. 30.000,00 frá 28. ágúst 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Miðvikudaginn 14. desember 1988.

Nr. 236/1985. **Björn Magnússon, eigandi og ábúandi Syðra-Hóls**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

landbúnaðarráðherra sem eiganda Höskuldsstaða

(Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður)

Landamerkjamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. nóvember 1985. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að landamerki milli jarðanna Syðra-Hóls og Höskuldsstaða í Vindhælishreppi sé lína dregin úr fornu garðlagi milli jarðanna úr punkti, sem merktur er A á héraðsdómsskjali nr. 28, „í vörðu norðvestan við Kollugerðistjörn", sem merkt er C á sama skjali, og þaðan bein lína í punkt B á sama skjali. Þá krefst áfrýjandi þess, „að stefnda verði dæmt skylt að fjarlægja girðingu þá, er gerð var af leiguliða stefnda í landi áfrýjanda og sýnd er á héraðsdómsskjali nr. 18". Ennfremur er þess krafist að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lagði stefndi fram yfirlýsingu dómenda í héraði dags. 10. og 11. nóvember 1988 og fjögur kort, sem dagsett eru 2. nóvember 1988 og teiknuð „eftir loftmynd Landmælinga Íslands 03.09. 1984. Hnitakerfi landskerfi. Mælt 28.10. 1988 af Braga Þór Haraldssyni tæknifr. og Jóni Erni Berndsen verkfr."

Á kort þessi eru m.a. dregnar kröfulínur málsaðila. Eru þau nákvæmari en þeir uppdrættir, sem lágu fyrir héraðsdómi. Á kort það, sem merkt er hæstaréttarskjal E, er dregin lína milli eftirtalinna staða og þeir merktir og hnitaðir sem hér segir:

Nr. 3, hnit X 602212.25 Y 583821.74, forn garðlagsendi. Staður

þessi er hinn sami og vísað er til í héraðsdómi og áfrýjandi merkir A í kröfugerð sinni.

Nr. 6, hnit X 602765.66 Y 583298.69, jarðfastur steinn. Á uppdrætti þeim, sem héraðsdómur vísar til á héraðsdómsskjali nr. 30, er þessi staður merktur III 2.

Nr. 7, hnit X 602846.95 Y 583032.53, hornstaur félagsræktar. Þessi staður er hinn sami og á fyrrgreindum uppdrætti, merktur IV 2, og greinilega er vísað til hans í forsendum héraðsdóms. Framangreind yfirlýsing héraðsdómara því til áréttingar var þess vegna óþörf.

Nr. 24, hnit X 602308.71 Y 582588.61, klettabelti við Laxá. Við munnlegan málflutning lýstu lögmenn aðila því yfir, að þessi staður væri þar sem lína dregin samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms kæmi í „lítið klettabelti, sem gengur út í ána neðst í Syðrahóls Stekkjarhvammi".

Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann og verða landamerki milli Höskuldsstaða og Syðra-Hóls þá eins og sýnt er með framangreindri línu milli staða merktra 3, 6, 7 og 24 á framangreindum uppdrætti, hæstaréttarskjali E, og hnit samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms kæmi í „lítið klettabelti, sem gengur út í ána neðst í Syðrahóls Stekkjarhvammi".

Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann og verða landamerki milli Höskuldsstaða og Syðra-Hóls þá eins og sýnt er með framangreindri línu milli staða merktra 3, 6, 7 og 24 á framangreindum uppdrætti, hæstaréttarskjali E, og hnit þeirra þau sem þar greinir, þó þannig að hólminn í Kollugerðistjörn tilheyri Höskuldsstöðum.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:


Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.


Ég er sammála dómsatkvæði meirihluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel að landamerkjalínan eins og hún er dregin yfir Kollugerðistjörn og hólmann í henni eigi að ráða skiptingu hans milli Höskuldsstaða og Syðra-Hóls.


SKÁLHOLTSRANDARVEGUR
NÚPA
HÓLAR
KOLLUGERÐISTÚN
FELAGSREKTUN
LAXÁ
STAÐARSTEKKJARHVAMMUR
LANGIHVAMMUR
LAXÁ
STIGAR
SYÐRI HÓLS
STEKKJARHVAMMUR
603 000
602 00

HNITASKRÁ

PKT NR	X - HNIT	Y - HNIT	SKÝRINGAR
3	602212.25	583821.74	FORN LANDAMERKJAHNIT (UNTIR NÝ RATTING)
6	602765.66	583296.69	LANDAMERKJASTEINN
7	602866.95	583032.53	HORNMARKAR FÉLAGSMERKI
10	602958.76	583417.51	VÖRÐUBROT
17	602887.28	582860.50	HORNMARKAR FÉLAGSMERKI
23	602234.28	582782.89	GIRÐING
24	602308.71	582588.61	KLETTABELTI V. LAXÁ, SKAMMT FRÁ SÝRKJARHÓLMI

LÍNA I (GEGNUM PUNKTA NR ③ ⑥ ⑦ ㉔



SKÝRINGAR

MERKIR GIRÐING

MERKIR ÍNNMÆLD LÍNA

KORT TEIKNAÐ EFTIR LOFTMYND LANDMÆLINGA ÍSLANDS 03.09.1984
HNITSETT LANDSKERFI -
MÆLT 29.10.1988 AF BRAGA ÞÓRHALLSSYNI TÆKNIFR. OG JÓNI ÖRNI BERNDSEN VERKFR.
MÆLITÆKI: SOKKISHA SET 4 LENGDA- OG HORNAMÆLITÆKI

STOÐ SF VERKFRÆÐISTOFA ADALGÖTU 14, 550 SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 95-5050		BLAÐ 02
SÝRI HÓLL OG HÖSKULDSSTAÐIR AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLU		KVARÐI 1:5000
KORT TEIKNAÐ VEGNA LANDAMERKJAMÁLS		REIKN.
LÍNA I		TEIKN. L.M.
SAMÞ.		DAGS. 2.11.1988
		NR. 8811

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 11. ágúst 1985.

Mál þetta, sem er landamerkjamál milli jarðanna Syðrahóls og Höskuldsstaða og dómtekið var 20. ágúst sl., var höfðað með stefnu birtri 6. september 1983.

Stefnandi er Björn Magnússon, eigandi og ábúandi Syðrahóls í Vindhælishreppi.

Stefndi er landbúnaðarráðherra vegna Kirkjujarðasjóðs sem eiganda Höskuldsstaða í sama hreppi.

Dómkröfur stefnanda voru í stefnu: Aðallega að merkin ákveðist úr (eftir) fornu garðlagi milli jarðanna (auðk. A) í vörðu sem er norðvestan við tjörnina (auðk. C) og þaðan bein lína (um gamlar reiðgötur) niður að vaði því á Laxá sem er skammt ofan við ósinn (D) þar sem áin rennur til sjávar.

Varakrafa stefnanda er þessi: Sama lína úr garðlagsenda (A) í fyrrgreinda vörðu norðvestan tjarnar (C) og þaðan bein lína í fyrrgreindan (sic) punkt (B).

Þá gerir stefnandi þá kröfu að fjarlægð verði girðing sú sem sýnd er á dskj. 18. Loks krefst stefnandi hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins (sbr. fyrirmæli í gjafsóknarleyfi dskj. 3, 3. mgr.). Verði þar tekið tillit til þess að málið er raunverulegt framhald á eldra máli sem ekki var lokið og stefnandi telur sig hafa haft allmikinn kostnað af.

Við munnlegan málflutning breytti hann kröfum þannig að varakrafan verður aðalkrafa en aðalkrafan fellur niður.

Dómkröfur stefnda eru:

a) Aðalkrafa: að merki Höskuldsstaða og Syðrahóls ákveðist úr fornu garðlagi milli jarðanna (merkt I), eftir garðlagsstefnunni að Kollugerðistjörn (merkt II), bakkar Kollugerðistjarnar ráði frá stað merktum II að stað merktum III og frá III ráði bein lína ofan að reiðgötum (lestavegi) (merkt IV), en þaðan ráði göturnar „inn að vaðinu á Laxá" (merkt V).

b) Varakrafa: sama lína úr garðlagsenda (I) að punkti II, þaðan ráði bakkar Kollugerðistjarnar um stað merktan III og að stað merktum III 2 (gömlum markasteini) og þaðan „ofan að reiðgötum" (lestavegi) (merkt IV 2), en þaðan ráði „reiðgötur" (lestavegur) „inn að vaðinu á Laxá" (Lestavaðinu) merkt V.

c) Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins. Kröfulínur skv. a- og b-lið eru merktar inn á dskj. nr. 30.

Mál þetta er höfðað til þess að fá staðfest landamerki milli jarðanna Höskuldsstaða, sem var prestssetur, og Syðrahóls og Kollugerðis. Landamerkjabréf er ekki til fyrir Höskuldsstöðum sem fleiri prestssetursjörðum hér í sýslu. Virðist svo sem prestarnir hafi ekki talið sig þurfa að hlíta landslögum hvað þetta snertir.

Í upphafi var aðeins ætlunin að fá landamerkin ákveðin neðan vegar, enda talið að önnur merki væru óumdeild. Undir rekstri málsins kom upp sú staða að álitið var nauðsynlegt að ákveða einnig landamerkin uppi á fjalli, en í þinghaldi 20. ágúst þ.á. var gerð svofelld bókun: „Samkomulag var með aðiljum um að falla frá kröfum og gagnkröfum um breytingar á merkjum á Einbúa eða austurmerkjum Syðrahóls. Ágreiningsatriðin eru svo veigalítil að aðilar töldu einsýnt að hægt væri að jafna það þeirra á milli." Þessi ágreiningur kemur því ekki til úrlausnar.

Með afsali ráðherra Íslands, dags. 4. des. 1918, eignast Björn Magnússon, afi stefnanda, jörðina Syðrahól ásamt hjáleigunni Kollugerði. Í þessu afsali undir lokin stendur: „Seljandi tekur enga ábyrgð á landamerkjum jarðarinnar." Báðir aðilar byggja aðallega kröfur sínar á sóknarlýsingum sr. Eggerts Ó. Briem, sóknarprests á Höskuldsstöðum frá árinu 1873, útg. af Hinu íslenska bókmenntafélagi 1839-1873 og endurútgefnum af Norðra á Akureyri 1950 (dómskj. 31, bls. 147). Þar segir svo: „Merki, sem nú eru höfð, eru óglögg og bogin. Vestan í Núpafjalli er forn merkigarður glöggur, er stefnir frá suðvestri til norðausturs. Er honum fylgt það sem hann nær. Að vestanverðu liggur sú stefna yfir svonefnda Kollugerðistjörn og um varphólma í tjörninni og þaðan um neðanverðan Langahvamm í Laxá, en Langihvammur nær upp að reiðgötum og er nú aðalengjar Höskuldsstaða. Garðlagsstefnunni er nú aðeins fylgt ofan að tjörninni, beygir svo fyrir hana ofan að reiðgötum og þaðan frá ráða þær í Laxá."

Síðan kemur frásögn af því hvernig Langihvammur (eða hluti hans) gekk undan Syðrahóli. Þá byggja þeir einnig á byggingabréfi dags. 15. maí 1884, er Jón Pálsson sóknarprestur byggir áður áminnstum Birni Magnússyni jörðina Syðrahól, en Kollugerði fylgdi ekki með, en landamerki eru tilgreind þannig: „Þessi eru landamerki Syðrahóls í Vindhælishreppi ásamt hjáleigunni Kollugerði, sem á 1/8 hluta tiltölu í landið að fráteknu túni og engjum: „Móts við Njálsstaði ... Móts við Höskuldsstaði ræður fornt garðlag (punktur A á dómskj. nr. 5 og punktur 1 á dómskj. nr. 30) ... Á merkjum verður bugur við Kollugerðistjörn. Ræður hún merkjum að norðan og þá stefna úr vesturenda hennar ofan í reiðgötur. Þá ráða reiðgötur að neðan inn að vaðinu á Laxá og þá Laxá upp í Ranahvamm.""

Þetta eru einu heimildirnar um landamerki milli þessara tveggja jarða Höskuldsstaða og Syðrahóls ásamt Kollugerði, en aðilar túlka þessa heimild á mismunandi vegu.

Stefnandi telur merkin vera úr garðlaginu (punktur A á dómskj. 5) í vörðubrot eða steinahrúgu norðvestan við Kollugerðistjörn, punktur C, og þaðan niður í Laxá, punkt B (var áður varakrafa, nú aðalkrafa).

Stefndi aftur á móti telur línuna vera framlengingu af garðlaginu (punktur I á dómskj. nr. 30) í Kollugerðistjörn, punktur II, svo ráði tjörnin að

vörðubroti eða grjóthrúgu við suðurenda tjarnarinnar, punktur III, og þaðan bein lína í punkt IV, sem er brekkubrún þar sem farið er niður að Lestavaðinu sem var aðalvað á Laxá.

Varakrafa stefnda er lína frá punkti I að punkti II, svo beygi línan suður fyrir tjörnina og bakkar hennar ráði alveg að punkti III 2 og þaðan beina línu niður í „reiðgötur", merkt IV 2 á dómskj. 30.

Allmörg vottorð hafa verið lögð fram um notkun hins umdeilda lands og vitnað í örnefnaskrár sem talið er að Magnús heitinn Björnsson, faðir stefnanda, hafi skrifað, svo og bók hans Mannaferðir og fornar slóðir. Þá er vitnað í fundargerð stofnfundar „Veiðifélagsins Hængs" en þar var Magnús Björnsson fundarstjóri.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og áður segir, eru heimildir um landamerkin byggð á sóknarlýsingu sr. Eggerts Ó. Briem, svo og örnefnaskránum, sem eignaðar eru Magnúsi Björnssyni, fyrrum eiganda Syðrahóls. Þar segir (dómskj. 36 og 37): „Í Syðrahólslandi eru þrír hvammar við Laxá. Hinn neðsti þeirra heitir Stekkjarhvammur (líka kallaður Hólsstekkjarhvammur og Vaðhvammur). Í honum nær miðjum við ána er kollóttur melhóll, heldur lítill um sig, sem heitir Einbúi." Í örnefnaskrá fyrir Höskuldsstaði segir: „Við Laxá eru þrír hvammar í landareign Höskuldsstaða. Brattihvammur neðst ofan við Ósvík, þá Stekkjarhvammur og Langihvammur efst." Fyrir ofan Langahvamm gengur rani fram í ána og ofan þessa rana er áður áminnstur Stekkjarhvammur eða Vaðhvammur, þar sem Einbúi er. Úr Vaðhvammi er farið yfir Laxá á „vaðinu" eða „Lestavaðinu". Rétt fyrir neðan vaðið eru flúðir sem enda í fossi ofarlega í Langahvammi. Lax gekk upp að þessum fossi en ekki fram ána, þar til nú að gerður hefir verið þar laxastigi. Þegar „Veiðifélagið Hængur" var stofnað, en það er veiðifélag landeigenda við Laxá, kom til álita á stofnfundinum, hvort eigandi Neðri-Lækjardals, jörðin sunnan árinnar, nær niður að sjó, og ábúandi Höskuldsstaða ættu samstöðu með öðrum landeigendum, þar sem þessar jarðir áttu veiðiréttinn neðan fossins eða fossanna og varð sérstaklega að semja við þá um skaðabætur. Var það álit formanns undirbúningsnefndar og fleiri fundarmanna að þeir ættu samstöðu með öðrum landeigendum „... að því leyti sem þeir ættu lönd með ánni fyrir ofan fossana" eins og segir í fundargerðinni á dómskj. nr. 42. Á þessum fundi var Magnús heitinn Björnsson fundarstjóri og gerði engar athugasemdir við þetta.

Hér að framan er tæpt á frásögn sóknarlýsingar sr. Eggerts Ó Briem um hvernig Langihvammur gekk undan Syðrahóli á ofanverðri 18. öld. Ábúandanum á Syðrahóli þótti sóknarpresturinn á Höskuldsstöðum hafa slegið upp á sig og varð æfur og skar bagga niður af hestum prests. Fyrir

þetta ofríkisverk átti hann að hafa misst allan hvamminn og það haldist síðan. En því er á þetta minnst hér að lögmaður stefnanda tæpir á þessari sögu í stefnunni. Sagan segir þó ekkert annað en það sem aðrar heimildir telja, að Langihvammur teljist til Höskuldsstaða.


Allmörg vottorð um notkun lands voru lögð fram af beggja hálfu. Efni þeirra mætti draga saman í vottorði (dómskj. nr. 33) sr. Péturs Ingjaldssonar, síðasta sóknarprests á Höskuldsstöðum, sem segir að þegar hann kom að Höskuldsstöðum spurði þáverandi eigandi og ábúandi Syðrahóls, Magnús Björnsson, faðir stefnanda, hvort hann mætti ekki framvegis eins og fram að þeim tíma beita fé sínu í hvammana og smala þá í staðinn. Prestur samþykkti þetta og þannig hélst þetta áfram, en í sjálfu sér skapar það engan rétt.

Stefnandi gerir kröfu um landamerkjalínu úr garðlagi, punkti A, í vörðu norðvestan við Kollugerðistjörn. Þarna er um að ræða grjóthrúgu frekar en vörðu, svipaða þeirri og stefndi vill byggja rétt sinn á við suðurenda tjarnarinnar (punkt III). Við vettvangsgöngu skýrði stefnandi frá því að föðurbræður sínir (Lárus og Ólafur) hafi sagt sér að þeir hefðu tínt saman grjót til nota í byggingar og ekið því svo heim að vetrinum á sleða. Inn á þetta kemur lögmaður stefnanda einnig í stefnu sinni er hann mótmælir því að varða sé við suðurenda tjarnarinnar. Ef „varðan" sunnan tjarnarinnar er þannig tilkomin eru allar líkur á því að „vörðubrotið" við norðvesturenda tjarnarinnar sé einnig þannig tilorðið. Til þess að snarbeygja svo stefnu landamerkjanna eins og krafa stefnanda gerir ráð fyrir þarf skýlaus gögn. Þau eru ekki fyrir hendi heldur þvert á móti. Þær einu heimildir sem til eru benda til annars. Auk þess sem eyjan í vatninu ætti þá að lenda innan marka Syðrahóls (Kollugerðis), en af henni voru nokkur hlunnindi. Nú mun það hafa verið viðtekin venja að hlunnindi fylgdu ekki hjáleigum nema skýrt væri fram tekið. Það hefir ekki verið gert. Ber því allt að sama brunni, að landamerki milli jarðanna niður að tjörn séu í beinu framhaldi af garðlaginu eða úr punkti A og I í punkt II á dómskj. 30. Dómurinn hafnar því kröfu stefnanda um landamerkjalínu úr punkti A um punkt C í punkt B.

Með hliðsjón af framansögðu hefir dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að Langihvammur tilheyri Höskuldsstöðum, svo og Kollugerðistjörn að norðan, þar með talin eyjan.

Þá er eftir að ákvarða landamerkin. Aðalkröfu stefnda, að landamerkin verði úr punkti III (dómskj. 30) (sunnanvert við Kollugerðistjörn) „ofan að reiðgötum" og þaðan ráði göturnar „inn að vaðinu á Laxá", verður að hafna á þeirri forsendu að punktur IV er á nöfinni beint fyrir ofan vaðið, þannig að engar reiðgötur geta legið „inn að vaðinu" frá þeim punkti, heldur hefði það verið orðað einhvernveginn á þann veg: „... þaðan niður

1512




Kort teiknað eftir loftljósmynd, sem tekin var af landmælingum Íslands 9/9 1974

Mkv. 30 hæðir brún í austurhlíðum Gunnlaugsvíkurgils 23/8 84

Mælikvarði 1:2000

Landamerki Höskuldsstaða og Syðra háls, A-Hún.
ágúst 1979, Skúli Ólafsson, vefari


A'
I
A
II
C
III
III
IV
IV
V

að vaðinu" eða „ofan að vaðinu". Hinsvegar, ef varakrafan er tekin með nokkrum breytingum, þá samrýmist orðalagið vel, þ.e. úr punkti merktum III 2 á dómskj. 30 og „ofan að reiðgötum" og svo „inn að vaðinu". Þarna er aðalvað á Laxá og það eina sem fært var með bagga- eða lestahross, en snarbrattir bakkar eru allsstaðar að neðri hluta Laxár. Þessi lausn samræmist vel ákvæðunum um landamerkin á dómskj. nr. 6, en þar segir: „Á merkjunum verður bugur við Kollugerðistjörn. Ræður hún merkjum að norðan og þá stefna úr vesturenda hennar ofan í reiðgötur. Þá ráða reiðgötur að neðan inn að vaðinu á Laxá." Með stefnunni er átt við stefnu garðlagsins ofan Kollugerðistjarnar, sem ræður landamerkjum upp fjallið. Þessi túlkun samræmist hér um bil alveg skoðun Magnúsar heitins Björnssonar er hann lýsir landamerkjunum í örnefnaskránni fyrir Syðrahól, en hann lýsir þeim rangsælis, þ.e. byrjar að ofan úr Laxá og upp á fjall. Þar segir: „... Síðan ræður garðlag merkjum í Brekkunum og sjónhending áfram ofan í götur." Að vísu verður sú lína örlítið norðan við punkt IV 2, en land það er lítið og ber melur sem á þeim tíma var ekki talið verðmætt land.

Dómurinn lítur svo á að rétt merki milli Höskuldsstaða og Syðrahóls (Kollugerðis) sé þessi: Stefna eftir fornu garðlagi ræður merkjum niður eftir Núpafjalli og niður að Kollugerðistjörn (II á dómskj. 30), þaðan sjónhending yfir tjörnina í jarðfastan stein (III 2). Þá sveigir línan lítið eitt til suðurs í hornstaur (IV 2) á núverandi túngirðingu (nýræktargirðingu) og svo bein lína þaðan inn eftir melunum í lítið klettabelti (því sem næst V) neðst í (Hóls-)Stekkjarhvammi (Vaðhvammi) rétt fyrir neðan vaðið. Eyjan í Kollugerðistjörn tilheyri Höskuldsstöðum, eða m.ö.o. varadómkrafa stefnda er tekin til greina nema farið er yfir tjörnina en ekki kræki suður fyrir hana eins og varakrafan gerir ráð fyrir.

Af þessari niðurstöðu leiðir að krafa stefnanda um að fjarlægja girðingu þá, sem sýnd er á dómskj. 18, kemur ekki til álita.

Vegna forsögu þessa máls, þar sem m.a. eigandi Höskuldsstaða vanrækir skyldu sína að ganga frá réttum merkjum, þykir rétt að fella málskostnað niður. Hinsvegar ber að ákvarða lögmanni gjafsóknaraðila stefnanda málsvarnarlaun. Þykja þau hæfilega ákveðin kr. 40.000,00.

Dómsorð:

Landamerki milli Höskuldsstaða og Syðrahóls skulu vera þessi: Stefna eftir fornu garðlagi ræður merkjum niður eftir Núpafjalli og niður í Kollugerðistjörn, þaðan yfir tjörnina í jarðfastan stein. Þaðan sveigir línan aðeins til suðurs í hornstaur á túngirðingu (nýræktargirðingu) og svo bein lína þaðan inn eftir melunum í lítið klettabelti sem gengur út í ána neðst í Syðrahóls Stekkjarhvammi (Vaðhvammi),

rétt fyrir neðan vaðið. Eyjan í tjörninni tilheyrir öll Höskuldsstöðum.

Málskostnaður falli niður. Gjafsóknarlaun lögmanns stefnanda skulu vera kr. 40.000,00.

Miðvikudaginn 14. desember 1988.

Nr. 135/1987. **Stefán G. Stefánsson**
Þóroddur Stefánsson og
Þ. Stefánsson & Co.
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
bæjarfógetanum í Kópavogi
Landsbanka Íslands
Iðnaðarbanka Íslands hf.
Alþýðubankanum hf.
Gjaldheimtunni í Hafnarfirði
Sambandi íslenskra samvinnufélaga
bæjarfógetanum í Hafnarfirði og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Uppboð. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1987. Kröfur áfrýjenda eru þær að nauðungaruppboðsgerð, sem

fram fór á húseigninni Norðurvangi 32 í Hafnarfirði 17. febrúar 1986, verði hrundið og hún ómerkt og synjað verði um framgang nauðungaruppboðsins að öllu leyti og stefndu in solidum gert að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu, bæjarfógetanna í Kópavogi og Hafnarfirði, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Landsbanka Íslands, eru gerðar þær kröfur að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði staðfest og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Af hálfu stefndu, Iðnaðarbanka Íslands hf., Alþýðubankans hf., Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði og Sambands íslenskra samvinnufélaga, hefur ekki verið sótt þing í málinu og engar kröfur verið hafðar uppi. Gögn málsins bera með sér að stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. afturkallaði uppboðsbeiðni sína á uppboðsdegi, 17. febrúar 1986.

I.

Hinn 25. apríl 1984 krafðist bæjarfógetinn í Kópavogi sem innheimtumaður ríkissjóðs uppboðs á fasteigninni Norðurvangi 32 í Hafnarfirði til lúkningar á söluskattsskuld áfrýjanda Þórodds Stefánssonar frá árinu 1982, 266.392,00 krónum, og á þinggjaldaskuld hans að fjárhæð 142.956,00 krónur. Beiðnin var byggð á tveimur lögtaksgerðum er fram fóru 2. apríl 1984, en áfrýjandi Þóroddur var sjálfur viðstaddur gerðirnar og benti á fasteignina, sem hann kvaðst eiga að hálfu á móti föður sínum.

Áfrýjanda Þóroddi var tilkynnt um uppboðsbeiðni þessa með bréfum uppboðshaldarans í Hafnarfirði 4. maí og 28. maí 1984 og var honum þar tilkynnt að uppboðið myndi hefjast í skrifstofu uppboðshaldarans 10. ágúst 1984 kl. 10:00. Samkvæmt fyrra bréfinu var tilkynnt að auglýsing yrði send Lögbirtingablaði eigi síðar en 25. maí 1984.

Auk bæjarfógetans í Kópavogi hafa eftirtaldir aðilar krafist uppboðs á framangreindri eign og ekki afturkallað beiðnir sínar, að því er séð verður í gögnum málsins:

Hafnarfjarðarbær með beiðni 18. maí 1984 vegna fasteignagjalda, Brunabótafélag Íslands með beiðni 5. júlí 1984 vegna brunabótaiðgjalds, Gjaldheimtan í Reykjavík með beiðnum 15. júní 1984 og 8. nóvember 1985 vegna opinberra gjalda á grundvelli lögtaka,

Landsbanki Íslands, veðdeild, með beiðni 4. október 1985 á grundvelli 2ja veðskuldabréfa, Þorsteinn Garðarsson með beiðni 7. janúar 1985 á grundvelli fjárnáms, Gjaldheimtan í Hafnarfirði með beiðnum 21. október 1985 vegna fasteignagjalda og 15. janúar 1986 á grundvelli lögtaks, Samband íslenskra samvinnufélaga með beiðni 13. nóvember 1985 á grundvelli fjárnáms og Alþýðubankinn hf. með tveimur beiðnum 25. nóvember 1985 á grundvelli fjárnáma. Auk þess var innheimtumaður ríkissjóðs í Hafnarfirði aðili uppboðsins á grundvelli 2ja lögtaksgerða 2. apríl 1984 og 10. október 1985. Þá kom ný uppboðsbeiðni frá bæjarfógetanum í Kópavogi 14. nóvember 1985 á grundvelli lögtaks.

Uppboðsheimildir þær, sem fyrir lágu í máli þessu, náðu ýmist til eignarhluta áfrýjanda Þórodds Stefánssonar í húseigninni Norðurvangi 32, þ.e. aðfarargerðir innheimtumanna ríkissjóðs í Kópavogi og Hafnarfirði, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, Þorsteins Garðarssonar, Sambands íslenskra samvinnufélaga og Alþýðubankans hf., eða til húseignarinnar allrar, þ.e. lögveðskröfur Brunabótafélags Íslands og Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, annað lögtak Gjaldheimtunnar í Reykjavík og veðskuldabréf Veðdeildar Landsbanka Íslands.

II.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Hafnarfjarðar í skrifstofu uppboðshaldarans 10. ágúst 1984, en auglýsing um uppboðið hafði verið birt í 60., 62. og 66. tölublaði Lögbirtingablaðs 1984. Var þá tekið fyrir að „selja við nauðungaruppboð Norðurvang 32, Hafnarfirði, eigandi Guðmundur Halldórsson, eftir kröfu bæjarfógetans í Kópavogi, Hafnarfjarðarbæjar, Brunabótafélags Íslands og Gjaldh. í Reykjavík".

Mætt var af hálfu uppboðsbeiðenda en uppboðsþoli var ekki mættur. Var ákveðið að sala færi fram á eigninni.

Næst var málið tekið fyrir á sama stað 29. október 1984 og var þá mætt af hálfu uppboðsbeiðenda en ekki af hálfu áfrýjanda Þórodds.

Málið var síðan tekið fyrir 22. janúar 1985 að Norðurvangi 32. Er þá bókað að fyrir sé tekið að „selja á nauðungaruppboði fasteignina nr. 32 við Norðurvang í Hafnarfirði, þinglesin eign Guðmundar Halldórssonar, talin eign Þórodds Stefánssonar, að kröfu

bæjarfógetans í Kópavogi, Innheimtu ríkissjóðs, Hafnarfjarðarbæjar, Brunabótafélags Íslands, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Veðdeildar Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands hf., Jóns Ingólfssonar hdl. og Kópavogskaupstaðar og Bergs Guðnasonar hdl. Skjöl málsins nr. 1 - 33 liggja frammi. Lagt er nú fram nr. 34 - 50 beiðnir, veðskuldabréf, endurrit aðfarargerða, sölutilkynningar og auglýsing birt 19.01. 1985 í DV.

Af hálfu uppboðsbeiðenda mæta Jón Ingólfsson hdl., Bergur Guðnason hdl., Kristján Ólafsson, lögmaður Kópavogskaupstaðar, Gunnar Bjarnason, innheimtufulltrúi Gjaldheimtunnar í Reykjavík, og Kristján Sigurgeirsson, lögfræðingur f.h. Landsbanka Íslands og Ara Ísberg hdl. Uppboðshaldari gætir hagsmuna ríkissjóðs.

Af hálfu uppboðsþola er ekki mætt.

Uppboðshaldari kynnti framlögð skjöl einkum veðbókarvottorð og söluskilmála.

Að því búnu hófust sölutilraunir.

Eitt boð kom fram kr. 500.000,- frá mættum Bergi Guðnasyni, hdl. f.h. Þorsteins Garðarssonar.

Ákveðið var að fram færi annað og síðasta uppboð á eigninni og fer það fram eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara."

Mál þetta var þessu næst tekið fyrir 14. febrúar 1985 að Norðurvangi 32 og segir svo í bókun: „Skjöl málsins nr. 1 - 50 liggja frammi, en uppboðshaldari leggur nú fram nr. 51 - 64, sölutilkynningar (afrit og ljósrit), afrit auglýsingar, sem birtist í DV 11.02. 1985, ljósrit úr fasteignaregistri, ljósrit kaupsamnings, ljósrit skrár yfir veðskuldir og ljósrit tilkynningar til firmaskrár.

Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Bergur Guðnason, hdl. v. Þorsteins Garðarssonar, Jón G. Zoëga, hdl. v. Valdimars Jóhannessonar, Kristján Ólafsson, hdl. v. Kópavogskaupstaðar, Gunnar Bjarnason v/Gjaldheimtunnar í Rvík., Bragi Björnsson, hdl. v/ Veðd. Landsbanka Íslands sem veðhafa, uppboðshaldari gætir hagsmuna ríkissjóðs. Uppboðsþoli Þóroddur Stefánsson er mættur.

Einnig er mættur Róbert Árni Hreiðarsson, hdl. v/Stefáns G. Stefánssonar, Engihjalla 19, Kópavogi.

Með vísan til dómskjala 62 - 64, mótmælir hann uppboði á húseigninni að því er snertir eignarhluta umbjóðanda hans, sem sé helmingur eignarinnar.

Aðspurður kveður uppboðsþoli Þóroddur Stefánsson að afsal hafi verið gefið út fyrir eign þessari á grundvelli rskj. 62, en telur afsalið liggja óþinglýst hjá þinglýsingadómara, þar sem þinglýsingargjöldin séu ógreidd.

Uppboðsþoli mótmælir kröfu Þorsteins Garðarssonar, sem greiddri.

Aðilar eru ásáttir um að fresta sölu eignarinnar í stuttan tíma.

Uppboðsbeiðendur taka eigi til greina að svo stöddu mótmæli Stefáns G. Stefánssonar.

Sala á eigninni fer fram eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara."

Kaupsamningur, sem lagður var fram í ljósriti í þinghaldi þessu, er dagsettur 30. september 1982 og samkvæmt honum selja Guðmundur Halldórsson og Sigrún Sigurðardóttir Þ. Stefánssyni & Co. einbýlishúsið Norðurvang 32 í Hafnarfirði. Skyldi eignin laus til afnota þá strax og afsal gefið út eigi síðar en 25. janúar 1983.

Samkvæmt ljósriti tilkynningar til firmaskrár 5. maí 1981, sem liggur fyrir í málinu, er fyrirtækið „Þ. Stefánsson" sameign áfrýjenda Stefáns G. Stefánssonar og Þórodds Stefánssonar og er hinn síðarnefndi prókúruhafi fyrirtækisins.

Uppboðsmál þetta var síðan tekið fyrir í skrifstofu uppboðshaldarans 27. mars, 22. maí og 26. júní 1985. Í öll skiptin mætti einn aðili fyrir uppboðsbeiðendur en enginn af hálfu uppboðsþola. Í síðastgreinda þinghaldinu var frestur veittur til 25. september 1985. Þann dag var uppboðsþing sett að Norðurvangi 32 og fyrir tekið að „selja á nauðungaruppboði öðru og síðasta fasteignina nr. 32 við Norðurvang í Hafnarfirði, helming eignarinnar, sem er talin óskipt sameign Stefáns Stefánssonar og Þórodds Stefánssonar, uppboðið nær til engarhl. Þóroddar Stefánssonar." Mætt var af hálfu Iðnaðarbanka Íslands hf. og Gjaldheimtunnar í Reykjavík og af hálfu uppboðsþola. Lögmaður uppboðsþola og sameiganda hans óskaði eftir fresti með tilvísun til bréfs Bergs Guðnasonar hdl., þar sem fram kemur að lögmaðurinn hafði tekið að sér að telja fram til skatts fyrir áfrýjanda Þórodd, sem ekki hafði talið fram í nokkur ár. Var samþykkt að veita frest til jánúarmánaðar, en umboðsmaður Gjaldheimtunnar í Reykjavík kvaðst líta svo á að hér væri um lokafrest að ræða.

Enn var málið tekið fyrir 8. janúar 1986 að Norðurvangi 32 en

auglýsing hafði birst í DV 4. sama mánaðar um annað og síðasta uppboð. Er bókað í upphafi að fyrir sér tekið að „selja á nauðungaruppboði öðru og síðasta fasteignina Norðurvang 32, Hafnarfirði, sem er þingl. eign Guðmundar Halldórssonar". Mætt var af hálfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, Iðnaðarbanka Íslands hf., Veðdeildar Landsbanka Íslands, svo og af hálfu áfrýjenda. Lagðar voru m.a. fram í þinghaldinu nýjar uppboðsbeiðnir Veðdeildar Landsbanka Íslands, Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Sambands íslenskra samvinnufélaga, bæjarfógetans í Kópavogi og Alþýðubankans hf. Umboðsmaður áfrýjenda kvaðst mótmæla framlagningu nýrra skjala og óskaði eftir 4ra vikna fresti til að kynna sér efni þeirra, þar sem hann hefði ekki haft tök á að kynna sér þau. Var frestur veittur „eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara og verður uppboðsbeiðendum og uppboðsþolum tilkynnt um stað og stund fyrir næstu fyrirtöku málsins".

Málið var síðan tekið fyrir 17. febrúar 1986 í bifreiðinni G-4711 fyrir utan húsið Norðurvang 32. Var bókað í upphafi að fyrir væri tekið að „selja á nauðungaruppboði öðru og síðasta fasteignina nr. 32 við Norðurvang, Hafnarfirði, sem er þingl. eign Guðmundar Halldórssonar". Voru lögð fram ný skjöl, uppboðsbeiðni Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, lögtaksendurrit, 9 sölutilkynningar, þar á meðal til áfrýjanda Þórodds, nýtt veðbókarvottorð og afrit auglýsingar, sem birtist í DV 15. sama mánaðar, svohljóðandi: „NAUÐUNGARUPPBOÐ annað og síðasta á eigninni Norðurvangur 32 (að hálfu), Hafnarfirði, talin eign Þóroddar Stefánssonar, fer fram á eigninni sjálfri mánudaginn 17. febrúar 1986, kl. 15.30." Mættir voru umboðsmenn Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, fjármálaráðuneytis, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Veðdeildar Landsbanka Íslands.

Var síðan bókað: „Uppboðsþoli er ekki mættur og enginn af hans hálfu, eignin sem selja á er læst og virðist enginn vera heima.

Viðstaddir umboðsmenn uppboðsbeiðenda krefjast þess að sala á eigninni fari fram hér og nú.

Snorri Olsen lögfræðingur óskar bókað að engin sönnun sé fyrir hendi um það, að eignin sem hér ræðir um, þ.e. Norðurvangur 32, Hafnarfirði, sé ekki nema að hálfu leyti eign gerðarþola Þórodds Stefánssonar.

Eftir að uppboðsskilmálar og veðbókarvottorð höfðu verið kynnt viðstöddum var leitað boðs í eignina og kom aðeins eitt boð fram, frá Snorra Olsen, lögfræðingi v/fjármálaráðuneytisins, kr. 900 þúsund, og krefst hann þess að eignin verði lögð út umbjóðanda hans fjármálaráðuneytinu sem ófullnægðum veðhafa með venjulegum skilyrðum.

Uppboðshaldari getur þess að fyrra uppboð á eigninni hafi farið fram þ. 22. janúar 1985 og hafi þá hæsta boð í eignina verið kr. 500 þúsund og hafi átt boðið Bergur Guðnason, hdl.

Uppboðshaldari tekur sér frest í allt að 14 daga til athugunar á framkomnum boðum."

III.

Svo sem áður er fram komið krafðist Brunabótafélag Íslands uppboðs á ofangreindri eign til lúkningar á ógreiddum brunabótaiðgjöldum að fjárhæð 1.498,10 krónur. Þá krafðist Bergur Guðnason hdl. f.h. Þorsteins Garðarssonar uppboðs á eigninni til lúkningar skuldar samtals að fjárhæð 2.333.953,00 krónur. Svo sem fram er komið átti hann hæsta boð í eignina á fyrra uppboðinu, 22. janúar 1985.

Eigi verður séð af gögnum málsins að ofangreindir tveir kröfuhafar hafi afturkallað beiðnir sínar. Eru þeir því aðilar uppboðsins í héraði, sbr. 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949. Efnisdómur í Hæstarétti um uppboðið myndi og binda þá. Þeim hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, bæjarfógetanum í Kópavogi, bæjarfógetanum í Hafnarfirði og Landsbanka Íslands málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Áfrýjendur skutu uppboðsmáli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1986, en sú málssókn féll niður 1. apríl 1987 vegna útivistar áfrýjenda. Dómsgerðir voru staðfestar 4. mars 1986, áður en áfrýjunarstefna var tekin út fyrra sinni. Ágrip dómsgerða bárust Hæstarétti fyrst 2. nóvember 1987, og hefur dráttur á undirbúningi þessa máls fyrir Hæstarétti ekki verið réttlættur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti sjálfkrafa.

Áfrýjendur, Stefán G. Stefánsson, Þóróddur Stefánsson og Þ. Stefánsson & Co., greiði in solidum stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík 35.000,00 krónur, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, bæjarfógetanum í Kópavogi og bæjarfógetanum í Hafnarfirði samtals 35.000,00 krónur og Landsbanka Íslands 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. desember 1988.

Nr. 262/1988. **Akæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Haraldi Sverrissyni
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, en þyngingar refsingar og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða. Þegar litið er til sakaferils ákærða, sem ekki hefur sætt refsingu fyrr en nú eftir að hann var sviptur ökuleyfi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 20 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Sverrisson, greiði 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 20 daga verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðnýjar Höskuldsdóttur hæstaréttarlögmanns, 20.00,00 krónur.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 5. júlí 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 5. júlí er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 3046/1987 og 780 og 963/1988: Ákæruvaldið gegn Haraldi Sverrissyni.

Mál þetta er höfðað með tveimur ákæruskjölum dags. 10. júní og 16. júní sl. á hendur Haraldi Sverrissyni, Hulduhólum, Mosfellsbæ, fæddum 14. desember 1961 í Reykjavík.

I.

Fyrir að aka sunnudaginn 8. nóvember 1987, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Y-1004 frá heimili sínu, um götur þar í bænum og aftur að heimili sínu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II.

„Fyrir að aka bifreiðinni G-25724, þrisvar sinnum á árinu 1988, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Mánudaginn 18. janúar, frá heimili sínu að Hlíðarenda við Vatnsmýrarveg í Reykjavík. Á bifreiðinni voru þá ranglega skráningarnúmerin G-25742.

2) Þriðjudaginn 19. janúar, sömu leið og með sömu skráningarnúmerum og að auki frá Grensásvegi í Reykjavík að Hlíðarenda.

3) Föstudaginn 18. mars, frá Reykjavík áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Vesturlandsvegi á móts við Keldnaholt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

— — —

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1980 11/11 í Kjósarsýslu. Sátt: 35.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 1 mánuð frá 21.10. '80.

1987 25/11 í Kjósarsýslu. Sátt: 16.000,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 16.10. 1987.

Málavextir.

I.

1) Sunnudaginn 8. nóvember 1987 kl. 14:00 voru lögreglumenn í eftirlitsferð á Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ. Þeir veittu athygli bifreiðinni Y-1004, þar sem henni var ekið vestur Vesturlandsveg. Lögreglumenn veittu bifreiðinni eftirför, því að þá grunaði að ökumaður bifreiðarinnar væri sviptur ökuleyfi. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu, Haraldur Sverrisson. Lögreglumennirnir ræddu við hann, þar sem hann stöðvaði bifreiðina við heimili sitt. Hann viðurkenndi strax að vera sviptur ökuleyfinu og kvaðst hann hafa freistast til að aka ungri dóttur sinni í sælgætisverslun sem er skammt frá heimili þeirra. Kvaðst hann vera að koma þaðan. Samkvæmt skrá lögreglunnar var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða 16. október 1987.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1987 var tekin skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði vegna máls þessa. Hann játaði þar brot sitt og kannaðist við að skýrsla lögreglu, sem rakin var hér á undan, væri rétt.

II.

1-2) Þriðjudaginn 19. janúar 1988 kl. 11:15 höfðu lögreglumenn í Reykjavík tal af ákærða, þar sem hann stöðvaði bifreiðina G-25742 við Hlíðarenda, íþróttahús Vals í Reykjavík. Ákærði viðurkenndi fyrir lögreglumönnum að vera sviptur ökuréttindum. Hann sagði þeim að hann hefði nú þurft að fara á áríðandi fund og þess vegna hefði hann ekið bifreiðinni. Þá viðurkenndi ákærði samkvæmt skýrslu lögreglunnar að hafa undanfarið ekið bifreiðinni nokkuð, m.a. að hafa komið á henni til vinnu síðustu tvo daga. Lögreglumenn færðu ákærða á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar fyrir rannsóknarlögreglumann sem tók skýrslu af ákærða. Ákærði játaði þar að hafa verið réttindalaus. Hann kvaðst hafa verið sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 16. október 1987 að telja. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Grensásvegi er hann var stöðvaður og kvaðst hafa verið á leið að félagsheimili Vals við Hlíðarenda. Þá sagði ákærði í skýrslu þessari að hann hefði ekið þó nokkuð frá því að hann var sviptur ökuréttindum. Hann játaði að hafa ekið til vinnu sinnar þennan morgun

og þá einnig daginn áður. Þá sagði ákærði einnig í skýrslu þessari að hann myndi afleggja allan akstur, þar til hann hefði öðlast ökuréttindi á ný.

3) Föstudaginn 18. mars 1988 kl. 19:55 stöðvuðu lögreglumenn bifreiðina G-25724, þar sem henni var ekið norður Vesturlandsveg á móts við Keldnaholt. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu. Lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á móts við Blikastaði. Þeir höfðu tal af ákærða. Hann gaf þeim upp nafn sitt og kvaðst vera að koma frá Valsheimilinu í Reykjavík og vera á heimleið. Þá viðurkenndi hann að vera sviptur ökuleyfi. Ákærði gaf skýrslu út af máli þessu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 29. mars 1988. Þar játaði hann brot sitt.

Allar skýrslur, sem ákærði hefur gefið hjá lögreglu og raktar hafa verið hér að framan, staðfesti ákærði hér fyrir dómi hinn 28. júní sl., kvað þær réttar og kannaðist við undirskriftir sínar undir skýrslurnar.

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, skýrslum lögreglu og öðrum gögnum málsins telst fullsannað að ákærði hafi framið þau brot sem honum eru að sök gefin í ákæruskjölum, og teljast þau þar rétt færð til refsiákvæða.

Með hliðsjón af því að dómssátt var gerð við ákærða hér í sakadóminum 25. nóvember 1987 en fyrsta brotið sem hann er ákærður fyrir í þessu máli er framið 8. nóvember það ár, ber að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 við ákvörðun refsingar í máli þessu, svo og 77. gr. sömu laga.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Sverrisson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. desember 1988.

Nr. 296/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Svavarssyni
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 12. ágúst sl. og af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingar og lengingar á ökuleyfissviptingu.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu og málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Þegar atvik málsins gerðust voru tveir lögreglumenn við radarmælingar á Kringlumýrarbraut. Ákærði ók norður brautina í átt til þeirra. Segja lögreglumennirnir að bifreið ákærða hafi mest náð 108 km hraða miðað við klst. Þeim tókst ekki að stöðva radartækið í þeirri stöðu. Er varhugavert að telja sannað að ákærði hafi ekið svo hratt. Samkvæmt framburði lögreglumannanna að öðru leyti þykir þó, samkvæmt 110. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nægilega fram komið að ákærði hafi ekið yfir lögleyfðum hraða, enda hefur ekkert komið fram í málinu sem veikir skýrslur þeirra í verulegum atriðum. Ber því með tilvísun til raka hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann.

Það þykir athugavert að skipuðum verjanda var ekki tilkynnt um þinghald í málinu 19. desember 1987.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðnýjar Höskuldsdóttur hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 9. júní 1988.

Mál þetta sem dómtekið var þann 31. maí sl. er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dags. 4. nóvember 1987 „á hendur Jóni Svavarssyni rafeindavirkjameistara, Hlíðarvegi 22, Kópavogi, fæddum 3. ágúst 1956 í Reykjavík, fyrir að aka sunnudaginn 20. september 1987 bifreiðinni R-3231 á allt að 108 km hraða miðað við klukkustund á Kringlumýrarbraut, er ákærði ók í norður á vegarkaflanum frá Nesti í Fossvogi að Fossvogsvegi, þar sem lögreglan mældi hraða ákærða með ratsjá, en þar er leyfilegur hámarkshraði 60 km.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 16, 1977, 3. og 4. mgr. 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. breytingu á henni nr. 318, 1977.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir að sunnudaginn 20. september 1987 ók ákærði bifreiðinni R-3231 norður Kringlumýrarbraut en hann var að koma úr Kópavogi. Lögreglumenn voru í lögreglubifreið sem stóð við Fossvogsveg en samkvæmt framburðum þeirra, lögregluskýrslum og færslu í dagbók mældist hraði á bifreið ákærða með ratsjá 108 km á klukkustund. Lögreglan veitti ákærða eftirför á Bústaðaveg og stöðvaði akstur hans á móts við hús Veðurstofu Íslands.

Ákærði, Jón Svavarsson, hefur skýrt svo frá að hann hafi ekið úr Kópavogi og verið á hægri akrein á Kringlumýrarbraut þar til sú akrein verður að miðakrein en afrennslisbrautin frá Kringlumýrarbraut verður hægri akrein. Bifreið sem ekið hafi verið á undan ákærða hafi hægt á sér og því hafi hann fært sig yfir á hægri akrein skömmu áður en hann kom að Fossvogsveginum á að giska 100 til 200 m áður eða skömmu eftir að hann ók framhjá Nesti. Vörubifreið og strætisvagn hafi ekið á undan og einnig aðrar bifreiðar. Næsta bifreið á undan bifreið ákærða á hægri akrein hafi verið töluvert langt á undan. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli en taldi að bifreiðum á akrein lengst til vinstri hafi verið ekið með meiri hraða en ákærði ók sjálfur á. Ökuhraðinn hafi verið minni en venjulega

þar sem blautt var og rigning eða súld. Hann sagði að lögreglubifreiðin hafi komið í ljós eftir að hann skipti um akrein en hún hafi verið á bak við skjólbelti. Hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli að lögreglubifreiðinni var ekið á eftir honum fyrr en lögreglan stöðvaði akstur hans við Veðurstofuhúsið. Þá hafi lögreglumaðurinn sagt að hann hafi ekið á 106 eða 108 km hraða á klukkustund og þetta hafi hann endurtekið eftir að ákærði var kominn inn í lögreglubifreiðina. Þá hafi radarskermur sýnt töluna 46.

Vitnið Jónbjörn Bogason lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá að hann hafi setið í ökumannssætinu í lögreglubifreiðinni þegar mæling fór fram og hafi hann haft gott útsýni yfir akbrautina. Hann kvaðst hafa séð töluna 108 á radarskermi en fljótlega hafi síðan birst talan 106. Hann kveðst hafa litið eftir umferð um Kringlumýrarbrautina og séð hvíta leigubifreið aka á miðakrein. Nokkrum sekúndum síðar hafi þeirri bifreið verið ekið yfir á hægri akrein og þannig fram úr bifreið sem ekið var á miðakrein. Hann sagði að bifreið ákærða hafi blasað við og hafi henni sýnilega verið ekið hratt, mun hraðar en öðrum bifreiðum sem þarna voru á ferð. Vörubifreið eða flutningabifreið hafi verið ekið þarna töluvert áður en ákærði ók þarna um. Hann kvaðst hafa veitt bifreið ákærða eftirför á Bústaðaveg þar sem hann stöðvaði aksturinn en vitnið taldi alveg víst að þetta hafi verið sama bifreið og mældist á 108 km hraða áður en þetta hafi verið eina leigubifreiðin sem þarna var. Ratsjáin hafi verið prófuð fyrir og eftir mælingu og hafi prófanir sýnt að hún mældi rétt.

Vitnið Björn Ægir Hjörleifsson lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá að hann hafi séð bifreið ákærða á Kringlumýrarbraut og hafi henni verið ekið mjög hratt og fram úr nokkrum bifreiðum með því að skipt var á milli akreina. Mæling hafi farið fram skömmu áður en bifreið ákærða kom að gatnamótum við Fossvogsveg og hafi bifreiðin verið á hægri akrein. Hann kvaðst hafa séð töluna 106 á radarskermi en síðan hafi hún hækkað í 108 en hann kvaðst muna vel að skermur hafi sýnt báðar þessar tölur. Ekki hafi verið nokkur vafi á því að mæling hafi átt við bifreið ákærða en henni hafi verið ekið mun hraðar en öðrum bifreiðum sem þarna óku. Langferðabifreið hafi verið ekið þarna um nokkru áður og útilokað væri að sú bifreið hafi truflað mælingu. Umferð hafi verið nokkur en útsýni yfir Kringlumýrarbrautina hafi verið gott og aðstæður góðar til að fylgjast með umferð og akstri ákærða, en hann hafi greinilega ekið mun hraðar en aðrir. Ákærða hafi verið veitt eftirför á Bústaðaveg þar sem akstur hans var stöðvaður.

Ákærði hefur lagt fram ljósmyndir af vettvangi. Þá hefur rannsóknardeild lögreglunnar í Kópavogi gert ljósmyndir að beiðni dómarans. Dómarinn hefur gengið á vettvang og skoðað aðstæður gaumgæfilega.

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn og eru gerðar þær

kröfur að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, verði lagður á ríkissjóð.

Ákærði mótmælir því að hafa ekið á þeim hraða sem hann er ákærður fyrir að hafa ekið á en allnokkur umferð hafi verið norður eftir Kringlumýrarbraut þegar þetta var. Verulegar líkur væru á því að lögreglumennirnir hafi mælt hraða annarrar eða annarra bifreiða enda hafi bifreiðar á vinstri akrein ekið hraðar en ákærði að hans eigin sögn.

Þann 20. september 1987 var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík. Ákærði gerði þá kröfu fyrir dómi að sviptingin yrði felld úr gildi og var það gert með úrskurði upp kveðnum þann 25. september s.á.

Niðurstöður.

Með vísan til lögregluskýrslna, svo og framburða lögreglumannanna fyrir dómi, þar sem fram kemur að þeir fylgdust með akstri ákærða er hann ók norður Kringlumýrarbraut að Fossvogsvegi, sáu hann aka með miklum hraða og mældu akstursbraðann með ratsjá, þykir sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá sem honum er að sök gefin í ákæruskjali en ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem bendir til að ekki hafi verið rétt að mælingu staðið. Þykir brot ákærða varða við 37. gr. sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987 sbr. þágildandi 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. lög nr. 16/1977 og nr. 54/1976 og 4. mgr. 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 sbr. breytingu á henni nr. 318/1977.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1973 21/3 í Reykjavík: Sátt: 1.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1976 8/6 í Reykjavík: Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 18. gr. sbr. 80. gr. umfl.

1976 29/6 í Reykjavík: Sátt: 8.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. sbr. 80. gr. umfl. sbr. l. 54/1976.

1976 4/11 í Reykjavík: Sátt: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 8.9. 1976.

1978 10/5 í Reykjavík: Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

1987 20/2 í Kópavogi. Dómur: 16.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr., 3. mgr. 47. gr. og 3. mgr., stafl. a og c 49. gr. umfl.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með vísan til þess refsilagaákvæðis sem sakfellt er fyrir sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 10.000,00 og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber svo sem krafist er í ákæru og með vísan til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 81. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 að svipta ákærða ökuréttindum og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 1 mánuður frá birtingu dómsins að telja en ákærði sætti sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða í 5 daga og dregst sá tími frá sviptingartímanum sbr. 2. mgr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns Klemensar Eggertssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 18.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Svavarsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 10.000,00 og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 mánuð að frádregnum 5 dögum frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Klemensar Eggertssonar hdl. að fjárhæð kr. 18.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. desember 1988.

Nr. 239/1987. **Sigurður Ármann Sigurjónsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
umsjónarnefnd leigubifreiða
samgönguráðherra
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
og til réttargæslu lögreglustjóranum
í Reykjavík

Stjórnarskrá. Atvinnuleyfi. Leigubifreiðar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari, Gunnar G. Schram prófessor og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1987. Hann gerir þær dómkröfur á hendur stefndu, umsjónarnefnd leigubifreiða og samgönguráðherra, að felld verði úr gildi með dómi sú ákvörðun umsjónarnefndarinnar, sem tilkynnt var áfrýjanda hinn 30. júní 1986 og staðfest var af samgönguráðherra 17. júlí 1986, að svipta áfrýjanda leyfi til aksturs leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík og nágrenni. Þá krefst hann málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann gerir engar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

Réttargæslustefndi hefur ekki sótt þing.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð umsókn áfrýjanda um atvinnuleyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga frá bifreiðastöð í Reykjavík. Umsóknin er dagsett 26. september 1984 og rituð á þar til gert eyðublað og samkvæmt hinum prentaða texta þess stíluð til bifreiðastjórafélagsins Frama. Þar kemur fram, að umsækjandi hafði til þess tíma ekið allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í rúmlega 7 ár, síðast frá 1. janúar 1982 á Bifreiðastöð Steindórs sf. Á eyðublaðinu er svofelld yfirlýsing: „Verði mér veitt

atvinnuleyfi, þá skuldbind ég mig til að hafa akstur bifreiðar minnar að fullu starfi. Jafnframt skuldbind ég mig til að fara í öllu samkvæmt ákvæðum tilgreindrar reglugerðar, eins og hún er á hverjum tíma, og er mér ljóst, að brot á reglugerðinni af minni hálfu getur varðað sviptingu atvinnuleyfisins um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Jafnframt geri ég mér ljóst, að við inngöngu í Bifreiðastjórafélagið Frama ber mér að greiða til félagsins greiðslur samkvæmt lögum þess og samþykktum." Ennfremur hefur verið lagt fyrir Hæstarétt atvinnuleyfi áfrýjanda nr. 1210 útgefið 24. október 1984 af úthlutunarmönnum atvinnuleyfa. Þar segir: „Atvinnuleyfi þetta er gefið út samkvæmt reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa og heimilar leyfishafa að hafa eina allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í afgreiðslu í Reykjavík hjá fólksflutningabifreiðastöð, sem bæjarstjórn hefir viðurkennt. Gerist leyfishafi brotlegur við greinda reglugerð, eins og hún er á hverjum tíma, þá er úthlutunarmönnum heimilt að afturkalla atvinnuleyfið um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef um ítrekað brot er að ræða."

Ágreiningslaust er, að þetta atvinnuleyfi áfrýjanda hafi verið gefið út samkvæmt reglugerð nr. 320/1983 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

Sama dag og atvinnuleyfið var gefið út undirritaði áfrýjandi yfirlýsingu þá, sem rakin er í héraðsdómi. Í bréfi, sem hann ritaði formanni Bifreiðastjórafélagsins Frama 14. febrúar 1986 í framhaldi af tilkynningu félagsins til hans 5. s.m. um fyrirhugað afgreiðslubann vegna vanskila hans á félagsgjaldi, segir m.a.: „Þér er kunnug afstaða mín til hagsmunafélagsins Frama og að það er ekki vilji minn að vera félagsbundinn í slíku félagi sem FRAMI er. Og neita ég alfarið að þurfa öllu lengur að sætta mig við þá kúgun að greiða félagsgjöld til þín eða að vera innan félagsins. Ástæða þess að ég tók við „atvinnuleyfi" án þess að tryggja félagsréttarstöðu mína áður eru þær að ég treysti mér ekki fjárhagslega á því augnabliki að standa að þeim aðgerðum sem þurft hefðu, en eins og þú veist, þá hefði slíkt haft það í för með sér að ég hefði ekki fengið „atvinnuleyfið" fyrr en að undangengnum dómi og það eru eðlileg viðbrögð að reyna eftir fremsta megni að forðast langdregin málaferli. Það voru líka ástæður þess að ég greiddi félagsgjöld til Frama til ágústmánaðar 1985. ..."

Málavextir eru raktir í forendum hins áfrýjaða dóms og þar gerð grein fyrir helstu málsástæðum og lagarökum málsaðila.

I.

Í máli þessu reynir á túlkun 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands 17. júní 1944, sem hljóðar svo:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp."

Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er óbreytt að efni frá Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 55. gr., og tekið þangað úr grundvallarlögum Danmerkur 5. júní 1849, 92. gr. Verður við túlkun ákvæðisins að líta til forsögu þess og tilgangs, er það var sett, en hann var fyrst og fremst sá að tryggja rétt þegnanna til að stofna félög án þess að afla til þess leyfis stjórnvalda fyrirfram. Ákvæðinu var aðeins ætlað að tryggja félagsstofnunina sem slíka en ekki rétt manna til að standa utan félaga.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að ósamræmi sé milli 73. gr. stjórnarskrárinnar og þeirra ákvæða alþjóðasamþykkta, er hann vísar til og rakin eru í héraðsdómi, og myndi enda ekki sjálkrafa hagga settum stjórnarskrárákvæðum. Verður ekki fallist á þá skoðun áfrýjanda, að efni standi nú til að skýra þessa grein stjórnarskrárinnar svo, að hún mæli fyrir um rétt manna til að neita að ganga í félag eða að vera félagi. Af þessu stjórnarskrárákvæði verður heldur ekki dregin sú ályktun, að óheimilt sé að gera félagsaðild að skilyrði atvinnuleyfis.

II.

Kemur þá til athugunar, hvort heimilt hafi verið að setja að skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis til áfrýjanda að hann gengi í Bifreiðastjórafélagið Frama. Í þessu efni vitnar áfrýjandi til 69. gr. stjórnarskrárinnar, sem hljóðar svo:

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til."

Með dómi Hæstaréttar 18. desember 1964 í málinu nr. 178/1964 var því slegið föstu, að almenni löggjafinn hefði metið ráðstafanir

um takmarkanir á leigubifreiðum til almenningsheilla og yrði ekki haggað við því mati.

Samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar þarf lagaboð til að leggja bönd á atvinnufrelsi manna. Með orðinu „lagaboð" er átt við sett lög frá Alþingi. Reglugerðarákvæði nægja ekki ein sér. Lagaákvæði er takmarka mannréttindi verða að vera ótvíræð. Sé svo ekki, ber að túlka þau einstaklingi í hag, því að mannréttindaákvæði eru sett til verndar einstaklingum en ekki stjórnvöldum.

Með 1. gr. laga nr. 23/1953 um leigubifreiðar í kaupstöðum var lögfest heimild til bæjarstjórnar að ákveða, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem hlotið hafi viðurkenningu bæjarstjórnarinnar. Enn fremur var bæjarstjórn Reykjavíkur heimilað að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og samþykki samgönguráðuneytisins, sem setja átti með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun. Með lögum nr. 25/1955 var 1. gr. laganna breytt á þá leið, að samgönguráðuneytinu væri enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar, að takmarka fjölda leigubifreiða í tilteknum kaupstöðum, hvort heldur væri fólks- eða vörubifreiða. Síðan sagði: „Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi." Þá var það nýmæli sett í 2. gr. laganna, að leyfi til leigubifreiðaaksturs samkvæmt þeim mætti einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgönguráðherra setti „að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags". Með lögum nr. 24/1957 var lögunum aftur breytt og nú heimilað að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, og þau þannig breytt endurútgefin sem lög nr. 40/1957 um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum. Með lögum nr. 29/1958 var refsiákvæði bætt í lögin og með lögum nr. 52/1965 gerð á þeim breyting, er varðar vörubifreiðar. Þannig breytt voru lögin endurútgefin sem lög nr. 1/1966 um leigubifreiðar. Enn var gerð breyting á þessari löggjöf með lögum nr. 22/1967. Má nú einnig takmarka fjölda leigubifreiða í „þeim kauptúnum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri", og hrepps-

nefndir ákveða, „að allar leigubifreiðar til fólksflutninga hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi fólksbifreiðarstjóra". Frá öndverðu hefur stéttarfélagi leigubifreiðarstjóra þannig verið ætlað nokkurt hlutverk í þessari löggjöf og strax við setningu laga nr. 25/1955 var sett ákvæði til verndar atvinnuréttindum þeirra, sem voru „fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi". Sambærilegt ákvæði er nú í 8. gr. laga nr. 36/1970, sem er svohljóðandi:

„Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt, sbr. 2. gr., 4. gr. og 6. gr., er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þá er takmörkunin hefst."

Af efni þessarar lagagreinar er ljóst, að henni er einungis ætlað að gilda við úthlutun atvinnuleyfa, þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt, og tryggja þá forgangsrétt þeirra, sem fullnægja skilyrðum greinarinnar, til atvinnuleyfis. Í greininni er ekki mælt fyrir um skyldu atvinnuleyfishafa til að vera í stéttarfélagi né að einungis megi veita meðlimum stéttarfélags bifreiðarstjóra atvinnuleyfi. Slíkt ákvæði er ekki að finna annars staðar í þessum lögum, þó að stéttarfélags sé þar hins vegar víða getið, svo sem að framan er rakið.

Samkvæmt þessu brast lagaheimild til að ákveða með reglugerð, að þátttaka í stéttarfélagi skuli vera skilyrði atvinnuleyfis. Brestur þannig lagaheimild til þess að skylda áfrýjanda gegn vilja sínum til að vera félagi í Bifreiðastjórafélaginu Frama. Var því óheimilt að svipta hann atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, svo sem gert var, er hann hætti að greiða félagsgjöld og sagði sig úr félaginu.

III.

Ekki hafa verið sannaðar neinar þær ávirðingar áfrýjanda, er réttlæti að hann verði sviptur atvinnuleyfi sínu af þeim sökum.

IV.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka dómkröfur áfrýjanda til greina og fella úr gildi þá ákvörðun umsjónarnefndar leigubifreiða, sem tilkynnt var áfrýjanda hinn 30. júní 1986 og

staðfest var af samgönguráðherra 17. júlí 1986, að innkalla leyfi áfrýjanda til aksturs leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000,00 krónur.

Dómsorð:

Framangreind ákvörðun stefnda, umsjónarnefndar leigubifreiða, frá 30. júní 1986, sem staðfest var af stefnda, samgönguráðherra, 17. júlí 1986, um innköllun atvinnuleyfis áfrýjanda, Sigurðar Ármanns Sigurjónssonar, er ógild.

Stefndu, umsjónarnefnd leigubifreiða og samgönguráðherra, greiði áfrýjanda óskipt 200.000,00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara, Haralds Henryssonar setts hæstaréttardómara og Sigurðar Reynis Péturssonar hæstaréttarlögmanns.

Við erum sammála atkvæði meirihluta dómenda varðandi málavaxtalýsingu, svo og úrlausn hans í I. kafla atkvæðisins. Hins vegar erum við ósammála þeirri niðurstöðu meirihlutans að lagaheimild hafi brostið til að ákveða með reglugerð að þátttaka í stéttarfélagi leigubifreiðarstjóra skuli vera skilyrði atvinnuleyfis.

Í samræmi við 10. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar setti samgönguráðuneytið á árinu 1983 reglugerð um framkvæmd laganna, nánar tiltekið reglugerð nr. 320/1983. Í 8. gr., 1. mgr. reglugerðarinnar sagði: „Óheimilt er að veita bifreiðarstjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sæki um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Frama.“ Óbreytt ákvæði er nú að finna í 8. gr. reglugerðar nr. 293/1985. Á gildistíma reglugerðar nr. 320/1983 sótti áfrýjandi um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Frama í samræmi við greint ákvæði reglugerðarinnar og var upptaka hans í félagið samþykkt.

Lög um leigubifreiðar nr. 36/1970 eru heimildarlög um takmörkun atvinnufrelsis á sviði fólks- og vöruflutninga, til þess sett

að takmarka fjölda bifreiðastjóra í viðkomandi starfsgreinum og á því byggð að almannaheill krefjist slíkrar takmörkunar sbr. dóm Hæstaréttar, sem vitnað er til í atkvæði meirihlutans.

Frá því fyrstu lög voru sett um þessi efni, þ.e. lög nr. 23/1953, hefur stéttarfélögum bifreiðastjóra verið ætlað mikilvægt hlutverk við framkvæmd takmörkunarinnar. Í flestum greinum laga nr. 36/1970 er vísað til „hlutaðeigandi stéttarfélags" bifreiðastjóra. Verða þau vart skilin á annan veg en að við það sé miðað, að eitt félag bifreiðastjóra sinni þessu hlutverki á hverju svæði, er takmörkun tekur til. Í þessu sambandi má og vísa til dóms Hæstaréttar 7. desember 1982 þar sem fallist er á, að í lögum nr. 36/1970 felist, að bifreiðastjórafélagi sé fengið vald til að taka ákvörðun um atvinnuréttindi manna. Í 8. gr. laganna er ákvæði um að „óheimilt sé að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi þá er takmörkunin hefst". Er það ákvæði sótt í lög nr. 25/1955 efnislega óbreytt. Skýra verður lög þessi svo, að gert sé ráð fyrir, að allir þeir, sem atvinnuréttindi fá samkvæmt þeim eða reglugerðum samkvæmt þeim, skuli vera í „hlutaðeigandi stéttarfélagi". Er fráleitt að það hafi verið ætlun löggjafans að setja þeim bifreiðarstjórum, sem fyrir voru í stéttinni þegar takmörkun er sett, aðra kosti í þessum efnum en þeim sem síðar koma.

Við mat á því hvort umrætt reglugerðarákvæði um skylduaðild að Bifreiðastjórafélaginu Frama fái staðist kemur og að sjálfsögðu til athugunar hvort um óeðlilegt eða óvenjulegt ákvæði sé að ræða, hversu þungbært það sé viðkomandi aðilum og hvort það sé almennt og málefnalegt og gangi jafnt yfir alla. Verður ekki séð að neitt þessara atriða sé þess eðlis að skilyrði þetta fái ekki staðist og eru þess ýmis dæmi í lögum að félagsaðild sé gerð að skilyrði réttindanautnar. Að því er það varðar hvort Bifreiðastjórafélagið Frami falli undir „hlutaðeigandi stéttarfélag" í skilningi laganna um leigubifreiðar nr. 36/1970, þá teljum við svo vera og ekki skipti máli í því sambandi, hvort félagið telst launþegafélag eftir lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eða ekki, enda algeng málnotkun, að hugtakið „stéttarfélag" sé notað í mun rýmri merkingu en þar er gert.

Í reglugerð nr. 13/1956, 4. gr., sem sett var samkvæmt lögum

nr. 23/1953, sbr. lög nr. 25/1955, var það skilyrði sett, að óheimilt væri að veita leigubifreiðarstjóra atvinnuleyfi nema hann sæki um upptöku í viðkomandi stéttarfélag leigubifreiðarstjóra. Þetta skilyrði hefur alla tíð síðan verið í viðkomandi reglugerðum. Frá þeim tíma hefur Alþingi samtals gert fimm sinnum breytingar á löggjöf þessari. Vart þarf að draga í efa að löggjafarvaldinu hafi verið ljóst á þessu tímabili fyrirkomulag þessara mála og skilyrði fyrir veitingu leyfanna, sbr. 10. gr. laganna. Engar athugasemdir hafa komið fram eða tilraunir til að breyta fyrrnefndu skilyrði. Í greinargerð frumvarps til laga um breytingu á löggjöf þessari á árinu 1964 að því er varðar vörubifreiðarstjóra, sem hlaut samþykki og varð lög nr. 52/1965, sagði svo m.a.: „Það er grundvallarregla, sem víðast hvar hefur verið framfylgt, að allir vörubifreiðarstjórar í sömu sýslu skuli vera í einu og sama stéttarfélagi og sé sýslan öll vinnusvæði þeirra. Þar sem kaupstaður er staðsettur innan sýslunnar, er það venja, að vörubifreiðastjórarnir í sýslunni og kaupstaðnum séu saman í einu félagi, og er þá kaupstaðurinn og sýslan sameiginlegt vinnusvæði þeirra allra." Þótt hér sé fjallað um vörbifreiðar verður að ætla að sömu sjónarmið hafi gilt að því er varðar leigubifreiðar til fólksflutninga. Af öllu þessu verður ekki dregin önnur ályktun en sú að löggjafinn hafi talið skilyrðið í samræmi við lögin eins og þau voru hverju sinni.

Að framangreindu athuguðu teljum við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 320/1983 og nr. 293/1985 hafa næga lagastoð, og sé í fullu samræmi við tilgang löggjafans í þessu efni.

Svo sem fyrr segir gekk áfrýjandi í Bifreiðastjórafélagið Frama þegar hann sótti um atvinnuleyfi 26. september 1984. Telja verður að hann hafi sjálfur gengið úr félaginu og staðfest þá ákvörðun með bréfi sínu til formanns félagsins 14. febrúar 1986, enda þá hættur að greiða félagsgjöld. Eftir það uppfyllti hann ekki það skilyrði um félagsaðild, sem atvinnuleyfi hans var háð, og var heimilt að fella það úr gildi.

Aðrar málsástæður áfrýjanda þykja ekki þess eðlis að þær hnekki afturköllun atvinnuleyfis hans og vísast í því efni til raka hins áfrýjaða dóms. Ber því að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Fimmtudaginn 15. desember 1988.

Nr. 132/1987. **Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands**

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Umsjónarnefnd eftirlauna

(Hákon Árnason hrl.)

Aðildarhæfi. Greiðsluskylda lífeyrissjóða vegna eftirlauna aldraðra. Stjornarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu dagsettri 14. apríl 1987. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hélt áfrýjandi því fram, að stefnda geti ekki ein og óstudd verið aðili máls þessa. Hana skorti aðildarhæfi þar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hafi ekki staðið að málssókninni með stefndu. Beri því að vísa málinu frá héraðsdómi ex officio.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í svonefnda umsjónarnefnd eftirlauna, einn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Meginverkefni umsjónarnefndarinnar samkvæmt lögum nr. 97/1979 um eftirlaun aldraðra er útreikningur og ákvörðun lífeyris réttháfa ásamt útreikningi og fjárstjórn þess hluta tekna sjóðsins, sem rennur frá hlutaðeigandi lífeyrissjóðum, sbr. 24. og 25. gr. laganna. Lögin tiltaka ekki neinn annan aðila til innheimtu á framlögum lífeyrissjóðanna. Telja verður að nefndin sé stjórnvald með sérstakan lögfestan fjárhag og bær að vera í fyrirsvari að því er

framangreint varðar í lögskiptum og í dómsmáli sem þessu. Verður málinu því ekki sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi af þessari ástæðu.

Þá hélt áfrýjandi því fram í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti, að málsreifan stefnda í héraðsdómsstefnu og greinargerð hafi verið svo áfátt, að það eigi einnig að valda ómerkingu dómsins og frávísun málsins frá héraðsdómi ex officio.

Af gögnum málsins er ljóst, að kröfufjárhæð í héraðsdómsstefnu og greinargerð var ekki sundurliðuð svo sem þörf var á. Við þingfestingu málsins lagði stefnda hins vegar fram sundurliðun kröfunnar á sérstöku skjali með þeim hætti, að áfrýjandi gat gert sér grein fyrir henni, þegar hann ritaði greinargerð. Að svo vöxnu máli og þar sem áfrýjandi hefur lýst því yfir hér fyrir dómi að ekki sé tölulegur ágreiningur í málinu þá eru ekki efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm vegna vanreifunar í héraði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann, þó þannig að frá 1. desember 1988 til greiðsludags greiði áfrýjandi 24% ársvexti af hinni tildæmdu fjárhæð.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefndu 175.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því að áfrýjandi, Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands, greiði stefndu, Umsjónarnefnd eftirlauna, 24% ársvexti frá 1. desember 1988 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefndu 175.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. febrúar sl., hefur Umsjónarnefnd eftirlauna (8975-6871), Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, höfðað með stefnu birtri 12. september sl. á hendur Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands (6088-9767), Lágmúla 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.016.531,00 ásamt: 4,75% dráttarvöxtum af kr. 117.950,00

frá 01.04.81 til 01.05.81, 4,5% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 01.05.81 til 01.09.81, 4,5% dráttarvöxtum af kr. 145.652,00 frá 01.09.81 til 20.04.82, 4% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 20.04.82 til 01.05.82, 4% dráttarvöxtum af kr. 308.752,00 frá 01.05.82 til 01.08.82, 4% dráttarvöxtum af kr. 328.647,00 frá 01.08.82 til 01.09.82, 4% dráttarvöxtum af kr. 431.220,00 frá 01.09.82 til 01.11.82, 5% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 01.11.82 til 01.04.83, 5% dráttarvöxtum af kr. 600.070,00 frá 01.04.83 til 01.08.83, 5% dráttarvöxtum af kr. 768.920,00 frá 01.08.83 til 01.09.83, 5% dráttarvöxtum af kr. 1.033.585,00 frá 01.09.83 til 20.10.83, 4,75% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 20.10.83 til 20.11.83, 4% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 20.11.83 til 20.12.83, 3,25% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 20.12.83 til 20.01.84, 2,5% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 20.01.84 til 01.04.84, 2,5% dráttarvöxtum af kr. 1.215.110,00 frá 01.04.84 til 01.08.84, 2,5% dráttarvöxtum af kr. 1.465.243,00 frá 01.08.84 til 01.09.84, 2,75% dráttarvöxtum af kr. 1.916.377,00 frá 01.09.84 til 01.02.85, 3,75% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 01.02.85 til 01.03.85, 4% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 01.03.85 til 01.04.85, 4% dráttarvöxtum af kr. 2.147.977,00 frá 01.04.85 til 01.06.85, 3,5% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá 01.06.85 til 01.08.85, 3,5% dráttarvöxtum af kr. 2.379.577,00 frá 01.08.85 til 01.09.85, 3,75% dráttarvöxtum á mán. af kr. 3.016.531,00 frá 01.09.85 til 01.03.86, 2,75% dráttarvöxtum á mán. af sömu fjárhæð frá 01.03.86 til 01.04.86, 2,25% dráttarvöxtum á mán. af sömu fjárhæð frá 01.04.86 til greiðsludags.

Í vaxtakröfu sinni hér að framan segir stefnandi að felist krafa um greiðslu vaxtavaxta, þ.e. áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól stefnukröfunnar einu sinni á ári. Krefst hann þess að dómurinn kveði á um það í dómsorði að tildæmdir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 01.09.1983.

Ennfremur er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að stefnufjárhæðin verði lækkuð í kr. 1.126.679,00 og vextir einungis dæmdir frá stefnubirtingardegi. Þá krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins og til vara að málskostnaður falli niður.

Til þrautavara krefst hann þess að höfuðstóll verði einungis ákveðinn kr. 1.225.548,00 og dráttarvextir einungis reiknaðir frá 01.04.83 og þá af kr. 168.850,00 og síðan stighækkandi.

Sátt var reynd án árangurs.

Í máli þessu er deilt um lögmæti álagningar gjalds skv. 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra, sbr. 4. gr. laga nr. 92/1982 og 9. gr. laga nr. 117/1984, sbr. nú 1. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 2/1985.

Ákvæðið hljóðaði svo upphaflega:

„Allir lífeyrissjóðir sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignaskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldaskyldum tekjum hvers sjóðfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs."

Stefnandi, Umsjónarnefnd eftirlauna, hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og áætlar og innheimtir framlög hvers lífeyrissjóðs samkvæmt lögum og reglugerðum settum með heimild í þeim. Í 17. gr. laganna kemur fram að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í nefndina, einn samkvæmt tilnefningu ASÍ, einn samkvæmt tilnefningu VSÍ og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Stefndi er einn þeirra sjóða sem fjármálaráðherra hefur viðurkennt samkvæmt lögum um tekju- og eignaskatt og ekki á aðild að samkomulagi því sem um getur í greindu ákvæði.

Nauðsynlegt þykir að rekja í stórum dráttum aðdraganda að setningu laga nr. 97/1979 um eftirlaun aldraðra, hvernig þeim hefur síðar verið breytt og hvernig þau hafa verið framkvæmd.

Í kjarasamningum árið 1969 á milli atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands var samið um aðild að lífeyrissjóðum frá ársbyrjun 1970. Af því tilefni stofnuðu verkalýðsfélög og sambönd þeirra til margra lífeyrissjóða. Í framhaldi af þessum samningum voru sett lög nr. 18/1970 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Náðu lögin til félaga í stéttarfélögum sem aðild áttu að ASÍ án tillits til þess hvort þeir hefðu greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs eða ekki. Lög þessi voru leyst af hólmi af lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Lög þessi náðu einnig til félaga í verkalýðsfélögum utan ASÍ, enda teldust þau verkalýðsfélög í skilningi 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar og hefðu komið á hjá sér skyldaðild að lífeyrissjóði. Eftirlaunagreiðslur skv. lögum þessum áttu að falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985 eða eftir 15 ár. Kostnaður við eftirlaunin skiptist þannig að 3/4 greiddust úr Atvinnuleysistryggingarsjóði en 1/4 úr ríkissjóði.

Breytingar voru gerðar á lögum nr. 63/1971 með lögum nr. 35/1976 og nr. 67/1977. Lutu breytingar þessar aðallega að því að auka réttindi félaga í verkalýðsfélögum með því m.a. að fjölga bótategundum, bæta verðbótaákvæði og kveða á um uppbót á lífeyri. Uppbótin var borin af viðeigandi lífeyrissjóðum með framlagi á 4% af iðgjaldatekjum í sameiginlegan sjóð.

Breytingar þessar voru afrakstur af kjarasamningum í febrúar 1976 og 22. júní 1977.

Skv. 12. gr. l. nr. 63/1971 skipaði ráðherra þrjá menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn skv. tilnefningu ASÍ, einn skv. tilnefningu VSÍ og formann án tilnefningar. Hlutverk nefndarinnar var að hafa yfirumsjón með úthlutun eftirlauna.

Greind lög nr. 63/1971 voru felld úr gildi með lögum nr. 97/1979 sem tóku gildi 1. janúar 1980, en heiti þeirra er lög um eftirlaun til aldraðra. Var frumvarp til laganna samið á grundvelli fyrirheita, sem ríkisstjórnin gaf í júní 1977 til að leysa ágreining atvinnurekenda og launþega. Aðalbreytingar laganna frá því sem áður var eru þær að lögin ná til miklu fleiri aldraðra en áður og nú er tekna vegna kostnaðarins aflað með nýjum hætti. Skv. lögunum frá 1979 eru felld niður skilyrði um aðild að stéttarfélagi og skylduaðild að lífeyrissjóði og skilyrðið um launatekjur fellt niður, en í stað sett skilyrði um atvinnutekjur. Ná því lögin ekki eingöngu til launþega heldur og til sjálfstætt starfandi manna sem hafa atvinnutekjur. Lögin ná þó ekki til allra landsmanna, heldur undanskildir fjölmennir hópar eins og til dæmis húsmæður og öryrkjar, svo og þeir sem eingöngu hafa eignatekjur.

Í meginatriðum má skipta lögunum í þrjá efnisflokka.

1. Eftirlaun til áldraðra í stéttarfélögum, en fé til greiðslu á kostnaði vegna þeirra kemur sem fyrr að 3/4 úr Atvinnuleysistryggingarsjóði og 1/4 úr ríkissjóði.
2. Uppbót á eftirlaun þeirra, er falla undir 1. lið hér að framan, en gjöld til greiðslu þeirra eru borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum, sem leggja fram 5% af iðgjaldatekjum sínum. Nægi þetta 5% fjárframlag ekki leggur hver sjóður fram það sem á kann að vanta vegna sinna félaga.
3. Eftirlaun til aldraðra sem ekki eru í þeim verkalýðsfélögum er falla undir I. kafla l. nr. 97/1979 og heyra ekki heldur undir l. nr. 101/1970 um lífeyrissjóð bænda. Fjár til að greiða þennan kostnað átti að afla með eftirtöldum hætti:
   a) 0,5% eftirlaunasjóðsgjald af launaskattsstofni eigin vinnu sjálfstætt starfandi manna.
   b) 5% af bókfærðum iðgjöldum allra lífeyrissjóða utan samkomulags atvinnurekenda og launþega frá 27.06. 1977.
   c) framlagi á eftirstöðvum frá ríkissjóði (40%), Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (30%) og Atvinnuleysistryggingarsjóði (30).

Að auki eru ákvæði í 25. gr. um sérstakar uppbætur á lífeyri skv. II. kafla laga um lífeyrissjóð bænda, en hluti tekna skv. 3 a)-c) hér að framan rennur til að greiða þessa sérstöku uppbót.

Ákvæði um Umsjónarnefnd eftirlauna eru í 17. gr. laganna og er hlut-

verk nefndarinnar þar skýrt á sama hátt og fyrr og hún mönnuð með sama hætti. Í 19. gr. segir að Tryggingastofnun ríkisins inni af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra og færi þær með tilteknum hætti. Þá er ráðherra heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að taka við umsóknum og annast afgreiðslu lífeyris skv. II. kafla laganna, þegar hlutaðeigandi á ekki aðild að lífeyrissjóði.

Engin ákvæði eru í lögunum sjálfum um reikningshald og endurskoðun, en í 25. gr. 2. mgr. er ráðherra heimilað að fengnum tillögum Umsjónarnefndar eftirlauna að kveða á um skilgreiningu iðgjalda og setja reglur um bókfærslu iðgjalda í því sambandi og um dráttarvexti af ógreiddum framlögum. Tryggingastofnun ríkisins hefur frá upphafi gert ársreikninga um rekstur umsjónarnefndar, sbr. nú 19. gr. laga nr. 2/1985, með sama hætti og stofnunin gerir ársreikninga þeirra lífeyrissjóða sem hún hefur afgreiðslu fyrir skv. 75. gr. almannatryggingalaga.

Fjárhagsáætlun um heildartekjur og gjöld hefur verið lögð fyrir nefndina til samþykktar hvert ár og áætlunin síðan send heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Undanfarin ár hefur áætlunin einnig verið send Tryggingastofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Ríkisendurskoðun, Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samkomulagssjóðir fá árlega yfirlit um jöfnun útgjalda til sérstakrar uppbótar samkvæmt I. kafla laganna, og aðrir sjóðir fá yfirlit um eigið framlag.

Lög nr. 97/1979 um eftirlaun aldraðra tóku gildi sem fyrr segir hinn 1. janúar 1980. Með lögunum nr. 52/1981, 3. gr., var fellt niður ákvæði um 0,5% af launaskattsstofni sjálfstæðra atvinnurekenda. Lögin tóku gildi 9. júní 1981 og hafði ákvæðið um innheimtu þessa þannig verið í gildi u.þ.b. 1½ ár án þess að því væri beitt. Þetta breytti engu um réttindi til lífeyris skv. II. kafla laganna. Allir rétthafar skv. II. kafla héldu óbreyttum réttindum til lífeyris og uppbótar.

Forsendur þess að fellt var niður ákvæðið um 0,5% gjald af launaskattsstofni sjálfstæðra atvinnurekenda voru þær að með lögum nr. 55/1980 breyttust aðstæður þannig að öllum sem atvinnutekjur höfðu var gert að skyldu að tryggja sér réttindi í lífeyrissjóði. Var þá talið að forsendan fyrir 0,5% gjaldinu væri fallin brott (sjá Alþt. 1980-1981, dálk 4276). Af hálfu fjármálaráðuneytisins var þá ekki talið svara kostnaði að hrinda í framkvæmd innheimtu fyrir þá mánuði sem liðu frá gildistöku laga nr. 97/1979 til gildistöku laga nr. 55/1980.

Nokkrar breytingar aðrar voru gerðar á lögunum nr. 97/1979 á næstu árum með eftirtöldum lögum: l. nr. 86/1980, l. nr. 52/1981, l. nr. 92/1982, en með þeim voru lögin framlengd frá árslokum 1982 til ársloka 1984, l. nr. 117/1984, sem framlengdu lögin til ársloka 1989, en lækkuðu skattinn,

sem hér um ræðir, í 4% árið 1985 og 3% 1986-1989. Lögin voru síðan endurútgefin í heild sem l. nr. 2/1985.

Þann 11. apríl 1980 sendi stefnandi bréf til stefnda og krafði stefnda um greiðslu á framlagi sjóðsins samkvæmt áðurnefndri 25. gr. laga nr. 97/1979, sem nefndinni reiknaðist vera gamlar kr. 4.922.300,00. Reikningur stefnanda byggðist á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 en þar stendur: „Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 2. og 3. lið 1. mgr. í byrjun hvers árs. Gjalddagi hins áætlaða framlags er 1. apríl en endanlegt uppgjör skal fara fram 1. júlí næsta ár á eftir. Ráðherra getur að fengnum tillögum Umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæðis þessarar greinar."

Ráðherra setti reglugerð með stoð í framangreindum lögum hinn 26. mars 1980 og var reglugerðin nr. 207 um framlög til eftirlauna aldraðra. Í 5. gr. reglugerðarinnar eru sambærileg ákvæði við 2. mgr. 25. gr. áðurnefndra laga, en þar segir: „Umsjónarnefnd eftirlauna skal í marsmánuði ár hvert 1980 til 1982 áætla iðgjaldatekjur lífeyrissjóða á árinu, sbr. 2.-4. gr. Áætlun iðgjaldatekna skal miða við tölur nýjasta ársreiknings eða yfirlit frá sjóðnum og breytingar á grundvallarlaunum, skv. 6. gr. laganna frá hlutaðeigandi reikningsári til gjaldársins. Grundvallarlaun gjaldársins skulu áætluð þannig að reiknað sé með óbreyttum launum frá mars til desember en síðan skal Umsjónarnefnd ákveða nauðsynlega viðbót við árstölu er þannig er fengin vegna óvissra launalækkana."

Áðurnefnt framlag stefnda var því reiknað út samkvæmt framansögðu og byggt á ársreikningum stefnda frá 1978 og miðað við bókfærð iðgjöld 1978 og síðan voru þau hækkuð í samræmi við hækkun á grundvallarlaunum samkvæmt 6. gr. laga nr. 97/1979, en það eru laun skv. 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Viðbót vegna áætlaðra launahækkana, það sem eftir var árs 1980, var reiknuð nema 6,5%. Samkvæmt áætlun þessari áttu iðgjaldatekjur stefnda að nema gömlum kr. 98.446.000,00 og framlag sjóðsins fundið með því að taka 5% af þeirri fjárhæð. Gjalddagar framlaganna skyldu vera 1. apríl ár hvert 1980 til 1982, samkvæmt 7. gr. áðurnefndrar reglugerðar. Heimilt skyldi þó lífeyrissjóðum að inna ársgreiðsluna af hendi í tveimur jöfnum hlutum.

Væri fyrri hlutinn ekki greiddur í síðasta lagi 30. apríl skyldu reiknast dráttarvextir af ársgreiðslunni í heild frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um heimild til töku dráttarvaxta af fasteignaveðskuldum. Væri fyrri hluti greiddur fyrir apríllok en síðari hluti ekki greiddur í síðasta lagi 31. júlí skyldu reiknast dráttarvextir á sama hátt af eftirstöðvum frá gjalddaga til greiðsludags. Í 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar

nr. 207 frá 1980 eru ákvæði um endanlegt uppgjör, en gert var ráð fyrir að endanlegt uppgjör fyrir árin 1980-1982, í stað áætlunar þeirrar sem um hefur verið getið, skyldi miðast við 1. júlí ár hvert 1981-1983. Mismunur á endanlegri niðurstöðu og áætlunarfjárhæð skyldi greiddur eigi síðar en 31. júlí, en dráttarvextir reiknast frá og með 1. ágúst.

Stefndi greiddi á árinu 1980 framlag í tveimur hlutum samtals að fjárhæð g.kr. 4.922.300,00 skv. áætlun stefnanda. Hann greiddi með fyrirvara. Stefndi höfðaði samt ekki endurkröfumál á hendur stefnanda. Það gerði aftur á móti Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands og endurkrafði þar sams konar framlög. Það mál var dæmt í bæjarþingi Reykjavíkur 02.04.82 og í Hæstarétti 29.06.84. Var á því byggt af hálfu Verkfræðingafélagsins að endurgreiðslukrafan ætti stoð í 67. gr. stjórnarskrárinnar og grundvallarreglum stjórnarskrárinnar um jafnrétti þegnanna, sem leiða mætti af 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Niðurstaða héraðsdóms, sem staðfest var í Hæstarétti, var sú að skattlagningin fengi samrýmst 67. gr. stjórnarskrárinnar og grundvallarreglum hennar um jafnræði þegnanna.

Í máli þessu innheimtir stefnandi áætluð framlög vegna áranna 1981-1985 og samkvæmt uppgjörum vegna áranna 1980-1984. Hann gerir eftirfarandi grein fyrir útreikningum sínum:

„Framangreindar greiðslur stefnda til stefnanda eru einu greiðslurnar sem stefndi hefur innt af hendi til stefnanda fram að þessu. Í samræmi við 5. mgr. reglugerðar nr. 207 frá 1980 reiknaði stefnandi út framlag stefnda fyrir næsta ár, þ.e. árið 1981, var þar byggt, eins og fram kemur í bréfi stefnanda til stefnda dags. 31.03.81, á bókfærðum iðgjöldum 1979 og áætlun í samræmi við þær hækkanir sem urðu á fyrrnefndum grundvallarlaunum fram til mars 1981 og við áætlun frá mars 1981 til ársloka 1981 var stuðst við spá Þjóðhagsstofnunar. Samkvæmt áðurnefndri áætlun áttu iðgjaldatekjur stefnda að nema á árinu 1981 kr. 2.359.000,00 og framlag til sjóðsins að reiknast kr. 117.950,00.

Hinn 24. ágúst 1981 sendi stefnandi stefnda bréf vegna endurskoðunar á áætlun vegna ársins 1980, en ársreikningur þess árs hafði þá ekki borist nefndinni. Nettóiðgjöld voru áætluð kr. 153.850.000,00. Samkvæmt ofangreindu bréfi reiknast framlagið vegna 1980 gamlar kr. 7.692.500,00, en áður voru greiddar gamlar kr. 4.922.300,00. Mismunur er því gamlar kr. 2.770.200,00 sem gera nýkr. 27.702,00 sem er eins og áður hefur fram komið mismunur á milli áætlaðs framlags og endanlegrar greiðslu.

Hinn 1. apríl 1982 sendi stefnandi stefnda bréf vegna áætlaðs framlags fyrir árið 1982. Eins og fyrr er útreikningurinn byggður á bókfærðum iðgjöldum nú fyrir árið 1979 og áætlað í samræmi við launahækkanir til mars 1982, en frá mars til ársloka 1982 var stuðst við spá Þjóðhagsstofnunar.

Miðað við greinda áætlun var gert ráð fyrir að iðgjaldatekjur stefnda yrðu kr. 3.262.000,00 miðað við að iðgjöld nemi 10% af iðgjaldsskyldum tekjum. 5% af þeirri fjárhæð reiknast kr. 163.100,00 sem er framlag sjóðsins skv. 25. gr. laga 97/1979. Gjalddagi var 1. apríl 1982 og bar að greiða helming fjárhæðar fyrir lok aprílmánaðar, ella reiknuðust dráttarvextir af skuldinni í heild.

Eins og fram kemur í niðurlagsákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 áttu ákvæðin í greininni að endurskoðast í árslok 1982. Var það gert með lögum nr. 92/1982, sem tóku gildi 1. janúar 1983, og voru ákvæði 25. gr. tekin nær óbreytt fyrir árin 1983 og 1984, en gjalddagar áætlaðs framlags voru þó bundnir tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og skyldi helmingur greiðast í hvort sinn í stað heimildar til þess að skipta þessu í tvennt samkvæmt eldri lögum. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skyldi miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir skyldu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknast með álagi er svarar til hækkana sem orðið hafa á grundvallarlaunum samkv. 1. mgr. 6. gr. laganna nr. 97/1979. Þær breytingar urðu þó að 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laganna varð 1. tl. og 3. tl. varð 2. tl., en með lögunum nr. 52/1981 var 1. tl. 1. mgr. 25. gr. laganna felldur niður samkvæmt 3. gr. þeirra laga. Í framhaldi af áðurnefndum lögum var sett reglugerð nr. 47 frá 1983, en þar kom m.a. fram í 7. gr. að dráttarvextir fyrir árin 1983 og 1984 reiknast af hvorum hluta fyrir sig miðað við 1. apríl og 1. ágúst. Samkvæmt eldri reglugerð reiknuðust dráttarvextir af skuldinni í heild, félli niður greiðsla á fyrri hluta greiðslunnar.

Fyrir árið 1983 sendi stefnandi stefnda bréf dags. 23. mars 1983 og krafði stefnda um framlag vegna 1983 að fjárhæð kr. 337.700,00. Eins og fram kemur í nefndu bréfi byggðust útreikningar stefnanda á bókfærðum iðgjöldum stefnda 1981 og var síðan áætlað framlagið í samræmi við almennar launahækkanir til mars 1983 og frá mars til ársloka 1983 var stuðst við spá Þjóðhagsstofnunar um launahækkanir. Samkvæmt framangreindri áætlun var niðurstaðan sú að iðgjaldatekjur stefnda yrðu kr. 6.754.000,00 og 5% af þeirri fjárhæð nemur eins og áður segir kr. 337.700,00.

Hinn 6. apríl 1984 sendi stefnandi stefnda bréf og krafði stefnda um framlag vegna 1984. Útreikningur framlagsins byggðist á sömu útreikningum og um hefur verið getið hér að framan, en samkvæmt áætlun stefnanda var miðað við að iðgjaldatekjur stefnda yrðu kr. 7.261.000,00 miðað við að iðgjöld næmu 10% af gjaldskyldum tekjum. Framlag stefnda samkvæmt 25. gr. laga nr. 97/1979 reiknaðist því kr. 363.050,00.

Hinn 14. ágúst 1984 sendi stefnandi stefnda útreikning á endurskoðaðri áætlun um framlög vegna ársins 1983. Nettóiðgjöld sjóðsins 1983 námu kr. 7.985.861,00 og 5% af þeirri fjárhæð reiknast því kr. 399.298,00, en áður var áætlað í bréfi 23.03.83 að framlagið yrði kr. 337.700,00. Mis-

munur af þessum fjárhæðum nemur því kr. 61.598,00. Eins og fram kemur í nefndu bréfi reiknast samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 48/1983 álag á eftirstöðvar og ofgreiðslur og svarar álagið til hækkunar sem orðið hefur á grundvallarlaunum frá 1. ágúst á framlagsárinu. Með álagi þessu nemur mismunurinn kr. 68.608,00.

Hinn 9. og 27. nóvember 1984 sendi stefnandi stefnda bréf þar sem stefndi er krafinn um greiðslu vanskila við sjóðinn að fjárhæð kr. 2.188.588,00, en með bréfi 5. desember 1984 svarar stefndi nefndum bréfum á þá leið að stefndi fellst ekki á að greiða að svo stöddu téð vanskil og mótmælir fjárhæð álagningarinnar og vaxtaútreiknings auk þess sem allur fyrirvari er gerður um réttmæti álagningarinnar.

Með bréfi dags. 28. mars 1985 krefur stefnandi stefnda um framlag vegna ársins 1985. Varðandi útreikning á framlagi er byggt á sömu útreikningsaðferðum og að framan hefur verið rakið og er niðurstaða þeirra útreikninga sú að iðgjaldatekjur stefnda voru áætlaðar kr. 11.581.000,00 miðað við að iðgjöld nemi 10% af iðgjaldsskyldum tekjum, en 4% af því eru kr. 463.200,00 sem er framlag stefnda fyrir árið 1985.

Rétt er að geta þess að hinn 19. desember 1984 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 92/1984 um breytingu á lögum 97/1979 um eftirlaun til aldraðra. Breytingarnar voru fólgnar í því m.a. að gildistími laga nr. 97/1979 var framlengdur um 5 ár eða til ársloka 1989. Samkvæmt 9. grein laganna breyttist 25. gr. með þeim hætti að í stað greiðslu á 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum árin 1980-1984 skyldu greiðast 4% af sama stofni árið 1985 og 3% árin 1986-1989. Ennfremur var í 1. grein laganna kveðið á um breytingu grundvallarlauna þannig að í stað þess að tengja þau ákveðnum launataxta var ákveðið að þau skyldu vera föst krónutala kr. 14.500,00 miðað við janúar 1985. Stefnanda er síðan veitt heimild í lögunum til breytingar á þessum grundvallarlaunum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Með stoð í framangreindum lögum var gefin út reglugerð þann 21. mars 1985 og var hún mjög í anda fyrri reglugerðar um sama efni, t.d. varðandi útreikning og gjalddaga.

Hinn 25. mars 1986 sendi stefnandi stefnda bréf þar sem stefndi var krafinn um framlög vegna ársins 1986. Í nefndu bréfi voru iðgjaldatekjur stefnda fyrir 1986 áætlaðar kr. 16.670.000,00 miðað við að iðgjöld nemi 10% af iðgjaldsskyldum tekjum. Framlag sjóðsins samkv. 25. gr. laga nr. 2/1985 reiknaðist því kr. 500.100,00."

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar á eftirfarandi hátt á dómskj. 27:

„1. Áætlun vegna 1981

(bréf 31/3'81)			kr. 117.950,00
4,75% drv. 1/4-1/5'81	kr.	5.603,00	
4,5% drv. 1/5-1/9'81 (18%)	kr.	21.231,00	

2. Leiðrétt áætlun vegna 1980 — hækkun (bréf 24/8'81)		kr.	27.702,00
	Höfuðstóll 1/9'81	kr.	145.652,00
4,5% drv. 1/9'81-20/4'82 (36%)	kr. 52.435,00		
4% drv. 20/4-1/5'82			
3. Áætlun framlags vegna 1982 (bréf 1/4'82)		kr.	163.100,00
(Dráttarvextir af heildargreiðslu frá 1/5'82)			
	Höfuðstóll 1/5'82	kr.	308.752,00
4% drv. 1/5-1/8'82 (12%)	kr. 37.050,00		
4. Leiðrétt áætlun vegna 1981 — hækkun (bréf 8/7'82)		kr.	19.895,00
	Höfuðstóll 1/8'82	kr.	328.647,00
4% drv. 1/8-1/9'82	kr. 13.146,00		
5. Dráttarvextir af kr. 117.950,00 1/4'81-1/9'81 (22,75%)	kr. 26.834,00		
Dráttarvextir af kr. 145.652,00 1/9'81-1/9'82 (52%)	kr. 75.739,00		
	kr. 102.573,00		
Drv. bætt við höfuðstól 1/9'82		kr.	102.573,00
	Höfuðstóll 1/9'82	kr.	431.220,00
4% drv. 1/9'82-1/11'82 (8%)	kr. 34.498,00		
5% drv. 1/11'82-1/4'83 (25%)	kr. 107.805,00		
6. 50% áætlaðs framlags vegna 1983 (bréf 23/3'83) kr. 337.700,00 1/2 kr. 168.850,00 pr. 1/4'83 1/2 kr. 168.850,00 pr. 1/8'83		kr.	168.850,00
	Höfuðstóll 1/4'83	kr.	600.070,00
5% drv. 1/4-1/8'83 (20%)	kr. 120.014,00		
7. 50% áætlaðs framlags vegna 1983		kr.	168.850,00
	Höfuðstóll 1/8'83	kr.	768.920,00
5% drv. 1/8-1/9'83	kr. 38.446,00		

8. Dráttarvextir af kr. 431.220,00		
Dráttarvextir af kr. 182.995,00		
	kr. 248.225,00	
1/9'82-1/9'83 (58%)	kr. 143.971,00	
Dráttarvextir af kr. 163.100,00		
1/5'82-1/9'83 (74%)	kr. 120.694,00	
	kr. 264.665,00	
Drv. bætt við höfuðstól 1/9'83		kr. 264.665,00
	Höfuðstóll 1/9'83	kr. 1.033.585,00
5% drv. 1/9'83-20/10'83	kr. 86.132,00	
4,75% drv. 20/10-20/11'83	kr. 49.095,00	
4% drv. 20/11-20/12'83	kr. 41.343,00	
3,25% drv. 20/12'83-20/1'84	kr. 33.592,00	
2,5% drv. 20/1-1/4'84 (7,5%)	kr. 77.519,00	
9. Áætlað framlag vegna 1984 kr. 363.050,00 (bréf 6/4'84) — 50% framlagsins 1/4'84		kr. 181.525,00
	Höfuðstóll 1/4'84	kr. 1.215.110,00
2,5% drv. 1/4-1/8'84	kr. 121.511,00	
10. Síðari hluti framlags 1984 pr. 1/8'84		kr. 181.525,00
		kr. 1.396.635,00
11. Leiðrétt áætlun vegna 1983 — hækkun (bréf 14/8'84)		kr. 68.608,00
	Höfuðstóll 1/8'84	kr. 1.465.243,00
2,5% drv. 1/8-1/9'84	kr. 36.631,00	
12. Dráttarvextir af 248.225 + 143.971 =	392.196,00	
Dráttarvextir af 163.100 + 120.694 =	283.974,00	
	kr. 676.170,00	
1/9'83-1/9'84 (39,5%)	kr. 267.087,00	
Drv. af kr. 168.850,00		
1/4'83-1/8'83 (20%)	kr. 33.770,00	
Drv. af kr. 337.700,00		
1/8'83-1/9'84 (44,5%)	kr. 150.277,00	
	kr. 451.134,00	

Drv. bætt við höfuðstól 1/9'84		kr. 451.134,00
	Höfuðstóll 1/9'84	kr. 1.916.377,00
2,75% drv. 1/9'84-1/2'85 (13,75%)	kr. 263.502,00	
3,75% drv. 1/2'85-1/3'85	kr. 71.864,00	
4% drv. 1/3'85-1/4'85	kr. 76.655,00	
13. Áætlað framlag vegna 1985 (bréf 28/3'85) kr. 463.200,00 — 50% framlagsins 1/4'85		kr. 231.600,00
	Höfuðstóll 1/4'85	kr. 2.147.977,00
4% drv. 1/4'85-1/6'85 (8%)	kr. 171.838,00	
3,5% drv. 1/6'85-1/8'85 (7%)	kr. 150.358,00	
14. Síðari hluti framlags 1985 (bréf 12/8'85)		kr. 231.600,00
	Höfuðstóll 1/8'85	kr. 2.379.577,00
3,5% drv. 1/8-1/9'85	kr. 83.285,00	
15. Dráttarvextir af kr. 676.170,00		
+ kr. 267.087,00		
kr. 943.257,00		
1/9'84-1/9'85 (40%)	kr. 377.303,00	
Dráttarvextir af kr. 337.700,00		
+ kr. 33.770,00		
+ kr. 150.277,00		
kr. 521.747,00		
1/9'84-1/9'85 (40%)	kr. 208.699,00	
Dráttarvextir af kr. 231.600,00		
1/4'85-1/8'85 (15%)	kr. 34.740,00	
Dráttarvextir af kr. 463.200,00		
1/8'85-1/9'85 (3,5%)	kr. 16.212,00	
Dráttarvöxtum bætt við höfuðstól 1/9'85		kr. 636.954,00
	Höfuðstóll 1/9'85	kr. 3.016.531,00

Stefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir málsástæðum sínum:

„Málsástæður stefnanda eru þær að hér sé um innheimtu á ótvíræðri kröfu stefnanda að ræða á hendur stefnda skv. 2. tl. 1. mgr. 25. gr. l. 97/1979 um eftirlaun aldraðra auk þeirra laga sem leyst hafa þau lög af hólmi, þ.e. l. 52/1981, l. 92/1982 og l. 92/1984.

— — —

Krafist er greiðslu vaxtavaxta og byggist útreikningur vaxta á vaxtaákvæðum Seðlabanka Íslands birtum í auglýsingum hans. Samkvæmt þessum auglýsingum er heimilt að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól einu sinni á ári ef vanskil standa lengur en 12 mánuði."

Þá vitnar hann til dóms bæjarþings Reykjavíkur frá 5. desember sl. í máli hans gegn Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er eftirfarandi grein gerð fyrir málsástæðum:

„Stefndi reisir sýknukröfu sína á eftirgreindum málsástæðum: Stefndi er lífeyrissjóður með svonefndu séreignaskipulagi sbr. reglugerð sjóðsins á dskj. nr. 36. Með séreignaskipulagi er átt við það fyrirkomulag að iðgjöld sem sjóðfélagi ýmist greiðir einn, ef hann er sjálfstætt starfandi, eða sem launþegi, verða hans séreign og kemur það fram í því sem segir í 9. gr. reglugerðar sjóðsins á blaðsíðu 3 á dskj. 36: „Sjóðfélagi sem orðinn er fullra 65 ára á rétt á að fá greidda inneign sína í sjóðnum, og skal sú greiðsla fara fram með jöfnum ársgreiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar" (tilvitnun lýkur). Hér er um grundvallaratriði að ræða sem skilur lífeyrissjóði með séreignaskipulagi frá öðrum lífeyrissjóðum, þar sem ekki eru jafn skörp skil á innistæðum sjóðfélaga og ella. Má öldungis jafna inneign manna í lífeyrissjóði eins og stefnda til innistæðu manna í bönkum og sparisjóðum.

Brýtur því skattheimta af því tagi sem hér um ræðir í bága við 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 um friðhelgi eignaréttarins, enda verður ekki sagt um skattheimtu þessa að hún fylgi þeirri reglu að skatturinn sé lagður á eftir almennum efnislegum mælikvarða og þeirri jafnræðisreglu sem talin er gilda í íslenskum rétti, enda felst sú takmörkun í sjálfu skatthugtakinu. Auk þess brýtur framsal löggjafans til stefnanda á skattlagningarvaldi sínu í bága við 40. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

Þá hefur komið í ljós að forsendur skattheimtunnar hafa brostið að miklu leyti og fjárþörf sú sem skattheimtunni var ætlað að mæta er ekki fyrir hendi. Verður meginástæða þessi nánar studd gögnum undir rekstri málsins. Einnig er ljóst að skattfénu hefur verið ráðstafað á annan hátt en lögin gera ráð fyrir, og hafa stórar fjárhæðir af þessum skatti, sem m.a. hefur verið reynt að innheimta hjá stefnda, runnið í Lífeyrissjóð bænda. Verður ekki séð að slík tilfærsla fjármuna frá einum lífeyrissjóði til annars

með lagaboði fái staðist. Nefna má að algjörlega er óljóst hvernig innheimtu umrædds gjalds er háttað hjá öðrum lífeyrissjóðum og hvernig skattinum er varið. Í reikningum stefnanda árin 1980-1984, sem lagðir eru fram sem dskj. nr. 30-34 í málinu kemur fram að stefnandi telur sig ekki eiga útistandandi þá fjárhæð sem hann nú krefur stefnda og tvo aðra lífeyrissjóði um.

Það er fyrst í reikningum stefnda árið 1985 sbr. dskj. nr. 35 að hann telur sig eiga útistandandi í kaflanum Lífeyrissjóðir, kafli 2, skýring 4: kr. 7.015.222,00, en í skýringu segir að af þessari upphæð sé í innheimtu skuld þriggja lífeyrissjóða að upphæð kr. 6.722.252,00 án vaxta. Verður að telja að með því að stefnandi taldi ekki umrædda fjármuni til eignar í reikningum sínum árin 1980-1984, eða í 5 ár, hafi stefndi mátt treysta því að stefnandi liti svo á að skuldin væri ekki til og er því eignfærsla á umræddri fjárhæð árið 1985 hæpin bókhaldshagræðing.

Varakrafan er á því byggð að iðgjöld eldri en fjögurra ára séu fyrnd eða krafa alls að fjárhæð kr. 328.647,00 svo og eru fyrndar allar vaxtakröfur, sem eldri eru en fjögurra ára. Dráttarvaxtakröfur, reistar á reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum um eftirlaun til aldraðra, eiga ekki lagastoð og eru auk þess mjög óljósar. Því er algjörlega mótmælt að heimilt sé að reikna vexti á vexti ofan eins og gert er í stefnu.

Varakrafan er nánar skýrð svo:

Stefnufjárhæð	3.016.531,00
Frá dragast dráttarvextir	÷ 1.561.205,00
Frá dregst höfuðst. til 1.9.82	÷ 328.647,00
Varakrafa: 1.126.679,00	

Skorað er á stefnanda að gera ljósari grein fyrir útreikningi en gert er í sundurliðun dómkrafna á dskj. nr. 27 og er fyrirvari gerður um réttmæti þess útreiknings."

Af hálfu stefnanda var síðan öllum málsástæðum stefnda mótmælt og sérstaklega á því byggt að greiðsluskylda lífeyrissjóðanna væri ákveðin af löggjafanum og ítrekuð í reglugerð. Þannig væri það ekki stefnandi sem ákvæði skattheimtuna, heldur reiknaði skattinn einungis út eftir ákvæðum laga og reglugerða settum með stoð í lögunum. Upplýst var að 1980 hefðu greiðsluskyldir sjóðir verið 34 auk hinna svonefndu SALsjóða. Af þessum 34 sjóðum væru einungis tveir í vanskilum auk stefnda.

Álit dómsins.

Stefndi hefur ekki mótmælt aðild stefnanda að málinu.

Samkvæmt 17. gr. l. nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra, sbr. nú 17. gr. l. nr. 2/1985, skipar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Umsjónar-

nefnd eftirlauna. Verksvið hennar er skilgreint í lögum og reglugerðum. Rétt þykir að þessu athuguðu að líta á nefndina sem opinbert stjórnvald.

Í V. kafla laga nr. 97/1979, sbr. l. nr. 92/1982, sbr. l. nr. 117/1984 og nú V. kafla l. nr. 2/1985, er mælt fyrir um sérstaka skattlagningu lífeyrissjóða og skattlagningarprósenta af bókfærðum iðgjaldatekjum þeirra ákveðin. Samkvæmt lagaákvæðunum hafa stjórnvöld engin áhrif á hæð skattsins. Ekki verður því talið að með lögunum sé skattlagningarvald í reynd fært til stjórnvalds.

Lög um eftirlaun til aldraðra ná, hvað snertir skattskyldu lífeyrissjóða samkvæmt lögunum, til þeirra lífeyrissjóða sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða tekur til og undirritað hafa samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, sbr. 24. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laganna, svo og annarra lífeyrissjóða, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, sbr. 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laganna, nú 1. tl.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda að samkvæmt þessu nái skattlagning skv. lögunum til allra starfandi lífeyrissjóða í landinu. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sýnt fram á annað.

Það eru lífeyrissjóðirnir sjálfir sem eru skattlagðir skv. lögunum, en ekki einstaklingar þeir sem í þeim eru. Skipulag sjóðs skiptir ekki máli í því sambandi.

Fé til uppbótargreiðslna þeirra sem lífeyri fá samkvæmt 1. kafla laganna er aflað með því að samkomulagssjóðirnir svonefndu leggja fram 5% af iðgjaldatekjum sínum árin 1980-1982, en lífeyrisgreiðslurnar að öðru leyti fjármagnaðar af Atvinnuleysistryggingasjóði og ríkissjóði.

Aðrir lífeyrissjóðir skulu einnig leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum til þess að standa straum af kostnaði af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla laganna, greiðslu uppbótar á þann lífeyri og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Lífeyrisgreiðslur samkvæmt II. kafla laganna eru að öðru leyti fjármagnaðar af ríkissjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og framlagi launaskattsgreiðenda.

Samkvæmt 2. og 7. gr. laganna eiga allir þeir sem lífeyrisréttindi fá samkvæmt þeim að uppfylla sömu skilyrði nema að því leyti að þeir sem lífeyri fá samkvæmt I. kafla laganna, skulu vera félagar í stéttarfélagi, en þeir, sem lífeyri fá samkvæmt II. kafla, þurfa þess ekki.

Allt frá árinu 1969 hefur orðið þróun í lífeyrismálum hérlendis í þá átt að tryggja öllum landsmönnum, sem hafa haft ákveðnar lágmarksvinnutekjur, rétt til lágmarkslífeyrisgreiðslna til viðbótar þeim eftirlaunum sem

greidd eru skv. lögum um almannatryggingar, eftir að þeir hafa náð ákveðnum aldri og að öðrum skilyrðum fullnægðum. Setning laga um eftirlaun til aldraðra er hluti þessarar þróunar. Fjár til þessara lífeyrisgreiðslna hefur verið aflað með þeim hætti sem að framan er lýst, m.a. með því að skattleggja starfandi lífeyrissjóði í landinu. Þótt sá munur sé gerður í lögunum að skattur þeirra lífeyrissjóða sem getið er í 24. grein laganna skuli renna til greiðslu uppbótar á lífeyri, en skattur þeirra lífeyrissjóða sem getið er um í 25. gr. laganna skuli renna til að standa undir kostnaði af greiðslu eftirlauna og uppbótar á þau, þykir skattheimtan vera sama eðlis í báðum tilvikum, og sömuleiðis er hún jöfn að hlutfalli.

Af því sem að framan hefur verið rakið þykir fram komið að skatturinn sé álagður samkvæmt málefnalegum sjónarmiðum og nái jafnt til allra þeirra sem starfa á sams konar eða svipuðum grundvelli, þ.e. lífeyrissjóðanna.

Niðurstaða dómsins er því sú að almenni löggjafinn hafi ekki með setningu 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 eða breytingum á því ákvæði, þ.e. 4. gr. l. 92/1982 og 9. gr. l. 117/1984, sbr. nú l. nr. 2/1985, farið út fyrir stjórnskipuleg mörk sín.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 25. gr. l. nr. 97/1979 skyldi einnig innheimta 0,5% eftirlaunaiðgjald af launaskattsstofni eigin vinnu sjálfstætt starfandi manna. Með 3. gr. l. nr. 52/1981 var þessi innheimta lögð niður. Af hálfu stefnanda eru þau rök nefnd fyrir þessu að með l. nr. 55/1980 hafi sjálfstætt starfandi menn verið skyldaðir til að vera í lífeyrissjóði, og hafi því ekki þótt ástæða til þess að halda þessum skatti. Af hálfu stefnanda er því einnig haldið fram að þegar svo var komið hafi fjármálaráðuneytinu ekki þótt svara kostnaði að innheimta gjaldið fyrir þann tíma sem það var í gildi. Með lögum nr. 92/1982 er skattlagningu lífeyrissjóðanna haldið óbreyttri til 1984. Með l. nr. 117/1984 var skattlagningin framlengd til 1989 en skattlagningarprósentan lækkuð í 4% árið 1985 en 3% árin 1986-1989. Réttþegar eru þeir sömu og upphaflega eftir l. nr. 97/1979.

Þótt 0,5% eftirlaunasjóðsgjald af launaskattsstofni eigin vinnu hafi verið fellt niður breytir það því ekki að skattlagning lífeyrissjóðanna nær jafnt til allra sem starfa á sams konar eða svipuðum grundvelli, þ.e. lífeyrissjóðanna. Þegar sjálfstætt starfandi menn hafa verið skyldaðir til að vera í lífeyrissjóði á skattlagningin að ná til iðgjalda þeirra.

Niðurstaða dómsins er því sú að þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 97/1979 breyti því ekki að almenni löggjafinn hafi ekki með löggjöfinni um eftirlaun til aldraðra farið út fyrir stjórnskipuleg mörk sín. Aðrar málsástæður stefnda geta ekki leitt til þess að skattheimtan sé óheimil.

Stefna í máli þessu er birt 12. september sl. Samkvæmt 2. tl. 3. gr. l.

nr. 14/1905 voru þá fyrnd framlög stefnda til stefnanda með gjalddögum fyrir 1. apríl 1983. Samkvæmt sama ákvæði eru vextir af þessum framlögum einnig fyrndir.

Með stoð í 25. gr. laganna um eftirlaun aldraðra má á það fallast með stefnanda að stefndi eigi að greiða álagt gjald af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Stefndi benti á að skatturinn vegna ársins 1983 væri ofáætlaður. Á það verður ekki fallist því samkvæmt dskj. 15 er mismunurinn fólginn í álagi sem heimilt er að reikna á eftirstöðvar og ofgreiðslur samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 47/1983, sbr. 4. gr. l. nr. 92/1982.

Skattur sá, sem stefndi skuldar stefnanda, nemur því samkvæmt ofanskráðu kr. 1.232.558,00.

Fallast verður á það með stefnda að vaxtakrafa stefnanda sé ófullkomin og auk þess eru vanskilavextir á tímabili tvíteknir í kröfugerð. Augljóst er af kröfugerðinni og gögnum málsins að stefnandi miðar við mánaðarlega dráttarvexti. Þykir því mega ákveða stefnanda dráttarvexti samkvæmt 2. mgr. 25. gr. l. nr. 97/1979, 4. gr. l. nr. 92/1982 og 9. gr. l. nr. 117/1984, sbr. reglugerðir nr. 207/1980 og nr. 47/1983 frá gjalddögum og af áföllnum fjárhæðum í samræmi við sundurliðun stefnanda dómskj. 27. Dráttarvextir þannig ákveðnir þykja hafa næga lagastoð. Í vaxtaákvörðun þessari þykir fólgið að dráttarvextir af þeirri skuldarupphæð sem borið hefur slíka vexti í 12 mánuði megi leggjast við höfuðstól skuldarinnar. Vegna kröfu stefnanda og í samræmi við Hrd. frá 23. desember 1986 má þetta gerast með dráttarvexti áfallna eftir 1. febrúar 1985, í fyrsta sinn 01.02. 1986. Þannig ákveðnir dráttarvextir koma fram í dómsorði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þó verður að ákvarða með tilliti til dæmds höfuðstóls.

Málskostnaður ákveðst kr. 150.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands, greiði stefnanda, Umsjónarnefnd eftirlauna, kr. 1.232.558,00 með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1983, af kr. 168.850,00 til 1. ágúst 1983, af kr. 337.700,00 frá þeim degi til 21. október 1983, með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. desember 1983, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1984, af kr. 519.225,00 frá þeim degi til 1. ágúst 1984, af kr. 769.358,00 frá þeim degi til 1. september 1984, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði

frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1985, af kr. 1.000.958,00 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1985, af kr. 1.232.558,00 frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja tildæmda dráttarvexti af skuldarupphæð, áfallna eftir 01.02.85, við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986. Stefndi greiði stefnanda kr. 150.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 229/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Atla Björnssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Áfengis- og tollalagabrot. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1988 að ósk ákærða en jafnframt af hálfu ákæruvalds.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu, upptöku og sakarkostnað, en jafnframt er þess krafist, að refsing verði þyngd og ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað.

Ákærði krefst lækkunar refsingar, sem eingöngu verði fésekt, svo og málsvarnarlauna úr ríkissjóði til skipaðs verjanda.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Atli Björnsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 27. júní 1988.

Árið 1988, mánudaginn 27. júní, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héaðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 29/1987: Ákæruvaldið gegn Atla Björnssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara dags. 5.2. 1987 höfðað gegn Alta Björnssyni sjómanni, Hjallabraut 7, Hafnarfirði, fyrir eftirgreind tollalagabrot:

I.

Við komu ms. Sögu I til Reykjavíkur 3. maí 1986 frá Bremerhaven smyglað hingað til lands 240 lítrum af vodka, 18 ¾ lítra flöskum af rauðvíni og 360 dósum af bjór, sem tollverðir fundu falið í skipinu eftir komu þess til hafnar umrætt sinn.

II.

Við komu nefnds skips til Vestmannaeyja 10. júní 1986 frá Averio smyglað hingað til lands 337 ½ lítra brúsum af spíritus (96%), sem tollverðir fundu falda í skipinu eftir komu þess til Reykjavíkur 12. s.m.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 60. gr., sbr. 61. gr. og 71. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. 9. gr. laga nr. 46, 1984, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978 og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu áfengi og bjór,

sem lagt var hald á, samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59, 1969, 34. gr. laga nr. 82, 1969 og 8. gr. laga nr. 63, 1969.

Ákærður er sakhæfur, fæddur 21. maí 1934 að Jaðri, Bolungarvík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

[Í sakavottorði eru tilgreindir átta refsidómar, þar af þrír vegna áfengis- og tollalagabrota, og ennfremur tuttugu dómsáttir, þar af sex vegna áfengis- og tollalagabrota.]

Málavextir.

Laugardaginn 3. maí 1986 kom m/s Saga I til Reykjavíkur frá Bremerhaven í Þýskalandi og var þá tollafgreitt. Við tollleit í skipinu, sem framkvæmd var 5. maí 1986, fundust í lokuðum fiskbrettum í neðstu lest 240 lítrar af Van Haupold vodka og við leit sem fór fram 9.5. 1986 í sama skipi fundust í lestarlúgu 15 x 24 ds. Becks öl og í rennusteini í lest 9 x ¾ l af Matheus rósavíni og 9 ¾ l af Salceda rauðvíni, en engu af framangreindu áfengi og öli hafði verið framvísað við tollafgreiðslu skipsins.

Ákærður hefur hér fyrir dómi viðurkennt að hafa verið eigandi að framangreindu áfengi og öli. Hann hafði keypt vodkavínið í verslun á Bilbao á Spáni og greitt fyrir það 156.000 peseta og það verið sent að skipshlið að kvöldlagi, hann hífi það um borð og komið því fyrir milli vörubrettanna án þess að aðrir skipverjar yrðu þess varir. Bjórinn hafði hann keypt af skipshöndlara í Antwerpen og greitt fyrir hann um 5.000,00 ísl. krónur, en rauðvínið og rósavínið hafði hann fengið að gjöf í Bilbao. Hann hafði komið bjórnum, rauðvíninu og rósavíninu fyrir á þeim stöðum, þar sem þessi varningur fannst, á leiðinni frá Bremerhaven til Reykjavíkur. Hann hafði ekki verið búinn að ákveða hvar hann kæmi framangreindum varningi í land, en hann ætlaði vodkavínið til sölu, bjórinn ýmist til eigin neyslu eða til gjafa, en rósavínið og rauðvínið ætlaði hann til eigin nota.

II.

Þriðjudaginn 11. júní 1986 kom m/s Saga I frá Aveiro á Spáni og var þá tollafgreitt 12. júní s.á. Kom skipið til Reykjavíkur og fór þá fram í því leit og fundust þá í sérsmíðuðu hólfi í dekkhúsi bakbordsmegin 337 x 0,5 lítra plastbrúsar af 96% spíra, sem lagt var hald á. Ákærður hefur viðurkennt að vera eigandi að spíra þessum, sem hann hafði keypt af flutningabílstjóra í Aveira og greitt fyrir með um 200 kg af saltfiski sem hann hafði fengið við lestun á ströndinni. Flutningabílstjórinn hafði komið með spírann að skipshlið og ákærður séð einn um að koma honum um borð í skipið og koma honum fyrir í hólfi á dekkhúsinu, sem hann hafði sjálfur

útbúið í þessari ferð. Hann hafði ætlað að setja varninginn í land í Reykjavík. Hann hafði ekki ákveðið hvort hann seldi spírann eða hefði til eigin nota, en meginhlutann ætlaði hann þó til sölu.

III.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða og öðrum rannsóknargögnum er nægilega sannað að hann hefur gerst sekur um að hafa á árinu 1986 tvívegis smyglað til landsins áfengi og öli svo sem lýst er í ákæru og hefur hann með því brotið þargreind refsiákvæði, sem þar eru rétt færð til laga, sbr. þó nú lög nr. 55, 1987 123. gr. sbr. 124. gr. og 135. gr.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 123. gr. sbr. 124. og 135. gr. laga nr. 55/1987 sbr. áður framangr. ákvæði laga nr. 59, 1969 með áorðnum breytingum 33. gr. áfengislaga sbr. lög nr. 52/1978 og 15. gr. laga nr. 63, 1969 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi og að ákærður greiði ennfremur kr. 800.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 136. gr. laga nr. 55/1987, sbr. áður 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59/1969, 34. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 8. gr. laga nr. 63, 1969 ber ákærða að sæta upptöku til ríkissjóðs á þeim varningi sem lagt hefur verið hald á í málinu sbr. tollseðla nr. 1102, 1116 og 1193, en það eru 240 lítrar af vodka, 18 ¾ l flöskur af rauðvíni, 360 dósir af bjór og 337 ½ lítra brúsar af spíritus (96%).

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærður, Atli Björnsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærður greiði ennfremur í sekt til ríkissjóðs krónur 800.000,00 og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptækt skal gert til ríkissjóðs 240 lítrar af vodka, 18 ¾ l flöskur af rauðvíni, 360 dósir af bjór og 337 ½ lítra brúsar af spíritus, sem lagt var hald á sbr. tollseðla nr. 1102, 1116 og 1193.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 312/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hirti Ingþórssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds.

Af ákæruvaldsins hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að ákærði hljóti sekt í stað varðhalds. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Hjörtur Ingþórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. ágúst 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 24. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 452/1988: Ákæruvaldið gegn Hirti Ingþórssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 28. júlí 1988 gegn ákærða, Hirti Ingþórssyni pípulagningamanni, til heimilis að Brönduk vísl 17, Reykjavík, fæddum 10. janúar 1965 í Reykjavík, „fyrir að aka föstudaginn 8. apríl 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-39776 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Elliðavogi. Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Föstudaginn 8. apríl 1988 ók ákærði bifreiðinni R-39776 um götur Reykjavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Elliðavogi. Ákærði var tekinn tali og viðurkenndi hann þegar að hann væri sviptur ökuréttindum ævilangt.

Í skýrslu sem ákærði gaf hjá lögreglu kl. 13:58 sama dag viðurkenndi hann réttindaleysi við akstur og kvaðst hafa verið sviptur ævilangt ökuréttindum árið 1985. Ákærði kvað akstur sinn þenan dag stafa af sérstöku tilefni og kvaðst ekki hafa ekið bifreið síðan hann var sviptur ökuréttindum.

Við meðferð málsins fyrir dómi bar ákærði á sama veg og í skýrslum hjá lögreglu. Hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-39776 um götur Reykjavíkur þann 8. apríl sl., sviptur ökuréttindum ævilangt, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Elliðavogi.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1985 22/7 í Reykjavík. Sátt: 9.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr., 49. og 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 1/7 1983.

1985 1/3 í Reykjavík. Dómur: 18.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25., 1. mgr. 27. gr., 4. mgr. 48. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 1/3 1985.

1986 7/3 í Reykjavík. Sátt: 12.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1986 11/11 í Reykjavík. Sátt: 24.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1987 10/8 í Reykjavík. Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 244. gr. og 256. gr. hgl.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörtur Ingþórsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 317/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigdóri Ólafi Sigmarssyni
(Skúli Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 20. september sl. og jafnframt af hálfu ákæruvalds. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærða og á greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærða verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 16. desember 1985 á óafplánuðum eftirstöðvum refsingar, 75 dögum, þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að refsing verði ákveðin lágmarkssekt og að honum verði ákveðin málsvarnarlaun.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsiákvæða.

Dómar frá 17. maí 1983 og 22. janúar 1985 svo og dómsátt frá 2. apríl 1987 hafa ekki ítrekunaráhrif varðandi refsingu hans, þar

sem ekki er sérstaklega heimiluð aukin hegning við ítrekun brots í 100. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 80. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968. Hins vegar ber að hafa hliðsjón af sakaferli ákærða við ákvörðun refsingar hans, og ber að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um hana.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Sigdórs Ólafs Sigmarssonar, og sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. september 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 1. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 467/1988: Ákæruvaldið gegn Sigdóri Ólafi Sigmarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 14. júní 1988, gegn ákærða Sigdóri Ólafi Sigmarssyni sjómanni, til heimilis að Skipasundi 79 hér í borg, fæddum 1. ágúst 1927 á Neskaupstað, „fyrir að aka mánudaginn 31. ágúst 1987 sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-63372 frá Laugabrekku, Hellnum, Snæfellsnesi, að flugafgreiðslunni á Rifi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Mánudaginn 31. ágúst 1987 var lögreglumaður á ferð á Rifi á Snæfellsnesi, er hann veitti bifreiðinni R-63372 athygli og ákvað að ræða við ökumann. Ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, Sigdór Ólafur

Sigmarsson, viðurkenndi í viðræðum við lögreglumann að hann væri sviptur ökuréttindum.

Í framburðarskýrslu hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að hafa þann 31. ágúst 1987 ekið bifreiðinni R-63372 sviptur ökuréttindum ævilangt frá Laugabrekku, Hellnum, að flugafgreiðslu á Rifi og síðan að vélsmiðju, þar sem lögreglan hafi haft tal af ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm og gaf skýrslu þann 1. september 1988. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-63372 sviptur ökuréttindum ævilangt frá Laugabrekku, Hellnum, Snæfellsnesi, mánudaginn 31. ágúst 1987 að flugafgreiðslunni Rifi, þar sem lögreglan hafi haft afskipti af ákærða skömmu síðar og stöðvað frekari akstur.

Niðurstöður:

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. l. nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 7. júní 1988, hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

— — —

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sex sinnum sætt refsidómum, þar af fimm sinnum m.a. fyrir ölvunarakstur, og er í fjórum þeirra kveðið á um sviptingu ökuleyfis, síðast í dómi 17. maí 1983 (ævilöng svipting). Ennfremur tilgreinir sakavottorð sjö dómsáttir, þar af þrjár vegna brota gegn 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.]

Refsing ákærða.

Dómurinn frá 17. maí 1983 ásamt dómi frá 22. janúar 1985 og dómsátt frá 2. apríl 1987 hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, á brot ákærða sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Með háttsemi sinni hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnar þeirrar sem hann hlaut þann 16. desember 1985 á 75 daga eftirstöðvum refsingar. Ber því að ákvarða ákærða nú refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955. Þykir refsing ákærða því hæfilega ákveðin með hliðsjón af því sem hér að framan er rakið 3 mánaða fangelsi.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974.

Dómsorð:

Ákærði, Sigdór Ólafur Sigmarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.
Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 370/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Andrési Bjarna Sigurvinssyni
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar til refsiþyngingar með stefnu 28. október sl. Af hálfu ákærða er krafist sýknu og málsvarnarlauna.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða.

Við refsiákvörðun ber að líta til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 70. gr. 1. mgr. 5. tl. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsingin hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Bjarni Sigurvinsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. október 1988.

Ár 1988, mánudaginn 3. október, var í dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 534/1988: Ákæruvaldið gegn Andrési Bjarna Sigurvinssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 2. ágúst 1988 gegn ákærðum „Andrési Bjarna Sigurvinssyni, Týsgötu 6, Reykjavík, fæddum 17. júní 1949 í Borgarfirði, Norður-Múlasýslu, fyrir að aka þriðjudaginn 12. janúar 1988 sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-27834 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Brautarholti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1975 5/11 Kópavogi. Sátt: 1.000,00 kr. sekt f. brot g. rgj. um stöðum.
1975 11/11 Reykjavík. Dómur: 10 daga varðhald f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 11.11. 1975.
1979 23/4 Vestm.ey. Dómur: 140.000,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18.12. 1978.
1980 12/5 Reykjavík. Dómur: 225.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt.
1982 3/8 Reykjavík. Veitt ökuleyfi á ný.
1984 3/8 Bonn. Dómur: 70 dagsektir á 40 DM. hver vegna ölvunaraksturs.
1985 21/5 Reykjavík Dómur: 25.000,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 19.01. 1985.

1987 13/5 Reykjavík. Dómur: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1987 15/9 Reykjavík. Dómur: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 25., 27. og 37. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 12. janúar 1988, klukkan um 14:30, stöðvaði lögreglan ákærðan við akstur bifreiðarinnar R-27834 á Brautarholti hér í borg.

Ákærður hefur fyrir dómi játað að hann hafi greint sinn ekið bifreiðinni R-27834 um götur Reykjavíkur, enda þótt hann væri sviptur ökuréttindum á þeim tíma.

Með eigin játningu ákærðs sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða. Þykir refsing ákærðs eftir atvikum hæfilega ákveðin 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 30 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnðar.

Dómsorð:

Ákærður, Andrés Bjarni Sigurvinsson, greiði 40.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 30 daga verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 343/1987. **Guðmundur Björgúlfsson**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Guðlaugi Úlfarssyni
og gagnsök
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1987. Kröfur hans eru þær aðallega, ,að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda í bætur og/eða sem afslátt kr. 239.399,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 16.9. 1985 til 1.3. 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1987 og síðan frá þeim degi til greiðsludags mánaðarlega dráttarvexti samkvæmt ákvæðum 10. greinar vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 16.9. 1986 og að dráttarvextir verði þá reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta samkvæmt ákvæðum 12. greinar nefndra vaxtalaga. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir undirrétti og Hæstarétti að viðbættum söluskatti lögum samkvæmt, nú 12%.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur með þeim breytingum, að frá 1.4. 1987 og til greiðsludags verði aðaláfrýjandi dæmdur til þess að greiða mánaðarlega dráttarvexti af höfuðstól dómsfjárhæðar samkvæmt 10. grein vaxtalaga nr. 25/1987, ennfremur að áfallnir dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 16.9. 1986 og

að dráttarvextir verði þá reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta samkvæmt ákvæðum 12. greinar vaxtalaga. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti auk söluskatts af málskostnaði lögum samkvæmt.

Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir Hæstarétti auk söluskatts af málskostnaðinum lögum samkvæmt."

Ný sönnunargögn hafa ekki verið lögð fyrir Hæstarétt. Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Um bótakröfu gagnáfrýjanda er þessa að geta: Aðaláfrýjandi átti gröfuna, sem mál þetta snýst um, í nokkra mánuði og notaði hana í atvinnu sinni. Hann hafði stundað slík störf í áratugi. Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi voru dómkvaddir matsmenn spurðir álits á því, hvort unnt hefði verið að sjá fyrir skemmdirnar, sem urðu á gröfunni. Þessu svöruðu þeir þannig: „Skemmdir verða ekki fyrr en allt í einu ... Slit í áframkeyrslu er mjög mikið og teljum við að vinnuvélastjóri, sem þekkir til vinnu á sjálfskiptum vélum, hefði getað fundið aflleysi áframkeyrslunnar með því að hafa fyrirstöðu fyrir gröfunni þegar ástand hennar var skoðað og reynt." Þótt þetta sé lagt til grundvallar verður ekki talið fram komið að seljandinn (aðaláfrýjandi) hafi vitað um galla í gírkassanum. Þegar þetta er haft í huga og einnig hitt að grafan var gömul og bilunin varð í lokuðum hluta tækisins verður að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómra, að gagnáfrýjandi geti ekki krafið aðaláfrýjanda um skaðabætur skv. 42. gr. 2. mgr. laga nr. 39/1922.

Um afsláttarkröfu gagnáfrýjanda er þetta að segja: Þegar hann keypti gröfuna, sem málið snýst um, af aðaláfrýjanda, var hún 11 ára gömul og slitin. Henni var ekið nokkra kílómetra, eftir að gagnáfrýjandi fékk hana afhenta, en við fyrsta verkið, sem hann vann við eftir það, bilaði gírkassinn og kom fljótt eftir það fram, að hann var ónýtur. Ósannað er, að seljandinn (aðaláfrýjandi) hafi tekið ábyrgð á tjóni, sem af slíkri bilun kynni að leiða. Ekki er heldur sannað, að hann hafi, eftir að bilunin kom fram, lofað gagnáfrýjanda greiðslu vegna hennar, ef ekki yrði um sátt að ræða. Þó að gagnáfrýjandi hafi mátt búast við ýmsum bilunum í tækinu, þykir verða að líta til þess, hve fljótt eftir afhendingu gírkassinn eyðilagð-

ist. Verður að telja, að grafan hafi verið gölluð í merkingu 42. gr. 1. mgr. laga nr. 39/1922, þegar afhending fór fram. Á gagnáfrýjandi því rétt á afslætti af kaupverðinu úr hendi aðaláfrýjanda.

Nokkuð skortir á, að gögn hafi verið lögð fram, sem vera þyrftu fyrir hendi, þegar afslátturinn er ákveðinn. Kaupverðið 1985 var 400.000,00 krónur, og óumdeilt er, að á sama tíma hefði ný sams konar grafa kostað 4.000.000,00 króna. Viðgerðarkostnaðurinn var 164.399,00 krónur. Þar af voru vinnulaun 46.904,00 krónur, en varahlutakostnaður 117.495,00 krónur. Er fram komið, að nýir varahlutir voru settir í gírkassann, og telur aðaláfrýjandi að það hafi þýðingu við ákvörðun greiðslu til gagnáfrýjanda. Eins og málið liggur fyrir verður að byggja á því, að 400.000,00 krónur hafi verið verðmæti gröfu af þessari gerð og aldri í þannig ástandi, að hana mætti nota um skeið án meiriháttar viðgerðar á gírkassa. Verðmætið með ónýtum gírkassa hefur hins vegar ekki verið upplýst. Ekki er unnt að byggja á því, að það hafi verið söluverðið að viðgerðarkostnaðinum frádregnum, þar sem nýir varahlutir voru settir í tækið. Ekki er heldur fær sú leið að telja verðmætið sama hlutfall af kaupverðinu og fæst með því að draga viðgerðarkostnaðinn frá verði nýrrar gröfu og finna hlutfall útkomunnar af því verði. Ekki er fram komið, að vinnulaun við viðgerð á gírkassanum séu önnur, þegar gert er við gamla vél, en vera myndi, ef um nýtt tæki væri að tefla. Af þessum sökum verður að kveða á um afsláttinn eftir álitum. Þykir þá verða að hafa í huga, að hér var um gamalt tæki að ræða, sem í voru settir nýir varahlutir, og svo hitt, að vinnulaunin voru eins og sagt var um 47.000,00 krónur. Þykir afslátturinn hæfilega ákveðinn 75.000,00 krónur.

Aðilar deila ekki um vexti. Vextir verða þó ekki dæmdir sem mánaðarvextir í samræmi við orðalag í aðalkröfu gagnáfrýjanda heldur sem ársvextir eftir varakröfunni. Er í 10. gr. 1. mgr. vaxtalaga nr. 25/1987 svo fyrir mælt að dráttarvextir skuli vera ársvextir. Nú gilda einnig um vextina ákvæði III. kafla bráðabirgðalaga nr. 83/1988 um efnahagsaðgerðir. Kröfu um vaxtavexti frá 16. september 1985, sem reiknist í fyrsta sinn 16. september 1986, ber að taka til greina.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn 83.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Björgúlfsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðlaugi Úlfarssyni, 75.000,00 krónur með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. september 1985 til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en síðan með ársvöxtum sem eru dráttarvextir eftir III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. bráðabirgðalög nr. 83/1988, allt til greiðsludags. Höfuðstólsfæra skal vexti frá 16. september 1985 hinn 16. september 1986 og síðan árlega þann mánaðardag.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 83.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. mars 1987.

Þ.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ.m., hefur Guðlaugur Úlfarsson, 2994-6231, Laufvangi 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum hinn 21. október 1986 gegn Guðmundi Björgúlfssyni, 3049-6532, Sæbergi 13, Breiðdalsvík, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 239.399,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 16.9. 1985 til 1.3. 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

II.

Hinn 27. apríl 1985 keypti stefnandi af stefnda J.C.B. traktorsgröfu árgerð 1974 á kr. 400.000,00. Greiddi kaupverðið með 4 100.000,00 króna skuldabréfum, með gjalddögum 26. júlí 1985, 26. október 1985, 26. janúar 1986 og 26. apríl 1986. Óumdeilt er að á þessum tíma var kaupverð nýrra véla af samsvarandi gerð um kr. 4.000.000,00. Í afsali segir að hið selda seljist í „núverandi ástandi, sem kaupandi hefur þegar kynnt sér, og sættir sig við að öllu leyti."

Aðilar eru sammála um að þegar kaupin fóru fram hafi ekki fundist neitt athugavert við vélina, en stefnandi, kaupandinn, ók henni lítils háttar við Vörubílasöluna að Lækjargötu 46 í Hafnarfirði, sem hafði milligöngu um kaupin.

Stefnandi hefur skýrt svo frá að eftir kaupin hafi hann ekið vélinni heim til föður síns, sem er vörubifreiðarstjóri og býr að Hraunbrún 25 í Hafnarfirði. Stefnandi starfaði á þessum tíma í Álverinu í Straumsvík. Málaði hann vélina og kveður hann það verk hafa staðið yfir í ca hálfan mánuð eða rúmleg það. Á þeim tíma hafi hann ekkert notað vélina. Skömmu síðar hafi hann fyrst byrjað að vinna með vélinni og þá við plan við fjölbýlishús á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði. Var verkið í því fólgið að stefnandi ýtti út fyllingarefni sem flutt var með bílum í planið. Kveður hann á fyrsta hálftímanum sem hann var með vélina í því verki hafa komið fram bilun í gírskiptingu hennar, en vélin er sjálfskipt. Bilunin hafi lýst sér í því að ekki hafi verið unnt að aka vélinni áfram. Hinsvegar hafi verið unnt að aka henni aftur á bak. Kveðst stefnandi hafa ekið vélinni heim aftur á bak ca 2 km leið. Hann giskar á að þetta hafi verið um einum mánuði eftir að kaupin áttu sér stað. Kveður stefnandi föður sinn nú hafa rætt við bílasalann og hann lofað að hafa samband við stefnda, seljanda vélarinnar. Nokkur dráttur hafi orðið á þessu hjá bílasalanum en um viku síðar hafi faðir stefnanda náð sambandi við stefnda og hann komið á vettvang til þess að athuga vélina. Þegar stefndi settist upp í vélina, þá hafi gírskiptingin verkað með eðlilegum hætti og allt virst vera í lagi. Að svo búnu hafi stefndi farið. Skömmu síðar kveðst stefnandi hafa farið með vélina í vinnu, ætlað að moka með henni á bíl fyllingarefni eða mold í námunda við Skipasmíðastöð Stálvíkur hf. Hafi hann mokað á einn bíl, en þá hafi nákvæmlegu sömu bilunareinkennin komið fram og í hið fyrra sinn. Kveðst þá stefnandi hafa snúið sér til innflytjanda vélarinnar, Glóbus hf., og hafi starfsmenn þar bent honum á Vélaþjónustuna á Ártúnshöfða. Þeir hafi ekki haft tök á að taka vélina inn á verkstæði sitt til viðgerðar en bent á Vinnuvélaþjónustuna sf. í Kópavogi. Stefnandi kveðst hafa leitað fyrir sér að fá varahluti úr gömlu í gírkassann, en það ekki tekist.

Þórður Ólafsson vélvirki, starfsmaður Vinnuvélaþjónustunnar sf. og meðeigandi í fyrirtækinu, kom fyrir dóminn. Hann kvað ekki hafa verið hægt að aka vélinni áfram er stefnandi kom með hana til viðgerðar. Hann kvaðst ásamt stefnanda hafa leitað eftir því, hvort varahlutir úr gömlu væru fáanlegir, m.a. hjá Loftorku hf. og öðrum nafngreindum verktaka en án árangurs. Nýir varahlutir hafi ekki verið á lager hjá umboðinu og þurft hafi að bíða nokkurn tíma eftir þeim.

Ásamt viðgerðarreikningum hefur stefnandi lagt fram yfirlýsingu Vinnuvélaþjónustunnar sf. svohljóðandi: „Vél bakkar en keyrir ekki áfram.

Ástand skiptingar. Áfram clutch hús brotið. Diskar í sama húsi skemmdir. Stimpill í sama húsi skemmdur. Endadiskur (Mótplan) skemmt. Túrbínu öxull skemmdur inní clutch húsi, gömul skemmd. Áfram clutch. Driföxull sem boltast í clutch hús er skemmdur í áfram clutch húsi. Gömul skemmd. Gert hefur verið við þessa skiptingu áður. Líklegt er að kopardiskur hafi brotnað og þanist út í hús, misst grip á túrbínuöxultönnum einn í einu eða þrír. Einn var óbrotinn. Vélin hefur getað gengið á einum disk, meðan hinir hafa brotnað meira og lagst saman og myndað spennu á endaplötuna og sprengt clutchúsið."

Samkvæmt vinnunótum hófst viðgerðin þann 22. ágúst 1985 en lauk hinn 16. september sama ár. Reikningsfjárhæðin er samtals kr. 164.398,00, þar af vinna kr. 45.984,50 auk söluskatts.

Stefnandi krafði nú stefnda um bætur þar eð hann taldi vélina hafa verið haldna leyndum galla við kaupin. Er samningar tókust ekki fól stefnandi lögmanni kröfuna til innheimtu, er ritaði stefnda kröfubréf hinn 8. nóvember 1985 og beiddist dómkvaðningar matsmanna hinn 23. janúar 1986. Til þess að framkvæma hið umbeðna mat voru hinn 20. febrúar 1986 dómkvaddir þeir Þór Magnússon vélstjóri og Gunnar Sigurgeirsson bifvélavirki, er skiluðu hinn 4. maí 1986 matsgerð. Þar segir að lýsing Vinnuvélaþjónustunnar sf. á biluninni sem áður er til vitnað geti fullkomlega staðist og sé það álit „byggt á ummerkjum á broti úr koparhring og öðrum skemmdum hlutum skiptingarinnar". Í matsgerðinni segir ennfremur:

„Undirritaðir hafa yfirfarið ljósrit af reikningunum, kannað verð varahluta, áætlað tíma við upptekningu ásamt því að taka skiptinguna úr og ganga frá henni í aftur. Varahlutakaup eru í samræmi við þá hluti sem við höfum fengið til mats og skoðunar.

Við gerum engar athugasemdir við reikningana."

Ein þeirra spurninga til matsmanna, sem bornar eru fram í matsbeiðni, var svohljóðandi:

„Var mögulegt að aka tækinu á þann hátt sem er lýst hér að ofan, þannig að skemmdir hefðu ekki komið fram fyrr en við átak?"

Um þetta segja matsmenn:

„Af útliti þeirra diska sem við skoðuðum er sjáanlegt mjög mikið slit í kopar og ståldiskum. Við teljum því að þetta hefði þessvegna getað skeð fyrr. Endanleg skemmd verður ekki fyrr en allt í einu og átök hjálpa þar til og eftir það verður áframkeyrsla óvirk."

Spurningu matsbeiðanda: „Var við venjulega skoðun hægt að sjá fyrir um ofangreindar skemmdir?" svara matsmenn svo:

„Skemmdir verða ekki fyrr en allt í einu eins og áður hefur komið fram. Slit í áframkeyrslu er mjög mikið og teljum við að vinnuvélastjóri sem þekkir til vinnu á sjálfskiptum vélum hefði getað fundið aflleysi áfram-

keyrslunnar með því að hafa fyrirstöðu fyrir gröfunni þegar ástand hennar var skoðað og reynt."

III.

Stefnandi telur ósannað að vélin hafi verið haldin leyndum galla er kaupin fóru fram. Stefnandi hafi kvartað um bilun um einum mánuði eftir kaupin, en stefndi þá komið á vettvang og skoðað vélina og reynsluekið henni og þá hafi hún reynst í lagi. Um þetta atriði sé enginn ágreiningur. Nær þremur mánuðum síðar og nær fjórum mánuðum eftir kaupin hafi stefnandi fært vélina á verkstæði til umfangsmikillar viðgerðar án þess að hafa neitt samband við stefnda. Telur stefndi að stefnandi hafi þarna stofnað til allt of kostnaðarsamrar viðgerðar og í engu samræmi við heildarverðmæti vélarinnar. Það sjáist best af því að kaupverðið hafi verið kr. 400.000,00 en viðgerðarreikningurinn kr. 164.398,00. Telur stefndi að hin eðlilega leið hefði verið að kaupa notaða varahluti, þ.e. sjálfskiptingu úr gamalli vél, en ef sú leið hefði verið farin þá hefði ekki þurft fagmann til að framkvæma viðgerðina. Þá hefði verið um þesshátta viðgerð að ræða sem venjulegast sé að eigendur smærri vinnuvéla framkvæmi sjálfir í stað þess að kaupa dýra verkstæðisvinnu. Telur stefndi líklegt að samkomulag hefði tekist við sig, ef stefnandi hefði haft samband við sig, og þá á þann veg að hann útvegaði gamla sjálfskiptingu sem hann telur að hefði verið auðvelt og aðstoðaði sjálfur stefnanda við að koma henni í vélina. Hvernig sem á málið sé litið, þá hafi stefnandi aukið tjón sitt með því að efna til þeirrar dýrustu viðgerðar sem völ var á. Þá bendir stefndi á aldur vélarinnar og kaupverð. Um hafi verið að ræða 11 ára gamla vél, sem seld hafi verið fyrir fjárhæð er nam um 1/10 hluta af verði nýrrar vélar. Stefnandi hafi því mátt búast við að ýmsar bilanir gætu fljótlega komið fram á tækinu. Loks bendir stefndi á, svo sem til vara, að nýtt hafi komið fyrir gamalt og endingartími tækisins aukist og beri að virða það til lækkunar á stefnukröfum.

Stefnandi getur þess að um haustið hafi mótor vélarinnar látið sig og viðgerð kostað um 160.000,00 kr. Einnig hafi stýrismaskína bilað og hafi viðgerð á henni kostnað kr. 28.866,00.

Stefndi hefur upplýst að hann hafi keypt umræddda vél haustið 1984 á kr. 400.000,00. Hann kvaðst hafa sett í hana nýjan vatnskassa og nýja hjólbarða meðan hann átti hana en ekki þurft að leggja í annan umtalsverðan viðhaldskostnað meðan hann átti vélina. Hann sló fram þeirri skýringu á því, að málsaðilar fundu ekkert að vélinni þegar hann prófaði hana í Hafnarfirði í framhaldi af kvörtunum stefnanda, að hann taldi rúmum mánuði eftir kaupin, að þessar vélar ættu það til að festast í bremsum þegar bremsubúnaður væri farinn að slitna, sem lýsti sér í því að ef vélinni væri

bremsað í áframkeyrslu, þá færi hún ekki úr bremsu ef ætti að aka henni enn áfram. Aka þyrfti henni aftur á bak til þess að losa hana úr bremsu og öfugt. Hann kvaðst hafa unnið með vélinni bæði um haustið og vorið við verk á vegum Breiðdalshrepps, m.a. við jarðvegsskipti í plani fyrir framan kaupfélagið skömmu áður en hann seldi vélina og kvaðst ekki hafa orðið var við neina bilun í gírskiptingu hennar, né heldur þegar hann ók henni á bíl og af við flutning hennar að austan.

Björn Björgvinsson, fyrrverandi sveitarstjóri á Breiðdalsvík, kvaðst hafa fylgst náið með umræddu verki og ekki orðið var við annað en vélin gengi eðlilega allt til verkloka, en þá var hún tekin á bíl og flutt á bílasöluna þar sem stefnandi keypti hana.

Álit réttarins:

Ekki er fram komið að stefndi Guðmundur hafi við eða fyrir kaupin séð eða mátt sjá fyrir bilun þá á umræddri skurðgröfu er mál þetta snýst um.

Þótt stefnukrafan sé í sóknarskjölum uppbyggð og rökstudd sem skaðabótakrafa, þá þykir allt að einu unnt að túlka kröfugerð stefnanda svo að hann krefjist til vara afsláttar, og var stefnukrafan öðrum þræði rökstudd út frá afsláttarsjónarmiðum í munnlegum málflutningi.

Það verður því niðurstaða dómarans, þegar öll málsgögn eru virt, þ. á m. framburðir aðila og vitna, viðgerðarreikningar og matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna og framangreind réttarfarsafstaða höfð í huga, að stefnandi eigi rétt á afslætti af kaupverði umræddrar vélar sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000,00.

Vegna kröfugerðar stefnanda dæmast vextir einungis frá 16.9. 1985.

Málskostnaður ákveðst kr. 50.000,00, og er þá tekið tillit til matskostnaðar að fjárhæð kr. 14.000,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Björgúlfsson, Sæbergi 13, Breiðdalsvík, greiði stefnanda, Guðlaugi Úlfarssyni, Laufvangi 4, Hafnarfirði, kr. 100.000,00 með 3,75% vöxtum á mánuði frá 16.9. 1985 til 1.3. 1986, en með 2,75% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 396/1988. **Rafmagnsveita Reykjavíkur**

gegn

Kristjönu Eyvindsdóttur

Kærumál. Áskorunarmál. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, vísaði máli þessu frá bæjarþingi.

Sóknaraðili hefur með kæru 28. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 9. desember sl., kært frávísun málsins frá héraðsdómi sem gerð var með áritun á áskorunarstefnu 21. nóvember sl.

Sóknaraðili krefst þess að umrædd dómsathöfn verði úr gildi felld og málið tekið til áritunar að nýju.

Varnaraðili hefur hvorki gert kröfur né skilað greinargerð þótt henni hafi verið gefinn kostur á því.

Málavextir koma fram í áritun héraðsdómara.

Áfrýjandi hefur stöðvar sínar í Reykjavík og stundar þaðan sölustarfsemi sína. Fellur sölustarfsemi hans þaðan undir ákvæði 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Af því leiðir að fella ber hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða dómsathöfn er felld úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

Áritun á áskorunarstefnu 21. nóvember 1988.

Af gögnum málsins er ljóst að stefnandi rekur orkusölufyrirtæki í Reykjavík. Skuld sú sem málið er höfðað til heimtu á er vegna úttektar stefndu á rafmagni að Hegranesi 7, Garðabæ. Skv. áskorunarstefnunni er stefnda Kristjana Eyvindsdóttir talin búa að Hegranesi 11, Garðabæ. Í sókn, sem lögð var fram við þingfestingu málsins, kveður stefnandi að rétt heimilisfang stefndu sé að Hrísmóum 1, Garðabæ, og var stefnan í máli

þessu birt þar. Mál þetta er hins vegar þingfest og rekið á bæjarþingi Reykjavíkur.

Í þinghaldi 15.11. 1988 var málið endurupptekið að beiðni stefnanda sem lagði fram sókn. Þar kemur fram að stefndu er stefnt á bæjarþing Reykjavíkur á grundvelli 1. mgr. 82. gr. l. 85/1936. Heldur stefnandi því fram að raforka sé ein tegund orku. Kveður hann litið svo á að orka sé vara og geti því fallið undir nefnda grein. Í því sambandi bendir hann á að eldsneyti á bifreiðar og skip sé orka sem talin sé vara. Þá séu rafhlöður orka sem flokkist undir að vera vara. Loks bendir hann á að ýmiss konar þjónusta sé veitt við sölu orkunnar.

Ákvæði 1. mgr. 82. gr. l. 85/1936 voru samin eftir l. 59/1905, en þau tóku aðeins til verslunarskulda, s.s. skulda sem stofnaðar voru við lyfsala, bóksala, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita o.s.frv. sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Með 1. mgr. 82. gr. l. 85/1936 var reglan rýmkuð nokkuð þar sem undir greinina voru einnig felld mál til greiðslu á andvirði vinnu þeirra manna sem höfðu fasta starfstofu. Í athugasemdum við 82. gr. í greinargerð með l. 85/1936 eru læknar, málfærslumenn, smiðir, bifreiða- og hjólaviðgerðarmenn nefndir sem dæmi um menn sem gætu notfært sér hagræði greinarinnar.

Með orðinu vörur í 1. mgr. 82. gr. hafa fræðimenn talið að eingöngu væri átt við verslunarvörur, en ekki önnur verðmæti, þótt þau væru af hendi látin í verslun. Væri hér aðallega átt við tegundarákveðin verðmæti, sem höfð væru á boðstólum fyrir almenning í verslunum. Hið viðvarandi viðskiptasamband á milli stefnanda og stefnda um kaup og sölu á raforku, sem flutt er um orkuvirki stefnanda að Hegranesi 7, Garðabæ, verður því ekki fellt undir hugtökin sölu á „vöru eða vinnu" í 1. mgr. l. 85/1936, skv. heföbundinni skýringu.

Þegar litið er til þess hvernig greinin er sögulega tilkomin og til þess að hér er um að ræða varnarþingsreglu sem er undantekningarregla, verður heldur ekki talið heimilt að skýra 1. mgr. 82. gr. rýmra en orð hennar segja til um, sbr. Hrd. 17. okt. 1988. Þykir afstaða hæstaréttar í Hrd. 1969:1305 og Hrd. 1975:402 einnig styrkja þá niðurstöðu.

Af framansögðu athuguðu þykir ekkert fram komið í málinu um að stefndu sé skylt að svara til saka utan varnarþings síns samkvæmt 73. gr. laga nr. 85/1936. Þykir því ekki verða hjá því komist að vísa máli þessu frá ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá. Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 2/1988. **Þrotabú Akurs hf.**

gegn

Jóni Rafni Högnasyni og

Helga B. Helgasyni

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinnni 5. janúar 1988. Áfrýjað er dómi bæjarþings Akureyrar uppkveðnum af Valtý Sigurðssyni setudómara 7. desember 1987. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. febrúar 1988 og þá frestað til 11. apríl 1988. Var málinu síðan frestað til 2. maí, þá til 2. nóvember og loks til 2. desember sl. Krafðist áfrýjandi þá frekari frests til framlagningar ágrips í málinu til janúarmánaðar 1989.

Stefndu Jón Rafn Högnason og Helgi B. Helgason kröfðust þess að synjað yrði kröfu áfrýjanda um frestun málsins og að málinu yrði vísað frá Hæstarétti. Einnig kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Í greinargerð stefndu er því haldið fram að málið hafi verið dregið af áfrýjanda langt fram yfir það, sem nauðsynlegt hafi verið. Stefndu hafi mjög ríka hagsmuni af því að málið sé ekki tafið þar sem með hinum áfrýjaða dómi hafi löghald sem hvíli á öllum eignum þeirra verið dæmt ólögmætt og fellt úr gildi.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi hefur ekki, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, fengið afhentar dómsgerðir málsins frá undirrétti. Heldur áfrýjandi því fram að setudómari í málinu hafi sent dómsmálaráðuneytinu dómsgerðirnar en þar hafi þær mislagst og finnist ekki.

Lagt hefur verið fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu dagsett 5. þ.m. Þar er ekki dregið í efa að dómsgerðir hafi borist ráðuneytinu, en sagt að þær hafi ekki komið fram þar þrátt fyrir ítrekaða leit.

Með þetta í huga er rétt að veita áfrýjanda frest til 9. janúar 1989. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð :

Málinu er frestað til 9. janúar 1989.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 267/1987. **Hjördís Hvanndal**

gegn

Sigríði Jónu Árnadóttur

Margréti Sigríði Árnadóttur og

Kristni Árna Árnasyni

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. september 1987. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 3. febrúar 1987. Málið er þingfest í Hæstarétti 2. október 1987 og þá frestað til 1. febrúar 1988 til framlagningar dómsgerða, ágrips og greinargerðar áfrýjanda. Þann dag fékk áfrýjandi frest í málinu til 11. apríl 1988, síðan til 1. júní 1988, þá til 3. október 1988 og að síðustu til 2. desember 1988. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í janúar 1989.

Stefndu kröfðust þess að synjað yrði kröfu áfrýjanda um frestun málsins, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og þeim yrði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda.

Í greinargerð stefndu vegna kröfu um frestsynjun er því haldið

fram að áfrýjandi hafi fengið ítrekaða fresti til að afla dómsgerða og ganga frá ágripi en hann hafi ekki nýtt þessa fresti, sem séu langt umfram það sem tiltekið sé í 41. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið hefur áfrýjandi haft um 14 mánuði til að láta útbúa ágrip dómsgerða. Áfrýjandi hefur ekki komið fram með rök sem réttlæta frekari frestun málsins. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti til stefndu þykir hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi Hjördís Hvanndal greiði stefndu Sigríði Jónu Árnadóttur, Margréti Sigríði Árnadóttur og Kristni Árna Árnasyni 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1988.

Nr. 181/1988. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Einari Sigurjónssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Manndráp. Skjalafals. Þjófnaður. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 með áfrýjunarstefnu 30. maí 1988. Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir alla ákæruliði og dæmdur til refsingar, sem verði þyngd frá hinum áfrýjaða dómi, svo og til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna til ríkissjóðs. Krafist er staðfestingar á því ákvæði héraðsdóms, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. ágúst 1987 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar, svo og á niðurstöðum héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og greiðslu sakarkostnaðar í héraði að öðru leyti en því að skaðabætur til Brynjólfs hf. verði ákveðnar 45.251,00 króna.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög frekast leyfa og mótmælir hækkun skaðabóta til Brynjólfs hf. Hann krefst málsvarnarlauna, auk söluskatts, að mati Hæstaréttar.

I.

Ákærði kom fyrir sakadóm Njarðvíkur 30. ágúst 1987 og viðurkenndi að hafa stungið Ingólf Ómar Þorsteinsson með hnífi í brjóstið. Sagði ákærði þá hafa verið að rífast en ekki geta munað tilefnið. Minnti hann, að Ingólfur Ómar hefði setið á stól þegar hann stakk hann. Ákærði skýrði svo frá, að er hann veittist að Ingólfi Ómari hefði Ingólfur reynt að veita mótspyrnu og grípa um hægri handlegg ákærða en það ekki tekist. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu

10. september 1987 skýrði ákærði frá á sömu leið. Eftir honum var þá orðrétt tekið upp í lögregluskýrsluna: „Ég ætlaði að stinga manninn. Ég man ekki til þess að hafa miðað á neinn ákveðinn stað. Mig minnir að ég hafi verið búinn að vera eitthvað með hnífinn í hendinni áður en ég stakk Ingólf Ómar. Ég var búinn að munda hnífinn áður en ég lagði til Ingólfs Ómars en ég man ekki hvort ég sagði eitthvað við hann varðandi hnífinn." Ekki kvaðst hann hafa hugsað út í afleiðingar þess að stinga Ingólf Ómar, þegar hann var ákveðinn í að stinga hann. Við þessa yfirheyrslu var ákærði spurður um þau ummæli hans við handtöku, sem lögreglumenn hafa eftir honum og rakin eru í forsendum hins áfrýjaða dóms. Bókað svar hans er svohljóðandi: „Þetta er rétt. Ég man eftir því að ég sagði þetta."

Hinn 3. nóvember 1987 lýsti ákærði því yfir við lögregluyfirheyrslu, að skýrsla sú, sem tekin var af honum 10. september 1987, væri rétt. Kæmi þar allt fram, sem hann myndi eftir þessu máli, og hefði hann engu þar við að bæta.

Er ákærði kom fyrir dóm eftir útgáfu ákæru kvaðst hann ekki muna allt það er hann hafði borið við fyrri yfirheyrslur. Allt að einu má leggja fyrri framburði hans fyrir dómi og við lögregluyfirheyrslur til grundvallar við mat á refsinæmi verknaðar hans. Verður að telja, að ásetningur ákærða hafi verið að leggja til Ingólfs Ómars, er hann sveiflaði hnífnum fyrir framan hann og konu þá er þarna var og hljóp eftir hjálp. Hlaut ákærða að vera það ljóst, að lífsháski stafaði af atlögu hans, sem hann fylgdi fast eftir, svo sem marka má af skurðsári í greip vinstri handar hins látna. Staðfestir það framburð ákærða fyrir dómi 11. janúar 1988 um átök þeirra um hnífinn.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði hafi unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um brot það er greinir í II. kafla ákæru, svo og um þau brot er greinir í III. kafla ákæru að öðru leyti en hér segir:

a) Ákærða er gefið að sök að hafa brotist inn í lögmannsstofu

í Hafnarfirði og stolið þaðan 14 tékkheftum. Er þetta talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga. Í fórum ákærða fundust 12 notuð tékkhefti, er ekki höfðu fjárgildi. Ákærði kveðst að vísu hafa tekið 14 tékkhefti á skrifstofunni og hafa fleygt tveimur þeirra með tékkaeyðublöðum, er í þeim voru. Engin rannsókn fór fram um sannleiksgildi þessarar frásagnar ákærða og verður ekki á henni byggt. Eins og málflutningi fyrir Hæstarétti var háttað þykir, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, mega sakfella ákærða samkvæmt þessum lið ákæru fyrir tilraun til þjófnaðar, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

b) Er ákærði braust inn hjá Brynjólfi hf. að morgni 29. ágúst 1987 stal hann launaumslögum nokkurra starfsmanna félagsins með peningum í. Í herbergi hans fundust 4.856,00 krónur sem hann kvað vera eftir af þeim peningum, sem hann tók þarna. Peningum þessum var skilað. Þá kom fram, að einum starfsmanni félagsins hafði verið afhent launaumslag án þess að hann kvittaði fyrir því. Í bótakröfu er tekið tillit til þessa. Ekki hafa verið teknar skýrslur af þeim starfsmönnum félagsins sem þarna áttu launaumslög og því ekki útilokað að fleiri hafi fengið afhent laun sín án kvittunar. Við þessar aðstæður er ekki sannað að ákærði hafi slegið eign sinni á meira fé en hann heldur sjálfur fram. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skaðabótakröfu Brynjólfs hf.

c) Lög um dómvexti féllu úr gildi 14. apríl 1987 við gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987 og verða Mjólkursamsölunni dæmdir vextir svo sem greinir í dómsorði.

III.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr., 78. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi 14 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. ágúst 1987 koma refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðbætur ber að staðfesta að öðru leyti en varðar vexti til Mjólkursamsölunnar.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talinna saksóknarlauna til ríkissjóðs og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti svo sem greinir í dómsorði.

Skipaður verjandi ákærða gerir kröfu um söluskatt auk málsvarnarlauna. Samkvæmt 143. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skulu saksóknarlaun til ríkissjóðs og þóknun skipaðs verjanda ákveðin eftir tiltekinni fjárhæð í dómi. Eru fjárhæðir þessar dæmdar án söluskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Sigurjónsson, sæti fangelsi 14 ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhald hans óslitið síðan 30. ágúst 1987.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur eru staðfest, þó þannig að á kröfu Mjólkursamsölunnar falli ársvextir sem hér segir: 14% frá 3. júlí 1987 til 11. júlí s.á., en síðan 15% frá þeim degi til 11. september s.á., 16% til 21. s.m., 17% til 11. október s.á., 19% til 1. nóvember s.á., 21,5% til 21. s.m., 22% til 1. febrúar 1988, 23% til 21. s.m., 22% til 1. mars s.á., 20% til 1. júní s.á., 22% til 11. s.m., 24% til 21. s.m., 26% til 21. ágúst s.á., 25% til 1. september s.á., 12% til 11. október s.á., 9% til 21. s.m., 7% til 21. nóvember s.á., 6% til 1. desember 1988 og loks 4% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 26. febrúar 1988.

Ár 1988, föstudaginn 26. febrúar, er í sakadómi Njarðvíkur, sem haldinn er í dómsalnum Vatnsnesvegi 33, Keflavík, kveðinn upp dómur í máli nr. 3848/1987: Ákæruvaldið gegn Einari Sigurjónssyni sem tekið var til dóms 5. sama mánaðar.

Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 23. nóvember 1987, var opinbert mál höfðað á hendur Einari Sigurjónssyni, lögheimili Selvogsgötu 16, Hafnarfirði, nú gæslufanga Vinnuhælinu Litla-Hrauni, „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

I.

Manndráp.

Ákærða er gefið að sök að hafa laugardaginn 29. ágúst 1987, laust eftir kl. 19:00, svipt Ingólf Ómar Þorsteinsson, fæddan 27. desember 1961, lífi með hnífstungu í hjartað, þar sem þeir voru staddir í herbergi á 2. hæð í verbúð Brynjólfs hf., Innri-Njarðvík.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Skjalafals.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa seint í ágúst 1986 falsað nafnið Gunnar Finnsson sem útgefanda á tékka á eyðublaði nr. 966393 frá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, að fjárhæð kr. 2.500,00, dagsettan 30/8 1986 og notað tékkann til að greiða leigubifreiðarstjóra fyrir akstur. Tékkinn er gefinn út til handhafa með reikningsnúmerinu 1173 og var eyðublaðið stolið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þjófnaðarbrot.

Loks eru ákærða gefin að sök eftirgreind þjófnaðarbrot á árinu 1987:

1) Aðfaranótt mánudagsins 11. maí stolið gullúri með gullarmbandi og sjónvarpsfjarstýringu í íbúð að Bergstaðastræti 11b í Reykjavík.

2) Sömu nótt reynt að brjótast inn í úrsmíðaverslun Franch Michelsen að Laugavegi 39, Reykjavík, í þjófnaðarskyni.

3) Aðfaranótt laugardagsins 20. júní brotist inn í lögmannsstofu Strandgötu 21, Hafnarfirði, og stolið þar 14 tékkheftum.

4) Aðfaranótt sunnudagsins 28. júní brotist inn í húsakynni Osta- og smjörsölunnar að Bitruhálsi 2 í Reykjavík í leit að verðmætum í þjófnaðarskyni, rótað þar til og valdið miklum skemmdum.

5) Aðfaranótt miðvikudagsins 1. júlí brotist inn í húsakynni Mjólkursamsölunnar og Kistufells að Brautarholti 16 í Reykjavík og stolið í húsakynnum Mjólkursamsölunnar Pentax-ljósmyndavél, vínflösku og tveimur tékkum, öðrum að fjárhæð kr. 20.000,00 og hinum án fjárhæðar, en ákærði fyllti hann út með fjárhæðinni kr. 3.000,00 og notaði þannig.

6) Aðfaranótt föstudagsins 3. júlí brotist inn í húsakynni sömu aðila að Brautarholti 16 og stolið frá Mjólkursamsölunni tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, með upp undir 20 ónotuðum eyðublöðum, svo og einum hnífi.

7) Aðfaranótt laugardagsins 15. ágúst brotist inn í Prentstofuna,

Hverfisgötu 32, Reykjavík, og stolið þar myndbandstæki af gerðinni Beta Universum og sambyggðum hljómflutningstækjum af gerðinni Silver.

8) Laugardaginn 29. ágúst brotist inn í fiskverkunarhús Brynjólfs hf., Innri-Njarðvík, og inn í skrifstofu þar og stolið samtals kr. 50.107,- úr launaumslögum.

Þykja framangreind brot ákærða í þessum kafla varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga, hvað varðar liði 2 og 4.

IV.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, þar sem þeirra er krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 20. apríl 1964 í Hafnarfirði. Hann hefur samkvæmt sakavottorði sæst 23 sinnum á greiðslu ölvunarsekta, í fyrsta sinn 12.8. 1980. Sakaferill hans er að öðru leyti sem hér segir:

1983: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarl. Ákæru var frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8.6. 1983.

1984: Dómur: 20 daga fangelsi skb. í 3 ár og 9.000,- kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl.

1984: Áv. og fíkn. Sátt: 3.000,- kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. 5, 1974, sbr. l. 60, 1980, sbr. 9. gr. l. 75, 1982 og 2. sbr. 10. gr. rg. 390, 1974, sbr. 77. gr. hgl.

1984: Dómur: 60 daga fangelsi f. brot g. 248. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 254. gr. hgl.

1985: Dómur: 60 daga fangelsi f. brot g. 244. gr., 248. gr. og 248. gr. (sic), sbr. 20. gr. hgl.

1985: Dómur: 30 daga fangelsi f. brot g. 244. gr. hgl.

1986: Dómur: 2 mán. fangelsi f. brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl.

1986: Dómur: 5 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 244. gr. (sic), sbr. 20. gr. hgl.

1986: 12/9 Dómur: 20 daga fangelsi f. brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl.

1987: Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 244. gr. (sic), sbr. 20. gr. hgl.

1987: Dómur: Sakfelldur f. brot g. 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hgl. Ekki gerð sérstök refsing. Hegn.auki.

Í dómi þessum verður fylgt kaflaskipan ákæruskjals við lýsingu málavaxta samkvæmt framburði ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins. Í IV. kafla verður greint frá niðurstöðum geðheilbrigðisrannsóknar. Í V. kafla verður gerð grein fyrir atriðum er varða rannsókn málsins. Loks verður í VI. kafla skýrt frá niðurstöðum dómsins og afstaða tekin til krafna ákæruvaldsins.

I.

A.

Föstudaginn 28. ágúst 1987, að vinnu lokinni hjá fiskvinnslufyrirtækinu Brynjólfi hf. í Innri-Njarðvík, settist ákærði að drykkju í íveruherbergi íbúðar (eitt herbergi og eldhús) sinnar í verbúð á efri hæð sambyggðra verbúðar- og skrifstofubygginga fyrirtækisins að Njarðvíkurbraut 48, Innri-Njarðvík. Kl. um 22:00 fór hann á dansleik í veitingahúsinu Glaumbergi í Keflavík. Þar hitti hann stúlku sem hann að eigin sögn „kannaðist við úr óreglunni en mundi ekki hvað hét en veit nú að heitir Thelma". Stúlkan, Thelma Michele Cherry, f. 25.10. 1965, hefur borið að hún hafi kynnst ákærða fyrir mörgum árum, einnig Ingólfi Ómari, en þau hafi öll verið Hafnfirðingar. Kl. um 3:00 fóru þau frá Glaumbergi til íbúðar ákærða í verbúðinni. Þau voru bæði undir áhrifum áfengis og héldu áfram drykkju, ákærði þó lengur og braust hann um nóttina inn í skrifstofu verkstjóra Brynjólfs hf. (sbr. kafla III,8). Að áliðnum morgni, kl. 10:00 - 11:00, fóru ákærði og Thelma Michele í leigubifreið til Reykjavíkur með viðkomu í verslun þar sem hann keypti skó handa henni. Þau fóru fyrst í veitingahúsið Ölver en síðan á Hótel Borg, hádegisbarinn, og voru þar við áfengisdrykkju til kl. um 15:00. Þar höfðu þau hitt piltana Ingólf Ómar Þorsteinsson, Sigurbjörn Þorsteinsson, f. 11.11. 1958, og Trausta, f. 21.4. 1963, bróður ákærða. Öll fóru þessi ungmenni síðan í leigubifreið frá Lækjargötu áleiðis til Njarðvíkur. Í Garðabæ fór ákærði í hús nokkurt og keypti áfengi. Er hann kom aftur í bifreiðina rak hann Trausta út úr henni. Í Hafnarfirði var fyrst komið við heima hjá Sigurbirni, Hólabraut 5, þar sem hann skipti um föt. Síðan var haldið að heimili móður ákærða við Bröttukinn, þar sem ákærði og Thelma Michele fóru inn, en á meðan þau dvöldust þar yfirgaf Sigurbjörn bifreiðina. Ákærði, Ingólfur Ómar, og Thelma Michele héldu áfram til Njarðvíkur, og mun klukkan hafa verið rétt um 18:00 er þau komu að verbúð Brynjólfs hf.

B.

Laugardaginn 29. ágúst 1987, kl. 19:17, var hringt á lögreglustöðina í Keflavík og óskað skjótrar aðstoðar að verbúð Brynjólfs hf., Innri-Njarðvík, vegna manna er slægjust þar með hnífum. Stefán Thordersen aðstoðarvarðstjóri og lögreglumennirnir Magnús Ingi Jónsson og Jóhannes Albert Kristbjörnsson óku þegar á vettvang með aðvörunarljós lögreglubifreiðar tendruð. Sóttist þeim ferðin greiðlega og munu þeir hafa verið 3 - 4 mínútur á leiðinni. Þeir hittu fyrir Björn Ágúst Jónsson, yfirverkstjóra hjá Brynjólfi hf., sem kvaðst hafa tilkynnt um atburðinn, og Thelmu Michele Cherry, „Vatnsnesvegi 5, Keflavík, en dvelur lengstum að Laugavegi 51B, Reykjavík" (til heimilis að Hópi, Grindavík, 15. janúar 1988, er hún gaf skýrslu

fyrir dómi). Vísuðu þau lögreglumönnunum á hurð að stigagangi, er liggur að íbúð ákærða og öðrum verbúðarherbergjum. Hún var læst og dirkaði Björn Ágúst hana upp. Í herbergi á annarri hæð var Ingólfur Ómar í sitjandi stellingu á gólfinu upp við borð milli tveggja svefnbekkja. Sneri vinstri hlið skáhallt að dyrunum. Ekkert lífsmark var með honum. Skurðsár var á vinstri hönd og stungusár á brjóstholi.

Í skýrslu Stefáns Thordersen greinir frá því, að gallaskyrta hins látna hafi verið blóðug og blóðblettir á gólfi þar sem hann hafði setið og á svefnbekki. Nánar er aðstæðum á vettvangi ætlaðs brots og atvikum að handtöku ákærða lýst þannig:

„Á borði milli títtnefndra svefnbekkja lá flökunarhnífur með svörtu skefti. Var blóð á hnífsblaðinu að skeptinu. Inni í herberginu var allt á rúi og stúi líkt og átök hefðu átt sér stað þar.

Mikill áfengisþefur var þarna inni og plötuspilari, sem inni í herberginu var, var í gangi. Engin hljómplata var á skífu þeirri sem ætluð er fyrir þær heldur lá hljómplata á gólfi við borð sem plötuspilarinn var á. Á eldhúsgólfi lágu gallaföt, kveikt var á hellu á eldavélinni og virtist sem hellan væri orðin mjög heit. Rifið dagblað með brunnum enda lá á eldhúsborði.

Eftir að við vorum komnir upp í herbergi verbúðarinnar veittum við hinum grunaða, Einari Sigurjónssyni, ekki athygli en stuttu síðar birtist hann allt í einu og var hann tekinn og færður í járn. Hann virtist vera mikið undir áhrifum áfengis. Hann var klæddur ljósbrúnum stuttbuxum og var blóðblettur á hægri skálminni. Á hægra læri var umvafið hvítt plastteip og virtist okkur vera stungufar eftir sprautunál rétt neðan við teipið."

Stefán Thordersen kveður sjúkrabifreið hafa komið á staðinn um 5 mínútum síðar með sjúkraflutningamennina Ingimar Guðnason og Hjörleif Ingólfsson. Ingimar hafi skoðað Ingólf Ómar og talið hann vera látinn, en kl. 19:45 - 19:50 hafi Hreggviður Hermannsson heilsugæslulæknir komið og úrskurðað hann látinn. Skömmu síðar kom John Hill rannsóknarlögreglumaður (lögreglufulltrúi í Keflavík) og tók ljósmyndir af vettvangi. Einnig voru lögreglumennirnir Gunnar Aðalsteinn Björnsson og Hjörtur Davíðsson kvaddir til aðstoðar.

Hinn látni var því næst fluttur í líkhús Sjúkrahúss Keflavíkur. Farið var með ákærða og Thelmu Michele í fangaklefa lögreglustöðvarinnar í Keflavík. Þeim voru tekin blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. um 21:45.

Að kvöldi umrædds dags gerði Magnús Ingi Jónsson vettvangsuppdrátt, sem ekki var nákvæmur eða í réttum stærðarhlutföllum. Var það að fyrirlagi Stefáns Thordersen, sem taldi ekki þörf nákvæmrar teikningar af hálfu Magnúsar Inga því að rannsóknarlögreglan í Keflavík mundi annast um slíkt sem og rannsókn málsins að öðru leyti.

John Hill lögreglufulltrúi hafði samband við skrifstofur Rannsóknarlög-

reglu ríkisins kl. um 11:00 sunnudaginn 30. ágúst og skýrði frá því, sem gerst hafði. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins ákvað síðan að höfðu samráði við bæjarfógetann í Keflavík, að Rannsóknarlögregla ríkisins yfirtæki rannsókn málsins. Fór hann kl. um 13:30 til Keflavíkur ásamt Ragnari Vigni aðstoðaryfirlögregluþjóni, Sigurbirni Víði Eggertssyni lögreglufulltrúa og rannsóknarlögreglumönnunum Bjarna Jóhanni Bogasyni og Gísla Pálssyni. Lögreglan í Keflavík annaðist vörslu á vettvangi þar til rannsóknarlögreglumennirnir komu.

C.

Björn Ágúst Jónsson gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík að kvöldi laugardagsins 29. ágúst 1987 og síðar einnig fyrir dómi. Daginn eftir yfirheyrði Sigurbjörn Víðir Eggertsson Thelmu Michele Cherry og ákærða, sem einnig var yfirheyrður af dómara sama dag.

Thelma Michele gaf að nýju skýrslu við dómsrannsókn málsins. Að sinni skal þess eins getið að hún var ekki sjónarvottur að voðaverki því, sem um ræðir í málinu, en hins vegar aðalvitni um aðdraganda þess.

Við framangreindar yfirheyrslur yfir ákærða voru meginatriði framburða hans þessi:

Hann var í herbergi sínu í verbúðinni ásamt Ingólfi Ómari Þorsteinssyni og Thelmu Michele Cherry. Þau mjög ölvuð. Milli ákærða og Ingólfs Ómars upphófst rifrildi, án þess að tilefni yrði munað, en þeir höfðu þekkst lengi og deilur eða illindi ekki orðið með þeim umfram það, sem „gengur og gerist". Hann var kominn með hníf í hægri hönd og stakk Ingólf Ómar í brjóstið. Þeir voru þá einir í íbúðinni og kvað ákærði sig minna, að Ingólfur Ómar hefði setið á stól. Hann veitti mótspyrnu er ákærði veittist að honum og reyndi án árangurs að grípa um hægri handlegg hans. Er ákærði hafði stungið Ingólf Ómar fór hann í annað herbergi á sömu hæð, horfði út um glugga og sá þegar lögreglumenn þustu að húsinu.

Vitnið Björn Ágúst Jónsson framleiðslustjóri, Laxakvísl 2, Reykjavík, var yfirverkstjóri hjá Brynjólfi hf., er atburðir máls þessa urðu og hafði íbúð að Njarðvíkurbraut 46 B.

Björn Ágúst kvaðst hafa farið inn í íbúð ákærða kl. um 17:00 umræddan laugardag vegna þess að grunur hefði fallið á hann um fyrrgreint innbrot. Útihurð og hurð að stigauppgangi að íbúð ákærða hafi verið ólæstar. Aðkomu í herbergið lýsti hann svo, að þar hefði allt verið á rúi og stúi og m.a. lausar sessur á gólfinu. Tveir svefnbekkir hafi verið þar. Þeir hafi staðið saman og svo virst sem þar hefðu tvær manneskjur sofið. Hann skýrði svo frá að skömmu fyrir kl. 19:00 hefði hann verið á förum heiman frá sér. Þegar hann er kominn út á tröppurnar kemur ung kona, þó nokkuð mikið drukkin, hlaupandi til hans og biður um hjálp af því að það séu

menn að slást í verbúðunum. Hún biður hann grátandi að koma undireins, þeir séu að berjast með hnífum og „ætla að drepa hvorn annan". Hann kvaðst þegar hafa hringt í lögreglu og hlaupið síðan yfir í verbúðina, 50 - 60 metra. Hurðin upp í íbúðina hafi reynst vera læst. (Á henni var húnn með læsingarsnerli að innanverðu.) Hann kvað ákærða ekki hafa svarað ítrekuðum köllum og engin merki verið um mannaferðir. Hann kvaðst hafa hlaupið yfir í íbúð í sama húsi, fengið þar borðhníf til að dírka upp hurðina og komið aftur til baka að dyrunum um leið og þrír lögreglumenn. Björn Ágúst og Thelma Michele voru um stund í skrifstofubyggingu Brynjólfs hf. í umsjá lögreglumanns. Hún sagði þá frá atburðum dagsins, en var mjög æst. Björn Ágúst kvaðst hafa hitt þau saman, stúlkuna og ákærða, í Glaumbergi kvöldið áður og hefði ákærði kynnt hana fyrir sér sem kærustu sína. Hann kvað þau hafa verið nokkuð drukkin, en tók fram að viðmót ákærða gagnvart sér hefði sem endranær verið gott og framkoma hans eðlileg. Kvað hann ákærða hafa reynst afbragðs starfsmann þá 2 mánuði, sem hann hefði verið í þjónustu Brynjólfs hf.

D.

1. Ragnar Vignir og Bjarni Jóhann Bogason segja meðal annars svo í skýrslu um rannsókn á vettvangi:

— — —

Rannsóknarlögreglumennirnir tóku ljósmyndir á vettvangi og gerðu af honum uppdrætti. Einnig skoðuðu þeir ákærða og ljósmynduðu. Hann var ekki með skurðsár eða aðra nýja áverka en hins vegar ýmis gömul ör. Hann kveinkað sér, er tekið var á hægri úlnlið hans og kvaðst vera með eymsli þar.

Af ítarlegri lýsingu rannsóknarlögreglumanna á eldhúsi, hnífi, sem var á sófaborði í herbergi ákærða, og fatnaði hans verður eftirfarandi tilgreint:

Eldhús.

Í skúffu voru 5 hnífar, þar af 3 flökunarhnífar með svörtu skefti. Á gólfi við gluggavegginn var rakt, blóðugt handklæði og blóðblettir á vaskbrún og á gólfi framan við vaskinn.

Hnífur.

Flatningshnífur með svörtu skefti, vel beittur. Heildarlengd 27,2 cm. Lengd blaðs 13,8 cm og mesta breidd 25,5 mm. Blaðið var blóðugt 11,5 cm frá oddi og efst á því fita.

Fatnaður.

Blóð var á stuttbuxum ákærða, m.a. 7,5 cm langur blóðtaumur á hægri skálm framanverðri. Aftan á buxunum voru litlir blóðblettir, aðallega á vinstri skálm.

Mánudaginn 31. ágúst kl. um 13:30 var komið með lík Ingólfs Ómars Þorsteinssonar í líkhús rannsóknarstofu Háskóla Íslands við Barónsstíg. Í skýrslu rannsóknarlögreglumanna um skoðun líks og fatnaðar segir m.a. svo: „Mittisúlpa: ... Stungugat er á hægri boðung í gegn, við rennilás 10 cm fyrir neðan hálsmál. Gatið mælist 21 mm að lengd. Það hallar um 45 gráður miðað við lóðréttan saum við rennilás... Skyrta: ... Brún boðungs, sú sem er að innan þegar skyrtunni er smellt saman að framan, er með skurði sem mælist 6 mm langur. Hann hallar eins og stungugatið á mittisúlpunni. Skurðurinn mælist 19 cm frá tölunni í hálsmáli. Samkvæmt þessu virðist skyrtan hafa verið ósmellt, opin, þegar skurðurinn kom í boðunginn og gegnum mittisúlpuna..."

Gunnlaugur Björn Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, annaðist krufningu á líkinu. Í skýrslu hans greinir m.a. eftirfarandi:

„Á líkinu sjást eftirfarandi áverkar: Á ofanverðum brjóstvegg 2 cm frá miðlínu er sár, sem mælist 1,9 cm að lengd og 0,7 cm að breidd. Situr dál. blóðstorka í sárinu. Blóð er á hörundi umhverfis. Í vi. greip er skurðsár, sem mælist 7,5 cm á lengd og gapir það nokkuð eða 1,5 cm þar sem mest er. Hefur hörundið verið sprett í sundur og sér í vöðva undir. Minni háttar hrufl er á hnúum vísi- og baugfingurs ásamt skurðfari eftir hring þann, sem lýst er á hæ. baugfingri. Það örlar einnig fyrir hrufli á hnúa vi. handar. Nýleg rispa er á neðanverðum kviðvegg ofan við nárann, 4,5 cm að lengd, og byrjar hún hliðlægt með dál. stungu í hörundið en grynnkar nær miðlínu. Smávegis mar er á hné hæ., innanverðu. Þegar meginslagæð er opnuð sést að stunga sú, sem lýst er framan og ofan til á hjartanu á mótum meginslagæðar til lungna, hefur gengið í gegnum bakvegg pulmonal æðarinnar, inn í meginslagæðina og er þar 1 cm rifa. Blæðingar eru í mjúkvefjum í kring. Heildarlengd stungusársins er u.þ.b. 12 cm frá yfirborði og samsvarar því að það hafi verið veitt með oddhvössu áhaldi, smámjókkandi fram í oddinn. Þannig má sjá að áverkinn endar í fituvefnum við rætur meginslagæðar.

Samkvæmt niðurstöðu réttarefnafræðilegrar rannsóknar reyndist etanól 3.3‰ í blóði og 4.1‰ í þvagi. Ekki fundust kannabínóíðar né amfetamín.

Ályktun:

Samkvæmt því, sem fram kemur úr lögregluskýrslum, svo og því er fannst við krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má ályktа að maðurinn hafi látist af völdum blæðingar úr stungusári, sem gekk í gegnum hjarta og meginslagæðar. Lögun og dýpt stungusársins getur komið heim við hníf

þann, sem fannst á vettvangi og er í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hann var mjög ölvaður er hann lést."

Samkvæmt vottorðum Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða vera yfir 3‰, en í blóði Thelmu Michele Cherry 1,72‰.

Niðurstaða blóðflokkagreiningar, sem framkvæmd var að tilstuðlan Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði í The London Hospital Medical College, varð sú: „... að í þeim kerfum, sem auðið var að rannsaka, reyndist blóðflokkurinn sá sami í sýnunum fjórum, sem send voru af rannsóknarlögreglunni (hnífi, skyrtu Ingólfs Ómars, gallabuxum Ingólfs Ómars og stuttbuxum Einars Sigurjónssonar), eða O-blóðflokkur. Hins vegar er Einar Sigurjónsson í A-blóðflokki."

2. Lögreglumenn þeir, sem nefndir hafa verið hér að framan, sjúkraflutningamenn, læknir og prófessor í réttarlæknisfræði hafa borið vætti við dómpróf málsins og, eftir því sem við á, staðfest skýrslur sínar, ljósmyndir og skýringartexta þeirra, vettvangsuppdrætti og vottorð.

Vitnið Gunnlaugur Björn Geirsson prófessor var inntur álits varðandi ákomur á líki Ingólfs Ómars (hrufl, rispu og mar), hvort líklegt væri að þær hefðu komið sama dag og maðurinn lést. Hann treysti sér ekki til að svara þessu vegna þess hve langt var um liðið frá andlátinu er honum gafst tækifæri til líkskoðunar, þ.e. 31. ágúst eða sama dag og tæknimönnum Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vegna þessarar tafar kvað hann ekki heldur hafa reynst unnt að flokkagreina blóð sem tekið var úr líkinu. Hann kvaðst þegar mundu hafa komið á vettvang, hefði hann verið tilkvaddur eins og venja sé á lögsögusvæði Rannsóknarlögreglu ríkisins, þegar slíkir atburðir gerast.

Við athugun vettvangsuppdrátta og ljósmynda af herbergi ákærða verður ljóst, að á tímabilinu frá komu lögreglunnar í Keflavík til þess er rannsóknarlögreglumennirnir komu á vettvang hafði ruggustóll, sem stóð á milli hljómtækjaborðs og svefnbekkjar, verið færður í norðurhorn herbergisins, á hvolf, og var sessa úr honum í vesturhorni.

Vitnið Stefán Thordersen aðstoðarvarðstjóri greindi frá því, að hann hefði komið fyrstur lögreglumanna inn í herbergi ákærða. Hann kvaðst ekki hafa greint lífsmark með Ingólfi Ómari, sem sat á gólfinu með höfuð hallandi niður og til hliðar. Á skyrtubrjósti var blóð og hjartsláttur fannst ekki á hálsi eða púlsi. Hann kvaðst hafa hent ruggustóli upp á svefnbekk til að geta lagt Ingólf Ómar niður. Er hann hafði gert það, heyrðist frá honum andvarp (andvörp), en eftir það varð ekki vart neinna lífsmerkja. Einnig kvaðst hann hafa tekið sessur, sem lágu á við og dreif um herbergið og sett undir fætur Ingólfs Ómars. Hann kvaðst síðan hafa fyrirskipað lögreglumönnunum Jóhannesi Alberti Kristbjörnssyni og Magnúsi Inga

Jónssyni að leita að hinum manninum, sem sagður hafði verið á sömu hæð hússins.

Vitnið Ingólfur Guðnason sjúkraflutningamaður skýrði svo frá, að er hann kom á vettvang hefði legið þar maður, og við könnun hvorki fundist frá honum andardráttur né púls verið greindur. Í herberginu hefði „allt virst vera á öðrum endanum og greinilega eftir átök". Minnti hann að hann hefði í fáti fært stól, sem stóð við höfuð líksins; lyft honum í horn herbergisins.

Vitnið Magnús Ingi Jónsson lögreglumaður kvað þá Jóhannes Albert ekki hafa fundið „hinn manninn" í fyrstu og hefði hann þá farið út fyrir húsið, en er hann kom inn aftur hafi Jóhannes Albert verið búinn að handjárna ákærða í miðherbergi þeirra þriggja, sem eru á vinstri hönd, þegar komið er upp á efri hæð verbúðarbyggingarinnar.

Vitnið Jóhannes Albert Kristbjörnsson lögreglumaður kvað þá Magnús Inga ekki hafa fundið neinn í verbúðinni í fyrstu. Stuttu síðar hafi ákærði komið úr austasta herberginu við suðvesturhlið verbúðarinnar inn í miðherbergið. Hann hafi gengið reikult og ekki virst átta sig á því að lögreglan var á staðnum fyrr en þegar verið var að handjárna hann. Hann kvað ákærða ekki hafa virst vera miklu meira en göngufæran eða færan um að taka neinar ákvarðanir.

Í frumlögregluskýrslu eru tilgreind ummæli ákærða. Annars vegar er haft eftir John Hill lögreglufulltrúa að ákærði hafi spurt hann á vettvangi „hvort hann væri ekki dauður þessi andskoti". Hins vegar að hann hafi sagt við Gunnar Aðalstein Björnsson lögreglumann er verið var að flytja hann til lögreglustöðvar: „Er hann ekki dauður þetta helvítis fífl? Ég vona það."

Vitnið John Hill lögreglufulltrúi kvaðst hafa reynt að tala við ákærða þar sem hann lá í herberginu, sem hann hafði verið handtekinn í. Hann hafi ekki ansað í fyrstu og virst hálf-rænulaus en síðan viðhaft tilgreind ummæli.

Vitnið Hjörtur Daviðsson kvaðst hafa setið einn hjá ákærða í „búri" lögreglubifreiðar, sem flutti hann brott frá vettvangi til lögreglustöðvar. Staðfesti hann að ákærði hefði þá viðhaft ummæli þau, sem áður greinir.

Ákærði kvaðst við yfirheyrslu fyrir dómi ekki muna eftir að hafa viðhaft tilvitnuð ummæli við Hjört Daviðsson, en: „Ég man að ég var eitthvað að öskra á þá þarna uppi þegar þeir komu."

E.

Sigurður Ásgeirsson bifreiðastjóri, Holtagerði 39, Kópavogi, ók leigubifreiðinni frá Reykjavík til Njarðvíkur í umrætt sinn (sbr. kafla I, A). Hann kvað þann sem sat frammi í bifreiðinni (ákærða) hafa verið æstan

í skapi frá upphafi ferðar. Af minnsta tilefni hafi hann verið með alls kyns hótanir við samferðafólkið og nokkrum sinnum hótað að drepa einhvern. Kvaðst hann ítrekað hafa þurft að stöðva bifreiðina vegna þess að ákærði ætlaði að reka einhvern út. Hann kvað ákærða og „háa manninn" (Ingólf Ómar) hafa eitthvað verið að kýtast í Hafnarfirði, en það hafi jafnast og þeir talað um að þeir væru alltaf vinir. Er suður fyrir Hafnarfjörð kom, hafi þeir sofnað, enda verið orðnir mjög ölvaðir, en stúlkan (Thelma Michele), sem sat við hlið Ingólfs Ómars, hafi ekki virst mjög ölvuð. Hann kvað ákærða hafa vaknað skömmu áður en komið var að Grindavíkurveginum. Hann hafi umhverfst af reiði er hann sá að Ingólfur Ómar hallaði sér að stúlkunni og hótað tvisvar á þeim hluta leiðarinnar sem eftir var að henda þeim út úr bifreiðinni og jafnframt viðhaft hótun um að drepa. Hann kvað stúlkuna hafa svarað ákærða en Ingólf Ómar ekkert hafa sagt.

Vitnið Sigurbjörn Þorsteinsson iðnverkamaður, Hólabraut 5, Hafnarfirði, var vinur Ingólfs Ómars og höfðu þeir farið saman á Hótel Borg, en ekki þekkti hann hitt fólkið í leigubifreiðinni. Hann skýrði svo frá, að ákærði hefði verið með læti, rifist við bróður sinn og rekið hann út úr bifreiðinni í Garðabæ. Ingólfur Ómar hafi ekki dregist inn í rifrildi og engin spenna tengst veru hans í bifreiðinni.

Vitnið Thelma Michele lýsti framkomu ákærða í leigubifreiðinni þannig, að hann hefði verið með ölvunarrugl og „derring". Hún mundi ekki eftir að hann hefði sagt: „Ég skal drepa þig" eða „Ég skal drepa ykkur." Hún kvað ekkert hafa verið rifist á leiðinni frá Hafnarfirði, en einu sinni eða tvisvar hafi verið stansað vegna þess að ákærði hafi ætlað að henda Ingólfi Ómari út úr bifreiðinni að tilefnislausu.

Ákærði kvaðst hafa verið í vondu skapi á leiðinni af því að farist hefði fyrir að hann keypti fikniefni í Reykjavík eins og hann hefði ætlað sér. Hann kvaðst minnast þess að hafa rifist við Ingólf Ómar án nokkurs tilefnis. Hann mundi eftir að hafa gengið inn í verbúðina að ferð lokinni ásamt Thelmu Michele og Ingólfi Ómari.

F.

Vitnið Thelma Michele skýrði frá atvikum eftir að í verbúðina var komið í meginatriðum á eftirfarandi hátt:

Þau fengu sér í glas, hlustuðu á tónlist og hún settist niður við að skrifa bréf. Ákærði fór allt í einu eitthvað að æsa sig, tók flösku og fleygði henni niður stigann. Síðan fór hann fram í eldhús og kom aftur sveiflandi hnífi. Ingólfur Ómar stóð á gólfinu, en ákærði hrinti honum þannig að hann lenti á svefnbekknum sem nær var dyrunum. Ákærði og Ingólfur Ómar höfðu ekki verið að deila og engin átök verið milli þeirra. Hún settist við hlið Ingólfs Ómars. Ákærði hélt áfram að sveifla hnífnum þegjandi í

kringum sig og framan í þau. Ingólfur Ómar sýndi enga tilburði til að bera hönd fyrir sig og virtist sljór, líkt og hálfsofandi, sökum drykkju. Hún sagði ákærða að hætta og sparkaði í hann, en án árangurs. Tókst henni að komast fram hjá honum og hljóp hún út úr húsinu til að leita hjálpar. Hurðina á neðri hæð að uppganginum skildi hún eftir opna.

Ákærði kveðst aðeins muna eftir atvikum á köflum eftir að hann kom í íbúð sína í verbúð Brynjólfs hf. ásamt Ingólfi Ómari Þorsteinssyni og Thelmu Michele Cherry. Frá þeim skýrir hann í aðalatriðum þannig við yfirheyrslur fyrir dómi þ. 11. janúar og 1. febrúar sl.:

Ákærði kveðst, skömmu eftir að inn var komið, hafa farið úr jakka, sem við vettvangskönnun reyndist vera á sófaborði, og gallabuxum, sem voru á eldhúsgólfi. Armbandsúrið, sem fannst á gólfi herbergis hans, kannast hann ekki við að hafa séð áður og veit ekki hvers vegna hljóðdós var þar, sem raun ber vitni, en hún hafði verið á plötuspilaranum kvöldið áður.

Hann kveðst hafa verið að drekka áfengi, spilað tónlist af snældu og rifist við fólkið „eins og vanalega".

Um nánasta aðdraganda voðaverknaðarins segir ákærði að hann muni ekki eftir átökum milli þeirra Ingólfs Ómars, en eitthvað hafi þeir verið að ýta hvor við öðrum. Hann minnist þess að hafa haldið á hníf og geti vel verið að hann hafi sveiflað honum í kringum sig. Eitthvað hafi hann öskrað á Ingólf Ómar og Thelmu Michele. Hann kveður Ingólf Ómar hafa reynt að veita viðnám með því að taka í hönd hans eða handlegg, og til átaka hafi komið milli þeirra um hnífinn. Síðan hafi „slokknað á sér" þar til hann hafi séð Ingólf Ómar liggjandi á gólfinu og var blóð á honum. Hann man ekki eftir að hafa farið inn í eldhúsið eða niður stigann til að loka hurðinni.

Ákærði staðhæfði að hann hefði ekki haft neina ástæðu til að vilja Ingólf Ómar feigan og engan ásetning haft um að deyða hann. Hann kvað það vera algengt orðbragð í kunningjahópi sínum að manndrápshótanir væru viðhafðar. Hann gaf þá skýringu á óeðlilegum fjölda hnífa í eldhússkúffu að þeir hefðu fylgt íbúð sem hann hafði áður í verbúðinni og hann tekið þá með sér við flutninginn.

II.

Laugardaginn 30. ágúst 1986 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um þjófnaði úr skápum starfsmanna Stálsmiðjunnar, Brunnstíg 3, Reykjavík. Meðal þess, sem hvarf, var tékkhefti frá Alþýðubankanum hf. Við rannsókn upplýstist að piltur, sem brotist hafði inn í Stálsmiðjuna, hefði gefið ákærða eyðublað nr. 966393 úr heftinu. Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa útfyllt eyðublaðið eins og greint er í ákæru og notað það til að greiða leigubifreiðastjóra fyrir akstur kr. 700.00 - kr. 800,00, en

mismunur fengist greiddur í reiðufé og verið notaður til áfengiskaupa. Tékkann framseldi ákærði á réttan hátt.

Þórður Leví Björnsson leigubifreiðastjóri, Hraunbæ 60, Reykjavík, hefur krafist þess að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér tékkafjárhæðina og hefur ákærði samþykkt kröfuna.

III.

1.

Mánudaginn 11. maí 1987 kl. 05:30 var lögreglan í Reykjavík kvödd að Laugavegi 36 vegna ölvaðs manns, er lægi í sorpgeymslu á baklóð. Reyndist þar um að ræða ákærða í máli þessu. Meðferðis hafði hann Timex gullúr með gullarmbandi, svo til nýtt, og sjónvarpsfjarstýringu.

Ákærði hefur skýrt svo frá að hann muni ekki hvernig hann komst yfir þessa hluti. Benjamín Gunnlaugsson, Bergstaðastræti 11 B, Reykjavík, hefur borið, að ákærði hafi verið gestkomandi á heimili hans fyrr um nóttina undir áhrifum lyfja eða áfengis og þá hnuplað framangreindum munum.

2.

Á sama tíma og að framan greinir (kafli III, 1) var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að þjófabjalla væri í gangi í úrsmíðaverslun F. Michaelsen, Laugavegi 39, Reykjavík. Reyndist rúða í framhurð verslunarinnar vera brotin og á gólfi var stór grjóthnullungur. Fyrir utan verslunarhurðina voru blóðdropar, en ákærði var illa skorinn á jaðri hægri handar og blæddi talsvert úr sárinu. Eigandi verslunarinnar kom á staðinn og taldi að ekkert væri horfið úr henni.

Ákærði kveðst ekkert geta sagt um rúðubrotið, hvort hann hafi verið þar að verki eða ekki, þar sem hann muni ekkert eftir sér og viti ekki hvernig hann hafi hlotið skurðsárið.

3.

Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa brotist inn í lögmannsskrifstofu Ingvars Björnssonar og Péturs Kjerúlfs, Strandgötu 21, Hafnarfirði, aðfaranótt laugardagsins 20. júní 1987 og tekið þaðan 14 tékkhefti, sem voru í skrifborðsskúffu. Í heftunum voru engin blöð. Ákærði hafði verið handtekinn vegna ölvunar á almannafæri og var þá með tékkheftin, er lögreglunni barst kæra vegna innbrotsins.

4.

Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. júní 1987 brotist inn í húsakynni

Osta- og smjörsölunnar að Bitruhálsi 2, Reykjavík, í leit að verðmætum í þjófnaðarskyni.

Ákærði var undir áhrifum áfengis og komst inn með því að brjóta rúðu í hurð fyrir bifreiðageymslu. Hann rótaði til í skrifborðum í skrifstofuherbergjum og á lager, sprengdi upp skúffur og fleygði þeim út um gólf. Hann lokaðist inni á lagernum, þar sem hurðin var útbúin með raflæsingu og ekki opnanleg að innanverðu nema fyrir kunnuga. Þar var komið að honum um miðjan næsta dag.

5.

Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 1. júlí 1987 brotist inn í húsakynni Mjólkursamsölunnar og Kistufells að Brautarholti 16, Reykjavík, og stolið í húsakynnum Mjólkursamsölunnar Pentax ljósmyndavél, áfengisflösku og tveimur tékkum, öðrum að fjárhæð kr. 20.000,00 og hinum án fjárhæðar, sem hann fyllti út með fjárhæðinni kr. 3.000,00 og notaði þannig.

Ákærði komst inn í húsið með því að brjóta rúðu á jarðhæð og braut hann upp hurðir á þremur hæðum hússins, en á hinni efstu þeirra er skrifstofa Mjólkursamsölunnar.

6.

Með skýrslum ákærða hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði braust aðfaranótt föstudagsins 3. júlí 1987 inn í húsakynni Kistufells og Mjólkursamsölunnar, Brautarholti 16, Reykjavík, og stal frá Mjólkursamsölunni tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, með upp undir 20 ónotuðum eyðublöðum, svo og skrauthnífi.

Innbrotið í húsið var framið á sama hátt og fyrr (kafli III, 5). Auk rúðubrotsins voru 2 hurðir að stigagangi á 3. hæð hússins brotnar.

Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður og „dópaður" og ekkert muna eftir innbrotinu.

Vegna brota ákærða, sem umræðir í þessum kafla og kafla III, 5, hafa verið gerðar bótakröfur: Mjólkursamsalan kr. 67.166,00 ásamt dómvöxtum frá innbrotsdegi til greiðsludags og Kistufell kr. 72.960,00. Ákærði hefur samþykkt kröfurnar.

7.

Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. águst 1987 brotist inn í Prentstofuna, Hverfisgötu 32, Reykjavík, og stolið úr íbúð eigandans í sama húsi

myndbandstæki af gerðinni Beta Universum og sambyggðum hljómflutningstækjum af gerðinni Silver.

Innbrotið framdi ákærði með því að brjóta gler í opnanlegum glugga. Þýfið fannst í herbergi hans í verbúð Brynjólfs hf.

8.

Að morgni laugardagsins 29. ágúst 1987 braust ákærði inn í fiskverkunarhús Brynjólfs hf., Njarðvík, og braut sér leið inn í skrifstofu verkstjóra, Björns Ágústs Jónssonar, á 2. hæð. Hann hafði daginn áður séð, að launaumslög voru geymd þar í skrifborðsskúffu. Skúffan var læst, en með lykli í skránni. Tók ákærði umslög með launum starfsmanna fyrirtækisins, sem höfðu ekki sótt þau við útborgun daginn áður eða 2 fyrri föstudaga.

Björn Ágúst Jónsson krafðist þess í fyrstu að ákærði yrði dæmdur til að greiða Brynjólfi hf. kr. 54.751,00, en síðar var krafan lækkuð í kr. 50.107,00 þar sem í ljós kom, að launaumslag hafði verið afhent eiganda, án þess að hann kvittaði fyrir móttöku. Bótakröfunni til stuðnings hafa verið lögð fram gögn úr bókhaldi fyrirtækisins, sem sýna hverjir starfsmanna höfðu ekki kvittað fyrir móttöku launa. Ákærði hefur samþykkt að greiða kr. 25.000,00 og kveður þýfið ekki geta hafa numið hærri fjárhæð. Í herbergi hans fundust kr. 4.856,00. Peningana notaði ákærði að öðru leyti til skókaupa og til að kosta ferð til Reykjavíkur (sbr. kafla I, A). Hann gat þess, að fyrirframgreiðslur hefðu nokkuð verið tíðkaðar.

IV.

Hannesi Péturssyni yfirlækni var falið að rannsaka geðheilbrigði ákærða. Verða hér á eftir teknir upp niðurlagskaflar skýrslu hans, sem dagsett er 29. september 1987:

„Geðskoðun:

Geðslag Einars einkenndist í upphafi af nokkurri spennu og einnig skorti nokkuð á samvinnufýsi hans í viðtölum. Hann bar stundum fyrir sig að hann vildi ekki ræða málin og að undirritaður gæti leitað upplýsinga annars staðar. Þegar leið á seinni hluta rannsóknarinnar varð Einars hins vegar jákvæðari og skýrði greiðlegar frá, en eftir sem áður var erfitt að fá hann til þess að tjá sig um persónuleg málefni. Ekkert sérstakt var athugavert við almenna hegðan Einars, útlit, hreyfingar eða klæðaburð. Tjáning og tal voru að mestu eðlileg. Aðspurður um það hvort hann fyndi til sektarkenndar vegna þessa verknaðar svaraði Einar: „Nei, það var erfitt fyrst að fatta þetta, átti ekki að ske, hefði getað komið fyrir hvern sem er.“ Einar lítur á verknað þann er hann er grunaður um sem slys. Að

öðru leyti voru tilfinningaviðbrögð Einars í samræmi við umræðuefnið hverju sinni.

Við skoðunina greindust ekki einkenni svo sem ofskynjanir, haldvillur eða sérviskulegur hugsunarháttur er bent gætu til meiriháttar geðveiki. Ekki varð heldur vart einkenna um meiriháttar taugaveiklun. Aðspurður um hverjum augum hann liti framtíð sína sagði Einar: „Erfitt að hugsa um framtíðina, fer allt eftir dóminum, ef ég fæ 16 ár þá er engin framtíð." Minni Einars svo og dómgreind og hæfileiki til afstæðra hugsana og einbeitingar virtist óskert og hann var fyllilega áttaður á stað, stund og eigin persónu.

Ályktun:

Að mínu áliti er Einar Sigurjónsson hvorki haldinn formlegri geðveiki né greindarskorti. Hins vegar tel ég að hann sýni merki alvarlegra persónuleikatruflana, sem meðal annars hafa komið fram í alvarlegum atferlisvandkvæðum allt frá bernsku, lélegri skóla- og atvinnusókn, áfengissýki, fíkniefnaneyslu, lyfjamisnotkun og endurteknum afbrotum. Hugsanlegt er að eitthvað af framangreindum vandkvæðum eigi að hluta rætur að rekja til erfiðra uppeldisskilyrða. Einar hefur tvívegis á þessu ári reynt að leita sér meðferðar vegna áfengissýki og fíkniefnaneyslu, en ekki tekist að færa sér meðferðina í nyt.

Minnistruflanir þær er Einar lýsir eru í samræmi við mikið magn áfengis í blóði, eins og niðurstöður alkóhólrannsóknarinnar gefa til kynna. Af viðtölum og málsgögnum virðist líklegast að aðdragandi og orsök verknaðar þess er Einar er grunaður um hafi verið missir sjálfsstjórnar í kjölfar rifrildis undir miklum áfengisáhrifum. Þó líklegt megi því teljast að dómgreind Einars hafi verið sljóvguð vegna ölvunar þegar atburðurinn átti sér stað þá verður þó að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Einars Sigurjónssonar sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur."

V.

Við frumrannsókn lögreglunnar í Keflavík verða gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Óhjákvæmilega nauðsyn þykir ekki hafa borið til þess, eða að það verði talin eðlileg viðbrögð, að ummerkjum á vettvangi væri raskað áður en ljósmyndir voru teknar eða/og ráðstafanir gerðar til nákvæms vettvangsuppdráttar. Enn bagalegri fyrir rannsókn málsins reyndist óhæfilegur dráttur sem á því varð að sérfræðileg líkskoðun væri látin fram fara.

Öll vitni málsins voru eiðfest að undanskildum heilsugæslulækni, prófessor í réttarlæknisfræði og Thelmu Michele Cherry. Um síðastnefnt vitni var bókað, að dómarinn sæi sér ekki fært eða að séð yrði næg ástæða

til að heitfesta það. Sækjandi og verjandi lýstu sig sammála þeirri afstöðu. Sammæli var einnig um það að ekki væri rökbundið tilefni samprófunar.

VI.

Sannað er með framburði ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði svipti Ingólf Ómar Þorsteinsson lífi með hnífsstungu í hjartað laugardaginn 29. ágúst 1987, eins og nánar er lýst í I. kafla ákæru. Hefur hann með því unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með rannsókn málsins þykir hafa verið leitt í ljós að ákærði hafi án tilefnis veist að Ingólfi Ómari Þorsteinssyni sem á hinn bóginn hafi snúist til varnar eftir því sem honum var unnt. Þá benda sakargögn eindregið til þess að eftir framningu brotsins hafi ákærði farið fram í eldhús, niður stiga og læst hurð að verbúðinni og að lokum farið í herbergi þaðan sem gleggst mátti sjá til mannaferða að húsinu. Vegna þokukennds hugarástands, sem hlýtur að hafa leitt af megnri áfengisvímu ákærða, verða örugg líkindi ekki að því leidd hvenær ásetningur hafi myndast eða hversu styrkur hann hafi verið. Ákærða hlaut hins vegar að vera ljóst hvaða afleiðingar væri langlíklegast að af því hlytust, þegar hann rak hnífinn í brjósthol Ingólfs Ómars.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins að hann hafi gerst sekur um brot það, sem greinir í II. kafla ákæru, og með því brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Með skýrslum ákærða og öðrum sakargögnum er sannað, að hann hafi gerst sekur um brot þau, sem lýst er í III. kafla, tölul. 1 og 4 - 8, ákæruskjals, en þó verður lagt til grundvallar varðandi 8. tölulið, sbr. 108. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, að þýfi í fiskverkunarhúsi Brynjólfs hf. hafi numið kr. 25.000,00. Hefur hann með því unnið til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga hvað varðar tölul. 1 og 5 - 8, en 244. gr., sbr. 20. gr., sömu laga hvað varðar 4. tölulið.

Ekki þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem lýst er í III. kafla, tölul. 2, ákæru. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 74, 1974 ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði braust aðfaranótt laugardagsins 20. júní 1987 inn í lögmannsstofu Strandgötu 21, Hafnarfirði, eins og lýst er í ákæru, III. kafla, 3. tölulið. Hann tók í heimildarleysi 14 tékkhefti án eyðublaða. Þau höfðu ekki fjárgildi og ber að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði, þar sem „ólöglegt fjártjón að sama skapi" er eitt af skilyrðum auðgunarbrota skv. XXVI. kafla laga nr. 19, 1940, sbr. skýringar við 243. gr. laganna.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr., 78. gr. og 255. gr.

almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 12 ár. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. ágúst 1987 komi refsingu til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði verður dæmdur til að greiða skaðabætur sem hér segir:

Þórði Leví Björnssyni, Hraunbæ 60, Reykjavík, kr. 2.500,00, Mjólkursamsölunni kr. 67.166,00 ásamt dómvöxtum frá 3. júlí 1987 til greiðsludags, Kistufelli, Brautarholti 16, Reykjavík, kr. 72.960,00 og Brynjólfi hf., Njarðvík, kr. 25.000,00.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000,00 og saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 60.000,00, en sækjandi var Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Sigurjónsson, sæti fangelsi 12 ár.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. ágúst 1987 skal koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði Þórði Leví Björnssyni, Hraunbæ 60, Reykjavík, kr. 2.500,00, Mjólkursamsölunni kr. 67.166,00 ásamt dómvöxtum frá 3. júlí 1987 til greiðsludags, Kistufelli, Brautarholti 16, Reykjavík, kr. 72.960,00 og Brynjólfi hf., Njarðvík, kr. 25.000,00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1988.

Nr. 116/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Svani Eli Eliassyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Manndráp. Málsvarnarlaun. Réttargæsluþóknun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 með áfrýjunarstefnu 27. apríl 1988. Er þess krafist af ákæruvaldsins hálfu að refsing ákærða verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Jafnframt verði ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.e. í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og sér tildæmd hæfileg málsvarnarlaun, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði refsivist dæmd komi gæsluvarðhald ákærða til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi snúið eða hert hálsbindi að hálsi Jóhannesar Halldórs Péturssonar í átökum þeirra á milli og segir ákærði að átökunum hafi lyktað með því að Jóhannes Halldór lá meðvitundarlaus á gólfinu. Hvernig sem svokölluð rennilykkja á bindi Jóhannesar Halldórs varð til, er ljóst að bindið var fast hert að hálsi hans þegar komið var að honum látnum í herbergi ákærða. Er bindið var skorið frá kom í ljós 0,7 cm djúpt far á hálsinum, rétt ofan við barkakýli. Með hliðsjón af þessu og niðurstöðu krufningarskýrslu verður talið sannað í málinu að dánarorsök Jóhannesar Halldórs hafi verið köfnun af völdum ofangreinds atferlis ákærða. Gat ákærða ekki dulist að verknaður þessi myndi leiða til dauða og telst hann varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af álitsgerð Hannesar Péturssonar yfirlæknis um

geðheilbrigði ákærða er fallist á niðurstöðu héraðsdómara um sakhæfi hans. Ölvun hans og áhrif lyfja leysa hann ekki undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er einn til frásagnar um það, sem gerðist milli þeirra Jóhannesar Halldórs. Eins og málavöxtum er hér háttað þykir varhugavert að hafna því með öllu að hann hafi skynjað atburði svo sem hann hefur lýst og skýrt viðbrögð sín með. Hvað sem því líður verður hins vegar á engan hátt ráðið af ummerkjum, að Jóhannes Halldór hafi gefið honum tilefni til þeirrar hrottafengnu atlögu, sem hann varð fyrir af hálfu ákærða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 12 ár og skal gæsluvarðhald hans óslitið frá 8. nóvember 1987 koma til frádráttar refsivist hans.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, þó þannig að réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 200.000,00 krónur. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Eli Eliasson, sæti fangelsi 12 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 8. nóvember 1987 á að koma refsivist til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, þó þannig að réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 200.000,00 krónur. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000,00 krónur.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Benedikts Blöndal og Guðmundar Skaftasonar.

Við erum sammála forsendum í atkvæði Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara og Haralds Henryssonar setts hæstaréttardómara og niðurstöðu þeirra um refsingu ákærða.

Við erum hins vegar ósammála niðurstöðu þeirra um laun skipaðs réttargæslumanns og verjanda ákærða í héraði, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, sem lagt hefur fyrir Hæstarétt skrár yfir tíma þann, er hann notaði til starfa síns. Skrár þessar eru sundurliðaðar og trúverðugar. Samkvæmt þeim fóru 62 klukkustundir til starfa hans sem réttargæslumanns og 53 stundir til verjandastarfans. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af c-lið 6. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands teljum við þóknun fyrir þessi störf hæfilega ákveðna 280.000,00 krónur, en samkvæmt 13. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur er hæstaréttarlögmönnum skylt að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur forsendum dómsatkvæðis Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara og Haralds Henryssonar setts hæstaréttardómara en tel að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. apríl 1980.

Ár 1988, miðvikudaginn 20. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 238/1988: Ákæruvaldið gegn Svani Eli Elíassyni, sem tekið var til dóms 30. f.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 19. janúar sl., á hendur ákærða „Svani Eli Elíassyni verkamanni, Skipholti 40, Reykjavík, fæddum 16. janúar 1959 í Bolungarvík, fyrir manndráp með því að hafa síðla nætur aðfaranótt laugardagsins 7. nóvember 1987 í herbergi sínu að Skipholti 40 í Reykjavík svipt Jóhannes Halldór Pétursson, fæddan 14. september 1946, lífi þegar ákærði, eftir átök þeirra, herti hálsbindi mannsins með sérstaklega útbúinni rennilykkju að hálsi hans svo að hann kafnaði.

Telst ákærði með fyrrgreindum verknaði hafa gerst brotlegur samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir:

Laugardaginn 7. nóvember sl. kl. 18:00 hringdi ákærði í máli þessu á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og óskaði eftir að rannsóknarlög-

reglumenn kæmu á heimili hans að Skipholti 40 hér í borg. Skýrði ákærði frá því að hann hefði „drepið mann" og væri líkið í íbúðinni. Fóru lögreglumenn úr Reykjavíkurlögreglu á vettvang. Er ákærði var inntur eftir hvað um væri að vera fengust engin svör frá honum önnur en þau að hann segði ekkert fyrr en rannsóknarlögreglumenn kæmu á vettvang. Var ákærði áberandi undir áhrifum áfengis og órólegur.

Rannsóknarlögreglumennirnir Bjarni Jóhann Bogason, Ragnar Vignir og Sigurbjörn Viðir Eggertsson fóru á vettvang af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í herbergi á 2. hæð hússins fannst Jóhannes Halldór Pétursson, fæddur 14. september 1946, og var hann látinn.

Í skýrslu Sigurbjörns Viðis Eggertssonar um fyrstu afskipti rannsóknarlögreglunnar af málinu segir m.a. svo:

Umrætt forstofuherbergi er á 2. hæð hússins. Gengið er inn í herbergið frá stigagangi þess. Inngangurinn í íbúð þá er forstofuherbergið tilheyrir er innar í stigaganginum til vinstri við herbergið. Hurð forstofuherbergisins opnast inn í herbergið, en það er í norð-vesturenda hússins. Við vegginn til hægri þegar komið er inn í herbergið eru hillur og lítil borðplata. Við norðurvegg undir glugga er skrifborð og út frá því annað borð. Við vesturvegg gegnt dyrunum er svefnbekkur með hillum fyrir ofan. Við suðurvegg er annar svefnbekkur sem á er lak og koddi með koddaveri. Mikil óreiða er í herberginu og sóðaskapur. Hinn látni liggur á svefnbekknum gegnt dyrunum. Sæng er yfir honum öllum. Hann liggur á vinstri hlið og er höfuð sveigt niður að búknum (bringunni). Vinstri handleggur liggur út frá búknum, en hægri handleggur er krepptur. Vinstri fótur er krepptur að búknum, en hægri fótur lítillega krepptur um hné ofan á vinstra fæti. Hinn látni er klæddur í ljósa skyrtu og er hún dregin upp undir handarkrika að aftan og laus frá buxnastreng að framan. Hann er klæddur gráum buxum sem eru hnepptar á streng um mittið og leðurbelti fast girt. Talsvert blóð er á skyrtu hans á vinstra brjósti og öxl. Þegar líkinu er velt á bakið er það alstirðnað og samfelld „rauð blóðhella" (líkblettur) á vinstri hlið þess, bæði að aftan og framan. Fyrir ofan hægri augabrún er skurður sem nokkuð hefur blætt úr. Þá hefur einnig blætt úr nös. Höfuðið er bláleitt og um háls líksins er hert hálsbindi. Á bindinu eru tveir hnútar, þ.e. venjulegur bindishnútur og er hann nokkru neðar og mjög hertur. Fyrir ofan hann er annars konar hnútur mjög hertur fast upp við háls líksins. Svipar þeim hnút til færilykkju. Á vettvang kom Ísleifur Halldórsson aðstoðarborgarlæknir og úrskurðaði hann andlátið. Hann mældi líkamshita hins látna með endaþarmsmæli og reyndist hitinn vera 31° á Celsíus. Þá kom einnig á vettvang Jónas Hallgrímsson réttarlæknir.

Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113. Honum var tekið blóðsýni til alkóhól- og lyfjarannsóknar kl. 18:50 á Slysadeild

Borgarspítalans. Þá lét hann þvagsýni í té í sama skyni kl. 22:45 um kvöldið.

Ítarleg vettvangsrannsókn fór fram að Skipholti 40 af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Einnig voru teknar ljósmyndir af vettvangi, hinum látna, fatnaði ákærða og hins látna og gerðar afstöðu-, grunn- og skýringarteikningar af íbúð þeirri sem hinn látni fannst í. Verður nú gerð grein fyrir rannsókn þessari.

Í skýrslu Bjarna Jóhanns Bogasonar rannsóknarlögreglumanns segir m.a. svo um skoðun í herbergi ákærða:

Á svefnbekknum er mannslík, að mestu hulið bláröndóttri sæng. Vinstri fótur og vinstri hönd standa þó út undan sænginni. Hinn látni liggur á vinstri hlið. Höfuð snýr til suðurs. Til fóta eru tvennar gallabuxur. Þegar sænginni hefur verið lyft frá sést að hinn látni liggur í óeðlilegri stöðu. Skyrta sem hinn látni er íklæddur er öll upp úr girt og dregin upp undir handarkrika. Útlit skyrtunnar bendir til þess að hinn látni hafi verið færður til, lyft eða hann dreginn til. Við vinstri hönd er blátt handklæði. Undir því er hvít tala. Vinstri handleggur liggur beinn út frá búknum um það bil 45 gráður miðað við hugsaða línu á búk. Hægri handleggur er krepptur, upphandleggurinn frá búknum í um það bil 45 gráður miðað við hugsaða línu á búk og framhandleggurinn beygður inn að maga. Vinstri fótur er krepptur, en hægri fótur er ofan á þeim vinstri, minna krepptur. Hinn látni er einnig í gráum buxum, aðhnepptum, uppgirtum, með hertu belti, lokaðri buxnaklauf og gráum sokkum. Líkið er stirt. Blárauðir líkblettir, samfelldir, eru á vinstri hlið og á neðri flötum útlima, þ.e. flötum sem snúa niður. Það vekur athygli, þegar höfuð er skoðað, að blóðtaumur, storknaður, liggur á höfði frá enni aftur á hnakka hægra megin. Til þess að slíkur blóðtaumur myndist á þessum stað þarf sár að vera á enni og höfuð að liggja á hnakka og blóðið að renna frá enni á hnakka eða sár á hnakka og höfuð að liggja á enni og blóðið að renna frá hnakka að enni. Einnig er blóðtaumur yfir enni til vinstri. Á svefnbekknum, 40 cm frá vinstri skammhlið, þegar staðið er framan við svefnbekkinn, þeim megin sem höfuð er, er blóðblettur sem mælist 20 cm langur og 10 cm breiður. Á gólfi þar fyrir neðan er einnig blóð. Þegar hinum látna var snúið við kom í ljós að hálsbindi var fast hert um háls honum. Enginn skurður eða sár var á hnakka en lítill skurður á hægri augnbrún. Þá kom einnig í ljós að blætt hafði úr vinstri nös. Þegar augu voru opnuð komu í ljós punktblæðingar í augum. Svonefndar punktblæðingar munu vera köfnunareinkenni.

Við suðurvegg er annar svefnbekkur og er skammhlið hans við austurvegg, dyravegg. Á svefnbekknum, við skammhlið næst fatahrúgunni á gólfinu, er brúnn leðurjakki. Í leðurjakkanum eru lyklar á kippu og hraðbankakort Búnaðarbanka Íslands, útgefið á Halldór Pétursson. Á bekknum

er blátt lak og við hina skammhliðina eru koddar. Við bekkinn er svört skjalataska og kollur. Á gólfinu fyrir innan dyrnar er töflumulningur og lyfjaglas, mechloral 800 mg, 50 tbl. Innihald: 4 töflur. Töflumulningur á gólfi virðist vera úr þessu glasi.

Ákærði var skoðaður í fangageymslu lögreglunnar að Hverfisgötu 113 laust eftir kl. 21:15 að kvöldi hins 7. nóvember sl. Samkvæmt skýrslu Bjarna Jóhanns Bogasonar rannsóknarlögreglumanns virtist ákærði, sem lá á svefnbekk í fangaklefa, ekki geta risið á fætur óstuddur. Var hann undir greinilegum áhrifum áfengis og/eða lyfja, þvöglumæltur, fölur, voteygður og jafnvægi mjög óstöðugt. Ákærði neitaði að ljósmynd yrði tekin af honum. Hann var klæddur í stutterma bol, bláar gallabuxur, sokka og nærbuxur. Við athugun á þessum fatnaði ákærða fundust engin merki um átök eða blóð.

Hinn 9. nóvember sl. var lík Jóhannesar Halldórs Péturssonar skoðað af rannsóknarlögreglunni í líkhúsi Rannsóknastofu Háskólans. Í skýrslu um þá skoðun segir m.a.:

Líkið er af karlmanni og mælist 175 cm. Það er klætt gráum sokkum, gráum buxum, nærbuxum og skyrtu. Um háls er hálsbindi, fast hert, að hluta til um skyrtu, þannig að ekki er unnt að setja fingur milli bindis og háls. Blóð er á höfði og hefur blætt úr skurði sem er á augnbrún hægra megin. Einnig er blóð á nefi. Þegar litið er í munn á líkinu kemur í ljós að tunga er samanbitin. Á höku er húðrispa, um það bil 3,5 cm að lengd, sem visar niður vinstra megin. Á vinstri handlegg, um 9 cm frá olnboga, er húðrispa, 6 cm að lengd, með um það bil 45 gráðu halla miðað við hugsaða miðjulínu handleggs.

Um háls er fast hert hálsbindi, rautt að lit. Við skoðun virðist vera um rennilykkju að ræða sem er fast upp við hálsinn, vinstra megin á hálsinum, um það bil 5 cm frá hugsaðri miðjulínu andlits. Frá hnútnum, rennilykkjunni, eru tveir endar sem sameinast í fast hertan bindishnút. Endarnir mælast 25 cm. Aðrir endar eru ekki út úr bindishnútnum. Þegar við klipptum á hálsbindið kom í ljós djúp rák eftir bindið.

Skyrtan er hneppt með annarri og fimmtu tölu, talið ofan frá.

Við rannsókn málsins kom fram að breiðari hluti hálsbindis Jóhannesar Halldórs hafði verið hlutaður frá fyrir neðan bindishnútinn og lá sá hluti á miðju herbergisgólfi ákærða.

Sama dag var fatnaður hins látna rannsakaður og segir m.a. svo í skýrslu rannsóknarlögreglunnar um þá skoðun:

Buxurnar eru blettóttar á vinstri skálm, 15 cm breiður flekkur, 30 cm að lengd, 53 cm frá streng, þ.e. svæðið um hné. Neðarlega á fyrrnefndum flekk, eða 25 cm frá faldi skálmar, eru hvítir duftblettir.

Á vinstri skálm að framan eru tveir blóðblettir um 1 cm í þvermál með

2 cm millibili á miðri skálm. 4 cm þar fyrir neðan, vinstra megin á skálminni, eru blóðflekkir, óreglulegir að lögun, á 6 cm kafla. Blóðkám er á aftanverðri skálminni á 7 cm kafla, 37 cm frá streng og 10 cm frá saumi innanfótar; 2 cm langur blettur, 1 cm í þvermál, 3,5 cm frá saumi á utanverðri skálm, 8 cm frá faldi skálmar.

Á hægri skálm að framan er blóðblettur 45 cm frá streng, 7,5 cm frá saumi innanfótar, 10 x 14 cm að stærð. 2 blettir eru neðar á framanverðri skálminni, annar 15,5 cm frá faldi skálmar, 6 cm langur, óreglulegur, breiðastur 20 mm, 3,5 cm frá miðri skálm út á við. Hinn er 18 cm frá faldi, 3 x 9 mm að stærð, 2 cm frá miðri skálm inn á við. Ekkert sérstakt athugavert er við hægri skálm að aftan.

Blóðblettur er á vinstri sokk á rist, og á hælstykki er blóðkám á 6 cm löngu svæði.

Gulleitur blær er á nærbuxum að framanverðu, líklega þvag.

Þá var fatnaður ákærða einnig rannsakaður sama dag. Ekkert sérstakt athugavert var við bol ákærða. Stórir blóðblettir fundust hins vegar á framanverðri vinstri skálm bómullargallabuxna hans.

Jakki ákærða var sérstaklega rannsakaður hinn 8. desember sl. Í skýrslu um þá rannsókn kemur fram að saumsprettur eru í handarkrikum jakkans báðum megin, 11 cm að lengd hægra megin og 5 cm vinstra megin. Á hettu sem er á jakkanum er 4 cm saumspretta hægra megin að aftan. Á aftanverðri hægri ermi eru fjórir blóðblettir. Einnig eru tveir blóðblettir á aftanverðri vinstri ermi. Þá er blóðblettur hægra megin á jakkanum, 15 cm frá streng.

Við leit í herbergi ákærða fundust þessi lyf: mechloral, nozinan diazepam, mogadon, librax, anafranil, tolvon, tenormin, anervan, trilafon, ludiomil, panodil, duspatalin, zantac, surmontil, gaviscon og koffazon. Lagði rannsóknarlögreglan hald á samtals 1783 töflur af þessum lyfjum.

Þórarinn Gíslason fangelsislæknir skoðaði ákærða hinn 8. nóvember sl. Í skýrslu hans kemur m.a. fram, að ákærði hafi við skoðunina verið fremur feitlaginn, 104 kg. Ákærði var samvinnuþýður og ekki veikindalegur. Var hann mjög leiður og spenntur, en engin psykotisk einkenni komu fram. Ákærði var ekki haldinn neinum ofskynjunum og áttaður á stað og stund. Engin merki voru um áverka á ákærða eða að hann væri haldinn bráðum geðsjúkdómi.

Með bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu 18. nóvember 1987, var þess farið á leit við Rannsóknastofu Háskóla Íslands að rannsakað yrði alkóhólinnihald blóðsýnis þess og þvagsýnis sem ákærða voru tekin hinn 7. nóvember sl. Einnig var þess óskað að framkvæmd yrði svokölluð allsherjarlyfjaleit í sýnunum.

Í niðurstöðu matsgerðar prófessors Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofunnar, dagsettri 11. desember 1987, segir svo:

„Magn etanóls í blóði var 2,56‰ og í þvagi 2,79‰. Barbitúrsýrusambönd, benzódíazepínsambönd eða geðdeyfðarlyf voru ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Tríklóretanól (umbrotsefni úr klórali (Mechloral (R)) var hvorki í mælanlegu magni í blóði né þvagi. Amfetamín, kannabínóíðar eða benzóýlekgónín (umbrotsefni úr kókaíni) voru ekki í mælanlegu magni í þvagi. Í þvaginu urðu heldur ekki greind fentíazínsambönd.

Maðurinn sem sýnið var tekið úr hefur þannig neytt áfengis og verið ölvaður en ekki tekið aðra vímugjafa stuttu áður en sýni var tekið."

Rannsókn þessi var endurtekin samkvæmt beiðni ríkissaksóknara í bréfi, dagsettu 3. febrúar sl. Matsgerð prófessors Þorkels Johannessonar, dagsett 24. febrúar sl., er svohljóðandi að inngangi slepptum:

„Magn etanóls í blóði var í fyrra skiptið 2,56‰ og 2,79‰ í þvagi. Í seinna skiptið var magn etanóls í blóði 2,51‰ og einnig 2,51‰ í þvagi. Í fyrra skiptið var magn díazepams í blóði 510 ng/ml og magn nordíazepams, umbrotsefnis þess, var 610 ng/ml. Í síðara skiptið var magn díazepams 470 ng/ml og magn nordíazepams 530 ng/ml.

Samanburður á niðurstöðutölum etanólákvarðana í blóði í fyrra og seinna skiptið leiðir í ljós, að báðar niðurstöðutölur eru langt innan vikmarka aðferðarinnar (± 10%). Í seinna skiptið var magn etanóls í þvagi um það bil 10% minna en í fyrra skiptið. Engar einhlítar rannsóknir hafa verið gerðar á endingu þvagsýna með tilliti til etanólákvarðana, en vitað er að magn etanóls í þvagi minnkar í geymslu mun hraðar en í blóði. Vitað er að benzódíazepínsambönd eru óstöðugri í blóðsýnum í geymslu en etanól. Sú 10 - 15% minnkun á þéttni díazepams og nordíazepams sem orðið hefur milli ákvarðana er nær örugglega til þessa að rekja."

Samkvæmt skýringu prófessorsins kom magn díazepams og nordíazepams ekki fram í fyrri matsgerðinni vegna mistaka í réttarefnafræðideild Rannsóknastofunnar. Samkvæmt vætti hans fyrir dómi svarar það magn díazepams og nordíazepams, sem fannst í greindum blóð- og þvagsýnum, til mjög stórra lækningalegra skammta.

Samkvæmt niðurstöðu réttarefnafræðilegrar rannsóknar á blóð- og þvagsýni úr hinum látna, sem Rannsóknastofa Háskólans annaðist, reyndist magn etanóls í blóði 2,37‰ og 3,14‰ í þvagi. Við lyfjarannsókn fannst efnið tríkloretanól, sem er hið virka umbrotsefni klorals. Reyndist magnið af tríkloraletanóli í heila 27 mikrog/g, í blóði 21 mikrog/ml, í lifur 25 mikrog/g og í þvagi 8 mikrog/ml.

Í niðurstöðunni segir síðan svo:

„Tríklórentanól er virkt umbrotsefni klórals, en það er vel þekkt svefnlyf. Magn þess í vefjum var öllu minna en búast má við við banvænar

klóraleitranir. Maðurinn var hins vegar mjög ölvaður. Hann gæti því hafa látist úr samverkandi eitrun af völdum klórals og etanóls."

Lík hins látna var krufið í Rannsóknastofu Háskólans af Gunnlaugi Geirssyni, prófessor í réttarlæknisfræði. Í skýrslu hans um krufninguna segir m.a. svo:

Líkið er af rosknum manni í meðalholdum, hæð 175 cm. Um háls liksins er rautt bindi eða renningur fast herptur að og situr hnúturinn rétt vinstra megin við barkakýlið, en bandið markar djúpt far á hálsinum, rétt ofan við barkakýlið. Skorin, sem þannig myndast, er 0,6 cm á breidd og eru áverkamerki á svæðinu umhverfis hnútinn. Þannig eru grunn hrufl og rispur á 6 cm svæði í næsta nágrenni hnútsins. Bandið hefur markað djúpt far um allan hringferil hálsins, sem mælist 0,7 cm á dýpt. Hörundið ofan við rákina er bláfjólublátt og er andlitið þrútið. Blóð hefur runnið úr vinstri nös og einnig er höggvið sár, 1,7 cm á lengd, ofan við hægri augabrún, 2 cm til hægri við miðlínu, og vísar sárið í 45° upp á við og hliðlægt. Mar er á u.þ.b. 6 x 6 cm svæði ofan við hægri augabrún og mar er á nefinu. Blóðstorka er umhverfis sárið yfir hægri augabrún og liggur blóðtaumur yfir á hægra gagnauga og aftur á hnakkann. Lítilsháttar blóð er á vinstri eyrnasnepli. 4 cm löng rispa er undir höku. 6 cm rispa er á vinstri framhandlegg. Lítilsháttar skrámur eru á hægra handarbaki. Hárið er grátt, úfið með blóðkleprum. Augun eru brostin, sjáöldur eru jafnvíð, 0,2 cm í þvermál. Augnhvítan er með mjög áberandi æðateikningu á smáblæðingum. Tennurnar eru saman bitnar og tungan klemmd á milli. Líkið er alstirt, likblettir mest áberandi á bringu.

Ályktun prófessorsins er svohljóðandi:

„Samkvæmt upplýsingum Rannsóknarlögreglu ríkisins og því sem fannst við krufningu þykir ljóst að maðurinn hafi verið kyrktur. Dánarorsök hefur verið köfnun.

Maðurinn var undir miklum áfengisáhrifum er hann lést og sömuleiðis hafði hann tekið inn svefnlyfið kloral og voru samverkandi áhrif þess svo mikil að þau hefðu getað valdið dauða hans.

Áverkar voru á höfði mannsins en þeir voru ekki slíkir að vera meðverkandi í dauða."

Kl. 04.32 umrædda nótt var lögreglan í Reykjavík kvödd að Skipholti 40 vegna kvörtunar um háværa tónlist sem bærist frá íbúð í húsinu. Er lögreglan kom á vettvang heyrðist glymjandi frá hljómflutningstækjum út á götu. Er lögreglumenn gengu að húsinu var skyndilega skrúfað alveg niður í tækjunum. Reyndu lögreglumenn að opna útihurð hússins en hún var læst. Er þeir höfðu beðið nokkra stund til að athuga hvort tónlist heyrðist aftur kom maður út í glugga á íbúð á 2. hæð sem ljós logaði í. Var maður þessi áberandi ölvaður og úfinn um höfuðið. Samkvæmt vætti Hans

Markúsar Hafsteinssonar lögreglumanns, sem gerði lögregluskýrslu um málið, var hér um ákærða í máli þessu að ræða. Var ákærði spurður hvort hann ætlaði ekki að fara að sofa og játti hann því. Fóru lögreglumenn af vettvangi við svo búið.

Vitnið Reynir Lárusson, eigandi íbúðar þeirrar á 2. hæð hússins nr. 40 við Skipholt hér í borg sem ákærði hafði herbergi á leigu í, kvaðst hafa leigt ákærða herbergið hinn 8. ágúst sl. Kvað vitnið ákærða hafa verið í herberginu frá þeim tíma að undanskildum 5 vikum er hann var í „meðferð á Vogi". Vitnið kvað nokkra óreglu hafa verið á ákærða þann tíma sem hann hefði búið í herberginu. Hefði ákærði „dottið í það" föstudaginn 30. október sl. og verið „á fyllerii" síðan. Vitnið kvað ákærða hafa verið að dreypa á áfengi að kvöldi föstudagsins 6. nóvember með syni vitnisins, Hjalta að nafni. Kvað vitnið ákærða hafa farið út að skemmta sér um kl. 21:00 um kvöldið og hefði hann þá verið lítilsháttar ölvaður og í góðu skapi. Vitnið fór að sofa um kl. 01:00 um nóttina og svaf sleitulaust til kl. 07:30 um morguninn. Um kl. 08:30 varð vitnið vart við ákærða er hann sótti vatn í ölflösku fram á bað. Spurði ákærði þá vitnið hvort mikill hávaði hefði verið hjá sér um nóttina. Varð vitnið fyrst svolítið undrandi á þessari spurningu þar sem ákærði var ekki vanur að hafa áhyggjur af slíku, en svaraði henni svo neitandi. Laust eftir hádegi sama dag, er ákærði sat við spil með fyrrnefndum Hjalta, tók vitnið í hurðina að herbergi ákærða þar sem vitninu fannst skrýtið hve lengi ákærði var inni í íbúð vitnisins. Var hurðin læst og kom ákærði alveg á hæla vitnisins og sagði: „Hann er sofandi, það er maður inni hjá mér." Um kl. 17.30 vildi ákærði fá að hringja í lögfræðing sinn, en vitnið þvertók fyrir það og sagði ákærða að hann ætti ekki að vera með neitt rugl við lögfræðinginn þegar hann væri „á fylliríi". Vildi ákærði þá fá að hringja í móður sína og sá vitnið ekki ástæðu til að meina honum það. Er ákærði hafði talað við móður sína bað hann vitnið aftur um að fá að hringja í lögfræðinginn, en vitnið leyfði honum það ekki. Sagði ákærði þá vitninu frá því að hann hefði lent í átökum við mann og væri sá maður látinn inni í herbergi sínu. Vitnið trúði ákærða ekki og sagði honum að hann mætti hringja í lögfræðinginn ef vitnið mætti líta áður inn í herbergi ákærða. Féllst ákærði á það. Fór vitnið inn í herbergið og sá mann liggja á sófanum sem er beint á móti hurðinni. Var sæng breidd yfir hann allan. Tók vitnið í hönd mannsins og fann að hann var iskaldur. Fóru vitnið og ákærði að því búnu út úr herberginu án þess að snerta nokkurn hlut þar inni. Skýrði ákærði nú vitninu frá því sem gerst hafði. Kvaðst ákærði hafa hitt manninn á skemmtistaðnum Skálafelli og þeir farið þaðan fyrst í Ölver í Glæsibæ og síðan í Hollywood. Hefðu þeir komið heim til ákærða um nóttina og setið að drykkju í herbergi ákærða og verið að tefla. Er komið hefði verið fram undir morgun og þeir

verið farnir að sofa hefði maðurinn farið að leita á ákærða en ákærði sagt honum að hann væri ekki fyrir samkynmök. Hefði þetta endað með því að ákærði hefði lamið manninn, þar sem hann vildi ekki hætta, og síðan breitt yfir hann sængina. Eftir þetta leyfði vitnið ákærða að hringja í lögfræðinginn sinn. Hlustaði vitnið á símtalið sem var allt á sama hátt og samtal þess og ákærða. Í framhaldi af símtali þessu hringdi ákærði í rannsóknarlögregluna. Kom lögreglan stuttu síðar og handtók ákærða.

Vitnið Svavar Örn Höskuldsson, Skipholti 40, íbúi í herbergi í sömu íbúð og ákærði hafði herbergi í, kom í umræddda íbúð um kl. 21:30 að kvöldi föstudagsins 6. nóvember sl. Voru þar þá þeir Reynir Lárusson og Hjalti sonur hans en eigi ákærði. Fór vitnið að sofa um kl. 22:00. Svaf það mjög vel um nóttina og vaknaði um kl. 07:15. Heyrði vitnið engan hávaða um nóttina. Vitnið fór út um morguninn og kom aftur um kl. 09:30. Voru ákærði og Hjalti þá inni í stofu og minnti vitnið að þeir hefðu verið að tefla. Fór vitnið aftur út en kom aftur í Skipholtið laust fyrir kl. 17:00 en stoppaði stutta stund. Tók vitnið ekki eftir neinu óeðlilegu í fari ákærða þennan dag og ræddi ekkert við hann.

Vitnið Hjalti Reynisson, Skipholti 40, kvaðst að kvöldi föstudagsins 6. nóvember sl. hafa verið að tefla við ákærða og hlusta á hljómplötur með honum í herbergi hans í íbúð þeirri sem vitnið býr í með föður sínum að Skipholti 40. Jafnframt neyttu vitnið og ákærði áfengis. Laust eftir kl. 21:00 um kvöldið ákvað vitnið að fara að sofa og sofnaði það skömmu síðar. Vitnið svaf vært alla nóttina og vaknaði aftur um kl. 08:00 um morguninn. Um kl. 16:00 bauð ákærði vitninu í glas í stofu íbúðarinnar. Færðu þeir sig inn í herbergi vitnisins um kl. 17.00. Sagði ákærði vitninu að maður svæfi inni í herbergi hans en ræddi það ekkert nánar. Vitnið fór út í sjoppu fyrir ákærða og fór síðan aftur út. Er vitnið kom heim aftur einhvern tíma milli kl. 18:00 og 19:00 sá það að lögreglubifreið stóð fyrir utan húsið.

Vitnið Jón Árni Einarsson leigubifreiðarstjóri kvaðst hafa ekið að veitingahúsinu Ölveri með farþega og komið þangað um kl. 02:50 umræddda nótt. Kom ákærði við annan mann að bifreiðinni eftir að farþegarnir voru farnir úr henni og voru þeir báðir talsvert ölvaðir að mati vitnisins. Bað ákærði um að ekið yrði í Skipholt 40, en er þangað var komið vildi gesturinn ekki fara inn strax. Kvaðst hann ekki vera með seðlaveski sitt og bað um að sér yrði ekið í Efstasund 74 til að ná í tékkhefti sitt. Ók vitnið að Efstasundi 74 þar sem gesturinn fór inn í kjallaraíbúð hússins og dvaldi þar í um 10 mínútur uns hann kom aftur í leigubifreiðina. Voru ákærði og gesturinn eitthvað að munnhöggvast í bifreiðinni á leiðinni í Skipholt 40 og voru eitthvað ósammála. Er komið var að Skipholti 40 greiddi gesturinn ökugjaldið með reiðufé og fór síðan með ákærða að húsinu.

Ákærði var fyrst yfirheyrður af Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 8.

nóvember sl. Skýrði ákærði þá svo frá að hann hefði lent „á fylliríi" að kvöldi föstudagsins 30. október sl. og hefði hann, samhliða áfengisdrykkjunni, neytt ýmissa lyfja, svo sem mogadons, díazepams, librax og anervans, og sú neysla engan veginn verið í samræmi við læknisráð. Að kvöldi föstudagsins 6. nóvember sl. kvaðst ákærði hafa verið við drykkjuna á heimili sínu að Skipholti 40 og þaðan hefði hann farið í veitingahúsin Skálafell og Ölver. Kvaðst ákærði hafa hitt mann á öðrum hvorum staðnum laust fyrir kl. 03:00 um nóttina og hefðu þeir byrjað að ræða um skák og fleira. Kvaðst ákærði hafa átt 2-3 flöskur af brennivíni heima hjá sér og boðið manninum þangað upp á drykk og að tala saman. Er þangað hefði verið komið hefðu þeir sest niður í herbergi ákærða og hlustað á tónlist og spjallað saman. Eftir um 2-4 klukkustundir hefðu þeir orðið sundurorða, en ekki kvaðst ákærði muna hvað þá greindi á um, og upp úr því hefðu þeir lent í áflogum.

Er hér var komið yfirheyrslu var gert hlé á henni að beiðni réttargæslumanns ákærða sem óskaði eftir einslegu viðtali við ákærða. Var orðið við þeirri bón réttargæslumannsins.

Að því loknu skýrði ákærði svo frá að er hann og ókunni maðurinn hefðu setið við drykkju um hríð hefðu þeir lagst til svefns. Hefði ákærði lagst í rúm sitt gegnt gluggavegg en maðurinn á legubekk gegnt dyrum. Hefðu þeir báðir verið fullklæddir. Er ákærði hefði verið í „svefnrofunum" hefði hann orðið þess var að maðurinn hefði verið lagstur við hliðina á sér og verið farinn að þukla sig. Kvaðst ákærði hafa orðið „alveg brjálaður" og spyrnt manninum út á gólfið. Hefði ákærði síðan alveg „tapað sér" og lítið muna hvað gerðist eftir þetta, en kvað þá hafa legið í gólfinu í átökunum sem endað hefðu með því að maðurinn hefði legið hreyfingarlaus og að því er ákærða virtist meðvitundarlaus. Ákærði kvaðst muna að hann hefði notað hálsbindi mannsins og hert það að hálsi hans í því skyni að svæfa hann og kvaðst ákærði búast við því að hann hefði hengt manninn með því. Ákærði kannaðist við að hafa rætt við lögreglumenn út um glugga umrædda nótt vegna kvörtunar um hávaða, en gerði sér ekki grein fyrir hvort það var fyrir eða eftir að til átakanna hefði komið.

Ákærði kom fyrir dóm sama dag vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum. Viðurkenndi ákærði að hafa notað hálsbindi mannsins til að herða að hálsi hans uns maðurinn hefði legið hreyfingarlaus.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 30. nóvember sl. skýrði ákærði nánar frá atvikum. Kvað ákærði Jóhannes Halldór heitinn hafa verið mjög ölvaðan er ákærði hitti hann í Ölveri, og hefði hann einnig þegið róandi lyf hjá ákærða eftir að heim til ákærða var komið, en hve mikið gat ákærði ekki sagt til um. Ákærði lýsti hinni kynferðislegu áreitni

Jóhannesar Halldórs nánar á þá leið að hann hefði þreifað með hendinni á maga og kynfærum ákærða, utanklæða. Hefði ákærði ekki verið í nokkrum vafa um að um kynferðislega áreitni hefði verið að ræða. Jóhannes Halldór hefði ekkert sagt og ekki reynt að kyssa ákærða. Við þetta hefði eins og slokknað á peru hjá ákærða. Hann hefði tryllst og misst stjórn á gjörðum sínum. Kvaðst ákærði lítið muna um framhaldið, en það sem hann myndi væri eins og í óljósum draumi. Kvaðst ákærði hafa hrundið Jóhannesi Halldóri fram úr rúminu og þeir lent í átökum liggjandi á gólfinu. Hefðu átökin verið með þeim hætti að þeir hefðu tekið í föt hvor annars, en engin hnefahögg eða kylingar hefðu átt sér stað. Hefði ákærði „af tilviljun" tekið í hálsbindi Jóhannesar Halldórs og „hugkvæmst" að svæfa hann og hert hálsbindið að hálsi hans í þessu skyni með miklu afli. Er ákærði hefði orðið þess var að Jóhannes Halldór hreyfði sig ekki lengur, kvaðst ákærði hafa hætt að herða bindið að hálsi hans og sleppt því. Hefði þá verið eins og ljós hefði kviknað á perunni hjá sér og hann staðið upp af gólfinu og sest á rúmið sem hann hafði áður legið í. Hefði hann fengið sér lyf og áfengi en lagt Jóhannes Halldór upp í rúm eftir stutta stund. Eftir það kvaðst ákærði ekki hafa hreyft við Jóhannesi Halldóri. Að því loknu kvaðst ákærði hafa lagst til svefns en ekki sofið lengi og er hann vaknaði hefði honum fundist sem sig hefði dreymt vondan draum, en fyllst skelfingu er hann hefði séð að Jóhannes Halldór lá í sömu stellingum og hann var í um nóttina er ákærði sofnaði. Kvaðst ákærði hafa þreifað á honum og fundið að hann var kaldur. Hefði þá gripið sig ofsahræðsla og hann farið að neyta áfengis og lyfja.

Ákærði skýrði frá mjög á sama veg við meðferð málsins að öðru leyti en því að ákærði kvaðst hafa í átökum þeim sem hann kveður hafa átt sér stað milli hans og Jóhannesar Halldórs tekið um hálsbindi hins síðarnefnda og snúið upp á það en ekki hert, en kvað þetta atriði þó vera í mikilli þoku hjá sér. Er ákærði var inntur eftir því af hverju hann hefði ekki hringt á lögreglu eftir að hann hefði orðið fyrir slíkri kynferðislegri áreitni sem hann hefur greint frá og brugðist við með þeim hætti sem að framan er rakið kvaðst hann hafa verið í svo miklu uppnámi og svo ruglaður að hann hefði ekkert hugsað.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins neitað að hafa bundið rennilykkju þá sem hert var að hálsi Jóhannesar Halldórs, en eigi kunnað neina skýringu á hvernig hún varð til. Þá hefur ákærði enga skýringu getað gefið á áverkum á höfði Jóhannesar Halldórs og blóðdropum þeim sem fundust á sokk hans á móts við rist svo og á hælstykki sokksins. Enn fremur hefur ákærði enga skýringu kunnað á því að búið var að hluta breiðari hluta hálsbindis Jóhannesar Halldórs fyrir neðan bindishnútinn frá þeim mjórri. Ákærði hefur þó borið að enginn hafi komið inn í herbergið

frá því að þeir Jóhannes Halldór fóru þar inn umrædda nótt þar til Reynir Lárusson fékk að fara þar inn um kl. 17:30 sama dag.

Er ákærði hefur verið inntur eftir því hvað hann ætti við er hann talaði um að hann hafi ætlað að svæfa Jóhannes Halldór með því að herða hálsbindið að hálsi hans, hefur ákærði borið að hann hafi séð slíkt gert til sjós við menn sem hafi orðið óðir. Hafi þetta verið framkvæmt þannig að sá sem svæfði manninn hefði staðið fyrir aftan hann og tekið manninn hálstaki með því að setja handlegginn utan um hálsinn og herða að þar til maðurinn missti timabundið meðvitund. Hefur ákærði ekki getað skýrt af hverju hann hafi ekki beitt þessari aðferð, heldur hert hálsbindið að hálsi Jóhannesar Halldórs.

Ákærði hefur greint frá því að er hann hafi verið 6-9 ára gamall hafi hann orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu fullorðins manns sem hafi haft þær afleiðingar að kynlíf hans hefði orðið honum allt að því ógeðfellt. Hafi ákærði óttast á timabili að hann væri „hommi" en þó verið viss um að svo væri ekki.

Vitnið Petrea Emanúelsdóttir, Keilugranda 6, Reykjavík, kvaðst hafa verið í ástarsambandi við ákærða fyrir um 3-4 árum. Hefði það staðið stutt eða í um 2 mánuði. Minntist vitnið þess að ákærði hefði sagt frá því að er hann hefði verið 8-9 ára hefði fullorðinn maður notað hann kynferðislega. Hefði ákærði orðið hræddur við þennan mann og ekki þorað að skýra frá þessu. Kvað vitnið ákærða hafa skýrt sér frá því að maður þessi hefði notað hann margsinnis á þennan hátt. Hefði ákærði sagt sér að hann hefði á tímabili óttast að hann væri „hommi", en komist síðar að því að sá ótti hefði reynst ástæðulaus. Hins vegar hefði ákærði talið sig hafa liðið fyrir þetta alla ævi.

Vitnið Halldór Gíslason, Bugðutanga 1, Mosfellsbæ, kvaðst hafa þekkt Jóhannes Halldór heitinn í 20 ár og þeir verið nánir vinir. Kvað vitnið með öllu útilokað að Jóhannes Halldór hefði getað sýnt af sér samkynhneigð. Hefði hann í raun verið mikið upp á kvenhöndina og átt auðvelt með að komast í ástarsamband við konur. Kvað vitnið Jóhannes Halldór hafa verið gjörsneyddan því að sýna af sér árásarhneigð. Hefði hann forðast átök, en hins vegar getað verið orðhvatur með vini. Þeir sem þekktu hann hefðu vitað að þetta var grín, en því hefði getað verið illa tekið af þeim, sem ekki þekktu hann.

Vitnið Einar Jóhann Gíslason, Þingholtsstræti 14, Reykjavík, kvaðst hafa kynnst Jóhannesi Halldóri fyrir um 20 árum. Réðst Jóhannes Halldór í vinnu til vitnisins árið 1982 og starfaði þar til dauðadags. Hefði hann verið sérstaklega vel liðinn í vinnu. Kvað vitnið Jóhannes Halldór hafa verið mjög ljúfan með vini eins og hann hefði reyndar ávallt verið. Kvaðst vitnið ekki geta ímyndað sér að hann hefði nokkurn tíma lagt hendur á

annan mann. Til marks um það kvað vitnið Jóhannes Halldór eitt sinn hafa verið illilega barinn af kunningja sínum. Hefði hann ekkert reynt að verja sig og faðir vitnisins fundið að slíkum aumingjaskap. Vitnið kvað af og frá að Jóhannes Halldór hefði haft hina minnstu tilhneigingu til samkynhneigðar. Taldi það að hann væri sá síðasti maður sem vitnið þekkti sem það gæti trúað slíku upp á. Þvert á móti hefði Jóhannes Halldór verið mikill kvennamaður.

Vitnið Jóhann Unnar Guðmundsson, Írabakka 26, Reykjavík, kvaðst hafa kynnst Jóhannesi Halldóri fyrir 4 árum. Hefði þeim strax orðið vel til vina. Lýsti vitnið Jóhannesi Halldóri sem hlédrægum manni sem hefði verið sannur vinur vina sinna. Hefði hann verið þægilegur og skemmtilegur í umgengni og allt viljað gera fyrir vini sína og samstarfsmenn. Hefði hann verið mjög ábyggilegur og heiðarlegur og einstaklega umhyggjusamur um hag annarra. Hefði Jóhannes Halldór verið hið mesta prúðmenni er hann neytti áfengis sem og daglega. Hefði hann verið talsvert upp á kvenhöndina og vinsæll hjá konum. Vitnið kvað af og frá að það hefði orðið vart samkynhneigðar hjá Jóhannesi Halldóri og væri hann sá maður sem vitnið ætti hvað erfiðast með að trúa slíku upp á af þeim sem vitnið þekkti. Kvað vitnið Jóhannes Halldór hafa verið algjörlega lausan við að stofna til illdeilna eða átaka og hann forðast slíkt. Hefði maður eitt sinn ráðist á Jóhannes Halldór og barið hann talsvert en Jóhannes Halldór hefði ekki einu sinni reynt að verja sig.

Vitnið Ásmundur Örn Guðjónsson, Flyðrugranda 16, Reykjavík, kvaðst hafa kynnst Jóhannesi Halldóri árið 1983. Hefðu þeir orðið góðir vinir. Hefði Jóhannes Halldór verið prúður og ljúfur í allri framkomu, bæði á vinnustað og í einkalífi, ölvaður eða óölvaður. Vitnið kvaðst ekki hafa neina trú á að með honum hefði bærst hinn minnsti vottur af samkynhneigð. Taldi vitnið hann hins vegar hafa verið mjög hneigðan til kvenna. Kvaðst vitnið hafa vitað til þess að hann hefði haldið við konu, sem átti heima skammt frá vitninu, og það samband staðið í ár eða lengur. Hefði vitnið oft hitt Jóhannes Halldór og konuna þarna í nágrenninu. Vitnið kvað Jóhannes Halldór hafa verið afskaplega friðsaman mann og ólíklegan til að stofna til handalögmála.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi. Annaðist hana Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans. Í niðurlagi skýrslu yfirlæknisins segir svo:

„GEÐSKOÐUN:

Undirritaður átti þess kost að ræða stuttlega við Svan að kvöldi laugardagsins 7.11. sl. Svanur var þá undir verulegum áfengisáhrifum og var dálítið hortugur og krefjandi. Frásögn hans þá var í aðalatriðum í samræmi

við það sem síðar hefur komið fram við yfirheyrslur, en dálítils ósamræmis gætti um nokkra þætti. Á meðan á geðrannsókninni stóð var Svanur hins vegar fremur hlédrægur, en jákvæður og samvinnufús í viðtölum. Tjáning hans og tal voru innan eðlilegra marka og tilfinningaviðbrögð í samræmi við umræðuefni hverju sinni. Geðslag hans einkenndist nokkuð af spennu, einkum fyrst framan af. Svanur var spurður um það hvort hann teldi að verknaður sá er hann er nú grunaður um gæti hafa skeð ef hann hefði verið edrú. „Ég get ekki ímyndað mér það, nema þá í sjálfsvörn til að verja líf mitt." „Ég tel mig vera rólyndismann, ég get ekki útskýrt þetta, varð fyrir sambandsleysi." Aðspurður kvaðst Svanur fyrir löngu síðan hafa gert sér grein fyrir því að hann hefði „ofnæmi fyrir áfengi og töflum" og jafnframt að hann teldi sig geta hætt áfengis- og lyfjaofneyslu með meðferð og stuðningi. Aðspurður telur hann enga spurningu um það að hann verði að hætta áfengis- og lyfjaneyslu. „Ég fæ stundum skyndilega löngun í lyf, og eitt rauðvínsglas getur startað álíka miklu rugli og ég var í núna síðast."

Við geðskoðunina greindust ekki einkenni svo sem ofskynjanir, haldvillur eða sérviskulegur hugsunarháttur, sem bent gætu til meiriháttar geðveiki. Ekki varð heldur vart einkenna um áráttuhugsanir, en eins og að framan greinir var Svanur á stundum í viðtölum fremur spenntur og kvíðinn. Minni Svans, svo og dómgreind hans og hæfileiki til afstæðrar hugsunar og einbeiting, virtist innan eðlilegra marka og hann var fyllilega áttaður.

ÁLYKTUN:

Að mínu áliti er Svanur Elí Elíasson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar greinast merki um persónuleikatruflanir, skapgerðarbresti ásamt einkennum taugaveiklunar. Auk þess er ljóst að Svanur hefur um margra ára bil átt við að stríða áfengissýki og lyfjafíkn. Hann hefur margsinnis frá árinu 1979 verið til meðferðar á meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga, en með takmörkuðum árangri. Framangreindar persónuleikatruflanir hafa m.a. komið fram í skapgerðarbrestum, erfiðleikum í mannlegum tjáskiptum, áfengis- og lyfjafíkn og óreglulegri skóla- og atvinnusókn.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim er Svanur er nú grunaður um, þá vega sennilega þyngst framangreindir skapgerðargallar samfara alvarlegri áfengissýki og lyfjafíkn. Svanur lýsti því að honum hafi orðið mjög hverft við þegar hinn látni hafi leitað á sig kynferðislega og viðbrögð hans orðið mjög snögg. „Ég trylltist, var alveg úr sambandi, alveg dómgreindarlaus, það var svo mikil heift í mér." Kvaðst hann ekki hafa rankað við sér fyrr en nokkrum mínútum síðar. Af þessu virðist líklegast að nánasta orsök umræddsatviks hafi verið skyndilegur missir sjálfstjórnar undir miklum áfengisáhrifum.

Ekki er ljóst hvort þau taugaveiklunareinkenni sem Svanur hefur haft á undanförnum árum hafi alla tíð verið til staðar eða hvort þau eru fremur afleiðing langvarandi áfengissýki og lyfjafíknar. Þær persónuleikatruflanir sem hér um ræðir eru ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en með aldrinum dregur þó stundum úr slíkum vandkvæðum í mörgum tilvikum. Svani er nauðsynlegt að halda sig framvegis alfarið frá neyslu áfengis og misnotkun lyfja. Ennfremur er þýðingarmikið að hann reyni að sporna gegn framangreindum erfiðleikum með því að efla stöðugleika í lífi sínu, t.d. með bættri atvinnusókn og því um líku. Þó líklegt megi teljast að dómgreind Svans hafi verið sljóvguð vegna mikillar ölvunar þegar framangreindur atburður átti sér stað, þá verður þó að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Svans Elí Elíassonar sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur."

Þá lagði Heiðdís Sigurðardóttir sálfræðingur eftirfarandi sálfræðipróf fyrir ákærða: Greindarpróf Wechslers fyrir fullorðna, standard-útgáfu Raven-prófsins og persónuleikapróf MMPI og EPQ. Samkvæmt niðurstöðu úr greindarprófi Wechslers mældist greindarvísitala munnlega hlutans 108 og verklega hlutans 111. Mældist greindarvísitala alls prófsins því 110, sem er í góðu meðallagi (góð meðalgreind er frá 110 til 119). Niðurstöður úr Raven-prófi studdu framangreindar niðurstöður um greind í góðu meðallagi. Samkvæmt niðurstöðum MMPI persónuleikaprófsins gáfu þær vísbendingu um langvarandi (chronic) persónuleikatruflanir. Voru áberandi einkenni kvíða og spennu. Nokkur einkenni þunglyndis og geðvillu (psychopathiu) komu fram, en þó ekki eins sterk. Í niðurstöðum úr EPQ persónuleikaprófinu komu ekki fram tilhneigingar til að gefa af sér fegraða mynd, en mjög áberandi voru sterk einkenni kvíða og taugaveiklunar.

Sérfræðingar þessir hafa báðir komið fyrir dóminn og staðfest þessi verk sín og útskýrt.

Þá hafa ritað vottorð um afskipti sín af áfengis- og lyfjameðferð ákærða og andlega hagi hans þeir Jóhannes Bergsveinsson, yfirlæknir á Landspítala Íslands, og Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á sjúkrastöðinni Vogi. Þá hafa læknarnir og komið fyrir dóminn. Þykir vætti þeirra eigi hagga niðurstöðu Hannesar Péturssonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Nokkur rannsókn hefur farið fram á svonefndri rennilykkju sem var á hálsbindi Jóhannesar Halldórs, hert um háls hans. Á hálsbindinu var einnig venjulegur bindishnútur, og var hann fyrir neðan rennilykkjuna. Samkvæmt rannsóknargögnum málsins er þarna um tvo sjálfstæða hnúta að ræða. Samkvæmt vætti rannsóknarlögreglumannanna Bjarna Jóhanns Bogasonar, Bjarnþórs Aðalsteinssonar og Ragnars Vignis er mögulegt að hnýta umræddu rennilykkju án þess að leysa upp bindishnútinn, með bindið vafið um háls manni og hugsanlegt að það geti orðið í átökum. Nefndur

Bjarni Jóhann Bogason hefur jafnframt sýnt fram á þetta með teikningum sem hann hefur samið skýringar við. Að mati dómsins er útilokað að lykkja þessi hafi verið hluti af fyrrgreindum bindishnút.

Niðurstöður.

Ákærði er einn til frásagnar um það sem gerðist umrædda nótt. Kveðst ákærði þá hafa verið undir verulegum áhrifum áfengis og lyfja og ýmislegt óljóst í framburði hans. Hefur hann ekki getað gefið skýringu á ýmsum mikilvægum atriðum sem komið hafa fram við rannsókn og meðferð málsins, svo sem hvernig umrædd rennilykkja varð til, af hvaða völdum höggvið sár var á höfði líks Jóhannesar Halldórs, mar var á höfði þess ofan við hægri augabrún og á nefi, blóðblettir voru á báðum buxnaskálmum þess og sokk, en engir áverkar voru á ákærða, og af hverju breiðari hluti hálsbindisins fyrir neðan bindishnútinn hafði verið hlutaður frá. Ákærði hefur þó borið að enginn hafi komið inn í herbergið frá því þeir Jóhannes Halldór fóru þar inn uns vitnið Reynir Lárusson kom þar um kl. 17:30 sama dag.

Ákærði hefur lýst átökum þeirra Jóhannesar Halldórs á þann veg að þeir hafi einungis tekið um föt hvor annars á gólfi herbergisins, en engin „hnefahögg eða kýlingar" hafi átt sér stað. Er þessi frásögn ákærða í miklu ósamræmi við áverka þá sem voru á líki Jóhannesar Halldórs.

Ákærði skýrði svo frá í upphafi yfirheyrslna að þeir Jóhannes Halldór hefðu orðið sundurorða greinda nótt og lent í áflogum í framhaldi af því. Ákærði hvarf frá þessum framburði þegar í sömu yfirheyrslu og hefur upp frá því borið, að Jóhannes Halldór hafi leitað á sig kynferðislega, eftir að þeir hafi lagst til svefns alklæddir, hvor í sitt rúmið. Hafi ákærði tryllst við þetta og komið til átaka milli þeirra og í þeim hafi honum „hugkvæmst" að „svæfa" Jóhannes Halldór með því að herða hálsbindi hins síðarnefnda að hálsi hans. Ekkert í gögnum málsins þykir styðja þennan framburð ákærða. Er Jóhannes Halldór fannst látinn í herberginu var hann klæddur í sokka, nærbuxur, síðbuxur og skyrtu. Fjögur vitni sem þekktu Jóhannes Halldór mjög vel hafa einnig staðhæft að hann hafi aldrei sýnt nein merki samkynhneigðar, heldur hafi hann verið mikið upp á kvenhöndina. Þykir því eigi vera á þessum framburði ákærða byggjandi. Er það álit dómsins að óljóst sé um upptök átaka þeirra sem áttu sér stað milli ákærða og Jóhannesar Halldórs. Sýnt þykir þó af ummerkjum að mótspyrna hins síðarnefnda hafi verið lítil.

Samkvæmt niðurstöðu réttarkrufningar var Jóhannes Halldór kyrktur og dánarorsök hans köfnun. Ákærði hefur játað að hafa greint sinn hert hálsbindi Jóhannesar Halldórs af miklu afli að hálsi hans. Er sá framburður ákærða í samræmi við áverka á hálsi Jóhannesar Halldórs eftir hálsbindið

sem hert var að hálsi hans, en það markaðr djúpt far, 0,7 cm, um allan hringferilinn.

Samkvæmt framansögðu telst sannað með framburði ákærða, niðurstöðu réttarkrufningar og ummerkjum á vettvangi, að ákærði hafi orðið Jóhannesi Halldóri Péturssyni að bana aðfaranótt 7. nóvember sl. með því að herða hálsbindi Jóhannesar Halldórs með sérstaklega útbúinni rennilykkju, sem eigi þykir geta hafa orðið til nema fyrir tilverknað ákærða, að hálsi Jóhannesar Halldórs með þeim afleiðingum að hann kafnaði, en eigi þykir fyllilega ljóst hvort þetta gerðist í átökunum eða eftir þau. Þykir þessi verknaður ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði, sem að mati dómsins er sakhæfur, sætt eftirtöldum refsidómum:

1978 3/2 45 daga varðhald skilorðsbundið í 2 ár og 200.000 kr. sekt fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga, 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 16.5. 1977.

1979 14/11 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.

1980 27/2 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga. Hegningarauki.

1981 18/3 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

1981 10/6 Sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga. Ekki gerð refsing.

1982 17/3 45 daga fangelsi fyrir brot gegn 149. og 155. gr. hegningarlaga.

1982 4/11 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1983 6/7 45 daga varðhald fyrir brot gegn 245. gr. hegningarlaga.

1985 16/12 9 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

1987 20/5 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.

Þá hefur ákærði 5 sinnum sæst á sektargreiðslu vegna ölvunar á almannafæri og hinn 26. nóvember 1976 var ákæru frestað skilorðsbundið 2 ár á hendur ákærða vegna þjófnaðar og nytjastuldar. Að lokum hefur ákærði tvívegis hlotið reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, í fyrra skiptið 1. febrúar 1984 á 45 dögum og hið síðara hinn 10. júní 1987, en þann dag var honum veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum 85 daga refsingar. Ber samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 að ákveða refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, svo og með hliðsjón af hinni 85 daga óloknu refsivist sem að framan getur, sbr.

60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. s.l. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 ára fangelsi. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhald ákærða, sem hann hefur setið í óslitið frá 8. nóvember sl. til dagsins í dag, alls 165 dagar, koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, þar með talin saksóknarlaun, 75.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Eli Eliasson, sæti fangelsi 10 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 8. nóvember 1987 til 20. apríl 1988, samtals 165 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 210/1988. **Þrotabú Hafskips hf.**
(Jóhann Níelsson hrl.)
gegn
Tækja-Tækni hf.
(Guðmundur Jónsson hdl.)

Hlutafjáraukning. Tómlæti. Gjaldþrotaskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988, en úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur er uppkveðinn 27. maí 1988.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið að öllum kröfum stefnda, eins og þær eru settar fram í greinargerð hans fyrir skiptarétti Reykjavíkur, verði hafnað. Þá gerir hann kröfu til að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í úrskurði skiptaréttar. Fallast ber á þá úrlausn hans að áskrift nýrra hluta hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978, en eins og í úrskurðinum greinir getur stefndi ekki nú borið fyrir sig að áskriftin sé óskuldbindandi af þessum ástæðum.

Forsvarsmenn stefnda, sem er innflutningsfyrirtæki, sóttu hluthafafund í Hafskipi hf. 9. febrúar 1985 fyrir hönd Bílaleigunnar hf., Smiðjuvegi 36, Kópavogi, sem þá átti hlut í félaginu. Þeir skrifuðu Tækja-Tækni hf. fyrir nýjum hlut eftir fundinn og gengu frá greiðslu hans 5. júní 1985, eins og nánar er greint í hinum áfrýjaða úrskurði. Þeim gat ekki dulist hvernig staðið var að söfnun hlutafjárloforða. Í ársskýrslu til aðalfundar, sem haldinn var 7. júní 1985, var hlutafjáraukningunni talið náð og samkvæmt fundargerð var reiknað með nýja hlutafénu og mætt fyrir nýju hlutina á fundin-

um, enda þótt hlutafjáraukningin væri ekki tilkynnt til hlutafélagaskrár, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978, fyrr en 20. júní s.á. Samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laga nr. 32/1978 hefði hlutafjáraukningin ekki átt að ganga í gildi fyrr en við skráningu. Miða verður þannig við að stjórn Hafskips hf. hafi samþykkt hlutafjáraukninguna fyrir aðalfundinn. Ómótmælt er að framkvæmdastjóri stefnda sótti aðalfundinn 7. júní 1985 sem fullgildur hluthafi. Hann mátti þá gera sér grein fyrir því að stjórn Hafskips hf. reiknaði í verki með því að hlutafjáraukningunni væri náð og hagaði málum sínum gagnvart hluthöfum og lánardrottnum í samræmi við það. Gagnvart stefnda skiptir þannig ekki máli að tilkynningin um hlutafjárhækkunina var ekki birt lögum samkvæmt fyrr en 21. ágúst 1985. Hafskip hf. fékk greiðslustöðvun 18. nóvember 1985 og var lýst gjaldþrota 6. desember s.á.

Framkvæmdastjóri stefnda ritaði Hafskipi hf. bréf dags. 4. desember 1985 þar sem hann kveðst rifta hlutafjárloforði vegna brostinna forsendna fyrir hlutafjáraukningunni. Óskaði hann eftir því að fá afhent aftur skuldabréf og gámagrindur, sem voru greiðsla hans fyrir aukið hlutafé. Þann 12. s.m. ritaði hann skiptaráðendum þrotabús Hafskips hf. bréf þar sem hann kveðst ítreka kröfu sína, þar sem fyrir löngu sé komið í ljós að hluthafar félagsins hafi verið blekktir varðandi fjárhag og bjartar framtíðarhorfur félagsins. Lögmaður stefnda ítrekaði síðan enn kröfur stefnda með ódagsettu bréfi í janúar 1986 til skiptaráðenda. Þar er riftunin og endurgreiðslan studd þeim rökum að stjórn Hafskips hf. hafi ekki staðið að hlutafjárútboðinu 9. febrúar 1985 með þeim hætti sem V. kafli laga nr. 32/1978 geri ráð fyrir. Í öðru lagi að samningur hans um hlutaféð hafi verið svo sérstaks eðlis að hann þurfi ekki að sæta því að þrotabúið komi í stað hins upphaflega samningsaðila og í þriðja lagi er tekið undir ástæður þær sem framkvæmdastjóri stefnda nefndi í brefinu 12. desember 1985 um að hluthafar hafi beinlínis verið blekktir. Loks óskar lögmaðurinn eftir rökstuddum úrskurði skiptaréttar verði kröfunni hafnað. Það er hins vegar ekki fyrr en við munnlegan flutning málsins fyrri hluta árs 1988 að stefndi ber fyrir sig að of lítið hlutafé hafi safnast. Miða verður þannig við að stefndi hafi fyrst gert kröfu um riftun fyrir dómi í bréfi til skiptaréttar dags. 12. desember 1985. Samkvæmt því bréfi

telur framkvæmdastjóri stefnda þá þar taldar riftunarástæður hans löngu komnar í ljós.

Kröfur stefnda hér fyrir dómi eru eingöngu byggðar á því að hann eigi rétt á riftun. Þegar virtir eru hagsmunir lánardrottna Hafskips hf., sem hlutu að treysta á þessa miklu hlutafjáraukningu, verður að telja að stefndi hafi orðið að koma fram með riftunarkröfu sína án ástæðulauss dráttar. Með hliðsjón af 6. mgr. 148. gr. laga nr. 32/1978, sbr. 3. mgr. 149. gr. sömu laga, geti hann ekki meira en sex mánuðum eftir aðalfund 7. júní 1985, og eftir að félagið hefur gengið í gegnum greiðslustöðvun og verið gefið upp til gjaldþrots, gert þá kröfu í gjaldþrotabúið að hlutafjárloforði hans verði rift. Ekki þykir eins og hér stendur á skipta máli hverjar ástæður hann ber fyrir riftuninni. Af þessu leiðir að hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi sýkn af kröfum stefnda í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi, þrotabú Hafskips hf., vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Tækja-Tækni hf., í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Sératkvæði

Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meirihluta dómenda um það, að stefndi geti ekki nú borið fyrir sig, að áskrift nýrra hluta sé óskuldbindandi sökum þess, að hún hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978. Þá er ég einnig sammála atkvæði meirihluta dómenda um það, að stefndi hafi mátt gera sér grein fyrir því á aðalfundinum 7. júní 1985, að stjórn Hafskips hf. reiknaði í verki með því, að hlutafjáraukningunni væri náð, þótt ekki væri hún tilkynnt til hlutafélagaskrár fyrr en 20. júní 1985. Getur stefndi því ekki borið fyrir sig 1. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði sótti stefndi hluthafafund Hafskips hf. 9. febrúar 1985. Eftir þann fund ákvað stefndi

að skrá sig fyrir hlutafé í félaginu og gekk frá greiðslu þess 5. júní 1985. Kveðst stefndi hafa tekið ákvörðun um kaup á hlutafénu eftir að hafa hlustað á skýrslu stjórnar Hafskips hf., sem flutt var á fundinum. Þar kom fram, að samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum benti flest til þess, að tap félagsins árið 1984 hafi orðið 50-60 milljónir króna, en mikillar bjartsýni gætti í sambandi við Trans-Atlantic siglingar félagsins, sem hófust 15. október 1984, og var sagt að veltan vegna þessara flutninga væri um 240 milljónir króna frá 15. október til 31. desember 1984 og hagnaður þann tíma áætlaður nálægt 10%. Einnig kom fram í skýrslunni, að meginniðurstöðutölur rekstraráætlunar fyrir árið 1985 gerðu ráð fyrir góðum hagnaði af rekstri félagsins í heild.

Á aðalfundi félagsins 7. júní 1985, sem stefndi sótti einnig, kom fram, að tap Hafskips hf. árið 1984 hafi numið 95 milljónum króna í stað 50-60 milljóna króna, sem áætlað hafði verið á hluthafafundinum 9. febrúar s.á. Þrátt fyrir þetta taldi stjórnarformaður félagsins fulla ástæðu til bjartsýni, þar sem Trans-Atlantic siglingar félagsins virtust lofa góðu, og forstjóri félagsins taldi líkur á verulegum bata á árinu 1985 miðað við fyrra ár.

Í skýrslu Valdimars Guðnasonar, löggilts endurskoðanda, 3. maí 1986, um reikningsskil Hafskips hf., þ.e. rekstrar- og efnahagsreikning 31. ágúst 1984 og ársreikning 1984 (samstæðureikning) fyrir Hafskip hf. og dótturfélög þess, kemur fram, að við gerð reikningsskilanna hafi verið beitt aðferðum, sem í engu eiga skylt við góðar reikningsskilavenjur, auk þess sem ýmis lagaákvæði er lúta að reikningsskilagerð og áritunum endurskoðenda hafi verið þverbrotnar. Er í því sambandi m.a. bent á, að verulega skorti á, að allar skuldir félagsins komi fram í efnahagsreikningi, og að skip félagsins séu stórlega ofmetin. Í lok skýrslunnar segir svo: „Ekki verður hjá því komist, að lokinni þeirri skoðun sem fram hefur farið, að álykta að þeir aðilar sem staðið hafa að og tekið endanlegar ákvarðanir um ýmsa þætti er að reikningsskilunum lúta hafi vísvitandi viljað fegra niðurstöður þeirra, þannig að lesendur þeirra fengju aðra mynd af rekstri og stöðu félagsins heldur en hún var í reynd."

Eins og rakið er hér að framan voru upplýsingar þær um hag og afkomu félagsins, sem fram komu í skýrslu stjórnar Hafskips

hf. á hluthafafundinum 9. febrúar 1985, þess valdandi, að stefndi skrifaði sig fyrir hlutafé í félaginu. Þær upplýsingar, sem gefnar voru á aðalfundi Hafskips hf. 7. júní 1985, urðu ekki til þess að veikja trú stefnda á góðri afkomu félagsins árið 1985, og er ekki hægt að ætlast til þess, að almennir hluthafar geti kynnt sér málefni félagsins á sama hátt og stjórnendur þess.

Þegar litið er til skýrslu hins löggilta endurskoðanda og framburða vitna fyrir skiptarétti Reykjavíkur, er ekki unnt að álykta annað en að forsvarsmönnum Hafskips hf. hafi hlotið að vera ljóst, að upplýsingar þær, sem þeir gáfu um fjárhag félagsins á hluthafafundinum 9. febrúar 1985 og aðalfundinum 7. júní s.á., hafi verið rangar og villandi.

Með bréfi 4. desember 1985 til stjórnarformanns Hafskips hf. rifti stefndi samningnum um framlagningu hlutafjár og ítrekaði riftun sína með bréfi til skiptaráðenda 12. s.m. Ekki verður talið, að um slíkt tómlæti hafi verið að ræða hjá stefnda, að það eigi að valda því að hann geti ekki krafist ógildingar hlutafjárloforðs síns.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að taka eigi kröfu stefnda til greina og að loforð það, sem hann gaf um áskrift fyrir hlutafé í Hafskipi hf., skuldbindi hann ekki. Tel ég því, að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 27. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 16. október 1987, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. mars 1988. Málið var endurupptekið, munnlega flutt og tekið til úrskurðar að nýju þann 11. maí sl.

Sóknaraðili er Tækja-Tækni hf., nnr. 8959-2267, Smiðjuvegi 44 D, Kópavogi.

Varnaraðili er þrotabú Hafskips hf., nnr. 3504-0528, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Tildrög málsins eru þau að með bréfi til stjórnarformanns Hafskips hf., dags. 4. desember 1985, rifti sóknaraðili loforði því sem hann hafði gefið Hafskipi hf. um kaup á hlutabréfum í fyrirtækinu í tengslum við hlutafjárútboð er fram fór á vegum félagsins í ársbyrjun 1985. Jafnframt gerði sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu á útgefnu skuldabréfi og tveimur gámagrindum er félaginu höfðu verið afhentar sem greiðsla á hlutafjárloforði

hans. Sóknaraðili ítrekaði kröfu sína til skiptaráðenda þrotabús Hafskips hf. með ódagsettu bréfi sem móttekið var af hálfu búsins 7. janúar 1986. Bústjórar þrotabúsins höfnuðu kröfu sóknaraðila og var sú afstaða tilkynnt honum með bréfi dags. 7. apríl 1986. Þessari afstöðu bústjóranna mótmælti sóknaraðili bréflega 20. júní 1986.

Á skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf. 16. október 1987 var ákveðið að reka um ágreining aðila sérstakt skiptaréttarmál sem þingfest var í skiptarétti Reykjavíkur sama dag. Aðilar málsins hafa skilað greinargerðum.

Í greinargerð sinni gerir sóknaraðili eftirtaldar kröfur á hendur varnaraðila.

1. Að viðurkenndur verði réttur hans til að rifta samningi um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf. að fjárhæð kr. 1.930.500,00, sem gengið var frá hinn 5. júní 1985 með afhendingu verðtryggðs skuldabréfs að fjárhæð kr. 500.000,00 útgefnu á nafn Tækja-Tækni hf. með grunnvísitölu 1144 og afhendingu tveggja gámagrinda að verðmæti kr. 1.430.500,00.

2. Að varnaraðila verði gert að afhenda sóknaraðila áðurgreint skuldabréf auk þess að endurgreiða af fjármunum búsins sem búskröfu verðmæti gámagrindanna, kr. 1.430.500,00, með 3,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, en þá með 2,75% drv. frá 1. mars 1986 til 31. mars s.á., en með 2,25% drv. frá 1. apríl s.á. til 28. febrúar 1987, en með 2,5% drv. frá 1. mars til 31. maí s.á., en með 2,80% drv. frá 1. júní til 31. júní s.á., en með 3% drv. frá 1. til 31. júlí s.á., en með 3,40% drv. frá 1. til 31. ágúst s.á., en með 3,50% drv. frá 1. til 30. september s.á., en með 3,60% drv. frá 1. október s.á. til þingfestingardags málsins, þ.e. 16. október 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Þess er krafist að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. desember 1986.

3. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða af fjármunum búsins sem búskröfu kr. 2.014.853,15 með sama upphafstíma vaxta og vaxtafæti og greinir í lið 2.

Við munnlegan málflutning skýrði sóknaraðili kröfugerð sína svo, að í riftunarkröfunni fælist krafa um viðurkenningu á því að hann sé óbundinn af loforði um framlagningu hlutafjár í félaginu.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati réttarins úr hendi varnaraðila og að sérstaklega verði kveðið á um fjárhæð söluskatts af málskostnaði.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá verði sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Í nóvember árið 1958 var stofnað í Reykjavík skipafélagið Hafskip hf. Félagið stundaði kaupskipaútgerð allt frá stofnun þess þar til það var tekið til gjaldþrotaskipta þann 6. desember 1985.

Fyrstu tíu starfsár félagsins gekk rekstur þess bærilega en upp úr 1968 fór að halla undan fæti eftir því sem fram kemur í gögnum málsins. Á síðasta áratug var félagið tvívegis endurskipulagt vegna fjárhagsörðugleika.

Árið 1977 mun stjórn félagsins hafa staðið frammi fyrir þeirri spurningu hvort stöðva ætti rekstur þess eða endurskipuleggja hann enda var félagið þá nánast gjaldþrota. Að frumkvæði viðskiptabanka félagsins, Útvegsbanka Íslands, var þá tekin ákvörðun um að freista endurskipulagningar. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar voru gerðar margvíslegar breytingar á sem næst öllum sviðum rekstrarins og félaginu sett ný markmið. Meðal forgangsverkefna þá var að fjölga hluthöfum.

Næstu ár á eftir varð mikil breyting á skipastól félagsins enda ljóst að skip þess voru illa samkeppnisfær vegna breyttrar tækni í flutningum á sjó. Þá var aðstaða félagsins í landi bætt verulega og mikil uppbygging átti sér stað í tækjabúnaði þess. Enn fremur tók félagið í sínar hendur hluta umboðsrekstrar síns erlendis með eigin umboðsskrifstofum sem opnaðar voru í sex löndum árin 1982-1984. Samhliða stofnun umboðsskrifstofa hófst athugun á því hvernig hægt væri að víkka út starfsemina. Var þá hugað að flutningamiðlun erlendis og því hvernig Hafskip hf. gæti haslað sér völl með beinni aðild að erlendum flutningum og hvort hægt væri að nota Ísland sem umhleðsluhöfn milli Evrópu og Bandaríkjanna til nýtingar á umframrými í áætlunarskipum.

Í ársbyrjun 1984 keypti Hafskip hf. bandaríska flutningamiðlunarfyrirtækið Cosmos Shipping Incorp. sem rak skrifstofur í nokkrum borgum Norður-Ameríku. Vegna sívaxandi alþjóðlegra umsvifa voru á árinu 1984 stofnuð dótturfyrirtæki Hafskips hf., þ.e. Hafskip Holding Inc. í Kaupmannahöfn, Hamborg og Rotterdam. Þá stofnaði félagið sama ár Cosmos á Íslandi hf. og Cosmos í Rotterdam hf. í sama tilgangi.

Í framhaldi af þessari þróun var um haustið 1984 hrundið í framkvæmd svonefndum Trans-Atlantik siglingum. Af hálfu félagsins var þetta tilraun til að mæta vaxandi samdrætti í flutningum félagsins enda töldu stjórnendur þess hverfandi líkur á að aukning yrði á hefðbundnum verkefnum. Á stjórnarfundi Hafskips hf. 27. september 1984 er bókað eftir stjórnarformanni, Ragnari Kjartanssyni, að ekki sé talin mikil áhætta því samfara að takast á við þetta Trans-Atlantik verkefni.

Á stjórnarfundi 8. nóvember s.á. gerði forstjórinn, Björgólfur Guðmundsson, stjórninni grein fyrir stöðu Trans-Atlantik flutninganna sem þá voru nýlega hafnir. Taldi hann að mjög góður árangur hefði náðst af þessu

starfi sem gæti orðið félaginu hin mesta lyftistöng. Kemur fram í fundargerðarbók að milljón dollara hagnaðar væri að vænta af þeim flutningum og gæti sá hagnaður komið á móti rekstrartapi félagsins að öðru leyti.

Á stjórnarfundi þann 20. desember 1984 var til umræðu rekstrarþróun líðandi árs og framtíðarhorfur félagsins. Formaður stjórnar dró upp dökka mynd af fjárhagsstöðu félagsins. Kvað hann stöðuna mjög tvísýna og eitthvað þyrfti að gera án tafar. Skýrði hann stjórnarmönnum frá því að umtalsvert tap væri á rekstri félagsins árið 1984, eiginfjárstaða þess yrði neikvæð um ca 60 milljónir króna um áramótin og veðhæfni félagsins gagnvart viðskiptabanka þess væri þrotin. Hann nefndi sem ástæður erfiðleikanna „taxtahrun, Rainbow-málið, verkfall BSRB, gengisfellingu, stöðu efnahagsmála, stóraukin vanskil, hrun skipaverðs (allt að 50% á erl. markaði á s.l. 2-3 árum) og miklar erl. skuldir félagsins". Nefndar voru aðgerðir til úrbóta í þessari stöðu, t.d. hagræðing í rekstri, hugsanlegt samstarf við önnur skipafélög, nýtt hlutafjárútboð og líklegur árangur af Trans-Atlantik siglingunum.

Á fundinum kom formaðurinn fram með eftirfarandi tillögu sem var borin upp og samþykkt:

„Með hliðsjón af alvarlegri þróun efnahagsmála, versnandi stöðu félagsins og ýmsum blikum, sem á lofti eru, felur fundurinn sérstaklega kjörinni stjórnarnefnd athugun á eftirgreindum möguleikum á milli stjórnarfunda:

1. Viðnámi og hagræðingu í rekstri félagsins og í framhaldi af því hugsanlegu samstarfi við önnur skipafélög í þá veru. Nefndin hefur umboð stjórnarinnar til slíkra viðræðna.

2. Áætlanir um TA siglingar og líklegan árangur þeirra.

3. Nýtt hlutafjárútboð, sbr. einnig nauðsyn aukinna ábyrgða gagnvart viðskiptabanka."

Á fundinum voru fimm stjórnarmenn Hafskips hf. kosnir í stjórnarnefndina auk framkvæmdastjóra félagsins, Björgólfs Guðmundssonar.

Á stjórnarfundi 8. janúar 1985 gaf stjórnarformaður yfirlit um flutninga félagsins á árinu 1984. Hann gat þess að inn- og útflutningur félagsins hefði aukist en þróunin hins vegar orðið sú að tekjur hefðu minnkað. Á fundinum lagði hann fram svohljóðandi tillögu:

„A. Hert verði á framkvæmd viðnámsáætlunar frá því fyrr í vetur um hagræðingu og aukna hagkvæmni í rekstri félagsins.

B. Lögð verði fyrir hluthafafund í janúar tillaga um nýtt hlutafjárútboð að upphæð 80 milljónir króna.

C. Allt kapp verði lagt á að standa þannig að Trans-Atlantik siglingum félagsins að áætlanir sem fyrir liggja standist."

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Af bókun fundarins er svo að sjá að þetta sé tillaga stjórnarnefndarinnar.

Væntanlegt hlutafjárútboð var enn til umræðu á stjórnarfundi Hafskips hf. þann 1. febrúar 1985, en þá var lögð fram tillaga stjórnar félagsins til hluthafafundar sem boðaður hafði verið 9. febrúar 1985. Tillagan var samþykkt samhljóða en með athugasemd um vexti hinna væntanlegu skuldabréfa.

Til hluthafafundarins 9. febrúar 1985 var boðað með sérstöku bréfi, dags. 17. janúar s.á., þar sem dagskrá fundarins var kynnt þannig:

„1. Skýrsla um þróun í rekstri félagsins, núverandi stöðu og framtíðarhorfur.

2. Tillaga stjórnar um nýtt hlutafjárútboð að upphæð kr. 80 milljónir."

Í fundarboðinu kemur fram að Hafskip hf. hafi átt við vaxandi rekstrarerfiðleika að stríða frá miðju ári 1984 og hafi dregið til rekstrartaps. Sýnt væri að félagið kæmi út með nokkru tapi eftir árið 1984 og neikvæða eiginfjárstöðu. Þá voru raktar helstu ástæður þessa og getið leiða til úrbóta.

Þann 9. febrúar 1985 var haldinn hluthafafundur Hafskips hf. Á fundinum flutti Ragnar Kjartansson skýrslu stjórnar sem hann nefndi „Á krossgötum". Í skýrslunni rakti hann þá þróun er orðið hafði í rekstri félagsins til þess dags. Hefur þeirri þróun verið lýst hér að framan.

Í skýrslu sinni gat hann þess að fjöldi skipaferða, sem haldið hafi verið uppi milli Bandaríkjanna og Íslands, hafi byggst að mestu á flutningum fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Fyrir þá flutninga hafi hins vegar tekið á sl. ári. Siglingum til Bandaríkjanna hafi þó verið haldið áfram með von um breyttar aðstæður en höfuðáhersla lögð á flutninga milli Evrópu og Bandaríkjanna með umhleðslu í Reykjavík. Með þessum hætti hafi félagið velt um 70 milljónum króna í flutningsgjöldum frá vori til vetrarbyrjunar og aflað um leið mikilvægrar reynslu og upplýsinga um Trans-Atlantik siglingarnar og markaðssetningu þeirra. Að fenginni þeirri reynslu og eftir ítarlegan undirbúning hafi verið ákveðið að stíga skrefið til fulls og hefja undirbúning beinna siglinga milli Evrópu og Bandaríkjanna án viðkomu á Íslandi. Fyrsta áætlunarsiglingin hafi verið farin 15. október 1984 og séu nú fjögur stór gámaskip í þessum siglingum. Þetta verkefni sé langveigamesta verkefnið sem félagið standi í og geti það skipt sköpum um næstu framtíð þess. Í rekstraráætlun ársins 1985 sé reiknað með tvö-til þreföldun á veltu félagsins af þessum sökum og áhugaverðum hagnaði. Velta í þessum flutningum hafi numið 6 milljónum Bandaríkjadala frá 15. október til áramóta eða 240 milljónum króna og sé hagnaður þann stutta tíma áætlaður nálægt 10%. Hins vegar bendi fyrirliggjandi áætlanir til þess að tap verði á rekstri félagsins á árinu 1984 um 50-60 milljónir króna vegna ástæðna sem raktar eru í skýrslunni en endanlegt uppgjör liggi ekki fyrir fyrr en í lok næsta mánaðar. Það sem hafi komið í veg fyrir meira tap á árinu sé sú staðreynd, að erlenda tekjuöflunin sé farin að skila sér, enda

þótt hún hafi aðallega komið til síðustu mánuði ársins. Leiði þessi halli til þess að í ársreikningum félagsins muni eiginfjárstaða þess verða neikvæð. Þar sem þróun erlendis á verði skipa hafi verið óhagstæð á undanförnum misserum eigi félagið nú ekki fyrningar í vanmetnu bókfærðu verði skipa. Þetta sé staðreynd sem ekki verði horft framhjá, staðreynd sem tillaga um nýtt hlutafjárútboð sé m.a. byggð á, eins og segir í skýrslunni.

Í skýrslunni eru hluthafar minntir á að þótt yfirbragð félagsins hafi oftast verið hnökralítið, þá hafi verið róinn lífróður mestallt tímabilið, svo veikur hafi fjárhagslegur grunnur félagsins ávallt verið. Undirstriki þetta mikilvægi hverskyns meiriháttar árangurs á sviði kostnaðarhagkvæmni. Rekstraráætlun fyrir árið 1985 geri þó ráð fyrir góðum hagnaði í heild. Þar sé reiknað með að rekstrarjafnvægi náist í hinu hefðbundna Íslandsstarfi, en dótturfyrirtækin erlendis og Trans-Atlantik siglingar skili hagnaði og velta félagsins a.m.k. „tvöfaldast í alvörumynt talið".

Í lok skýrslu formanns segir orðrétt:

„Hafskip verður að skapa sér sérstöðu, og eins og nú horfir mun sú sérstaða skapast erlendis — ekki til að draga úr starfinu á heimavelli, heldur einmitt til að efla það og styrkja.

Það er eindregin hvatning stjórnar félagsins að fyrirliggjandi tillaga um hlutafjáraukningu verði samþykkt.

Það er ásetningur stjórnarinnar að tryggja framgang hlutafjárútboðsins og hvatning til núverandi hluthafa að fylgja því átaki fast eftir."

Björgólfur Guðmundsson tók síðan til máls og ræddi um erlenda starfsemi félagsins. Í fundargerð er bókað um ræðu hans að umfang erlendu skrifstofanna hefði þrefaldast á skömmum tíma. Markmið fyrir árið 1985 væri að flytja um 40.000 gámaeiningar yfir hafið. Áhættan væri töluverð en félagið gerði sína samninga þannig að auðvelt væri út úr þeim að komast með stuttum fyrirvara ef ekki tækist vel til.

Að loknum umræðum á fundinum var tillaga stjórnar Hafskips hf. til hluthafafundarins samþykkt samhljóða. Tillagan er svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að bjóða út nýtt hlutafé að upphæð 80 milljónir króna.

Núverandi hluthafar eiga skv. 5. gr. samþykkta félagsins forkaupsrétt að hlutabréfum í samræmi við núverandi hlutabréfaeign til 9. apríl n.k. en þá er stjórn félagsins heimilt að selja eftirstöðvar öðrum.

Hlutabréfin eru boðin til sölu gegn verðtryggðum vaxtalausum sjálfskuldarábyrgðarbréfum, sem taka mið af lánskjaravísitölu, með fimm jöfnum afborgunum, þeirri fyrstu 1. sept. 1986 og síðan árlega."

Hér hefur verið rakið nokkuð ítarlega það sem fram kom á hluthafafundinum 9. febrúar 1985, en málsaðila greinir á um það í veigamiklum atriðum hvernig skilja mætti þær upplýsingar sem þar komu fram.

Á stjórnarfundi 21. febrúar 1985 gerði stjórnarformaður, Ragnar Kjartansson, grein fyrir stöðu hlutafjárútboðsins sem þá var hafið. Jafnframt því skýrði hann frá þróun í flutningum heima og heiman og kemur m.a. fram í bókun af fundinum að niðurstaða væri hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir.

Í fundargerðarbók Hafskips hf. sést að þann 12. apríl 1985 gerði Ragnar Kjartansson stjórn félagsins grein fyrir stöðu hlutafjárútboðsins og upplýsti að ýmsir aðilar, einstaklingar og fyrirtæki, hefðu skráð sig fyrir ca 75-77 milljónum. Stefnt væri að því að ljúka sölu hlutafjárins næstu daga. Þá gerði Björgólfur Guðmundsson stjórninni einnig grein fyrir þróun flutninga og kvað þau mál nokkurn veginn í takt við þær áætlanir sem gerðar hefðu verið í upphafi ársins. Síðan er bókað: „Má af upplýsingum B.G. ráða að útkoma fyrstu þriggja mánaða verði nálægt þeirri áætlun sem gerð var. Þannig virðist mánaðarvelta fyrirtækisins ætla að verða milli 200 og 250 milljónir og ársvelta 1985 varla undir 2.5 milljörðum króna."

Þann 21. maí 1985 hélt stjórn Hafskips hf. með sér fund. Þar skýrði stjórnarformaðurinn frá því að í ljós hafi komið, að Cosmos í Bandaríkjunum hafi ekki skilað þeim árangri sem vonast hafði verið eftir og tap hafi orðið á fyrirtækinu á bilinu 100-150 þúsund dollarar. Skipt hafi verið um framkvæmdastjóra þess fyrirtækis og uppi séu áform um að selja það. Þá upplýsti stjórnarformaðurinn að heildartap félagsins á árinu 1984 hafi numið 95 milljónum króna. Þessi mismunur komi eingöngu fram í heimarekstri, en Trans-Atlantik siglingarnar skili félaginu 25 milljónum eins og ráð hafi verið fyrir gert. Því sé gert ráð fyrir 120 milljóna króna hagnaði af sameiginlegum rekstri heima og erlendis í áætlun þeirri sem nú hafi verið gerð fyrir árið 1985. Á fundinum skýrði endurskoðandi félagsins, Helgi Magnússon, ársreikninga 1984 og vakti athygli á stöðu félagsins, sem hefði öfugan höfuðstól upp á 165 milljónir króna. Á fundinum voru ársreikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir.

Aðalfundur Hafskips hf. var haldinn 7. júní 1985. Í skýrslu stjórnarformanns, Ragnars Kjartanssonar, kom fram að Hafskip hf. standi á sérkennilegum krossgötum. Í rekstri blasi við stórfelldir möguleikar, þar sem margra ára störf virðast því sem næst í hendi. Samtímis hafi brugðið skugga á þar sem miklir erfiðleikar blasi við. Tap ársins 1984 hafi numið 95 milljónum króna, en það hafi í för með sér að bókfærð eiginfjárstaða hafi orðið neikvæð um 105 milljónir króna. Þá segir orðrétt: „Ákveðið var að stofna til hlutafjárútboðs á hluthafafundi 9. febrúar s.l. og seldist það upp á skömmum tíma. Var þetta gert í ljósi hinnar neikvæðu eiginfjárstöðu." Þrátt fyrir þessa rekstrarörðugleika taldi stjórnarformaðurinn fulla ástæðu til bjartsýni þar sem rekstur Trans-Atlantik siglinga félagsins virtust lofa góðu. Ragnar Kjartansson gerði einnig að umtalsefni skrif Helgarpóstsins

þar sem ráðist væri að félaginu með óvenju rætnum hætti. Rakti hann greinina lið fyrir lið og hrakti með staðreyndum, eins og segir í fundargerð, þær staðhæfingar sem fram voru settar. Kvað hann félagið hyggjast stefna ritstjóra Helgarpóstsins og ljósmyndara fyrir atvinnuróg og meiðyrði.

Forstjóri félagsins, Björgólfur Guðmundsson, benti í sinni ræðu á að líkur væru á verulegum bata á árinu 1985 miðað við fyrra ár. Sagði hann Trans-Atlantik siglingar félagsins hafa sýnt góða arðsemi það sem af væri og virtist allt benda til jákvæðrar niðurstöðu þessa þáttar rekstrarins.

Fundurinn samþykkti ársreikninga félagsins. Stjórn þess var endurkjörin að öðru leyti en því að Davíð Sch. Thorsteinsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Finnbogi Kjeld kjörinn í hans stað.

Hin nýja stjórn kom saman næsta dag og skipti með sér verkum. Þá var ákveðið að skipa fimm stjórnarmenn í stjórnunarnefnd til ráðgjafar og trausts og halds í Trans-Atlantik málum eins og bókað er í fundargerðarbók.

Af bókunum af stjórnarfundi 28. júní s.á. kemur ekkert fram annað en að fyrirsvarsmenn félagsins séu bjartsýnir um framvindu mála.

Af bókun stjórnarfundar 24. september 1985 sést að væntingar um bætta afkomu félagsins hafa brugðist en á þeim fundi reifaði stjórnarformaður, Ragnar Kjartansson, lélegri rekstrarafkomu en áætlað hafði verið. Einnig var rædd staða fyrirtækisins við Útvegsbanka Íslands og mikið verðfall á skipamarkaðinum. Úttekt stjórnunarnefndarinnar á starfsemi félagsins í Bandaríkjunum var rædd og miklar umræður urðu um Trans-Atlantik siglingarnar. Samkvæmt bókunum af fundinum voru félagsmenn enn sammála um mikilvægi þeirra siglinga fyrir framtíð félagsins.

Stjórn Hafskips hf. boðaði endurskoðanda félagsins og bankastjórn Útvegsbanka Íslands á stjórnarfund þann 24. október 1985 þar sem skýrð var staða félagsins. Þar kom fram að stjórnarmenn höfðu átt í viðræðum við forráðamenn Eimskipafélags Íslands hf. um samvinnu, er tryggði lausn á vandamálum félagsins og Útvegsbankans. Í fundargerð er ekki að finna neinar tölur um stöðu mála og ekki sérstaklega nefnt hvað farið hafi úrskeiðis í rekstrinum. Á fundinum lagði Ragnar Kjartansson fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var samhljóða:

„Með hliðsjón af þeim athugunum sem gerðar hafa verið að undanförnu á framtíðarrekstri Hafskips hf. þá ályktar stjórn félagsins að stefna beri að því að fá úttekt á því máli fyrir n.k. mánaðamót, þ.m.t. viðræður um einhvers konar samvinnu við Eimskipafélag Íslands hf. Jafnframt felur stjórn félagsins stjórnarnefndinni að leita annarra leiða sem gætu tryggt framtíðarhagsmuni félagsins og hluthafa þess."

Þann 15. nóvember 1985 kom stjórn félagsins saman. Þar var stjórninni skýrt frá því að slitnað hafi upp úr viðræðum við Eimskipafélag Íslands hf. en viðræður hefðu farið fram við forráðamenn Sambands íslenskra samvinnufélaga um stofnun nýs félags. Samþykkt var á fundinum að leita áfram leiða til að bjarga því sem bjargað yrði en fram kom að félagið ætti ekki annarra kosta völ en að óska greiðslustöðvunar í næstu viku og segja upp öllu starfsfólki fyrir næstu mánaðamót.

Stjórnarfundur 18. nóvember 1985 samþykkti að selja eigur Hafskips hf. Íslenska skipafélaginu hf. og voru kaupsamningar og afsöl þar að lútandi undirrituð af stjórnarmönnum. Töldu stjórnarmenn þessa ráðstöfun nauðsynlega áður en fengin yrði greiðslustöðvun fyrir félagið enda yrði eftir það ekki möguleiki á sölu eigna félagsins til hins nýja félags. Þessar aðgerðir voru hugsaðar í samráði við bankastjórn Útvegsbanka Íslands eins og segir í fundargerð. Að þessu loknu var samþykkt að fá greiðslustöðvun fyrir félagið svo fljótt sem auðið væri.

Á næstu dögum voru tíðir fundir í stjórn félagsins og stjórn Íslenska skipafélagsins hf. Leitað var leiða til að bjarga hlutafé hluthafa Hafskips hf. og hagsmunum lánardrottna. Kom fram vilji um öflun nýs hlutafjár í Íslenska skipafélaginu hf. upp á 200 milljónir og stæðu stjórnarmenn að baki 60 milljónum af þeirri fjárhæð. Reynt var að koma í veg fyrir að Hafskip hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Allar þær tilraunir sem ekki verða raktar hér reyndust árangurslausar.

Föstudaginn 6. desember 1985 var haldinn síðasti stjórnarfundur Hafskips hf. Honum stjórnaði lögmaður félagsins, Jón G. Zoëga, í fjarveru formanns og varaformanns. Fyrir fundinum lá bréf Útvegsbanka Íslands þar sem farið var fram á gjaldþrotayfirlýsingu frá félaginu. Samþykkt var svohljóðandi bókun:

„Þegar ljóst var í byrjun nóvember að uppgjör félagsins fyrstu 8 mánuði sýndu enn áframhaldandi tap á Atlantshafssiglingunum, sem þá var orðið 160 milljónir króna frá áramótum var sýnt að í algert óefni var komið. Var þá reynt með öllum mögulegum hætti að leita leiða til björgunar því sem bjargað yrði. Var reynt til þrautar að ná viðunandi samningi við Eimskipafélag Íslands, svo og við skipadeild Sambandsins. Til að reyna að koma í veg fyrir gjaldþrot á meðan á þessum tilraunum stóð var Íslenska skipafélagið stofnað í samráði við Útvegsbanka Íslands. Þar sem Íslenska hefur nú að höfðu samráði við Útvegsbankann rift þessum samningi, sbr. stjórnarfund í gær, og engin önnur úrræði sjáanleg til björgunar félaginu samþykkir stjórn félagsins áðurnefnt erindi Útvegsbankans og fyrirliggjandi gjaldþrotaskiptabeiðni sem lögmaður las upp. Var gjaldþrotabeiðnin borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum mestra stjórnarmanna."

III.

Forsvarsmenn sóknaraðila sóttu hluthafafund Hafskips hf. 9. febrúar 1985. Samkvæmt greinargerð sóknaraðila var af hans hálfu ákveðið að skrá sig fyrir hlutafé í félaginu eftir þann fund og var formlega frá því gengið þann 5. júní 1985, er sóknaraðili afhenti félaginu verðtryggt skuldabréf að fjárhæð kr. 500.000,00 og tvær gámagrindur að verðmæti kr. 1.430.500,00 sem greiðslu á því hlutafjárloforði.

Afrit skuldabréfsins hefur ekki verið lagt fram í málinu. Ágreiningslaust er þó að það var útgefið af sóknaraðila 5. júní 1985 og bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1144. Skuldabréfið, sem bar ekki vexti og var án sjálfskuldarábyrgðar, skyldi greiðast með fimm afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1986. Með yfirlýsingu dags. 6. júní 1985 setti stjórn Hafskips hf. skuldabréf þetta Útvegsbanka Íslands að handveði til tryggingar skuldum Hafskips hf. við bankann. Skiptastjórar þrotabúsins framseldu skuldabréfið síðar sama aðila. Með yfirlýsingu dags. 7. mars 1987 ábyrgðist varnaraðili sóknaraðila að fyrrgreint framsal varnaraðila á skuldabréfinu breytti engu um stöðu sóknaraðila gagnvart þrotabúinu frá því sem hún var við upphaf skipta.

Upplýst var við munnlegan flutning málsins að Útvegsbanki Íslands hefur krafið sóknaraðila um greiðslur af skuldabréfi þessu, en hann hefur hins vegar ekki greitt.

Með samningi milli varnaraðila og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987, sem frammi liggur í málinu, var bankanum lagt út andvirði skuldabréfs sóknaraðila upp í lýstar kröfur í þrotabúið. Í samningi þessum segir svo m.a.: „Bankanum er kunnugt um, að ýmsir skuldarar samkvæmt þeim verðbréfum sem ákvæði þetta tekur til hafa krafist ógildingar skuldbindinga sinna eða skuldajafnaðar við þrotabúið að öðru leyti. Verði úrlausn dómstóla um slíkar mótbárur með þeim hætti að greiðsluloforð samkvæmt verðbréfum þessum falla niður, lækkar útlagning til bankans samkvæmt ofangreindu að sama skapi og með sama andvirði, og bankinn fær útlagningu með og breytast almennar kröfur bankans sem því nemur."

Upplýst var við munnlegan flutning málsins að varnaraðili seldi gámagrindur þær sem sóknaraðili afhenti Hafskipi hf. Á hinn bóginn hefur ekki verið upplýst hvenær sú sala fór fram né heldur hvert var söluverðmæti þeirra.

IV.

Svo sem fram hefur komið var mál þetta munnlega flutt fyrir skiptarétti þann 8. mars sl. Málið var síðan endurupptekið þann 13. apríl sl., þar sem dómurinn beindi þeim tilmælum til aðila, að þeir öfluðu nánar tiltekinna gagna, m.a. um það hvernig staðið var að undirbúningi og framkvæmd

hlutafjárútboðs þess sem samþykkt var á hluthafafundinum 9. febrúar 1985. Samþykktu umboðsmenn aðila að verða við þessum tilmælum dómsins. Síðar bárust sóknaraðila mótmæli frá varnaraðila við því að gögn þessi kæmust að í málinu. Að kröfu sóknaraðila var kveðinn upp úrskurður í skiptarétti þann 9. maí sl. þar sem framlagning gagnanna var heimiluð. Í framhaldi af þessum úrskurði var tekin vitnaskýrsla af Ragnari Kjartanssyni, fyrrum stjórnarformanni, og Ragnheiði Ágústsdóttur, fyrrum starfsmanni félagsins.

Ragnar Kjartansson upplýsti fyrir réttinum að á hluthafafundinum 9. febrúar 1985 hefðu legið frammi þau gögn er hlutafélagalög áskilja, þ.e. samþykktir reikningar félagsins síðasta reikningsár og skýrsla stjórnar um fjárhagslega stöðu þess. Hins vegar hafi umsögn endurskoðanda félagsins um skýrslu stjórnar ekki legið fyrir fundinum en endurskoðandinn hafi á hinn bóginn verið viðstaddur. Hann kvað áskrift nýrra hluta ekki hafa verið gerða á formlega áskriftarskrá en fyrir hendi hafi verið ígildi slíkrar skrár. Í samþykkt hluthafafundarins um hlutafjárútboðið hafi komið fram að frestur hluthafa til forkaupsréttar að hlutabréfum hafi verið tveir mánuðir en ekki hafi verið ákveðinn frestur til annarra kaupenda hlutafjár. Það sé því ekki hægt að segja til um það hvenær áskriftarsöfnun hafi lokið. Hann hafi hins vegar fengið þær upplýsingar í maí-júní 1985 að safnast hefðu loforð fyrir allri upphæðinni kr. 80.000.000,00 og liðlega það. Síðar hafi komið í ljós að svo var ekki. Það hafi hins vegar verið hugsað svo, ef einhver mismunur yrði milli þess sem safnaðist og þessara 80 milljóna, að félagið myndi eiga þann mismun sjálft.

Að sölu hlutafjárins hafi verið staðið með þrennum hætti. Í fyrsta lagi hafi verið skráð ákveðin loforð um kaup á hlutabréfum. Í öðru lagi hafi legið fyrir skrá yfir þá aðila er gefið höfðu vilyrði en ekki höfðu gefið út skuldabréf. Í þriðja lagi hafi verið skrá yfir þá aðila sem gefið höfðu vísbendingu um þátttöku en ekki höfðu staðfest hana.

Þá upplýsti Ragnar Kjartansson að greiðsla hlutabréfanna hafi í ákveðnum tilvikum farið fram með öðrum hætti en hluthafafundurinn 9. febrúar 1985 samþykkti. Þannig hafi greiðsla hlutabréfa farið fram með launum starfsfólks, skuldajöfnuði á móti afslætti og í einu tilviki eins og í máli þessu með því að taka tvær gámagrindur af kaupanda.

Í vitnaskýrslu Ragnheiðar Ágústsdóttur hér fyrir rétti kemur fram að vitnið hafi séð um framkvæmd hlutafjársölunnar. Hún kvaðst hafa fengið lista með nöfnum manna frá stjórnarmönnum, starfsfólki og sölumönnum. Vitnið hafi síðan haft samband við þessa aðila og spurt hvort senda mætti þeim skuldabréf til undirritunar. Í mörgum tilvikum hafi legið fyrir skrifleg loforð, en einnig hafi þetta verið með þeim hætti að sölumenn tjáðu vitninu að þeir hefðu talað við menn úti í bæ og þeir lofað að taka svo og svo

mikið. Það hafi komið fyrir að menn hafi ekki staðið við vilyrði sín og kvaðst vitnið hafa haft samband margsinnis við suma og allt fram í október 1985. Á tímabili kvaðst vitnið hins vegar hafa talið að hlutafjársöfnuninni væri lokið og tjáð Ragnari Kjartanssyni það.

Skiptastjórar þrotabús Hafskips hf. hafa höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur fyrrverandi stjórnarmönnum Hafskips hf. Í stefnu kemur fram að málið sé höfðað til greiðslu á kr. 3.059.500,00, þ.e. þeirri fjárhæð sem hlutafé félagsins er oftalið um í tilkynningu til hlutafélagaskrár miðað við nafnverð innborgaðs hlutafjár árið 1985.

V.

Við munnlegan málflutning 8. mars sl. byggði sóknaraðili á því að hann væri óbundinn af loforði um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf. Í fyrsta lagi hafi hlutafjárútboðið verið haldið formgöllum sem leiði til þess að skuldbinding hans sé niður fallin. Í öðru lagi, ef ekki verði á það fallist, sé loforð hans ógilt vegna efnisannmarka.

Hvað formgallana varðar telur sóknaraðili að ófrávíkjanlegar reglur hlutafélagalaga um undirbúning og framkvæmd hlutafjárútboðs hafi verið sniðgengnar. Á hluthafafundinum 9. febrúar 1985 hafi ekki verið fyrir hendi þau gögn sem nánar er kveðið á um í 2. mgr. 27. gr. hlutafélagalaga. Ekki hafi verið settur frestur til áskriftar og áskrift nýrra hluta hafi ekki verið gerð á formlega áskriftarskrá. Hluthafafundurinn hafi ákveðið að hlutafjárframlög skyldu greiðast með verðtryggðum skuldabréfum. Félagið hafi eigi að síður heimilað ýmsum áskrifendum að greiða loforð sín með öðrum hætti og sé það andstætt 31. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt 33. gr. sbr. 7. gr. hlutafélagalaga leiði þessi atriði til þess að félagið og nú varnaraðili geti ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup og skipti ekki máli í því sambandi þótt sóknaraðili hafi ekki mótmælt við ráðherra skv. niðurlagsákvæði 1. mgr. 7. gr. laganna. Þessu til viðbótar hafi ekki safnast það lágmark hlutafjárauka sem hluthafafundurinn hafi ákveðið og leiði það sjálfstætt til þess að niður sé fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og þar með skuldbinding sóknaraðila. Þótt sóknaraðili hafi ekki byggt á þessum málsástæðum í greinargerð sinni, komi þessar málsástæður eigi að síður fram í skjölum málsins og hafi verið hreyft af sóknaraðila í ódagsettu bréfi hans til varnaraðila sem móttekið var 7. janúar 1986.

Í greinargerð sóknaraðila er á því byggt að með skýrslunni „Á krossgötum" hafi stjórn Hafskips hf. beinlínis með röngum og villandi upplýsingum um hag félagsins á árunum 1984 og möguleikum í tekjuöflun í nánustu framtíð blekkt hann til að lofa að láta af hendi hlutafé, sem greitt var hinn 5. júní 1985. Stjórnendur Hafskips hf. hafi með þessum upplýsingum látið að því liggja að rekstrartap félagsins væri minna en það var í raun. Leiði

þetta til þess að loforð sóknaraðila skuldbindi hann eigi vegna ákvæða 30. gr. laga nr. 7/1936.

Á aðalfundi félagsins hinn 7. júní 1985 hafi stjórnendur Hafskips hf. lagt fram reikninga, er sýndu tap að fjárhæð kr. 95.700,000,00 og neikvæða eiginfjárstöðu að fjárhæð kr. 104.900.000,00. Hins vegar hafi fréttum um miklu meira tap, eða milli 220 til 230 milljóna króna, verið vísað á bug sem rógi. Stjórnendur Hafskips hf. hafi lagt á það áherslu í málflutningi sínum, bæði á hluthafafundinum 9. febrúar 1985 og aðalfundinum 7. júní 1985, að rekstraráætlanir sem gerðar væru með eins trúverðugum hætti og tök væru á sýndu að rekstrarjafnvægi myndi nást í hinu hefðbundna Íslandsstarfi en dótturfyrirtækin erlendis og Trans-Atlantik siglingar myndu skila hagnaði og velta félagsins a.m.k. tvöfaldast í raunvirði. Kostnaðaráætlanir félagsins hafi hins vegar ekki staðist og hafi komið í ljós í byrjun júlí 1985 að reyndin var önnur en fram kom í þeim upplýsingum er lagðar voru til grundvallar í skýrslunni „Á krossgötum". Þar sem forsendur sóknaraðila, byggðar á framangreindum upplýsingum, hafi brostið sé ljóst að loforðið skuldbindi hann ekki skv. réttarreglum um áhrif brostinna forsendna.

Þá telur sóknaraðili, þegar virt séu í heild sinni efni samnings aðila, atvik við samningsgerðina og síðar tilkomin atvik, að ljóst sé að loforð hans skuldbindi hann ekki vegna ákvæða 36. gr. laga nr. 7/1936. Sóknaraðili hafi þegar lýst yfir riftun er honum urðu ljósar blekkingar forsvarsmanna Hafskips hf. og verði að telja það réttmæta kröfu á grundvelli reglna samnings- og kröfuréttar að viðurkenndur verði réttur hans til að fá loforð sitt ógilt og fá til baka þau verðmæti, er hann hafi afhent, eða skaðabætur séu skil ekki möguleg. Byggist þessi krafa einnig á ákvæðum IX. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, einkum 72. gr.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt að rétturinn byggist á málsástæðum er varða form hlutafjárútboðsins. Við þingfestingu skiptaréttarmáls þessa 16. október 1986 er sóknaraðili lagði fram greinargerð sína hafi hann lagt grundvöllinn að málssókn þessari. Í greinargerðinni hafi ekki verið á þessari málsástæðu byggt og sé hún því of seint fram komin. Þar af leiði að varnaraðili hafi ekki átt þess kost að taka afstöðu til þessara atriða í greinargerð sinni.

Komist rétturinn að þeirri niðurstöðu að málsástæður um formgallana komist að, byggir varnaraðili á því að formgallarnir varði ekki ógildingu skuldbindingar sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki þrátt fyrir formgallana mótmælt því við ráðherra að áskriftin væri bindandi fyrir hann svo sem tilskilið sé í 33. gr. sbr. 7. gr. hlutafélagalaga. Sé hann því bundinn við loforð sitt.

Hvað efnisannmarka á loforði sóknaraðila varðar byggir varnaraðili á eftirtöldum atriðum.

Í fyrsta lagi eigi ógildingarástæður 30. gr. samningalaga ekki við. Þær upplýsingar sem forráðamenn Hafskips hf. gáfu um hag félagsins í fundarboði til hluthafafundar og á fundinum sjálfum hafi ekki reynst réttar. Hins vegar hafi ekkert komið fram í málinu, hvorki af einstökum framburðum né málsskjölum, sem bendi til þess að forráðamenn Hafskips hf. eða aðrir sem tóku þátt í að ákveða hlutafjárútboð hafi vitað betur eða mátt vita annað en að þær upplýsingar sem gefnar voru á hluthafafundinum væru réttar. Þeirri staðhæfingu sé því mótmælt sem rangri og það talið ósannað með öllu að forráðamenn Hafskips hf. og aðrir þeir sem stóðu að hlutafjárútboðinu hafi beitt svikum eða vísvitandi notað í blekkingarskyni rangar og villandi upplýsingar.

Í öðru lagi séu ekki fyrir hendi skilyrði til að leysa sóknaraðila undan efndum hlutafjárloforðsins á grundvelli brostinna forsendna. Til þess að brostin forsenda verði metin sem ógildingarástæða eða víki til hliðar samningsákvæðum þurfi forsendan að hafa haft úrslitaáhrif á það að loforðið hafi verið gefið, þ.e. að vera ákvörðunarástæða. Þá verði ástæðan að hafa verið veruleg og gagnaðilanum verið ljóst eða mátt vera ljóst að svo hafi verið. Sóknaraðili hafi ekki óskað neinna upplýsinga á hluthafafundinum. Hann hafi ekki sýnt nein viðbrögð á aðalfundi félagsins 7. júní 1985 þegar ljóst var að tap félagsins var meira en honum hafði áður verið tjáð og blaðaskrif voru um mun meira tap. Það verði því ekki ráðið af viðbrögðum sóknaraðila að þær upplýsingar sem hann telur sig blekktan af hafi haft þá þýðingu fyrir hann sem brostnar forsendur þurfi að hafa til þess að loforðsgjafi verði leystur undan loforði sínu.

Í þriðja lagi eigi 36. gr. samningalaga ekki við enda hafi ákvæði samningsins um hlutafjárloforð hvorki verið ósanngjörn né andstæð góðri viðskiptavenju. Þá beri á það að líta að 36. gr. samningalaga eins og hún er nú hafi ekki verið í lög leidd þegar sóknaraðili gaf loforð sitt.

Í fjórða lagi er á því byggt að enda þótt eitthvað af þeim ógildingarástæðum sem sóknaraðili byggir á reyndust eiga við rök að styðjast þá hafi sóknaraðili sýnt tómlæti um gæslu réttar síns. Á aðalfundinum 7. júní 1985 hafi hann mátt gera sér grein fyrir því að hinar svokölluðu forsendur hans fyrir hlutafjárloforðinu voru brostnar. Sóknaraðili hafi hins vegar ekkert aðhafst til að fá sig leystan frá loforði sínu fyrr en 4. desember 1985. Vegna viðsemjenda Hafskips hf. hafi þó verið sérstök ástæða til að það kæmi fram þegar í stað, ef sóknaraðili hygðist bera fyrir sig ógildingu loforðs síns.

Í fimmta lagi sé ekki unnt að afhenda sóknaraðila skuldabréfið og tvær gámagrindurnar. Ef loforð hans verði metið óskuldbindandi geti sóknaraðili aðeins átt kröfu um vangildisbætur á hendur varnaraðila. Sú krafa

hafi stöðu almennrar kröfu í þrotabúinu og vextir af þeirri kröfu geti aldrei orðið annað en eftirstæð krafa.

VI.

Forsendur og niðurstaða.

Stjórnarfundur Hafskips hf., sem haldinn var 8. janúar 1985, samþykkti m.a. að leggja fyrir hluthafafund í félaginu tillögu um nýtt hlutafjárútboð að upphæð 80 milljónir króna. Til hluthafafundarins var boðað með bréfi dags. 17. janúar 1985 þar sem sagði að á fundinum skyldi m.a. ræða tillögu stjórnar félagsins um nýtt hlutafjárútboð að upphæð kr. 80 milljónir.

Á hluthafafundinum, sem haldinn var þann 9. febrúar 1985, var eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins lögð fram og samþykkt: „Fundurinn samþykkir að bjóða út nýtt hlutafé að upphæð 80 milljónir króna. Núverandi hluthafar eiga skv. 5. gr. samþykkta félagsins forkaupsrétt að hlutabréfum í samræmi við núverandi hlutabréfaeign til 9. apríl nk., en þá er stjórn félagsins heimilt að selja eftirstöðvar öðrum. Hlutabréfin eru boðin til sölu gegn verðtryggðum sjálfskuldarábyrgðarbréfum, sem taka mið af lánskjaravísitölu, með fimm jöfnum afborgunum, þeirri fyrstu 1. sept. 1986 og síðan árlega."

Í bréfi stjórnarinnar til hluthafa félagsins, dags. 12. febrúar 1985, er kynnt sú samþykkt hluthafafundarins „að bjóða út nýtt hlutafé að upphæð 80 milljónir króna" og hluthöfum settur frestur til 9. apríl 1985 til að neyta forkaupsréttar síns.

Í lögum nr. 32/1978 um hlutafélög er að finna ýtarleg ákvæði um hækkun hlutafjár. Gilda í veigamiklum atriðum sömu reglur um áskrift hlutafjár við stofnun félags og um áskrift vegna hækkunar hlutafjár. Miða reglurnar m.a. að því að tryggja að félag fái í reynd þau verðmæti sem greind eru í stofnsamningi eða í ákvörðun um hlutafjáraukningu, enn fremur að væntanlegir hluthafar eða áskrifendur að nýjum hlutum við hlutafjárhækkun eigi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um hag félags áður en þeir taka ákvörðun um áskrift.

Á það ber að fallast með sóknaraðila að áskrift nýrra hluta vegna umræddrar hlutafjáraukningar fór ekki að öllu leyti fram samkvæmt ákvæðum V. kafla hlutafélagalaga nr. 32/1978. Þannig var ekki á hluthafafundinum nein umsögn endurskoðanda félagsins um skýrslu stjórnar sbr. C-lið 1. mgr. 27. gr. laganna. Ekki var settur frestur til áskriftar sbr. 4. tl. 1. mgr. 30. gr. og fram hefur komið að ákveðinn fjöldi áskrifenda greiddi hlutafjárloforð sín með öðrum hætti en samþykkt var í hlutafjárútboðinu. Þá er og fram komið í málinu að áskrift nýrra hluta var ekki gerð á sérstaka áskriftarskrá, sem félagsstjórn undirritaði, svo sem boðið er í 32. gr. laganna. Hins vegar liggur fyrir að sóknaraðili mótmælti ekki við ráðherra framangreindum annmörkum svo sem tilskilið er í 33. gr. sbr.

7. gr. hlutafélagalaga. Getur hann því ekki borið það fyrir sig nú að vegna annmarkanna sé áskriftin óskuldbindandi fyrir hann.

Auk framangreindra atvika byggir sóknaraðili ógildingarkröfu sína á því að ekki hafi að fullu fengist áskrift fyrir þeim hlutafjárauka sem fundurinn 9. febrúar ákvað að safna.

Eins og fram hefur komið var þannig staðið að skráningu nýrra hluta af hálfu félagsins að forsvarsmenn þess, einstakir stjórnarmenn og starfsmenn markaðsdeildar höfðu samband við einstaklinga og forsvarsmenn fyrirtækja og félagasamtaka og fengu skrifleg loforð þeirra eða vilyrði fyrir áskrift nýrra hluta. Var nöfnum þessara aðila safnað saman og þau færð í lausblaðamöppu sem Ragnheiður Ágústsdóttir, starfsstúlka á aðalskrifstofu félagsins, hafði umsjón með. Þá voru einnig færð í möppuna nöfn þeirra aðila er gefið höfðu vísbendingu um kaup á hlutabréfum. Var það hlutverk Ragnheiðar að hafa samband við þessa aðila og fá þá til að ganga frá útgáfu skuldabréfa til staðfestingar á kaupunum. Ragnheiður Ágústsdóttir hefur borið fyrir dómi að því verkefni hafi hún sinnt allt fram í október 1985. Það er óumdeilt í málinu að þeir aðilar sem tilgreindir eru í áðurgreindri lausblaðamöppu og ekki gáfu út skuldabréf vegna hlutabréfakaupanna skráðu þar ekki nöfn sín sjálfir.

Á aðalfundi Hafskips hf., sem haldinn var þann 7. júní 1985, skýrði stjórnarformaður félagsins, Ragnar Kjartansson, svo frá að hlutafjárútboðið hefði tekist og allt nýja hlutaféð selst upp á skömmum tíma. Í tilkynningu stjórnar félagsins til hlutafélagaskrár dags. 20. júní 1985 sagði að hlutafé þess væri kr. 95.637.761,00 en samkvæmt því hafði hlutaféð aukist um 80 milljónir króna frá árinu áður.

Samkvæmt framburði Ragnars Kjartanssonar fyrir dómi leit svo út um mánaðamótin maí/júní 1985, að safnast hefðu loforð fyrir 80 milljónum króna og líðlega það. Virðist áðurgreind tilkynning stjórnar Hafskips hf. til hlutafélagaskrár um hækkun hlutafjárins hafa verið byggð á þeim gögnum er Ragnheiður Ágústsdóttir hafði undir höndum og áður er lýst. Síðar kom í ljós samkvæmt framburði Ragnars að ekki hafði tekist að safna því lágmarki hlutafjár sem hluthafafundurinn hafði samþykkt. Fær það og samrýmst fyrirliggjandi gögnum sem fengin eru úr rannsókn þeirri sem fram fór á vegum þrotabús Hafskips hf. á fjárreiðum félagsins eftir að bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta.

Ágreiningslaust er með málsaðilum að nafnverð greiddra hlutafjárloforða á árinu 1985 nam kr. 76.940.500,00. Ekki hafa komið fram í málinu gögn er sýni að fengist hafi áskrift fyrir hærri fjárhæð. Verður því að leggja til grundvallar að ekki hafi fengist áskrift að öllu því hlutafé, sem hluthafafundurinn 9. febrúar 1985 ákvað að safna.

Í 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga segir hvernig með skuli fara þegar ekki

fæst áskrift fyrir því lágmarki hlutafjárauka, sem ákveðið hefur verið. Er ákvæðið m.a. sett með tilliti til hagsmuna áskrifenda og viðsemjenda félagsins. Þar segir fortakslaust að í slíkum tilvikum sé niður fallin ákvörðun um hlutafjárhækkun og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Er óheimilt eftir að áskrift er hafin að breyta ákvörðun hluthafafundar um upphæð hlutafjárauka. Samkvæmt ófrávíkjanlegu skilyrði 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga er því niður fallið loforð það um áskrift fyrir hlutafjárauka er sóknaraðili gaf Hafskipi hf. fljótlega eftir hluthafafundinn 9. febrúar 1985 og hann staðfesti síðar með útgáfu skuldabréfs og afhendingu tveggja gámagrinda. Fær eigi haggað þessari niðurstöðu sú fullyrðing Ragnars Kjartanssonar fyrir skiptaréttinum að félagið sjálft hafi ætlað að skrá sig fyrir þeim hlutum sem á vantaði, enda gerðu útboðsskilmálar ekki ráð fyrir slíku. Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá viðurkenningarkröfu sóknaraðila að hann sé óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf. Þykir í því sambandi ekki skipta máli þótt sóknaraðili hafi ekki skýrlega þegar við upphaf málssóknar sinnar stutt ógildingarkröfuna þessum rökum svo sem framangreindu lagaskilyrði er háttað.

Að þessari niðurstöðu fenginni koma aðrar þær ástæður er sóknaraðili hefur fært fram ógildingarkröfu sinni til stuðnings eigi til umfjöllunar í úrlausn þessari.

Af ákvæðum 1. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978 leiðir að endurgreiða ber það hlutafé sem þegar hefur verið greitt, fari hlutafjáraukning út um þúfur. Sóknaraðili á því rétt til endurgreiðslu þeirra verðmæta er hann greiddi Hafskipi hf. Kemur þá til skoðunar hvernig að þeirri endurgreiðslu skuli staðið eins og kröfugerð sóknaraðila og atvikum málsins er háttað.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu varnaraðila að það sé eigi á hans færi að afhenda sóknaraðila verðmæti þau er hann greiddi hlutafjárloforð sitt með, nái ógildingarkrafan fram að ganga, þar sem gámagrindurnar hafi verið seldar úr þrotabúinu og skuldabréfið framselt Útvegsbanka Íslands.

Gámagrindurnar hefði sóknaraðili getað fengið afhentar úr þrotabúinu utan skuldaraðar skv. 69. gr. laga nr. 6/1978 ef ekki hefði komið til sölu þeirra. Vegna sölunnar á sóknaraðili rétt til endurgreiðslu andvirðis þeirra skv. 72. gr. sömu laga. Hann krefst þess að fá andvirðið greitt úr búinu ásamt vöxtum og að sú krafa hafi stöðu skv. 3. tl. 82. og 86. gr. laga nr. 3/1878 í skuldaröð búsins. Miðar hann fjárhæð þeirrar endurkröfu, kr. 1.430.500,00, við það verðmæti er grindurnar höfðu við afhendingu til Hafskips hf. Hefur þeirri fjárhæð ekki verið andmælt af varnaraðila og verður hún því lögð til grundvallar með þeim vöxtum sem í úrskurðarorði greinir.

Sóknaraðili er ekki aðili að áðurgreindum samningi þrotabús Hafskips

hf. og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987. Varnaraðili hefur framselt skuldabréf það sem um ræðir í málinu. Samkvæmt því og þar sem framsalshafi bréfsins hefur krafið sóknaraðila um greiðslur samkvæmt því ber varnaraðila að greiða sóknaraðila bætur skv. niðurlagi 2. tl. 32. gr. laga nr. 6/1978. Sú bótakrafa er sömu fjárhæðar og skuldabréfið og með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í því greinir. Fer um þá kröfu í skuldaröð skv. 3. tl. 82. gr skiptalaga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Krafa þessi fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfið án greiðslu á því.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Úrskurð þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson borgarfógeti og meðdómsmennirnir Reynir Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorgeir Örlygsson, settur prófessor.

Úrskurðarorð:

Loforð það er sóknaraðili, Tækja-Tækni hf., gaf um áskrift fyrir hlutafé í Hafskipi hf. skuldbindur hann eigi.

Viðurkennd er krafa sóknaraðila, Tækja-Tækni hf., á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., um greiðslu á kr. 1.430.500,00 með 3,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, en þá með 2,75% drv. frá 1. mars 1986 til 31. mars s.á., en með 2,25% drv. frá 1. apríl s.á. til 28. febrúar 1987, en með 2,5% drv. frá 1. mars til 31. maí s.á., en með 2,80% drv. frá 1. júní til 31. júní s.á., en með 3% drv. frá 1. til 31. júlí s.á., en með 3,40% drv. frá 1. til 31. ágúst s.á., en með 3,50% drv. frá 1. til 30. september s.á., en með 3,60% drv. frá 1. október s.á. til þingfestingardags málsins, þ.e. 16. október 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Heimilað er að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. desember 1986. Höfuðstóll og vextir koma í skuldaröð þrotabús Hafskips hf. skv. 3. tl. 82. og 86. gr. laga nr. 3/1878.

Viðurkennd er krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila um greiðslu á kr. 500.000,00 með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í skuldabréfi því greinir sem sóknaraðili gaf út þann 5. júní 1985. Krafa þessi kemur í skuldaröð þrotabús Hafskips hf. skv. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfið án greiðslu þess.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 212/1988. **Þrotabú Hafskips hf.**
(Jóhann Níelsson hrl.)
gegn
Finnboga Kjeld
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Hlutafjáraukning. Tómlæti. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988, en úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur er uppkveðinn 27. maí 1988.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið að öllum kröfum stefnda, eins og þær eru settar fram í greinargerð hans fyrir skiptarétti Reykjavíkur, verði hafnað. Þá gerir hann kröfu til að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í úrskurði skiptaréttar. Fallast ber á þá úrlausn hans að áskrift nýrra hluta hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978, en eins og í úrskurðinum greinir getur stefndi ekki nú borið fyrir sig að áskriftin sé óskuldbindandi af þessum ástæðum.

Stefndi, sem stendur að útgerð farmskipa, skráði sig fyrir nýjum hlut og gekk frá greiðslu hans 21. febrúar 1985 eins og nánar er greint í hinum áfrýjaða úrskurði. Honum gat ekki dulist hvernig staðið var að söfnun hlutafjárloforða. Í ársskýrslu til aðalfundar, sem haldinn var 7. júní 1985, var hlutafjáraukningunni talið náð og samkvæmt fundargerð var reiknað með nýja hlutafénu og mætt fyrir nýju hlutina á fundinum, enda þótt hlutafjáraukningin væri ekki tilkynnt til hlutafélagaskrár, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978, fyrr en 20. júní s.á. Samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laga nr.

32/1978 hefði hlutafjáraukningin ekki átt að ganga í gildi fyrr en við skráningu. Miða verður þannig við að stjórn Hafskips hf. hafi samþykkt hlutafjáraukninguna fyrir aðalfundinn. Ómótmælt er að stefndi sótti aðalfundinn 7. júní 1985 sem fullgildur hluthafi og var, m.a. í krafti hinna nýju hlutabréfa, kosinn í stjórn félagsins á fundinum. Hann mátti þá gera sér grein fyrir því að stjórn Hafskips hf. reiknaði í verki með því að hlutafjáraukningunni væri náð og hagaði málum sínum gagnvart hluthöfum og lánardrottnum í samræmi við það. Eftir 7. júní 1985 fór hann ásamt öðrum stjórnarmönnum með málefni félagsins, sbr. 52. gr. laga nr. 32/1978. M.a. hvíldi á honum að tilkynna hið aukna hlutafé til hlutafélagaskrár. Gagnvart stefnda skiptir þannig ekki máli að tilkynningin um hlutafjárhækkunina var ekki birt lögum samkvæmt fyrr en 21. ágúst 1985.

Hafskip hf. fékk greiðslustöðvun 18. nóvember 1985 og var lýst gjaldþrota 6. desember s.á.

Lögmaður stefnda ritaði skiptaráðendum þrotabús Hafskips hf. bréf dags. 23. apríl 1986. Óskaði hann aðallega eftir því að fá afhent aftur skuldabréf útgefið 21. febrúar 1985, sem var greiðsla stefnda fyrir aukið hlutafé. Í bréfinu byggir hann kröfu sína á því að stefndi hafi vísvitandi verið blekktur til þátttöku í hlutafjáraukningunni af forsvarsmönnum hlutafélagsins.

Í framburði fyrir skiptarétti 2. maí 1986 dregur stefndi það til baka að hann hafi verið blekktur vísvitandi. Það er síðan ekki fyrr en við endurflutning málsins 11. maí 1988 að stefndi ber fyrir sig að of lítið hlutafé hafi safnast.

Miða verður við að stefndi hafi fyrst gert kröfu um riftun fyrir dómi í bréfi til skiptaréttar dags. 23. apríl 1986. Telja verður að stefndi hafi vegna stjórnarþátttöku sinnar þá fyrir löngu mátt gera sér grein fyrir því hvernig komið var hag félagsins, enda segir í greinargerð hans til skiptaréttar að hið rétta hafi komið í ljós á aðalfundi Hafskips hf. í júní 1985.

Telja verður kröfur stefnda hér fyrir dómi eingöngu byggðar á því að hann eigi rétt á riftun. Þegar virtir eru hagsmunir lánardrottna Hafskips hf., sem hlutu að treysta á þessa miklu hlutafjáraukningu, verður að telja að stefndi hafi orðið að koma fram með riftunarkröfu sína án ástæðulauss dráttar. Með hliðsjón af 6. mgr.

148. gr. laga nr. 32/1978, sbr. 3. mgr. 149. gr. sömu laga, geti hann ekki löngu eftir aðalfund 7. júní 1985, meira en sex mánuðum eftir tilkynningu og birtingu hlutafjárhækkunar, og eftir að félagið hefur gengið í gegnum greiðslustöðvun og verið gefið upp til gjaldþrots, gert kröfur í gjaldþrotabúið sem byggjast á því að hlutafjárloforði hans verði rift. Ekki þykja eins og hér stendur á skipta máli hverjar ástæður hann ber fyrir riftuninni. Af þessu leiðir að hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi sýkn af kröfum stefnda í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi, þrotabú Hafskips hf., vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Finnboga Kjeld, í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 27. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 29. október 1986, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. mars 1988. Málið var endurupptekið, munnlega flutt og tekið til úrskurðar að nýju þann 11. maí sl.

Sóknaraðili er Finnbogi Kjeld, nnr. 2324-5078, Hjarðarhaga 17, Reykjavík.

Varnaraðili er þrotabú Hafskips hf., nnr. 3504-0528, Reykjavík.

Með kröfulýsingu dags. 23. apríl 1986 lýsti sóknaraðili kröfu í þrotabú Hafskips hf. Þar krafðist hann þess að skuldabréf það, að upphæð kr. 460.000,00, er hann gaf út 21. febrúar 1985 til kaupa á hlutabréfum í félaginu, verði afhent honum, en til vara að andvirði þess verði greitt honum af eignum búsins. Með bréfi dags. 9. maí s.á. var sóknaraðila tilkynnt af hálfu bústjóra þrotabúsins að kröfu hans hafi verið hafnað. Sóknaraðili mótmælti afstöðu bústjóra skriflega þann 13. júní 1986. Á skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf. 25. september s.á. var ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt skiptaréttarmál sem þingfest var 29. október 1986.

Í greinargerð gerir sóknaraðili eftirtaldar kröfur á hendur varnaraðila.

Aðallega að sóknaraðila verði afhent skuldabréf útg. hinn 21. febrúar 1985 til Hafskips hf. að fjárhæð upphaflega kr. 460.000,00.

Til vara að viðurkennd verði sem almenn krafa krafa hans í þrotabú

Hafskips hf. sömu fjárhæðar auk áfallinnar vísitölu við upphafsdag skipta, þ.e. samtals kr. 585.733,34.

Þá er gerð krafa til málskostnaðar að mati réttarins úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila, svo sem þær eru settar fram í greinargerð hans, verði hafnað. Þá verði sóknaraðila með úrskurði réttarins gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

— — —

[Samhljóða II. kafla dóms í skiptaréttarmálinu: Tækja-Tækni hf. gegn þrotabúi Hafskips hf., bls. 1630-1636.]

III.

Sóknaraðili var um árabil hluthafi í Hafskipi hf. Samkvæmt greinargerð ákvað hann að taka þátt í hlutafjáraukningu í Hafskipi hf. Til greiðslu hlutafjárloforðs síns afhenti hann félaginu verðtryggt skuldabréf að fjárhæð kr. 460.000,00 sem útgefið var af honum 21. febrúar 1985. Skuldabréf þetta, sem var án sjálfskuldarábyrgðar, skyldi greiðast með fimm afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1986. Lánsfjárhæðin var bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1050 en bar ekki vexti.

Með yfirlýsingu dags. 6. júní 1985 setti stjórn Hafskips hf. skuldabréf þetta Útvegsbanka Íslands að handveði til tryggingar skuldum Hafskips hf. við bankann. Skiptastjórar þrotabúsins framseldu skuldabréfið síðar sama aðila. Með yfirlýsingu dags. 7. mars 1987 ábyrgðist varnaraðili sóknaraðila að fyrrgreint framsal varnaraðila á skuldabréfinu breytti engu um stöðu sóknaraðila gagnvart þrotabúinu frá því sem hún var við upphaf skipta.

Upplýst var við munnlegan flutning málsins að Útvegsbanki Íslands hefur krafið sóknaraðila um greiðslur af skuldabréfi þessu, en hann hefur hins vegar ekki greitt.

Með samningi milli varnaraðila og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987, sem frammi liggur í málinu, var bankanum lagt út andvirði skuldabréfs sóknaraðila upp í lýstar kröfur í þrotabúið. Í samningi þessum segir svo m.a.: „Bankanum er kunnugt um, að ýmsir skuldarar samkvæmt þeim verðbréfum, sem ákvæði þetta tekur til, hafa krafist ógildingar skuldbindinga sinna eða skuldajafnaðar við þrotabúið að öðru leyti. Verði úrlausn dómstóla um slíkar mótbárur með þeim hætti að greiðsluloforð samkvæmt verðbréfum þessum falla niður, lækkar útlagning til bankans samkvæmt ofangreindu að sama skapi og með sama andvirði og bankinn fær útlagningu með og breytast almennar kröfur bankans sem því nemur."

IV.

— — —

[Samhljóða IV. kafla dóms í skiptaréttarmálinu: Tækja-Tækni hf. gegn þrotabúi Hafskips hf., bls. 1637-1639.]

V.

Er málið var flutt að nýju 11. maí sl. byggði sóknaraðili á því að hann væri óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf. þar sem hlutafjárútboðið hafi verið haldið formgöllum. Leiði það til þess að skuldbinding hans sé niður fallin. Verði ekki á það fallist sé loforð hans ógilt vegna efnisannmarka.

Hvað formgallana varðar telur sóknaraðili að ófrávíkjanlegar reglur hlutafélagalaga um undirbúning og framkvæmd hlutafjárútboðs hafi verið sniðgengnar. Á hluthafafundinum 9. febrúar 1985 hafi ekki verið fyrir hendi þau gögn sem nánar er kveðið á um í 2. mgr. 27. gr. hlutafélagalaga. Ekki hafi verið settur frestur til áskriftar og áskrift nýrra hluta hafi ekki verið gerð á formlega áskriftarskrá. Hluthafafundurinn hafi ákveðið að hlutafjárframlög skyldu greiðast með verðtryggðum skuldabréfum. Félagið hafi eigi að síður heimilað ýmsum áskrifendum að greiða loforð sín með öðrum hætti og sé það andstætt 31. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt 33. sbr. 7. gr. hlutafélagalaga leiði þessi atriði til þess að félagið og nú varnaraðili geti ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup og skipti ekki máli í því sambandi þótt sóknaraðili hafi ekki mótmælt við ráðherra skv. niðurlagsákvæði 1. mgr. 7. gr. laganna. Þessu til viðbótar hafi ekki safnast það lágmark hlutafjárauka sem hluthafafundurinn hafi ákveðið og leiði það sjálfstætt til þess að niður sé fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og þar með skuldbinding sóknaraðila. Sóknaraðili telur að enda þótt hann hafi ekki byggt á þessum málsástæðum í greinargerð sinni, komi þær eigi að síður fram í skjölum málsins. Dómurinn geti því skv. 113. gr. laga nr. 85/1936 byggt á þeim við úrlausn málsins.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að hann telur sig óbundinn af hlutafjárloforði sínu, að ógilda beri greiðslu þess og afhenda hana til baka. Byggist aðalkrafa sóknaraðila á því, að skuldabréfið sé eða verði til ráðstöfunar fyrir þrotabúið að afloknum málarekstrinum. Að öðrum kosti eigi hann almenna kröfu í þrotabúið sömu fjárhæðar og skuldabréfið auk áfallinnar vísitölu.

Sóknaraðili telur að hann hafi verið blekktur til þátttöku í hlutafjáraukningunni og að hann hafi gert loforð sitt á grundvelli rangra upplýsinga um hag félagsins. Upplýsingar þær sem hluthöfum hafi verið veittar af stjórnendum félagsins á hluthafafundi þann 9. febrúar 1985 hafi verið villandi um afkomu félagsins á árinu 1984 og stöðu þess í árslok. Þar hafi

stjórnendur félagsins gert ráð fyrir kr. 55.000.000,00 rekstrarhalla, sem þeir hafi vitað eða hlotið að vita að gæfi ranga mynd af sennilegri afkomu ársins. Á sama fundi hafi verið veittar upplýsingar um rekstraráætlun félagsins vegna ársins 1985. Þar hafi verið reiknað með tvö- til þreföldun á veltu félagsins og „áhugaverðum" hagnaði. Fyrir mitt ár 1985 þegar fyrir lá fjögurra mánaða uppgjör þess árs hafi komið fram verulegt tap þrátt fyrir fullyrðingar um rekstrarhagnað.

Þessar upplýsingar forráðamanna Hafskips hf. hafi meðal annars ráðið þátttöku sóknaraðila í hlutafjáraukningunni. Þær forsendur hafi algjörlega brostið er hið rétta hafi komið í ljós á aðalfundi félagsins í júní 1985. Telur sóknaraðili að hinar röngu og villandi upplýsingar hafi verið vísvitandi notaðar í blekkingarskyni af hálfu þeirra er að ákvörðun um hlutafjáraukninguna stóðu. Þannig hafi hlutafjárloforðið verið ógilt frá upphafi eða ógildanlegt. Sóknaraðili telur að ekki skipti máli í þessu sambandi þótt hann hafi setið í stjórn Hafskips hf. þar sem hann hafi verið blekktur af stjórninni um afkomu félagsins eftir að hann tók þar sæti. Því hafi jafnan verið haldið að honum á stjórnarfundum að Trans-Atlantik siglingarnar gengju mjög vel. Hann hafi ekki verið kjörinn í hina sérstöku stjórnarnefnd og því verið haldið utan við raunverulegar upplýsingar um afkomu félagsins. Það verði því ekki virt honum til tómlætis um gæslu réttar síns þótt hann hafi ekki hafist handa fyrr en raun varð á.

Kröfur sínar byggir sóknaraðili á reglum samningaréttar um ógild loforð, brostnar forsendur og heimild samningalaga til að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum.

— — —

Af hálfu varnaraðila ...

[Sjá bls. 1640-1642.]

... almennrar kröfu í þrotabúinu.

VI.

Forsendur og niðurstaða.

Stjórnarfundur Hafskips hf ...

[Sjá bls. 1642-1643.]

... ákvað að safna.

Í 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga segir hvernig með skuli fara þegar ekki fæst áskrift fyrir því lágmarki hlutafjárauka, sem ákveðið hefur verið. Er ákvæðið m.a. sett með tilliti til hagsmuna áskrifenda og viðsemjenda félagsins. Þar segir fortakslaust að í slíkum tilvikum sé niður fallin ákvörðun um hlutafjárhækkun og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Er óheimilt eftir að áskrift er hafin að breyta ákvörðun

hluthafafundar um upphæð hlutafjárauka. Samkvæmt ófrávíkjanlegu skilyrði 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga er því niður fallið loforð það um áskrift fyrir hlutafjárauka er sóknaraðili gaf Hafskipi hf. fljótlega eftir hluthafafundinn 9. febrúar 1985 og hann staðfesti síðar með útgáfu skuldabréfs þann 21. febrúar s.á. Fær eigi haggað þessari niðurstöðu sú fullyrðing Ragnars Kjartanssonar fyrir skiptaréttinum að félagið sjálft hafi ætlað að skrá sig fyrir þeim hlutum sem á vantaði, enda gerðu útboðsskilmálar ekki ráð fyrir slíku. Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá viðurkenningarkröfu sóknaraðila að hann sé óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf.

Sóknaraðili reisti ógildingarkröfu sína ekki á framangreindum annmarka fyrr en við endurflutning málsins 11. maí sl. Annmarki þessi kemur þó skýrlega fram í skjölum málsins. Með hliðsjón af niðurlagsákvæði 113. gr. laga nr. 85/1936 þykir heimilt að dæma málið á þessum grundvelli, svo sem lagaskilyrðum 34. gr. laga nr. 32/1978 er háttað.

Að þessari niðurstöðu fenginni koma aðrar þær ástæður er sóknaraðili hefur fært fram ógildingarkröfu sinni til stuðnings eigi til umfjöllunar í úrlausn þessari.

Af ákvæðum 1. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978 leiðir að endurgreiða ber það hlutafé, sem þegar hefur verið greitt, fari hlutafjáraukning út um þúfur. Sóknaraðili á því rétt til endurgreiðslu þeirra verðmæta er hann greiddi Hafskipi hf. Kemur þá til skoðunar hvernig að þeirri endurgreiðslu skuli staðið eins og kröfugerð sóknaraðila og atvikum málsins er háttað.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu varnaraðila að það sé eigi á hans færi að afhenda sóknaraðila skuldabréfið, nái ógildingarkrafan fram að ganga, þar sem það hafi verið framselt Útvegsbanka Íslands.

Sóknaraðili er ekki aðili að áðurgreindum samningi þrotabús Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987. Varnaraðili hefur framselt skuldabréf það sem um ræðir í málinu. Samkvæmt því og þar sem framsalshafi bréfsins hefur krafið sóknaraðila um greiðslur samkvæmt því ber varnaraðila að greiða sóknaraðila bætur skv. niðurlagi 2. tl. 32. gr. laga nr. 6/1978. Sú bótakrafa er sömu fjárhæðar og skuldabréfið og með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í því greinir. Samkvæmt sömu lagagrein fer um slíkar kröfur í skuldaröð skv. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Af hálfu sóknaraðila var hins vegar gerð krafa um viðurkenningu á kröfu hans sem almennri kröfu. Þykir þessi málflutningsyfirlýsing binda hann í þeim efnum og ber að skipa kröfunni í skuldaröð búsins skv. 85. gr. laga nr. 3/1878. Krafa þessi fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfið án greiðslu á því.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Úrskurð þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson borgarfógeti og meðdóms-

mennirnir Reynir Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorgeir Örlygsson, settur prófessor.

Úrskurðarorð:

Lofað það er sóknaraðili, Finnbogi Kjeld, gaf um áskrift fyrir hlutafé í Hafskipi hf. skuldbindur hann eigi.

Viðurkennd er krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., um greiðslu á kr. 460.000,00 með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum, er í skuldabréfi því greinir, sem sóknaraðili gaf út þann 21. febrúar 1985. Krafa þessi kemur í skuldaröð þrotabús Hafskips hf. skv. 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfið án greiðslu þess.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 211/1988. **Þrotabú Hafskips hf.**
(Jóhann Níelsson hrl.)
gegn
Matthíasi Kjeld
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Hlutafjáraukning. Tómlæti. Gjaldþrotaskipti. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988, en úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur er uppkveðinn 27. maí 1988.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið að öllum kröfum stefnda, eins og þær eru settar fram í greinargerð hans fyrir skiptarétti Reykjavíkur, verði hafnað. Þá gerir hann kröfu til að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í úrskurði skiptaréttar. Fallast ber á þá úrlausn hans að áskrift nýrra hluta hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978, en eins og í úrskurðinum greinir getur stefndi ekki nú borið fyrir sig að áskriftin sé óskuldbindandi af þessum ástæðum.

Leggja verður til grundvallar að Finnbogi Kjeld hafi verið umboðsmaður stefnda varðandi hlutafjáraukninguna og hafi skráð hann fyrir nýjum hlut og var gengið frá greiðslu hans 21. febrúar 1985 eins og nánar er greint í hinum áfrýjaða úrskurði. Umboðsmanninum gat ekki dulist hvernig staðið var að söfnun hlutafjárloforða. Í ársskýrslu til aðalfundar, sem haldinn var 7. júní 1985, var hlutafjáraukningunni talið náð og samkvæmt fundargerð var reiknað með nýja hlutafénu og mætt fyrir nýju hlutina á fundinum, enda þótt hlutafjáraukningin væri ekki tilkynnt til hlutafélagaskrár, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978, fyrr en 20. júní s.á. Samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laga nr. 32/1978 hefði hlutafjáraukningin ekki átt að ganga í gildi fyrr en við skráningu. Miða verður þannig við að stjórn Hafskips hf. hafi samþykkt hlutafjáraukninguna fyrir aðalfundinn. Ómótmælt er að umboðsmaður stefnda sótti aðalfundinn 7. júní 1985 fyrir hann sem fullgildan hluthafa og var umboðsmaðurinn kosinn í stjórn félagsins, m.a. í krafti hinna nýju hlutabréfa stefnda. Stefndi mátti þá gera sér grein fyrir því að stjórn Hafskips hf. reiknaði í verki með því að hlutafjáraukningunni væri náð og hagaði málum sínum gagnvart hluthöfum og lánardrottnum í samræmi við það. Gagnvart stefnda skiptir þannig ekki máli að tilkynningin um hlutafjárhækkunina var ekki birt lögum samkvæmt fyrr en 21. ágúst 1985.

Hafskip hf. fékk greiðslustöðvun 18. nóvember 1985 og var lýst gjaldþrota 6. desember s.á.

Lögmaður stefnda ritaði skiptaráðendum þrotabús Hafskips hf. bréf dags. 23. apríl 1986. Óskaði hann aðallega eftir því að fá afhent aftur skuldabréf útgefið 21. febrúar 1985, sem var greiðsla stefnda fyrir aukið hlutafé. Í bréfinu byggir hann á því að stefndi hafi vísvitandi verið blekktur til þátttöku í hlutafjáraukningunni af forsvarsmönnum hlutafélagsins.

Í framburði fyrir skiptarétti 2. maí 1986 dregur umboðsmaður stefnda um hlutafjáraukninguna til baka að hann hafi verið vísvitandi blekktur af forsvarsmönnum Hafskips hf. Það er síðan ekki fyrr en við endurflutning málsins 11. maí 1988 að stefndi ber fyrir sig að of lítið hlutafé hafi safnast.

Miða verður við að stefndi hafi fyrst gert kröfu um riftun fyrir dómi í bréfi til skiptaréttar dags. 23. apríl 1986. Vegna stjórnarþátttöku umboðsmanns síns eftir 7. júní 1985 hafði stefndi öll tök á að fá upplýsingar um hag félagsins og mátti þannig vita hvernig komið var, enda segir í greinargerð hans til skiptaréttar að hið rétta hafi komið í ljós á aðalfundi Hafskips hf. í júní 1985.

Telja verður kröfur stefnda hér fyrir dómi eingöngu byggðar á því að hann eigi rétt á riftun. Þegar virtir eru hagsmunir lánardrottna Hafskips hf., sem hlutu að treysta á þessa miklu hlutafjáraukningu, verður að telja að stefndi hafi orðið að koma fram með riftunarkröfu sína án ástæðulauss dráttar. Með hliðsjón af 6. mgr. 148. gr. laga nr. 32/1978, sbr. 3. mgr. 149. gr. sömu laga, geti hann ekki löngu eftir aðalfund 7. júní 1985, meira en sex mánuðum eftir tilkynningu og birtingu hlutafjáraukningarinnar, og eftir að félagið hefur gengið í gegnum greiðslustöðvun og verið gefið upp til gjaldþrots, gert kröfur í gjaldþrotabúið sem byggjast á því að hlutafjárloforði hans verði rift. Ekki þykir eins og hér stendur á skipta máli hverjar ástæður hann ber fyrir riftuninni. Af þessu leiðir að hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi sýkn af kröfum stefnda í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi, þrotabú Hafskips hf., vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Matthíasar Kjeld, í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 27. maí 1988.

Mál þetta, sem þingfest var þann 29. október 1986, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. mars 1988. Málið var endurupptekið, munnlega flutt og tekið til úrskurðar að nýju þann 11. maí sl.

Sóknaraðili er Matthías Kjeld, nnr. 6546-3628, Dalsbyggð 19, 210 Garðabæ.

Varnaraðili er þrotabú Hafskips hf., nnr. 3504-0528, Reykjavík.

Með kröfulýsingu dags. 23. apríl 1986 lýsti sóknaraðili kröfu í þrotabú Hafskips hf. Þar krafðist hann þess að skuldabréf það, að upphæð kr. 1.000.000,00, er hann gaf út 21. febrúar 1985 til kaupa á hlutabréfum í félaginu, verði afhent honum, en til vara að andvirði þess verði greitt honum af eignum búsins. Með bréfi dags. 9. maí s.á. var sóknaraðila tilkynnt af hálfu bústjóra þrotabúsins að kröfu hans hafi verið hafnað. Sóknaraðili mótmælti afstöðu bústjóra skriflega þann 13. júní 1986. Á skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf. 25. september var ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt skiptaréttarmál sem þingfest var 29. október 1986.

Í greinargerð gerir sóknaraðili eftirtaldar kröfur á hendur varnaraðila.

Aðallega að sóknaraðila verði afhent skuldabréf útg. hinn 21. febrúar 1985 til Hafskips hf. að fjárhæð upphaflega kr. 1.000.000,00.

Til vara að viðurkennd verði sem almenn krafa krafa hans í þrotabú Hafskips hf. sömu fjárhæðar auk áfallinnar vísitölu við upphafsdag skipta, þ.e. samtals kr. 1.273.333,30.

Þá er gerð krafa til málskostnaðar að mati réttarins úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila, svo sem þær eru settar fram í greinargerð hans, verði hafnað. Þá verði sóknaraðila með úrskurði réttarins gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

— — —

[Samhljóða II. kafla dóms í skiptaréttarmálinu: Tækja-Tækni hf. gegn þrotabúi Hafskips hf., bls. 1630-1636.]

III.

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila gerðist hann þátttakandi í hlutafjáraukningu í Hafskipi hf. með afhendingu verðtryggðs skuldabréfs að fjárhæð kr. 1.000.000,00, sem útgefið var af honum 21. febrúar 1985. Skuldabréf þetta, sem var án sjálfskuldarábyrgðar, skyldi greiðast með fimm afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1986. Lánsfjárhæðin var bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1050 en bar ekki vexti.

Með yfirlýsingu dags. 6. júní 1985 setti stjórn Hafskips hf. skuldabréf þetta Útvegsbanka Íslands að handveði til tryggingar skuldum Hafskips hf. við bankann. Skiptastjórar þrotabúsins framseldu skuldabréfið síðar sama aðila. Með yfirlýsingu dags. 7. mars 1987 ábyrgðist varnaraðili sóknaraðila að fyrrgreint framsal varnaraðila á skuldabréfinu breytti engu um stöðu sóknaraðila gagnvart þrotabúinu frá því sem hún var við upphaf skipta.

Upplýst var við munnlegan flutning málsins að Útvegsbanki Íslands hefur krafið sóknaraðila um greiðslur af skuldabréfi þessu, en hann hefur hins vegar ekki greitt.

Með samningi milli varnaraðila og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987, sem frammi liggur í málinu, var bankanum lagt út andvirði skuldabréfs sóknaraðila upp í lýstar kröfur í þrotabúið. Í samningi þessum segir svo m.a.: „Bankanum er kunnugt um, að ýmsir skuldarar samkvæmt þeim verðbréfum, sem ákvæði þetta tekur til, hafa krafist ógildingar skuldbindinga sinna eða skuldajafnaðar við þrotabúið að öðru leyti. Verði úrlausn dómstóla um slíkar mótbárur með þeim hætti að greiðsluloforð samkvæmt verðbréfum þessum falla niður, lækkar útlagning til bankans samkvæmt ofangreindu að sama skapi og með sama andvirði og bankinn fær útlagningu með og breytast almennar kröfur bankans sem því nemur."

IV.

— — —

[Samhljóða IV. kafla dóms í skiptaréttarmálinu: Tækja-Tækni hf. gegn þrotabúi Hafskips hf., bls. 1637-1639.]

V.

Er málið var flutt að nýju 11. maí sl. byggði sóknaraðili á því að hann væri óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf. þar sem hlutafjárútboðið hafi verið haldið formgöllum. Leiði það til þess að skuldbinding hans sé niður fallin. Verði ekki á það fallist sé loforð hans ógilt vegna efnisannmarka.

Hvað formgallana varðar telur sóknaraðili að ófrávíkjanlegar reglur hlutafélagalaga um undirbúning og framkvæmd hlutafjárútboðs hafi verið sniðgengnar. Á hluthafafundinum 9. febrúar 1985 hafi ekki verið fyrir hendi þau gögn sem nánar er kveðið á um í 2. mgr. 27. gr. hlutafélagalaga. Ekki hafi verið settur frestur til áskriftar og áskrift nýrra hluta hafi ekki verið gerð á formlega áskriftarskrá. Hluthafafundurinn hafi ákveðið að hlutafjárframlög skyldu greiðast með verðtryggðum skuldabréfum. Félagið hafi eigi að síður heimilað ýmsum áskrifendum að greiða loforð sín með öðrum hætti og sé það andstætt 31. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt 33. gr. sbr. 7. gr. hlutafélagalaga leiði þessi atriði til þess að félagið og nú varnaraðili geti ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup og skipti ekki máli

í því sambandi þótt sóknaraðili hafi ekki mótmælt við ráðherra skv. niðurlagsákvæði 1. mgr. 7. gr. laganna. Þessu til viðbótar hafi ekki safnast það lágmark hlutafjárauka sem hluthafafundurinn hafi ákveðið og leiði það sjálfstætt til þess að niður sé fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og þar með skuldbinding sóknaraðila. Sóknaraðili telur að enda þótt hann hafi ekki byggt á þessum málsástæðum í greinargerð sinni, komi þær eigi að síður fram í skjölum málsins. Dómurinn geti því skv. 113. gr. laga nr. 85/1936 byggt á þeim við úrlausn málsins.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að hann telur sig óbundinn af hlutafjárloforði sínu, að ógilda beri greiðslu þess og afhenda hana til baka. Byggir aðalkrafa sóknaraðila á því að skuldabréfið sé eða verði til ráðstöfunar fyrir þrotabúið að afloknum málarekstrinum. Að öðrum kosti eigi hann almenna kröfu í þrotabúið sömu fjárhæðar og skuldabréfið auk áfallinnar vísitölu.

Sóknaraðili telur að hann hafi verið blekktur til þátttöku í hlutafjáraukningunni og að hann hafi gefið loforð sitt á grundvelli rangra upplýsinga um hag félagsins. Upplýsingar þær sem hluthöfum hafi verið veittar af stjórnendum félagsins á hluthafafundi þann 9. febrúar 1985 hafi verið villandi um afkomu félagsins á árinu 1984 og stöðu þess í árslok. Þar hafi stjórnendur félagsins gert ráð fyrir kr. 55.000.000,00 rekstrarhalla, sem þeir hafi vitað eða hlotið að vita að gæfi ranga mynd af sennilegri afkomu ársins. Á sama fundi hafi verið veittar upplýsingar um rekstraráætlun félagsins vegna ársins 1985. Þar hafi verið reiknað með tvö- til þreföldun á veltu félagsins og „áhugaverðum" hagnaði. Fyrir mitt ár 1985 þegar fyrir lá fjögurra mánaða uppgjör þess árs hafi komið fram verulegt tap þrátt fyrir fullyrðingar um rekstrarhagnað.

Þessar upplýsingar forráðamanna Hafskips hf. hafi meðal annars ráðið þátttöku sóknaraðila í hlutafjáraukningunni. Þær forsendur hafi algjörlega brostið er hið rétta hafi komið í ljós á aðalfundi félagsins í júní 1985. Telur sóknaraðili að hinar röngu og villandi upplýsingar hafi verið vísvitandi notaðar í blekkingarskyni af hálfu þeirra er að ákvörðun um hlutafjáraukninguna stóðu. Þannig hafi hlutafjárloforðið verið ógilt frá upphafi eða ógildanlegt.

Kröfur sínar byggir sóknaraðili á reglum samningaréttar um ógild loforð, brostnar forsendur og heimild samningalaga til að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum.

— — —

Af hálfu varnaraðila ...

[Sjá bls. 1640-1642.]

... almennrar kröfu í þrotabúinu.

VI.

Forsendur og niðurstaða.

Stjórnarfundur Hafskips hf. ...

[Sjá bls. 1642-1643.]

... ákvað að safna.

Í 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga segir hvernig með skuli fara þegar ekki fæst áskrift fyrir því lágmarki hlutafjárauka, sem ákveðið hefur verið. Er ákvæðið m.a. sett með tilliti til hagsmuna áskrifenda og viðsemjenda félagsins. Þar segir fortakslaust að í slíkum tilvikum sé niður fallin ákvörðun um hlutafjárhækkun og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Er óheimilt eftir að áskrift er hafin að breyta ákvörðun hluthafafundar um upphæð hlutafjárauka. Samkvæmt ófrávíkjanlegu skilyrði 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga er því niður fallið loforð það um áskrift fyrir hlutafjárauka er sóknaraðili gaf Hafskipi hf. fljótlega eftir hluthafafundinn 9. febrúar 1985 og hann staðfesti síðar með útgáfu skuldabréfs þann 21. febrúar s.á. Fær eigi haggað þessari niðurstöðu sú fullyrðing Ragnars Kjartanssonar fyrir skiptaréttinum að félagið sjálft hafi ætlað að skrá sig fyrir þeim hlutum sem á vantaði, enda gerðu útboðsskilmálar ekki ráð fyrir slíku. Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá viðurkenningarkröfu sóknaraðila að hann sé óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf.

Sóknaraðili reisti ógildingarkröfu sína ekki á framangreindum annmarka fyrr en við endurflutning málsins 11. maí sl. Annmarki þessi kemur þó skýrlega fram í skjölum málsins. Með hliðsjón af niðurlagsákvæði 113. gr. laga nr. 85/1936 þykir heimilt að dæma málið á þessum grundvelli, svo sem lagaskilyrðum 34. gr. laga nr. 32/1978 er háttað.

Að þessari niðurstöðu fenginni koma aðrar þær ástæður er sóknaraðili hefur fært fram ógildingarkröfu sinni til stuðnings eigi til umfjöllunar í úrlausn þessari.

Af ákvæðum 1. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978 leiðir að endurgreiða ber það hlutafé sem þegar hefur verið greitt, fari hlutafjáraukning út um þúfur. Sóknaraðili á því rétt til endurgreiðslu þeirra verðmæta er hann greiddi Hafskipi hf. Kemur þá til skoðunar hvernig að þeirri endurgreiðslu skuli staðið eins og kröfugerð sóknaraðila og atvikum málsins er háttað.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu varnaraðila að það sé eigi á hans færi að afhenda sóknaraðila skuldabréfið, nái ógildingarkrafan fram að ganga þar sem það hafi verið framselt Útvegsbanka Íslands.

Sóknaraðili er ekki aðili að áðurgreindum samningi þrotabús Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987. Varnaraðili hefur framselt skuldabréf það sem um ræðir í málinu. Samkvæmt því og þar sem framsalshafi bréfsins hefur krafið sóknaraðila um greiðslur samkvæmt því ber

varnaraðila að greiða sóknaraðila bætur skv. niðurlagi 2. tl. 32. gr. laga nr. 6/1978. Sú bótakrafa er sömu fjárhæðar og skuldabréfið og með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í því greinir. Samkvæmt sömu lagagrein fer um slíkar kröfur í skuldaröð skv. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Af hálfu sóknaraðila var hins vegar gerð krafa um viðurkenningu á kröfu hans sem almennri kröfu. Þykir þessi málflutningsyfirlýsing binda hann í þeim efnum og ber að skipa kröfunni í skuldaröð búsins skv. 85. gr. laga nr. 3/1878. Krafa þessi fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfið án greiðslu á því.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Úrskurð þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson borgarfógeti og meðdómsmennirnir Reynir Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorgeir Örlygsson, settur prófessor.

Úrskurðarorð:

Loforð það er sóknaraðili, Matthías Kjeld, gaf um áskrift fyrir hlutafé í Hafskipi hf. skuldbindur hann eigi.

Viðurkennd er krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., um greiðslu á kr. 1.000.000,00 með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í skuldabréfi því greinir sem sóknaraðili gaf út þann 21. febrúar 1985. Krafa þessi kemur í skuldaröð þrotabús Hafskips hf. skv. 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfið án greiðslu þess.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 213/1988. **Þrotabú Hafskips**

(Jóhann Níelsson hrl.)

gegn

Saltsölunni hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Hlutafjáraukning. Tómlæti. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988, en úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur er uppkveðinn 27. maí 1988.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið að öllum kröfum stefnda, eins og þær eru settar fram í greinargerð hans fyrir skiptarétti Reykjavíkur, verði hafnað. Þá gerir hann kröfu til að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í úrskurði skiptaréttar. Fallast ber á þá úrlausn hans að áskrift nýrra hluta hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978, en eins og í úrskurðinum greinir getur stefndi ekki nú borið fyrir sig að áskriftin sé óskuldbindandi af þessum ástæðum.

Framkvæmdastjóri hins stefnda fyrirtækis, sem stendur að útgerð farmskipa, skráði það fyrir nýjum hlut og gekk frá greiðslu hans 21. febrúar 1985 eins og nánar er greint í hinum áfrýjaða úrskurði. Honum gat ekki dulist hvernig staðið var að söfnun hlutafjárloforða. Í ársskýrslu til aðalfundar, sem haldinn var 7. júní 1985, var hlutafjáraukningunni talið náð og samkvæmt fundargerð var reiknað með nýja hlutafénu og mætt fyrir nýju hlutina á fundinum, enda þótt hlutafjáraukningin væri ekki tilkynnt til hlutafélagaskrár, sbr.

2. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978, fyrr en 20. júní s.á. Samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laga nr. 32/1978 hefði hlutafjáraukningin ekki átt að ganga í gildi fyrr en við skráningu. Miða verður þannig við að stjórn Hafskips hf. hafi samþykkt hlutafjáraukninguna fyrir aðalfundinn. Ómótmælt er að framkvæmdastjóri stefnda sótti aðalfundinn 7. júní 1985 fyrir hann sem fullgildan hluthafa og var kosinn í stjórn félagsins á fundinum, m.a. fyrir tilstyrk hinna nýju hlutabréfa stefnda. Hann mátti þá gera sér grein fyrir því að stjórn Hafskips hf. reiknaði í verki með því að hlutafjáraukningunni væri náð og hagaði málum sínum gagnvart hluthöfum og lánardrottnum í samræmi við það. Eftir 7. júní 1985 fór framkvæmdastjóri stefnda ásamt öðrum stjórnarmönnum með málefni félagsins, sbr. 52. gr. laga nr. 32/1978. M.a. hvíldi á honum að tilkynna hið aukna hlutafé til hlutafélagaskrár. Gagnvart stefnda skiptir þannig ekki máli að tilkynningin um hlutafjárhækkunina var ekki birt lögum samkvæmt fyrr en 21. ágúst 1985.

Hafskip hf. fékk greiðslustöðvun 18. nóvember 1985 og var lýst gjaldþrota 6. desember s.á.

Lögmaður stefnda ritaði skiptaráðendum þrotabús Hafskips hf. bréf dags. 23. apríl 1986. Óskaði hann aðallega eftir því að fá afhent aftur skuldabréf útgefið hinn 21. febrúar 1985, sem var greiðsla hans fyrir aukið hlutafé. Í bréfinu byggir hann kröfu sína á því að framkvæmdastjóri stefnda hafi vísvitandi verið blekktur til þátttöku í hlutafjáraukningunni af forsvarsmönnum hlutafélagsins.

Í framburði fyrir skiptarétti 2. maí 1986 dregur framkvæmdastjórinn það til baka að hann hafi verið blekktur vísvitandi. Það er síðan ekki fyrr en við endurflutning málsins 11. maí 1988 að stefndi ber fyrir sig að of lítið hlutafé hafi safnast.

Miða verður við að stefndi hafi fyrst gert kröfu um riftun fyrir dómi í bréfi til skiptaréttar dags. 23. apríl 1986. Telja verður að framkvæmdastjóri stefnda hafi vegna stjórnarþátttöku sinnar þá fyrir löngu mátt gera sér grein fyrir því hvernig komið var hag félagsins, enda segir í greinargerð stefnda til skiptaréttar að hið rétta hafi komið í ljós á aðalfundi Hafskips hf. í júní 1985.

Telja verður kröfur stefnda hér fyrir dómi eingöngu byggðar á því að stefndi eigi rétt á riftun. Þegar virtir eru hagsmunir lánardrottna Hafskips hf., sem hlutu að treysta á þessa miklu hlutafjár-

aukningu, verður að telja að riftunarkrafa stefnda hafi orðið að koma fram án ástæðulauss dráttar. Með hliðsjón af 6. mgr. 148. gr. laga nr. 32/1978, sbr. 3. mgr. 149. gr. sömu laga, geti hann ekki löngu eftir aðalfund 7. júní 1985, meira en sex mánuðum eftir tilkynningu og birtingu hlutafjáraukningarinnar, og eftir að félagið hefur gengið í gegnum greiðslustöðvun og verið gefið upp til gjaldþrots, gert þá kröfu í gjaldþrotabúið að hlutafjárloforði hans verði rift. Ekki þykir eins og hér stendur á skipta máli hverjar ástæður hann ber fyrir riftuninni. Af þessu leiðir að hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi sýkn af kröfum stefnda í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið og skal áfrýjandi, þrotabú Hafskips hf., vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Saltsölunnar hf., í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 27. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 29. október 1986, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. mars 1988. Málið var endurupptekið, munnlega flutt og tekið til úrskurðar að nýju þann 11. maí sl.

Sóknaraðili er Saltsalan hf., nnr. 7468-1069, Hjarðarhaga 17, Reykjavík.

Varnaraðili er þrotabú Hafskips hf., nnr. 3504-0528, Reykjavík.

Með kröfulýsingu dags. 23. apríl 1986 lýsti sóknaraðili kröfu í þrotabú Hafskips hf. Þar krafðist hann þess að þau tvö skuldabréf hvort um sig að upphæð kr. 2.500.000,00, er hann gaf út 21. febrúar 1985 til kaupa á hlutabréfum í félaginu verði afhent honum, en til vara að andvirði þeirra verði greitt honum af eignum búsins. Með bréfi dags. 9. maí s.á. var sóknaraðila tilkynnt af hálfu bústjóra þrotabúsins að kröfu hans hafi verið hafnað. Sóknaraðili mótmælti afstöðu bústjóra skriflega þann 13. júní 1986. Á skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf. 25. september s.á. var ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt skiptaréttarmál sem þingfest var 29. október 1986.

Í greinargerð gerir sóknaraðili eftirtaldar kröfur á hendur varnaraðila.

Aðallega að sóknaraðila verði afhent tvö skuldabréf útg. hinn 21. febrúar 1985 til Hafskips hf. samtals að fjárhæð kr. 5.000.000,00. Til vara að

viðurkennd verði sem almenn krafa krafa hans í þrotabú Hafskips hf. sömu fjárhæðar auk áfallinnar vísitölu við upphafsdag skipta, þ.e. samtals kr. 6.366.666,40.

Þá er gerð krafa til málskostnaðar að mati réttarins úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila, svo sem þær eru settar fram í greinargerð hans, verði hafnað. Þá verði sóknaraðila með úrskurði réttarins gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

— — —

[Samhljóða II. kafla dóms í skiptaréttarmálinu: Tækja-Tækni hf. gegn þrotabúi Hafskips hf., bls. 1630-1636.]

III.

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila ákvað hann að taka þátt í hlutafjáraukningu í Hafskipi hf. Til greiðslu hlutafjárloforðs síns afhenti hann félaginu tvö veðtryggð skuldabréf, hvort að fjárhæð kr. 2.500.000,00 sem útgefin voru af honum 21. febrúar 1985. Skuldabréf þessi, sem voru án sjálfskuldarábyrgðar, skyldu greiðast með fimm afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1986. Lánsfjárhæðin var bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1050 en bar ekki vexti.

Með yfirlýsingu dags. 6. júní 1985 setti stjórn Hafskips hf. skuldabréf þessi Útvegsbanka Íslands að handveði til tryggingar skuldum Hafskips hf. við bankann. Skiptastjórar þrotabúsins framseldu skuldabréfin síðar sama aðila. Með yfirlýsingu dags. 7. mars 1987 ábyrgðist varnaraðili sóknaraðila að fyrrgreint framsal varnaraðila á skuldabréfunum breytti engu um stöðu sóknaraðila gagnvart þrotabúinu frá því sem hún var við upphaf skipta.

Upplýst var við munnlegan flutning málsins að Útvegsbanki Íslands hefur krafið sóknaraðila um greiðslur af skuldabréfum þessum, en hann hefur hins vegar ekki greitt.

Með samningi milli varnaraðila og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987, sem frammi liggur í málinu, var bankanum lagt út andvirði skuldabréfa sóknaraðila upp í lýstar kröfur í þrotabúið. Í samningi þessum segir svo m.a.: „Bankanum er kunnugt um, að ýmsir skuldarar samkvæmt þeim veðbréfum sem ákvæði þetta tekur til, hafa krafist ógildingar skuldbindinga sinna eða skuldajafnaðar við þrotabúið að öðru leyti. Verði úrlausn dómstóla um slíkar mótbárur með þeim hætti að greiðsluloforð samkvæmt veðbréfum þessum falla niður, lækkar útlagning til bankans samkvæmt

ofangreindu að sama skapi og með sama andvirði og bankinn fær útlagningu með og breytast almennar kröfur bankans sem því nemur."

IV.

[Samhljóða IV. kafla dóms í skiptaréttarmálinu: Tækja-Tækni hf. gegn þrotabúi Hafskips hf., bls. 1637-1639.]

V.

Er málið var flutt að nýju 11. maí sl. byggði sóknaraðili á því að hann væri óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf. þar sem hlutafjárútboðið hafi verið haldið formgöllum. Leiði það til þess að skuldbinding hans sé niður fallin. Verði ekki á það fallist sé loforð hans ógilt vegna efnisannmarka.

Hvað formgallana varðar telur sóknaraðili að ófrávíkjanlegar reglur hlutafélagalaga um undirbúning og framkvæmd hlutafjárútboðs hafi verið sniðgengnar. Á hluthafafundinum 9. febrúar 1985 hafi ekki verið fyrir hendi þau gögn sem nánar er kveðið á um í 2. mgr. 27. gr. hlutafélagalaga. Ekki hafi verið settur frestur til áskriftar og áskrift nýrra hluta hafi ekki verið gerð á formlega áskriftarskrá. Hluthafafundurinn hafi ákveðið að hlutafjárframlög skyldu greiðast með verðtryggðum skuldabréfum. Félagið hafi eigi að síður heimilað ýmsum áskrifendum að greiða loforð sín með öðrum hætti og sé það andstætt 31. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt 33. sbr. 7. gr. hlutafélagalaga leiði þessi atriði til þess að félagið og nú varnaraðili geti ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup og skipti ekki máli í því sambandi þótt sóknaraðili hafi ekki mótmælt við ráðherra skv. niðurlagsákvæði 1. mgr. 7. gr. laganna. Þessu til viðbótar hafi ekki safnast það lágmark hlutafjárauka sem hluthafafundurinn hafi ákveðið og leiði það sjálfstætt til þess að niður sé fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og þar með skuldbinding sóknaraðila. Sóknaraðili telur að enda þótt hann hafi ekki byggt á þessum málsástæðum í greinargerð sinni, komi þær eigi að síður fram í skjölum málsins. Dómurinn geti því skv. 113. gr. laga nr. 85/1936 byggt á þeim við úrlausn málsins.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að hann telur sig óbundinn af hlutafjárloforði sínu, að ógilda beri greiðslu þess og afhenda hana til baka. Byggist aðalkrafa sóknaraðila á því að skuldabréfin séu eða verði til ráðstöfunar fyrir þrotabúið að afloknum málarekstrinum. Að öðrum kosti eigi hann almenna kröfu í þrotabúið sömu fjárhæðar og skuldabréfin auk áfallinnar vísitölu.

Sóknaraðili telur að hann hafi verið blekktur til þátttöku í hlutafjárauknningunni og að hann hafi gefið loforð sitt á grundvelli rangra upplýsinga um hag félagsins. Upplýsingar þær sem hluthöfum hafi verið veittar af

stjórnendum félagsins á hluthafafundi þann 9. febrúar 1985 hafi verið villandi um afkomu félagsins á árinu 1984 og stöðu þess í árslok. Þar hafi stjórnendur félagsins gert ráð fyrir kr. 55.000.000,00 rekstrarhalla, sem þeir hafi vitað eða hlotið að vita að gæfi ranga mynd af sennilegri afkomu ársins. Á sama fundi hafi verið veittar upplýsingar um rekstraráætlun félagsins vegna ársins 1985. Þar hafi verið reiknað með tvö- til þreföldun á veltu félagsins og „áhugaverðum" hagnaði. Fyrir mitt ár 1985 þegar fyrir lá fjögurra mánaða uppgjör þess árs hafi komið fram verulegt tap þrátt fyrir fullyrðingar um rekstrarhagnað.

Þessar upplýsingar forráðamanna Hafskips hf. hafi meðal annars ráðið þátttöku sóknaraðila í hlutafjáraukningunni. Þær forsendur hafi algjörlega brostið er hið rétta hafi komið í ljós á aðalfundi félagsins í júní 1985. Telur sóknaraðili að hinar röngu og villandi upplýsingar hafi verið vísvitandi notaðar í blekkingarskyni af hálfu þeirra er að ákvörðun um hlutafjáraukninguna stóðu. Þannig hafi hlutafjárloforðið verið ógilt frá upphafi eða ógildanlegt. Ekki skipti máli í þessu sambandi, þótt stjórnarformaður sóknaraðila hafi setið í stjórn Hafskips hf., þar sem hann hafi verið blekktur af stjórninni um afkomu félagsins eftir að hann tók þar sæti. Því hafi jafnan verið haldið að honum á stjórnarfundum að Trans-Atlantik siglingarnar gengju mjög vel. Hann hafi ekki verið kjörinn í hina sérstöku stjórnarnefnd og því verið haldið utan við raunverulegar upplýsingar um afkomu félagsins. Það verði því ekki virt honum til tómlætis um gæslu réttar síns þótt hann hafi ekki hafist handa fyrr en raun varð á.

Kröfur sínar byggir sóknaraðili á reglum samningaréttar um ógild loforð, brostnar forsendur og heimild samningalaga til að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum.

— — —

Af hálfu varnaraðila ...

[Sjá bls. 1640-1642.]

... almennrar kröfu í þrotabúinu.

VI.

Forsendur og niðurstaða.

Stjórnarfundur Hafskips hf. ...

[Sjá bls. 1642-1643.]

... ákvað að safna.

Í 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga segir hvernig með skuli fara þegar ekki fæst áskrift fyrir því lágmarki hlutafjárauka, sem ákveðið hefur verið. Er ákvæðið m.a. sett með tilliti til hagsmuna áskrifenda og viðsemjenda félagsins. Þar segir fortakslaust að í slíkum tilvikum sé niður fallin ákvörðun um hlutafjárhækkun og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð

sig fyrir hlutum. Er óheimilt eftir að áskrift er hafin að breyta ákvörðun hluthafafundar um upphæð hlutafjárauka. Samkvæmt ófrávíkjanlegu skilyrði 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga er því niður fallið loforð það um áskrift fyrir hlutafjárauka, er sóknaraðili gaf Hafskipi hf. fljótlega eftir hluthafafundinn 9. febrúar 1985 og hann staðfesti síðar með útgáfu tveggja skuldabréfa þann 21. febrúar s.á. Fær eigi haggað þessari niðurstöðu sú fullyrðing Ragnars Kjartanssonar fyrir skiptaréttinum að félagið sjálft hafi ætlað að skrá sig fyrir þeim hlutum sem á vantaði, enda gerðu útboðsskilmálar ekki ráð fyrir slíku. Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá viðurkenningarkröfu sóknaraðila að hann sé óbundinn af loforði sínu um framlagningu hlutafjár í Hafskipi hf.

Sóknaraðili reisti ógildingarkröfu sína ekki á framangreindum annmarka fyrr en við endurflutning málsins 11. maí sl. Annmarki þessi kemur þó skýrlega fram í skjölum málsins. Með hliðsjón af niðurlagsákvæði 113. gr. laga nr. 85/1636 þykir heimilt að dæma málið á þessum grundvelli, svo sem lagaskilyrðum 34. gr. laga nr. 32/1978 er háttað.

Að þessari niðurstöðu fenginni koma aðrar þær ástæður er sóknaraðili hefur fært fram ógildingarkröfu sinni til stuðnings eigi til umfjöllunar í úrlausn þessari.

Af ákvæðum 1. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978 leiðir að endurgreiða ber það hlutafé, sem þegar hefur verið greitt, fari hlutafjáraukning út um þúfur. Sóknaraðili á því rétt til endurgreiðslu þeirra verðmæta er hann greiddi Hafskipi hf. Kemur þá til skoðunar hvernig að þeirri endurgreiðslu skuli staðið eins og kröfugerð sóknaraðila og atvikum málsins er háttað.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu varnaraðila að það sé eigi á hans færi að afhenda sóknaraðila skuldabréfin, nái ógildingarkrafan fram að ganga þar sem þau hafi verið framseld Útvegsbanka Íslands.

Sóknaraðili er ekki aðili að áðurgreindum samningi þrotabús Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands frá 4. apríl 1987. Varnaraðili hefur framselt skuldabréf þau sem um ræðir í málinu. Samkvæmt því og þar sem framsalshafi bréfanna hefur krafið sóknaraðila um greiðslur samkvæmt þeim ber varnaraðila að greiða sóknaraðila bætur skv. niðurlagi 2. tl. 32. gr. laga nr. 6/1978. Sú bótakrafa er sömu fjárhæðar og skuldabréfin og með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í þeim greinir. Samkvæmt sömu lagagrein fer um slíkar kröfur í skuldaröð skv. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Af hálfu sóknaraðila var hins vegar gerð krafa um viðurkenningu á kröfu hans sem almennri kröfu. Þykir þessi málflutningsyfirlýsing binda hann í þeim efnum og ber að skipa kröfunni í skuldaröð búsins skv. 85. gr. laga nr. 3/1878. Krafa þessi fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfin án greiðslu á þeim.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Úrskurð þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson borgarfógeti og meðdómsmennirnir Reynir Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorgeir Örlygsson, settur prófessor.

Úrskurðarorð:

Loforð það er sóknaraðili, Saltsalan hf., gaf um áskrift fyrir hlutafé í Hafskipi hf. skuldbindur hann eigi.

Viðurkennd er krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., um greiðslu á kr. 5.000.000,00 með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í skuldabréfum þeim greinir sem sóknaraðili gaf út þann 21. febrúar 1985. Krafa þessi kemur í skuldaröð þrotabús Hafskips hf. skv. 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfin án greiðslu þeirra.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 413/1988. **Hörður Rist Ólafsson**
gegn
Sigurjóni Sigurðssyni
Böðvari Bragasyni og
Bjarka Elíassyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 19. þ.m. ásamt greinargerð varnaraðila. Kæruheimild er 21. gr. 1. mgr. 1. tl. b laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að dæma um efni málsins.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar héraðsdóms.

Með vísun til forsendna hins kærða dóms og 105. gr. 1. mgr. laga nr. 85/1936 sbr. lög nr. 54/1988 12. gr. ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ekki er gerð krafa um kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. október 1988, höfðaði Hörður Ólafsson hrl., kennitala 12.09.21.4799, Njálsgötu 87, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri þann 30. september og 1. október 1988, gegn Sigurjóni Sigurðssyni, kennitala 16.08.15.2139, Ægissíðu 58, Reykjavík, Böðvari Bragasyni, kennitala 04.10.38.4629, Tómasarhaga 26, Reykjavík, og Bjarka Elíassyni, kennitala 15.05.23.4949, Frostaskjóli 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 200.000,00 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þingfestingu málsins til greiðsludags og málskostnaðar skv. taxta LMFÍ. Vaxtavaxta er krafist á 12 mánaða fresti og dráttarvaxta á málskostnað 15 dögum eftir dómsuppsögu.

Við þingfestingu málsins var ekki mætt af hálfu stefndu.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að hann hafi haft byssuleyfi frá því að hann var rúmlega tvítugur. Leyfið hafi verið endurnýjað 15. október 1979, leyfisnúmer 2581, og hafi það gilt fyrir þeirri byssu, sem stefnandi átti, Simson-Suhl tvíhleypu, nr. 210784, hlaupvídd 12. Byssuna hafi stefnandi átt mjög lengi og þótt mjög vænt um hana. Leyfið hafi ekki verið afturkallað.

Þann 5. mars 1982 hafi bifreið stefnanda verið stöðvuð af lögreglunni í Reykjavík og lögreglan tekið ofangreinda byssu, sem var í aftursætinu, í sína vörslu. Stefnandi kveðst hafa gert mýmargar tilraunir til að fá byssuna afhenta, með ferðum á fund stefnda Sigurjóns, sem þá hafi verið lögreglustjóri, á fund stefnda Bjarka, sem hafi verið yfirlögregluþjónn, og seinna einnig á fund stefnda Böðvars, sem þá hafi verið orðinn lögreglustjóri, en allt komið fyrir ekki. Stefnandi kveðst því loks hafa stungið upp á því vorið 1987 við stefnda Böðvar að hann fengi að selja byssuna í Vesturröst. Hafi byssan selst þar 1. júlí 1987 eða þar um bil fyrir kr. 27.000,00.

Stefnandi bendir á að í 6. kafla laga nr. 46/1976 séu nefndar nokkrar

ákvarðanir lögreglustjóra: 31. gr. um afturköllun leyfis, 32. gr. 2. mgr. um sölu að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu og 3. mgr. sömu gr. um eyðileggingu „efnis", sem sé „lélegt og verðlaust". Þessar ákvarðanir hefði verið unnt að kæra til dómsmálaráðuneytisins innan mánaðar, en málskot hefði ekki frestað leyfissviptingu eða verkun hennar sbr. 33. gr. i.f. Stefnandi telur lögin þarna gera ráð fyrir kæranlegri leyfissviptingu. Stefnandi telur stefndu því utan þessara laga í málinu, en vel innan 1. mgr. 257. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 og svo innan 134., 135., 138. og 139. gr. sömu laga. Stefnandi kveðst þó ekki óska þess að stefndu sæti refsingu.

Stefnandi telur að stefndir lögreglumenn geti ekki orðið „stikkfriir" af lögbrotum og bótaskyldu þótt þeir klæðist einkennisbúningi. Hann vísar til óskráðra laga skaðabótaréttarins, svo og til 257. og 264. gr. laga nr. 19/1984.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt því sem fram kemur í kröfugerð stefnanda krefur hann stefndu in solidum um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 200.000,00. Tilvísun stefnanda til óskráðra laga skaðabótaréttarins verður að skilja svo að hann hafi þar almennu skaðabótaregluna í huga og því sé um bótakröfu vegna fjártjóns að ræða. Tilvísun til 264. gr. laga nr. 19/1940 verður að skilja svo að hluti skaðabótakröfunnar sé vegna miska.

Stefnandi geri hvorki tilraun til þess að sýna fram á með hvaða hætti hann hafi orðið fyrir fjártjóni né heldur hvernig fjárhæð bótakröfunnar vegna þess er fundin. Þá er umkrafin bótafjárhæð ekki sundurliðuð í bætur vegna fjártjóns annars vegar og miska hins vegar en kröfugerðin sýnist ná til hvorutveggja.

Þá er ekki ljóst hvernig persónulegri aðild stefndu að máli þessu er háttað.

Telja verður að hér sé um slíka vanreifun að ræða og óskýran málatilbúnað að ekki samrýmist 88. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist þrátt fyrir útivist af hálfu stefndu að vísa málinu ex officio frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Bjarni Magnússon ftr. yfirborgardómara kvað upp þennan dóm.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 410/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Víði Kristjánssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 174. gr. sömu laga, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. þ.m., sem barst réttinum 16. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi eða tímalengd hans stytt.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. desember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 14. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald það sem kærða Víði Kristjánssyni, með lögheimili að Bergstaðastræti 60, með dvalarstað að Bræðraborgarstíg 10 hér í borg, fæddum 17.01. 1964 í Reykjavík, var gert að sæta með úrskurði þann 15. nóvember sl., sem rennur út í dag kl. 17:00, allt til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot kærða gegn 211. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940.

Málavextir.

Að morgni sunnudagsins 13. nóvember sl. hringdi X til lögreglunnar í Reykjavík, þá staddur á heimili sínu að ..., Reykjavík, og tilkynnti að hann hefði verið stunginn með hnífi.

Lögregla og sjúkralið fóru á staðinn og var X fluttur á Borgarspítalann, þar sem hann gekkst þegar undir aðgerð.

Við skoðun kom í ljós að X var með stungusár á kvið 4 cm langt. Við nánari skoðun kom í ljós að vopnið hafði gengið í gegnum kviðvegg, í gegnum netju og ristil á tveimur stöðum, þá í gegnum ristilhengið rétt neðan við briskirtilinn inn í nýrnafitu, og var augljóst að vopnið hafði snert og skaddað nýrað utanvert, þó óverulega. Vopnið hafði farið út úr nýrnafitunni aftur undir XII. rif neðanvert og þaðan alveg út undir húð á baki. Þar sem blóð hafði safnast fyrir í kviðnum vegna alvarlegra áverka var X færður til aðgerðar á skurðstofu og var í lífshættu og á gjörgæslu. X útskrifaðist síðan af Borgarspítala 22.11. sl. til dvalar heima og eftirlits á göngudeild.

Kærði hefur viðurkennt að vera valdur að stungusári X. Kærði hefur borið að hafa hitt X að morgni sunnudagsins 13. nóvember sl. í Austurstræti og þeir báðir verið undir áhrifum áfengis.

Kærði kveður þá hafa gengið að heimili X að Sólvallagötu 27, þar sem þeir hafi borðað mogadon og aðra tegund lyfs, auk þess sem þeir hafi reykt skafpípu af hassi, en dagana á undan kveðst kærði hafa verið í miklu lyfjaáti og óreglu.

Kærði kveðst hafa orðið syfjaður en áður hafi hann farið fram í eldhús þar sem hann hafi séð 2 hnífa sem hann hafi ákveðið að stela. Kærði hefur ekki getað borið nákvæmlega um málsatvik, en þó borið að hafa afklætt sig, og það næsta sem hann muni hafi verið að þeir X hafi legið í rúminu allsnaktir og X verið að láta vel að ákærða. Kærði hafi þá beðið X að hætta því þar sem honum hafi fundist þetta ógeðfellt og hafi X orðið við því og farið inn í eldhús og kærði þá klætt sig. X hafi komið inn aftur og lagst fyrir í rúminu á ný. Kærði kveðst hafa komið hnífnum fyrir í buxum sínum við bakhluta sinn. X hafi reynt að klæða kærða úr gallabuxunum aftur og kærði þá fundið að hnífurinn var að detta, gripið hann og stungið honum í X án þess að vita hvar hnífurinn lenti í honum. Kærði kveðst hafa hlaupið út við svo búið og hnífurinn þá staðið í X. Kærði kveðst ekki hafa hugsað um að koma honum til hjálpar eða reyna að aðstoða hann. Kærði kveðst hafa orðið alveg brjálaður þegar X hafi reynt að girða niður um hann gallabuxurnar, en þá hafi X tekið um lim kærða.

X hefur gefið skýrslu hjá RLR og borið um atvik á nokkuð annan veg en kærði.

X hefur borið að þeir hafi farið saman í rúmið og báðir afklæðst, hann og kærði, og áður hafi þeir rætt mök tveggja karla.

X hefur borið að hann hafi ekki beitt ofbeldi eða reynt að fá kærða til einhvers sem hann var mótfallinn og honum hafi komið á óvart hve kærði var fús til atlota, því hann hafi ekki talið hann homma.

Brot það er kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 211. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940, eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er ljóst að hér er um alvarlegt brot að ræða. Kærði stakk X með 35 cm löngum búrhnífi með 20 cm löngu blaði, sem er 4-5 mm breitt, og skildi X eftir hjálparvana. Tilviljun ein réð því hvar hnífurinn lenti.

Ljóst er af því sem að framan greinir að framburður kærða og X er ósamhljóða að verulegu leyti hvað varðar aðdraganda árásarinnar.

Þykir rétt með vísan til þess sem að framan er rakið að taka kröfu RLR til greina með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Viðir Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 17:00.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 126/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Óla Pálma Halldóri Þorbergssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1988 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærða krafist þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og ákæru vísað frá sakadómi, en til vara að ákærði verði sýknaður. Þá er þess krafist að dæmd verði málsvarnarlaun.

Ekki þykja þeir annmarkar vera á ákæru er valdi því að vísa beri henni frá sakadómi, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 38/1987 og nr. 39/1987, sem upp voru kveðnir 3. júní 1987.

Á það þykir skorta að prófun ákærða og vitnisins Hermanns Gunnars Björgvinssonar fyrir dómi hafi verið nægilega skilvirk með hliðsjón af rannsóknargögnum, sbr. 1. og 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Verður að ómerkja málsmeðferð frá og með þinghaldi 13. mars 1987 svo og hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 13. mars 1987 eru ómerkt og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 23. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. þ.m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dagsettri 20. mars 1986 „á hendur Óla Pálma Halldóri Þorbergssyni, Selbrekku 3, Kópavogi, fæddum 17. júlí 1916 á Sæbóli, Sléttuhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrir okur með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 50 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 19. janúar 1984 og lánað honum kr. 174.400,00, sem greiðast skyldu

þann 19. mars 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 200.000,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 25.600,00 og svara til 75,5% ársvaxta í stað 24% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánum, og því kr. 17.467,00 umfram hæstu lögleyfðu vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermanni Gunnari í 49 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skipti þann 21. október 1985, og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 2.936.888,00 umfram lögleyfða vexti, ..." Með bréfi ríkissaksóknara sem dagsett er 6. febrúar 1987 er „fallið frá ákæruatriðum varðandi lán veitt eftir 11. ágúst 1984 í ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 20. mars 1986, og er eigi krafist frekari aðgerða í máli þessu af ákæruvaldsins hálfu varðandi þau ákæruatriði."

Í ákæruskjalinu frá 20. mars 1986 er ætluðum brotum ákærða ennfremur lýst þannig:

Dagsetning láns	Greiðsludagur	Lánsfjárhæð	Endurgreitt	Áskildir vextir
30.1.1984	30.3.1984	308.685,00	354.000,00	75,5%
19.1.1984	19.3.1984	174.400,00	200.000,00	75,5%
16.3.1984	16.5.1984	61.040,00	70.000,00	75,5%
25.3.1984	25.5.1984	87.200,00	100.000,00	75,5%
1.5.1984	1.7.1984	34.880,00	40.000,00	75,5%
20.5.1984	20.7.1984	38.875,00	44.580,00	75,5%
21.5.1984	21.7.1984	40.896,00	46.900,00	75,6%
25.5.1984	25.7.1984	100.000,00	114.680,00	75,5%
4.7.1984	4.9.1984	87.200,00	100.000,00	88,1%

Vextir umfram lögleyfða vexti fyrir umrætt tímabil eru taldir í ákærunni vera samtals kr. 101.521,00.

Í ákærunni er háttsemi ákærða talin „varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar frá Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærða, lögregluskýrslum svo og öðrum gögnum

eru málavextir svo sem nú verður frá greint. Við húsleit sem Rannsóknarlögregla ríkisins gerði hjá Hermanni Björgvinssyni að Hafnarstræti 20 í Reykjavík þann 31. október 1985 „fundust gögn sem bentu til" ... að ákærði ætti hjá Hermanni ... „verulegar fjárhæðir".

Ákærði hefur skýrt svo frá að hann hafi selt feðgunum Hermanni Björgvinssyni og Björgvini Hermannssyni húseign og hafi þeir greitt fyrir hana á árinu 1983. Síðan hafi þeir fengið andvirðið og lofað ákærða því að ávaxta það fyrir hann. Ákærði hefur haldið því fram að þeir feðgar hafi sagt að þessi viðskipti ætti hann við Verðbréfamarkaðinn sem Björgvin væri skráður fyrir. Ákærði hefur neitað því að hafa lánað Hermanni peninga heldur hafi hann látið hann hafa fé til ávöxtunar. Hermann hafi oft hringt til sín og sagt að sig vantaði peninga fyrir Verðbréfamarkaðinn. Hafi Hermann gengið fast eftir því að ákærði léti sig hafa peninga. Hermann hafi sjálfur ábyrgst endurgreiðslu ásamt vöxtum.

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrit af tékkum sem útgefnir eru af Hermanni Björgvinssyni og eru þeir allir framseldir af ákærða nema tékki útg. 1. júlí 1984 að fjárhæð kr. 40.000,00. Fjárhæðir tékkanna eru þær sömu og tilgreindar eru sem endurgreiðsla á lánsfé hér að ofan. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið við þessum tékkum úr hendi Hermanns Björgvinssonar en hann hafi átt þetta fé inni hjá honum. Þá hefur ákærði staðfest fyrir dómi lögregluskýrslu þar sem fram kemur að umræddum tékkum hafi hann tekið við frá Hermanni Björgvinssyni sem greiðslu fyrir peninga ásamt ávöxtun sem ákærði hafi afhent Hermanni tveimur mánuðum fyrr. Einnig hefur ákærði staðfest fyrir dómi lögregluskýrslu þar sem hann hefur tilgreint fjárhæðir og tímabil og sagði hann fyrir dómi að þessar upplýsingar gæfu til kynna hvernig inneign, endurgreiðslum og ávöxtun var varið á tilgreindum tímabilum.

Vitnið Hermann Björgvinsson hefur skýrt svo frá að ákærði hafi á tímabilinu janúar til ágúst 1984 lánað sér peninga gegn vöxtum. Þeim hafi báðum verið kunnugt um að þetta voru lánveitingar. Vitnið kvaðst ekki hafa beitt ákærða neinum þvingunum til þessara viðskipta. Þeir hafi samið um ákveðna vexti en ekki hafi verið tekið mið af auglýstum vöxtum.

Engar bótakröfur hafa komið fram í máli þessu.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu í málinu og málsvarnarlauna ásamt söluskatti.

Niðurstöður.

Með vísan til þeirra gagna sem hér að framan eru rakin, framburðar ákærða og vitna þykir sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá sem honum er að sök gefin í máli þessu en ákærði hefur viðurkennt að hafa afhent Hermanni Björgvinssyni þær fjárhæðir sem um ræðir í máli

þessu og að hafa tekið við tékkum sem lagðir hafa verið fram í ljósritum og eru sömu fjárhæðar og með sömu útgáfudögum og tilgreindir eru hér að ofan. Ennfremur hefur ákærði staðfest að dagsetningar og fjárhæðir sem hér skipta máli sýni hvernig inneign, endurgreiðslu og ávöxtun var varið á þeim tímabilum sem tilgreind eru í ákæru og um er fjallað í máli þessu en þessum atriðum ber í öllu saman við það sem rakið er í ákærunni.

Brot ákærða þykja varða við 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960 sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl. frá 16. desember 1983 og um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 20. janúar 1984 og 9. maí s.á. sbr. ákvæði til bráðabirgða í vaxtalögum nr. 25/1987. Samkvæmt 4. tl. II. kafla nefndra auglýsinga námu hámarksvextir þann 19. janúar 1981 27% á ári og þann 30. janúar til 4. júlí s.á. 21% á ári. Ólögleg vaxtataka ákærða hefur því verið samtals 102.580,00 kr. fyrir þær lánveitingar sem ákæruvaldið gerir kröfur vegna, en þar sem í ákærunni er miðað við að ólögleg vaxtataka hafi verið kr. 101.521,00 verður að miða við þá fjárhæð við ákvörðun refsingar sbr. 118. gr. um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ákærði er sakhæfur og hefur ekki sætt kæru eða refsingu áður svo kunnugt sé. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir því refsilagaákvæði sem sakfellt er eftir sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 420.000,00. Rétt þykir með tilliti til málsatvika að fresta greiðslu sektarinnnar og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsingar þessarar er ákveðið samkvæmt fyrirmælum í 1. mgr. 54. gr. sömu laga að ákærði sæti 7 mánaða varðhaldi verði sektin eigi greidd innan 6 vikna frá því að ákærða er tilkynnt að til fullnustu komi.

Þá ber svo sem krafist er í ákæru að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bergs Guðnasonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 30.000,00, þar með talinn söluskattur.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Pálmi Halldór Þorbergsson, greiði kr. 420.000,00 í sekt til ríkissjóðs, en fresta skal greiðslu sektarinnar og fellur hún niður að 3 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsingar sæti ákærði 7 mánaða varðhaldi verði sektin eigi greidd innan 6 vikna frá því að ákærða verður tilkynnt að refsingu verði beitt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bergs Guðnasonar hdl., kr. 30.000,00, þ.m.t. söluskattur, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 67/1988. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ásgeiri Þór Ásgeirssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Okur. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1988 að ósk ákærða en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærða krafist þess að málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað frá sakadómi. Til vara krafðist hann að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds og til þrautavara að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun, verði greidd úr ríkissjóði.

Ómerkingar- og frávísunarkrafa ákærða er byggð á því að ákæra í málinu fullnægi ekki þeim kröfum sem gera verði til hennar, sbr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Eigi verður fallist á að gallar séu á ákæru sem valda eigi ómerkingu hins áfrýjaða dóms og frávísun málsins, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 38/1987 og nr. 39/1987, sem upp voru kveðnir 3. júní 1987.

Ákærði skýrði svo frá fyrir sakadómi 8. júlí 1987 að hann hefði átt viðskipti við Hermann Gunnar Björgvinsson og keypt af honum verðbréf allt frá árinu 1981. Hann hefði 2. maí 1984 afhent Hermanni Gunnari 2.006.942,00 krónur til ávöxtunar, en sú fjárhæð hefði verið afrakstur af viðskiptum við Hermann Gunnar, m.a. með verðbréf. Ákærði kvaðst sama dag hafa tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka sem dagsettur var 2. júlí 1984 að fjárhæð 2.301.058,00 krónur, en það hefði verið sú fjárhæð sem samsvaraði höfuðstól ávöxtunarfjárins að viðbættri ávöxtun í tvo mánuði. Er að gjalddaga kom hafi hann afhent Hermanni Gunnari tékkann en tekið við úr hendi hans nýjum tékka að fjárhæð 2.638.854,00 krónur. Hafi það verið höfuðstóll stofns ávöxtunarfjárins að viðbættri ávöxtun frá 2. maí 1984 til 2. september sama ár. Ákærði kvað viðskipti þessi hafa haldið áfram á síðari hluta árs 1985 og hafi heildarfjárhæð höfuðstóls og vaxta verið 6.883.813,00 krónur í 5 tékkum. Taldi hann litla von á að fá fé þetta. Ákærði kvað aldrei hafa verið talað um lán milli þeirra Hermanns Gunnars heldur ávöxtun.

Framburð þennan dró ákærði til baka í þinghaldi 30. nóvember 1987.

Fallast ber á með héraðsdómara að ekki verði mark tekið á breytingu og afturköllun ákærða á framburði sínum 30. nóvember 1987 og að leggja beri til grundvallar skýrslu þá sem ákærði gaf fyrir dómi 8. júlí 1987.

Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni lán 2. maí 1984 og 2. júlí 1984 með þeim kjörum sem í héraðsdómi greinir.

Leggja verður til grundvallar frásögn ákærða sjálfs um að lán það sem hann veitti Hermanni Gunnari 2. maí 1984 í tvo mánuði hafi numið 2.006.942,00 krónum en lánið 2. júlí 1984 hafi numið 2.301.058,00 krónum. Samkvæmt því hafi endurgjald fyrir fyrra lánið í tvo mánuði numið 294.619,00 krónum, en síðara lánið 337.795,00 krónum. Fékk ákærði með þessu endurgjald fyrir lánveitingar þessar á tímabilinu frá 2. maí 1984 til 2. september sama ár sem nam 632.414,00 krónum.

Á þessum tíma voru leyfilegir hámarksvextir 21% á ári samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands sem í héraðsdómi segir. Var ákærða

heimilt að taka samtals 150.780,00 krónur í hámarksvexti vegna framangreindra lána á nefndu tímabili. Hefur ákærði því við lánveitingar þessar tekið ólöglega vexti samtals að fjárhæð 481.634,00 krónur. Braut vaxtataka þessi í bága við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 4. lið II. kafla auglýsingar Seðlabanka Íslands frá 20. janúar 1984 um vexti o.fl. og 4. lið II. kafla auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti o.fl. frá 9. maí 1984. Við ákvörðun refsingar ber hins vegar að miða við þá fjárhæð sem í ákæru greinir, 476.240,00 krónur, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þykir mega staðfesta ákvörðun héraðsdómara um refsingu ákærða, þó svo að vararefsing verði 9 mánuðir.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að ákveða að sakarkostnaður í héraði verði að hálfu greiddur af ákærða en að hálfu úr ríkissjóði svo sem nánar greinir í dómsorði, en ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Þór Ásgeirsson, greiði 1.900.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en fresta skal greiðslu sektarinnar í 3 ár frá dómsuppsögu og skal hún niður falla að þeim tíma liðnum haldi ákærði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ef skilorð nefndra laga verður ekki haldið, sæti ákærði varðhaldi í 9 mánuði, greiði hann ekki sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt að refsingin verði framkvæmd.

Sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Guðmundar Óla Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 40.000,00 krónur, greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 30 desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 736/1987: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Þór Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms 18. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. mars 1986, á hendur ákærða, „Ásgeiri Þór Ásgeirssyni verkfræðingi, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, fæddum 31. maí 1924 í Reykjavík, fyrir okur með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 9 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 2. maí 1984 lánað honum kr. 2.006.942,00 sem greiðast skyldu þann 2. júlí 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 2.301.058,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 294.116,00 og svara til 75,4% ársvaxta í stað 18,5% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánum, og því kr. 221.984,00 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermanni Gunnari í 8 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skipti þann 2. september 1985 og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 3.088.403,00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingar: (Sjá næstu síðu.)

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1987, var af ákæruvaldsins hálfu fallið frá ákæruatriðum varðandi ætluð lán ákærða, veitt eftir 11. ágúst 1984, vegna dóms Hæstaréttar í málinu nr. 252/1986: Ákæruvaldið gegn Birni Pálssyni, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að engin gild fyrirmæli hafi verið til um hámarksvexti frá gildistöku auglýsingar Seðlabankans um vexti o.fl. frá 2. ágúst 1984.

Málavextir eru þessir:

Við húsleit sem Rannsóknarlögregla ríkisins gerði „í starfsstöð Hermanns Björgvinssonar að Hafnarstræti 20, Reykjavík", fundust gögn sem bentu til þess að ákærði í máli þessu hefði látið Hermann hafa peninga og að

Dagsetning láns	*Greiðslu-dagur*	*Lánsfjár-hæð*	*Endur-greitt*	*Áskildir vextir*		*Lögleyfðir vextir*		*Vextir umfram lögl. fyrir tímab. kr.*	*Hæstu lögleyfðir vextir á láns-tímanum miðast við ...*
				pr. ár í %	*miðað við tímabil kr.*	*pr. ár í %*	*miðað við tímab. kr.*		
2. 5.1984	2. 7.1984	2006942.	2301058.	75.4	294116.	18.5	72132.	221984.	hæstu víxlavexti
2. 7.1984	2. 9.1984	2301058.	2638854.	88.1	337796.	21.8	83540.	254256.	hæstu skuldabréfa
2. 9.1984	2.11.1984	2638854.	3026238.	75.5	387384.	23.0	117939.	269445.	hæstu víxlavexti
2.11.1984	2. 1.1985	3026238.	3470490.	75.5	444252.	24.0	141133.	303119.	hæstu víxlavexti
2. 1.1985	2. 3.1985	3470490.	3979957.	75.5	509467.	31.0	209058.	300409.	hæstu víxlavexti
2. 3.1985	2. 5.1985	3979957.	4564214.	75.5	584257.	31.0	239748.	344509.	hæstu víxlavexti
2. 5.1985	2. 7.1985	4564214.	5234241.	75.5	670027.	31.0	274943.	395084.	hæstu víxlavexti
2. 7.1985	2. 9.1985	5234241.	6002627.	75.5	768386.	29.5	300048.	468338.	hæstu víxlavexti
2. 9.1985	2.11.1985	6002627.	6883813.	75.5	881186.	30.0	349927.	531259.	hæstu víxlavexti

ákærði ætti hjá honum verulegar fjárhæðir. Afhenti ákærði rannsóknarlögreglunni til ljósritunar fimm tékka, útgefna af Hermanni Björgvinssyni, samtals að fjárhæð 6.883.813 krónur.

Vitnið Hermann Gunnar Björgvinsson, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, skýrði svo frá við rannsókn málsins að viðskipti þess við ákærða hefðu verið fólgin í því að ákærði hefði lánað vitninu peninga gegn vöxtum. Hefði vitnið í upphafi greitt ákærða rúmlega 16% í vexti fyrir hverja tvo mánuði en í lokin hefði ákærði fengið 14,68% vexti fyrir sama tímabil. Vitnið kvað viðskipti þess og ákærða hafa hafist sumarið 1981 og þá hefðu þau verið í sambandi við kaup og sölu á skuldabréfum, vöruvíxlum og tékkum á þriðja mann. Hefðu þetta verið lágar fjárhæðir og vitnið einungis haft milligöngu í þessum viðskiptum f.h. Verðbréfamarkaðarins. Hefðu viðskiptin síðan þróast í þá átt að vitnið fór að taka peninga að láni hjá ákærða persónulega gegn þeim vöxtum, sem áður greinir. Gat vitnið sér til um að það hefði samtals fengið frá ákærða um 700.000 krónur, en það hefði ekkert fengið frá honum frá því í maí 1984. Hefði ákærði ávallt framlengt lánin til vitnisins á tveggja mánaða fresti, og ljóst væri að bróðurparturinn af ofangreindri skuld vitnisins við ákærða, 6.883.813 krónum, væri vextir. Hefði ákærði nánast ekkert tekið út af peningum og engar hreyfingar verið á lánum ákærða frá því í maí 1984. Væri ákærði nú með í höndunum 5 tékka, útgefna af vitninu, dagsetta 7., 16., 21. og 29. nóvember 1985 og einn dagsettan 17. desember sama ár. Með því að bakfæra vextina 18 mánuði aftur í tímann eða til maí 1984 kæmi í ljós að höfuðstóllinn þá hefði verið 2.006.942 krónur. Væri óþarft að gera hvern tékka upp sérstaklega á þessu tímabili, þar sem ekkert hefði gerst varðandi þessi lán sl. 18 mánuði annað en það að vextir hefðu bæst við eftir hverja tvo mánuði. Ef þessi 5 lán væru sameinuð í eina tölu og kölluð eitt lán mætti stilla þessu upp þannig:

Lán í maí 1984	*Greiðsla í nóvember 1985*	*Vextir í 18 mánuði*
kr. 2.006.942	kr. 6.883.813	kr. 4.876.871

Vitnið kvaðst hafa farið að fá peninga að láni hjá ákærða á árinu 1982, alltaf lítið í einu, og það sem vitnið fékk frá honum hefði komið á einu til einu og hálfu ári.

Vitnið skýrði í meginatriðum frá á sama veg fyrir dómi. Kvað það engan vafa leika á því að viðskipti þess og ákærða hefðu verið persónulegs eðlis með því að ákærði hefði lánað vitninu fé gegn vöxtum sem vitnið hefur sjálft ákveðið.

Við rannsókn málsins kvaðst ákærði fyrst hafa átt viðskipti við Hermann Björgvinsson á árinu 1982, en Hermann hefði rekið Verðbréfamarkaðinn,

Nýja húsinu við Lækjargötu. Í byrjun hefðu viðskiptin verið með skuldabréf, vöruvíxla og tékka á þriðja mann, en þau hefðu verið lítil. Ákærði kvaðst á öndverðu ári 1983 hafa leitað til Hermanns og spurst fyrir um verðbréf. Hefði Hermann engin verðbréf átt þá stundina en boðist til að taka fé ákærða „í fjárvörslu" gegn ekki lakari ávöxtun. Hefði gangurinn á þessu verið sá að ákærði hefði fengið í hendur tékka sem Hermann gaf út og afhenti ákærða gegn þeim peningum sem ákærði afhenti „til fjárvörslu". Hefði þessu verið haldið áfram á tveggja mánaða fresti og ofan á þetta hefðu lagst á hverju tímabili 14,68% í ávöxtun. Hefði ákærði lagt fram til þessara viðskipta 850.000 til 900.000 krónur á árinu 1983 og ekkert fengið útborgað af þessu fé, hvorki höfuðstól né vexti.

Svo sem áður greinir afhenti ákærði rannsóknarlögreglunni til ljósritunar 5 tékka, útgefna af Hermanni Björgvinssyni, en þeir eru sem hér segir:

Tékki nr. 35000503	pr. 7.11.1985		kr. 2.158.550,00
Tékki nr. 3507746	pr. 16.11.1985		kr. 459.213,00
Tékki nr. 3507745	pr. 21.11.1985		kr. 1.301.160,00
Tékki nr. 4999705	pr. 29.11.1985		kr. 536.390,00
Tékki nr. 5006139	pr. 17.12.1985		kr. 2.428.500,00
		Samtals	kr. 6.883.813,00

Ákærði kvaðst ekki geta rakið hvern og einn tékka til upphaflegrar ávöxtunar, en kvað þó að hann hefði hvorki lagt fram fé né móttekið eftir 2. maí 1984. Féllst ákærði á að bakreikna mætti fjárhæðina út frá ofangreindum höfuðstól miðað við 14,68% vexti og fá þannig út að hún hefði verið í maí 1984 2.006.942 krónur þannig að vextir frá maí 1984 til nóvember 1985 næmu samtals 4.876.871 krónu. Kvað ákærði að það ætti að gefa raunhæfa mynd af þessum viðskiptum að deila með 1.14.68 í höfuðstólinn, 6.883.813 krónur, og kæmi þá út staðan eftir hverja tvo mánuði. Ákærði kvað framangreinda vexti vera „áhættuvexti" af fé sem ákærði hefði lagt fram.

Hinn 28. nóvember 1985 afhenti ákærði Rannsóknarlögreglu ríkisins eigin greinargerð, dagsetta sama dag, svohljóðandi:

„Á öndverðu ári '83 leitaði ég til Hermanns Björgvinssonar, Verðbréfamarkaðinum í Nýja húsinu við Lækjargötu, og spurðist fyrir um verðbréf. Hann kvaðst þá engin hafa þá stundina, en bauðst til að taka fé mitt í fjárvörslu gegn ekki lakari ávöxtun. Þar sem ég vissi að hann hafði sambönd við einhverja fasteignasala og heildsala féllst ég á hugmynd Hermanns. Ég innti af hendi nokkrar greiðslur í viðbót á árinu '83 og fékk ávísanir á Samvinnubankann fyrir. Samtals mun fé þetta hafa verið nær 850-900 þús. kr. og var það afrakstur af seldum spariskírteinum ríkissjóðs, svo og Vegahappdrætti ríkisins, úttekt úr bankabókum, laun o.fl.

Ég vil undirstrika sérstaklega að ég hef alls engar greiðslur fengið frá Hermanni fyrir þetta fé mitt, og óska ég eftir að þetta mikilvæga atriði verði borið undir Hermann Björgvinsson. Þá hef ég engin frekari viðskipti átt við Hermann undanfarin tvö ár. Pappírsávísanir hafa hins vegar hrúgast upp í krónutölu, en eins og að ofan greinir hefur aldrei verið leitað eftir greiðslum og því ekki reynt á hvort eða hve mikið af þessu áhættufé fengist til baka."

Ákærði gerði við rannsókn málsins engar athugasemdir við útreikninga Seðlabanka Íslands á ætlaðri vaxtatöku ákærða frá 2. maí 1984, en þeir útreikningar eru lagðir til grundvallar í ákæru.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði hafa átt viðskipti við Hermann Björgvinsson og keypt af honum verðbréf allt frá árinu 1981. Kvaðst ákærði hafa afhent Hermanni hinn 2. maí 1984 2.006.942 krónur til ávöxtunar, sem hefðu verið afrakstur af viðskiptum ákærða við Hermann, m.a. með verðbréf. Ákærði kvaðst sama dag hafa tekið við tékka úr hendi Hermanns, dagsettum 2. júlí 1984, að fjárhæð 2.301.058 krónur, sem hefði verið höfuðstóllinn að viðbættri ávöxtun í tvo mánuði. Er kom að gjalddaga hefði viðskiptum þessum verið haldið áfram og ákærði þá afhent Hermanni tékkann og tekið við nýjum úr hendi hans, að fjárhæð 2.638.854 krónur, dagsettum 2. september 1984, en það hefði verið upphaflegur höfuðstóll að viðbættri ávöxtun frá 2. maí 1984 til 2. september sama ár. Hefði þessum viðskiptum verið haldið áfram fram á síðari hluta ársins 1985 og er til yfirvalda gagnvart Hermanni kom í nóvember 1985, hefði heildarfjárhæð höfuðstóls og ávöxtunar verið 6.883.813 krónur.

Hinn 10. september sl. krafðist verjandi ákærða þess að máli þessu yrði vísað frá dómi á þeirri forsendu að rannsókn málsins væri ófullkomin í verulegum atriðum. Með úrskurði 18. sama mánaðar var kröfu verjandans hafnað. Var sá úrskurður kærður til Hæstaréttar sem staðfesti hann með dómi 2. október sl.

Í þinghaldi 15. október sl. krafðist verjandi ákærða frekari rannsóknar málsins í eftirfarandi fjórum liðum:

„1. Að ákærði komi fyrir dóminn og fái tækifæri til þess að skýra nánar þau atriði er fram koma í minnisbók um fjölda ávísana frá Hermanni Björgvinssyni og fjárhæð þeirra jafnframt því að leiðrétta framburð sinn til samræmis við þessi minnisatriði, er ekki voru ljós fyrr en áðurnefnd minnisbók fannst fyrir tilviljun.

2. Að staðreyndir þær sem fram koma í áðurnefndri minnisbók verði bornar undir Hermann Björgvinsson, jafnframt því sem varnaraðila verði gert kleift að varpa spurningum til Hermanns Björgvinssonar um ýmis atriði er fram koma í skjölum þeim er fylgja frávísunarkröfu um málið.

3. Að ákæruvaldinu verði gert að leggja fram nýjan útreikning vegna

„vaxta", en eftir dóm Hæstaréttar frá 19.12. 1986 er fyrri útreikningur, er fylgdi ákæru, einskis virði sem sönnunargagn í opinberu máli.

4. Enn er ítrekuð sú krafa að málið verði sent Rannsóknarlögreglu ríkisins til rannsóknar að nýju þar sem veigamikil atriði í framburði ákærða eru órannsökuð og ljóst liggur fyrir, að grundvöllur ákæru er reistur á einhliða, ótraustum upplýsingum Hermanns Björgvinssonar sem sannarlega standast ekki. Bent er á nýlegan sýknudóm sakadóms Reykjavíkur í hliðstæðu máli."

Kröfu verjandans um ofangreinda rannsókn var hafnað með úrskurði dómsins, uppkveðnum 4. nóvember sl. Var sá úrskurður einnig kærður til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar frá 20. nóvember sl. segir m.a. svo:

„Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði hefur ákærði óskað þess að gefa frekari skýringar við skýrslu sína í málinu með tilliti til nýs gagns sem hann kveður nú hafa fundist. Með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 þykir eiga að verða við þessari ósk ákærða. Ber það síðan undir mat héraðsdómara hvort frekari rannsóknar er þörf. Er framangreind krafa um framhaldsrannsókn ekki tekin til greina að öðru leyti."

Á grundvelli þessa dóms Hæstaréttar var ákærða gefinn kostur á að gefa frekari skýringar á skýrslu sinni með tilliti til ofangreinds „nýs gagns" sem er ljósrit úr minnisbók ákærða, sem ákærði kvaðst hafa fundið fyrir tilviljun. Lagði verjandi ákærða nefnt ljósrit fram í þinghaldi 10. september sl. Á ljósriti þessu koma fram eftirfarandi 10 dagsetningar og fjárhæðir:

2-11-84 = 301.642	29-11-84 = 235.805
7-11-84 = 488.674	11-12-84 = 432.400
16-11-84 = 201.636	19-12-84 = 67.150
12-11-84 = 158.671	24-12-84 = 184.060
21-11-84 = 572.037	22-12-84 = 384.020
	3.026.295

Ákærði kvað ofangreindar fjárhæðir vera samkvæmt 10 tékkum sem Hermann Björgvinsson hefði gefið út til ákærða. Kvaðst ákærði hafa skráð þessar tölur hinn 7. nóvember 1984. Ákærði kvaðst hafa átt í verðbréfaviðskiptum við Hermann Björgvinsson á árinu 1984 og keypt hinn 2. maí 1984 af honum verðbréf fyrir 200.000 krónur. Síðan hefði ákærði keypt önnur verðbréf hjá Verðbréfamarkaðnum fyrir það fé sem ákærði fékk út úr þessum viðskiptum, en að lokum hefði ákærði fallist á að fé hans yrði haft í fjárvörslu og þá hefði verið byrjað á að sameina þessar mörgu kröfur, þannig að í nóvember 1984 hefðu ávísanirnar verið komnar niður í 10 og síðan í 5 í byrjun ársins 1985, en sú tala hefði haldist óbreytt, og væri þar um að ræða þær fimm ávísanir sem áður er getið og ákærði afhenti til ljósritunar, samtals að fjárhæð 6.883.813 krónur.

Í þinghaldi þessu kvaðst ákærði vilja draga til baka framburð sinn í málinu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi á grundvelli ofangreindrar minnisbókar. Þá kvaðst ákærði ennfremur draga til baka eigin greinargerð frá 28. nóvember 1985. Ákærði gat engar viðhlítandi skýringar gefið á þessum afturköllunum sínum. Kvaðst hann ekki hafa verið beittur neinum þvingunum í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni og jafnframt kvaðst hann hafa afhent lögreglunni ofangreinda greinargerð af fúsum og frjálsum vilja.

Ákærði og Hermann Björgvinsson voru samprófaðir í dómi hinn 2. desember sl. Héldu ákærði og vitnið hvor um sig fast við fyrri framburð í málinu og náðist ekki frekara samræmi í framburði þeirra en þegar var orðið.

Niðurstöður.

Verjandi ákærða hefur í fyrsta lagi gert kröfu um að máli þessu verði vísað frá dómi vegna þess að rannsókn þess sé svo ábótavant að það sé eigi hæft til dómsálagningar. Kröfu þessa hefur verjandinn áður haft uppi í máli þessu, og svo sem áður greinir var henni hafnað með úrskurði dómsins hinn 18. september sl., sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 2. október sl. Engar nýjar málsástæður hafa bæst við þessa frávísunarkröfu verjandans síðan þá, og ber samkvæmt því að hafna henni með skírskotun til áðurgreinds hæstaréttardóms.

Þá hefur verjandinn í öðru lagi krafist þess að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eigi verður fallist á það með ákærða að hann hafi ekki lánað Hermanni Gunnari Björgvinssyni fé, heldur fengið honum það til ávöxtunar. Kemur fram í skýrslum ákærða og Hermanns Gunnars að um leið og ákærði afhenti Hermanni Gunnari féð var samið um vexti og vaxtatímabil sem var tveir mánuðir, og tók Hermann Gunnar þá einn á sig tékkaskuldbindingu um greiðslu höfuðstóls ásamt vöxtum á tilgreindum gjalddaga. Gat ákærða því eigi dulist að um peningalán var að ræða af hans hálfu að áskildu endurgjaldi eins og í ákæru greinir.

Þá verður að hafna afturköllun ákærða á fyrri framburði sínum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi svo og eigin greinargerð frá 28. nóvember 1985, þar eð ákærði þykir ekki hafa gefið neinar viðhlítandi skýringar á henni.

Þykir vera sannað með eigin játningu ákærða við rannsókn og meðferð málsins sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þ. á m. hina 5 tékka, samtals að fjárhæð 6.883.813 krónur, útgefna af Hermanni Gunnari Björgvinssyni, sem ákærði hafði í fórum sínum er rannsókn málsins hófst, að ákærði hafi hinn 2. maí 1984 lánað Hermanni Gunnari samtals 2.006.942 krónur gegn 14,68% endurgjaldi í tvo mánuði og síðan lánað

honum aftur hinn 2. júlí 1984 2.301.058 krónur til tveggja mánaða gegn sama endurgjaldi. Fékk ákærði með þessum hætti samtals 631.912 krónur í endurgjald frá Hermanni Gunnari á tímabilinu frá 2. maí til 2. september 1984.

Er ákærði veitti Hermanni Gunnari lánið hinn 2. maí 1984 var í gildi auglýsing Seðlabanka Íslands frá 20. janúar 1984 um vexti o.fl., en samkvæmt 4. lið II. kafla nefndrar auglýsingar námu leyfilegir hámarksvextir 21% á ári. Er ákærði veitti Hermanni Gunnari lánið hinn 2. júlí 1984 var í gildi auglýsing Seðlabanka Íslands um vexti o.fl. frá 9. maí 1984, en samkvæmt 2. lið II. kafla nefndrar auglýsingar námu leyfilegir hámarksvextir 21% á ári.

Samkvæmt framansögðu var ákærða heimilt að taka samtals 150.780 krónur í hámarksvexti vegna framangreindra lánveitinga á nefndu tímabili. Hefur ákærði því í þessum tilvikum tekið í ólöglega vexti samtals 481.132 krónur. Endurgjald það er ákærði tók fyrir lán þessi braut í bága við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 58, 1960, sbr. framangreindar auglýsingar Seðlabanka Íslands, en samkvæmt skýlausum ákvæðum vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. ákvæði I til bráðabirgða, taka nefnd ákvæði laga nr. 58, 1960 til brota ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann aldrei sætt refsingu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1.900.000 króna sekt til ríkissjóðs. Rétt þykir þó að fresta greiðslu sektarinnar og ákveða að hún skuli niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Verði skilorðið eigi haldið, sæti ákærði varðhaldi 12 mánuði, greiði hann eigi sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt um að refsingin verði framkvæmd.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Óla Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 krónur.

Skaðabótakröfur hafa eigi verið gerðar í málinu.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar hinn 1. desember 1986.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Þór Ásgeirsson, greiði 1.900.000 króna sekt til ríkissjóðs, en fresta skal greiðslu sektarinnar í 3 ár frá dómsuppsögu og hún niður falla að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. mgr. laga nr. 22, 1955. Ef skilorð nefndra laga verður ekki haldið, sæti ákærði varðhaldi 12 mánuði, greiði hann ekki sektina innan 4 vikna frá því að honum er tilkynnt að refsingin verði framkvæmd.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Óla Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Miðvikudaginn 21. desember 1988.

Nr. 412/1988. **Kristmundur Ásmundsson**
gegn
Ríkisendurskoðun

Kærumál. Opinbert mál. Aðgangur að sjúkraskýrslum. Úrskurður felldur úr gildi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Grindavík, kvað hinn kærða úrskurð upp í sakadómi kaupstaðarins, enda segir í 7. gr. 3. mgr. laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun, eins og hún er eftir breytingu með lögum nr. 35/1988, að ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar sæti úrlausn sakadóms.

Kæruheimild er 172. gr. 1. tl. laga nr. 74/1974 sbr. 2. gr. 12. tl. sömu laga. Kært var 15. þ.m., daginn sem úrskurðurinn var kveðinn upp. Málið kom til Hæstaréttar 19. þ.m.

Fyrir Hæstarétti krefst sóknaraðili þess, að „hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, öllum kröfum Ríkisendurskoðunar í málinu synjað og Kristmundi Ásmundssyni, heilsugæslulækni, dæmt óskylt að veita starfsmönnum Ríkisendurskoðunar, þ. á m. trúnaðarlækni stofnunarinnar, aðgang að sjúkraskýrslum í Heilsugæslustöð Suðurnesja í Grindavík". Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í báðum dómum.

Fyrir Hæstarétti gerir varnaraðili þá kröfu að hinn „kærði úr-

skurður verði staðfestur", þó ekki málskostnaðarákvæðið, og jafnframt gerir hann kröfu um málskostnað fyrir báðum dómum.

Krafa lögmanns Ríkisendurskoðunar fyrir sakadómi kemur fram í bréfi 2. þ.m. Þar segir: „Fyrir hönd Ríkisendurskoðunar er þess hér með beiðst, að starfsmönnum og trúnaðarlækni stofnunarinnar verði með úrskurði sakadóms Grindavíkur veitt heimild til þess að skoða í þágu starfa sinna nánar tilgreindar sjúkraskýrslur í Heilsugæslustöð Suðurnesja, Borgarhrauni 6, Grindavík, með þeim hætti sem tíðkast hefur, að trúnaðarlæknir stofnunarinnar fái einn aðgang að sjálfum sjúkraskýrslunum og geti með þeim hætti staðfest, að einstaka þættir gjaldskrárreikninga fyrir læknisverk, sem annar starfsmaður stofnunarinnar les upp úr gjaldskrárnúmer yfir læknisverk samkvæmt gjaldskrá heilsugæslulækna, eigi sér stoð í sjúkraskýrslunum." Af gögnum málsins verður ráðið, að þetta hafi einnig verið sú krafa, sem beiðst var úrskurðar um, þegar málið var munnlega flutt í héraði.

Í áðurgreindu bréfi lögmanns varnaraðila kemur fram, að sóknaraðila hafi verið send skrá yfir sjúkraskýrslur, sem Ríkisendurskoðun hugðist rannsaka á grundvelli úrtaks, sem gert var vegna skoðunar á reikningum frá læknum. Fyrir sakadóm voru lagðir svokallaðir samskiptaseðlar sóknaraðila og Sjúkrasamlags Grindavíkur. Er þar getið nafns og fæðingardags sjúklinga, dagsetningar verks og gjaldskrárnúmers. Seðlar þessir eru fyrir mars, apríl og maí 1988. Verður að ætla, að Ríkisendurskoðun hafi með kröfugerð sinni í sakadómi óskað aðgangs að sjúkraskrám til að bera saman upplýsingar í þeim og þau gjaldskrárnúmer, sem tilgreind eru á samskiptaseðlum.

Í úrskurðarorði hins kærða úrskurðar er mælt fyrir um „beinan aðgang að sjúkraskýrslum þeirra sjúklinga, sem leituðu til Heilsugæslu Suðurnesja, Grindavík, mánuðina mars, apríl og maí 1988". Kemur ekki fram, að sjúkraskýrslurnar skuli kanna með sérstökum hætti, hvorki þeim sem lýst er í kröfugerð Ríkisendurskoðunar fyrir sakadómi né með öðrum hætti. Af gögnum málsins verður ráðið, að ágreiningur aðila er um það, hvernig athugun Ríkisendurskoðunar skuli hagað. Er því og lagarökum aðila lýst í hinum kærða úrskurði.

Fyrir sakadóm Grindavíkur var lögð krafa frá Ríkisendurskoðun, sem lýst er hér að framan, en úrskurður síðan kveðinn upp um við-

tækari skoðunarheimild en óskað hafði verið eftir. Fyrir Hæstarétti hefur síðan verið krafist staðfestingar sakadómsúrskurðarins, en þá kröfu er ekki unnt að taka til greina, svo sem ráða má af 174. gr. 2. mgr. laga nr. 74/1974 með gagnályktun, enda er sú niðurstaða í samræmi við meginreglu 45. gr. laga nr. 75/1973.

Vegna þess galla, sem er á hinum kærða úrskurði, og þar sem ekki verður úr bætt hér fyrir dómi, verður að fella úrskurðinn úr gildi. Vegna þessa kemur ekki sérstaklega til athugunar í þessum dómi, hvort nægilega sé tiltekið í hinum kærða úrskurði, hvað þar er heimilað.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður sakadóms Grindavíkur 15. desember 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 15. desember, er í sakadómi Grindavíkur, sem haldinn er í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Ásgeiri Eirikssyni, fulltrúa bæjarfógetans í Grindavík, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ríkisendurskoðun gegn Kristmundi Ásmundssyni, persónulega og fyrir hönd Heilsugæslu Suðurnesja, Grindavík.

Mál þetta var þingfest 5. þessa mánaðar og tekið til úrskurðar þann 13. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Með beiðni Ríkisendurskoðunar dags. 2. desember sl. var þess farið á leit við sakadóm Grindavíkur að starfsmönnum Ríkisendurskoðunar og trúnaðarlækni stofnunarinnar yrði með úrskurði sakadóms Grindavíkur veitt heimild til þess að skoða í þágu starfa sinna sjúkraskýrslur í Heilsugæslustöð Suðurnesja, Borgarhrauni 6, Grindavík, fyrir mánuðina mars, apríl og maí á þessu ári, með þeim hætti að trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar fengi einn aðgang að sjálfum sjúkraskýrslunum og gæti með þeim hætti staðfest að einstaka þættir gjaldskrárreikninga fyrir læknisverk, sem annar starfsmaður Ríkisendurskoðunar læsi upp úr, ættu sér stoð í sjúkraskýrslunum. Í þinghaldi þann 13. þessa mánaðar krafðist lögmaður sóknaraðila að varnaraðila yrði gert að greiða sér hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að sakadómur Grindavíkur synji Ríkisendurskoðun um óheftan aðgang að sjúkraskýrslum í Heilsugæslustöð

Suðurnesja í Grindavík. Jafnframt er þess krafist að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þeir að fulltrúar Ríkisendurskoðunar hugðust skoða sjúkraskýrslur í Heilsugæslustöð Suðurnesja í Grindavík og bera þær saman við gjaldskrárreikninga fyrir læknisverk. Var heilsugæslulæknum í Grindavík, Kristmundi Ásmundssyni, tilkynnt um skoðun þessa með hæfilegum fyrirvara. Með bréfi heilsugæslulæknisins, dags. 1. desember sl., tilkynnti hann Ríkisendurskoðun að hann hefði ákveðið að sjúkraskýrslur Heilsugæslu Grindavíkur yrðu ekki rannsakaðar á þann máta sem gert hefði verið í Keflavík nokkrum dögum áður. Segir í bréfi þessu að ákvörðun heilsugæslulæknisins standi í fyrstu til 5. desember nk., en hann muni nota þann tíma til að skoða málið betur. Í bréfi þessu segir einnig að fulltrúum Ríkisendurskoðunar sé heimilt að skoða gögnin nú þegar, verði fylgt þeirri aðferð, sem lýst er í bréfi Gunnars Inga Gunnarssonar f.h. stjórnar Félags íslenskra heimilislækna, dags. 30. nóvember sl. og lagt er fram á dskj. nr. 3. Í bréfi stjórnar Félags íslenskra heimilislækna segir m.a.: „... Læknafélag Íslands er aðili að munnlegu samkomulagi við fulltrúa hins opinbera um aðra og lögmæta aðferð til að kanna réttmæti áðurnefndra reikninga. Sú aðferð fullnægir tilgangi hins sjálfsagða eftirlits og var notuð af Rannsóknarlögreglu ríkisins við athugun á reikningum lækna á heilsugæslustöðinni í Árbæ snemma á þessu ári, án þess að trúnaður væri brotinn á skjólstæðingum læknisins." Síðar í þessu sama bréfi segir að aðferð þessi hafi verið nefnd „Árbæjaraðferð". Hér fyrir rétti hefur varnaraðili lýst „Árbæjaraðferð" við skoðun sjúkraskýrslna svo að fulltrúar Ríkisendurskoðunar sitji við annan enda borðs og viðkomandi heilsugæslulæknir við hinn endann. Fulltrúi Ríkisendurskoðunar lesi upp nöfn sjúklinga og komudag og læknirinn lesi sjúkraskýrslu yfir í hljóði og kveði svo upp úr um gjaldskrárnúmer viðkomandi læknisþjónustu.

Vitnið Sigurður Hermundarson, deildarstjóri hjá Ríkisendurskoðun, Breiðvangi 5, Hafnarfirði, hefur borið hér fyrir rétti að í svonefndu „Árbæjarmáli" hafi sá háttur verið hafður á að rannsóknarlögreglumaður hafi lesið nöfn sjúklinga og númer verks af samskiptaseðli og við hann voru bornar sjúkraskýrslur og úr þeim lásu viðkomandi heilsugæslulæknir og Jón K. Jóhannsson tryggingalæknir. Á dskj. nr. 11 hefur verið lögð fram yfirlýsing Jóns K. Jóhannssonar læknis, þar sem segir að í áðurnefndu máli hafi fulltrúar Ríkisendurskoðunar og rannsóknarlögreglu lesið upp gjaldskrárnúmer úr reikningum, en hann og viðkomandi heilsugæslulæknir hafi síðan borið saman við sjúkraskrár. Engir aðrir en þessir tveir læknar hafi séð sjúkraskrárnar í umrætt sinn.

Í greinargerð sóknaraðila segir að heimildir Ríkisendurskoðunar í þessum

efnum séu ótvíræðar, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 12/1986, sbr. lög nr. 35/1988 um breytingu á þeim lögum. Við framkvæmd þessara skoðana hafi verið haft fullt samráð við heilbrigðisráðuneytið og meðal annars vegna sjónarmiða sem fram komi hjá varnaraðila um trúnaðarskyldur gagnvart sjúklingum hafi heilbrigðisráðuneytið tilnefnt sérstakan trúnaðarlækni, Örn Bjarnason, til þessara starfa með starfsmönnum Ríkisendurskoðunar, þótt skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar væru ekki bundnar því skilyrði að læknir kæmi þar við sögu.

Í greinargerð varnaraðila segir að 1. mgr. 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 12/1986, sbr. lög nr. 35/1988 um breytingu á þeim lögum, hafi ekki afnumið né takmarkað hin fjölmörgu lagaboð gildandi laga um leyndarskyldu starfsstétta um einkamálefni manna, þar með taldar 15. og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, hvað þá að grundvallarreglur réttarins um persónuvernd og friðhelgi einstaklingsins til ótruflaðs einkalífs hafi verið skert. Haldi þær grunnreglur og áðurnefnd lagaboð fullu gildi og takmarki hina almennu heimild í lögum um Ríkisendurskoðun eins og jafnan er þegar þannig standi á að almenn heimild í lögum er þrengd af sérákvæðum og grundvallarreglum réttarins. Læknalög nr. 53/1988 séu og yngri en lögin um Ríkisendurskoðun og því hafi verið sérstök ástæða til að setja í læknalögin frávik frá leyndarskyldu ef það hafi verið tilgangur löggjafans. Það hafi hins vegar ekki verið gert. Ein af mikilvægustu meginreglum í réttarskipan menningarþjóða sé réttur manna til að njóta ótruflaðs einkalífs. Regla þessi sé meðal annars í 12. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland sé aðili að. Segir þar að hverjum manni beri lagavernd gegn íhlutun í einkamálefni hans. Í íslenskum rétti birtist framangreind grunnregla í ótal lagaboðum um leyndarskyldu til verndar þessum mannréttindum. Við mat á ofangreindum meginreglum og einstökum lagaboðum sé ljóst að leyndarréttur skuli því aðeins rofinn að mun ríkari einstaklings- eða almannahagsmunir krefjist. Í þessu máli rekist á annars vegar fjárhagslegir hagsmunir ríkisvaldsins og hins vegar sameiginlegir hagsmunir sjúklinga og lækna til varðveislu leyndar um einkamál sjúklings. Ríkisendurskoðun standi tvær leiðir opnar til að ná hagsmunum sínum án óhefts aðgangs að sjúkraskýrslunum, annars vegar svonefnd „Árbæjaraðferð", sem lýst er í réttarskjali nr. 8, og hins vegar sú aðferð að bera reikninga læknanna undir viðkomandi sjúklinga til staðreynslu á því hvort þeir hafi notið þeirra læknisgerða er fram komi á reikningi. Sé því krafa Ríkisendurskoðunar nauðsynjalaus. Samkvæmt 15. og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, auk siðareglna lækna, hafi aðeins sá læknir einn og/eða aðstoðarmenn hans, sem stunda viðkomandi sjúkling, rétt til vitneskju um efni sjúkraskýrslna. Utanaðkomandi læknar eða aðrir hafi engan rétt til þess án samþykkis sjúklings, jafnvel þó að þeir séu bundnir þagnarskyldu.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt í máli þessu að Ríkisendurskoðun beri að kanna hvort gjaldskrárreikningar fyrir læknisverk séu í samræmi við það sem fært hafi verið í sjúkraskýrslur. Ágreiningsefnið í máli þessu lýtur að því hvort fulltrúar Ríkisendurskoðunar hafi, samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun eins og þeim hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 35/1988, heimild til að skoða sjúkraskýrslur viðkomandi sjúklinga beint og milliliðalaust. Víða í lögum er að finna ákvæði um þagnarskyldu starfsstétta er varða einkahagi manna og þær kunna að komast í kynni við. Í 15. gr. læknalaga nr. 53/1986 segir að lækni beri að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir. Þetta gildi þó ekki ef lög bjóði annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Forsaga 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun eins og henni hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 35/1988 er sú að Ríkisendurskoðandi tjáði forsetum Alþingis að nauðsyn bæri til að gera breytingu á lögum nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun vegna niðurstöðu innsetningarmáls sem Ríkisendurskoðun höfðaði á hendur aðila sem hafði með höndum verk og þjónustustarfsemi fyrir eigin reikning fyrir ríkið eða ríkisstofnanir. Segir í greinargerð með lögum nr. 35/1988 að til þess að skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar megi vera ótvíræð svo sem ætlað var þegar lögin nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun voru sett, er lagt til að lögfest verði almennt ákvæði um þá skoðunarheimild sem vefengd var í innsetningarmálinu. Í nefndaráliti neðri deildar Alþingis frá 6. maí sl. segir að nauðsynlegt sé að réttur sjúklinga til fulls trúnaðar um einkamál verði í heiðri hafður og ákvæði læknalaga um þagmælsku virt. Nefndin telur að heilbrigðisráðuneytinu beri að hafa forystu um að móta verklagsreglur sem kveði meðal annars á um að sérstakur trúnaðarlæknir annist athuganir Ríkisendurskoðunar á sjúkragögnum sem liggja til grundvallar greiðslum lækna. Þannig verði nauðsynlegs trúnaðar gætt.

Af greinargerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun svo og nefndaráliti neðri deildar er ljóst að Ríkisendurskoðun er ætlað að hafa beinan og milliliðalausan aðgang að sjúkraskýrslum og öðrum grundvallargögnum sem færð eru vegna læknisverka, sem greiðsluskyld eru að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði. Ekki verður séð hvernig eftirlit þetta geti orðið með öðrum skynsamlegri hætti en þeim sem Ríkisendurskoðun hefur beitt og hyggst beita. Þessi niðurstaða er í samræmi við 2. mgr. 15. gr. læknalaga nr. 53/1988. Fulltrúum Ríkisendurskoðunar er skylt samkvæmt 32. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 að gæta þagmælsku um atriði, sem þeir fá vitneskju um úr sjúkraskýrslum og leynt skulu fara.

Með vísan til þess er að framan greinir verður niðurstaða úrskurðarins sú, að Kristmundi Ásmundssyni, heilsugæslulækni í Grindavík, er skylt að veita Ríkisendurskoðun beinan aðgang að sjúkraskýrslum þeirra sjúklinga sem leituðu til Heilsugæslu Suðurnesja, Grindavík, mánuðina mars, apríl og maí á þessu ári.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Kristmundi Ásmundssyni er skylt að veita Ríkisendurskoðun beinan aðgang að sjúkraskýrslum þeirra sjúklinga sem leituðu til Heilsugæslu Suðurnesja, Grindavík, mánuðina mars, apríl og maí 1988.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. desember 1988.

Nr. 137/1987. **Þrotabú Reykhólaskips hf.**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Tryggingamiðstöðinni hf.
(Björn Ól. Hallgrímsson hdl.)
og
Tryggingamiðstöðin hf.
(Björn Ól. Hallgrímsson hdl.)
gegn
Skipafélaginu Víkum hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Farmsamningur. Farmskemmdir. Skaðabótamál. Sjóveðréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Þrotabú Reykhólaskips hf. áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1987 og krefst sýknu af öllum kröfum Tryggingamiðstöðvarinnar hf. auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Tryggingamiðstöðin hf. áfrýjaði málinu með stefnu 3. júní 1987 á hendur Skipafélaginu Víkum hf. og gerir þessar dómkröfur: Aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er tekur til áfrýjanda, þrotabús Reykhólaskips hf., „með eftirgreindum breytingum á meðalvöxtum almennra sparibóka, sem orðið hafa frá og með 1. júlí 1987, en dómnum verði hrundið að því er tekur til Skipafélagsins Víka hf., þannig að báðir þessir málsaðilar verði í Hæstarétti dæmdir in solidum“ til greiðslu á 1.995.945,00 krónum með ársvöxtum sem hér segir: 22% frá 21. janúar 1986 til 1. mars s.á. og síðan 13% til 1. apríl s.á., 9% til 21. janúar 1987, þá 10% til 1. júlí s.á., 12% til 1. ágúst s.á., 14,8% til 1. september s.á., 14,9% til 1. október s.á., 16% til 1. nóvember s.á., 18,3% til 1. desember s.á., 20,8% til 1. janúar 1988, síðan 21,9% til 1. febrúar s.á., 22% til 1. mars s.á., 20,7% til 1. apríl s.á., 18,7% til 1. maí s.á., 18,5%

til 1. júlí s.á., 24,1% til 1. ágúst s.á., 24,9% til 1. september s.á., 22,5% til 1. október s.á., 11,7% til 1. nóvember s.á. og 6,1% til 1. desember 1988 en 4,4% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst þessi áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann þess, að staðfestur verði með dómi sjóveðréttur í m/s Helgey TFAB til tryggingar tildæmdum fjárhæðum. Til vara gerir hann sömu dómkröfur og fram koma í aðalkröfu nema að því leyti, að ársvextir verði ákvarðaðir 22% frá 21. janúar 1986 til 1. mars s.á., síðan 13% til 1. apríl s.á., 9% til 21. janúar 1987 og 10% frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Skipafélagið Víkur hf., krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þessi voru sameinuð fyrir Hæstarétti 2. október 1987.

I.

Farmskírteini þau, sem um ræðir í máli þessu, eru rituð á eyðublöð, sem Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda samdi og lét prenta. Eyðublöðin eru tvískipt. Á efri hluta þeirra er farmskírteini en á hinum neðri matsvottorð. Eitt þeirra hefur verið lagt fram í frumriti en tvö í afriti. Efst á þeim stendur stórum stöfum: „SÖLUSAMBAND ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA". Að öðru leyti eru farmskírteinin rituð á ensku og meginefni þeirra svohljóðandi: „SHIPPED in apparent good order and condition by UNION OF ICELANDIC FISH PRODUCERS at REYKJAVIK, clean on board the good motor vessel called the "HELGEY" whereof GUÐMUNDUR JÓNSSON is master for the present voyage, and now lying at the port of KEFLAVIK and bound for BILBAO ICELAND FISH ACCORDING TO SPECIFICATION BELOW which is to be delivered in the like good order and condition at the aforesaid port of BILBAO unto ORDER. All the terms, conditions, liberties and exceptions of the Charter Party are herewith incorporated. Freight is prepaid to port of destination. General Average payable according to York-Antwerp Rules 1950. Weight and quality unknown, not responsible for separation. In witness whereof, I have signed TWO original Bills of Lading of the same tenor and date, the original Bills of Lading being accomplished, the others to stand void." Á því farmskírteini, sem frammi liggur í frumriti, er undirskrift starfsmanns stefnda, Ólafs Thorarensen „(For the Master)".

Á bakhlið þess er stimplað: „UNION OF ICELANDIC FISH PRODUCERS" með undirskrift Sigurðar Haraldssonar og „COPESCO, S.A., p.p." með ólæsilegri undirskrift. Á farmskírteinisafritunum eru engar undirskriftir. Á farmskírteinishluta eyðublaðsins er ennfremur ákvæði, sem hljóðar svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda: „Farmskírteini þetta gildir með fyrirvara um hver þau ákvæði laga um vöruflutninga á sjó sem taka upp reglur þær um farmskírteini, sem eru í alþjóðasamningi þeim er gerður var í Brussel hinn 25. ágúst 1924, og sem gilda óundanþægt um flutningssamning þann sem í skírteini þessu greinir. Slík löggjöf skal talin hér innifalin, en ekkert í skírteini þessu skal túlkað sem afsal farmflytjandans á nokkrum réttindum sínum eða friðhelgi, eða til aukningar á nokkrum skyldum hans eða ábyrgð samkvæmt því. Fari einhver skilmáli farmskírteinis þessa að einhverju leyti í bág við nokkur þau lög sem innifalin eru með grein þessari er hann ógildur að því leyti, en að engu öðru leyti. Ekkert í farmskírteini þessu skal verka til skerðingar eða niðurfellingar á vernd farmflytjanda eða á undanþágum eða takmörkunum á ábyrgð hans samkvæmt settum lögum." Í matsvottorði á neðri hluta eyðublaðanna kemur fram magn hverrar sendingar.

Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda seldi fyrirtækjum á Spáni þann saltfisk, sem farmskírteini þessi tóku til. Skemmdir urðu á farminum, svo sem lýst er í héraðsdómi. Kaupendur fólu sölusambandinu að koma bótakröfum sínum á framfæri við áfrýjanda, Tryggingamiðstöðina hf., sem vátryggt hafði sendingar þær, er farmskírteinin tóku til, venjulegri flutningstryggingu. Áfrýjandinn greiddi bætur og kveðst samkvæmt því hafa eignast rétt kaupenda á hendur þrotabúi Reykhólaskips hf. og Skipafélaginu Víkum hf., sbr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Byggir hann rétt sinn á farmskírteinunum. Kveður hann Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda fyrst hafa framselt allan sinn rétt samkvæmt þeim til kaupenda vörunnar og hann síðan eignast rétt þeirra við greiðslu vátryggingarbótanna. Um ábyrgð þrotabús Reykhólaskips hf. vísar hann til forsendna hins áfrýjaða dóms. Ábyrgð Skipafélagsins Víka hf. kveður hann byggjast á munnlegum farmsamningi, sem gilt hafi milli skipafélagsins og Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda. Telur hann tilvísun farmskírteina til „the Charter Party" vísa til

þessa munnlega farmsamnings og hefur lagt fyrir Hæstarétt eyðublað fyrir GENCON farmsamning með svofelldri áletrun: „Þetta eyðublað geymir þá samninga sem gerðir hefðu verið, ef skriflega hefði verið gengið frá samningum við Skipafélagið Víkur hf. um saltfiskflutninga með m/s Helgey. Reykjavík, 25. ágúst 1987. SÖLUSAMBAND ÍSL. FISKFRAMLEIÐENDA Sigurður Haraldsson." Þrotabú Reykhólaskips hf. og Skipafélagið Víkur hf. halda því hins vegar fram, að framangreind tilvísun til „the Charter Party" eigi við hinn tímabundna farmsamning, sem gilti milli þeirra og gerður var 5. febrúar 1985.

Tryggingamiðstöðin hf. kveður farmskírteinisákvæði það, sem að framan er rakið og vísar til Brusselsamningsins frá 1924, leiða til þess að Haag-reglurnar frá 1924 hafi gilt um þessa flutninga. Í 8. tölulið 3. gr. þeirra segir, að ógildur sé sérhver fyrirvari í farmsamningi, sem miði að því að undanþiggja farmflytjanda eða skipið ábyrgð á skemmdum eða tjóni á eða í sambandi við farm, enda stafi skemmdirnar eða tjónið af vanrækslu, hirðuleysi eða göllum eða af vanefndum á að fullnægja þeim skyldum eða skuldbindingum, sem um ræðir í greininni, eða miði að því að minnka ábyrgðina á annan hátt en gert er ráð fyrir í Haag-reglunum. Telur vátryggingarfélagið þetta ákvæði ryðja þeim ákvæðum hins tímabundna farmsamnings Reykhólaskips hf. og Skipafélagsins Víka hf. sem þessir aðilar bera fyrir sig og lýst er í hinum áfrýjaða dómi.

II.

Fallast ber á þann skilning Tryggingamiðstöðvarinnar hf. að framangreint ákvæði feli í sér, að um ábyrgð farmflytjanda skuli hér fara samkvæmt Haag-reglunum frá 1924 og 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Er farmflytjanda þá óheimilt að bera fyrir sig þau ákvæði um takmörkun ábyrgðar, er felast í hinum tímabundna farmsamningi Reykhólaskips hf. og Skipafélagsins Víka hf., og skiptir ekki máli, hvort með tilvísun farmskírteinis til „the Charter Party" er átt við hann eða það farmsamningsform, sem Tryggingamiðstöðin hf. telur eiga við.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um ábyrgð áfrýjanda, þrotabús Reykhólaskips hf., á farminum.

III.

Skipafélagið Víkur hf. kveðst hafa útvegað Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda flutningsfar til að flytja fyrir það saltfisk frá Íslandi til Spánar í febrúar 1985, eina tilfallandi ferð. Samkvæmt því verður að telja, að í gildi hafi verið ferðbundinn farmsamningur milli þeirra. Samningur þessi var ekki skriflegur og eru málsaðilar ósammála um efni hans. Skipafélagið hefur ekki fært fram nein gögn um efni samningsins og þannig ekki sýnt fram á, að það hafi samkvæmt honum átt að vera undanþegið venjulegri flutningsábyrgð. Af samningi þess og Reykhólaskips hf. kemur og fram, að í skiptum þeirra hafi Skipafélaginu Víkum hf. verið ætlað að bera þá ábyrgð gagnvart eigendum farms. Skipafélagið hafði samkvæmt tímabundnum farmsamningi sínum við Reykhólaskip hf. umráð yfir m/s Helgey. Í reikningi þess til sölusambandsins segir: „AN: M/S Helgey — Keflavík 11/2 1985. Flutningur á 449,6 tonnum af tenderfiski frá Íslandi til Bilbao ...". Starfsmaður skipafélagsins fylgdist með lestun skipsins og sagði fyrir um smíði á sérstökum lestarbúnaði, sem félagið lagði til. Starfsmaður þess gaf síðan út farmskírteini án fyrirvara um ábyrgð félagsins. Þá hefur starfsmaður skipafélagsins staðfest fyrir dómi, að aðalumboðsmaður þess hafi að lokinni uppskipun í Bilbao ritað undir „Statement of facts" ásamt skipstjóra og viðtakendum vörunnar. Þegar allt þetta er virt verður að líta svo á, að Skipafélagið Víkur hf. hafi tekið á sig skyldur farmflytjanda gagnvart farmsendanda og síðari farmskírteinishöfum.

IV.

Skipstjóri m/s Helgeyjar bókaði 20. febrúar 1985 í leiðarbók skipsins: „Miklar kvartanir eru út af því hvernig fiskurinn er farinn. Undirstöður hafa brotnað og fiskurinn jagast niður. Jeg hafði tal af umboðsmanni og sagði honum frá þessu. Hann sagði þetta vanalegt og kæmi á tryggingar." Í framburði skipstjórans fyrir dómi kemur fram, að hér sé átt við umboðsmann Skipafélagsins Víka hf. Á „Statement of facts" eru að vísu engar athugasemdir um ástand farmsins, en telja verður framangreinda bókun í leiðarbók nægilega sönnun þess, að við Reykhólaskip hf. hafi verið kvartað í tíma og skipstjóri tilkynnt um þær kvartanir til umboðsmanns skipafélags-

ins. Af vottorðum könnunarmanna Lloyd's kemur og fram, að þeir voru kallaðir til strax meðan á uppskipun stóð.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að tjónið á saltfiskinum stafi af öðrum ástæðum en í héraðsdómi greinir. Niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð tjónsins hefur ekki verið hnekkt. Samkvæmt framansögðu bera áfrýjandi, þrotabú Reykhólaskips hf., og stefndi, Skipafélagið Víkur hf., fébótaábyrgð á tjóni þessu.

V.

Fallast ber á, að áfrýjandi, Tryggingamiðstöðin hf., hafi með greiðslu vátryggingarbóta eignast rétt viðtakenda farms á hendur þrotabúi Reykhólaskips hf. og Skipafélaginu Víkum hf., sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Hér þykir ekki skipta máli, að ekki hafa verið lögð fram frumrit farmskírteina nema annað tveggja um eina sendingu. Framsalsröð þess farmskírteinis veitir vísbendingu um, hvernig viðskiptum þessum var almennt háttað. Samkvæmt eðli máls hlýtur frumritum enda að hafa verið skilað við afhendingu farmsins og ættu þau þá að vera í vörslum Skipafélagsins Víka hf. eða þrotabús Reykhólaskips hf. Eru því ekki efni til að hafna kröfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. að hluta, svo sem krafist hefur verið. Ekki eru heldur efni til að lækka skaðabótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954.

Í áfrýjunarstefnu krafðist Tryggingamiðstöðin hf. 22% ársvaxta af stefnufjárhæð frá 21. janúar 1986 til 1. mars 1986, 13% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1987 og 10% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Með vísan til þess verða vextir dæmdir svo sem greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda, þrotabú Reykhólaskips hf., og stefnda, Skipafélagið Víkur hf., óskipt til að greiða áfrýjanda, Tryggingamiðstöðinni hf., 1.995.945,00 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Samkvæmt 4. tölulið 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 ber að staðfesta sjóveðrétt Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í m/s Helgey TFAB til tryggingar þessum fjárhæðum.

Málatilbúnaði Tryggingamiðstöðvarinnar hf. var áfátt og farmskírteini þau er félagið byggir rétt sinn á óskýr. Því þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, þrotabú Reykhólaskips hf., og stefndi, Skipafélagið Víkur hf., greiði óskipt áfrýjanda, Tryggingamiðstöðinni hf., 1.995.945,00 krónur með 22% ársvöxtum frá 21. janúar 1986 til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1988, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. s.m., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á. og 4% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum. Staðfestur er sjóveðréttur í m/s Helgey TFAB fyrir þessum fjárhæðum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Bjarna K. Bjarnasonar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms teljum við rétt að staðfesta hann, þó þannig að þrotabú Reykhólaskips hf. greiði Tryggingamiðstöðinni hf. vexti eins og í atkvæði meirihluta dómenda greinir, en málskostnaður falli niður.

Þá teljum við rétt að hver aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Tryggingamiðstöðinni hf., nnr. 8936-7840, Aðalstræti 6, Reykjavík, gegn Skipafélaginu Víkum hf., nnr. 7307-0414, Hjarðarhaga 17, Reykjavík, og Reykhólaskipi hf., Síðumúla 2, Reykjavík, með stefnu birtri 6. janúar 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda jafnvirði US $ 56.236,03 á gengi 6.12. 1985, kr. 41,66, eða ísl. krónur 2.342.793,00 ásamt 32% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 6. desember 1985 til greiðsludags og málskostnaðar skv. taxta LMFÍ.

Til vara gerir stefnandi kröfu til lægri fjárhæðar að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði, sem að framan greinir.

Þá krefst stefnandi þess að staðfestur verði með dómi sjóveðréttur í m.s. Helgey TFAB, Reykhólum, Barðastrandarsýslu, til tryggingar þeirri fjárhæð sem dæmd verður.

Stefndi Skipafélagið Víkur hf. krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Reykhólaskip hf. krefst sýknu en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins.

Af hálfu stefndu voru settar fram kröfur um frávísun málsins en þeim kröfum var hrundið með úrskurði uppkveðnum 19. september 1986.

Undir rekstri málsins kom fram að bú stefnda Reykhólaskips hf. hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta og búið tekið við rekstri málsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau að stefndi Skipafélagið Víkur hf. hafði skipið m.s. Helgey, eign stefnda Reykhólaskips hf., til ráðstöfunar samkvæmt tímabundnum farmsamningi dags. 5. febrúar 1985.

Stefndi Skipafélagið Víkur hf. tók síðan að sér að flytja með því skipi saltfiskfarm fyrir Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) frá Keflavík til Bilbao á Spáni í febrúar 1985.

Gefin voru út þrjú farmskírteini vegna farms þess sem mál þetta snýst um hinn 11. febrúar 1985, en þar var um að ræða alls 424000 kg af saltfiski á 530 pallettum til þriggja kaupenda á Spáni. Samkvæmt framlögðum vörureikningum til kaupenda var heildarfjárhæð saltfiskfarms þessa US $ 848.000,00.

Vörusendingar þessar vátryggði SÍF hjá stefnanda skv. þremur tryggingarskírteinum dags. 11. febrúar 1985. Samanlögð vátryggingarfjárhæð var US $ 932.800,00. Vátryggingarskírteinin voru öll framseld eyðuframsali af vátryggingartaka.

Samkvæmt framburði stýrimannsins Gunnars Gíslasonar fyrir dómi var umbúnaður í lest skipsins þannig að í síðum skipsins voru „ribbar" festir á böndin, og á þá var fest krossviðarklæðning og síðan plast hengt yfir. Ekki var sett plast á gólf lestarinnar. Áður en lestun hófst höfðu eftirlitsmenn SÍF og Skipafélagsins Víka hf. skoðað lestina og ekki gert neinar athugasemdir. Er lestun hófst var lestin að mestu nýmáluð, þó ekki lúgukarmar.

Lestarstjóri frá Skipafélaginu Víkum hf. sagði til um hvernig ganga skyldi frá farminum, en saltfiskurinn kom á pöllum um borð. Í neðri lest

hafi verið ein stæða af brettum en á milliþilfari tvær hæðir á allan flötinn, en þrjár til fjórar hæðir í lúgukarmi. Byggt hafi verið upp milli pallanna og timbur lagt yfir svo efri hæðir pressuðu ekki á þann hluta farmsins sem neðstur var.

Á siglingu skipsins til Spánar brotnaði uppbygging undan efstu stæðunum í lúguopinu, og hafði farmurinn við það hreyfst og lagst út í síðurnar og lúgukarminn. Í leiðarbók skipsins er svofelld bókun skráð á 7. degi ferðarinnar hinn 16. febrúar 1985.

„Í ljós kemur þegar athugað er um farm í lest að brettabygging undir þriðju hæð hefur gefið sig á nokkrum stöðum. Nokkuð virðist um skemmdir en ekki hægt að kanna til hlítar sökum þrengsla."

Í losunarhöfn hafi menn frá viðtakendum komið um borð og litið í lestina og skoðað eftir því sem hægt var áður en lagst var að bryggju. Hinn 20. febrúar 1985 er losun hófst í Bilbao er eftirfarandi bókað í leiðarbók skipsins af skipstjóra.

„Miklar kvartanir eru út af því hvernig fiskurinn er farinn. Undirstöður hafa brotnað og fiskurinn jagast niður. Ég hafði tal af umboðsmanni og sagði honum frá þessu. Hann sagði þetta vanalegt og kæmi á tryggingar."

Við uppskipun voru notaðir lyftarar og nokkuð var um það að bretti hafi oltið og þá hafi fiskurinn verið tíndur upp af lestargólfinu. Uppskipun lauk 21. febrúar 1985. Samkvæmt framburði stýrimanns voru brettin talin í land og hafi talningsmaður frá móttakanda verið viðstaddur. Ekki hafi talningsmenn kvittað hvor hjá öðrum eftir hvern losunardag, en þeir hafi borið sig saman nokkrum sinnum yfir daginn og á kvöldin. Ekki hafi komið fram vöntun hjá talningsmönnum, en talningsgögnum hafi ekki verið haldið til haga.

Samkvæmt fyrirliggjandi skoðunargerðum sem framkvæmdar voru af skoðunarmönnum Lloyd's í Bilbao var um verulegar skemmdir að ræða á farminum. Fiskur hafði skemmst, ýmist vegna mengunar af rauðleitu ryki sem í hann hafði komist eða vegna þess að hann hafði rifnað eða brotnað. Þá var einnig um að ræða vöntun á fiski skv. þessum skoðunargerðum.

Tjón það sem á farminum varð skv. framansögðu gerði stefnandi upp hinn 6. desember 1985 á grundvelli greindra skoðunargerða Lloyd's með samtals US $ 56.236,03, sem og er stefnufjárhæð málsins.

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að stefndi hafi gefið út það sem kallað sé „clean" farmskírteini, þ.e.a.s. engar athugasemdir hafi verið gerðar um ástand farmsins né umbúnað hans.

Farmflytjanda hafi borið að ganga svo frá farmi að hann færi ekki úr skorðum og auðvitað hafi sú skylda verið sérstaklega rík þegar um matvöru

hafi verið að ræða og siglingu á þeim tíma árs þegar verstra veðra væri von.

Stefndu hafi ekki sinnt innheimtubréfum stefnanda og ekki fært sönnur á nein atriði sem losi þá undan þessari ábyrgð eða sanni að farmflytjandi hafi fullnægt skyldu sinni.

Stefnandi telur því að stefndu beri sameiginlega ábyrgð á því tjóni sem orðið hafi, hvort heldur það hafi orðið af því að pallar hafi farið úr skorðum eða skemmd hafi orðið á fiskinum vegna óhreininda, brota eða rifnunar.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963, sem eigi við um tilvik þetta, svo og til Haagreglna frá 1924, III. kafla, og 25. gr. laga um vátryggingasamninga.

Stefndi Reykhólaskip hf. styður sýknukröfu sína eftirgreindum rökum.

1. Hafi einhver orðið fyrir tjóni vegna farmskemmda og vöntunar á farmi þá sé það kaupandi vörunnar og viðtakandi hennar, einn eða fleiri. Ekki hafi verið sýnt fram á að kaupendur hafi framselt annaðhvort SÍF eða stefnanda kröfur þessar. Því sé um aðildarskort að ræða, sem leiði til sýknu.

2. Stefndi Reykhólaskip hf. hafi enga skriflega tilkynningu fengið um tjón á farmi og engar kröfur þess vegna fyrr en mál þetta hafi verið höfðað um það bil ellefu mánuðum eftir að varan hafi verið afhent. Þetta aðgerðarleysi af hálfu stefnanda og þess eða þeirra sem hann leiði rétt sinn frá valdi því að hugsanleg bótakrafa sé niður fallin.

3. Stefnandi geti ekki átt betri rétt á hendur stefnda Reykhólaskipi hf. en SÍF. SÍF hafi samið við farmsamningshafann (farmflytjanda) um flutning á farminum og annast síðan allan umbúnað farmsins í lestum skipsins eftir aðferð sem hann sjálfur ásamt meðstefnda hafi búið til og með búnaði sem þessir aðilar hafi átt, annar hvor eða báðir. Verði tjón rakið til þess að farmi hafi ekki verið rétt komið fyrir í lest, þá sé það sök SÍF sem SÍF verði að taka afleiðingunum af og þar með stefnandi. Þetta leiði til sýknu vegna þess að hleðslan hafi verið á ábyrgð SÍF sem hafi krafist þess að ráða hleðslunni og hafði sérstakan trúnaðarmann við hana, sem hafi gefið fyrirmæli um hleðsluna sem farið hafi verið eftir. Samkvæmt farmsamningi sé lestun og losun á vegum meðstefnda (dskj. nr. 24, 4. gr.).

4. Samkvæmt farmskírteinum á dskj. nr. 10 og 16 sé farmsamningur hluti skilmála. Samkvæmt 4. gr. farmsamnings (dskj. nr. 24) eigi farmsamningshafi að „arrange and pay for loading, trimming, stowing (including dunnage and shifting boards excepting any already on board) unloading, weighing, tallying and delivery of cargoes, surveys". Í 9. gr. farmsamningsins segi m.a.: „The Owners not to be responsible for shortage, mixture, marks, nor for number of pieces or packages, nor for damage

to or claims on cargo caused by bad stowage or otherwise." Samkvæmt þessu ákvæði beri stefndi Reykhólaskip hf. ekki áhættuna af vöntun eða tjóni á farmi, hvorki gagnvart farmsamningshafa, farmskírteinishafa né öðrum, og á hann verði ekki felld bótaskylda vegna þessa, þar sem hann hafi beinlínis undanskilið sig henni. Þessi undanþága bindi bæði farmskírteinishafana (viðtakendur) og upphaflegan farmskírteinishafa, farmsendandann, SÍF. Þar með bindi það einnig stefnanda sem ekki geti öðlast betri rétt en þeir. Ljóst megi að minnsta kosti teljast að stefnandi geti aldrei öðlast betri rétt en SÍF.

Til frekari áherslu sé rétt að minna á að í 13. gr. farmsamnings (dskj. nr. 24) (hluta af farmskírteinisskilmálum) sé í upphafi tekið fram hversu langt ábyrgð skipseiganda nái, þ.e. til tafa og tjóns sem stafi af töfum, en þó því aðeins að tiltekin ströng skilyrði séu fyrir hendi af hálfu eigenda skips eða útgerðarstjóra. Síðan segi: „The Owners not to be responsible in any other case nor for damage or delay whatsoever and howsoever caused even if caused by the neglect or default of their servants." Af þessu ákvæði leiði að jafnvel vanræksluverk og mistök áhafnar, þar með talin skipstjóra, leiði ekki til fébótaábyrgðar útgerðar. Í síðari hluta þessa ákvæðis sé fjallað um ábyrgð farmsamningshafa gagnvart skipseiganda og vanrækslu, t.d. við hleðslu.

Augljóst sé að SÍF og síðar farmskírteinishafar hafi fallist á þessa skilmála og bindi þeir stefnanda. Í þessu sambandi megi og minna á að það hafi verið meðstefndi sem gefið hafi út farmskírteini en ekki stefndi Reykhólaskip hf., enda þótt slíkt sé gert „for the master" skv. áritun á farmskírteini sem farmsendandi hafi sjálfur látið útbúa. Starfsmaður meðstefnda hafi gefið skírteinin út án nokkurs samráðs við stefnda Reykhólaskip hf., sbr. undirritun á dskj. nr. 10. SÍF hafi aldrei samið um eitt né neitt við stefnda Reykhólaskip hf. og hafi vitað fullvel að meðstefndi hafi verið farmflytjandi og samningsaðili við SÍF. Ekki sé getið nafns stefnda Reykhólaskips hf. á farmskírteinum á dskj. nr. 10 og 16. Engar réttarreglur útiloki rétt stefnda Reykhólaskips hf. til að takmarka ábyrgð sína á þann hátt sem lýst hafi verið.

5. Til réttarsambands milli stefnda Reykhólaskips hf. og meðstefnda hafi verið stofnað með farmsamningnum á dskj. nr. 24. Í 9. gr. farmsamningsins sé gert ráð fyrir því að skipstjóri, stýrimenn eða umboðsmenn undirriti farmskírteini. Ekki sé minnst á að farmsamningshafi láti starfsmenn sína gefa út farmskírteini á ábyrgð útgerðarmanns. Þess vegna hafi ekki verið stofnað til neins réttarsambands milli SÍF, sem stefnandi leiði rétt sinn frá, og stefnda Reykhólaskips hf. með því að starfsmaður meðstefnda, Skipafélagsins Víka hf., hafi undirritað farmskírteini á farmskírteinisform frá SÍF. Þar hafi ekki verið minnst á nafn stefnda Reykhólakskips hf. sem

fyrr segi, og farmsendandi, SÍF, hafi einungis samið við meðstefnda, Skipafélagið Víkur hf. Þessi skilningur sé staðfestur m.a. með hegðun SÍF sem virðist hafa gert upp galla og vöntun við kaupendur sína á Spáni og síðan gert kröfur á stefnanda án þess að tilkynna stefnda Reykhólaskipi hf. um kröfugerðina. Lögmaður stefnanda riti meðstefnda Skipafélaginu Víkum hf. bréf 19.9. 1985 áður en bótauppgjör hafi farið fram og óski eftir afstöðu hans til kröfugerðar. Lögmaðurinn riti meðstefnda bréf að nýju 23.10. 1985 og krefji hann um endurgreiðslu bóta, sem reyndar höfðu ekki verið inntar af hendi þá. Ekki hafi stefnandi eða þeir sem hann leiði rétt sinn frá staðið fyrir því að láta stefnda Reykhólaskip hf. vita um kröfugerð vegna tjóns.

Samkvæmt framangreindu sé því haldið fram að ekkert réttarsamband hafi stofnast milli stefnda Reykhólaskips hf. og stefnanda eða þeirra sem hann leiði rétt sinn frá og því beri að sýkna stefnda Reykhólaskip hf., enda ekki sýnt fram á að hann hafi gerst sekur um athæfi sem valdi honum bótaskyldu skv. reglunum um skaðabótaskyldu utan samninga.

6. Samkvæmt „BALTIME 1939" farmsamningi beri farmsamningshafa að endurgreiða útgerðarmanni kröfur sem hann hafi greitt, hvort sem sé vegna farmskírteinisábyrgðar eða flutningsábyrgðar. Öll bótaskylda yfirfærist að lokum á farmsamningshafann. Ástæða sé til að taka þetta sérstaklega fram þar sem skipstjóra sé skylt að gefa út farmskírteini með öðrum og takmarkaðri ábyrgðarreglum en í farmsamningi greini og geti þá skírteinishafi byggt rétt á hendur útgerðarmanni á slíku skírteini, en hann eigi síðan endurkröfu á hendur farmsamningshafa. Farmskírteini það sem SÍF hafi fengið í hendur sé hins vegar ekki þess háttar farmskírteini. Í því séu engin ákvæði heldur séu ábyrgðartakmarkanir farmsamnings teknar upp í skírteinið og SÍF eigi því ekki betri rétt en meðstefndi Skipafélagið Víkur hf. á hendur stefnda og það jafnvel þótt farmmóttakendur í Bilbao kunni ef til vill að hafa átt betri rétt en SÍF og meðstefndi.

7. Stefndi Reykhólaskip hf. hafi lagt til skip sem í hvívetna hafi verið haffært og honum hafi ekki orðið á nein mistök um meðferð farmsins og reyndar heldur ekki við siglingu skipsins og stjórntök. Í sóknargögnum sé talað um tjón af völdum rauðs litar sem borist hafi á fiskinn. Hið rétta sé að nokkru áður en ferðin hófst og áður en skipið var afhent og samþykkt af meðstefnda hafði lestin verið máluð á tíðkanlegan hátt með venjulegri lestarmálningu. Ekkert hafi verið venjulegra eða sjálfsagðara. Rauði liturinn komi á saltfiskinn við það að fiskurinn sé illa settur á pallettur af SÍF og illa gengið frá honum af SÍF og meðstefnda Skipafélaginu Víkum hf. Fiskurinn detti af pallettunum á lestargólf eða út í lestarhliðar og saltið á fiskinum og frá fiskinum leysi upp málninguna og hún berist þannig á fiskinn. Orsökin sé ekki hjá skipinu eða stefnda Reykhólaskipi hf. heldur hjá SÍF og meðstefnda, en frá SÍF leiði stefnandi rétt sinn. Stefndi Reyk-

hólaskip hf. hafi sýnt fram á að hann hafi efnt skyldur sínar réttilega og hann hafi sýnt fram á hvers vegna farmurinn skemmdist, þrátt fyrir að réttra aðferða hafi verið gætt af honum. Þess vegna beri að sýkna stefnda Reykhólaskip hf. Það sé stefnanda að sanna að einhver þau bótaskilyrði séu fyrir hendi sem felli ábyrgð á stefnda Reykhólaskip hf. gagnvart stefnanda, en það hafi hann ekki gert.

8. Því sé haldið fram að hvorki íslensku siglingalögin nr. 66/1963 né Haagreglurnar frá 1924 verði lagðar til grundvallar í máli þessu heldur farmsamningurinn og ef til vill farmskírteinin sem gefin hafi verið út í skjóli farmsamningsins. Samkvæmt 52. gr. laga nr. 66/1963 séu lögin frávíkjanleg og gildi samningsfrelsi á þessu sviði. Haagreglurnar frá 1924 hafi ekki verið lögfestar hér á landi né gerðar hluti af farmsamningum eða farmskírteinum, og því hafi stefnda Reykhólaskipi hf. verið heimilt að takmarka ábyrgð sína enn frekar en Haagreglur heimila. Þetta hafi hann gert og njóti þess að fullu.

9. Framanritaðar málsástæður lúti bæði að kröfum vegna skemmda og vöntunar, en að skemmdum á farmi sé þó sérstaklega vikið í 7. tl. hér að framan. Um vöntun sé þess að geta, auk þess sem þegar sé sagt, að hún sé með öllu ósönnuð. Sú aðferð sem notuð sé skv. skoðunargerðum á dskj. nr. 5, 13 og 19 sé ótæk með öllu. Sagt sé að nokkrar pallettur, óskemmdar, hafi verið vegnar og þannig fundið að meðalþyngd hafi verið 1017,2 kg og 1025,6 kg. Út frá því sé fundið að á 19 pallettur hafi vantað fisk sem hér segi:

	1804,2 kg
	1597,7 kg
	640,8 kg
Samtals	4042,6 kg

Samtals vegi þær 19 pallettur sem á vanti sem hér segi:

7 pallettur	5375 kg
8 pallettur	6540 kg
4 pallettur	3428 kg
Samtals	15343 kg

Þetta jafngildi að hver palletta hafi vegið 807,5 kg en skv. sóknargögnum séu 800 kg í hverri pallettu og hver palletta vegur minna en 7,5 kg. Sannað sé að ekki vanti neitt upp á þessar pallettur og hafi stefnandi greitt bætur vegna vöntunar sé það framyfir skyldu og stefnda Reykhólaskipi hf. og öðrum óviðkomandi. Þá beri þess að geta að eðli sínu skv. léttist saltfiskur í flutningi sem þessum um t.d. 3-4%, en á því bili sé vöntunin talin vera af stefnanda. Samkvæmt þessu beri að sýkna stefnda af kröfum vegna vöntunar. Sama gildi um allan kostnað vegna meintra skemmda og vöntunar.

Eins og fyrr segir sé óljóst á hvaða grundvelli stefnandi krefji stefnda Reykhólaskip hf. um bætur í máli þessu, en rétt þyki að benda á að sá sem krefji bóta verði að sanna tjón og tjónsfjárhæð. Þegar hafi verið mótmælt vöntun og ennfremur sé rétt að mótmæla fjárhæðum. Stefnandi hafi bætt SÍF með 10% álagi og nemi þetta álag samtals US $ 4571,20. Mótmælt sé kostnaðarliðum og á því byggt að ekki sé sannað hvaða tjón hafi orðið um borð í skipinu og hvaða tjón hafi orðið síðar. Mótmælt sé að rétt gengi hafi verið notað við verðreikning úr pesetum í US $ sbr. tjónaskýrslur í spænskri mynt. Þá sé vaxtakröfu mótmælt sem allt of hárri og því mótmælt að felldir verði vextir á stefnda fyrr en við þingfestingu málsins, ef til greiðsluskyldu komi.

Stefnandi byggi á 25. gr. vsl. Því sé haldið fram að skv. 25. gr. 1. mgr. síðari málslið laganna beri að fella niður skaðabótaábyrgð stefnda Reykhólaskips hf. eða lækka hana verulega, t.d. um 80%, enda ekki sýnt fram á þá vangá sem ákvæðið geri ráð fyrir.

Stefndi Skipafélagið Víkur hf. hefur við munnlegan flutning málsins tekið undir sýknumálsástæður stefnda Reykhólaskips hf. og gert þær að sínum.

Stefndi Skipafélagið Víkur hf. byggir á því að engin tilvísuð lagarök stefnanda snúi að sér, heldur að farmflytjanda (carrier) og sé því mótmælt að stefndi Skipafélagið Víkur hf. verði í skilningi siglingalaga nr. 66/1963 talinn farmflytjandi eða geti borið þær skyldur sem á farmflytjanda séu lagðar í 99. gr. siglingalaga eða Haagreglum. Því sé mótmælt að stefndi Skipafélagið Víkur hf. beri ábyrgð á frágangi farms og sé sýknukrafa hans á því byggð.

Við munnlegan flutning málsins var á það lögð áhersla af hálfu stefnda Skipafélaginu Víka hf. að meðstefndi Reykhólaskip hf. væri skuldbundinn skv. farmskírteini. Þá bæri og að skilja að ábyrgð stefnda Skipafélagsins Víka hf. og meðstefnda Reykhólaskips hf. Þá var á því byggt af hálfu stefnda Skipafélagsins Víka hf. að samkvæmt almennum reglum um bakfarmsamninga geti hann ekki borið ábyrgð sem farmflytjandi eftir útgáfu farmskírteinis.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu eftirtaldir: Sigurður Haraldsson aðstoðarframkvæmdastjóri SÍF, Guðmundur S. Jónsson skipstjóri, Gunnar Gíslason stýrimaður og Hjálmar Diego Þorkelsson, starfsmaður stefnda Skipafélagsins Víka hf.

IV.

Svo sem fram er komið tók stefndi Skipafélagið Víkur hf. að sér að flytja fyrir Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) saltfiskfarm frá Íslandi til Spánar í febrúar 1985. Til þeirra flutninga notaði stefndi skipið m/s

Helgey sem hann hafði til ráðstöfunar samkvæmt tímabundnum farmsamningi („TIME-CHARTER BALTIME 1939") við stefnda Reykhólaskip hf., dags. 5. febrúar 1985.

Samkvæmt framlögðum vörureikningum vegna farms þessa voru söluskilmálar c.i.f. Bilbao og vátryggði SÍF vörusendingarnar vegna kaupenda hjá stefnanda, Tryggingamiðstöðinni hf. Samkvæmt gögnum málsins hafði SÍF og milligöngu um tjónatilkynningar og bótauppgjör vegna vörukaupendanna á Spáni, sem um ræðir í máli þessu. Fyrir liggur að stefnandi greiddi vörukaupendum alls US $ 56.236,03 vegna tjóns á farmi þessum og var tjónið bætt á grundvelli þeirra skoðunar- og tjónaskýrslna sem framkvæmdar voru af umboðsmönnum Lloyd's á Spáni og lagðar hafa verið fram í máli þessu.

Með því að greiða bætur samkvæmt framansögðu öðlaðist stefnandi rétt vátryggðs á hendur þeim, sem skaðabótaskyldur var vegna atvika sem vátryggingin tók til, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga, og þurfti ekki sérstakt framsal að koma til í því efni. Krafa stefndu um sýknu vegna aðildarskorts verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt gögnum málsins var ekki gerður sérstakur skriflegur farmsamningur um saltfiskfarm þann sem hér um ræðir og tjón varð á, en farmflutningurinn byggðist á munnlegum samningi milli SÍF og stefnda Skipafélagsins Víka hf., sem ekki er nánar upplýst um í málinu. Gefin voru út þrjú farmskírteini um farm þann sem málið snýst um hinn 11. febrúar 1985, svo sem fram er komið. Hafa þau verið lögð fram í málinu, eitt í frumriti en tvö í afriti. Öll eru farmskírteinin á sams konar eyðublöðum, greinilega merktum Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda. Í farmskírteinum þessum er tilgreint skipið „Helgey" og Guðmundur Jónsson sem skipstjóri þess. Það farmskírteini sem lagt er fram í frumriti er undirritað af starfsmanni stefnda Skipafélagsins Víka hf. fyrir hönd skipstjóra (for the master). Telja verður að sú undirritun sé bindandi fyrir útgerð skipsins, stefnda Reykhólaskip hf., sem farmflytjanda gagnvart vörukaupendum á Spáni. Ekki er annað fram komið en gengið hafi verið frá undirritun allra farmskírteinanna með sama hætti og verður við það miðað.

Réttarsamband farmflytjanda, stefnda Reykhólaskips hf., og viðtakanda farms byggist á framangreindum farmskírteinum, sem einnig eru undirstöðugögn málssóknar stefnanda sem leiðir rétt sinn af rétti farmskírteinishafa. Í farmskírteinum þessum er þess getið að farmsamningurinn skuli teljast hluti farmskírteinanna „All the terms, conditions, liberties and exceptions of the Charter Party are herewith incorporated". Svo sem fyrr sagði liggur ekki fyrir í máli þessu skriflegur farmsamningur um farmflutning þann sem hér um ræðir og greind tilvísun farmskírteinanna þykir alls ekki geta átt við hinn tímabundna farmsamning milli stefndu Reykhólaskips

hf. og Skipafélagsins Víka hf., þar sem sá samningur varðar einungis innbyrðis réttarsamband þeirra. Skilmálar þeir sem um getur í hinum tímabundna farmsamningi stefndu telst því ekki vera hluti af skilmálum farmskírteinanna og þær varnir stefnda Reykhólaskips hf., sem á því eru byggðar, eiga ekki við í máli þessu.

Ekki liggur fyrir í málinu að átt hafi sér stað framsal á réttindum SÍF sem farmsamningshafa gagnvart stefnda Skipafélaginu Víkum hf. eða á því byggt, hvorki í greinargerð stefnanda né við munnlegan málflutning, að tilvitnuð ákvæði farmskírteinanna leiði til þess að líta beri á stefnda Skipafélagið Víkur hf. sem farmflytjanda gagnvart kaupendum farmsins á Spáni. Á það er og að líta að hvorki stefnandi né stefndi Skipafélagið Víkur hf. hafa upplýst eða gert grein fyrir hvað efnislega hafi falist í hinum munnlega farmsamningi sem gerður var.

Þegar til alls þessa er litið verður ekki á það fallist gegn andmælum stefnda Skipafélagsins Víka hf. að hann sé farmflytjandi gagnvart kaupendum vörunnar á Spáni (farmskírteinishöfum) og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður að því er hann varðar.

Því er haldið fram af hálfu stefnda Reykhólaskips hf. að bótakrafa gegn honum hafi fallið niður vegna aðgerðarleysis, þar sem hann hafi ekki fengið skriflega tilkynningu um tjón á farmi og engar kröfur verið settar fram á hendur honum fyrr en við höfðun máls þessa. Á þessa málsástæðu verður ekki fallist þar sem fyrir liggur að skipstjóra var ljóst að skemmdir höfðu orðið á farminum á leiðinni til Spánar og um það bókað í leiðarbók svo sem fram er komið. Þá er og til þess að líta í þessu efni að skipstjóri hlutaðist ekki til um að tilkvaddir væru sérstakir skoðunarmenn samkvæmt 41. gr. siglingalaga nr. 66/1963 til þess að sjá lestarúm opnuð og skip affermt. Þá lét skipstjóri og undir höfuð leggjast að óska eftir því að sjópróf væru haldin vegna þessa, svo sem lögskylt var samkvæmt 39. gr. siglingalaganna nr. 66/1963 og 40. gr. laga nr. 52/1970 um eftirlit með skipum.

Samkvæmt framlögðum þremur skoðunarvottorðum (SURVEY REPORT) fór fram skoðun á farminum 22. og 28. febrúar, 4., 8. og 20. mars og 24. apríl 1985. Fallist er á að skemmdir á farminum hafi orðið af þeim sökum, sem í skoðunarvottorðum þessum greinir, og stafi fyrst og fremst af ótryggri uppbyggingu undir efstu lög farmsins í lest skipsins, svo og af umbúnaði farmsins í heild.

Þar sem stefndi Reykhólaskip hf. þykir ekki hafa sýnt fram á með málatilbúnaði sínum að nein þau atvik hafi orðið í ferð skipsins til Bilbao sem leysi hann undan ábyrgð sem farmflytjanda vegna skemmda þeirra sem á farminum urðu, ber með tilvísun til 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963 að fallast á það með stefnanda að stefndi Reykhólaskip hf. sé bótaskyldur vegna tjónsins.

Liggur þá fyrir að fjalla um kröfugerð stefnanda tölulega.

Fyrir liggur í gögnum málsins að viðtakendur farms hafa fengið greiddar tjónabætur frá stefnanda, samtals að fjárhæð US $ 56.236,03, á grundvelli fyrrgreindra skoðunargerða sem framkvæmdar voru af umboðsmönnum Lloyd's á Spáni. Allar fjárhæðir í tjónaskýrslum þessum voru í spánskri mynt (pesetum), en bætur voru greiddar í Bandaríkjadollurum í samræmi við tryggingarskilmála. Mótmæli stefnda varðandi þann verðútreikning eða viðmiðunargengi eru órökstudd með öllu og verða ekki tekin til greina.

Fallist er á þær magntölur sem í greindum skoðunarvottorðum greinir hvað varðar farmskemmdir, þ.e. samtals 18.813,4 kg (6886 + 9009 + 2918,4) skemmdur fiskur að verðmæti US $ 41.389,48. Ennfremur er fallist á tilgreindan kostnað vegna hreinsunar á fiski að fjárhæð US $ 5.128,43 (3.299,16 + 306,68 + 1.522,59) og kostnað vegna skoðunar US $ 1.392,44 (427,46 + 613,64 + 351,34) eða samtals US $ 47.910,35.

Óumdeilt er að talning fór fram á farminum upp úr skipi og enda þótt talningargögnum hafi eigi verið haldið til haga verður eigi fallist á kröfur stefnanda að því er varðar vöntun á farminum og ber í því efni að líta til þess að „Statement of facts" er án athugasemda, svo og þess að vöntun kom ekki fram fyrr en löngu síðar við athugun í vöruhúsum kaupenda á Spáni.

Samkvæmt framansögðu verða greindar matsgerðir, sem ekki hefur verið hnekkt, lagðar til grundvallar niðurstöðu málsins varðandi fjárhæðir skemmda, kostnaðar við hreinsun og skoðunarkostnað en ákvæði 25. gr. laga nr. 20/1954 um lækkun fébóta, sem stefndi vísar til, þykja ekki eiga við um fjárkröfur þessar.

Í samræmi við kröfugerð stefnanda ber því að dæma þrotabú stefnda Reykhólaskips hf. til þess að greiða stefnanda kr. 1.995.945,00 (US $ 47.910,35 x 41,66 ísl. kr.). Vextir af tildæmdri fjárhæð skulu vera þeir sömu og hæstu innlánsvextir banka og sparisjóða voru af almennum sparisjóðsbókum og er fallist á það með stefnda að reikna beri vexti frá þingfestingardegi málsins 21. janúar 1986, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Viðurkenna ber sjóveðrétt stefnanda í m/s Helgey til tryggingar tildæmdum fjárhæðum, sbr. 1. mgr., 4. tl., 216. gr. laga 66/1963.

Eftir þessum úrslitum málsins ber og að dæma þrotabú stefnda Reykhólaskips hf. til þess að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 230.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ingvar Sveinbjörnsson hdl., deildarstjóri hjá Brunabótafélagi Íslands.

Dómsorð:

Stefndi, Skipafélagið Víkur hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Tryggingamiðstöðvarinnar hf., í máli þessu. Málskostnaður að því er varðar stefnda, Skipafélagið Víkur hf., fellur niður.

Stefndi, þrotabú Reykhólaskips hf., greiði stefnanda, Tryggingamiðstöðinni hf., kr. 1.995.945,00 með 22% ársvöxtum frá 21. janúar 1986 til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 230.000,00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/s Helgey fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. desember 1988.

Nr. 286/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Erni Kristjánssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)
og
Sæmundi Auðunssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lög nr. 65/1974. 40. og 77. gr. laga nr. 74/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjað er dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum á hendur hinum ákærðu, en meðákærði í héraði vildi hlíta dómi. Dóminum er áfrýjað að ósk Sæmundar Auðunssonar að því er hann varðar. Af hálfu ákæruvalds er krafist sakfellingar samkvæmt ákærum og þyngingar á refsingu að því er báða varðar. Áfrýjunarstefna er gefin út 9. júlí 1987.

I.

Ákærur 26. maí og 7. ágúst 1986.

Brot þau, sem ákærða Kristjáni Erni Kristjánssyni er gefin sök á í þessum ákærum, eru öll viðurkennd og fullsönnuð. Ber því að fallast á sakfellingu ákærða og færslu brota til refsiákvæða.

II.

Ákæra 15. nóvember 1985.

Svo sem rakið er í héraðsdómi var ákærði Sæmundur Auðunsson staðinn að verki þar sem hann var að bera 11,3 kg af hassi í land úr b/v Karlsefni eftir komu skipsins til Reykjavíkur frá Cuxhaven aðfaranótt 17. október 1983. Í fyrstu kvaðst hann eiga þetta í félagi við fólk, sem hann vildi ekki nafngreina, en við yfirheyrslu 26. október nefndi hann ákærða Kristján Örn Kristjánsson til sögunnar, svo sem rakið er í héraðsdómi, og hefur ekki breytt frásögn sinni um þátt hans í málinu síðan. Næsta dag fóru lögreglumenn á heimili ákærða Kristjáns Arnar þeirra erinda að gera þar húsleit. Ákærði og sambýliskona hans synjuðu leitarinnar nema að gengnum úrskurði í þá átt. Úrskurður um húsleit var kveðinn upp sama dag. Við leit í framhaldi af því fundust 2,6 g af marihuana í skrifborði ákærða. Á háalofti fundust heimaræktaðar kannabisplöntur og fræ og hafði loftið verið einangrað og búið ljósum til að örva vöxt þeirra. Við yfirheyrslu neitaði ákærði Kristján Örn að eiga nokkra aðild eða hluta í því efni, er tekið var af ákærða Sæmundi. Við þann framburð hefur hann staðið síðan og neitað alfarið öllum sakargiftum í þessari ákæru. Hins vegar liggja fyrir í málinu frásagnir tveggja lögreglumanna, sem raktar eru í héraðsdómi, um það er þeir töluðu hvor í sínu lagi einslega við ákærða og hann sagðist vera sekur í þessu efni en myndi aldrei viðurkenna það. Er ákærði var spurður um sannleiksgildi annarrar þessara frásagna fyrir dómi

9. desember 1983 kvaðst hann hvorki vilja neita né játa sannleiksgildi hennar en óska að ræða það atriði við sinn réttargæslumann. Frásagnir þessar voru báðar bornar undir ákærða fyrir dómi 26. febrúar 1987 og kvað hann þær rangar. Skýrði hann afstöðu sína 9. desember 1983 með því, hversu undrandi hann hefði orðið á þessum framburði.

Kemur þá til athugunar, hvort önnur sönnunargögn málsins renni nægum stoðum undir sekt ákærða Kristjáns Arnar til að hann verði sakfelldur samkvæmt þessari ákæru. Í því efni vegur þyngst öll frásögn ákærða Sæmundar Auðunssonar. Fyrir liggur að ákærði Kristján Örn var staddur í Norður-Evrópu í september og október 1983, er b/v Karlsefni kom til Cuxhaven. Ákærði Kristján Örn hefur verið yfirheyrður ítarlega um þessar ferðir sínar, bæði af lögreglu og fyrir dómi. Hann hefur svarað spurningum um ferðir sínar mjög óljóst, reynt að koma sér undan svari og stundum borið við minnisleysi en stundum beinlínis borið rangt. Þannig var hann spurður við lögregluyfirheyrslu 6. desember 1983 hver hefði verið með honum er hann fór til útlanda 10. september það ár, en samkvæmt gögnum máls hafði sambýliskona hans farið með honum. Hann óskaði eftir að ráðfæra sig við lögfræðing áður en hann svaraði spurningunni og var veittur sólarhrings frestur í því skyni. Næsta dag svaraði hann spurningu þessari og kvaðst hafa farið einn. Enn var hann spurður um þetta fyrir dómi 26. febrúar 1987 og kvaðst nú ekki muna, hvort hann hefði verið einn á ferð eða ekki eða hvort sambýliskona hans hefði verið með honum í ferðinni. Er ákærða voru sýndir flugfarseðlar um ferðina kvaðst hann ekki vilja tjá sig um þetta. Síðar kvaðst hann ekki muna hvort hún hefði farið með honum, en út af fyrir sig ekki rengja framburð hennar í því efni. Hins vegar taldi hann örugglega rangan framburð hennar um það að þau hafi hitt ákærða Sæmund í Cuxhaven, svo sem bæði ákærði Sæmundur og sambýliskonan hafa borið. Með framburði þeirra telst sannað að ákærði hafi komið til Cuxhaven í þetta skipti og hitt ákærða Sæmund. Ákærði Kristján Örn hefur ekki reynt að gefa neina skýringu á þessari ferð sinni til Cuxhaven. Þá hefur hann forðast að nafngreina það fólk, er hann hitti erlendis, og neitað að gefa upp nöfn viðskiptamanna sinna á Íslandi og erlendis, er hann taldi sig hafa átt viðskipti við, og hafa þau atriði naumast

varðað sakarefni, ef eitthvað er á annað borð að marka frásögn hans um þessi viðskipti, útflutning á peysum og kaup á smávarningi. Allt er þetta mjög tortryggilegt. Enn er til þess að líta að ákærði taldi sig ekki muna nöfn á gististöðum er hann sótti eða lýsingu á bílaleigubíl er hann hafði til umráða í septemberferðinni. Leiðarlýsingar hans eru og ósamhljóða.

Þegar skýrslur ákærða Kristjáns Arnar um þetta ákæruefni eru virtar heildstætt, svo og öll framkoma hans við rannsókn málsins, þykja þær svo haldlausar, að þær verði ekki lagðar til grundvallar dómi í málinu. Með hliðsjón af 1. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 ber að skýra hegðun hans honum í óhag.

Frá því ákærði Sæmundur Auðunsson gaf skýrslu sína fyrir lögreglu 26. október 1983, sem studd er öðrum gögnum, hefur hann haldið fast við hana. Þótt frásögnum lögreglumannanna Reynis Kjartanssonar og Rúnars Sigurðssonar, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, verði ekki jafnað til venjubundinna lögregluskýrslna um sönnunargildi, renna þær þó með öðrum gögnum málsins stoðum undir sekt ákærða Kristjáns Arnar. Þó að ekki væri um formlegar yfirheyrslur að ræða gat ákærða ekki dulist að hann ræddi við lögreglumenn og að það tengdist rannsókn málsins. Loks er sannað að ákærði Sæmundur reyndi að koma skilaboðum til ákærða Kristjáns um breytingu á stefnumóti þeirra í Cuxhaven í október 1983.

Samkvæmt þessu þykir nægilega fram komið að efni þessarar ákæru sé rétt og báðir ákærðu sekir um þau ákæruefni er þar greinir. Teljast brot þeirra réttilega færð til refsiákvæða í ákærunni.

III.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaður.

Refsing ákærða Kristjáns Arnar Kristjánssonar ákveðst með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða í 91 dag refsingu hans til frádráttar. Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga ber að gera honum fésekt er þykir hæfilega ákveðin 120.000,00 krónur. Vararefsing ákveðst fangelsi í 50 daga.

Refsing ákærða Sæmundar Auðunssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði og komi til frádráttar gæsluvarðhaldstími 30 dagar samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga. Auk þess verði hann dæmdur til að greiða fésekt 50.000,00 krónur og ákveðst vararefsing fangelsi í 20 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum um eignaupptöku ber að staðfesta, svo og ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar.

Hvor ákærðra greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun 40.000,00 krónur.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt að 3/4 hlutum, en ákærði Kristján Örn einn að 1/4 hluta.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Örn Kristjánsson, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði og komi gæsluvarðhald hans í 91 dag til frádráttar refsingu. Hann greiði auk þess 120.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 50 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sæmundur Auðunsson, sæti fangelsi í 18 mánuði og komi gæsluvarðhald hans í 30 daga til frádráttar refsingu. Hann greiði auk þess 50.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 20 daga fangelsi í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Hvor ákærðra greiði skipuðum verjendum sínum málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, þeim Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni og Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 40.000,00 krónur hvorum.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt að 3/4 hlutum, en ákærði Kristján Örn einn að 1/4 hluta.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Bjarna K. Bjarnasonar.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann með eftirfarandi breytingum:

Refsing ákærða Kristjáns Arnar Kristjánssonar verði fangelsi í 12 mánuði og komi gæsluvarðhaldsvist hans í 91 dag til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærðu Kristján Örn Kristjánsson og Sæmundur Auðunsson greiði hvor um sig 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Fyrir Hæstarétti greiði ákærðu hvor um sig verjanda sínum málsvarnarlaun, þeim Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni og Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 40.000,00 krónur hvorum. Allan annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, greiði ákærðu að hálfu hvor.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. maí 1987.

Málið er höfðað með þremur ákæruskjölum svo sem rakið er að framan (sic). Öll framangreind mál hafa verið sameinuð rekin og dæmd í einu lagi sbr. 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með ákæruskjali dagsettu 7. ágúst 1986 er málið höfðað á hendur Kristjáni Erni Kristjánssyni, Reynimel 24, Reykjavík, fæddum 11. desember 1952 á Hofsósi, og X ..., fyrir eftirfarandi meint brot gegn fíkniefnalöggjöfinni:

„að hafa í maí/júní 1986 sameiginlega staðið að smygli á 777 g af hassi hingað til lands í því skyni að selja það hérlendis. Ákærði X lagði fram kr. 40.000 til kaupa á efninu og ákærði Kristján Örn keypti það í Rotterdam í seinni hluta maí og sendi það hingað til lands með ms. Eyrarfossi falið í pakkningum með öðrum varningi. Pakkanum var skipað í land í Reykjavík 10. júní og komið fyrir í Sundaskála þar sem ákærði X var starfsmaður, og tók hann hassið úr pakkanum, en var því næst handtekinn af lögreglu."

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 777 g af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Með ákæruskjali dagsettu 15. nóvember 1985 er málið höfðað á hendur Kristjáni Erni Kristjánssyni, Samtúni 24, Reykjavík, fæddum 11. desember 1952 á Hofsósi, og Sæmundi Auðunssyni, Ásvallagötu 63, Reykjavík, fæddum þar í borg 7. febrúar 1954, fyrir eftirfarandi meint brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni:

I.

„Ákærðu er gefið að sök að hafa í september 1983 sameiginlega staðið að innflutningi á um 2,3 kg af hassi í ágóðaskyni.

Ákærði Kristján Örn afhenti efnisins erlendis og fékk ákærða Sæmundi það í hendur í Cuxhaven 12. september til flutnings hingað til lands. Ákærði Sæmundur, sem var skipverji á b/v Karlsefni RE-24, flutti efnið til landsins með skipinu sem kom til Reykjavíkur 16. september. Ákærði Kristján móttók efnið hjá ákærða Sæmundi daginn eftir að þáverandi heimili Sæmundar að Skólabraut 57, Seltjarnarnesi, að undanskildum 170 g sem ákærði Sæmundur hélt eftir.

II.

Ákærðu er ennfremur gefið að sök að hafa í október 1983 sameiginlega staðið að innflutningi á rúmum 11,3 kg af hassi í ágóðaskyni.

Ákærði Kristján Örn afhenti efnisins erlendis og fékk ákærða Sæmundi það í hendur 12. október í Cuxhaven til flutnings hingað til lands. Ákærði Sæmundur flutti efnið til landsins með b/v Karlsefni, sem kom til Reykjavíkur aðfaranótt 17. október, og fundu tollverðir efnið er ákærði bar það úr skipinu.“

Framangreind meint brot ákærðu eru í ákæruskjali talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974.

Þess er og krafist af hálfu ákæruvaldsins að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Þess er og krafist að upptæk verði gerð 11,321,9 g af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Með ákæruskjali dagsettu 26. maí 1986 er málið höfðað á hendur Kristjáni Erni Kristjánssyni, Haðarstíg 22, Reykjavík, fæddum 11. desember 1952 á Hofsósi, fyrir eftirfarandi meint brot talin framin á árinu 1985:

I.

„Á tímabilinu frá janúar til mars móttekið samtals um 700 g af hassi á þáverandi heimili sínu að Samtúni 24, Reykjavík, af X og selt efnið ótilteknu fólki á kr. 500 hvert gramm og staðið X skil á kr. 370 fyrir hvert gramm.

II.

Hinn 18. apríl haft í vörslum sínum að Samtúni 24, Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit, samtals 37,9 g af hassi, 1,5 g af kókaíni og 5,2 g af blöndu af amfetamíni og kókaíni.

III.

Í seinni hluta maí keypt 150 g af hassi á Ibiza, póstsent það hingað til lands og 6. júní haft 129,3 g efnisins í vörslum sínum að Samtúni 24, Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit.

IV.

Í byrjun júní keypt um 300 g af kannabisefnum í Rotterdam, skipt efnunum niður í 4 umslög og sent þau sjálfum sér í pósti hingað til lands, en 5. og 7. júní fundust efnin á Tollpóststofunni í Reykjavík, samtals 298,1 g af kannabisefnum sem lagt var hald á.

V.

Í fyrri hluta október afhent Einari Sigurhanssyni, fæddum 10. mars 1955, kr. 13.000 til kaupa á hassi erlendis og um mánaðamót október/nóvember á heimili sínu móttekið tæp 700 g af hassi af nefndum Einari og taldist hlutur ákærða í efninu 170-180 g. Selt megnið af sínum efnishlut, m.a. Tryggva Bjarna Kristjánssyni, fæddum 7. október 1959, 20 g á kr. 500 hvert gramm, en 4. nóvember lagði lögreglan hald á 318,7 g efnisins á heimili ákærða og átti hann 20 g af því.

VI.

Hinn 4. nóvember haft 1 g af amfetamíni í fórum sínum við handtöku að Hverfisgötu 116 í Reykjavík og jafnframt sama dag haft í vörslum sínum 84 g af marihuana á heimili sínu, er lögreglan gerði þar húsleit."

Framangreind meint brot eru í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 314, 1981, sbr. auglýsingu

nr. 84, 1986, sbr. áður 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Þess er krafist af ákæruvaldinu að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á eftirtöldum fíkniefnum og munum samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986:

1) 37,9 g af hassi, 1,5 g af kókaíni og 5,2 g af blöndu af amfetamíni og kókaíni, sbr. lið II.

2) 129,3 g af hassi, sbr. lið III.

3) 298,1 g af kannabisefnum, sbr. lið IV.

4) 20 g af hassi, sbr. lið V.

5) 1 g af amfetamíni og 84 g af marihuana, sbr. lið VI.

6) munum sem ákærði notaði við meðferð fíkniefna og lögreglan fann við húsleit 18. apríl 1985 á þáverandi heimili hans að Samtúni 24, Reykjavík: tjakki, járngrind, 3 járnplötum, rafmagnskvörn ásamt 2 hnífum, 2 marmorexplötum, 2 glerkrukkum, töng, vindlingavafningsvél, bréfi, rakvélarblaði, 2 vogum, 3 hnífum, reykjarpípu, reykjarpípuhaus, eirröri, málmdós, málmröri, 2 plastdósum, málmdós, 4 blöðum úr hnífum, tösku, 4 léreftspokum, 2 filmuplastboxum, álpappír, plasti og lyfjaglasi.

Ákærði Kristján Örn hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum samkvæmt sakavottorði dagsettu 24.4. 1987:

1975 3/10 í Reykjavík. Sátt: 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, ökuleyfissvipting í 1 mánuð frá 6.10.

1976 3/2 í Reykjavík. Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 61. gr. laga nr. 59, 1969 og 6., 18. gr. sbr. 33. gr., 35. og 39. gr. áfengislaga.

1976 21/10 í Kjósars. Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot á a-lið 2. mgr. 22. gr. rgl. nr. 79, 1960, sbr. 1. gr. rgl. nr. 133, 1967 og 12. gr. l. 30, 1960.

1980 28/4 í Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi, þar af 3 mán. skb. í 3 ár, og 70.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974, sbr. 2. og 10. gr. rg. 390, 1974, 5. og 6. gr. nr. 65, 1974, sbr. 2. og 10. gr. rg. 390, 1974.

1980 8/8 í Reykjavík. Sátt: 40.000 kr. sekt fyrir brot á 26. og 47. gr. umfl.

1983 17/1 í Garðabæ. Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot g. 73. gr. l. nr. 94, 1933.

1984 17/7 í Reykjavík. Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 73. gr. tékkalaga.

Ákærði Sæmundur hefur sætt eftirtöldum refsingum samkvæmt sakavottorði dagsettu 24.4. 1987:

1983 15/2 á Seltjarnarn. Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 3/8 1982.
1985 24/1 á Seltjarnarn. Dómur: 24.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 28/8 1984.
— — —

Verða nú reifaðir málavextir vegna einstakra ákæruskjala.

Ákæruskjal útgefið 7. ágúst 1986.

Ákærðu voru báðir handteknir 10. júní 1986 eftir að fundist höfðu 777 grömm af hassi í fórum ákærða X. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sama dag lýsti ákærði Kristján Örn utanför sinni til Rotterdam 19. maí 1986. Ákærði kvaðst fyrir utanförina hafa samið við meðákærða X um að hann tæki að sér að sækja fíkniefni í pakka er ákærði Kristján sendi til landsins ásamt öðrum varningi. Ákærði Kristján kvað meðákærða hafa lagt fram kr. 40.000,00 til kaupa á hassi ytra.

Ákærði Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og bar þá á sama veg og rakið var að framan og kvað hassið er lagt var hald á hafa verið ætlað til endursölu hér á landi.

Ákærði X bar við lögregluyfirheyrslu 10. júní 1986 efnislega á sama veg og meðákærði Kristján og rakið var að framan.

Ákærði X var yfirheyrður fyrir dómi 13. október sl. og kvaðst hafa staðið að innflutningi á 777 grömmum af hassi ásamt meðákærða Kristjáni í maí/júní 1986.

Ákæruskjal útgefið 15. nóvember 1985.
Ákæruliður I.

Ákærði Sæmundur Auðunsson var handtekinn aðfaranótt 17. október 1983 eftir að tollverðir í Reykjavík höfðu fundið rúmlega 11 kíló af hassi í fórum ákærða Sæmundar er hann var að bera efnið frá borði b/v Karlsefnis.

Ákærði Sæmundur var úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 17. október í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði Sæmundur bar fyrst um þessa meintu háttsemi er ákært er út af í þessum ákærulið við lögregluyfirheyrslu 26. október 1983.

Ákærði Sæmundur kvaðst hafa þekkt meðákærða frá því á árinu 1982 er ákærðu unnu við sama fyrirtæki. Ákærði Sæmundur kvað ákærðu hafa hittst við og við sumarið 1983 og þá oft neytt saman hassefna, en ákærði Sæmundur kvaðst þá hafa verið skipverji á b/v Karlsefni og kvaðst geta keypt sér nokkur grömm af hassi er skipið landaði erlendis.

Ákærði Sæmundur kvað síðan hafa komið í ljós að meðákærði Kristján

þekkti vel til manna í Hollandi er gátu útvegað hass á lágu verði og kvað ákærði Sæmundur þá félaga þá hafa farið að ræða möguleika á því að standa sameiginlega að innflutningi hassefna til landsins. Ákærði Sæmundur kvað síðan hafa verið ákveðið að flytja hassefni til landsins í september 1983 er b/v Karlsefni kæmi til landsins úr söluferð frá Cuxhaven.

Ákærði Sæmundur lýsti fjárframlögum til efniskaupa ytra og skiptingu efnisins í eignarhluta. Ákærði Sæmundur kvaðst síðan þann 12. september hafa hitt meðákærða Kristján á járnbrautarstöðinni í Cuxhaven og hafi Ólöf kona meðákærða verið með honum. Ákærði Sæmundur kvað hafa verið ekið út fyrir Cuxhaven á bílaleigubifreið er meðákærði Kristján hafði til afnota. Ákærði Sæmundur kvað meðákærða Kristján hafa afhent sér hassið sem ákærði Sæmundur kvað hafa vegið 2,3 kíló.

Ákærði Sæmundur kvaðst hafa falið efnið um borð í b/v Karlsefni og flutt efnið í land þann 16. september og haldið með það á heimili sitt. Ákærði Sæmundur kvaðst hafa afhent meðákærða efnið á heimili sínu daginn eftir, þann 17. september, utan 170 gramma er ákærði Sæmundur kvaðst hafa haldið eftir.

Ákærði Sæmundur var yfirheyrður fyrir dómi 5. og 6. janúar 1984. Ákærði Sæmundur bar þá efnislega á sama veg og rakið hefur verið varðandi meinta háttsemi í þessum ákærulið. Ákærði Sæmundur kvaðst hafa haldið með meðákærða Kristjáni og Ólöfu konu hans út fyrir Cuxhaven í ökuferð þar sem hassefna hafi verið neytt. Ákærði Sæmundur kvað ekkert hafa verið rætt um væntanlega efnisafhendingu þar eð ráðgert hafi verið að Ólöf kona meðákærða blandaðist ekki inn í mál þetta. Ákærði Sæmundur kvað síðan hafa verið ekið aftur til Cuxhaven og þar að stórmarkaði þar sem ákærðu hafi haldið inn og þar rætt um efnismagn. Ákærði Sæmundur kvað sér síðan hafa verið ekið að hafnarsvæðinu í Cuxhaven þar sem meðákærði hafi afhent sér hassið og kvað ákærði Sæmundur ekki víst að Ólöf kona meðákærða hafi áttað sig á hvað þarna fór fram.

Ákærði Sæmundur bar fyrir dómi 5. janúar 1984 um framlag sex kunningja sinna til fíkniefnakaupa erlendis og þá bar ákærði um skiptingu í efnishluta. Daginn eftir, þann 6. janúar, kvaðst ákærði Sæmundur ekki nafngreina framangreinda sex framlagsaðila. Ákærði kvað framlagsaðilana ekki hafa vitað um meintan þátt meðákærða Kristjáns í máli þessu og heldur ekki hvert var heildarefnismagn fíkniefna úr innflutningsferðum er ákært er út af í þessu ákæruskjali.

Ákærði Sæmundur var enn yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. Við þá yfirheyrslu kvaðst ákærði Sæmundur ekki hafa staðið sameiginlega að innflutningi með meðákærða Kristjáni svo sem hér er ákært út af. Ákærði Sæmundur kvaðst hafa sammælst við meðákærða Kristján sumarið 1983 um innflutning fíkniefna til landsins. Ákærði Sæmundur kvað hafa

verið ákveðið að meðákærði sæi um kaup fíkniefnanna ytra, en ákærði Sæmundur sæi um flutning efnanna til landsins. Ákærði bar loks efnislega á sama veg og rakið hefur verið og kvað afhendingu fíkniefnanna hér á landi hafa farið fram svo sem lýst er í lok þessa ákæruliðar.

Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir, sambýliskona ákærða Kristjáns Arnar, var yfirheyrð fyrir dómi 9. janúar 1984 og lýsti þá utanför sinni og ákærða Kristjáns í september 1983. Ólöf Ásta bar efnislega á sama veg og ákærði Sæmundur um fund ofangreindra aðila í Cuxhaven í september 1983, ökuferð og neyslu hassefna. Ólöf Ásta kvaðst ekki hafa orðið vör við að milli ákærðu færi neitt er tengdist fíkniefnum utan samneysla ofangreindra aðila í Cuxhaven. Ólöf Ásta hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglu varðandi framangreindan fund þriggja ofangreindra aðila.

Ólöf Ásta var yfirheyrð hjá lögreglu 9. desember 1983 og bar þá um að ákærði Sæmundur hafi komið og heimsótt sig og ákærða Kristján í Bankastræti 6, eftir að öll ofangreind höfðu hittst í Cuxhaven.

Ólöf Ásta kom fyrir dóm 12. mars sl. sem vitni en skoraðist undan að svara spurningum sem vitni vegna tengsla við ákærða Kristján Örn.

Ákærði Kristján Örn hefur við fjölda yfirheyrslna bæði hjá lögreglu og fyrir dómi borið af sér allar sakir varðandi þennan ákærulið.

Ákærði Kristján bar margsinnis við lögregluyfirheyrslur að hafa haldið einn í utanför í september 1983.

Ákærði Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 28. febrúar sl. Ákærði Kristján kvaðst hafa haldið til Luxemburg í september 1983 en ekki muna hvort hann hafi haldið einn í þá ferð. Ákærði Kristján kvaðst ekki muna hvort hann hélt annað en til Luxemburg en ákærði kvaðst ekki hafa hitt meðákærða Sæmund ytra í nefndri för og aldrei hafa hitt hann ytra.

Ákærði Kristján kvaðst ekki muna hvort Ólöf Ásta sambýliskona sín hafi verið með í för þessari.

Eftir að ákærða Kristjáni hafði verið kynntir framburðir Ólafar Ástu sem raktir hafa verið, ljósrit flugmiða á nafni ákærða Kristjáns og Ólafar Ástu í númeraröð, kvaðst ákærði ekki muna hvort Ólöf Ásta hafi farið með í ferð þessa. Ákærði Kristján kvaðst ekki vilja rengja framburð Ólafar varðandi það atriði en kvað örugglega rangan framburð Ólafar varðandi það að ákærðu hafi hittst í Cuxhaven.

Ákærðu voru samprófaðir hér fyrir dómi 6. janúar 1984 án þess að samræmi næðist og aftur 9. mars sl. og enn án þess að samræmi næðist milli framburða ákærðu.

Ákæruliður II.

Ákærði Sæmundur var yfirheyrður hjá lögreglu 26. október 1983 og lýsti þá meintri háttsemi er hér er ákært út af.

Ákærði Sæmundur hafði lýst meintri háttsemi í ákærulið I, en kvaðst síðan hafa haldið aftur út á sjó þann 19. september og kvað ákærði áður hafa verið ákveðið milli ákærðu að hittast í Cuxhaven sama dag og b/v Karlsefni seldi þar afla sinn sem var fyrirhugað að yrði 12. október að sögn ákærða.

Ákærði Sæmundur kvaðst síðan um mánaðamót september/október hafa hringt í Björn bróður sinn og beðið hann um skilaboð til meðákærða Kristjáns um að hitta sig (ákærða Sæmund) í Cuxhaven 11. október, en áður hafði verið ákveðið að ákærðu hittust ytra 12. október svo sem rakið var.

Ákærði kvaðst hafa haldið á járnbrautarstöðina í Cuxhaven 11. október þeirra erinda að hitta þar meðákærða, en það hafi ekki tekist og kvaðst ákærði hafa haldið aftur daginn eftir á járnbrautarstöðina og þar hitt meðákærða um miðjan dag. Ákærði Sæmundur kvað meðákærða hafa verið einan á ferð og haft bílaleigubifreið til umráða. Ákærði Sæmundur kvað síðan hafa verið ekið út fyrir Cuxhaven og þá komið í ljós að meðákærði hafi haft 11,3 kíló af hassi meðferðis. Ákærði Sæmundur kvað meðákærða hafa sagt að hann (þ.e. meðákærði) hafi fengið lánuð 5 kíló af hassi en áætlað hafi verið að keypt yrðu 6,3 kíló af hassi. Ákærði Sæmundur kvaðst ekki hafa verið „hrifinn af þessu" en þó tekið við efninu og komið því fyrir um borð í b/v Karlsefni til flutnings hingað til lands.

Ákærði Sæmundur kvaðst ekki hafa ákveðið hvernig hlutur sinn yrði seldur en þó ákveðið að selja hvert gramm á kr. 250-300.

Ákærði Sæmundur kvaðst hafa átt hugmyndina að samstarfi ákærðu.

Ákærði Sæmundur var yfirheyrður fyrir dómi 5. janúar 1984 og bar hann þá efnislega á sama veg og rakið var að framan.

Ákærði Sæmundur var enn yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og bar þá enn á sama veg. Ákærði kvaðst hafa móttekið 11,3 kíló af hassi frá meðákærða Kristjáni í Cuxhaven í október 1983 og flutt til landsins en tollverðir hafi lagt hald á fíkniefnin er b/v Karlsefni kom til landsins 17. október 1983.

Björn Eyjólfur Auðunsson, bróðir ákærða Sæmundar, bar undir frumrannsókn málsins um skilaboð þau er ákærði Sæmundur bað Björn fyrir til meðákærða Kristjáns svo sem ákærði Sæmundur bar um og rakið var að framan.

Björn Eyjólfur Auðunsson var yfirheyrður sem vitni hér fyrir dómi 12. mars sl. og bar þá enn á sama veg varðandi áðurnefnd skilaboð. Vitnið kvaðst muna að ákærði Kristján hafi búið á efri hæð húss við Bankastræti.

Ákærði Kristján var samprófaður með vitninu í framangreindu þinghaldi. Ákærði Kristján kvaðst hafa búið á efstu hæð hússins við Banka-

stræti 6 hér í borg í október 1983. Ákærði kvað ofangreindan framburð vitnisins rangan.

Sigurður Haukur Engilbertsson, er sætti gæsluvarðhaldi í janúar og fram í febrúar 1984 í þágu rannsóknar fíkniefnamáls er hann átti aðild að, bar við yfirheyrslur fyrir dómi um meinta aðild ákærða Kristjáns að máli þessu en tók síðar framburði sína til baka. Eru framburðir Sigurðar fyrir dómi varðandi meinta aðild ákærða Kristjáns að máli þessu mjög á reiki og ótrúverðugir.

Ákærði Kristján Örn var margoft yfirheyrður fyrir dómi og hjá lögreglu undir frumrannsókn máls þessa. Ákærði Kristján hefur alfarið borið af sér sakir er ákært er út af með þessu ákæruskjali.

Vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, er í fyrstu hafði það verk með höndum að yfirheyra ákærða Kristján undir frumrannsókn máls þessa, ritaði upplýsingaskýrslu dagsetta 28. nóvember 1983. Á skýrslu þessari kemur fram að ákærði Kristján hafi rætt við vitnið utan formlegrar skýrslutöku og þá komið fram aðild ákærða Kristjáns að máli þessu, þó ekki í smáatriðum.

Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður ritaði skýrslu dags. 9. desember 1983 vegna fundar á bréfmiða í Hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 þann 12. nóvember 1983, en þá sættu báðir ákærðu gæsluvarðhaldi.

Um efni nefnds miða segir í framangreindri skýrslu Rúnars að á miðanum hafi staðið: „Sæmi, eigum við ekki að tala saman, síðan stafur undir, annaðhvort tölustafurinn 5 eða bókstafurinn S."

Vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður staðfesti báðar framangreindar skýrslur hér fyrir dómi 9. mars sl.

Vitnið kvað ákærða Kristján hafa viðurkennt utan formlegrar skýrslutöku aðild sína að máli því er hér er til úrlausnar og að hafa ritað framangreindan bréfmiða.

Ákærði Kristján bar allt ofanritað af sér í samprófun við vitnið Rúnar hér fyrir dómi 9. mars sl.

Þann 9. mars sl. var vitnið Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrt hér fyrir dómi. Vitnið staðfesti þá upplýsingaskýrslu er rituð var 28.12. 1983 og bar á sama veg og fyrir dómi. Á nefndri upplýsingaskýrslu kom fram að ákærði Kristján hafi viðurkennt utan formlegrar skýrslutöku aðild sína að máli þessu.

Ákærði Kristján var samprófaður með vitninu 9. mars sl. og bar af sér allar sakir og kvað framburð vitnisins rangan.

Ákærði Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og bar þá af sér allar sakir er ákært er út af í þessum ákærulið.

Ákærðu Sæmundur og Kristján voru samprófaðir hér fyrir dómi 9. mars sl. og hélt þá hvor við sinn framburð og bar ákærði Kristján m.a. á þann

veg að meðákærði Sæmundur muni aldrei, svo að ákærði Kristján muni, hafa heimsótt sig í Bankastræti 6 á árinu 1983 og náðist ekki samræmi milli framburða ákærðu.

Ákæruskjal útgefið 26. maí 1986.

Ákæruliður I.

Ákærði bar um þá meintu háttsemi er hér er ákært út af undir frumrannsókn málsins.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og kvað þennan ákærulið vera réttan. Ákærði kvaðst hafa frá janúar til mars 1985 tekið við um 700 grömmum af hassi frá X. Afhendingar fóru fram á heimili ákærða Kristjáns sem kvaðst hafa selt hvert gramm efnisins á kr. 500,00 en skilað X kr. 370,00 fyrir hvert gramm.

X bar efnislega á sama veg og ákærði Kristján við lögregluyfirheyrslu í mars 1985.

Ákæruliður II.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 22. apríl 1985 og gerði þá grein fyrir tilkomu fíkniefna þeirra er ákært var út af í þessum ákærulið.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og kvaðst þannig hinn 18. apríl 1985 hafa haft í vörslum sínum að Samtúni 24 37,9 grömm af hassi, 1,5 grömm af kókaíni og 5,2 grömm af blönduðu amfetamíni og kókaíni.

Ákæruliður III.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu 6. júní 1985 og viðurkenndi ákærði þá að hafa síðari hluta maí 1985 keypt 150 grömm af hassi á Ibiza og póstsent efnið hingað til lands.

Ákærði bar á sama veg fyrir dómi 26. febrúar sl. og kvaðst hafa haft 129,3 grömm efnisins í vörslum sínum að Samtúni 24 hinn 6. júní 1985.

Ákæruliður IV.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi við lögregluyfirheyrslu þann 6. júní 1985 efnislega á sama veg og ákært er út af.

Ákærði bar hér fyrir dómi 26. febrúar 1987 um ofangreinda meinta háttsemi og kvaðst hafa keypt 300 grömm af marihuana í Rotterdam í júní 1985 og hafa sent efnið hingað til lands í fjórum umslögum er ákærði kvaðst hafa merkt sjálfum sér.

Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir, sambýliskona ákærða, er hélt með honum í ofangreinda utanför, bar við lögregluyfirheyrslu 6. júní 1985 að hafa vitað um fíkniefnasendingu ákærða hingað til lands.

Ákæruliður V.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 5. nóvember 1985 og bar þá um þá meintu háttsemi er hér er ákært út af efnislega á sama veg og í ákæru greinir.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og kvað ákærði þennan ákærulið vera réttan og bar efnislega á sama veg.

Einar Sigurhansson hefur hjá lögreglu borið efnislega á sama veg og ákærði og einnig Tryggvi Bjarni Kristjánsson.

Ákæruliður VI.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi við lögregluyfirheyrslu 5. nóvember 1985 á sama veg og ákært er út af.

Ákærði bar enn á sama veg hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og þannig að hafa haft í vörslum sínum 84 grömm af marihuana á heimili sínu þann 4. nóvember 1985 og haft 1 gramm af amfetamíni í fórum sínum sama dag.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæra útgefin 7. ágúst 1986.

Sannað er með framburðum ákærðu, er vel eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá er í ákæru greinir. Ákærðu stóðu þannig sameiginlega að smygli á 777 grömmum af hassi hingað til lands í því skyni að selja hassið hérlendis. Ákærði X lagði fram kr. 40.000,00 til kaupa á efninu og ákærði Kristján Örn keypti það í Rotterdam í seinni hluta maí og sendi það hingað til lands með ms. Eyrarfossi falið í pakkningum með öðrum varningi. Pakkanum var skipað á land í Reykjavík 10. júní og komið fyrir í Sundaskála, þar sem ákærði X var starfsmaður og tók hann hassið úr pakkanum en var því næst handtekinn af lögreglu.

Ákærðu hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

— — —

Brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986.

Ákæra útgefin 15. nóvember 1985.

Ákæruliður I.

Fyrir liggur í málinu að ákærði Sæmundur var skipverji á b/v Karlsefni er skipið seldi afla sinn í Cuxhaven í september 1983 og að skipið var þar statt 12. sama mánaðar. Þá þykir sannað með efnislega samhljóða fram-

burðum ákærða Sæmundar og Ólafar Ástu Þorsteinsdóttur, en gegn neitun ákærða Kristjáns, að ákærðu í máli þessu og nefnd Ólöf hafi hittst í Cuxhaven 12. september 1983 og neytt þar saman hassefna.

Framburðir ákærða Kristjáns varðandi ofangreindan fund í Cuxhaven 12. september 1983 og framburðir hans um hvort Ólöf hafi haldið með ákærða Kristjáni í ofangreinda utanför eru mjög ótrúverðugir og að mati dómsins að mestu rangir enda hið gagnstæða talið sannað sbr. ofanritað.

Þótt ákærði Kristján hafi verið staddur í Cuxhaven 12. september 1983 ásamt sambýliskonu sinni og hafi þar hitt meðákærða Sæmund þá er ekkert í gögnum máls þessa utan framburður meðákærða Sæmundar er beinlínis bendir til þess að ákærði Kristján hafi framið háttsemi þá er í þessum ákærulið greinir.

Samkvæmt ofanrituðu þykir ekki gegn eindreginni neitun ákærða Kristjáns fram koma lögfull sönnun um sekt ákærða Kristjáns samkvæmt þessum ákærulið og ber því að sýkna hann.

Ákærði Sæmundur hefur frá því hann bar fyrst um þessa meintu háttsemi margsinnis borið um þessa háttsemi bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Ákærði Sæmundur hefur borið að sex kunningjar hafi lagt fram fé til kaupa fíkniefna er ákært er út af í þessum ákærulið en ekki viljað nafngreina þá.

Svo sem rakið var telur dómurinn ekki sannað að ákærði Sæmundur hafi afhent meðákærða fíkniefni að Skólabraut 57 þann 17. september 1983. Ákærði Sæmundur hefur viðurkennt að hafa haldið 170 grömmum af fíkniefnum í vörslum sínum en ekki er upplýst í máli þessu hvað varð af eftirstöðvum þeirra 2,3 kílóa af hassi sem ákært er út af.

Svo sem rakið hefur verið styðja ýmis gögn máls þessa framburði ákærða Sæmundar um hluta þeirrar meintu háttsemi sem hér er ákært út af, en aðrir þættir máls þessa eru óljósir og er sýknað af þeim.

Að ofanrituðu virtu þykir dóminum sannað með framburði ákærða Sæmundar, sem að hluta er studdur öðrum gögnum máls þessa, að ákærði Sæmundur hafi þann 16. september 1983 flutt hingað til lands 2,3 kíló af hassi, falið um borð í b/v Karlsefni RE-24, en ákærði Sæmundur var skipverji á skipinu.

Ákærði Sæmundur er sýknaður af öðrum þáttum þessa ákæruliðar.

Ákæruliður II.

Svo sem rakið var í málavaxtalýsingu varðandi þennan ákærulið hefur ákærði Kristján borið af sér allar sakir. Ákærði Sæmundur hefur margoft borið um ofangreinda háttsemi, bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Ekki er í máli þessu til að dreifa öðrum aðilum er hafa borið beint um meinta háttsemi ákærða Kristjáns.

Ýmis atriði máls þessa eru til þess fallin að renna stoðum undir meinta sekt ákærða Kristjáns.

Sannað er að ákærði Kristján var í utanlandsferð á þeim tíma er b/v Karlsefni seldi afla sinn í Cuxhaven í október 1983. Þá þykir og sannað gegn neitun ákærða Kristjáns að Björn Auðunsson bar ákærða Kristjáni skilaboð frá meðákærða er getið var um að framan. Þá þykir og sannað með framburði ákærða Sæmundar og Ólafar Ástu Þorsteinsdóttur að ákærði Sæmundur heimsótti meðákærða Kristján á heimili hans í Bankastræti í september 1983 skömmu áður en ákærði Sæmundur hélt í utanferð þá er þessi ákæruliður snýst um.

Upplýsingaskýrslur er vitnin Rúnar Sigurðsson og Reynir Kjartansson skráðu og staðfestu hér fyrir dómi eru einungis skýrslur þar sem greint er frá gangi frumrannsóknar máls þessa. Þar er ekki um að ræða framburðarskýrslur ákærða Kristjáns sem við dómsyfirheyrslu kvað efni skýrslnanna rangt og framburð vitnanna sömuleiðis. Þótt framangreindar skýrslur og framburður vitnanna Rúnars og Reynis færi líkur að sekt ákærða Kristjáns, þá þykir dóminum ekki unnt að meta slíkar skýrslur, þótt staðfestar hafi verið fyrir dómi, sem sönnunargögn í máli þessu sem væru til þess fallin að ríða baggamun um sekt eða sýknu ákærða Kristjáns.

Svo sem rakið var þá telur dómurinn sannað að Björn Auðunsson hafi borið ákærða Kristjáni framangreind skilaboð, en ekkert liggur fyrir í málinu utan framburður ákærða Sæmundar um að ákærðu hafi hittst í Cuxhaven 12. október 1983.

Að ofanrituðu virtu telur dómurinn að ýmis gögn máls þessa, m.a. framburðir ákærða Kristjáns, séu til þess fallin að renna stoðum undir meinta sekt ákærða Kristjáns.

Ákærði Kristján hefur áður sætt refsingum vegna fíkniefnabrota og eftir að meint háttsemi samkvæmt þessu ákæruskjali á að hafa átt sér stað, hefur ákærði Kristján gerst sekur um stórfellt fíkniefnamisferli sbr. niðurstöður varðandi ákæruskjal dags. 7. ágúst 1986 hér að framan og niðurstöður varðandi ákæruskjal dags. 26. maí 1986 hér á eftir.

Þegar framanritað er virt í heild telur dómurinn að verulegar líkur séu fyrir því að ákærði Kristján hafi framið brot það er hér er ákært út af.

Hins vegar og með vísan til meginreglunnar „in dubio pro reo" varðandi sönnun sakar í opinberum málum sbr. 108. gr. laga nr. 74, 1974, þykir dóminum ekki fram komnar alveg nægilegar sannanir varðandi sekt ákærða Kristjáns og ber því að sýkna hann.

Ljóst þykir að svo mikið magn fíkniefna er mál þetta snýst um hafi verið flutt til landsins í söluskyni þótt í máli þessu sé ekki sannað hver átti að dreifa efninu og þykir því með framburði ákærða Sæmundar, sem studdur

er af öðrum gögnum málsins, sannað að ákærði Sæmundur hafi gerst sekur um eftirfarandi:

Að hafa hinn 17. október 1983 flutt til landsins með b/v Karlsefni 11.321,9 kíló af hassi. Tollverðir lögðu hald á fíkniefnin er ákærði bar þau úr skipinu.

Ákærði Sæmundur er sýknaður af öðrum þáttum þessa ákæruliðar.

Ákærði Sæmundur hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Eftir útgáfu ákæruskjals hefur reglugerð nr. 390, 1974 verið numin úr gildi og í hennar stað er komin reglugerð nr. 16, 1986, sem síðar var breytt með reglugerð nr. 177, 1986. Ber því í máli þessu að beita hinum nýju ákvæðum sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Brot ákærða Sæmundar varða við verknaðarlýsingu 2. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986.

Dóminum þykir vera slíkt samband milli brota ákærða og málið snúast um svo mikið magn fíkniefna að brotin verði virt sem áframhaldandi brotastarfsemi sem í heild varði ákærða refsingu eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64, 1974.

Ákæra útgefin 26. maí 1986.

Ákæruliður I.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum máls þessa að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá er hér er ákært út af.

Ákærði tók þannig við frá janúar-mars 1985 700 grömmum af hassi á þáverandi heimili sínu að Samtúni 24, Reykjavík, af X. Ákærði seldi efnið ótilteknu fólki á kr. 500,00 hvert gramm og stóð X skil á kr. 370,00 fyrir hvert gramm.

Ákæruliður II.

Sannað er að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá er hér er ákært út af. Ákærði hafði hinn 18. apríl 1985 í vörslum sínum að Samtúni 24, er gerð var þar húsleit, 37,9 grömm af hassi, 1,5 grömm af kókaíni og 5,2 grömm af blöndu af amfetamíni og kókaíni.

Ákæruliður III.

Sannað er með framburðum ákærða, sem studdir eru af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þessa háttsemi. Ákærði keypti síðari hluta maí 1985 150 grömm af hassi á Ibiza, póstsendi efnið hingað til lands og hafði hinn 6. júní 1985 129,3 grömm efnisins í vörslum sínum að Samtúni 24, Reykjavík, þar sem lögreglan gerði húsleit.

Ákæruliður IV.

Sannað er með framburðum ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um þessa háttsemi. Ákærði keypti þannig í byrjun júní 1985 300 grömm af kannabisefnum í Rotterdam, skipti efnum niður í fjögur umslög og sendi þau sjálfum sér í pósti hingað til lands, en 5. og 7. júní fundust efnin á Tollpóststofunni í Reykjavík, samtals 298,1 gramm af kannabisefnum sem lagt var hald á.

Ákæruliður V.

Sannað er með framburðum ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá er hér er ákært út af. Í fyrri hluta október 1985 afhenti ákærði Einari Sigurhanssyni, fæddum 10. mars 1955, kr. 13.000,00 til kaupa á hassi erlendis og um mánaðamót október/nóvember á heimili sínu móttekið tæp 700 g af hassi af nefndum Einari og taldist hlutur ákærða í efninu 170-180 g. Selt megnið af sínum efnishlut, m.a. Tryggva Bjarna Kristjánssyni, fæddum 7. október 1959, 20 g á kr. 500,00 hvert gramm, en 4. nóvember lagði lögreglan hald á 318,7 g efnisins á heimili ákærða og átti hann 20 g af því.

Ákæruliður VI.

Sannað er með framburðum ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um þessa háttsemi. Hinn 4. nóvember 1985 hafði ákærði 1 gramm af amfetamíni í fórum sínum við handtöku að Hverfisgötu 116 í Reykjavík og jafnframt sama dag haft í vörslum sínum 84 grömm af marihuana á heimili sínu er lögreglan gerði þar húsleit.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177, 1986.

Ákvörðun refsingar.

Hér vísast til niðurstöðu varðandi einstök ákæruskjöl hér að framan og heimfærslur brota þar til refsiákvæða.

Ákærðu X og Kristján Örn sammæltust um framningu brots þess er ákært er út af með ákæruskjali dags. 7. ágúst 1986 og verður það virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þykir refsing ákærða X hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu frömdu brot sín með viðskiptasjónarmið í huga, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976

og er ákærða X gert, með vísan til ofanritaðs og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985, að greiða kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 5 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu X og Kristján greiði sakarkostnað in solidum, kr. 17.490,00. Þá greiði ákærði X kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl.

Ákærði Sæmundur Auðunsson flutti mikið magn fíkniefna hingað til lands svo sem rakið var.

Ákærði Sæmundur hefur ekki áður gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina. Langur tími er liðinn síðan ákærði framdi brot sín. Ákærði hefur ekki síðan gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina en á þessum tíma hefur ákærði hafið nám.

Ofanritað er virt ákærða Sæmundi til hagsbóta við ákvörðun refsingar sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða Sæmundar er ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 vegna dóms frá 24.1. 1985 er ákærða var gerð 24.000,00 kr. sekt auk ökuleyfissviptingar ævilangt. Refsing ákærða Sæmundar þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár.

Til frádráttar fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 komi 30 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Sæmundur framdi brot sín með viðskiptasjónarmið í huga, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 og er ákærða Sæmundi gert að greiða í sekt til ríkissjóðs kr. 30.000,00, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985.

Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa þá komi fangelsi í 15 daga í sektar stað.

Ákærði Sæmundur greiði kr. 4.000,00 vegna réttargæslu Páls A. Pálssonar hrl., kr. 2.961,00 vegna efnagreiningar, sbr. matsgerð nr. 518. Þá greiði ákærði Sæmundur kr. 35.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Haralds Blöndal hrl.

Ákærði Kristján Örn stundaði brot sín með viðskiptasjónarmið í huga og seldi verulegt magn fíkniefna ótilteknu fólki. Ákærði framdi brot sín að hluta í samvinnu við aðra og er það virt ákærða til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða Kristjáns er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir þannig hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 9 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19, 1940 komi 91 dagur er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Kristján framdi brot sín með viðskiptasjónarmið í huga sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 og er honum gert að greiða kr. 30.000,00 í sekt til ríkissjóðs, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa þá komi fangelsi í 15 daga í sektar stað.

Ákærði Kristján greiði kr. 49.219,00 vegna efnagreiningar á fíkniefnum er lagt var hald á og getið er um í ákæruskjali dags. 26. maí 1986. Þá greiði ákærði Kristján helming málsvarnarlauna á móti ríkissjóði kr. 55.000,00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hrl.

Ákærðu Kristján og Sæmundur greiði in solidum kr. 35.000,00 í saksóknarlaun er renni í ríkissjóð.

Ríkissjóður greiði Stefáni Pálssyni hrl. kr. 48.252,00 vegna réttargæslu í þágu ákærða Kristjáns undir rannsókn á meintu sakarefni í ákæruskjali dagsettu 15. nóvember 1985.

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur er að ofan greiði ákærðu in solidum.

Fallist er á upptökukröfu ákæruvaldsins í ákæruskjali dagsettu 7. ágúst 1986 um að dæma ákærðu Kristján og X til að sæta upptöku á 777 grömmum af hassi er lagt var hald á þann 10. júní 1986, en efnið er merkt efnaskrá nr. 1606.

Þá er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins í ákæruskjali dagsettu 15. nóvember 1985 og dæma upptæk til eyðingar 11.321,9 kíló af hassi er lagt var hald á 17. október 1983, en efnið er nú merkt efnaskrá nr. 1060.

Loks er fallist á upptökukröfur ákæruvaldsins er fram koma í ákæruskjali dagsettu 26. maí 1986 og dæma ákærða Kristján til að sæta upptöku á eftirfarandi:

1) 37,9 grömmum af hassi, 1,5 grömmum af kókaíni og 5,7 grömmum af blöndu af amfetamíni og kókaíni, merktum efnaskrá nr. 1357.

2) 129,3 grömmum af hassi, merktum efnaskrá nr. 1395.

3) 298,1 grammi af kannabisefnum, merktu efnaskrám nr. 1394 og 1396.

4) 20 grömmum af hassi, sem er hlutur eignarhluta ákærða Kristjáns í fíkniefnum þeim er fundust í fórum hans við húsleit 4. nóvember 1985. Efnið er merkt efnaskrá nr. 1497.

5) 1 grammi af amfetamíni, merktu efnakskrá nr. 1497 F, og 84 grömmum af marihuana, merktum efnaskrá 1497 G.

Öll framangreind fíkniefni eru nú í vörslum dómsins og vegna upptöku þeirra vísast til heimildar 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974.

Þá er fallist á upptökukröfur ákæruvaldsins á eftirfarandi munum er ákærði Kristján notaði við meðferð fíkniefna og lögreglan fann við húsleit 18. apríl 1985 á þáverandi heimili hans að Samtúni 24, Reykjavík:

Tjakki, járngrind, 3 járnplötum, rafmagnskvörn ásamt 2 hnífum, 2 marmorexplötum, 2 glerkrukkum, töng, vindlingavafningsvél, bréfi, rakvélarblaði, 2 vogum, 3 hnífum, reykjarpípu, reykjarpípuhaus, eirröri, málmdós, málmröri, 2 plastdósum, málmdós, 4 blöðum úr hnífum, tösku, 4 léreftspokum, 2 filmuplastboxum, álpappír, plasti og lyfjaglasi.

Allir ofangreindir munir eru nú í vörslum dómsins, merktir munaskrá nr. 432.

Vegna upptöku framangreindra muna vísast til heimildar 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974.

Dómsorð:

Ákærði X skal sæta fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði X greiði kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 5 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði X og ákærði Kristján Örn Kristjánsson greiði in solidum kr. 17.490,00 vegna efnagreiningar. Ákærði X greiði kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærði Sæmundur Auðunsson, fæddur 7. febrúar 1954, skal sæta fangelsi í 2 ár og komi 30 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði Sæmundur greiði kr. 30.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 15 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Sæmundur greiði kr. 4.000,00 vegna réttargæslu Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.961,00 vegna efnagreiningar og kr. 35.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns.

Ákærði Kristján Örn Kristjánsson, fæddur 11. desember 1952, sæti fangelsi í níu mánuði og komi 91 dags gæsluvarðhald til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði Kristján greiði kr. 30.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga fangelsi í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Kristján greiði kr. 42.219,00 vegna efnagreiningar á fíkniefnum er lagt var hald á og getið er um í ákæruskjali dagsettu 26. maí 1986. Þá greiði ákærði Kristján á móti ríkissjóði helming af

55.000,00 kr. málsvarnarlaunum til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærðu Kristján og Sæmundur greiði in solidum kr. 35.000,00 í saksóknarlaun er renni í ríkissjóð.

Ríkissjóður greiði Stefáni Pálssyni hæstaréttarlögmanni kr. 48.252,00 vegna réttargæslu í þágu ákærða Kristjáns.

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur er að ofan greiði ákærðu in solidum.

Ákærðu X og Kristján sæti upptöku á 777 grömmum af hassi, merktum efnaskrá nr. 1606.

Upptæk skulu 11.321,9 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 1060.

Ákærði Kristján sæti upptöku á eftirfarandi:

1) 37,9 grömmum af hassi, 1,5 grömmum af kókaíni og 5,2 grömmum af blöndu af amfetamíni og kókaíni, merktum efnaskrá nr. 1357.

2) 129,3 grömmum af hassi, merktum efnaskrá nr. 1395.

3) 298,1 grammi af kannabisefnum, merktu efnaskrám nr. 1394 og 1396.

4) 20 grömmum af hassi, merktum efnaskrá nr. 1497.

5) 1 grammi af amfetamíni, merktu efnaskrá nr. 1497 F, og 84 grömmum af marihuana, merktum efnaskrá nr. 1497 G.

Öll framangreind fíkniefni eru nú í vörslum dómsins.

Ákærði Kristján sæti upptöku á eftirfarandi munum:

Tjakki, járngrind, 3 járnplötum, rafmagnskvörn ásamt 2 hnífum, 2 marmorexplötum, 2 glerkrukkum, töng, vindlingavafningsvél, bréfi, rakvélarblaði, 2 vogum, 3 hnífum, reykjarpípu, reykjarpípuhaus, eirröri, málmdós, málmröri, 2 plastdósum, málmdós, 4 blöðum úr hnífum, tösku, 4 léreftspokum, 2 filmuplastboxum, álpappír, plasti og lyfjaglasi.

Allir framangreindir munir eru nú í vörslum dómsins, merktir munaskrá nr. 432.

Fimmtudaginn 22. desember 1988.

Nr. 416/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Birgi Guðmundssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 174. gr. sömu laga, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. þ.m. sem barst réttinum 21. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 20. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Birgi Ebenesersyni Guðmundssyni, kt. 12.01.60-3709, til heimilis að Hringbraut 119, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 22. desember nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þeir að X, Reykjavík, hefur kært Birgi Ebeneserson Guðmundsson fyrir nauðgun. X hefur borið að þetta hafi gerst á heimili hennar aðfaranótt mánudagsins 19. desember sl. Hún kveður að kærði hafi komið í heimsókn til hennar kvöldið áður og verið með áfengisflösku meðferðis. Þau hafi síðan sest inn í stofu og hafi kærði hafið neyslu áfengis, en hún

sjálf verið undir áhrifum áfengis. Skyndilega hafi kærði ráðist á hana þar sem hún lá á bakinu í sófa, dregið síðbuxur og nærbuxur af henni og þvingað hana síðan til samræðis. X hefur hvorki getað borið um það, hvort kærði hafi komið lim sínum inn í kynfæri hennar og viðhaft samræðishreyfingar, né hversu lengi hann var við þennan verknað.

Kærði hefur viðurkennt við yfirheyrslu fyrir dómi að hafa heimsótt X að kvöldi 18. desember sl. og haft við hana samfarir um nóttina, en neitar því að hafa þröngvað henni til samræðis. Hann hefur ekki getað gefið skýringu á áverkum sínum, en ljóst er að X hefur klórað hann bæði í andliti og víðsvegar um líkamann. Kærði kveðst ekki hafa notað verju í umrætt sinn og álítur að hann hafi fellt sæði til X.

Í vottorði Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis, dagsettu 19. desember sl., kemur fram að X ber ekki ytri áverka eftir atburð þennan að öðru leyti en því að við skoðun á kynfærum hennar komu í ljós smáfleiður og rispur, sem benda til þess að X hafi ekki verið vel undirbúin til samfara og aðdragandi að samförunum því óeðlilegur. Ekki fundust sæðisfrumur í leggöngum X.

Brot það sem kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað fangelsisrefsingu skv. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Kærði hefur ekki viðurkennt sök og eftir er að taka ítarlegri skýrslu af kæranda, sem flutt var á sjúkrahús í gærmorgun vegna þessa atburðar. Þykir hætta á því að kærði spilli rannsókn málsins haldi hann óskertu frelsi.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til alvarleika þess brots, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 22. desember nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Birgir Ebeneserson Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 22. desember nk. kl. 17:00.